Rósa Þórarinsdóttir	34 478	
Sigríður Árnadóttir	124 121	
Sigríður Árnadóttir	50 621	
Sigríður Bjarnason	87 695	
Sigríður Gísladóttir	20 685	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	66 580	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	21 952	
Sigrún Thorarensen	27 582	
Sigurbjörg Jónsdóttir	20 852	
Sigurlaug Jónsdóttir	51 719	
Sigurlaug Sigurðardóttir	41 374	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	39 029	
Stefanía Stefánsdóttir	42 932	
Steinunn P. Eyjólfsson	23 267	
Steinunn Tómasdóttir	34 478	
Svanborg Jónsdóttir	20 129	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	34 478	
Sveindís Hansdóttir	20 685	
Valgerður Helgadóttir	34 528	
Valgerður Ólafsdóttir	31 227	
Vigdís Guðmundsdóttir	41 374	
Þóra Magnúsdóttir	27 582	
Þóra Sigfúsdóttir	20 685	
Þóra Sigurðardóttir	20 685	
Þóra Skaftason	20 685	
Þorbjörg Kjartansdóttir	51 719	
Þorbjörg Leifs	41 374	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	31 031	
Þórey Jóhannsdóttir	20 685	
Þórhildur Sveinsdóttir	20 685	
Barnastyrkur		
Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 16. júlí 1924, sjúklingur	20 685	
Annað	465	
Samtals		6 162 885

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar kom til valda um miðjan júlí s. l., höfðu flest ráðuneyti skilað fjárlaga- og hagsýslustofnuninni tillögum sínum vegna fjárlagagerðar fyrir árið 1972. Af eðlilegum ástæðum óskuðu hinir nýju ráðherrar eftir því að kynna sér tillögur ráðuneyta sinna og breyta þar um, eftir því sem nauðsyn bar til og mögulegt var að þeirra dómi. Af þessum ástæðum var tími til að vinna að gerð fjárlagafrumvarpsins skemmri heldur en áður mun hafa verið og æskilegt er. Þó tókst að vinna það verk svo tímanlega, að framkvæmanlegt er að leggja fjárlagafrumvarpið fyrir þegar í upphafi þings, svo sem venja hefur verið og vera á.

Enda þótt útgjöld þessa fjárlagafrumvarps hækki verulega frá síðustu fjárlögum, skal það tekið fram, að mjög fast var haldið á því, að aukin útgjöld vegna útþenslu ættu sér ekki stað í ríkiskerfinu, nema þar sem brýn nauðsyn bar til að halda eðlilegri þjónustu og starfsháttum. Það leiddi til þess, að hafnað var mörgum tillögum ráðuneytanna, jafnvel þótt sumar þeirra ættu nokkurn rétt á sér.

Útgjöld þessa fjárlagafrumvarps hækka um 2 947.9 millj. kr. frá gildandi fjárlögum, en þegar frá er dregin útgjaldaaukning vegna markaðra tekjustofna, sem er kr. 516.9 millj., þá hækkar fjárlagafrumvarpið frá gildandi fjárlögum um kr. 2 431.0 millj. eða 27.5%. Hins vegar ber þess að gæta við slíkan samanburð, að í útgjaldahlið fjárlaga 1971 vantar 270 millj. kr. vegna áætlaðra áhrifa kjarasamnings við opinbera starfsmenn, og auk þess var skömmu eftir samþykkt fjárlaganna tekin ákvörðun um hækkun daggjalda á sjúkrahúsum, og er kostnaðarauki ríkissjóðs af þeim sökum áætlaður um 175 millj. kr. Sé tekið tillit til þessa, verður raunveruleg útgjaldaaukning þeim mun minni, þ. e. 1 986.0 millj. kr. eða 21.3%.

Höfuðástæður fyrir auknum útgjöldum eru þrjár. Í fyrsta lagi er um að ræða ákvörðun fyrrverandi ríkisstjórnar, í öðru lagi lög frá síðasta Alþingi, er ekki höfðu áhrif á útgjöld skv. gildandi fjárlögum, og í þriðja lagi ákvarðanir núverandi ríkisstjórnar og skal nú gerð grein fyrir þessum atriðum.

Í desembermánuði s. l. var gerður nýr kjarasamningur um kjör starfsmanna ríkisins, milli þáverandi ríkisstjórnar og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þessi kjarasamningur hefur ekki haft bein áhrif á launalið fjárlagafrumvarpsins fyrr en við gerð þessa frumvarps, þar sem meðferð þessa máls var þannig á núgildandi fjárlögum, að greiðsluafgangur fjárlaganna, 270 millj. kr., var ætlaður til að mæta þessum væntanlegu útgjöldum, er af kjarasamningnum leiddi, og orkar það þó mjög tvímælis, hvort sú fjárhæð nægir til þess. Útgjöld þessa fjárlagafrumvarps vegna launahækkana munu hækka um 963.5 millj. kr. frá gildandi fjárlögum, ef samanburður er gerður á launaliðum fjárlagafrumvarpsins og fjárlaganna 1971. Af þessari fjárhæð hækka launagreiðslur vegna nýrra starfa, fyrir utan aukið kennslumagn á skyldunámsstigi, um 33.5 millj. kr. og vegna verðlagsuppbóta um nálægt 130 millj. kr. Aðrar hækkanir á launalið fjárlagafrumvarpsins eru vegna ákvörðunar, sem tekin var með kjarasamningi þeim, er áður var greint frá. Þegar frá er dreginn greiðsluafgangur fjárlaga 1971, 270 millj. kr., er áætlað er að gangi til aukinna launagreiðslna, verður nettóhækkun fjárlagafrumvarpsins vegna kjarasamningsins og aukins kennslumagns á skyldunámsstigi nálægt 530 millj. kr.

Það var eindóma álit allra þingmanna, að nauðsyn bæri til að bæta kjör ríkisstarfsmanna í heild. Þó skoðanir hafi verið skiptar um einstaka þætti samninganna þá var það ljóst, að kjarasamningur þessi mundi hækka verulega það fjárlagafrumvarp, sem fyrst greindi frá gerð hans. Á síðasta Alþingi voru samþykkt ýmis lög, svo sem breytingar á almannatryggingalögum og um Landnám ríkisins, er hafa munu í för með sér verulega aukin útgjöld hjá ríkissjóði. Þessari lagasetningu var þannig fyrir komið þá, að hún leiddi ekki til útgjalda hjá ríkissjóði fyrr en

á árinu 1972. Enda þótt ekki sé um réttmæti þessarar löggjafar deilt þá hækkar hún fjárlagafrumvarpið um tæplega 500 millj. kr.

Ríkisstjórnin leggur ríka áherzlu á það í málefnasamningi sínum að bæta verulega kjör þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Við þessa stefnu eru þær aðgerðir miðaðar, sem ríkisstjórnin hefur þegar gert í efnahagsmálum, og svo er einnig með ákvarðanir hennar í útgjaldaliðum fjárlagafrumvarpsins. Ríkisstjórnin telur, að grundvöllur þess að takmarki þessu verði náð sé, að vinnufriður haldist, atvinna verði örugg og launþegar eigi síður en atvinnurekendur njóti aukinna þjóðartekna.

Ríkisstjórninni er ljóst, að stefna hennar er ekki framkvæmanleg nema takist að hafa hemil á verðbólgunni. Í þjóðfélagi, þar sem skefjalaus verðbólga ræður ríkjum, eykst alltaf bilið milli þeirra sem bezt og verst eru settir. Þess vegna hefur hún ákveðið að keppa að því marki, að verðhækkanir verði ekki örari hér á landi en gerist með viðskipta- og nágrannaþjóðum okkar. Hún ákvað því að halda áfram verðstöðvun þeirri, sem gilda átti til 1. september s. l., fram til næstu áramóta. Það er gert með því að auka enn þá niðurgreiðslur og fella niður skatta, svo sem söluskatt af nokkrum nauðsynjum almennings, og í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1972 er gert ráð fyrir fjárveitingu til að halda áfram sömu niðurgreiðslum á vöruverði og ákveðið hafði verið fyrir 1. sept. s. l. Ákveðin hefur verið endurskoðun á öllu niðurgreiðslukerfinu og er hún nú þegar hafin. Það liggur því ekki fyrir nú endanleg ákvörðun ríkisstjórnarinnar um það, hvort svo hárri fjárhæð á fjárlögum 1972 verður varið til niðurgreiðslnanna eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Það ákvarðast af þeirri stefnuyfirlýsingu um verðlagsþróunina, sem hér hefur verið lýst, þegar endurskoðuninni er lokið. En í fjárlagafrumvarpinu er útgjaldahækkun vegna niðurgreiðslna um 508 millj. kr.

Eins og lýst er í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar mun hún kosta kapps um fjárveitingar til verklegrar og félagslegrar uppbyggingar í landinu, þó að slíkt framkvæmdafé takmarkist að sjálfsögðu alltaf af fjárhagslegri getu ríkissjóðs og útliti um efnahagsmál og atvinnumál þjóðarinnar. Í þessu fjárlagafrumvarpi er verulega aukin fjárveiting til ýmissa brýnustu verkefna, svo sem geta ríkisútgjalda leyfði að þessu sinni, og skulu nú tekin nokkur dæmi, er sanna þetta.

Framlög til bygginga sjúkrahúsa og læknabústaða hækka um 48.8 millj. kr., til bygginga skólamannvirkja um 44.9 millj. kr., til togaralána um 29.1 millj. kr., til framleiðnisjóðs landbúnaðarins um 22.0 millj. kr., til rafvæðingar í sveitum um 18.0 millj. kr., til landnáms ríkisins án rekstrar um 17.7 millj. kr., til framkvæmda í flugmálum um 19.0 millj. kr., til gæzluvistarsjóðs um 8.0 millj. kr. og til íþróttasjóðs um 8.0 millj. kr.

Hins vegar bíða ákvörðunar Alþingis aðrir þættir í verklegum framkvæmdum, svo sem aukið framkvæmdafé til barna- og gagnfræðaskólabygginga, hafna, vega og fleiri málaflokka. Þá eru aðrir málaflokkar, sem ríkisstjórnin hefur heitið að vinna að og veita fé til, svo sem stofnkostnaðar í dvalarheimili aldraðra, dagheimili o. fl. Löggjöf þar um verður lögð fyrir næsta Alþingi og fjárveitingar ákveðnar síðar, þegar löggjafarstarfinu er lokið.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er ákveðið að endurskoða tekjuöflunarleiðir hins opinbera. Segir svo þar um orðrétt:

> „Að endurskoða tekjuöflunarleiðir hins opinbera með það fyrir augum, að skattbyrðinni verði dreift réttlátara en nú er gert. Slík endurskoðun skattakerfisins haldist í hendur við endurskoðun tryggingalöggjafar í því skyni, að öllum þjóðfélagsþegnum verði tryggðar lífvænlegar lágmarkstekjur. Tekjur, sem einungis hrökkva fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, verði ekki skattlagðar. Skatteftirlit verði hert, þannig að réttlátari skattaframkvæmd verði tryggð betur en nú er. Stefnt verði að því, að persónuskattar eins og til almannatrygginga verði felldir niður, en teknanna aflað með öðrum hætti."

Sú endurskoðun, sem hér er gert ráð fyrir, er nú þegar hafin, þar sem samtímis er unnið að endurskoðun tekjustofna ríkisins, þ. e. ríkisskattanna, tekjustofna sveitarfélaga og tryggingakerfisins. Stefnt er að því að ljúka þessari endurskoðun, að minnsta kosti er tekur til ríkisskattanna, svo hægt verði að miða tekjuöflun ríkissjóðs á næstu fjárlögum við það skattakerfi, sem verður lögtekið að þessari endurskoðun lokinni. Hins vegar er fjárlagafrumvarp þetta byggt á núgildandi lögum um tekjustofna ríkissjóðs og þeirri skattvísitölu, er tekin var í lög á síðasta Alþingi. Þá var hún ákveðin 100, en verðhækkunarbreyting, sem orðið hefur síðan, er tekin með, og er hún nú 106.5 stig. Að sjálfsögðu var ekki unnt né rétt að miða tekjuáætlun við neitt annað en gildandi lög og reglur þar um þó að breytingu sé stefnt, enda hefur ríkisstjórnin aldrei gefið fyrirheit um lækkun á heildarskatthеimtu ríkissjóðs heldur aðeins tilfærslu innan skattkerfisins. Efnahagsstofnunin hefur samið tekjuáætlun með sama hætti og verið hefur á undanförnum árum. Til viðbótar þeim upplýsingum, sem áður hafa verið gefnar um, að tekjuáætlun sé byggð á núgildandi lögum og reglum, þá skal það einnig tekið fram, að miðað er við núgildandi kjarasamninga og verðlag og kaupgjald haldist svipað og það er nú. Ríkisstjórnin ákvað að leggja fjárlagafrumvarpið fyrir greiðsluhallalaust án nýrra skatta, þrátt fyrir þá skattalækkun, sem hún hefur nú þegar gert. Við þá ákvörðun eru útgjöld fjárlagafrumvarpsins miðuð. Ríkisstjórnin mun við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins fylgja þeirri ákvörðun sinni, að fjárlög fyrir árið 1972 verði greiðsluhallalaus.

Eins og fram er tekið í upphafi þessarar greinargerðar, var tími til undirbúnings þessa fjárlagafrumvarps mjög takmarkaður. Það leiddi til þess, að ekki var unnt að grandskoða útgjaldaliði frumvarpsins svo sem æskilegt hefði verið, en að því marki er nú unnið. M. a. af þessum sökum munu drög að framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar ekki fylgja þessu fjárlagafrumvarpi svo sem verið hefur síðustu árin. Hins vegar mun sú áætlun verða lögð fyrir þingið síðar. Sú nýbreytni er aftur á móti tekin upp að þessu sinni að birta í sérstöku fylgiskjali með frumvarpinu greinargerð um þróun efnahagsmála á þessu ári og horfur á árinu 1972. Er sú greinargerð unnin í Efnahagsstofnuninni.

Skal nú gerð grein fyrir höfuðþáttum fjárlagafrumvarpsins og einstökum greinum þess.

Yfirlit og samanburður við fjárlög 1971.

Gjaldahlið.

Heildarútgjöld á rekstrarreikningi nema 13 971 188 þús. kr., en voru 11 023 273 þús. kr. í fjárlögum 1971. Hækkunin er því 2 947 915 þús. kr., eða 26.7%. Í þessum tölum eru meðtaldir svokallaðir markaðir tekjustofnar, sem ráðstafað er til vissra aðila eða verkefna, og hækka þeir um 516 888 þús. kr., eða 23.6%. Eiginleg útgjöld ríkissjóðs, þ. e. heildargjöld að frátöldum mörkuðum tekjustofnum, nema samtals 11 268 293 þús. kr. á móti 8 837 266 þús. kr. í fjárlögum 1971, og er hækkunin 2 431 027 þús. kr., eða 27.5%. Þess ber þó að gæta við slíkan samanburð, að áætlaður kostnaður ríkissjóðs vegna kjarasamninganna við opinbera starfsmenn um s. l. áramót var ekki færður til gjalda í fjárlögum 1971, heldur var haldið greiðsluafgangi til að mæta þeim kostnaði. Var þessi launakostnaður áætlaður um 270 000 þús. kr., en mun að líkindum reynast hærri. Sé tekið tillit til þessa verður heildarhækkun útgjalda 2 677 915 þús. kr., eða 23.7%, og hækkun eiginlegra útgjalda ríkissjóðs 2 161 027 þús. kr., eða 24.5%. Eftirfarandi yfirlit sýnir samanburð á fjárlögum 1971 og fjárlagafrumvarpi 1972:

	Fjárlög '71 Þús. kr.	Frumvarp '72 Þús. kr.	Hækkun Þús. kr.	%
Útgjöld á rekstrarreikningi	11 023 273	13 971 188	2 947 915	26.7
Markaðir tekjustofnar	2 186 007	2 702 895	516 888	23.6
Útgjöld án markaðra tekjustofna	**8 837 266**	**11 268 293**	**2 431 027**	**27.5**

Launaáætlun í fjárlögum 1971 var miðuð við laun með áorðnum verðlagsuppbótum 1. desember 1970, þ. e. kaupgreiðsluvísitölu 104.21 stig. Í frumvarpi ársins 1972 er launaáætlunin miðuð við meðaltal grunnlauna í hverjum launaflokki á árinu, en sem kunnugt er, verður endanleg launahækkun samkvæmt kjarasamningum við opinbera starfsmenn komin fram að fullu 1. júlí 1972. Við grunnlaunin er síðan bætt þeim vísitöluuppbótum, sem orðið hafa frá 1. desember 1970, en þær eru þessar: 1. ágúst 2.04 stig og 1. september 0.94 stig, og er kaupgreiðsluvísitalan því 107.19 stig.

Heildarhækkun launaliðar í A-hluta fjárlagafrumvarpsins nemur 963.5 millj. kr. Áætluð hækkunaráhrif umræddra verðlagsuppbóta eru 130 m.kr., og nýráðningar starfsfólks utan sjálfkrafa fjölgunar kennaraliðs á skyldunámsstigi og hækkunar launaliðar í samræmi við sérlög, svo sem hin nýju lög um Landnám ríkisins, nema samtals um 33.5 m.kr. Afgangur heildarhækkunarinnar er því 800 m.kr., og er þar fyrst og fremst um áhrif kjarasamninganna á s. l. vetri að ræða. Að því er tekur til ársins 1972 er þessi síðastnefnda hækkun þó ofmetin um a. m. k. 270 m.kr., sem ekki voru færðar til gjalda í fjárlögum 1971, eins og fyrr greinir, og má því áætla hækkunina af völdum kjarasamninganna o. fl. 530 m.kr. á árinu 1972.

Eins og getið er hér að framan, hækka eiginleg rekstrarútgjöld ríkissjóðs skv. frumvarpinu um 2 431 m.kr. eða 27.5%, og skiptist sú hækkun í meginatriðum þannig:

	Millj. kr.
Laun	963.5
Framlag til almannatrygginga, þ. m. t. fávitaframfærsla	573.7
Niðurgreiðslur á vöruverði	508.4
Bygging sjúkrahúsa, læknabústaða o. fl.	48.8
Bygging skólamannvirkja	44.9
Framlög til togaralána	29.1
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	22.0
Rafvæðing í sveitum	18.0
Landnám ríkisins, án rekstrar	17.7
Framkvæmdir í flugmálum	19.0
Gæzluvistarsjóður	8.0
Íþróttasjóður	8.0
Nettóhækkun á öðrum liðum	169.9
Samtals	2 431.0

Breyting helztu útgjaldaflokka eftir meginskiptingu í fjárlögum, sbr. 1. töflu í sérstökum yfirlitum hér að framan, frá fjárlögum 1971 að meðtöldum mörkuðum tekjustofnum er þessi í hundraðshlutum:

		Hækkun í % frá fjárlögum 1971
0 10	Laun	45.0[1])
0 20	Önnur rekstrargjöld	19.5
0 27	Viðhald	17.7
0 70	Vextir	3.2
0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	23.5
0 90	Yfirfærslur:	
91	Til fyrirtækja í B-hluta	22.1
92	Til sveitarfélaga	19.0
93	Til fyrirtækja og atvinnuvega	32.1
94	Til einstaklinga, heimila og samtaka	+10.4
	Heildarhækkun	26.8

1) 28.8% m. t. t. 270 m.kr., sem ekki komu fram í gjaldahlið fjárlaga 1971.

Loks sýnir eftirfarandi yfirlit hækkun útgjalda í hundraðshlutum frá fjárlögum 1971, sbr. 4. töflu í kaflanum um sérstök yfirlit, þar sem útgjöldum er skipt eftir hagrænu eðli:

	Hækkun í % frá fjárlögum 1971	
Kaup á vörum og þjónustu		33.4
Samneyzla	35.9	
Fjárfesting	23.5	
Tilfærslur		23.1
Neyzlu- og rekstrartilfærslur	26.9	
Fjármagnstilfærslur	13.8	
Heildarhækkun		26.8

Ráðuneyti og málefnaflokkar.

Hér á eftir verður rakið, í hverju breyting útgjalda í einstökum málefnaflokkum frá fjárlögum 1971 er fólgin. Verður og sérstaklega getið um það, hvaða áhrif markaðir tekjustofnar hafa á útgjaldaþróunina árið 1972. Á eftir þessum hluta greinargerðarinnar verður fjallað mun nánar um fjárreiður einstakra stofnana og fjárveitingar til hinna ýmsu málefna.

00 **Æðsta stjórn ríkisins.** Framlög á þessum lið hækka um samtals 43.5 m.kr., einkum vegna Alþingis, en kostnaður þar hækkar um 37.8 m.kr. Meginorsök þessarar hækkunar á rætur að rekja til launasamninganna á sl. vetri og verðlagsuppbóta á laun, en launaliður á æðstu stjórn hækkar í heild um 37.6 m.kr. Að öðru leyti hækkar rekstrarkostnaður stofnana í þessum málefnaflokki um 5.9 m.kr., þar af 5.6 m.kr. vegna Alþingis.

01 **Forsætisráðuneytið.** Fjárveiting til stofnana á vegum forsætisráðuneytisins lækkar um 0.1 m.kr., sökum þess að sérstök 5.0 m.kr. fjárveiting til breytinga á Arnarhvoli fellur niður. Því er um að ræða hækkun um 4.9 m.kr. að öðru leyti, sem öll kemur fram á launalið, en breytingar á öðrum kostnaðarliðum jafnast út.

02 **Menntamálaráðuneytið.** Málefnaflokkar þessa ráðuneytis hækka sem hér segir í m.kr.:

	Breyt. frá fjárl. 1971	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	62.3	—
Fræðslumál	493.5	÷18.3
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	41.9	÷10.6
Samtals	597.7	÷28.9

Yfirstjórn. Auk launahækkana er meginorsök þeirrar 62.3 m.kr. hækkunar, sem fram kemur á þessum lið, tilflutningur fræðslumálaskrifstofu á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Þegar tekið hefur verið tillit til þess, verður raunveruleg hækkun sambærilegra liða 25.3 m.kr., þar af framlag til að jafna aðstöðu nemenda úr strjálbýli til framhaldsnáms, 10.0 m.kr., til endurskoðunar námsefnis 2.5 m.kr., til framkvæmdar sundskyldu í skólum 2.6 m.kr., til kennaranámskeiða 1.0 m.kr., og kostnaður við landspróf og samræmt gagnfræðapróf hækkar um 1.4 m.kr. Afgangur hækkunarinnar, 7.8 m.kr., skýrist að mestu af launahækkunum á aðalskrifstofu, nýráðningu starfsfólks og eðlilegum verðlagshækkunum á öðrum kostnaðarliðum.

Fræðslumál. Hækkun fjárveitinga til fræðslumála, 493.5 m.kr., kemur einkum fram á eftirtöldum liðum: Barna- og gagnfræðastigsskólar 293.8 m.kr., þar af laun 274.1 m.kr., annar rekstur 12.4 m.kr. og byggingar 7.3 m.kr., Háskóli Íslands 64.7

m.kr., menntaskólar 48.8 m.kr., þar af byggingar 7.2 m.kr., lánasjóður íslenzkra námsmanna 13.4 m.kr., Heyrnleysingjaskólinn 12.7 m.kr., þar af bygging 7.8 m.kr., og nettóhækkun á öðrum liðum nemur 78.4 m.kr., að miklu leyti vegna launahækkana. Markaðir tekjustofnar lækka um 18.3 m.kr., vegna þess að námsbókagjald, 19.3 m.kr. í fjárlögum 1971, hefur verið fellt niður, en einkaleyfisgjald frá Happdrætti Háskóla Íslands, sem rennur til byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna, hækkar um 1.0 m.kr.

Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi. Á þessum málefnaflokki kemur fram 41.9 m.kr. hækkun, þar af byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu 13.5 m.kr., þjóðleikhús 9.6 m.kr., sinfóníuhljómsveit 8.6 m.kr., íþróttasjóður 8.0 m.kr. og ýmsir aðrir liðir 12.8 m.kr. Markaðir tekjustofnar lækka um 10.6 m.kr. Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum lækka um 12.0 m.kr., hluti Íþróttasambands Íslands af gjaldi af seldum vindlingum um 0.5 m.kr. og sektir og upptækar vörur til menningarsjóðs, 1.3 m.kr. í fjárlögum 1971, verða nú almennur tekjuliður ríkissjóðs. Á hinn bóginn hækkar skemmtanaskattur um 2.7 m.kr. og miðagjald til menningarsjóðs um 0.5 m.kr.

03 Utanríkisráðuneytið. Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum, er undir þetta ráðuneyti heyra:

	Breyt. frá fjárl. '71
Yfirstjórn	9.5
Löggæzla á Keflavíkurflugvelli	11.0
Sendiráð	6.9
Alþjóðastofnanir	3.9
Samtals	31.3

Yfirstjórn. Af hækkuninni, 9.5 m.kr., stafa 1.3 m.kr. af tilfærslu ferðakostnaðar af sendiráðunum á aðalskrifstofu ráðuneytisins, kostnaður við flutning starfsfólks milli landa og skyldir liðir hækka um 2.6 m.kr. og þátttaka í alþjóðaráðstefnum um 1.0 m.kr. Afgangur hækkunarinnar, 4.6 m.kr., stafar að mestu af launahækkunum.

Löggæzla á Keflavíkurflugvelli. Hækkunin, 11.0 m.kr., á að mestu rætur að rekja til eðlilegra launa- og verðlagshækkana.

Sendiráð. Hér kemur fram 6.9 m.kr. hækkun, en með tilliti til áðurnefndrar tilfærslu ferðakostnaðar svo og vaxtakostnaðar er hækkunin í raun 10.1 m.kr. Launaliður hækkar um 8.6 m.kr., en komið hefur verið á föstu kerfi varðandi laun og skylda liði, sbr. næsta hluta greinargerðarinnar. Viðhaldsliður hækkar um 1.0 m.kr., einkum vegna viðgerðar bústaðanna í London, Moskvu og Stokkhólmi, og kostnaðarauknings á öðrum liðum nemur 0.5 m.kr.

Alþjóðastofnanir. Helztu breytingar eru skýrðar í næsta hluta greinargerðarinnar.

04 Landbúnaðarráðuneytið. Á málefnaflokkum þessa ráðuneytis verða þessar breytingar:

	Breyt. frá fjárl. 1971	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	3.8	—
Búnaðarmál	69.3	÷0.7
Önnur mál	15.5	—
Samtals	88.6	÷0.7

Yfirstjórn. Hækkunin, 3.8 m.kr., stafar af 1.5 m.kr. auknu framlagi til jarðeigna ríkisins, vanáætlun nefndakostnaðar og nýráðningu á aðalskrifstofu ráðuneytisins 1.0 m.kr. og eðlilegum launa- og verðlagshækkunum 1.3 m.kr.

Búnaðarmál. Heildarhækkunin á framlögum til búnaðarmála, 69.3 m.kr., kemur þannig fram: Framlag til Landnáms ríkisins hækkar um 23.7 m.kr. skv. lögum, til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins um 22.0 m.kr., til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, mótframlag, 9.0 m.kr., til framræslu 5.0 m.kr. og til jarðræktar 3.3 m.kr. Kostnaður við starfsemi Búnaðarfélags Íslands hækkar um 5.9 m.kr., skógræktar um 5.1 m.kr., embættis yfirdýralæknis 4.6 m.kr., landgræðslu 3.3 m.kr., og aðrir liðir hækka um samtals 12.1 m.kr. Á móti lækkar aðstoð við bændur um 19.0 m.kr. og niður falla framlög til veðdeildar Búnaðarbankans 2.5 m.kr. og til súgþurrkunar 2.5 m.kr. Markaðir tekjustofnar lækka um 0.7 m.kr., þ. e. hluti Landgræðslusjóðs af tekjum af seldum vindlingum.

Önnur mál. Í þessum málefnaflokki eru bændaskólarnir tveir og Garðyrkjuskólinn að Reykjum. Af heildarhækkuninni, 15.5 m.kr., eru 5.0 m.kr. vegna rekstrar og 10.5 m.kr. vegna byggingaframkvæmda.

05 **Sjávarútvegsráðuneytið.** Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárl. 1971	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	2.3	—
Útvegsmál	15.5	0.6
Önnur mál	2.3	—
Samtals	20.1	0.6

Útvegsmál. Kostnaður við rekstur Hafrannsóknastofnunarinnar hækkar um 9.8 m.kr., Fiskmat ríkisins um 7.1 m.kr., Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins um 3.7 m.kr., og aðrir liðir um 1.4 m.kr., einkum vegna eðlilegra launahækkana. Á hinn bóginn lækkar fjárþörf byggingarsjóða hafrannsóknaskips og síldarleitarskips um samtals 7.1 m.kr. Markaðir tekjustofnar hækka um 0.6 m.kr., þ. e. ferskfiskmatsgjald um 0.7 m.kr., en hluti byggingarsjóðs hafrannsóknaskips og bygginga rannsóknastofnana sjávarútvegsins af útflutningsgjaldi lækkar um 0.1 m.kr. Nettóhækkunin á þessum málefnaflokki er því 15.5 m.kr.

Önnur mál, þ. e. Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna, hækkar um 2.3 m.kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana og aukins kostnaðar við húsrými á Keldnaholti.

06 **Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.** Þessar breytingar verða á málefnaflokkum, er undir þetta ráðuneyti heyra:

	Breyt. frá fjárl. '71
Yfirstjórn	0.4
Dómgæzla, lögreglumál o. fl.	126.9
Þjóðkirkjan	22.9
Samtals	150.2

Yfirstjórn. Hækkunin skýrist þannig, að kostnaður við aðalskrifstofu og stjórnartíðindi hækkar um 3.2 m.kr., en niður fellur sérstök fjárveiting vegna Alþingiskosninga 1971, 2.8 m.kr.

Dómgæzla, lögreglumál o. fl. Af heildarhækkuninni á þessum málefnaflokki, 126.9 m.kr., stafa 36.1 m.kr. af auknum kostnaði við löggæzlu, 30.6 m.kr. við landhelgisgæzlu, þar af 15.0 m.kr. til aukningar landhelgisgæzlu eftir 1. september 1972, og 25.4 m.kr. við embætti sýslumanna og bæjarfógeta, þar af 22.9 m.kr. vegna launahækkana, og 2.5 m.kr. vegna annars rekstrarkostnaðar. Ýmsir aðrir liðir hækka um samtals 34.8 m.kr.

Þjóðkirkjan. Framlag hækkar um 22.9 m.kr., þar af eðlilegar launahækkanir presta og prófasta 16.2 m.kr., kristnisjóður 2.2 m.kr., Hallgrímskirkja í Reykjavík 1.0 m.kr., kirkjubyggingasjóður 0.5 m.kr. og aðrir liðir 3.0 m.kr.

07 **Félagsmálaráðuneytið.** Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárl. 1971	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	1.8	—
Húsnæðismál	48.7	48.2
Önnur félagsmál	÷20.6	÷6.4
Samtals	29.9	41.8

Húsnæðismál. Hækkun, 48.7 m.kr., kemur þannig fram, að tekjustofnar markaðir þessum málefnaflokki hækka um 48.2 m.kr., þ. e. hluti byggingasjóðs af launaskatti 36.4 m.kr. og byggingasjóðsgjöld af innflutningi og tekju- og eignarskatti 11.8 m.kr., og kostnaður við húsnæðismálastjórn hækkar um 0.5 m.kr.

Önnur félagsmál. Á þessum málefnaflokki kemur fram 20.6 m.kr. lækkun, sem skýrist þannig: Niður fellur sérstakt framlag til atvinnujöfnunarsjóðs, 10.0 m.kr., framlag til lífeyrissjóðs verkalýðsfélaga, 9.0 m.kr. í fjárlögum 1971, flyzt á fjármálaráðuneytið, framlag til vatnsveitna skv. lögum lækkar um 2.5 m.kr., og niður falla byggingarstyrkir til Geðverndarfélagsins, Sjálfsbjargar og Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra, samtals 4.0 m.kr. Markaðir tekjustofnar lækka um 6.4 m.kr., þ. e. álgjald 5.7 m.kr. og erfðafjárskattur 1.0 m.kr., en nettóhækkun annarra stofna nemur 0.3 m.kr. Hins vegar hækka framlög til lánasjóðs sveitarfélaga um 2.5 m.kr., heimilishjálpar 3.0 m.kr., meðlaga skv. lögum um 3.7 m.kr. og nettóhækkun á öðrum liðum nemur 2.1 m.kr.

08 **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.** Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1971	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	4.2	—
Tryggingamál	871.9	234.8
Heilbrigðismál	÷10.7	÷0.4
Önnur mál	8.5	—
Samtals	873.9	234.4

Yfirstjórn. Af hækkuninni, 4.2 m.kr., stafa 2.0 m.kr. af nýráðningu starfsfólks, 0.9 m.kr. af eðlilegum launahækkunum og 1.3 m.kr. af nefndakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði.

Tryggingamál. Aukning framlags til almannatrygginga að meðtöldum atvinnuleysistryggingum hækkar um 871.9 m.kr. Sú tala inniheldur hlut hinna tryggðu og atvinnurekenda 234.8 m.kr., þannig að eiginleg útgjaldaaukning ríkissjóðs er 637.1 m.kr. Skiptist sú hækkun þannig, að 246.7 m.kr. koma á lífeyristryggingar, 370.5 m.kr. á sjúkratryggingar og 19.9 m.kr. á atvinnuleysistryggingar. Nánari skýringar eru í næsta hluta greinargerðarinnar.

Heilbrigðismál. Framlag til heilbrigðismála lækkar í heild um 10.7 m.kr., og kemur sú lækkun þannig fram: Fávitaframfærsla, sem í fjárlögum 1971 nam 61.4 m.kr., er færð af þessum lið á Tryggingastofnun ríkisins, kostnaður við embætti landlæknis hækkar um 18.3 m.kr., einkum vegna launa héraðslækna, framlag til ríkis-

spítala hækkar um 10.5 m.kr., þ. e. til bygginga og tækjakaupa 34.3 m.kr., en framlag til rekstrar, 23.8 m.kr. í fjárlögum 1971 fellur nú niður, til sjúkrahúsa og læknabústaða, einkum byggingarframlag, um 5.9 m.kr., og loks er tekin upp sérstök fjárveiting til sveitarfélaga til tækniaðstoðar á sviði mengunarmála 3.0 m.kr. Aðrir liðir hækka um samtals 13.0 m.kr.

Önnur mál. Af heildarhækkuninni á þessum lið, 8.5 m.kr., stafa 8.0 m.kr. af hækkun framlags til gæzluvistarsjóðs og aðrir liðir hækka um 0.5 m.kr.

09 **Fjármálaráðuneytið.** Á málefnaflokkum, er undir þetta ráðuneyti heyra, verða eftirtaldar breytingar:

	Breyt. frá fjárl. 1971	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	8.4	—
Toll- og skattheimta	51.6	5.8
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	87.3	—
Önnur mál	35.4	+ 2.0
Samtals	182.7	3.8

Yfirstjórn. Hækkunin, 8.4 m.kr., á rætur að rekja til eðlilegra launa- og verðlagshækkana 7.9 m.kr. og tækjakaupa ríkisbókhalds og ríkisfjárhirzlu 0.5 m.kr.

Toll- og skattheimta. Kostnaður við toll- og skattheimtu eykst um 51.6 m.kr., þar af skattstofur og embætti ríkisskattstjóra 21.5 m.kr., tollstjórinn í Reykjavík 18.4 m.kr., tollstöðvar (tollstöðvargjald — markaður tekjustofn) 5.8 m.kr. og aðrir liðir 5.9 m.kr.

Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun. Hækkunin á þessum málefnaflokki, 87.3 m.kr., er fyrst og fremst vegna uppbóta á lífeyri, sem hækka um 86.5 m.kr. Afgangurinn, 0.8 m.kr., er vegna verðlagsuppbóta á önnur eftirlaun og styrktarfé.

Önnur mál. Á þessum málefnaflokki kemur fram 35.4 m.kr. hækkun, er skýrist þannig: Framlag til togaralána hækkar um 29.1 m.kr., vextir af lánum, sem nú eru að mestu færðir á þennan lið, um 15.7 m.kr., og framlag til lífeyrissjóða verkalýðsfélaga, 12.5 m.kr., er fært á þennan lið af félagsmálaráðuneytinu. Á móti lækka framlög til ríkisábyrgðasjóðs um 10.0 m.kr., þar af áhættuiðgjald vegna ríkisábyrgða (markaður tekjustofn) 2.0 m.kr., til óvissra útgjalda um 5.0 m.kr., til framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins um 3.7 m.kr. vegna aukinna eigin tekna deildarinnar, og nettólækkun annarra liða nemur 3.2 m.kr.

10 **Samgönguráðuneytið.** Málefnaflokkar á vegum þessa ráðuneytis breytast þannig:

	Breyt. frá fjárl. 1971	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	2.2	—
Vegamál	267.4	261.6
Önnur samgöngumál	88.8	0.7
Samtals	358.4	262.3

Vegamál. Framlag vegna rekstrar og framkvæmda hækkar um 267.4 m.kr., en þar af nemur hækkun markaðra tekjustofna vegasjóðs, sem ekki ganga til afborgunar lána vegasjóðs, 261.6 m.kr. Beint framlag ríkissjóðs hækkar því um 5.8 m.kr. og verður 49.3 m.kr., þar af 2.2 m.kr. til að bæta þjónustu við ferðamenn að vetrarlagi o. fl.

Önnur samgöngumál. Hækkunin, 88.8 m.kr., skýrist þannig, að framlag til flugmála hækkar um 41.3 m.kr., þar af framkvæmdir 19.0 m.kr., til veðurstofu um 17.8 m.kr., þar af bygging og tækjakaup 12.1 m.kr., til Skipaútgerðar ríkisins um 13.2 m.kr. miðað við óbreytt farmgjöld og til annarra liða um samtals 16.5 m.kr., þar af markaðir tekjustofnar 0.7 m.kr., þ. e. skipaskoðunargjald 0.1 m.kr. og sérleyfisgjald 0.6 m.kr.

11 **Iðnaðarráðuneytið.** Málefnaflokkar iðnaðarráðuneytisins breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1971	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	2.0	—
Iðnaðarmál	6.9	0.8
Orkumál	41.3	2.8
Samtals	50.2	3.6

Iðnaðarmál. Á þessum málefnaflokki kemur fram 6.9 m.kr. nettóhækkun. Framlög til Iðnþróunarstofnunar Íslands hækka um 2.2 m.kr., til Rannsóknastofnunar iðnaðarins um 4.8 m.kr., þar af 2.2 m.kr. vegna kaupa á slit- og togþolstæki, til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um 3.5 m.kr., og nettóhækkun á öðrum liðum, þ. m. t. markaðir tekjustofnar, er 0.7 m.kr. Hins vegar kemur fram 4.3 m.kr. nettólækkun á framlögum til iðju og iðnaðar, en á þeim lið lækkar framlag vegna tækniaðstoðar S. þ. um 4.0 m.kr.

Orkumál. Af heildarhækkuninni, 41.3 m.kr., stafa 18.0 m.kr. af hækkun framlags til sveitarafvæðingar, 13.1 m.kr. af hækkun lánagreiðslna Orkusjóðs og eðlilegar kostnaðarhækkanir við rekstur Orkustofnunar nema 10.2 m.kr. að meðtalinni hækkun rafmagnseftirlitsgjalds (markaður tekjustofn) 2.8 m.kr.

12 **Viðskiptaráðuneytið.** Helztu breytingar á málefnaflokkum, er tilheyra þessu ráðuneyti, eru eftirfarandi:

	Breyt. frá fjárl. '71
Yfirstjórn	1.8
Niðurgreiðslur	508.4
Annað	3.1
Samtals	513.3

Niðurgreiðslur. Áætlun um niðurgreiðslur á árinu 1972 byggist á niðurgreiðslustigi fyrir 1. september s. l. og er í heild 1 635.4 m.kr.

13 **Hagstofa Íslands.** Hækkun 4.3 m.kr. og

14 **Ríkisendurskoðun.** Hækkun 4.0 m.kr. stafar í báðum tilvikum að mestu af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

Tekjuhlið.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1972 er, eins og á undanförnum árum, unnin í Efnahagsstofnuninni. Grundvallast áætlunin á þjóðhagsspá stofnunarinnar fyrir það ár, sem gerð er grein fyrir í fylgiskjali með þessu frumvarpi. (Fylgiskjal I). Meginþættir þjóðhagsspárinnar eru þessir: Gert er ráð fyrir, að verðmæti útflutningsframleiðslunnar aukist í heild um 8%, þar af sjávarvöruframleiðslan um

5.5%. Þjónustuútflutningur er talinn munu aukast um 5.3% og útflutningsverðmæti í heild um rúmlega 8%. Áætluð er aðeins 0.5% aukning fjármunamyndunar í heild, en 9%, ef frá er talinn innflutningur skipa og flugvéla, rúmlega 7% aukning einkaneyzlu og 5% aukning samneyzlu. Þá er gert ráð fyrir, að almennur vöruinnflutningur aukist að verðmæti um 14%, og hefur þá verið gert ráð fyrir erlendri verðhækkun um 3—4%. Þessar spár um þróun eftirspurnar fela í sér 7—8% aukningu almennrar innlendrar verðmætaráðstöfunar, 6% aukningu þjóðarframleiðslu og 5% aukningu þjóðartekna.

Heildartekjur á rekstrarreikningi eru áætlaðar 14 270.0 m.kr. á móti 11 534.7 m.kr. í fjárlögum 1971. Nemur hækkunin því 2 735.3 m.kr., eða 23.7%. Af heildartekjunum eru markaðir tekjustofnar á rekstrarreikningi og lánahreyfingum samtals 2 761.4 m.kr., en voru 2 210.5 m.kr. í fjárlögum 1971, og er hækkunin 550.9 m.kr. eða 24.9%. Samkvæmt þessu hækka eiginlegar tekjur ríkissjóðs um 2 184.4 m.kr., eða 23.4%.

Persónuskattar. Áætlað er, að persónuskattar hækki um 215.5 m.kr. frá fjárlögum 1971. Er þar annars vegar um að ræða gjöld til almannatrygginga, þ. m. t. atvinnuleysistryggingar, sem hækka um samtals 234.8 m.kr. vegna áorðinna gjaldahækkana og fjölgunar gjaldskyldra aðila, en hins vegar hefur námsbókagjald, sem áætlað var 19.3 m.kr. í fjárlögum 1971, verið fellt niður með bráðabirgðalögum.

Eignarskattar. Tekjur af eignarsköttum eru áætlaðar 22.9 m.kr. hærri en í fjárlögum 1971. Hækkun eignarskatts einstaklinga er áætluð 14.6 m.kr. og eignarskatts félaga 9.3 m.kr. Til grundvallar er lögð álagning 1971 og spáð 8% aukningu á árinu 1972. Aftur á móti er gert ráð fyrir, að tekjur af erfðafjárskatti lækki um 1.0 m.kr. sökum óvenjulegrar aukningar á skiptingu dánarbúa að undanförnu.

Tekjuskattar. Áætluð er 574.4 m.kr. hækkun á tekjusköttum, og er þá gert ráð fyrir 23.0% hækkun nettótekna frá ársmeðaltali 1970 til ársmeðaltals 1971, og er það sama breyting og áætlað er að verði á heildaratvinnutekjum milli sömu ára. Engin tilraun er gerð til að spá í niðurstöðu kjarasamninga þeirra, sem nýlega eru hafnir. Samkvæmt 53. gr. laga nr. 68/1971 skal skattvísitala ákveðin í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1972. Hér er gert ráð fyrir, að skattvísitala breytist í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar milli meðaltals áranna 1970 og 1971. Miðað við að gildandi skattvísitala sé sett 100.0 stig, verður skattvísitala við álagningu árið 1972 106.5 stig. Tekjuskattur einstaklinga er í samræmi við framansagt áætlaður 511.6 m.kr. hærri en í fjárlögum 1971 og tekjuskattur félaga 62.8 m.kr. hærri.

Gjöld af innflutningi. Þessi gjöld eru áætluð samtals 1 294.0 m.kr. hærri en í fjárlögum 1971. Þessi áætlun er byggð á framangreindri spá um 7—8% aukningu ráðstöfunartekna á árinu 1972 og 14% aukningu almenns vöruinnflutnings. Meðaltollhlutfall er áætlað 23.3%, eða óbreytt frá áætlun í fjárlögum 1971. Af heildarhækkuninni nemur tekjuhækkun ríkissjóðs af almennum aðflutningsgjöldum 1 073.4 m.kr., innflutningsgjald af benzíni 210.0 m.kr. og nettóhækkun á öðrum liðum nemur 10.6 m.kr.

Skattar af framleiðslu. Hér er áætlun í heild 4.7 m.kr. lægri en í fjárlögum 1971, sem skýrist þannig, að tekjur af álgjaldi eru áætlaðar 5.7 m.kr. lægri sökum verðfalls og sölutregðu á heimsmarkaði, en nettóhækkun á öðrum sköttum í þessum flokki er 1.0 m.kr.

Skattar af seldum vörum og þjónustu. Hækkun í þessum flokki skatta er áætluð 512.0 m.kr., þar af söluskattur til ríkissjóðs 252.1 m.kr. vegna þeirrar aukningar veltu, sem felst í þjóðhagsspánni. Þá eru tekjur af launaskatti áætlaðar 277.1 m.kr. hærri en í fjárlögum 1971, einkum vegna mun hærra launastigs og þess, að hækkun skattsins um 1.5 prósentustig sem hluti verðstöðvunaraðgerðanna gildir nú allt árið í stað tveggja þriðju hluta ársins í fjárlagaáætlun 1971. Söluhagnaður ÁTVR er hins vegar áætlaður 20.0 m.kr. lægri en í fjárlögum 1971 vegna minnkaðrar tóbakssölu, og nettóhækkun á öðrum liðum er 2.8 m.kr.

Aðrir óbeinir skattar hækka um samtals 93.3 m.kr., og munar þar mest um hækkun tekna af bifreiðaskatti 78.7 m.kr. Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna hækkar um 17.5 m.kr., en niður fellur bifreiðaskattur vegna hægri umferðar, 17.5 m.kr. í fjárlögum 1971. Aðrir liðir hækka um samtals 14.6 m.kr.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta. Tekjuaukning á þessum lið er áætluð 28.5 m.kr. fyrst og fremst vegna mikillar aukningar umferðar og viðskipta á Keflavíkurflugvelli. Þannig aukast tekjur frá flugmálastjórn þar um 17.6 m.kr. og frá fríhöfninni um 10.7 m.kr. Aðrir liðir hækka um 0.2 m.kr.

Ýmsar tekjur eru áætlaðar því nær óbreyttar frá fjárlögum 1971, eða 0.6 m.kr. lægri. Helztu innbyrðis breytingar eru þær, að tekjur af sameignum ríkisins hækka um 2.7 m.kr., en lækkun verður á sektum og upptækum vörum til ríkissjóðs 1.4 m.kr., á vaxtatekjum 1.0 m.kr. og á öðrum liðum 0.9 m.kr.

Lánahreyfingar.

Sú breyting hefur verið gerð á færslu lánahreyfinga út, þ. e. afborgana af teknum lánum, í A-hluta, að mun fleiri greiðslur af þessu tagi en áður eru nú færðar á liðinn „Ýmis lán ríkissjóðs" í fjármálaráðuneytinu í stað þess að færa þær á hlutaðeigandi stofnanir. Er unnið að því í ríkisbókhaldinu að skrá þar öll lán, sem endurgreiðast af beinum fjárveitingum, en í nokkrum tilvikum eru afborganir þó færðar á hlutaðeigandi stofnun, þar sem sérstaklega stendur á, einkum þegar viðkomandi stofnanir standa undir endurgreiðslu lána með eigin tekjum. Lánahreyfingar út nema samtals 254 451 þús. kr. og lánahreyfingar inn samtals 3 800 þús. kr., þannig, að halli verður 250 651 þús. kr. Lánahreyfingar inn, þ. e. endurgreiðslur afborgana af veittum lánum, eru óbreyttar frá fjárlögum 1971, en lánahreyfingar út hækka um 9 575 þús. kr. Sýnir eftirfarandi yfirlit samanburð á lánahreyfingum út í fjárlögum 1971 og frumvarpi 1972:

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárl. '71	Fjárl.frv. '72	Mism.
01 902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd	2	2	—
02 201	Háskóli Íslands	260	262	2
02 232	Rannsóknaráð ríkisins	792	1 578	786
02 422	Ríkisútgáfa námsbóka	865	765	÷ 100
02 921	Þjóðgarðurinn, Skaftafelli	326	326	—
04 206	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	290	—	÷ 290
04 231	Skógrækt ríkisins	370	370	—
04 241	Landnám ríkisins	—	340	340
09 991	Ýmis lán ríkissjóðs:			
	Menntaskólinn í Reykjavík	573	575	2
	Menntaskólinn á Akureyri	507	507	—
	Menntaskólinn á Laugarvatni	750	750	—
	Menntaskólinn við Hamrahlíð	2 653	3 429	776
	Kennaraskóli Íslands	814	814	—
	Tækniskólinn	287	287	—
	Hjúkrunarskóli Íslands	308	308	—
	Héraðsskólinn Reykholti	—	34	34
	Heyrnleysingjaskólinn	3 722	3 820	98
	Sendiráðið í Kaupmannahöfn	—	436	436
	Sendiráðið í Osló	37	37	—
	Sendiráðið í Stokkhólmi	841	845	4
	Sendiráðið í Washington	224	312	88
	Sendinefnd Íslands hjá S. þ.	1 107	448	÷ 659

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárl. '71	Fjárl.frv. '72	Mism.
	Fastanefnd Íslands hjá EFTA	—	306	306
	Bændaskólinn á Hvanneyri	—	10	10
	Lögreglustöðin í Reykjavík	5 434	5 723	289
	Landspítalinn	7 607	7 232	÷ 375
	Skattstofa Suðurlands	7	7	—
	Handhafalán v. Tjarnargötu 3	—	318	318
	Handhafalán v. Vonarstrætis 8	850	850	—
	Sparisjóður Reykjavíkur v. Vonarstrætis 8	40	40	—
	Lífeyrissj. verzlunarm. v. Vonarstrætis 8	16	16	—
	Handhafalán v. biskupsbústaðar	358	358	—
	Sparisj. Reykjavíkur v. biskupsbústaðar	35	35	—
	Handhafalán v. prestsbúst. á Húsavík	—	100	100
	Veðdeild Landsb. v. prestsbúst. á Húsavík	—	2	2
	Handhafalán v. prestsbúst. í Hveragerði	—	32	32
	Veðdeild Landsb. v. prestsbúst. í Hveragerði	—	8	8
	Handhafalán v. prestsbúst. á Blönduósi	—	94	94
	Veðdeild Landsb. v. prestsbúst. á Blönduósi	—	4	4
	Landsb. Ísl. á Selfossi v. prestsbúst. í Vík	86	86	—
	Lífeyrissj. starfsm. ríkisins v. prestsbúst. í Vík	—	5	5
	Prestakallasjóður	—	117	117
	Lán v. hlutabréfakaupa í Áburðarverksm.	—	5 838	5 838
	Ferðamálasjóður	—	58	58
	Handhafalán v. eignakönnunar	374	374	—
	Handhafalán v. Kirkjustrætislóða	2 050	2 050	—
	Handhafalán v. Skjaldbreiðareignar	750	750	—
	Seðlabankinn v. Skjaldbreiðareignar	800	800	—
	Handhafalán v. Vonarstrætis 12	—	352	352
	Seðlabankinn v. Vonarstrætis 12	350	350	—
	Spariskírteinal. v. stofnframlags til Landsvirkjunar	4 555	4 556	1
	PL 480 v. hlutabréfakaupa í Kísiliðju	1 805	1 805	—
	Landsb. v. hlutabréfakaupa í Kísiliðju	200	200	—
	Framkvsj. v. hlutabréfakaupa í Kísiliðju	3 390	3 391	1
	Búnaðarbankinn Sauðárkróki	—	600	600
	Handhafalán v. Túngötu 7	733	733	—
	Seðlabankinn v. Drangsness	14	14	—
	Seðlabankinn v. skólabygginga í Reykjavík	5 000	5 000	—
	Seðlabankinn v. Áburðarsölu	4 900	5 200	300
	Seðlabankinn v. framlags til Atvinnumálanefndar ríkisins	14 300	14 300	—
	Tryggingast. v. húsnæðis fyrir geðsjúklinga	150	150	—
	Brunabótafél. v. Seyðisfjarðarhúsa	14	14	—
	Byggingasj. Listasafns Ísl. v. Kjarvalshúss	75	75	—
	Seðlabankinn v. yfirdráttarskuldar	100 000	100 000	—
	Spariskírteinalán v. Perlusteinsvinnsluranns.	250	250	—
	Vegagerð v. Vestfjarðaáætlunar	11 600	6 724	÷ 4 876
	Vegagerð v. Landsvegar	—	1 500	1 500
	Vegagerð v. Ólafsfjarðarvegar	2 170	766	÷ 1 404
	Vegagerð v. Siglufjarðarvegar	12 210	2 893	÷ 9 317
	Vegagerð v. Reykjanesbrautar	23 800	23 282	÷ 518
	Vegagerð v. Suðurfjarðavegar	1 480	159	÷ 1 321
	Vegagerð v. Suðurlandsvegar	1 000	442	÷ 558

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárl. '71	Fjárl.frv. '72	Mism.
	Vegagerð v. Ólafsvíkurvegar	1 170	713	÷ 457
	Vegagerð v. Kisilvegar	7 800	2 458	÷ 5 342
	Vegagerð v. Hafnarfjarðarvegar	—	1 333	1 333
	Vegagerð v. Austurlandsvegar	390	—	÷ 390
	Vegagerð v. Heydalsvegar	510	—	÷ 510
	Vegagerð v. Skeiða- og Þjórsárdalsvegar	2 400	—	÷ 2 400
	Vegagerð annað	6 900	—	÷ 6 900
	Seðlabankinn v. lánadeildar smáíbúða	2 344	—	÷ 2 344
	Seðlabankinn v. framlags til IDA	969	—	÷ 969
	Bygging prestssetra	224	—	÷ 224
10 211	Vegagerð ríkisins	—	34 745	34 745
10 656	Landmælingar	250	200	÷ 50
11 201	Iðnþróunarstofnun Íslands	788	788	—
	Samtals	244 876	254 451	9 575

Yfirlitið skýrir sig að mestu leyti sjálft, en þó skal vakin athygli á lánagreiðslum, sem ríkissjóður hefur yfirtekið af vegagerð, en afborganir af þeim lánum nema samtals 40 270 þús. kr., þar af 23 282 þús. kr. framlag úr vegasjóði til endurgreiðslu lána, er hvíla á Reykjanesbraut, þ. e. veggjald 17 000 þús. kr. og beint framlag 6 800 þús. kr., samtals 23 800 þús. kr., en 518 þús. kr. af þeirri fjárhæð ganga til endurgreiðslu vaxta og verðbóta. Þar að auki nema afborganir lána vegagerðarinnar sjálfrar 34 745 þús. kr. Loks nema afborganir ríkissjóðs af lánum vegna innlausnar hlutabréfa í Áburðarverksmiðjunni 5 838 þús. kr.

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins.

Eins og greint er frá hér að framan, valda launahækkanir samkvæmt kjarasamningum verulegum hluta þeirrar heildarhækkunar útgjalda, sem verður frá fjárlögum ársins 1971. Hafa þessi áhrif þegar verið rakin í stórum dráttum eftir því sem kostur hefur verið á grundvelli þeirra takmörkuðu upplýsinga, sem fyrir hendi eru varðandi sundurgreiningu hinna einstöku orsaka fyrir heildarhækkun launa. Í þessum hluta greinargerðarinnar er því ekki ástæða til að fjalla um stofnanir, þar sem heildarhækkun útgjalda á að mestu eða öllu leyti rætur að rekja til eðlilegra launa- og verðlagshækkana. Þó verður slíkra áhrifa getið, þar sem þess þykir sérstök þörf til skýringar.

00 Æðsta stjórn ríkisins.

201 **Alþingi.** Fjárveiting til Alþingis hækkar um 37 774 þús. kr., þar af launaliður um 32 224 þús. kr., eða 68.8%. Af einstökum viðfangsefnum hækkar liðurinn þingfararkaup alþingismanna mest, eða um 23 521 þús. kr., sem á rætur að rekja til þess, að á síðasta þingi var ákveðið að færa alþingismenn úr 19. launaflokki í B III. Liðurinn skrifstofu- og alþingiskostnaður hækkar um 12 350 þús. kr., þar af 8 540 þús. kr. vegna launahækkana. Rekstur fasteigna hækkar um 898 þús. kr., útgáfukostnaður Alþingistíðinda um 500 þús. kr., aðrir liðir um 105 þús. kr., og loks er kostnaður við þingmannasamtök NATO, 400 þús. kr., fluttur á þennan fjárlagalið af utanríkisráðuneytinu.

01 Forsætisráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Hér kemur fram 1 990 þús. kr. lækkun, sem skýrist þannig, að niður fellur sérstök fjárveiting til breytinga á Arnarhvoli, 5 000 þús. kr., og til flutnings á gestaskála á Þingvöllum 200 þús. kr. Aðrir liðir hækka því um 3 210 þús. kr., þar af aðalskrifstofa um 1 979 þús. kr., þ. e. föst laun 649 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 1 330 þús. kr., en þau hafa reynzt allverulega vanáætluð af hlutaðeigandi ráðuneyti á fjárlögum 1971. Þá hækkar kostnaður við hina íslenzku fálkaorðu um 340 þús. kr., viðhald ráðherrabústaðar um 209 þús. kr., og loks er hér færður í fyrsta sinn annar rekstur ráðherrabústaðar, 682 þús. kr., en sá liður var áður á aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins og var áætlaður 427 þús. kr. í fjárlögum 1971.

02 Menntamálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Sú breyting hefur verið gerð, að fræðslumálaskrifstofan er nú deild í menntamálaráðuneytinu. Er það í samræmi við lög nr. 5/1968 og veldur að sjálfsögðu mikilli tölulegri kostnaðarhækkun á þessum fjárlagalið, en jafnframt fellur niður sérstök fjárveiting til fræðslumálaskrifstofunnar. Samtals nemur fjárveiting til aðalskrifstofu ráðuneytisins 84 693 þús. kr. Í fjárlögum 1971 var fjárveiting til aðalskrifstofu 22 355 þús. kr. og til fræðslumálaskrifstofu 37 028 þús. kr. eða samtals 59 383 þús. kr., og nemur hækkunin því 25 310 þús. kr. Einstök viðfangsefni breytast sem hér segir: **Yfirstjórn** hækkar um 4 617 þús. kr., sem kemur þannig fram, að föst laun á aðalskrifstofu hækka um 3 925 þús. kr., kostnaður við nýtt starfsfólk nemur 1 414 þús. kr., þ. e. æskulýðsfulltrúi, sérfræðingur í skólarannsóknadeild, ritari í fjármála- og áætlunardeild og bifreiðastjóri fluttur af viðskiptaráðuneyti, og hækkun annarra launa 1 275 þús. kr. Rekstrarkostnaður á aðalskrifstofu eykst um samtals 1 687 þús. kr., m. a. vegna aukins leiguhúsnæðis, en á móti eru 3 684 þús. kr. færðar af yfirstjórn á liðinn endurskoðun námsefnis. Liðurinn **námsstjórar** hækkar um 633 þús. kr., þannig að föst laun hækka um 603 þús. kr. og annar kostnaður um 30 þús. kr. Kostnaður við **endurskoðun námsefnis** hækkar um 6 227 þús. kr. að meðtalinni áðurnefndri tilfærslu af yfirstjórn og verður því raunveruleg hækkun 2 543 þús. kr., og við **kennaranámskeið** um 1 043 þús. kr. Liðurinn **landspróf og samræmt gagnfræðapróf** hækkar um 1 376 þús. kr., m. a. vegna launahækkana. Kostnaður við **framkvæmd sundskyldu í skólum** eykst um 2 562 þús. kr., og er þá höfð hliðsjón af raunverulegum kostnaði árið 1970, en ríkissjóðshluti kostnaðarins greiðist ári eftir á, og við **skíðakennslu í skólum** um 95 þús. kr. **Framlag til að jafna aðstöðu nemenda úr strjálbýli til framhaldsnáms** eykst um 10 000 þús. kr., og loks eykst framlag **til fyrrverandi barnakennara** um 20 þús. kr. Á móti falla niður tveir liðir, **til fræðslumyndasafns** 1 080 þús. kr. og **til bókmenntakynningar í skólum** 184 þús. kr., en starfsemi þessi hefur legið niðri að undanförnu. Aðrir liðir breytast ekki.

201 **Háskóli Íslands.** Mjög veruleg hækkun verður á framlagi til Háskóla Íslands, eða 64 689 þús. kr. Auk launahækkunar í samræmi við kjarasamninga á sl. vetri, þar sem m. a. prófessorar voru hækkaðir úr 26. launaflokki í B II, er hér um tvær meginorsakir að ræða: Annars vegar fjölgun stúdenta, er nám stunda við skólann, og hins vegar framkvæmd nýrra reglugerða um kennsluhætti í nokkrum deildum, sem miðar að aukinni og bættri kennslu og nýjum námsleiðum. Þannig áætlar háskólinn, að um næstu áramót verði heildarfjöldi stúdenta yfir 2000 á móti rösklega 1700 í janúar sl. Haustið 1970 gengu í gildi nýjar reglugerðir í læknadeild, lagadeild, viðskiptadeild og verkfræði- og raunvísindadeild, auk þess sem kennsla var hafin í almennum þjóðfélags-

fræðum. Þetta hafði í för með sér, að í ofangreindum deildum er nú kennt eftir tveimur reglugerðum samtímis, og veldur þetta í ýmsum tilfellum tvöföldun kennslu, svo sem í læknadeild og enn frekar verkfræðideild. Í verkfræði- og raunvísindadeild var námsleiðum fjölgað og enn fremur tekið upp B. S. nám í 6 raungreinum í stað B.A. náms, en kennslumagn til B.S. prófs er allmiklu meira en til B.A. prófs. Þá var tekin upp kennsla til lokaprófs í þeim verkfræðigreinum, sem áður voru kenndar til fyrri hluta, auk þess sem bætt var við efnaverkfræði og eðlisverkfræði til fyrri hluta prófs. Þessar nýju námsleiðir svo og stóraukin aðsókn að deildinni eru þess valdandi, að ekki verður hjá því komizt að auka kennaralið verulega, auk þess sem afla þarf viðbótar leiguhúsnæðis og aukins magns kennslutækja.

Yfirstjórn hækkar um 2 560 þús. kr., þar af laun 1 559 þús. kr., ráðning nýs deildaritara 430 þús. kr. og önnur rekstrargjöld, einkum símkostnaður, 571 þús. kr. Kostnaður við **guðfræðideild** eykst um 1 412 þús. kr., fyrst og fremst vegna launahækkana. **Læknadeild.** Kostnaður hækkar um 8 153 þús. kr., þar af föst laun og stundakennsla 6 796 þús. kr., nýjar stöður 1 695 þús. kr., þ. e. 3 aðjúnktar í efnafræði, aðjúnkt í geðsjúkdómafræði, aðjúnkt í sálarfræði, 2 aðjúnktar í lyflæknisfræði, aðjúnkt í skurðlækningum og lektor í líffærafræði frá 1. júní 1972. Rekstrargjöld hækka um 762 þús. kr., einkum vegna líkskurðarnámskeiða í Skotlandi. Á hinn bóginn fellur niður viðhaldsliður 150 þús. kr. og tækjakaup, sem voru 950 þús. kr. í fjárlögum 1971, eru færð á sameiginlegan lið. **Tannlækningar.** Hækkun nemur 3 271 þús. kr., þar af launahækkanir 2 996 þús. kr. og önnur rekstrargjöld og viðhald samtals 625 þús. kr., en tækjakaup, 350 þús. kr. í fjárlögum 1971, flytjast á sameiginlegan lið. **Lyfjafræði lyfsala** hækkar um 577 þús. kr., þar af breyting dósentsstöðu í prófessorsstöðu 115 þús. kr., lyfjafræðingur í hluta starfs 183 þús. kr., föst laun og stundakennsla 489 þús. kr., rekstrargjöld 40 þús. kr., en tækjakaup, sem voru 250 þús. kr. í fjárlögum 1971, flytjast á sameiginlegan lið. **Lagadeild.** Hækkun er 2 757 þús. kr., þar af föst laun og stundakennsla 2 422 þús. kr. og laun prófessors, sem samþykktur var frá miðju ári 1971, koma nú fram að fullu, og hækka því um 335 þús. kr. **Viðskiptadeild.** Kostnaður hækkar um 2 411 þús. kr. Hækkun fastra launa og stundakennslu nemur 1 597 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir ráðningu nýs prófessors, 671 þús. kr., og breytingu tveggja lektorsstaða í dósentsstöður 343 þús. kr., en tækjakaup, 200 þús. kr. í fjárlögum 1971, færast á sameiginlegan lið. **Heimspekideild.** Hækkun nemur 8 484 þús. kr., þar af föst laun og stundakennsla 7 320 þús. kr. Þá er tekin inn fjárveiting til rannsóknastofa í sagnfræði, bókmenntum og norrænum málvísindum á grundvelli reglugerðar, sem staðfest hefur verið, aðallega útgáfukostnaður, 650 þús. kr., til sumarnámskeiðs fyrir stúdenta frá Norðurlöndum 615 þús. kr., til námskeiðs í þjóðsagna- og þjóðkvæðafræðum 146 þús. kr., en niður fellur staða kennslustjóra 147 þús. kr. og tækjakaup 100 þús. kr. **Verkfræðideild.** Heildarkostnaður eykst um 15 530 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu 12 nýrra kennara með fullri kennsluskyldu í svokallaðri verkfræðiskor, er hafi 40% prófessorslauna, en verði undanþegnir rannsóknaskyldu. Hér er um nýskipan að ræða, er miðast við það, að umræddir kennarar sinni jafnframt öðrum störfum á sviði atvinnulífsins. Tilgangur þessarar nýskipunar er sá að leita eftir nánari tengslum kennslunnar við atvinnulífið, en forðast jafnframt, að sívaxandi þörf háskólakennslunnar fyrir sérhæfða kennslukrafta á þessu sviði dragi um of til sín þjónustu þessara aðila frá atvinnuvegum þjóðarinnar. Af þessum 12 stöðum eru 4 í byggingarverkfræði, 3 í véla- og skipaverkfræði og 5 í rafmagnsverkfræði, og er kostnaður áætlaður samtals 2 057 þús. kr. Aðrar nýjar stöður eru 2 dósentar í efnafræði ásamt tækjaverði, samtals 857 þús. kr., dósent í hagnýtri stærðfræði og 2 aðjúnktar í stærðfræði

805 þús. kr., svo og prófessor og 4 aðjúnktar í náttúrufræði, 1 398 þús. kr. Samtals er kostnaður við nýráðningar, sem ýmist miðast við heilt ár eða hluta úr ári, 5 117 þús. kr. Hækkun fastra launa, stundakennslu og launatengdra gjalda, nemur samtals 7 961 þús. kr., til rannsókna kennara í náttúrufræði 658 þús. kr., en niður falla greiðslur vegna deildarfulltrúa og ritaraaðstoðar, 184 þús. kr. Nemur hækkun launaliðar í heild því 13 552 þús. kr. Rekstrargjöld og viðhald hækka um samtals 2 928 þús. kr., en tækjakaup, 950 þús. kr. í fjárlögum 1971, flytjast á sameiginlegan lið. **Bókasafn.** Framlag hækkar um 3 233 þús. kr., þar af aukin bókakaup 800 þús. kr. Nýráðningar eru 2 bókaverðir og aðstoðarmaður samtals 1 085 þús. kr., en sökum dreifingar kennslunnar og lestraraðstöðu í nýbyggingar háskólans og leiguhúsnæði er nauðsynlegt að koma á sérstöku eftirliti og þjónustu í sambandi við bókakost. Laun fastráðins starfsfólks hækka um 1 348 þús. kr. **Íþróttakennsla.** Kostnaður hækkar um 610 þús. kr., sem skýrist þannig, að laun hækka um 410 þús. kr. og viðhald húss og tækja ásamt öðrum rekstrargjöldum um 250 þús. kr., en tækjakaup, 50 þús. kr. í fjárlögum 1971, færast á sameiginlegan lið. **Rekstur fasteigna** hækkar um 5 522 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu húsvarðar, 263 þús. kr., og hækkun annars launakostnaðar, einkum ræstingar, nemur 1 615 þús. kr. Vegna aukins eigin húsnæðis og leiguhúsnæðis eykst rekstrarkostnaður að öðru leyti verulega, eða vegna hita, ljóss og ræstingar um 1 945 þús. kr., húsaleigu 921 þús. kr., fasteignagjalda og trygginga 700 þús. kr., og annar kostnaður hækkar um 78 þús. kr. **Sameiginleg útgjöld.** Hækkun þessa liðar er 1 814 þús. kr., þ. e. prófkostnaður 703 þús. kr., rannsóknaleyfi háskólakennara 683 þús. kr., útgáfa kennslubóka og fræðirita 350 þús. kr. og annar kostnaður 78 þús. kr. **Þjóðfélagsfræðikennsla.** Kostnaður eykst um 1 525 þús. kr., þar af nýr aðjúnkt í stjórnmálafræði 165 þús. kr., 2 erlendir fyrirlesarar í stjórnmálafræði og félagsfræði í hálft ár hvor 731 þús. kr., föst laun og stundakennsla 729 þús. kr., en rekstrargjöld lækka um 100 þús. kr. **Byggingar og tækjakaup.** Á þennan lið eru nú færð tækjakaup, sem áður voru færð á einstakar deildir. Heildarframlag er 36 700 þús. kr. (auk 3 300 þús. kr. til bókakaupa á öðrum lið) þannig að hækkun nemur 3 600 þús. kr. Ekki liggur ennþá ljóst fyrir, hver þörf háskólans fyrir byggingarframkvæmdir verður á árinu 1972, og auk þess á hugsanleg fjáröflun frá Happdrætti Háskóla Íslands eftir að skýrast betur. Mun verða unnið að þessum málum á næstunni, þannig að unnt verði að leggja nákvæma framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir fjárveitinganefnd Alþingis sem fyrst.

203 **Raunvísindastofnun háskólans.** Liðurinn hækkar um 4 190 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu skrifstofustúlku, 278 þús. kr., en að öðru leyti er um eðlilegar hækkanir að ræða miðað við óbreytta starfsemi.

205 **Handritastofnun Íslands.** Hækkun nemur 1 577 þús. kr., sem skýrist þannig: Eðlilegar launahækkanir eru 1 923 þús. kr., húsvarzla og ræsting, sem eru nýir liðir, 324 þús. kr., rekstrargjöld 130 þús. kr., en gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 800 þús. kr., þar sem á fjárlögum 1971 var sérstök fjárveiting til skuldagreiðslna á þessum lið, 2 500 þús. kr., þannig að raunveruleg hækkun til stofnkostnaðar er 1 700 þús. kr.

232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Heildarhækkun nemur 1 225 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu viðskiptafræðings, 467 þús. kr., og hækkun fastra launa er 309 þús. kr. Rekstrargjöld hækka um 105 þús. kr. og vaxtagreiðslur vegna lána til sjó- og jarðefnarannsókna hækka um 344 þús. kr.

301 **Menntaskólinn í Reykjavík.** Liðurinn hækkar um 3 350 þús. kr., vegna ráðningar konrektors 413 þús. kr., eðlilegra launahækkana 6 347 þús. kr. og annarra rekstrargjalda 180 þús. kr., en viðhald og tækjakaup, sem voru 3 100 þús. kr. í fjárlögum 1971, eru færð á sameiginlegan lið (1 02 308), svo og vextir, er

voru 490 þús. kr., sem nú koma fram á liðnum „ýmis lán ríkissjóðs“ undir fjármálaráðuneyti.

302 **Menntaskólinn á Akureyri.** Fjárveiting hækkar um 6 309 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu konrektors, 413 þús. kr., föst laun og stundakennsla hækka um 7 207 þús. kr., önnur rekstrargjöld um 520 þús. kr., en viðhald 1 100 þús. kr. og vextir 731 þús. kr. í fjárlögum 1971 koma nú fram á öðrum liðum.

303 **Menntaskólinn á Laugarvatni.** Hækkun á þessum lið nemur 9 250 þús. kr. Fjárfestingarframlag hækkar um 8 500 þús. kr. og verður 18 000 þús. kr. til byggingar kennsluhúss. Að öðru leyti er um eðlilegar kostnaðarhækkanir að ræða auk tilflutnings viðhalds og vaxta á aðra liði.

304 **Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Hér kemur fram 10 349 þús. kr. lækkun, sem á í fyrsta lagi rætur að rekja til lækkunar byggingarframlags um 17 300 þús. kr. eða í 20 100 þús. kr. Þar með yrði lokið byggingu kennsluhúsnæðis, auk þess sem um 19 000 þús. kr. yrðu til ráðstöfunar til að hefja byggingu íþróttahúss, ganga frá lóð, kaupa búnað o. fl. Hækkun á öðrum liðum nemur 6 951 þús. kr., þar af ráðning konrektors 413 þús. kr., föst laun og stundakennsla 8 889 þús. kr., rekstrargjöld 1 742 þús. kr., en vextir 3 843 þús. kr. og viðhald 250 þús. kr. koma nú fram á öðrum liðum.

305 **Menntaskólinn við Tjörnina.** Við bætast 10 bekkjadeildir og verða 26, þar sem heill nýr árgangur nemenda bætist við. Heildarhækkun útgjalda nemur 9 680 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu ritara í fullt starf í stað hálfs áður, 120 þús. kr., föst laun og stundakennsla aukast um 11 430 þús. kr., en viðhald og tækjakaup, 1 870 þús. kr. í fjárlögum 1971, flytjast á sameiginlegan lið.

306 **Menntaskólinn á Ísafirði.** Á þessum lið verður 17 115 þús. kr. hækkun, þar af stofnkostnaður til að ljúka við fyrsta áfanga heimavistarbyggingar og hefja framkvæmdir við annan áfanga heimavistar og mötuneytis 13 500 þús. kr. (verður alls 21 000 þús. kr.). Þá hækkar launakostnaður um 2 920 þús. kr., en við bætist einn árgangur nemenda, og önnur rekstrargjöld hækka um 695 þús. kr.

307 **Menntaskóli á Austurlandi, bygging.** Framlag hækkar um 2 500 þús. kr. Frá 1966, er fjárveitingar til þessa verkefnis hófust, hafa verið veittar samtals 12 150 þús. kr., þannig að með áætlaðri fjárveitingu 1972 nema heildarfjárveitingar 17 150 þús. kr.

308 **Menntaskólar almennt.** Þetta er nýr liður á fjárlögum og á hann fært viðhald, tækjakaup og prófkostnaður. Heildarfjárveiting er 10 962 þús. kr., og felur í sér 2 366 þús. kr. hækkun miðað við sambærilega liði í fjárlögum 1971, þar af tækjakaup 930 þús. kr., viðhald 710 þús. kr. og prófkostnaður 726 þús. kr.

321 **Kennaraháskóli Íslands.** Hækkun á þessum lið nemur 14 574 þús. kr., þar af framlag til byggingar íþróttahúss 8 200 þús. kr., sem verður alls 16 200 þús. kr. Föst laun og stundakennsla hækka um 6 479 þús. kr., rekstrarkostnaður og viðhald 519 þús. kr., en vextir, 624 þús. kr. í fjárlögum 1971, koma fram á öðrum lið.

331 **Íþróttakennaraskóli Íslands.** Hér kemur fram 132 þús. kr. lækkun, sem skýrist þannig, að stofnkostnaður lækkar um 650 þús. kr., en eðlileg hækkun á öðrum liðum nemur 518 þús. kr.

422 **Ríkisútgáfa námsbóka.** Á þessum lið verður 4 047 þús. kr. hækkun, einkum vegna hækkaðra prenttaxta. Miðað er við nokkurn veginn óbreytta starfsemi frá 1971, en þá var framlag til útgáfunnar hækkað mjög verulega. Ríkissjóður ber nú allan kostnað starfseminnar, þar sem námsbókagjald hefur verið fellt niður.

514—516 **Iðnskólar.** Kostnaður við iðnfræðslu hækkar um 14 283 þús. kr., sem skýrist að fullu af launahækkunum, en stofnkostnaður er óbreyttur frá fjárlögum 1971, þ. e. 13 134 þús. kr.

521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Kostnaður eykst um 4 560 þús. kr., þar af nýráðning eins umsjónarmanns og tveggja hjúkrunarkennara 1 116 þús. kr., föst laun og stundakennsla 3 348 þús. kr., rekstrargjöld 950 þús. kr., en gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 300 þús. kr. og vextir, 489 þús. kr., færast á annan fjárlagalið, og loks hækka eigin tekjur um 65 þús. kr.

581 **Verzlunarskólar.** Heildarhækkun á þessum lið nemur 2 533 þús. kr., sem skiptist þannig á einstaka skóla: Verzlunarskólinn 2 250 þús. kr., Samvinnuskólinn 190 þús. kr. og Bréfaskóli SÍS og ASÍ 93 þús. kr.

701—716 **Barna- og gagnfræðastigsskólar.** Að ósk menntamálaráðuneytisins hefur sú breyting verið gerð á uppsetningu skóla á skyldunámsstigi í fjárlagafrumvarpi að aðgreina skólana ekki lengur eftir námsstigi, þar sem í mörgum tilvikum er um að ræða sama skólastjóra og sameiginlegt kennaralið. Er talið, að slík aðgreining torveldi fremur ýmsa framkvæmdaþætti þessara mála. Þá hafa verið gerðar þær tilfærslur milli þessara liða og liðs 761, Barna- og gagnfræðastigsskólar, almennt, að kostnaður við vörzlu í heimavistum og **aksturskostnaður** skólabarna eru að tillögu menntamálaráðuneytisins færðir af fyrri liðunum á almenna liðinn, en kostnaður við kennslu 6 ára barna og kennslu í framhaldsdeildum gagnfræðaskóla er færður af almenna liðnum á viðkomandi skóla. Þetta gerir allan samanburð torveldan, þar sem fyrrgreindu liðirnir eru ekki sundurliðaðir í áætlun 1971, en á þennan hátt kemur fram 268 523 þús. kr. hækkun á þessum liðum. Launaliður hækkar um 274 114 þús. kr. eða 49.2%, en liðurinn önnur rekstrargjöld lækkar um 5 591 þús. kr., m. a. af áðurgreindri tilfærslu.

761 **Barna- og gagnfræðastigsskólar almennt.** Hér kemur fram 18 025 þús. kr. hækkun. Aksturskostnaður skólabarna er áætlaður 10 000 þús. kr., og varzla í heimavistum 7 695 þús. kr., en báðir þessir liðir eru færðir af öðrum liðum, eins og fyrr greinir. Forfalla- og orlofskennsla auk launa kennara, sem orlof fá, hækkar um 13 779 þús. kr., greiðsla vegna fráviks frá hámarki reiknaðra stunda, sbr. 19. gr. laga nr. 49/1967, um 6 382 þús. kr., en á einstaka skóla er færður kostnaður við kennslu 6 ára barna, 9 808 þús. kr., og við kennslu í framhaldsdeildum gagnfræðaskóla, 5 517 þús. kr. í fjárlögum 1971, og loks fellur niður liðurinn tví- og þrískipan í skólum 3 065 þús. kr. Þá lækkar kostnaður vegna ráðskvenna og aðstoðarstúlkna í heimavistum um 1 432 þús. kr., en viðhald er nokkurn veginn óbreytt.

762 **Framlög til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra.** Þessi framlög hækka um 7 309 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir, að framlög ríkissjóðs verði innt af hendi á fjórum árum í stað þriggja eftir nýju skólakostnaðarlögunum, auk þess sem framlög samkvæmt eldri lögum lækka. Heildarframlög nema því 295 400 þús. kr.

769 **Heyrnleysingjaskólinn.** Framlag hækkar um 12 701 þús. kr., þar af aukið byggingarframlag 7 823 þús. kr., sem verður í heild 14 000 þús. kr. Með því verður lokið byggingu heimavistar við skólann. Rekstrarkostnaður hækkar um 4 878 þús. kr., þar af föst laun og stundakennsla 4 014 þús. kr., rekstrargjöld 1 450 þús. kr. sökum aukins húsnæðis, en á móti falla niður vextir af byggingarláni, 586 þús. kr.

802 **Vernd barna og ungmenna.** Liðurinn hækkar um 199 þús. kr., þar af barnaverndarráð 99 þús. kr. vegna launa og framlag til að styrkja munaðarlausa, vanrækta eða fatlaða unglinga til náms 100 þús. kr.

871 **Upptökuheimilið í Kópavogi.** Framlag lækkar um 187 þús. kr., sem skýrist þannig, að fjárfestingarframlag lækkar um 1 362 þús. kr., en rekstrarhalli eykst um 1 175 þús. kr., m. a. vegna þess, að nýtt og aukið húsnæði hefur verið tekið í notkun.

872 **Lánasjóður íslenzkra námsmanna.** Við frágang fjárlagafrumvarpsins höfðu tillögur stjórnar sjóðsins ekki borizt. Hér er gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs verði 104 000 þús. kr., sem er 13 375 þús. kr. aukning frá fjárlögum 1971, eða því nær 15%.

931 **Náttúruverndarráð.** Gert er ráð fyrir, að framlag vegna aukinnar starfsemi ráðsins hækki um 500 þús. kr.

973 **Þjóðleikhús.** Sú breyting hefur verið gerð varðandi starfsemina, að ríkissjóður hefur tekið á sig að bera hlutdeild þjóðleikhúss í kostnaði við rekstur sinfóníuhljómsveitar, sbr. skýringar við næsta lið. Hins vegar er gert ráð fyrir áframhaldandi nýtingu þjóðleikhússins á starfskröftum sinfóníuhljómsveitarinnar og til þess áætlaðar 3 153 þús. kr. á launalið. Þar er og sérstakt 100 þús. kr. framlag til þess að umbuna einum eða tveimur leikurum þjóðleikhússins, sem lagt hafa á sig óvenjulega mikið starf á leikárinu, en eðli málsins samkvæmt er venjulega um slíkt að ræða einstök leikár. Heildarframlagið hækkar um 9 594 þús. kr. og er þá rekstraráætlun þjóðleikhússtjóra og menntamálaráðuneytisins tekin óbreytt.

974 **Sinfóníuhljómsveit.** Eins og getið er hér að framan, hefur rekstraraðild verið breytt, og ber nú ríkissjóður 50.6% rekstrarkostnaðar, ríkisútvarpið 28.0% og Reykjavíkurborg 21.4%. Er þetta í samræmi við tillögur nefndar, sem fjallað hefur um rekstrarvandamál hljómsveitarinnar. Talið er, að breyting rekstraraðildar og aðrar tillögur nefndarinnar skapi hljómsveitinni mjög bætta starfsaðstöðu, sem m. a. kemur fram í hagkvæmari nýtingu starfskrafta að eðlilegum verkefnum og auknu hljómleikahaldi, og þar með skapist möguleikar á aukinni eigin fjáröflun. Framlag ríkissjóðs hækkar um 8 553 þús. kr., þar af 4 395 þús. kr. vegna yfirtöku á rekstraraðild þjóðleikhússins. Loks skal þess getið, að eigin tekjur eru áætlaðar 720 þús. kr., eða 19% hærri en í fjárlögum 1971 miðað við óbreytt verð aðgöngumiða.

975 **Vísindasjóður.** Framlag ríkissjóðs hækkar um 860 þús. kr. til að vega á móti því tekjutapi sjóðsins, sem stafar af því, að samkvæmt lögum nr. 34 og 35/1971, um breyting á lögum um vísindasjóð og menningarsjóð, fellur niður framlag menningarsjóðs til vísindasjóðs.

976 **Menningarsjóður, framlag.** Í lögum nr. 35/1971 eru sektir og upptækar vörur felldar niður sem sérstakur tekjustofn menningarsjóðs. Tekjustofnar sjóðsins skv. sömu lögum eru miðagjald og fjárveiting á fjárlögum. Heildarframlag nemur 5 000 þús. kr. og hækkar um 600 þús. kr. frá fjárlögum 1971. Miðagjald er áætlað 3 640 þús. kr., sem er 540 þús. kr. hækkun, og framlag ríkissjóðs er 1 360 þús. kr., sem er 60 þús. kr. hærra en sektir og upptækar vörur voru áætlaðar í fjárlögum 1971.

977 **Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu.** Framlag hækkar um 13 500 þús. kr. frá fjárlögum 1971 og verður 15 000 þús. kr. Er miðað við, að sú fjárhæð nægi til þess að standa undir þeim kostnaði, sem áætlað er að falli á árið 1972.

982 **Listir, framlög.** Liðurinn hækkar um 3 415 þús. kr., þar af tónlistarskólar 3 128 þús. kr. og barnamúsíkskólinn 287 þús. kr. Aðrir liðir eru óbreyttir.

984 **Norræn samvinna.** Á þessum lið verður 139 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig: Tekinn er upp nýr liður „Framkvæmd samnings milli Norðurlandanna um samstarf á sviði menningarmála“ 1 117 þús. kr., framlag til rekstrar norræna hússins hækkar um 10 þús. kr. og til norræna læknakennslusambandsins um 12 þús. kr. Hins vegar lækkar framlag til byggingar norræna hússins um 1 000 þús. kr.

986 **Íþróttamál.** Hækkun á liðnum nemur 9 336 þús. kr. Framlag til ÍSÍ hækkar um 760 þús. kr., þ. e. ríkissjóðsstyrkur 1 300 þús. kr., en áætlaðar tekjur af seldum vindlingum lækka um 540 þús. kr. Framlag til íþróttasjóðs hækkar um 8 000 þús. kr., til ferðakennslu í íþróttum um 11 þús. kr., útgáfu handbóka um

skólaíþróttir 65 þús. kr. og skíðaskólans í Kerlingarfjöllum 200 þús. kr. Loks eru hér færðir tveir liðir af liðnum „ýmislegt“ —, til Frjálsíþróttasambands Íslands 50 þús. kr. og til þátttöku í Ólympíuleikjum, 250 þús. kr. — báðir óbreyttir frá fjárlögum 1971.

988 **Æskulýðsmál.** Þetta er nýr liður í fjárlögum, en með lögum nr. 24/1970, um æskulýðsmál, ber ríkissjóði að standa straum af kostnaði við Æskulýðsráð ríkisins. Heildarkostnaður er áætlaður 2 160 þús. kr., þar af kostnaður við ráðið sjálft 100 þús. kr. Af liðnum 1 02 999 „ýmislegt“ eru færð á þennan lið öll önnur viðfangsefni á þessum lið, sem eru óbreytt frá fjárlögum 1971, nema framlag til UMFÍ, sem hækkar um 305 þús. kr.

999 **Ýmislegt.** Liðurinn lækkar um 3 676 þús. kr. Eftirtaldir liðir, sem í fjárlögum 1971 námu samtals 1 755 þús. kr., færast á lið 1 02 988, „æskulýðsmál“: UMFÍ, Bandalag ísl. skáta, Æskulýðssamband Íslands, Bandalag ísl. farfugla, Æskulýðsnefndir A-Húnavatnssýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu, starfsemi KFUM í Vatnaskógi, Landssamband ísl. menntaskólanema og Samtök ísl. kennaraskólanema. Þá eru framlög til Frjálsíþróttasambands Íslands og til þátttöku í Ólympíuleikunum 1972, samtals 300 þús. kr., flutt á liðinn „íþróttamál“. Loks falla niður eftirtaldir liðir: Iceland Review 80 þús. kr., vísindarannsóknir 338 þús. kr., Herferð gegn hungri 150 þús. kr., námskeið fyrir blaðamenn 100 þús. kr., til leiðbeininga um starfsfræðslu utan Reykjavíkur 100 þús. kr., Pólýfónkórinn vegna utanferðar 150 þús. kr., vettvangsskóli á Akureyri 35 þús. kr., til íslenzks dýrasafns 100 þús. kr., til norræns safnmannafundar á Íslandi 1971 200 þús. kr., til málfundafélagsins Magna 200 þús. kr., til minnisvarða um Jón Eiríksson, Guðmund góða og Ara fróða alls 105 þús. kr. og til FRÍ vegna Evrópumóts 75 þús. kr. Vegna launakostnaðar hækka viðfangsefnin málnefnd og nýyrðasöfnun um 7 þús. kr. og hreindýraeftirlit um 5 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður hækkar um samtals 8 503 þús. kr., þar af yfirstjórn 7 193 þús. kr. Launaliður miðað við óbreyttan starfsmannafjölda hækkar um 3 313 þús. kr. Aðrir rekstrarliðir á yfirstjórn, einkum kostnaður við flutning starfsfólks milli landa, annar ferðakostnaður og skyldir liðir hækka um samtals 3 880 þús. kr., en þar af er færsla ferðakostnaðar af sendiráðum 1 273 þús. kr., þannig að raunverulega er um að ræða 2 607 þús. kr. hækkun á öðrum rekstrarliðum. Skýringin á þessari miklu hækkun er vanáætlun í fyrri fjárlögum. Með færslu ferðakostnaðar vegna sendiráða á aðalskrifstofu er ætlað að auka eftirlit með þessum kostnaðarlið. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki hækkar um 50 þús. kr., vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum, þ. m. t. allsherjarþing S. þ., 1 000 þús. kr. og vegna upplýsinga- og kynningarstarfsemi 260 þús. kr.

201 **Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli.** Gert er ráð fyrir ráðningu tveggja tollvarða, samtals 616 þús. kr., föst laun og vaktaálag hækka um 10 223 þús. kr. og aðrir rekstrarliðir um 204 þús. kr. nettó, þannig að heildarhækkun framlags nemur 11 043 þús. kr. Starfsemi embættisins, sem upphaflega var að miklu leyti vegna staðsetningar hersins á Keflavíkurflugvelli, hefur á seinni árum í síauknum mæli beinzt að verkefnum tengdum vaxandi flugumferð um völlinn, og þá einkum á sviði tollgæzlu.

301—312 **Sendiráðin.** Fjárveiting til sendiráðanna hækkar um 6 912 þús. kr., en raunveruleg hækkun er þó 3 208 þús. kr. hærri, vegna þess að ferðakostnaður, 1 273 þús. kr. í fjárlögum 1971, er færður á aðalskrifstofu og vextir, 1 935 þús. kr., eru færðir á ýmis lán ríkissjóðs. Tekið hefur verið upp breytt kerfi

varðandi laun og risnu sendiráðsstarfsfólks, þannig að greint er á milli fastra launa, staðaruppbótar, barnalífeyris og risnu. Er með þessu stefnt að því að taka aukið tillit til fjölskylduaðstæðna og raunverulegs framfærslukostnaðar í hverju landi um sig, en eldra kerfið var orðið nokkuð óraunhæft að þessu leyti. Við ákvörðun þessara liða í framtíðinni mun verða tekið tillit til verðlagsþróunar í viðkomandi landi, og þar með horfið frá fyrri hætti, þar sem launabreytingar hér á landi höfðu sjálfkrafa áhrif á fjárveitingar til þessara liða. Risna er nú færð af launalið á önnur rekstrargjöld, og mun utanríkisráðuneytinu með sérgreiningu þessa liðar gefast tækifæri til að líta eftir, hvernig þessu fé er raunverulega varið á ári hverju. Sem fyrr segir nemur raunveruleg hækkun fjárveitinga til sendiráðanna 10 120 þús. kr. Hækkun launaliðar og risnu nemur 8 626 þús. kr., þar af vegna fasts starfsfólks 7 682 þús. kr., og ráðning ritara í Brussels og ritara í hálft starf í Bonn og Kaupmannahöfn samtals 944 þús. kr. Liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar um 593 þús. kr., viðhald um 1 034 þús. kr., einkum vegna sendiráðanna í London, Moskvu og Stokkhólmi, og eigin tekjur sendiráðsins í Washington lækka um 88 þús. kr. Á hinn bóginn lækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 221 þús. kr.

401 **Alþjóðastofnanir.** Framlög til alþjóðastofnana hækka um samtals 3 904 þús. kr. Framlag til Sameinuðu þjóðanna hækkar um 1 110 þús. kr., til tækniaðstoðar S. þ. 1 200 þús. kr., UNESCO 334 þús. kr., WHO 308 þús. kr., OECD 233 þús. kr., Evrópuráðsins 236 þús. kr. og NATO 452 þús. kr. Framlag til þingmannasambands NATO, 350 þús. kr. í fjárlögum 1971, er flutt á Alþingi, og niður fellur framlag til alþjóðahveitiráðsins 14 þús. kr. Smávægilegar breytingar verða á nokkrum öðrum liðum, eða nettó-hækkun um 395 þús. kr.

04 Landbúnaðarráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður eykst um 2 292 þús. kr., þar af föst laun 1 051 þús. kr., ráðning aðstoðarmanns ráðherra 464 þús. kr., nefndalaun, sem láðist að áætla í fjárlögum 1971, 500 þús. kr., og loks hækka önnur rekstrargjöld um 277 þús. kr.

171 **Jarðeignir ríkisins.** Framlag hækkar um 1 500 þús. kr., þar af afborgun af lánum frá fyrrverandi ábúendum 200 þús. kr., til framkvæmda á ríkisjörðum 1 350 þús. kr., en endurgreiðslur lána í Búnaðarbanka lækka um 50 þús. kr.

201 **Búnaðarfélag Íslands.** Hækkun á þessum lið nemur 5 927 þús. kr. Laun fasts starfsfólks hækkar um 4 110 þús. kr., gert er ráð fyrir ráðningu gjaldkera og tölvuritara í hálft starf, samtals 491 þús. kr., rekstrargjöld hækka um 1 551 þús. kr., og eigin tekjur hækka um 225 þús. kr.

205 **Veiðistjóri.** Liðurinn hækkar um 1 918 þús. kr. Föst laun hækka um 104 þús. kr., rekstrargjöld um 50 þús. kr. og yfirfærslur til sveitarfélaga um 1 764 þús. kr., þ. e. vegna grenja- og minkaleitar og verðlauna fyrir unnin dýr, en þau voru hækkuð verulega með lögum nr. 26/1971.

241 **Landnám ríkisins.** Framlag ríkissjóðs er 52 960 þús. kr. auk 340 þús. kr. afborgunar lána, en samkvæmt lögum nr. 45/1971 ber ríkissjóði að leggja fram 53 300 þús. kr. á fjárlögum 1972. Hækkun frá fjárlögum 1971 er 23 675 þús. kr.

246 **Veiðimálaskrifstofan.** Framlag hækkar um 1 982 þús. kr., þar af 1 000 þús. kr. vegna flutnings framlags til fiskræktarsjóðs á þennan lið af liðnum „landbúnaður, framlög". Að öðru leyti er um eðlilegar launa- og verðlagshækkanir að ræða.

247 **Embætti yfirdýralæknis.** Hækkunin, 4 592 þús. kr., skýrist þannig, að föst laun hækka um 3 836 þús. kr., við bætist einn dýralæknir 467 þús. kr., bygging dýralæknabústaða hækkar um 350 þús. kr., en á öðrum liðum kemur fram 61 þús. kr. nettólækkun.

286 **Landbúnaður, framlög.** Framlög til landbúnaðar hækka um 17 536 þús. kr. Framlög til fyrirhleðslna hækka um 375 þús. kr., til landþurrkunar 20 þús. kr., til stofnlánadeildar landbúnaðarins, þ. e. mótframlag, 9 000 þús. kr., jarðræktarframlög 3 284 þús. kr., framræsla 5 000 þús. kr., jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir 55 þús. kr. og til búfjárræktar 2 802 þús. kr. Upp er tekið að nýju framlag til framleiðnisjóðs landbúnaðarins 22 000 þús. kr., þar af 12 000 þús. kr. til aðstoðar við byggingu sláturhúsa vegna aukinna krafna um hreinlætishætti og bætta aðstöðu við matvælaframleiðslu. Þessi aðstoð hefur áhrif til lækkunar á sláturkostnað, sem að öðrum kosti mundi koma fram í hækkuðu verðlagi. Aðstoð við bændur lækkar um 19 000 þús. kr. og verður 10 000 þús. kr. Fjárveitingin í ár, 29 000 þús. kr., var til bænda, er höfðu orðið fyrir áföllum af völdum ills árferðis og eldgoss, og er sú fjárveiting nú felld niður. Sú 10 000 þús. kr. fjárveiting, sem hér er tekin upp, er ætluð sem aðstoð við þá bændur, sem verst eru settir eftir áföll undanfarinna ára og ekki hafa komið málum sínum í viðunandi horf með því að breyta lausaskuldum sínum í föst lán til langs tíma, svo sem þeir gátu, er betur voru settir. Framlag til fiskræktarsjóðs, 1 000 þús. kr., er flutt á veiðimálaskrifstofuna, og loks falla niður framlög til veðdeildar Búnaðarbankans 2 500 þús. kr. og til súgþurrkunar 2 500 þús. kr.

299 **Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála.** Hér kemur fram 900 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig, að til endurbóta íbúðarhússins á Skriðuklaustri er veitt 1 000 þús. kr., og niður fellur 100 þús. kr. framlag til norræns dýralæknamóts.

501 **Bændaskólinn á Hvanneyri.** Liðurinn hækkar um 11 995 þús. kr., þar af hækkun byggingarframlags 10 000 þús. kr. Að öðru leyti er um eðlilegar launa- og verðlagshækkanir að ræða.

05 Sjávarútvegsráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Á þessum lið verður 2 285 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig, að föst laun hækka um 995 þús. kr., gert er ráð fyrir ráðningu ritara og aðkeyptri aðstoð samtals 540 þús. kr., ýmis önnur laun hækka um 54 þús. kr., en laun bílstjóra, 379 þús. kr., falla niður. Loks hækka rekstrargjöld um 1 075 þús. kr.

202 **Hafrannsóknastofnunin.** Kostnaður eykst um 9 776 þús. kr. Eru þá teknar til greina eðlilegar launa- og verðlagshækkanir auk þess sem gert er ráð fyrir ráðningu tæknimanns 342 þús. kr. Áætlunin miðast við fullan rekstur rannsóknaskipanna Bjarna Sæmundssonar og Árna Friðrikssonar, og auk þess er kostnaður við leiguskip áætlaður 6 931 þús. kr.

203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Framlag eykst um 3 722 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu sérfræðings, 467 þús. kr., sem starfa mun á sviði heilbrigðishátta í frystihúsum, en að öðru leyti er um eðlilegar launahækkanir að ræða, 3 395 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 100 þús. kr., og loks aukast eigin tekjur stofnunarinnar um 240 þús. kr.

211 **Fiskmat ríkisins.** Kostnaður hækkar um samtals 7 060 þús. kr., þar af vegna ráðningar deildarstjóra, tveggja eftirlitsmanna með bátum og ritara í hálft starf, 1 162 þús. kr. Hækkun annarra launa nemur 4 168 þús. kr. og ýmissa rekstrargjalda 1 730 þús. kr., einkum ferðakostnaður fiskmatsmanna.

299 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Framlag vegna tækniaðstoðar til umbóta á hollustuháttum í fiskiðnaði hækkar um 250 þús. kr., vegna eftirlits með rækjuveiði um 163 þús. kr. og eftirlits með hvalvinnslustöðvum um 7 þús. kr., eða samtals 420 þús. kr. Önnur viðfangsefni á þessum fjárlagalið breytast ekki.

901 **Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.** Liðurinn hækkar um 2 319 þús. kr. Eðlilegar launahækkanir nema 1 626 þús. kr. og við bætist símastúlka í

hálft starf 144 þús. kr. Ýmis rekstrarkostnaður eykst um 549 þús. kr., m. a. vegna aukins húsrýmis á Keldnaholti, en skrifstofan stendur undir ræstingu og viðhaldi bygginga þar.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

204 **Borgarfógetaembætti.** Heildarhækkun á liðnum nemur 4 211 þús. kr., þar af eðlilegar launahækkanir 3 700 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir kaupum á bókhaldsvél, er hækkar gjaldfærðan stofnkostnað um 550 þús. kr., en önnur rekstrargjöld lækka um 39 þús. kr.

211—237 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Á þessum liðum verður hækkun samtals 25 374 þús. kr., eða 30.3% frá fjárlögum 1971. Sú hækkun skiptist þannig, að eðlilegar launahækkanir, en miðað er við óbreytt starfsmannahald, nema 22 932 þús. kr., eða 38.5%, og annar rekstrarkostnaður 2 442 þús. kr., eða 10.1%.

241 **Hegningarhúsið í Reykjavík.** Hér kemur fram 321 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig, að við bætist einn fangavörður, 663 þús. kr., eðlilegar launahækkanir eru 565 þús. kr., rekstrarkostnaður annar eykst um 99 þús. kr., en tekjur, þ. e. hluti Reykjavíkurborgar, hækkar um 1 006 þús. kr.

242 **Vinnuhælið á Litla-Hrauni.** Hækkun á þessum lið nemur 5 325 þús. kr. Eðlilegar launahækkanir eru 3 474 þús. kr., bætt er við fangaverði og matsveini 804 þús. kr., annar rekstrarkostnaður hækkar um 1 351 þús. kr., en nýtt húsnæði verður tekið í notkun í ársbyrjun, er mun því nær tvöfalda fangarými. Byggingarframlag lækkar um 50 þús. kr. og verður 3 010 þús. kr., er nægja mun til að ljúka stækkun hælisins. Loks hækka eigin tekjur um 254 þús. kr.

244 **Fangelsi í Síðumúla.** Hér er lagt til, að tekinn verði upp að nýju fjárlagaliður, sem var í fjárlögum 1970, en féll niður úr fjárlögum 1971. Áætluð fjárveiting nemur samtals 3 564 þús. kr. Upphaflega var áætlað að hefja, á árinu 1970, rekstur fangelsis í byggingu þeirri, sem notuð var fyrir fangaklefa lögreglunnar í Reykjavík og hefur staðið ónotuð frá því að fangaklefarnir í nýju lögreglustöðinni voru teknir í notkun, en af ýmsum ástæðum hefur það dregizt. Undanfarið hefur verið unnið að undirbúningi þess að taka hluta byggingarinnar í notkun, sérstaklega sem kvennafangelsi. Hefur verið til meðferðar hjá byggingarnefnd borgarinnar bygging fangagarðs, sem nauðsynlegur er til að hægt sé að nota bygginguna sem afplánunarfangelsi.

251 **Landhelgisgæzla.** Kostnaður við landhelgisgæzlu er áætlaður 30 579 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1971, og er þá tekið tillit til eðlilegra launa- og verðlagshækkana. Áætlunin er í fyrsta lagi byggð á sömu forsendum og í síðustu fjárlögum, þ. e. að varðskipin Ægir og Óðinn séu í rekstri allt árið, Þór og Árvakur verði í rekstri hálft ár hvor, en Albert verði ekki rekinn og því einungis gert ráð fyrir legukostnaði. Í öðru lagi er tekin inn sérstök fjárveiting til aukinnar landhelgisgæzlu eftir 1. september 1972, 15 000 þús. kr. Er gert ráð fyrir, að þetta mál komi til nánari athugunar í þinginu, þar sem ekki liggja fyrir nægileg gögn ennþá.

253 **Almannavarnir.** Á þessum lið verður 1 652 þús. kr. lækkun, en í fjárlögum 1971 var fjárveiting hækkuð mjög verulega, m. a. vegna tækjakaupa.

255 **Umferðarráð.** Fjárlagatillögur vegna starfsemi umferðarráðs höfðu ekki borizt í tæka tíð fyrir afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Með hliðsjón af hinum auknu umferðarslysum að undanförnu er þó gert ráð fyrir, að framlag hækki um 1 100 þús. kr., sem er meira en tvöföldun frá fjárlögum 1971.

281 **Dómsmál, ýmis kostnaður.** Fjárveiting á þessum lið hækkar um 1 993 þús. kr., sem skýrist þannig: Málskostnaður eykst um 500 þús. kr., meðdómsmenn

628 þús. kr., setu- og varadómarar 252 þús. kr., siglingadómur 13 þús. kr., útgáfa norræns dómasafns 12 þús. kr. og útgáfa lagasafns 611 þús. kr., en kostnaður við próf málflytjenda lækkar um 23 þús. kr.

282 **Löggæzla.** Fjárveiting hækkar um 36 071 þús. kr., sem að mestu leyti á rætur að rekja til eðlilegra launa- og verðlagshækkana. Fjárveitingar á undanförnum árum hafa verið miðaðar við það, að fram færi breyting á lögum um lögreglumenn, sem — eins og segir í fjárlagafrumvarpi 1971 — beinist að „endurskoðun þeirra ákvæða, er gera ráð fyrir sjálfkrafa fjölgun lögreglumanna eftir fólksfjölda í einstökum umdæmum, og einnig að breytingu ákvæða, er varða rannsóknarlögreglu, þannig að lögð verði áherzla á miðstjórn slíkra verkefna af hagkvæmnisástæðum". Þessi endurskoðun hefur enn ekki hafizt, en í fjárlagafrumvarpinu er fjárveiting lækkuð frá því sem ella hefði orðið á þeirri forsendu, að breytingin fari fram.

283 **Fangamál, ýmis kostnaður.** Liðurinn hækkar um 2 755 þús. kr., og kemur hækkunin fram á eftirtöldum liðum: Fangahús utan Reykjavíkur 100 þús. kr., bygging fangahúsa 1 880 þús. kr., fangahjálp og eftirlit með afbrotamönnum 200 þús. kr., og upp eru teknir tveir nýir liðir, þ. e. námskeið fangavarða 52 þús. kr. og geðlækninga- og sálfræðiþjónusta við refsifanga 522 þús. kr.

301 **Þjóðkirkjan.** Framlög til þjóðkirkjunnar hækka um 20 171 þús. kr., og eru breytingar einstakra viðfangsefna sem hér segir: Yfirstjórn hækkar um 775 þús. kr. vegna eðlilegra launahækkana, kirkjuþing um 141 þús. kr., viðbót við eftirlaun presta og ekkna 11 þús. kr., söngmálastjóri þjóðkirkjunnar 201 þús. kr., æskulýðsstörf 456 þús. kr., byggingareftirlit 120 þús. kr., kirkjugarðaeftirlit 66 þús. kr., prestar og prófastar 17 112 þús. kr., þar af eðlilegar launahækkanir 16 216 þús. kr., viðbótarprestur í Kópavogi 484 þús. kr., embættiskostnaður 412 þús. kr., viðhald embættisbústaða 700 þús. kr., Hallgrímskirkja í Reykjavík 1 000 þús. kr., Hið íslenzka biblíufélag 75 þús. kr., til umbóta á kristindómsfræðslu í skólum 7 þús. kr. og til kirkjukórasambands Íslands 25 þús. kr. Á móti lækkar kostnaður við biskupsbústað um 118 þús. kr., og niður falla framlög til minningarkapellu um Jón Steingrímsson 250 þús. kr. og til Kirkjuvogskirkju í Höfnum 150 þús. kr.

371 **Kirkjubyggingarsjóður.** Framlag er aukið um 500 þús. kr. í 3 500 þús. kr.

07 Félagsmálaráðuneytið.

271 **Húsnæðismálastofnun ríkisins.** Liðurinn hækkar um 48 668 þús. kr., og skýrist sú hækkun þannig: Hluti byggingarsjóðs af launaskatti hækkar um 36 400 þús. kr., byggingarsjóðsgjöld hækka um 11 768 þús. kr. og laun húsnæðismálastjórnar og framkvæmdastjóra um 500 þús. kr.

371 **Framlag til Lánasjóðs sveitarfélaga** hækkar um 2 500 þús. kr. með tilliti til aukinnar fjárþarfar sveitarfélaga til gatna-, holræsa- og vatnsveituframkvæmda vegna aukinna krafna um hollustuhætti í frystihúsum.

399 **Sveitarfélög, framlög.** Hér kemur fram hækkun um 320 þús. kr., er skýrist þannig: Framlag til vatnsveitna skv. lögum lækkar um 2 500 þús. kr. og verður 10 000 þús. kr. í samræmi við tillögu félagsmálaráðuneytisins. Er þá ekki gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til vatnsveitu Vestmannaeyja, og verður það mál að koma til meðferðar þingsins. Framlag til annarra vatnsveitna, sem var 180 þús. kr. í fjárlögum 1971, fellur niður. Á hinn bóginn hækkar framlag til heimilishjálpar skv. lögum nr. 10/1952 um 3 000 þús. kr.

973 **Framlag til atvinnujöfnunarsjóðs** lækkar um 15 715 þús. kr. vegna þess, að áætlaðar tekjur af álgjaldi lækka um 5 715 þús. kr. og sérstakt framlag, 10 000 þús. kr. í fjárlögum 1971, fellur niður.

981 **Vinnumál.** Eftirtaldar breytingar verða á viðfangsefnum undir þessum lið:

Framlag til orlofsheimila verkalýðssamtakanna hækkar um 1 200 þús. kr., en kostnaður við hagræðingarstarfsemi lækkar um 487 þús. kr., við félagsdóm um 50 þús. kr. og við sáttanefndir í vinnudeilum um 55 þús. kr. Þannig verður nettóhækkun á liðnum 608 þús. kr.

999 **Ýmis framlög.** Framlög á þessum lið lækka um 9 951 þús. kr. og skýrist þannig: Framlag til lífeyrissjóðs verkalýðsfélaga, sem var 9 000 þús. kr. í fjárlögum 1971, flyzt nú á fjármálaráðuneytið, út falla liðirnir Geðverndarfélagið, byggingarstyrkur 2 000 þús. kr., Sjálfsbjörg, byggingarstyrkur, 1 500 þús. kr., Styrktarsjóður lamaðra og fatlaðra, byggingarstyrkur, 500 þús. kr., orlofsheimili húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu 200 þús. kr. Venja hefur verið, að fjárveitingar af þessu tagi séu teknar upp í meðförum þingsins, auk þess sem nauðsynlegt er, að fyrir liggi skýrslur um stöðu byggingarframkvæmda og nýtingu þess fjár, sem veitt hefur verið til þessara verkefna. Áætlaðar tekjur Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra af seldum eldspýtum lækka um 100 þús. kr., svo og áætlaðar tekjur Slysavarnarfélags Íslands af seldum vindlingum um 540 þús. kr. Hins vegar hækka meðlög skv. lögum nr. 87/1947 um 3 727 þús. kr., mæðrastyrksnefndir um 100 þús. kr. og aðstoð við blinda, þ. e. hluti sælgætisgjalds, um 62 þús. kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður hækkar um 4 221 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu aðstoðarmanns ráðherra 464 þús. kr., lyfjafræðings skv. ákvæðum laga nr. 70/1971 484 þús. kr., hjúkrunarfulltrúa 413 þús. kr., fulltrúa 413 þús. kr. og aðstoðarstúlku 191 þús. kr., eða samtals 1 965 þús. kr. vegna nýráðninga. Hækkun fastra launa nemur 938 þús. kr., og kostnaður við nefndir og aðkeypta sérfræðiaðstoð hækkar um 522 þús. kr. Launaliður hækkar því í heild um 3 425 þús. kr. og annar rekstrarkostnaður um 796 þús. kr., einkum vegna húsaleigukostnaðar.

271 **Tryggingastofnun ríkisins.** Framlag til almannatrygginganna að frátöldum atvinnuleysistryggingum hækkar um samtals 842 100 þús. kr., en þar af nemur hækkun persónuskatta 224 900 þús. kr., þannig að eiginlegt framlag ríkissjóðs hækkar um 617 200 þús. kr. Skiptist sú hækkun þannig, að 246 700 þús. kr. koma á lífeyristryggingar og 370 500 á sjúkratryggingar. Meginorsök hækkunar framlags til lífeyristrygginga á rætur að rekja til breytingar þeirrar á lögum um almannatryggingar, sem samþykkt var á síðasta þingi, og fól í sér verulega hækkun bóta almennt, annarra en fjölskyldubóta. Þá varð og sú breyting, að fávitaframfærsla var sameinuð almannatryggingakerfinu, en framlag ríkissjóðs hefur til þessa verið á sérstökum fjárlagalið og nam 61 380 þús. kr. á fjárlögum 1971. Fjölskyldubætur eru áætlaðar á sama grunni og gildir í dag. Áætluð hækkun nemur 70 000 þús. kr., vegna þess að fjárlagatala ársins í ár er miðuð við átta mánaða gildistíma núverandi bóta, eða til fyrirhugaðra loka verðstöðvunar í stað alls næsta árs. Eftirfarandi yfirlit gefur til kynna samanburð á áætlun bóta lífeyristrygginganna í fjárlögum 1971 og í fjárlagafrumvarpi 1972 í millj. kr., og er þar átt við heildarkostnað lífeyristrygginganna:

	Fjárlög 1971	Frumvarp 1972	Hækkun
Ellilífeyrir	975.0	1 187.2	212.2
Örorkulífeyrir	257.5	332.5	75.0
Örorkustyrkur	40.0	100.0	60.0
Barnalífeyrir	55.2	90.1	34.9
Mæðralaun	65.1	101.3	36.2
Fæðingarstyrkur	56.0	61.4	5.4
Ekkjubætur og lífeyrir	36.2	61.8	25.6
Sjúkrasamlagsiðgj. lífeyrisþega	66.0	77.9	11.9
	1 551.0	2 012.2	461.2
Fjölskyldubætur	511.0	581.0	70.0
Bætur samtals	2 062.0	2 593.2	531.2
Kostnaður	36.0	44.3	8.3
Til varasjóðs	42.0	52.8	10.8
Gjöld samtals	2 140.0	2 690.3	550.3
Hluti ríkissjóðs:			
Fjölskyldubætur	511.0	581.0	70.0
Aðrar bætur (36% af öðru en fjölsk.-bótum)	586.4	759.3	172.9
	1 097.4	1 340.3	242.9
Frá dregst:			
Inneign frá fyrra ári	26.4	22.6	3.8
Til innheimtu	1 071.0	1 317.7	246.7

Framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginga er áætlað 1 438 800 þús. kr., en var áætlað 1 068 300 þús. kr. í fjárlögum 1971. Hækkunin nemur því, eins og fyrr greinir, 370 500 þús. kr., og stafar að mestu af því, að eftir samþykkt fjárlaga ársins 1971 voru daggjöld á sjúkrahúsum almennt hækkuð verulega, og í frumvarpi ársins 1972 er, eins og á undanförnum árum, áætluð nauðsynleg kostnaðaraukning á ríkisspítölum, sem felur í sér hækkun daggjalda. Með hliðsjón af því er síðan áætlað framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginga, og verður aukning þess framlags sem afleiðing áætlaðrar daggjaldahækkunar 189 200 þús. kr., en daggjöld verða endanlega ákveðin af daggjaldanefnd.

273 **Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs.** Heildarframlag nemur 221 500 þús. kr., sem skiptist þannig, að framlag atvinnurekenda er 73 800 þús. kr., hækkun 9 900 þús. kr. frá fjárlögum 1971, og framlag ríkissjóðs 147 700 þús. kr., sem er 19 900 þús. kr. hækkun frá 1971.

301 **Landlæknisembættið.** Á þessum lið kemur fram 18 284 þús. kr. hækkun. Yfirstjórn hækkar um 781 þús. kr., skólayfirlæknisembættið um 185 þús. kr., héraðslæknar um 16 080 þús. kr., læknaráð um 73 þús. kr., ljósmæðralaun um 442 þús. kr. og berklavarnir um 302 þús. kr. Orsök hækkunarinnar á ofangreindum liðum er fyrst og fremst fólgin í áhrifum síðustu kjarasamninga. Þá hækka námsferðir héraðslækna um 786 þús. kr., lækningaferðir sérfræðinga um 180 þús. kr., en á liðinn „ýmis heilbrigðismál“ (1 08 399) eru færð framlög til rhesusvarna og blóðrannsókna ungbarna, samtals 545 þús. kr. í fjárlögum 1971.

311 **Rannsóknastofa háskólans.** Hækkun nemur 4 411 þús. kr., sem skýrist þannig: Eðlilegar launahækkanir eru 4 830 þús. kr., bætt er við sérfræðingi í 2 eyktir, 131 þús. kr., önnur rekstrargjöld, einkum efniskaup, hækka um 2 720 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður og viðhald um 455 þús. kr., en tekjur hækka um 3 725 þús. kr.

371—376 **Ríkisspítalar.** Sú bráðabirgðaáætlun um hækkun daggjalda á ríkisspítölum, sem greint er frá hér að framan í athugasemdum við lið 1 08 271, byggist á því, að daggjöld standi að fullu undir rekstri, og er því hvergi um að ræða rekstrarframlög úr ríkissjóði. Ríkissjóðsframlög, sem fram koma í A-hluta, eru því eingöngu til bygginga og tækjakaupa. Rekstrarkostnaður ríkisspítala miðast við þær launauppbætur, sem fram eru komnar við framlagningu frumvarpsins, þ. e. kaupgreiðsluvísitölu 107.19. Hvergi er gert ráð fyrir fjölgun starfsfólks, nema sem afleiðing af því, að hafinn verði rekstur nýrra sjúkradeilda. Slíkt á sér stað á Landspítalanum, þar sem opnuð verður endurhæfingardeild í byrjun marzmánaðar 1972. Það er hins vegar ljóst, að við meðferð fjárlagafrumvarpsins verður nauðsynlegt að taka áætlun stjórnarnefndar ríkisspítalanna til nánari athugunar í þeim tilgangi að heimila nokkra fjölgun, þar sem þörfin er brýnust. Skal í þessu sambandi sérstaklega getið um Kleppsspítalann, en samkomulag hefur orðið milli fjármála- og heilbrigðisyfirvalda um að stuðla að því, að á þeim spítala verði starfskröftum fjölgað eftir fastri áætlun, sem lögð mun verða fyrir fjárveitinganefnd Alþingis. Eins og þegar er tekið fram, eru engin rekstrarframlög í A-hluta, en í fjárlögum 1971 námu slík framlög 23 772 þús. kr. Byggingar- og tækjakaupaframlög skiptast hins vegar á einstök sjúkrahús sem hér segir í þús. kr.:

Landspítalinn	51 430
Fæðingardeild Landspítalans	59 840
Kleppsspítalinn	4 500
Vífilsstaðahælið	1 155
Kristneshælið	2 669
	119 594

Fjárfestingar- og tækjakaupaframlög í fjárlögum 1971 námu samtals 85 336 þús. kr., og er hækkunin því 34 258 þús. kr. Með tilliti til afnáms rekstrarhalla verður hækkunin á þessum fjárlagaliðum 10 486 þús. kr., en hér ber að hafa í huga, að framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginganna hækka um 370 500 þús. kr., eins og fyrr greinir.

381 **Til sjúkrahúsa og læknabústaða.** Hækkunin á þessum lið, 5 850 þús. kr., skýrist þannig: Framlög til byggingar sjúkrahúsa og læknabústaða hækka um 5 100 þús. kr., styrkir til heilsuverndarstöðva um 3 550 þús. kr., en framlag til St. Jósefsspítala vegna lánagreiðslu lækkar um 2 800 þús. kr.

399 **Ýmis heilbrigðismál.** Á þessum lið verður 4 792 þús. kr. hækkun, sem kemur þannig fram: Kostnaður við lyfjaverðlagsnefnd hækkar um 14 þús. kr., norræn samvinna í lyfsölumálum 8 þús. kr., lyfjaskrárnefnd og sérlyfjaeftirlit 139 þús. kr., eiturefnanefnd 7 þús. kr., eftirlit með deyfilyfjum og sérstakar efnarannsóknir 200 þús. kr., daggjaldanefnd 60 þús. kr., kostnaður skv. farsótta- og sóttvarnalögum 150 þús. kr., matvælarannsóknir 568 þús. kr., vírusrannsóknir 15 þús. kr., kynsjúkdómavarnir 4 þús. kr., kostnaður vegna laga nr. 16/1938 um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, sem koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, 3 þús. kr., til héraðshjúkrunarkvenna 197 þús. kr., námskeið sjúkraliða 128 þús. kr. og minningarsjóður Landspítalans 300 þús. kr. Aftur á móti lækkar framlag til Hjartaverndar (tappagjald) um 225 þús. kr.

og til Krabbameinsfélags Íslands (hluti gjalds af seldum vindlingum) um 540 þús. kr. Út falla liðirnir lyfjabúðaeftirlit 59 þús. kr., þing skurðlækna á Norðurlöndum 150 þús. kr., aðstoð við heyrnardaufa 100 þús. kr. og styrktar- og sjúkrasjóðir 40 þús. kr. í fjárlögum 1971. Loks eru teknir upp tveir liðir á þessum fjárlagalið, sem í fjárlögum 1971 voru færðir á landlæknisembætti: Rhesusvarnir 313 þús. kr. og blóðrannsóknir ungbarna 600 þús. kr., auk tveggja nýrra liða: Rannsóknir í samvinnu við WHO 200 þús. kr. og tækniaðstoð við sveitarfélög vegna skolp- og vatnsveitumála og annarra umhverfis- og mengunarmála, 3 000 þús. kr.

471 **Gæzluvistarsjóður, framlag.** Fjárveiting til Gæzluvistarsjóðs hækkar um 8 000 þús. kr.

09 Fjármálaráðuneytið.

201—212 **Embætti ríkisskattstjóra og skattstofur.** Áætlaður kostnaður við þessi embætti hækkar um 21 458 þús. kr. Eðlilegar launahækkanir nema 18 303 þús. kr., eða 31.4%. Starfsmannahald verður óbreytt að öðru leyti en því, að við Skattstofu Suðurlands er gert ráð fyrir ráðningu skattendurskoðanda, 305 þús. kr. Annar rekstrarkostnaður eykst um 3 350 þús. kr., eða 18.2%. Loks hækka tekjur Skattstofunnar í Reykjavík um 500 þús. kr.

263 **Tollgæzla utan Reykjavíkur.** Liðurinn hækkar um 3 105 þús. kr., þar af vegna eðlilegra launahækkana 2 598 þús. kr., tollgæzlu í Straumsvík, nýr liður, 209 þús. kr., tækjakaupa til fíknilyfjaleitar 100 þús. kr. og annars rekstrarkostnaðar 198 þús. kr.

381 **Uppbætur á lífeyri.** Á þessum lið verður 86 517 þús. kr. hækkun, eða 142.6%. Þessi mikla hækkun skýrist af því, að ríkissjóður stendur að fullu undir öllum hækkunum, er verða frá þeim tíma, sem einstakir lífeyrisþegar fara á eftirlaun, hvort sem það stafar af verðlagsuppbótum, flokkahækkunum eða öðru.

901 **Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins.** Framlag ríkissjóðs lækkar um 3 700 þús. kr. Er þá við það miðað, að kostnaður við byggingareftirlitsmenn og annað, sem tilheyrir ákveðnum framkvæmdum, færist sem kostnaður við viðkomandi framkvæmdir, sbr. 18. gr. laga nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda, og kemur þessi kostnaður því fram sem tekjur deildarinnar. Ríkissjóðsframlagið verður 1 697 þús. kr. vegna yfirstjórnar og annars, sem ekki verður heimfært á einstakar framkvæmdir. Frumvarpið gerir ráð fyrir ráðningu deildarverkfræðings, sem fluttur er af Innkaupastofnun ríkisins, byggingartæknifræðings og skrifstofustúlku.

971 **Ríkisábyrgðasjóður.** Hér kemur fram 10 000 þús. kr. lækkun, sem skýrist þannig, að áætlaðar tekjur af áhættugjaldi vegna ríkisábyrgða lækka um 2 000 þús. kr. og eiginlegt ríkissjóðsframlag um 8 000 þús. kr.

991 **Ýmis lán ríkissjóðs.** Vextir á þessum lið hækka um 15 663 þús. kr. nettó, en þar sem vextir af sérstöku láni í Seðlabanka Íslands, sem stofnað var til með breytingu yfirdráttarskuldar í fast lán á árinu 1969, lækka um 15 300 þús. kr. sökum aukaafborgunar á þessu ári og vextir af yfirdráttarskuld eru áætlaðir 5 000 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1971, verður raunveruleg aukning vaxtagreiðslna af öðrum lánum á þessum lið 35 963 þús. kr. Að verulegu leyti á sú hækkun rætur að rekja til þess, að flest lán, sem áður voru færð á hlutaðeigandi stofnanir, eru nú færð á þennan lið.

999 **Ýmislegt.** Hækkunin, 39 334 þús. kr., skýrist þannig: Orlofsheimili B.S.R.B. hækkar um 800 þús. kr., kaup á dagblöðum 190 þús. kr., símakostnaður og burðargjöld fyrir stjórnarráðið 2 138 þús. kr., kostnaður við kjarasamninga 68 þús. kr., dómkröfur og málskostnaður 600 þús. kr., áætlað framlag til togaralána 29 100 þús. kr., kostnaður við próf löggiltra endurskoðenda 138 þús. kr. og inn er tekinn nýr liður, lífeyrissjóður verkalýðsfélaga, 12 500 þús.

kr. Á hinn bóginn lækka áætluð óviss útgjöld um 5 000 þús. kr., og niður fellur framlag til styrktar dagblöðum, 1 200 þús. kr.

10 Samgönguráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Sú 2 159 þús. kr. hækkun útgjalda, sem verður á þessum lið, stafar af því, að föst laun hækka um 1 079 þús. kr., gert er ráð fyrir ráðningu aðstoðarstúlku í hálft starf 132 þús. kr., önnur laun, þ. m. t. kostnaður við nefndir, hækka um 313 þús. kr. og annar rekstrarkostnaður eykst um 635 þús. kr., m. a. vegna aukins húsnæðiskostnaðar.

211 **Vegagerð.** Framlag til vegagerðar vegna rekstrar og framkvæmda hækkar um 267 402 þús. kr., en þar af nemur hækkun fastra tekjustofna, sem ekki ganga til endurgreiðslu lána vegasjóðs, 261 555 þús. kr., þannig að eiginlegt ríkissjóðsframlag hækkar um 5 847 þús. kr. Ríkissjóðsframlagið verður samtals 49 274 þús. kr., þar af 2 229 þús. kr. styrkir til að bæta þjónustu við ferðamenn að vetrarlagi o. fl. og 47 045 þús. kr. til almennra þarfa vegagerðar. Þegar hefur verið gerð grein fyrir afborgunum lána vegasjóðs.

A. Af erfðafé, sem hverfur til þess hjóna, sem lifir hitt, til niðja, kjörniðja og fósturbarna, svo og af þriðjungshluta, ef ráðstafað hefur verið með erfðaskrá til annarra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

Af fyrstu 200 þús.	5%
— næstu 200 —	6%
— — 200 —	7%
— — 200 —	8%
— — 200 —	9%
og þar yfir	10%

B. Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

Af fyrstu 200 þús.	15%
— næstu 200 —	17%
— — 200 —	19%
— — 200 —	21%
— — 200 —	23%
og þar yfir	25%

C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna eða niðja þeirra, er eigi heyra undir stafliðina A og B, eða til fjarskyldari erfingja eða óskyldra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

Af fyrstu 200 þús.	30%
— næstu 200 —	34%
— — 200 —	38%
— — 200 —	42%
— — 200 —	46%
og þar yfir	50%

D. Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, stofnana, eða annars slíks, skal greiða 10 af hundraði.

3. gr.

Í stað „tilsk. 25. sept. 1850 10. gr.“ í niðurlagi 1. mgr. 3. gr. komi: Erfðalög nr. 8 14. marz 1962.

Í stað orðsins „ríkissjóðs“ í 3. mgr. 3. gr. komi: erfðafjársjóðs.

4. gr.

Í stað „100“ í 1. mgr. 6. gr. komi: 10000.

Í stað „10“ í 2. mgr. 6. gr. komi: 1000.

Í stað orðsins „stjórnarráðinu“ í síðustu mgr. 6. gr. komi: félagsmálaráðuneytinu.

5. gr.

Í stað orðsins „stjórnarráðið“ í 2. mgr. 10. gr. komi: félagsmálaráðuneytið.

6. gr.

Fyrri mgr. 12. gr. hljóði svo:

Ef ekki fer fram sala á opinberu uppboði á fjármunum, sem falla í erfðir, skal skiptaráðandi útnefna óvilhalla menn til þess að meta fjármunina til peninga, ef ætla má, að þeir nemi samtals 100 000 krónum. Fasteignir skal telja á fasteignamati.

7. gr.

Í stað orðsins „stjórnarráðið“ komi: félagsmálaráðuneytið.

8. gr.

Síðasti málsliður 14. gr. hljóði svo:

Með mál út af þessum efnum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gert er ráð fyrir, að nýtt fasteignamat öðlist gildi hinn 1. janúar 1972. Hið nýja mat er um það bil 15—20-faldað núgildandi fasteignamat.

Gildandi lög um erfðafjárskatt eru frá árinu 1921 og við ákvörðun gjaldstofns er miðað við fasteignamat. Ákvæði laga þessara um ákvörðun skattsins eru orðin úrelt. Þannig eru ákvæði laganna um stighækkun óraunhæf miðað við núverandi verðgildi, þar eð skattur samkvæmt 1. erfð er kominn í hámark við kr. 36 000.00 og að því er varðar 2. og 3. erfð við kr. 40 000.00.

Breyting sú, sem felst í frumvrapinu er fólgin í stækkun og fækkun skattþrepa. Skattþrepin eru nú kr. 1000.00, en lagt er til, að þau verði kr. 200 000.00. Í 1. erfð er skattur nú hækkaður um ¼% við hvert skattþrep og nær hámarki við kr. 36 000.00. Lagt er til að skattur verði 5% af fyrsta þrepi og hækki síðan um 1% fyrir hvert þrep og verði 10% af arfi umfram kr. 1 000 000.00. Breyting á skattþrepum er hin sama, að því er varðar 2. og 3. erfð eins og lagt er til um 1. erfð. Hækkun skattsins við hvert þrep er hins vegar miðuð við það, að hámarksskattur verði tekinn af arfi umfram kr. 1 000 000.00 eins og lagt er til við 1. erfð, en það þýðir 25% í 2. erfð og 50% í 3. erfð. Hámarksskattur samkvæmt frumvarpinu er því hinn sami og eftir gildandi lögum. Þó að skatturinn sé samkvæmt frumvarpinu mun lægri en eftir gildandi lögum, leiðir það af hinni miklu hækkun fasteignamatsins, að tekjur erfðafjársjóðs munu hækka mjög mikið frá því sem nú er, sbr. fylgiskjal I.

Hlutverk erfðafjársjóðs er í raun og veru að endurhæfa það fólk, sem af einhverjum ástæðum getur ekki séð sér farborða með eigin vinnu eða skapa aðstöðu fyrir það til þess að það geti starfað að nytsamlegum verkefnum. Tilgangurinn er tvíþættur. Annars vegar bættur þjóðarhagur með aukinni sköpun verðmæta. Hins vegar að aðstoða þá, sem sökum bæklunar eða af öðrum ástæðum geta lítið eða ekkert aðhafzt og verða þannig vonlausir og vansælir og finna engan tilgang með tilveru sinni. Markmiðið er að útvega slíku fólki verkefni við sitt hæfi, svo að það geti lifað hamingjusömu lífi.

Með lögum nr. 27 27. apríl 1970 voru sett ákvæði um endurhæfingu. Ef lög þessi eiga að ná markmiði sínu, verður að afla aukins fjár til endurhæfingarmála, m. ö. o., að auka tekjur erfðafjársjóðs. Samkvæmt þessum nýju lögum er gert ráð fyrir því, að sjóðurinn leggi fram fé í þessu skyni.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingin er í samræmi við 1. gr. laga nr. 12 30. janúar 1952.

Um 2. gr.

Upphafi A-liðs greinarinnar er breytt til samræmis við breytt erfðalög, sbr. 35. gr. laga nr. 8 14. marz 1962. Vísað er til þess, sem áður er sagt um stækkun og fækkun skattþrepa.

Til skýringar á ákvæðum greinarinnar eru nefnd hér nokkur dæmi:

1. dæmi.

Arfur nemur 500 000.00 kr. í reiðufé.

	Erfðafjárskattur	
	Lög 30/1921	Frumvarpið
Erfð skv. A-lið	48 425.00 kr.	29 000.00 kr.
— — B-lið	121 100.00 —	93 000.00 —
— — C-lið	242 200.00 —	186 000.00 —

2. dæmi.

Arfur nemur 1 000 000.00 í reiðufé.

	Erfðafjárskattur	
	Lög 30/1921	Frumvarpið
Erfð skv. A-lið	98 425.00 kr.	70 000.00 kr.
— — B-lið	246 100.00 —	210 000.00 —
— — C-lið	492 200.00 —	420 000.00 —

3. dæmi.
Arfur nemur 50 000.00 kr. í fasteign (Mat 15-faldað miðað við frumv. en gildandi mat við l. 30/1921).

	Erfðafjárskattur	
	Lög 30/1921	Frumvarpið
Erfð skv. A-lið	3 425.00 kr.	48 000.00 kr.
— — B-lið	8 600.00 —	148 500.00 —
— — C-lið	17 200.00 —	297 000.00 —

4. dæmi.
Arfur nemur 100 000.00 kr. í fasteign (Mat 15-faldað miðað við frumv. en gildandi mat við l. 30/1921).

	Erfðafjárskattur	
	Lög 30/1921	Frumvarpið
Erfð skv. A-lið	8 425.00 kr.	120 000.00 kr.
— — B-lið	21 100.00 —	335 000.00 —
— — C-lið	42 200.00 —	670 000.00 —

Á fylgiskjali II eru sýnd nokkur dæmi um erfðahlut og erfðafjárskatt einstakra erfingja.

Um 3. gr.

Tilskipun 28. sept. 1830 er úr gildi fallin, gildandi erfðalög eru nr. 8/1962.
Um breytingu á 3. mgr. vísast til athugasemdar við 1. gr.

Um 4. gr.

Ákvæði í 1. og 2. mgr. eru úrelt vegna breytts verðgildis. Lagt er til að fjárhæðunum verði breytt, nokkuð til samræmis við breytingar á 2. gr.
Samkvæmt 4. gr. auglýsingar nr. 96 31. des. 1969 heyrir erfðafjársjóður undir félagsmálaráðuneytið. Breytingin, sem um ræðir í síðustu mgr. er í samræmi við það.

Um 5. gr.

Vísast til athugasemda við 4. gr.

Um 6. gr.

Í stað lögskipaðra virðingarmanna sveitarfélaga, sem vafasamt er að séu eða verði til, er lagt til að skiptaráðandi útnefni óvilhalla menn til virðingagjörða í hverju tilviki. Jafnframt er lagt til, að fasteignir skulu teljast á fasteignamatsverði svo sem tíðkazt hefur.

Um 7. gr.

Vísast til athugasemdar við 4. gr.

Um 8. gr.

Breyting á síðasta málslið 14. gr. er í samræmi við gildandi réttarfarslöggjöf.

Um 9. gr.

Rétt þykir að láta saman fara gildistöku laga þessara og hins nýja fasteignamats.

Fylgiskjal I.

EFNAHAGSSTOFNUNIN

Athugun á álagningu erfðafjárskatts við lögfestingu nýs fasteignamats[1]).

Milljónir króna.

	Reykjavík	Utan Reykjavíkur	Allt landið
1. Álagður skattur 1969/1970[2])	6,1	4,0	10,1
2. Álagður skattur m. v. nýtt fasteignamat og óbreyttan skattstiga	36,9	14,6	51,5
3. Álagður skattur m. v. nýtt fasteignamat og till. Félagsmálaráðuneytisins um skattstiga	26,2	9,9	36,1
4. Hrein eign til skipta m. v. gildandi fasteignamat	60,5	38,9	99,4
5. Hrein eign til skipta m. v. nýtt fasteignamat	301,9	144,9	446,8

Fylgiskjal II.

EFNAHAGSSTOFNUNIN

Dæmi um álagningu erfðafjárskatts m. v. núgildandi og nýtt fasteignamat og mismunandi álagningarstiga.

Arfurinn er íbúð, núgildandi fasteignamat 70 000 kr. og nýtt fasteignamat 1 050 000 kr.

	Hrein eign til skipta, kr.	Hlutur einstakra erfingja, kr.	Skattur á hlut, kr.	Skattur samtals, kr.
1. Erfist til maka og tveggja barna:				
a. núgildandi fasteignamat og álagning	35 000	11 666	283	849
b. nýtt fasteignamat og núgildandi álagning[3])	525 000	175 000	15 925	47 775
c. nýtt fasteignamat og álagn. skv. tillögu ráðuneytisins	525 000	175 000	8 750	26 250
2. Erfist til þriggja barna:				
a. núgildandi fm. og álagning	70 000	23 333	789	2 367
b. nýtt fm., núgildandi álagn.	1 050 000	350 000	33 425	100 275
c. nýtt fm., tillaga ráðuneytis	1 050 000	350 000	19 000	57 000
3. Erfist til þriggja systkina:				
a. núgildandi fm. og álagn.	70 000	23 333	2 584	7 752
b. nýtt fm., núgildandi álagn.	1 050 000	350 000	83 500	250 500
c. nýtt fm., till. ráðuneytis	1 050 000	350 000	55 500[4])	166 500[4])

1) Miðað er við hið nýja fasteignamat, óendurskoðað.
2) Í Reykjavík 1970, utan Reykjavíkur 1969.
3) Liður b. í öllum þremur dæmunum sýnir núgildandi skattlagningu arfs að upphæð 1 050 000 kr.; raunverulegt verðmæti er hið sama og fasteignarinnar, en arfurinn er í öðru formi.
4) Breytingar ráðuneytisins vegna breytts skala.

Ed. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um breyting á lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Fyrri málsliður fyrri málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Á tímabilinu 1. desember 1970 til 31. desember 1971 skal leggja á sérstakan launaskatt, er nemi 1½%.

2. gr.

3. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Við útreikning á kaupgreiðsluvísitölu fram að 1. ágúst 1971 skal eigi taka tillit til þeirrar verðhækkunar, sem varð á útsöluverði áfengis og tóbaks 30. október 1970, og eigi heldur til hækkunar á iðgjaldi til almannatrygginga frá ársbyrjun 1971.

3. gr.

Fyrri málsliður síðustu málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Við útreikning kaupgreiðsluvísitölu á gildistíma þessara laga skal eigi taka tillit til þeirrar hækkunar á búvöruverði til framleiðenda, sem leiðir af hækkun á vinnulið verðlagsgrundvallar, annað hvort vegna grunnlaunahækkunar eða vegna greiðslu verðlagsuppbótar á laun.

4. gr.

Síðari málsliður fyrri málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsuppbót, sem svarar til tveggja stiga hækkunar kaupgreiðsluvísitölu, skal þó eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. ágúst 1971.

5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1971.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samhljóða bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 21. júlí 1971 og er lagt fyrir Alþingi samkvæmt ákvæðum 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um ástæður vísast til rökstuðnings fyrir bráðabirgðalögunum, sem hér eru prentuð sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að í samstarfssamningi stjórnarflokkanna sé ákveðið, að verðstöðvun skuli haldið áfram enn um sinn, og að þau 2 vísitölustig, sem samkvæmt lögum nr. 94 19. nóvember 1970 verða ekki reiknuð í kaupgreiðslu-

vísitölu fyrr en 1. september 1971, skuli þegar tekin í hana. Þar sem ráðstafanir þessar séu nauðsynlegur þáttur í þeim kjarabótum, sem ríkisstjórnin hefur heitið að beita sér fyrir, en verði eigi framkvæmdar án breytingar á lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, beri brýna nauðsyn til að ákveða þær breytingar með bráðabirgðalögum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Fyrri málsliður fyrri málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Á tímabilinu 1. desember 1970 til 31. desember 1971 skal leggja á sérstakan launaskatt, er nemi 1½%.

2. gr.

3 málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Við útreikning á kaupgreiðsluvísitölu fram að 1. ágúst 1971 skal eigi taka tillit til þeirrar verðhækkunar, sem varð á útsöluverði áfengis og tóbaks 30. október 1970, og eigi heldur til hækkunar á iðgjaldi til almannatrygginga frá ársbyrjun 1971.

3. gr.

Fyrri málsliður síðustu málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Við útreikning kaupgreiðsluvísitölu á gildistíma þessara laga skal eigi taka tillit til þeirrar hækkunar á búvöruverði til framleiðenda, sem leiðir af hækkun á vinnulið verðlagsgrundvallar, annað hvort vegna grunnlaunahækkunar eða vegna greiðslu verðlagsuppbótar á laun.

4. gr.

Síðari málsliður fyrri málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsuppbót, sem svarar til tveggja stiga hækkunar kaupgreiðsluvísitölu, skal þó eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. ágúst 1971.

5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1971.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. júlí 1971.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Sþ. 12. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um samgöngumál Vestmanneyinga.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Garðar Sigurðsson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. að hlutast til um, að Skipaútgerð ríkisins verði falið að semja ferðaáætlun m/s Herjólfs þannig, að skipið fari í viku hverri tvær ferðir milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur og tvær ferðir milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar haust- og vetrarmánuðina, eða til 1. maí n. k. En þá verði teknar upp daglegar ferðir milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar fimm daga vikunnar og ein

ferð milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur vikulega á tímabilinu til 30. sept. n. k., ef ekki verður um aðra hagstæðari lausn að ræða með flutninga á farþegum og bifreiðum yfir sumarmánuðina;
2. að láta athuga möguleika á kaupum á svifskipi til farþega- og bifreiðaflutninga milli Vestmannaeyja og meginlandsins, en það er aðeins um 12 km leið, þar sem stytzt er;
3. að hefja undirbúning að byggingu nýs og hentugs skips til farþega-, vöru- og bifreiðaflutninga milli Vestmannaeyja, Þorlákshafnar og Reykjavíkur, ef ekki reynist unnt að koma samgöngum milli Vestmannaeyja og meginlandsins í viðunandi horf með m/s Herjólfi og kaupum á svifskipi;
4. að haldið verði áfram framkvæmdum við flugvöllinn í Vestmannaeyjum, sem hafizt var handa um á síðastliðnu ári, og þeim lokið á næsta ári, og enn fremur, að hafizt verði handa um malbikun og lýsingu flugbrautanna og byggingu flugstöðvarbyggingar samkvæmt teikningum, sem fyrir liggja.

Greinargerð.

Samgöngumál Vestmanneyinga hafa áður verið til umræðu á Alþingi, og er það eðlilegt, þar sem hér er um að ræða einn af stærri kaupstöðum landsins, sem vegna legu sinnar hefur algera sérstöðu hvað samgöngur snertir.

Í Vestmannaeyjum er mikið athafnalíf allan ársins hring, eins og kunnugt er, og því nauðsyn á, að samgöngum við þennan stað verði komið í eins gott horf og nokkur kostur er á. Fyrr á tímum má segja, að um algera einangrun hafi verið að ræða fyrir það fólk, sem í Vestmannaeyjum bjó, og það svo, að oft gátu liðið margir mánuðir, án þess að um ferðir væri að ræða til eða frá Eyjum. Sem betur fer hefur þessi einangrun verið rofin meira og meira með hverju árinu, sem hefur liðið, en enn skortir verulega á, að samgöngur við Vestmannaeyjar séu komnar í það horf, sem það fólk, sem þar býr, ætlast til.

Með byggingu flugbrautarinnar 1946 var stigið árangursríkt spor í samgöngumálum Eyjanna, einnig og ekki síður með tilkomu m/s Herjólfs, árið 1959, sem annazt hefur vöru- og farþegaflutninga milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur og einnig nú hin síðari ár farþega- og bifreiðaflutninga milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Einnig hefur þverbrautin, sem byggð var við flugvöllinn og tekin í notkun árið 1968, mjög aukið á öryggi og fjölgað flugdögum til Eyja. Allt er þetta til verulegra bóta, en síður en svo nokkurt lokatakmark. Það, sem Vestmanneyingar stefna að, eru daglegar ferðir bæði flugleiðis og sjóleiðis, eftir því sem nýjasta tækni í samgöngum leyfir, að svo miklu leyti sem veður hamlar ekki.

Bifreiðaeign Vestmanneyinga mun nú vera orðin um 700 bifreiðar, og ætlast Vestmanneyingar til, að þeir eins og aðrir landsmenn hafi eins greiðan aðgang að þjóðvegakerfi landsins og við verður komið. Tillaga sú, sem hér er flutt, bendir á leiðir til að ná þessu marki. Á s. l. vori var sumaráætlun m/s Herjólfs breytt þannig, að skipið var látið fara daglegar ferðir milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar fimm daga vikunnar og eina ferð í viku til Reykjavíkur. Flutningar skipsins með farþega og bifreiðar jukust verulega frá því, sem áður var, en hér er um fjögurra klukkustunda siglingu að ræða, en skipið með mjög takmarkað rými undir þiljum fyrir farþega og mjög takmarkað og óhentugt rými á dekki til flutnings á bifreiðum. M/s Herjólfur hefur reynzt mjög traust og gott skip, en aðstæður hafa allar breytzt, frá því að hann var byggður fyrir 12 árum, og hann uppfyllir ekki þær kröfur, sem í dag eru gerðar í sambandi við flutninga á farþegum og bifreiðum, þó að um styttri leiðir sé að ræða.

Vestmanneyingar hafa á síðari árum fylgzt mjög vel með í allri framþróun, sem orðið hefur í samgöngumálum. Þegar fyrirtækið British Hovercraft hóf byggingu svifskipa, fengu þeir með fyrirgreiðslu frá Alþingi leigt eitt slíkt farartæki hingað

til lands árið 1968. Reyndist farartækið mjög hentugt til ferða milli Vestmannaeyja og meginlandsins og fór margar ferðir þessa leið við misjafnar aðstæður, en var of lítið, til þess að hægt væri að sameina með því flutninga á bifreiðum og farþegum.

Nú er hins vegar fyrirtækið Bell Aerospace Company í Bandaríkjum Norður-Ameríku með farartæki af sömu gerð í byggingu, en stærra og þannig útbúið, að það mun henta mjög vel til farþega- og bifreiðaflutninga milli Vestmannaeyja og meginlandsins. Hafa Vestmanneyingar því mjög mikinn áhuga á, að mál þetta verði kannað til hlítar og slíkt farartæki keypt til flutninga á framangreindri leið, ef það við nánari athugun reynist eins og ástæða er til að ætla samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, og væri þá fundin lausn á hinni miklu þörf fyrir flutninga á farþegum og bifreiðum milli lands og Eyja, fyrst og fremst yfir sumarmánuðina, en m/s Herjólfur gæti annazt vöruflutninga til og frá Eyjum, eins og hann hefur hingað til gert.

Fari þetta hins vegar á aðra leið, er fyrirsjáanlega ekkert annað að gera en að hefjast handa um undirbúning að smíði nýs skips, sem sameinaði farþega-, vöru- og bifreiðaflutninga á milli Vestmannaeyja og meginlandsins og uppfyllti þær kröfur, sem nú í dag hljóta að verða gerðar í þessu sambandi.

Varðandi flugvöllinn skal þess getið, að á síðari hluta ársins 1970 og nú í ár, eða á 12 mánaða tímabili, var unnið fyrir rúmlega 10 millj. króna við lengingu þverbrautar og lagfæringar utan við flugbrautirnar, og er þess að vænta, að þessum framkvæmdum verði haldið áfram og þeim lokið á næsta ári.

Sþ. 13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]

um að lýsa hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign o. fl.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Jón Árm. Héðinsson, Stefán Gunnlaugsson, Pétur Pétursson, Sigurður E. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir óbyggðum landsins, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu.

Við samningu frumvarps eða frumvarpa að lagagerð þessari verði m. a. athugað:

1. Að lýsa allt hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign, að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila en ríkisins liggja ekki fyrir, og hvernig kveða megi á, svo að glöggt sé, um mörk þessarar ríkiseignar.
2. Að öll not afrétta, sem ekki eru í einkaeign, skuli teljast réttindi viðkomandi sveitarfélaga, eins og þau yrðu nánar skilgreind.
3. Hvort veiði- og fiskræktarréttur í stöðuvötnum og fallvötnum í byggðum skuli ekki fremur bundinn viðkomandi sveitarfélögum en einkaeigendum jarða.
4. Hver mörk skuli setja milli eignarráða ríkis og réttinda annarra eigenda fallvatna, t. d. varðandi virkjanir, þegar árekstrar verða milli einkanota og almenningsnota.
5. Hver eignarmörk ríkið skuli hafa yfir jarðhita og hve djúpt í jörð eignarréttur jarðeigenda á honum skuli ná.
6. Hvort verðmæti í jörðu, á landi eða landgrunni, er finnast fyrir atbeina ríkisins, skuli ekki teljast ríkiseign og háð valdi ríkisins, hvernig unnin verði og farið með.

Greinargerð.

Með síauknum afnotum og umferð um hálendi landsins verður æ nauðsynlegra að setja skýr ákvæði um eignarrétt á því svo sem öðrum óbyggðum, sem þó teljast ekki beinlínis til hálendis. Liggur þá beinast við, að það sé lögtekið í eitt skipti fyrir öll, að slíkt land sé ríkiseign, ef önnur eignarheimild liggur ekki skýlaust fyrir. Gæti slík ákvörðun, ef tekin væri nú, forðað ýmiss konar árekstrum síðar.

Það er alkunna, að vaxandi ágreinings gætir um eignarráð og eignarréttindi yfir ýmsum gæðum landsins, svo sem veiðirétti, fiskræktarrétti, virkjunarrétti, jarðhita- og námurétti o. fl. Virðist því mál til komið, að sett verði skýr og afdráttarlaus lög um þessi mál, en þá eðlilegt, að ýmislegt verði tekið til endurmats, svo sem það, hvort aðild og réttur sveitarfélaga skuli ekki vaxa, en einkaeigendum markaður þrengri bás, þannig að heildarhagur sé rétthærri einkahag, en sveitarfélag hafi fremur afraksturinn af veiðiá og veiðivatni en ákveðnir veiðibændur, einnig að skorður verði við því reistar, að einkafjármagn geti keypt slík hlunnindi upp alþýðu manna á viðkomandi svæði til óhagræðis eða fáir landeigendur geti takmörkunarlaust hindrað virkjunarafnot til almenningsþarfa í fallvötnum. Um þessi réttindi og skyldur þurfa að vera skýr lagaákvæði á báða bóga. Innan þeirra marka fellur og náttúruverndin, sem að sjálfsögðu ber vel að gæta, en líka hins, að hún gangi ekki út í öfgar.

Það hefur á síðustu árum orðið öllum ljóst, að mannkynið hefur þegar spillt stórum landssvæðum og mengað vatn og loft, svo að jörðin verður eftir nokkrar kynslóðir óbyggileg, ef ekki verður spyrnt við fæti hið bráðasta. Óspillt land, ómengað loft og vatn eru nú talin til hinna verðmætustu eigna hverrar þjóðar. Í þeim skilningi eru Íslendingar enn blessunarlega auðugir, en verða þó að gæta fyllstu varúðar til að varðveita þau gæði, jafnframt því sem þeir nýta auðlindir sínar á skynsamlegan hátt.

Samfara vaxandi skilningi á þessum staðreyndum hefur þeirri skoðun vaxið fylgi, að sem mest af landinu, ekki aðeins hálendi og óbyggðir, vötn og ár, heldur og af byggilegu landi, eigi að vera þjóðareign. Einkaeign slíkra auðæfa og brask með þau er þekkt í öðrum löndum og hefur þegar gerzt í of miklum mæli hér á landi. Það er eitt stærsta óleysta verkefni í íslenzkri löggjöf að koma þessum málum í betra horf en verið hefur og stefna nýrri löggjöf í þá átt, sem hér er lagt til.

Bragi Sigurjónsson flutti tillögu þessa á síðasta þingi, en hún varð ekki útrædd. Þó hefur hún vakið athygli, og þingflokki Alþýðuflokksins hafa borizt áskoranir um að flytja málið á nýjan leik. Er það hér með gert með smávægilegum breytingum.

Sþ. 14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um öflun fjár vegna samgönguáætlunar Norðurlands.

Flm.: Magnús Jónsson, Pálmi Jónsson, Lárus Jónsson, Eyjólfur K. Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera í tæka tíð ráðstafanir til að afla nægilegs fjármagns, svo að hægt verði þegar á næsta sumri að hefjast handa um framkvæmd samgönguáætlunar fyrir Norðurland.

Greinargerð.

Samkvæmt ósk stjórnar atvinnujöfnunarsjóðs vinnur Efnahagsstofnunin nú að gerð samgönguáætlunar fyrir Norðurland. Er að því stefnt, að þessari áætlunargerð

verði lokið í vetur, enda mjög mikilvægt, að auðið verði að hefjast handa um ýmsar mikilvægar umbætur á samgöngum í Norðlendingafjórðungi þegar á næsta sumri. Undirbúningur er þegar hafinn að gerð vegar yfir Vaðlaheiði með kerfisbundinni athugun á vegarstæði, og hefur sérstök nefnd haft það mál með höndum um nokkurt skeið. Þá var í sumar hafizt handa um mikilvægar umbætur á Norðurlandsvegi í Langadal og á Ólafsfjarðarvegi frá Akureyri. Er í senn nauðsynlegt, að það verk geti haldið áfram af fullum krafti, svo og að hægt verði að hefjast handa um ýmsar aðrar mikilvægar samgöngubætur á Norðurlandi.

Lögð hefur verið á það áherzla við þær byggðaáætlanir, sem þegar hafa verið gerðar, að framkvæmd þeirra tefðist ekki af fjárskorti. Bæði í sambandi við atvinnumálaáætlun Norðurlands og nú síðast samgönguáætlun Austurlands voru gerðar af hálfu ríkisstjórnarinnar ráðstafanir til fjáröflunar, áður en þessum áætlunum var endanlega lokið. Rétt verður að telja að hafa sömu starfshætti varðandi samgönguáætlun Norðurlands, og þarf því í vetur að gera ráðstafanir til fjáröflunar, ef hægt á að vera að framkvæma fyrsta áfanga þeirrar áætlunar á næsta ári.

Ed. 15. Frumvarp til laga [15. mál]

um kaupábyrgðarsjóð.

Flm.: Eggert G. Þorsteinsson, Jón Árm. Héðinsson.

1. gr.

Stofna skal kaupábyrgðarsjóð. Tilgangur sjóðsins er að tryggja greiðslu launa, ef atvinnurekandi verður gjaldþrota, kemst í greiðsluþrot eða greiðir ekki laun af öðrum ástæðum.

2. gr.

Lög þessi ná til allra launþega í landinu, hvort sem viðkomandi atvinnurekandi hefur greitt iðgjöld samkvæmt 4. gr. eða ekki.

3. gr.

Kaupábyrgðarsjóður greiðir að nokkru eða öllu laun, orlofsfé eða aðrar greiðslur fyrir framlagða vinnu, sem vangreiddar hafa verið þrjá mánuði eða lengur, enda hafi launakrafan verið gerð aðfararhæf með dómi, úrskurði eða sátt, en atvinnurekandi ófær um að greiða launin. Sjóðurinn tekur við kröfurétti launþega gagnvart atvinnurekanda, að svo miklu leyti sem bætur hafa verið greiddar úr sjóðnum.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru 20% viðauki við iðgjald atvinnurekenda til atvinnuleysistryggingasjóðs. Gjaldið skal leggja á, innheimta og varðveita á sama hátt og lög kveða á um iðgjald til atvinnuleysistrygginga, eftir því sem þau geta átt við.

5. gr.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs fer með stjórn kaupábyrgðarsjóðs, og greiðslur úr sjóðnum skulu ákveðnar af sömu aðilum og greiðslur úr atvinnuleysistryggingasjóði, samkvæmt reglum, sem stjórn sjóðsins setur.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu kaupábyrgðarsjóðs samkvæmt sömu reglum og gilda um atvinnuleysistryggingasjóð.

6. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1972.

Greinargerð.

Í þeim stóru sveiflum, sem átt hafa sér stað á vinnumarkaði þjóðarinnar undanfarin ár, hefur þess of oft gætt, að atvinnufyrirtæki þau, sem nánast eru tengd þessum sveiflum, geta ekki, þegar erfiðast er í ári, greitt út lögákveðin eða samningsbundin laun til verkafólks síns. Þegar slíkt kemur fyrir, kostar það oft langvinn málaferli að ná út umsömdum launum, og dæmi munu um, að laun hafi aldrei náðst að fullu. Þetta er því sárara og erfiðara sem launin eru lægri — auk þess kostnaðar, sem hlýtur að vera samfara slíkum málarekstri.

Megintilgangur þessa frv. er að tryggja, svo sem í mannlegu valdi stendur, að þeir, sem fjárhagslega minnst mega sín, verkafólkið, verði ekki fyrir áföllum af þessum sökum.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að tekjur kaupábyrgðarsjóðs verði 20% viðauki við núgildandi iðgjald atvinnurekenda til atvinnuleysistryggingasjóðs.

Óþarft þykir að setja sérstaka stjórn fyrir þennan sjóð, heldur verði hann undir stjórn og í vörzlu atvinnuleysistryggingasjóðs, sem þegar hefur komið sér upp nauðsynlegu kerfi til þjónustu sinnar.

Frv. þetta verður einnig að telja algjöra hliðstæðu við starfsemi atvinnuleysistryggingasjóðs.

Sþ. 16. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um öflun skeljasands til áburðar.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka, hvar hagkvæmt sé að vinna skeljasand til kölkunar túna, og gera síðan ráðstafanir til þess að auðvelda öflun hans.

Greinargerð.

Um árabil hafa Íslendingar notað kalksnauðan tilbúinn áburð í ríkum mæli. Kunnugt er, að sjá þarf ræktunarlöndum fyrir nægu kalki, og með rannsóknum og tilraunastarfsemi má fara nærri um kalkþörfina á hverjum stað.

Þó að íslenzki skeljasandurinn sé kalkríkur, þá þarf samt það mikið magn af honum, að flutningur frá þeirri sandvinnslu, sem nú fer fram á Akranesi, er mjög kostnaðarsamur.

Vitað er, að skeljasandur finnst víðar við land, t. d. við suðausturströndina nálægt Djúpavogi. Er nauðsynlegt að kanna, hvar og með hverjum hætti væri heppilegt að vinna skeljasand til áburðar, og gera síðan ráðstafanir til að afla hans. Væri að því augljóst hagræði, ef takast mætti með viðráðanlegum kostnaði að dæla upp og landsetja skeljasand norðanlands og austan, því að þeir landshlutar eiga lengsta sókn að sandnáminu við Faxaflóa.

Eftir endurbyggingu Áburðarverksmiðju ríkisins verður hægt að framleiða kalkblandaðan áburð í Gufunesi. En hvort tveggja er, að kalkblandaður áburður nægir ekki, þar sem kalkskortur er orðinn mikill, og fróðir menn telja þrátt fyrir allt ódýrara að kalka með skeljasandi, ef takast mætti að afla hans með hóflegum tilkostnaði og um leið að komast hjá óhæfilega dýrum flutningum.

Virðist tvímælalaust tímabært að hefjast handa um þær aðgerðir, sem tillaga þessi fjallar um.

Nd. 17. Frumvarp til laga [17. mál]

um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð.

Flm.: Stefán Gunnlaugsson, Björn Sveinbjörnsson, Matthías Á. Mathiesen, Gils Guðmundsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Sveitarfélögum skal heimilt að stofna til atvinnufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð, sem þau reka ein sem einkaeigendur án hlutdeildar annarra. Skal ábyrgðin þá takmörkuð við stofnfé það, sem lagt er fram til fyrirtækisins, og önnur framlög og ábyrgðir, sem sveitarstjórn kann að ákveða.

2. gr.

Fyrirtækjum sveitarfélaga með takmarkaðri ábyrgð er rétt og skylt að hafa orðin: „Sveitarfélagarekstur með takmarkaðri ábyrgð“ í heiti sínu, eða skammstöfunina: „STÁ“.

3. gr.

Nú er fyrirtæki stofnað skv. lögum þessum, og skal stofnandi þess þá setja því samþykktir, er staðfestar séu af félagsmálaráðherra. Í samþykktum þessum skal greina heiti fyrirtækis og heimilisfang, tilgang þess og upphæð stofnfjár. Þar skulu vera skýr ákvæði um stjórn fyrirtækis og framkvæmdastjóra, valdsvið þeirra og verksvið og hverjir skuldbindi fyrirtækið. Enn fremur skulu vera þar ákvæði um reikningsskil og endurskoðun. Skal hafa hliðsjón af reglum hlutafélagalaga um þessi efni, eftir því sem við á. Ef ráðherra telur, að gallar séu á samþykktum fyrirtækis, skal hann veita stofnanda tækifæri á að bæta úr þeim, en synjar um staðfestingu ella.

4. gr.

Lágmarksstofnfé fyrirtækja þeirra, sem hér um ræðir, skal vera kr. 100 000.00.

5. gr.

Lögreglustjóri skal halda skrá um fyrirtæki þau, sem stofnuð eru skv. lögum þessum. Skal senda honum tilkynningu um stofnun fyrirtækis, er ráðherra hefur staðfest samþykktir þess. Tilkynningin skal síðan birt í Lögbirtingablaði eins og aðrar tilkynningar til félagaskrár. Ráðherra setur nánari reglur um, hvað greina skuli í tilkynningum, og láta gera eyðublöð fyrir þær. Breytingar á samþykktum, stjórn og prókúru skal tilkynna og birta eftir sömu reglum og gilda um tilkynningu um stofnun.

6. gr.

Fyrirtæki stofnuð og rekin samkvæmt lögum þessum skulu undanþegin gjöldum til ríkis og sveitarfélaga samkvæmt sömu reglum og gilda á hverjum tíma um sömu atvinnustarfsemi, væri hún rekin af sveitarfélagi með ótakmarkaðri ábyrgð.

7. gr.

Ákvæði VIII. kafla laga um hlutafélög, nr. 77 frá 27. júní 1921, um refsingar o. fl. skulu gilda um brot gegn lögum þessum, eftir því sem við á.

8. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu til laga um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð er lagt til, að sveitarfélög geti stofnað til atvinnufyrirtækja í atvinnuaukningarskyni, með takmarkaðri ábyrgð. Með þessu er stefnt að því, að sveitarfélögum sé gert kleift að eiga og reka án þátttöku annarra umrædd fyrirtæki og fjárhagsábyrgð þeirra á þeim sé takmörkuð við ákveðið framlag sveitarsjóðs.

Hér á landi hefur það tíðkazt, að sveitarfélög standi fyrir ýmiss konar rekstri í atvinnuaukningar- og þjónustuskyni, sem jafnframt er aðallega stundaður af einstaklingum og fyrirtækjum þeirra og oft talinn fjárhagslega áhættusamur. Sem dæmi um slíkan rekstur má nefna útgerð og fiskverkun, sem nú er rekin af Hafnarfjarðarbæ og Reykjavíkurborg.

Í greinargerð, sem Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður tók saman að beiðni bæjarstjórans í Hafnarfirði um möguleika og leiðir til takmörkunar á ábyrgð bæjarsjóðs á útgerð Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, dags. 25. marz 1971, er m. a. rætt um tvo kosti: Annars vegar hlutafélagaform og hins vegar, að sett sé sérstök löggjöf um atvinnufyrirtæki sveitarfélaga, er geri sveitarfélögum kleift að stofnsetja fyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð.

Jafnframt því sem lögmaðurinn bendir þannig á þá leið, sem lagt er til í þessu frumvarpi, færir hann rök að því, að hlutafélagaformið geti að vissu leyti komið sveitarfélögum að gagni í ofangreindu skyni, og byggir þá fyrst og fremst á 31. grein hlutafélagalaga, 2. mgr., þar sem m. a. sveitarfélögum, sem hluti eiga í hlutafélagi, er veitt undanþága frá ákvæðum laganna um takmörkun á atkvæðamagni því, sem hver hluthafi má fara með á hluthafafundi. Undanþága þessi virðist vera víðtæk og geti sveitarfélag samkvæmt henni tryggt sér óskorað meirihlutavald í hlutafélagi, sem það stofnaði. Engu að síður virðist ljóst, að ýmsir ókostir eru á þessari skipan. Lögin um hlutafélög eru miðuð við aðstæður, sem að ýmsu leyti eru ólíkar þeim, sem eru hjá fyrirtækjum sveitarfélaga, og væri stundum óhagkvæmt og óþarft að þvinga þau til að hlíta þeim. Þetta á t. d. við um ákvæði V. kafla laganna um stjórn hlutafélaga og hluthafafundi. Þá yrðu sveitarfélögin jafnan að hafa fimm einstaklinga með sem hluthafa, til þess að formkröfum sé fullnægt, og gæti það oft orðið til trafala, sbr. 32. grein t. d.

Þá er á það að líta, að markmið þau, sem liggja að baki hlutafélögum og hlutafélagalögum, eru ólík þeim, sem liggja að baki fyrirtækjum sveitarfélaga. Tilgangur hlutafélagaformsins er m. a. sá að skapa grundvöll fyrir því, að hægt sé að ná saman miklu fjármagni til fjárfrekra framkvæmda, án þess að áhætta þátttakenda verði meiri en hlutafjárframlag þeirra. Hins vegar er markmið sveitarfélaga með stofnun fyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð að auka og tryggja atvinnu í sveitarfélaginu með hag allra íbúa þess fyrir augum.

Margt mælir með því, að sveitarfélögum sé gert kleift, þegar þörf krefur, að leggja í áhættusaman atvinnurekstur án þess að leggja aðrar eignir sveitarfélagsins í hættu en þær, sem lagðar eru í hið áhættusama fyrirtæki. Þess eru dæmi, að ríkissjóður hefur farið þessa leið, og má þar nefna ákvæði 7. gr. laga nr. 1/1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins, en þar segir, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldum, sem verksmiðjurnar stofna til eftir 31. des. 1937, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi. Í 5. gr. laga nr. 52/1949, um Fiskiðjuver ríkisins, var tekið fram, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldum fiskiðjuversins, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi. Ekki verður ráðið af nafni þessara ríkisfyrirtækja, að þau séu rekin með takmarkaðri ábyrgð. Nöfn þeirra gætu þvert á móti bent til hins gagnstæða. Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er hins vegar gert ráð fyrir, að nafn fyrirtækjanna beri með sér, að þau séu rekin með takmarkaðri ábyrgð. Réttur skuldheimtumanna gagnvart þeim virðist því ekki verr tryggður en gagnvart öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð, t. d. hlutafélögum eða samvinnufélögum. Telja verður

einnig, að fyrst ástæða hefur þótt til að veita ríkissjóði heimild til að reka atvinnufyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð, sé enn brýnni þröf fyrir sveitarfélög, sem fæst eru fjársterk, að hafa slíka heimild.

Hugsanlegt væri, að sett yrðu sérstök lög um hvert einstakt fyrirtæki, þar sem kveðið væri á um takmarkaða ábyrgð sveitarfélagsins, og er ljóst, að sú leið er örugg og mundi uppfylla vel kröfur þær, sem gerðar eru í hverju tilfelli, en væri of seinvirk og tímafrek til þess að teljast hagkvæm í þeim tilgangi, sem hér um ræðir.

Af því, er hér á undan hefur verið rakið, virðist ljóst, að um hlutafélög og fyrirtæki sveitarfélags með takmarkaðri ábyrgð gilda ýmis ólík sjónarmið. Annars vegar er um að ræða fyrirtæki, sem einn opinber aðili, sveitarfélag, stendur að og rekið er fyrst og fremst til atvinnuaukningar eða í ákveðnu þjónustuskyni fyrir íbúa sveitarfélagsins. Hins vegar er um að ræða félag margra aðila um rekstur í ágóðaskyni. Það sameiginlega er, að í báðum tilfellum er um takmörkun ábyrgðar eigenda að ræða og skuldheimtumenn hafa þörf á svipaðri vernd í báðum tilfellum, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu.

Ekki skal að svo stöddu rökstudd frekar þörf sveitarfélaga fyrir það rekstrarform, sem hér er lagt til, að sett verði löggjöf um, nema hvað bent skal á mikilvægi þess fyrir sveitarfélög að eiga ein og reka fyrirtæki til að halda uppi nægri atvinnu, án þess að bera ótakmarkaða fjárhagsáhættu af slíkum rekstri, jafnframt því að fjárhagsskuldbindingum og rekstri þess háttar fyrirtækis er með þessu móti haldið algerlega aðskildu frá viðkomandi sveitarsjóði, enda yrði fyrirtækið sjálfstætt firma og sjálfstæð persóna að lögum.

Sþ. 18. Fyrirspurnir. [18. mál]

I. Til samgönguráðherra um vegamál í Vesturlandskjördæmi.

Frá Benedikt Gröndal.

1) Hvenær lýkur þeirri rannsókn á samgöngumöguleikum yfir Hvalfjörð, sem ákveðin var með þingsályktun 18. apríl 1967?
2) Hvenær lýkur undirbúningsrannsóknum vegna brúargerðar yfir ósa Hvítár hjá Borgarnesi?
3) Hvenær verður varanlegt slitlag lagt á hraðbrautir út frá Akranesi og Borgarnesi?
4) Er undirbúningur hafinn að nauðsynlegum endurbótum, sem gera verður á veginum frá Borgarnesi til þéttbýliskjarnanna á norðanverðu Snæfellsnesi í sambandi við Heydalsveg?

II. Til ríkisstjórnarinnar um læknaskort í strjálbýli.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að bæta úr læknaskorti í strjálbýli:
a. Með bráðabirgðaráðstöfunum?
b. Með ráðstöfunum, er tryggt gætu til frambúðar viðhlítandi heilbrigðisþjónustu?

Ed. 19. Frumvarp til laga [19. mál]

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir, eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekizt þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að heimild ráðherra til að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum sé ekki lengur fyrir hendi, samkvæmt lögum nr. 30/1966. Á undanförnum árum hafi verið unnið að byggingu nýrra sláturhúsa, og hafi mikið áunnizt í því efni. Hins vegar þurfi enn um sinn að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum, þar sem yfirdýralæknir eða héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekizt á viðunandi hátt, og beri því brýna nauðsyn til að framlengja heimild ráðherra til að leyfa slátrun í þessum sláturhúsum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir, eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekizt þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1971.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

Nd. 20. Frumvarp til laga [20. mál]

um breyting á lögum nr. 74 28. apríl 1962, um innflutning búfjár.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

II. kafli laganna orðist svo:

II. KAFLI

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. getur landbúnaðarráðherra heimilað innflutning á djúpfrystu sæði úr nautum af Galloway-kyni, en eingöngu til notkunar í sóttvarnarstöð ríkisins að Bessastöðum á Álftanesi eða annars staðar, ef hentara þykir.

Þessa heimild má landbúnaðarráðherra því aðeins nota að stjórn Búnaðarfélags Íslands, yfirdýralæknir og forstöðumaður Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði mæli með innflutningi djúpfrysts sæðis hverju sinni.

12. gr.

Gripir þeir, sem sæði skal flutt úr til Íslands, skulu valdir af ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt, enda hafi naut þau, sem hann velur, verið undir opinberu heilbrigðiseftirliti á sæðingarstöð í eitt ár að minnsta kosti. Áður en innflutningur sæðis úr tilteknum nautum er ákveðinn, skal yfirdýralæknir ganga úr skugga um hjá viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum búfjár, að eigi gangi eða hafi gengið næstliðið ár á viðkomandi sæðingarstöð eða í héraði því, sem hún er í, neinir þeir smitsjúkdómar, sem ætla má að borizt gætu til landsins með sæðisflutningum.

13. gr.

Landbúnaðarráðherra skal láta setja á stofn og starfrækja sóttvarnarstöð á Bessastöðum á Álftanesi eða annars staðar, ef hentara þykir. Skal ráða sérstakan umsjónarmann til þess að sjá um framkvæmdir og daglegan rekstur hennar. Þar skal hafa í öruggri vörzlu þá nautgripi innlenda, sem sæða á með innfluttu sæði til kynblöndunar, sem og afkvæmi þeirra. Í því skyni skal landbúnaðarráðherra útvega hæfilega marga valda gripi að fengnum tillögum ráðunautar Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt.

Áður en hinir íslenzku gripir eru fluttir í sóttvarnarstöðina, skulu umsjónarmaður stöðvarinnar og yfirdýralæknir ganga úr skugga um, að gripirnir séu eigi grunaðir um eða haldnir smitsjúkdómum.

Hlíta skal tillögum yfirdýralæknis um gerð og tilhögun girðinga, bygginga og annarra nauðsynlegra mannvirkja og útbúnaðar í sóttvarnarstöðinni, í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands. Allur kostnaður við stofnun sóttvarnarstöðvar, rekstur hennar, nauðsynlegar rannsóknir, kaup og flutning á gripum, sæði, útbúnaði o. s. frv. greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Umsjónarmaður sóttvarnarstöðvar skal ráðinn af landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum yfirdýralæknis. Umsjónarmaður skal vera dýralæknir, er hafi sérstaka þjálfun í búfjársæðingum og sóttvörnum. Hann skal sjá um og vera ábyrgur fyrir því, að öllum fyrirmælum um einangrun búfjár á sóttvarnarstöðinni sé fylgt í hvívetna og að öll starfsemi á stöðinni fari í öllu fram samkvæmt lögum þessum og þeim reglum og fyrirmælum, sem um það verða gefin. Hann skal fylgjast reglulega með heilbrigði gripa á sóttvarnarstöðinni og annast sæðingu þeirra. Umsjónarmanni er óheimilt að stunda lækningar dýra utan sóttvarnarstöðvarinnar.

Með sérstöku erindisbréfi skal kveða nánar á um störf og skyldur umsjónarmanns sóttvarnarstöðvarinnar.

15. gr.

Í sóttvarnarstöð ríkisins skal hreinrækta holdanautastofn með síendurtekinni notkun djúpfrysts sæðis, sem flutt hefur verið inn úr Galloway-nautum, í íslenzkar kýr og afkvæmi þeirra. Kynblöndun þessi skal gerð samkvæmt áætlun, er landbúnaðarráðherra setur samkvæmt tillögum nautgriparæktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands, sem hefur yfirumsjón með ræktuninni.

Landbúnaðarráðherra er heimilt í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands og yfirdýralækni að kaupa íslenzka nautgripi og flytja í sóttvarnarstöðina eftir að hún er tekin til starfa, ef brýna nauðsyn ber til að auka eða endurnýja hinn upphaflega stofn, enda sé ýtrustu varúðarreglum fylgt um, að gripirnir séu eigi haldnir smitsjúkdómum.

16. gr.

Þau naut erlend, sem velja skal úr djúpfryst sæði til innflutnings, skulu hafa verið á sæðingarstöð undir opinberu heilbrigðiseftirliti eigi skemur en eitt ár samfellt. Eigi má flytja til landsins sæði úr öðrum nautum en þeim, sem sýnt hafa mikla frjósemi, eru heilbrigð og laus við smitsjúkdóma að dómi heilbrigðisyfirvalda þar í landi. Til frekari fullvissu skulu nautin skoðuð af íslenzkum dýralækni. Enn fremur skulu nautin hafa sýnt neikvæða útkomu við sjúkdómsgreiningarpróf gerð samkvæmt nánari skriflegri fyrirsögn yfirdýralæknis hverju sinni. Skal vottorð um slíkar prófanir fylgja sæðissendingum til landsins. Þess skal vandlega gætt við flutning og geymslu á innfluttu sæði, að eigi stafi smithætta af umbúðum eða útbúnaði.

Leitast skal við að flytja sem mest magn af nautasæði í einu til landsins, helzt svo, að það endist í áætlaða kynblöndun gripa í sóttvarnarstöðinni.

Umsjónarmaður sóttvarnarstöðvar eða fulltrúi hans skal hafa umsjón með sæðistöku erlendis, meðhöndlun þess, pökkun, merkingu og geymslu, svo að tryggt sé, að engin mistök eigi sér stað.

17. gr.

Að fengnum tillögum yfirdýralæknis setur landbúnaðarráðherra reglugerð um daglegan rekstur sóttvarnarstöðvarinnar. Þar skulu vera glögg ákvæði um, hvaða afurðir megi flytja frá sóttvarnarstöðinni og í hvaða ástandi, enn fremur hvernig samgöngum við stöðina skuli hagað, hvernig úrgangi og áburði skuli ráðstafað og hvaða varúðarráðstafanir skulu gerðar til þess að hindra, að smitsjúkdómar berist frá stöðinni eða inn í hana o. s. frv.

18. gr.

Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í búfé á sóttvarnarstöð ríkisins, sem ó-þekktur er hér á landi, skal gera hverjar þær ráðstafanir, sem þurfa þykir til að hefta útbreiðslu hans, m. a. fella búfé stöðvarinnar, ef nauðsyn krefur, og stöðva dreifingu á sæði þaðan.

19. gr.

Aldrei má flytja búfé úr sóttvarnarstöð ríkisins, og girða skal tryggilega fyrir það, að það hafi nokkurn samgang við búfé utan hennar.

Eigi er heimilt að flytja sæði úr nautum sóttvarnarstöðvarinnar til notkunar utan hennar fyrr en 3 árum eftir að fyrst voru sæddir gripir í henni með innfluttu sæði, enda hafi ekki komið fram neinn hættulegur smitsjúkdómur í nautgripum stöðvarinnar eða grunur um slíkan sjúkdóm.

Heimilt er að geyma djúpfryst sæði úr nautum sóttvarnarstöðvarinnar utan hennar að fengnu samþykki og eftir fyrirsögn yfirdýralæknis.

Umsjónarmaður sóttvarnarstöðvar skal safna sæði úr nautum sóttvarnarstöðvarinnar, djúpfrysta það, merkja og geyma, sem og sjá um flutning á því úr stöðinni samkvæmt reglum, sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum yfirdýralæknis og nautgriparæktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands.

Um dreifingu sæðis skal fara samkvæmt ákvæðum búfjárræktarlaga.

Landbúnaðarráðherra skal láta koma upp aðstöðu utan sóttvarnarstöðvarinnar til kynblöndunar nautgripa með notkun sæðis úr nautum í stöðinni.

20. gr.

Nú er eigi talin þörf á frekari notkun innflutts sæðis úr Galloway-nautum í sóttvarnarstöðinni, að mati ráðunautar Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt, og er landbúnaðarráðherra þá rétt að leggja starfsemi sóttvarnarstöðvarinnar niður. Skal þá eytt öllu innfluttu sæði, sem þar kann að vera geymt, og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja, að eigi dreifist smitsjúkdómar frá sóttvarnarstöðinni, eftir að starfsemi hennar er hætt. Gripi stöðvarinnar má því aðeins flytja burt þaðan lifandi, að eigi hafi verið notað innflutt sæði síðastliðin tvö ár í stöðinni og að tryggt sé talið, að dómi yfirdýralæknis, að slíkum flutningi fylgi ekki smithætta.

Um ráðstöfun gripanna skal hlíta fyrirmælum yfirdýralæknis og nautgriparæktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 9. október 1969 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd þriggja manna til að endurskoða lög nr. 74 28. apríl 1962, um innflutning búfjár, með hliðsjón af því, að djúpfrysting sæðis var þá fyrirhuguð hér á landi og er nú djúpfrysting sæðis hafin hérlendis, eins og kunnugt er. Í nefndinni áttu sæti Páll A. Pálsson, yfirdýralæknir, Guðmundur Jónsson, skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri og Ólafur E. Stefánsson, ráðunautur, og hefur nefndin samið frumvarp þetta. Einnig lét nefndin fylgja frumvarpinu greinargerð þá, sem hér fer á eftir:

Greinargerð.

Undirritaðir hafa með bréfi landbúnaðarráðherra frá 9. okt. 1969 verið kvaddir til þess að endurskoða lög um innflutning búfjár, nr. 74 28. apríl 1962, „með hliðsjón af breyttum aðstæðum frá því lögin voru sett, sérstaklega með tilkomu stöðvar til að djúpfrysta sæði, sem unnið er að að koma upp hérlendis“, eins og segir í bréfinu.

Jafnframt mun hafa verið höfð í huga sú reynsla, sem fengizt hefur hin síðari ár af því að senda djúpfryst nautasæði milli landa í allstórum stíl.

Rétt er að minnast þess, að með nautasæði, eigi hvað sízt djúpfrystu, geta hæglega borizt ýmsir smitsjúkdómar, eins og mörg dæmi sanna. Því er ýtrustu varfærni og varúðar þörf við innflutning sæðis, þó að mönnum hafi smám saman tekizt að sneiða hjá eða girða fyrir ýmsar hættur í því sambandi. Stafar það fyrst og fremst af því, að nú eru tök á því með djúpfrystingu að geyma sæðið mjög lengi, árum saman, og því gefst nægur tími til að kanna til hlítar heilbrigði þeirra nauta, sem nota á sæði úr, og fylgjast með þeim mánuðum eða árum saman á undan og eftir sæðistöku. Oft er notað sæði, sem geymt er úr nautum, sem búið er að fella og gera á krufningu, og aðrar nauðsynlegar rannsóknir, til að ganga úr skugga um heilbrigði þeirra og þá um leið sæðis úr þeim. Líkurnar fyrir því, að hægt sé að sneiða hjá því, að sjúkdómar berist með djúpfrystu sæði, eru því ólíkt meiri nú heldur en áður var, þegar nota þurfti sæðið ferskt eða fáum dögum eftir, að það var tekið.

Við teljum, að samkvæmt orðalagi bréfs landbúnaðarráðuneytisins frá 9. okt. 1969 sé til þess ætlazt, að nefndin fjalli eingöngu um innflutning á sæði úr Galloway-

nautum. Í samræmi við það álit höfum við eingöngu tekið til endurskoðunar II. kafla laganna.

Helztu efnisbreytingar, sem við leggjum til, að gerðar verði á II. kafla, koma fram í eftirfarandi ásamt öðrum breytingum:

Við síðustu endurskoðun laganna 1961 mun það hafa ráðið um staðarval, að stofnkostnaður yrði lægri, ef einangrunarstöðinni yrði komið upp á ríkisjörð, þar sem húsakostur væri að miklu leyti fyrir hendi, enda þótt kostnaðarsamra breytinga væri þörf. Jafnframt mun hafa verið haft í huga, að staðurinn væri heppilegur með tilliti til einangrunar, samgangna og annarra nauðsynlegra þæginda svo sem rafmagns- og vatnslagna. Nefndin hefur haldið þessu ákvæði óbreyttu að öðru leyti en því, að nú er heimilað að velja annan stað, ef hentara þykir, enda skal farið eftir tillögum yfirdýralæknis um alla mannvirkjagerð og útbúnað á stöðinni í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Nefndin telur í fullu gildi þá niðurstöðu, sem komizt var að við síðustu endurskoðun laganna, að velja eigi Galloway-kynið fram yfir önnur kyn til innflutnings til kjötframleiðslu af einblendingum. Einblendingar undan nautum af hinu blandaða, innlenda Galloway-kyni og íslenzkum kúm, líkjast mun meir Galloway-blendingunum en hinu íslenzka kyni. Þeir hafa reynzt þyngri, hafa meiri vöðva og eru harðgerðir og óvandætnir. Í heimalandi sínu er Galloway-kynið í vaxandi áliti, og sum ár að undanförnu hefur bezta fallið verið af Galloway-grip á hinni árlegu Smithfield-sýningu í London. Þá eru nú innan kynsins gripir, sem náð hafa bráðari þroska en áður var. Þykir því rétt að taka Galloway-kynið fram yfir önnur, sem íslenzkir bændur hafa enga reynslu af til einblendingsræktar.

Lagt er til, að eingöngu verði leyft að flytja inn djúpfryst sæði og eingöngu til notkunar í gripi, sem geymdir verði ævilangt á sóttvarnarstöð ríkisins. Er þessi breyting gerð vegna þess, að með notkun djúpfrysts sæðis eingöngu skapast allt aðrir möguleikar en áður til að kanna til hlítar heilbrigði nauta þeirra, sem sæði er tekið úr, eins og áður er getið. Auk þess er oft hægt að gera sér fyllri grein en áður fyrir erfðahreysti gripanna og hvern árangur notkun sæðis úr þeim hefur borið í heimalandinu. Teljum við, að með því að leyfa eingöngu innflutning á djúpfrystu sæði úr reyndum nautum fáist aukið öryggi, frekar takist að sneiða hjá smitsjúkdómum og erfðagöllum og auðveldara sé að velja óaðfinnanleg kynbótanaut.

Lagt er til, að ráðherra sé því aðeins heimilt að láta flytja inn sæði, að þrír nánar tilgreindir aðilar séu því meðmæltir (11. gr.). Er hér um verulega breytingu að ræða frá því, sem verið hefur, þar sem ákvörðun um innflutning sæðis var í raun eingöngu lögð á herðar yfirdýralæknis. Ef illa tekst til um innflutning sæðis, geta afleiðingarnar orðið mjög örlagaríkar. Er því eðlilegt, að fyrir liggi álit og meðmæli þeirra sérfróðu aðila, sem helzt hafa aðstöðu til að meta áhættu þá, sem innflutningi á djúpfrystu sæði fylgir, áður en ráðizt er í innflutning sæðis.

Eftir að rekstur sæðingarstöðva í nágrannalöndum okkar komst á fastan rekspöl, hefur heilbrigðiseftirlit með nautum á þessum stöðvum yfirleitt verið mun ýtarlegra en áður þekktist með þarfanaut.

Teljum við því rétt að binda kaup á djúpfrystu sæði erlendis eingöngu við naut, sem geymd hafa verið á sæðingarstöðvum tiltekinn tíma samfellt undir opinberu heilbrigðiseftirliti, og er hér nokkur breyting frá ákvæðum núgildandi laga.

Sóttvarnarstöð sú, sem gert er ráð fyrir, að komið verði á fót, er hugsuð sem öryggisráðstöfun fyrst og fremst, þannig að ef illa tekst til, og sjúkdómur komi þar upp, ætti að vera unnt að hefta útbreiðslu og ráða niðurlögum hans þar. Eru um þetta sérstök ákvæði (18. gr.).

Með því að kaupa og flytja inn sem mest af djúpfrystu sæði í einu og geyma það djúpfryst á sóttvarnarstöðinni, er unnt að forðast síendurtekinn innflutning á sæði og þær hættur, sem því fylgja. Þetta teljum við mikilvægt (16. gr.).

Við teljum, að rétt sé þegar í upphafi að gera sér grein fyrir því, að stofn- og rekstrarkostnaður sóttvarnarstöðvar verður mikill.

Ef gert er t. d. ráð fyrir, að starfsemi verði hafin með 12 völdum kúm íslenzkum og afkvæmi öll látin lifa fyrsta kastið a. m. k., verða að fjórum árum liðnum á stöðinni um 60 gripir, þar af nálægt 50 þeirra Galloway-blendingar þriggja ára og yngri. Þar sem vart verður hjá því komizt að hýsa gripi þessa reglulega, svo að þeir verði mannvanir og viðráðanlegir í daglegri umgengni, mun umhirða og fóðrun svo margra gripa kosta töluverða vinnu. Þar við bætist svo vinna við heilbrigðiseftirlit, sæðistöku o. s. frv.

Þó ekki sé gert ráð fyrir, að fjöldi gripa verði að jafnaði yfir 60, er fram í sækir, er ljóst, að kostnaður við rekstur stöðvarinnar verður mjög verulegur. Tekjur munu þáns vegar verða takmarkaðar og byggjast eingöngu á sölu kjöts og sæðis, og ekki er hægt að gera ráð fyrir neinum tekjum fyrstu árin.

Með þeirri kynblöndun, sem gert er ráð fyrir á sóttvarnarstöðinni, fást, ef allt gengur samkvæmt áætlun, allkynhreinir Galloway-gripir eftir 10—12 ár.

Sæði til notkunar innanlands utan sóttvarnarstöðvarinnar ætti að fást eftir þrjú ár úr hálfblóðs Galloway-nautum. Síðan ætti að fást sæði úr nautum, sem með hverjum ættlið bæru sterkari svip Galloway-kynsins. Má þá safna og djúpfrysta sæði úr þeim til innanlandsnotkunar, eins og nauðsynlegt verður talið.

Sumir búfróðir menn hafa undanfarin ár talið verulegan fjárhagslegan ávinning af því, ef til væri hreinn holdanautastofn í landinu til þess, að unnt sé að fá kjötmeiri sláturgripi við einblendingsrækt. Áskoranir Búnaðarþings og bændasamtaka hníga í sömu átt. Ekki skal hér rætt, hve raunhæft mat þetta er, og hvort réttlætanlegt sé að hefjast handa um kostnaðarsaman innflutning nautasæðis með þeim áhættum að vissu marki, sem slíkum innflutningi fylgir ávallt, hvernig sem um er búið, enda teljum við það ekki í verkahring nefndarinnar. Mestu máli skiptir, að horft sé með raunsæi á mál þetta, **gömul áföll í sambandi við innflutning falli ekki í gleymsku**, og innflutningur sé einskorðaður við það nautakyn, sem nokkur reynsla er af hér á landi, Galloway-kynið.

Ýmsir álíta, að heppilegra gæti verið að velja annað erlent nautgripakyn til kynblöndunar við íslenzka nautgripi en Galloway-kynið. Það getur verið álitamál, sem ekki eru tök á að ræða nánar. Á það skal þó bent, að ef fylgja á því fyrirkomulagi við kynblöndun, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og þeim varúðarráðstöfunum, sem þar eru taldar nauðsynlegar, verður innflutningur á mörgum mismunandi kynjum mjög kostnaðarsamur. Hver slíkur innflutningur hefði ámóta útgjöld í för með sér og sá, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Páll A. Pálsson. Ólafur E. Stefánsson.
Guðm. Jónsson.

Sþ. 21. Tillaga til þingsályktunar [21. mál]

um landhelgismál.

(Lögð fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

Stefna Alþingis í landhelgismálum er byggð á þeim grundvelli, að landgrunnið er hluti af yfirráðasvæði viðkomandi strandríkis. Samkvæmt viðurkenndum alþjóðareglum ber strandríkinu einkaréttur til nýtingar á auðæfum hafsbotnsins til endimarka landgrunnsins. Rétturinn til nýtingar á auðæfum hafsbotnsins og sjávarins yfir honum verður ekki aðskilinn. Í fullu samræmi við þessa stefnu setti Alþingi árið 1948 lög, þar sem því var lýst yfir, að allar fiskveiðar á landgrunnssvæðinu við Ísland skyldu háðar íslenzkum lögum og fyrirmælum íslenzkra stjórnarvalda, og árið 1969 lög um yfirráðarétt íslenzka ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland.

Á síðustu árum hefur margvíslegri veiðitækni fleygt fram og ný stórvirk veiðitæki komið til sögunnar. Þetta hefur leitt til ofveiði á ýmsum norðlægum fiskimiðum. Sú hætta er yfirvofandi, að sókn aukist mjög á fiskimiðin við Ísland á næstu árum og valdi þar ofveiði á helztu fiskistofnum. Þá fer og mengunarhætta sívaxandi. Þar sem afkoma íslenzku þjóðarinnar byggist öðru fremur á fiskveiðum, er skynsamleg hagnýting fiskimiðanna við landið og verndun þeirra gegn rányrkju og mengun lífshagsmunamál þjóðarinnar. Af framangreindum ástæðum felur Alþingi ríkisstjórninni að gera eftirgreindar ráðstafanir:

1. Að gera stjórnum Bretlands og Vestur-Þýzkalands grein fyrir því, að vegna lífshagsmuna þjóðarinnar og vegna breyttra aðstæðna geti samningar þeir um landhelgismál, sem gerðir voru við þessi ríki á árinu 1961, ekki talizt bindandi fyrir Ísland og verði þeim sagt upp.
2. Að hefjast nú þegar handa um að stækka fiskveiðilandhelgina þannig, að hún verði 50 sjómílur frá grunnlínum allt í kringum landið, og komi stækkun til framkvæmda eigi síðar en 1. september 1972.
3. Að tilkynna öðrum þjóðum, að Alþingi hafi ákveðið, að íslenzk lögsaga nái 100 sjómílur út frá núgildandi grunnlínum að því er varðar hvers konar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættulega mengun sjávarins á því hafsvæði.
4. Að skipa nefnd þingmanna, er í eigi sæti einn maður frá hverjum þingflokki, til að vinna ásamt stjórninni að framkvæmd þessarar þingsályktunar.

Þá felur Alþingi ríkisstjórninni að hafa á alþjóðlegum vettvangi sem nánast samstarf við þær þjóðir, sem lengst vilja ganga og miða vilja mörk fiskveiðilandhelgi við landfræðilegar, jarðfræðilegar, líffræðilegar og félags- og efnahagslegar aðstæður og þarfir íbúa viðkomandi strandríkis.

Alþingi felur ríkisstjórninni að vinna sem kappsamlegast að því að kynna öðrum þjóðum framangreinda stefnu og fyrirætlun Íslendinga í landhelgismálunum.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Fyrir þingkosningarnar, sem fóru fram 13. júní s. l., birtu þeir þrír flokkar, sem standa að núverandi ríkisstjórn, sameiginlega stefnuyfirlýsingu í landhelgismálinu, sem var samhljóða framangreindri tillögu. Flokkarnir lögðu ríka áherzlu á það í kosningabaráttunni, að þeir teldu landhelgismálið vera mál málanna og kjósendur ættu framar öllu öðru að marka skýra afstöðu til þess við kjörborðin. Úrslit kosninganna urðu þau, að þessir flokkar hlutu sameiginlega starfhæfan meiri hluta á Alþingi. Í framhaldi af því var ríkisstjórnin mynduð. Í stjórnarsamningnum er það áréttað, að ríkisstjórnin líti á það sem höfuðhlutverk sitt að koma fram þeirri stefnu í landhelgismálinu, sem meiri hluti kjósenda veitti eindreginn stuðning í kosningunum.

Í stjórnarsamningnum segir svo um stefnu ríkisstjórnarinnar í landhelgismálinu:

„... Að landhelgissamningnum við Breta og Vestur-Þjóðverja verði sagt upp og ákvörðun tekin um útfærslu fiskveiðilandhelgi í 50 sjómílur frá grunnlínum og komi sú útfærsla til framkvæmda eigi síðar en 1. sept. 1972. Jafnframt verði ákveðin hundrað sjómílna mengunarlögsaga. Ríkisstjórnin mun um landhelgismálið hafa samráð við stjórnarandstöðuna og gefa henni kost á að fylgjast með allri framvindu málsins."

Í samræmi við það, sem hér er rakið, er með þessari tillögu leitað samþykkis nýkjörins Alþingis á þeirri stefnu, sem mörkuð var í kosningunum 13. júní síðastliðinn.

Í kosningabaráttunni kom það skýrt fram, að allir flokkar voru sammála um, að landhelgissamningarnir við Bretland og Vestur-Þýzkaland væru uppsegjanlegir, þótt ekki væru í þeim bein uppsagnarákvæði, og að það ástand gæti hæglega skapazt, að nauðsynlegt yrði að færa út fiskveiðilögsöguna fyrr en 1. september 1972.

Það er því trú ríkisstjórnarinnar, að full þjóðareining ríki um þá stefnu, sem felst í framangreindri tillögu og hlaut ótvíræðan stuðning kjósenda í kosningunum 13. júní síðastliðinn.

Nd. 22. Frumvarp til laga [22. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1972 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
b. Með allt að 140% viðauka leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla, sem er undanþegið álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1972 með sömu viðaukum og verið hefur undanfarin ár.

Sþ. 23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um félaga- og firmaskrá fyrir landið í heild.

Flm.: Björn Sveinbjörnsson, Björn Fr. Björnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á stofn félaga- og firmaskrá fyrir landið í heild.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi lögum eru í hverju lögsagnarumdæmi haldnar skrár yfir skrásetningarskyld félög og fyrirtæki. Eru aðalákvæðin um þetta í lögum nr. 42/1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð. Einnig eru ákvæði um félagaskrár m. a. í lögum um samvinnufélög og hlutafélög. Engin heildarskrá er til um þessi félög og fyrirtæki eða firmu þeirra, og hefur það leitt til ýmiss konar erfiðleika og oft til málaferla, t. d. þegar félög eða fyrirtæki með eins eða líkum nöfnum eru skráð sitt í hverju lögsagnarumdæmi. Heildarskrá mundi verða til mikils hagræðis fyrir

alla þá, sem leita þurfa upplýsinga um skráningarskyld félög og fyrirtæki, koma í veg fyrir ýmiss konar vandamál og deilur og skapa festu og samræmi í reglum um skráningu. Á það má benda í þessu sambandi, að haldin er vörumerkjaskrá í Reykjavík fyrir land allt, sbr. 12. gr. laga nr. 47/1968. Sjálfsagt virðist, að sérstakar félaga- og firmaskrár yrðu haldnar í hverju lögsagnarumdæmi hér eftir sem hingað til.

Sþ. 24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um ráðstafanir til að auðvelda umferð fatlaðra.

Flm.: Oddur Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd, er kanni leiðir, sem tryggi, að byggingar og umferðaræðar framtíðarinnar, er njóta fjárhagslegrar fyrirgreiðslu opinberra aðila, verði hannaðar þannig, að fatlað fólk komist sem greiðlegast um þær.

Enn fremur athugi nefndin, hvort ekki sé ástæða til þess að veita úr ríkissjóði nokkra fjárhæð árlega, gegn jafnháu framlagi frá sveitarfélögum, til þess að bæta umferðarmöguleika fyrir fatlað fólk um þær byggingar, sem nú eru í notkun.

Nefndin semji að könnun lokinni frumvarp til laga um úrbætur í þessum efnum.

Greinargerð.

Hér á landi eru um 15 þús. manns, sem eiga erfitt með að komast um vegna ýmiss konar fötlunar. Skipulagning svæða og hönnun bygginga, sem almenningur ferðast um, hefur því mikla þýðingu fyrir fjölda einstaklinga. Þrep og tröppur framan við útidyr gera það að verkum, að fatlaðir í hjólastólum komast ekki hjálparlaust inn í slík hús og geta því ekki án aðstoðar notið þjónustu, sem þar er veitt. Margs konar aðrir umferðarþröskuldar verða á vegi fatlaðra, bæði innan dyra og utan. Oft er málum þannig háttað, að nálega enginn aukakostnaður væri við gerð húsa, þótt tekið væri tillit til þarfa fatlaðra, í öðrum tilvikum væri um nokkurn aukakostnað að ræða, en nýting byggginganna mundi einnig aukast verulega. Á sama hátt mætti auka möguleika fatlaðra til útivistar og umferðar um skipulögð svæði, ef þarfir þeirra væru hafðar í huga.

Þeir, sem hér um ræðir, eiga erindi á borð við aðra, sem heilir eru, í opinberar skrifstofur, skóla, póst- og símstöðvar, leikhús, kvikmyndahús, verzlanir og fjölda vinnustaða.

Ekki er ólíklegt, að fjöldi þeirra, sem þurfa greiðari aðgang að byggingum en nú tíðkast, aukist í framtíðinni. Í þeim hópi eru aldraðir, sem ellikramarfötlun hafa, þeir, sem fatlaðir eru vegna meðfæddra örkumla, og hinir, sem hindraðir eru í hreyfingum vegna afleiðinga slysa og sjúkdóma. Einnig ber að leggja áherzlu á, að margir þeir, sem haldnir eru lungna- eða hjartasjúkdómum, eiga erfitt með að komast áfram í stigum og öðrum byggingarlegum farartálmum. Þetta gildir einnig gagnvart blindum, sjóndöprum og heyrnarskertum.

Greiðari gangur um umferðaræðar og byggingar mundi einnig auðvelda mæðrum með börn eða barnavagna að sinna erindum sínum.

Nú er lögð vaxandi áherzla á að endurhæfa fatlaða til starfa og eðlilegrar tilveru. Því aðeins kemur endurhæfing að fullum notum, að umferð fatlaðra sé gerð auðveldari en nú er.

Nd. 25. Frumvarp til laga [25. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963, sbr. lög nr. 14/1968.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

2. málsgr. 205. gr. l. nr. 66/1963, sbr. 3. gr. l. nr. 14/1968, orðist svo:

Ákvæði um takmarkaða ábyrgð gilda ekki um kröfur vegna lífs- eða líkamstjóns skipstjóra, skipverja, annarra manna, sem ráðnir eru hjá útgerðarmanni, eða leiðsögumanns, enda hafi slys borið að höndum, er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í þágu skips. Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum þessum, enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur vanrækslu eða yfirsjónar þeirra, er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, er meðvaldur þess eða meðábyrgur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp var flutt á síðasta Alþingi, en varð þá eigi útrætt. Því fylgdi allýtarleg greinargerð, og sagði þar m. a.:

„Fyrr á tímum töldu ýmsir fræðimenn í lögum, að lítilla breytinga væri að vænta á sviði skaðabótaréttar. Þar mundi hin svokallaða „Culpa"-regla (almenna skaðabótareglan) ráða ríkjum um aldur og ævi. Hún er í stuttu máli þannig, að sá, sem veldur öðrum fjárhagstjóni með saknæmum og ólögmætum hætti, er skyldur að bæta honum það. Hér er m. ö. o. um huglæga (subjektiv) fébótaábyrgð að ræða. Þessi regla er þó hvergi nærri einráð á vettvangi skaðabótaréttar nú á tímum. Þvert á móti hafa þar orðið margvíslegar breytingar og ör þróun í tímanna rás eigi síður en á öðrum sviðum réttarins. Breyttir atvinnuhættir, aukin vélvæðing, almenn framþróun hafa kallað á víðtækari skaðabótaskyldu. Nefna má t. d. reglur þær, sem víða hafa orðið til og snerta hættulegan atvinnurekstur. Þar er ekki fyrst og fremst spurt um sök. Ábyrgðin er hlutlæg (objektiv). Slík dæmi er víða að finna, bæði í íslenzkum og erlendum rétti. Nefna má t. d. hina hlutlægu ábyrgð bifreiðareiganda skv. 67., sbr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 1968. Hlutlæg fébótaábyrgð eigenda ökutækja var fyrst formlega lögfest í íslenzkum rétti með umferðarlögunum, nr. 26 frá 1958.

Sjósókn við strendur Íslands mun af flestum talin erfiður og áhættusamur atvinnuvegur. Aðbúnaður sjómanna hefur að vísu tekið miklum stakkaskiptum. Skipin eru orðin stærri og traustari en áður var og búin margvíslegum öryggistækjum. Þó eru sjóslys enn óhugnanlega tíð. Erfitt mun reynast að koma í veg fyrir þau að öllu leyti, þótt fyllstu varúðar sé gætt. Á hinn bóginn er að sjálfsögðu skylt að reyna að búa svo um hnútana, að sá, sem fyrir slysi verður á sjó, fái tjón sitt bætt, að svo miklu leyti sem unnt er og án mikillar fyrirhafnar eða langrar tafar. Hugleiðingar af þessu tagi hafa verið ofarlega á baugi meðal sjómanna og forustumanna þeirra undanfarin ár og ýmsar félags- og fundasamþykktir hnigið í svipaða átt.

Í siglingalögum, nr. 66/1962, eru ákvæði um fébótaábyrgð útgerðar á kröfum út af lífs- eða líkamstjóni skipverja eða annarra, sem í þágu skips vinna. Samkvæmt 8. gr. laganna ber útgerðarmaður ábyrgð á tjóni, sem skipstjóri, skipshöfn, hafnsögumaður eða aðrir, sem vinna í þágu skips, hafa valdið í starfi sínu með yfirsjónum eða vanrækslu, m. ö. o. sök þarf að vera fyrir hendi (ásetningur eða gáleysi). Samkvæmt ákvæðum þessum er því ekki um bótarétt að ræða, ef slys orsakast af óhappatilviljun, náttúruhamförum eða öðrum viðlíka ástæðum, t. d. ef

slys stafar af hálku á þilfari. En þarna getur oft verið mjótt á mununum, erfið sönnunaratriði og óviss úrslit. Réttarrannsókn verður oft viðamikil og málaferli langdregin og kostnaðarsöm. Stærri málum af slíku tagi lýkur varla fyrr en með dómi Hæstaréttar. Allan þann tíma verður hinn slasaði að bíða í óvissu um málalok. Dómsniðurstaða getur orðið með ýmsum hætti, eins og dæmin sanna.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að lögfest verði svonefnd hlutlæg ábyrgð í þessum efnum. Öðlast hinn slasaði þá bótarétt án tillits til þess, með hverjum hætti tjónið hefur að höndum borið, nema hann sé meðvaldur þess eða meðábyrgur. Ljóst er, að bættum tryggingum fylgja aukin iðgjöld í einhverri mynd. Hvaða áhrif hefur hin nýja ábyrgðarregla, ef að lögum verður, á hagsmuni þeirra, sem við hana eiga að búa? Það er fyrst og fremst þessi spurning, sem svara þarf. Um hana verða tryggingafræðingar að fjalla. Að sjálfsögðu njóta sjómenn sem aðrir slysabóta skv. ákvæðum almannatrygginga. Auk þess má vel vera, að um samningsbundnar viðbótartryggingar sé að ræða í sérstökum samböndum. Mál þessi þarf að skoða vandlega í heild og reyna síðan að marka skynsamlega stefnu með vaxandi heill og öryggi sjómanna í huga.

Þess skal getið, að frumvarpsgreinin er orðuð af dr. juris Þórði Eyjólfssyni, fyrrv. hæstaréttardómara.“

Sþ. 26. Tillaga til þingsályktunar [26. mál]

um afnám fálkaorðunnar.

Flm.: Bjarni Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að öll ákvæði um hina íslenzku fálkaorðu og orðunefnd verði numin úr gildi. Þeir, sem hafa hlotið fálkaorðuna, haldi henni.

Greinargerð.

Skúli alþingismaður Guðmundsson flutti fyrir fimm árum nær samhljóða þingsályktun þeirri, er að ofan greinir. Ályktun Skúla fékk ekki almennan hljómgrunn á Alþingi þrátt fyrir greinargerð, sem hefði átt að sannfæra alþingismenn um ágæti ályktunarinnar og er þess virði að vera hér endurtekin:

„Hér er farið fram á það að fella niður orðuveitingar og spara útgjöldin, sem til þess fara.

Orðan barst frá okkar grönnum, eins og fleira þarflaust tildur. Þeir eru vanir þessu, t. a. m. Danir. Og sagt er, að Rússar sæmi ýmsa svona skrauti. Það er hengt á vildarvini valdhafanna, í heiðursskyni.

Þó að sumir þrái krossa, þá munu fleiri mæla, að enginn Íslendingur ætti að dýrka þannig glingur.“

Við greinargerð Skúla skal þessu bætt:

Hvergi birtist hégómaskapurinn jafnberlega með Íslendingum og í sambandi við riddarakross hinnar íslenzku fálkaorðu. Þar skemmta fyrirmenn þjóðfélagsins sér við að sæma hver annan riddarakrossi af ýmsum stigum og gráðum. Snobbið er sett í kerfi. Orðunefnd vinnur í gömlum kansellístíl og tekur á móti vinsamlegum ábendingum góðkunningja og flokksbræðra. Veltur þá á miklu að eiga sterkan að. Að sjálfsögðu hafa margir verið maklega dubbaðir til riddara, en jafnvíst er og hitt, að margir þeirra, sem fálkann bera, eru lýsandi vitni um fánýtið. Og heilvita mönnum hlýtur að vera ljóst, að meðal þeirra, er aldrei hljóta heiðursmerki, eru menn, er eiga engu síður eða jafnvel miklu fremur skilið að hreppa viðurkenningu en þeir, sem hana hljóta. Kjarni málsins er sá, að enginn algildur mælikvarði er til um skerf einstaklinganna til samfélagsins. Hefur fengsæll fésýslumaður í Reykjavík skilað

betra starfi til þjóðfélagsins en móðirin við Arnarfjörð, sem kom 18 börnum til manns við kröpp kjör og ævistrit? Er starfsmaður í utanríkisþjónustunni maklegri opinberrar viðurkenningar en verkamaðurinn? Svari hver fyrir sig. Eða skyldu það vera margir Dagsbrúnarmennirnir eða Iðjufólkið eða sjómennirnir eða húsmæðurnar, sem ástæða hefur þótt að heiðra með fálkaorðu? Í svona snobbkerfi er minna metið lúið bak en hvítar hendur.

Erlendis er mikið um orður, en þá eru forsendurnar tvær: annaðhvort konungsríki eða her, nema hvort tveggja sé. Við erum, lofaður sé heilagur Þorlákur, lausir við slíkar stofnanir, en leifarnar af konungssambandi við Dani opinberast í orðuprjáli og dinglumdangli. Er ekki mál að linni?

Að lokum tilvitnun frá meistara Jóni:

„Eg veit, að einn asni verður þó aldrei hestur, þó menn setji gullsöðul á hann, og svo verður einn dári aldrei vís, hvernig sem hann málar sig utan.“

Sþ. 27. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um fóstureyðingar.

Flm.: Bjarni Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða núgildandi lög um fóstureyðingar og leggja fram frumvarp þess efnis á næsta þingi.

Greinargerð.

Lög um fóstureyðingar, sem nefnast fullu nafni **Lög um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar,** eru meira en þrjátíu og fimm ára gömul, nr. 38 28. jan. 1935. Á þessum áratugum hafa viðhorf manna til fóstureyðinga breytzt svo mjög, að þjóðþing flestra nágrannalanda okkar Íslendinga hafa talið sig knúin til á s. l. árum að endurskoða og lagfæra gildandi lög um þetta efni.

Það fer ekki á milli mála, að núgildandi lög um fóstureyðingar voru mikil réttarbót, þegar þau voru sett. En hitt er og jafnaugljóst, sem engum þarf að koma á óvart, að íslenzku löggjöfinni er nú í ýmsu áfátt. Hin nýju viðhorf hafa holað hana eins og dropinn steininn. Megingalli hennar er sá, að varla er minnzt á ósk eða vilja konunnar, sem í hlut á. Er nauðsynlegt að tryggja miklu frekar en nú er gert réttindi konunnar til sjálfsákvörðunar. Kemur þetta berlega í ljós, þegar íslenzka löggjöfin er borin saman við löggjöf nágrannalanda, t. d. þá sænsku, sem þykir þó í strangara lagi. Í íslenzku löggjöfinni er sagt m. a., að **megi** taka tillit til ýmissa ytri aðstæðna við ákvörðun um fóstureyðingu, í sænsku lögunum, að það **skuli.** M. ö. o. er mestallt vald lagt í hendur læknum, en konan nánast réttindalaus. Nú verður ekki í efa dregið, að læknar beita þessu valdi sínu eftir beztu vitund, en engu að síður verður með lagasetningu að tryggja réttindi konunnar. Þá virðist og nauður reka til að gera nánari grein fyrir þeim ytri aðstæðum, sem leiða til heimildar til fóstureyðingar. Þá má að lokum geta þess, að læknir má ekki eyða fóstrinu, ef kona hefur gengið lengur með en 8 vikur, nema lífi hennar sé bráð hætta búin. Í sænskum lögum er þetta tímabil 20 vikur. Virðist auðsætt, að núgildandi lög um fóstureyðingar þurfi að hníga meir í frjálsræðisátt en nú er.

Nd. 28. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Benedikt Gröndal, Pétur Pétursson, Stefán Gunnlaugsson, Sigurður E. Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 14. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Sjómenn, sem skráðir hafa verið á íslenzk skip ekki skemur en sex mánuði af skattári, skulu vera tekjuskattsfrjálsir upp að tilteknu tekjumarki, sem ríkisstjórnin ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er, að íslenzkir sjómenn, sem skráðir eru á skip sex mánuði eða meira, skuli ekki greiða tekjuskatt til ríkisins.

Um þessar mundir er miklum erfiðleikum bundið að fá sjómenn á marga báta. Slíkt ástand skapast alltaf öðru hverju og getur farið eftir atvinnuástandi í landi og ýmsu öðru. Verður þjóðfélagið að gera sérstakar ráðstafanir til þess að hvetja menn til starfa á sjónum, þar sem sjávarafli er alger undirstaða undir atvinnulífi og afkomu þjóðarinnar.

Starf sjómannsins er svo sérstætt og þýðingarmikið, að ástæða er til að láta sérstök ákvæði gilda um skattlagningu sjómanna. Hafa slík ákvæði lengi verið í gildi hér á landi og eru einnig hjá öðrum þjóðum, t. d. Norðmönnum.

Frv. gerir ráð fyrir, að allur þorri sjómanna verði undanþeginn tekjuskatti ríkisins. Er þó gert ráð fyrir, að ríkisstjórn geti ákveðið tekjumark, þannig að þessi hlunnindi nái ekki til óvenjulega hárra tekna, sem einstaka menn geta stundum hlotið á sjónum. Ekki er gert ráð fyrir neinni breytingu á greiðslu útsvars, enda mundu slík hlunnindi koma mjög misþungt niður á hinum ýmsu sveitarfélögum landsins. Verður að halda ákvæðum fyrri málsgreina laganna, þar sem útsvör eru við þau miðuð, og því ekki hægt að fella þau niður.

Nd. 29. Frumvarp til laga [29. mál]

um breyting á lögum nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Matthías Bjarnason, Pétur Sigurðsson, Guðlaugur Gíslason.

1. gr.

14. gr. laganna orðist þannig:

Frá tekjum sjómanna lögskráðra á íslenzk skip skal draga kostnað vegna hlífðarfata. Frádrátturinn ákveðst 800 kr. á mánuði og miðast við þann vikufjölda, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem sjómenn.

Sömu aðilum skal veittur sérstakur frádráttur, 5000 kr. fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á íslenzkum skipum ekki skemur en sex mánuði af skattárinu.

Hlutaráðnir menn skulu njóta frádráttar samkv. 1. og 2. málsgrein, þótt þeir séu ekki lögskráðir, enda geri útgerðarmaður fullnægjandi grein fyrir, hvernig hluta-

skiptum er farið og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

Ef sjómenn á íslenzkum fiskiskipum þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, skal draga þann fæðiskostnað frá tekjum þeirra. Við ákvörðun þess kostnaðar skal farið eftir mati skattyfirvalda.

Auk þessa skulu sjómenn á íslenzkum fiskiskipum, sem lögskráðir eru eigi skemmri tíma en 9 mánuði á ári, fá sérstakan frádrátt af tekjum sínum til tekjuskatts, 90 000 kr. á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, telja menn horfur á því, að þjóðarframleiðslan muni aukast um allt að 9% á árinu 1971 og þjóðartekjur enn meira, eða allt að 12%. Stafar þetta fyrst og fremst af aukningu útflutningstekna af sjávarafurðum.

Góðæri í sjávarútvegi, viðunandi aflabrögð og hátt verðlag setur svip sinn á allt þjóðlífið og gefur því bjarta heildarmynd.

Þrátt fyrir hækkandi fiskverð og batnandi hag útgerðar er þó alkunna, að erfiðlega gengur að manna fiskiflotann. Horfa menn með vaxandi ugg fram á mikla manneklu á komandi vetri. Atvinna er nú mikil um allt land og víða meiri eftirspurn en framboð á vinnuafli. Sjósókn er löngum erfið og áhættusöm við strendur landsins. Fiskafli misjafn að magni og gæðum. Tekjur sjómanna breytilegar frá ári til árs. Í slíku árferði sem nú er má eðlilegt kallast, að ýmsir hyggi á léttari vinnu í landi, sem e. t. v. tryggir þeim betri og jafnari lífskjör en sjómennskan.

Öllum má augljóst vera, hversu miklu máli skiptir, að dugandi menn veljist til starfa á fiskiflotann. Þetta er ekki stór hópur manna. Þjóðnýt störf þeirra verða ekki dregin í efa. Sérstaða þeirra er viðurkennd, sbr. t. d. ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem ákveðið er, að frá tekjum sjómanna á íslenzkum fiskiskipum skuli draga ákveðna fjárhæð vegna hlífðarfatakostnaðar o. fl., áður en skattur er á þær lagður. Skylt er að geta þess, að hlunnindi þessi voru aukin sjómönnum í hag með lögum frá síðasta Alþingi.

Það skal fúslega viðurkennt, að allar undanþágur eru erfiðar í framkvæmd og vegna fordæmis. Ekki er þó kunnugt um, að ákvæði um sérstakan sjómannafrádrátt í skattalögum hafi sætt gagnrýni.

Ríkisstjórn sú, er nú situr, hefur boðað breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs, m. a. á ákvæðum laga um beina skatta. Hefur nefnd verið sett á laggirnar í því skyni. Það frumvarp, sem hér er borið fram, stefnir að því að létta að verulegu leyti tekjuskatti af þeim mönnum, sem fiskveiðar stunda meginhluta ársins. Á hinn bóginn snertir frumvarpið ekki ákvæði laga um útsvör eða álagningargrundvöll þeirra.

Eins og áður er að vikið, eru tekjur fiskimanna oft mjög sveiflukenndar frá ári til árs. Verða greiðslur hárra tekjuskatta því oft mjög tilfinnanlegar, þegar „greiðsluár“ eru mun lakari en „skattár“, hvað tekjuhæð snertir.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um, hvaða tekjuskerðingu samþykkt þessa frumvarps kynni að hafa í för með sér fyrir ríkissjóð. Á hitt má benda, að telja má víst, að þessi tilhögun geti fært þjóðarheildinni ómældan hagnað í aðra hönd.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja skv. framanrituðu óhjákvæmilegt að hyggja betur að bættum kjörum sjómanna í ýmsum efnum. Ekki má þó hallast á útgerðina um of, því að hún verður að standa á traustum grunni.

Þrátt fyrir verulegar kjarabætur, sem fiskimenn hafa hlotið undanfarið, mun þó full nauðsyn að bæta þar enn um. Frumvarp það, sem hér er flutt, er spor í þá átt.

Sérstaklega skal þess getið, að fjárhæð sú, sem koma skal til frádráttar skv. frumvarpinu, 90 000 kr., tekur að sjálfsögðu breytingum í samræmi við skattvísitölu, svo sem aðrar tölur í 14. gr., sbr. 53. gr. laga nr. 68 frá 1971.

Sþ. 30. Tillaga til þingsályktunar [30. mál]

um stóriðju á Íslandi.

Flm.: Jóhann Hafstein, Ingólfur Jónsson, Matthías Á. Mathiesen, Sverrir Hermannsson, Magnús Jónsson, Eyjólfur K. Jónsson, Matthías Bjarnason, Jón Árnason, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar, að kosin skuli 7 manna stóriðjunefnd. Hlutverk nefndarinnar skal vera:

1. Að kanna möguleika til aukinnar stóriðju í landinu í tengslum við stórvirkjanir í fallvötnum landsins eða aukna hagnýtingu jarðvarmaorku.
2. Að hafa samráð við þá aðila, sem tengzt gætu verkefnum nefndarinnar eða vinna að skyldum málefnum, svo sem Orkustofnun, Landsvirkjun, Iðnþróunarsjóð, Iðnþróunarstofnun Íslands og Rafmagnsveitur ríkisins.
3. Nefndin skal gefa Alþingi skýrslur um framvindu mála og aldrei sjaldnar en í upphafi þings og fyrir þingslit og leggja fyrir Alþingi tillögur til framkvæmda.

Nefndin skal kosin eftir almennar alþingiskosningar. Hún kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Nefndinni er heimilt að ráða sér starfsfólk. Kostnaðurinn af störfum hennar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á sjöunda áratug tuttugustu aldarinnar urðu þau tímamót í íslenzku þjóðlífi, að stóriðja í tengslum við stórvirkjanir fallvatna hélt innreið sína.

Sú stefna var mörkuð, að Alþingi hefði jafnan úrslitaráð í þessum mikilvægu málum.

Það sýnist því tímabært, að Alþingi setji á laggirnar stóriðjunefnd til þess bæði að fylgjast með framvindu mála og eiga frumkvæði að tillögugerð á Alþingi, þegar þess er talin þörf. Með þessum hætti skapast náin tengsl við Alþingi um framvindu iðnþróunarmála í landinu, sem að því stefna að treysta einhæft atvinnulíf og renna fleiri stoðum undir það með vaxandi hagnýtingu auðlinda landsins.

Sþ. 31. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um fálkaorðuna.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fá því framgengt við forseta Íslands, að hann breyti á þá leið forsetabréfi um hina íslenzku fálkaorðu, að henni verði eigi aðrir sæmdir en útlendingar.

Greinargerð.

Tillaga þessi er efnislega samhljóða tillögu, sem fyrrverandi forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, flutti á Alþingi 1924. Sú reynsla, sem síðan hefur fengizt, sýnir glöggt, að hyggilegt hefði verið að fara að þessu ráði hans. En betra er seint en aldrei.

Sþ. **32. Tillaga til þingsályktunar** [32. mál]

um athugun á kostnaði og fjárhagslegri getu æskufólks í strjálbýli til framhaldsnáms og endurskoðun á reglum um úthlutun styrkja til jöfnunar námsaðstöðu.

Flm.: Lárus Jónsson, Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara í samráði við landshlutasamtök sveitarfélaga eða einstakar sveitarstjórnir athugun á kostnaði og fjárhagslegri getu æskufólks í strjálbýli til framhaldsnáms og jafnframt, að settar verði nýjar reglur um heildarupphæð og úthlutun námsstyrkja í samræmi við niðurstöður athugunarinnar, þannig að tryggð verði sem jöfnust aðstaða nemenda til framhaldsnáms, hvar sem þeir búa á landinu. Athugunin skal m. a. ná til líklegs fjölda nemenda, sem stunda munu framhaldsnám fjarri heimabyggð sinni næstu ár, ferðakostnaðar nemenda, dvalar- og uppihaldskostnaðar í heimavist eða í leiguhúsnæði, þar sem framhaldsskólar eru reknir, svo og til þess, hvernig einstakar sveitarstjórnir greiða fyrir nemendum til framhaldsnáms. Niðurstöður athugunarinnar skulu lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Fyrrverandi ríkisstjórn tók upp þá nýbreytni að ætla ákveðna upphæð á fjárlögum til þess að styrkja nemendur í strjálbýli til framhaldsnáms. Á fjárlögum ársins 1970 var gert ráð fyrir að verja í þessu skyni 10 millj. kr., en á yfirstandandi ári 15 millj. kr. Flestum mun hafa verið ljóst, að þessar upphæðir dygðu skammt til þess að jafna þann mikla mun að öllu leyti, sem er á kostnaði þeirra nemenda, sem sækja framhaldsskólanám úr strjálbýli, miðað við þá, sem búa á stöðum, þar sem framhaldsskólar eru starfræktir. Hér var þó á ferðinni merk nýjung, sem m. a. hefur leitt í ljós þá miklu þörf, sem er á því að auka og efla þessa viðleitni. Á yfirstandandi ári hefur liðlega 2100 umsóknum um styrki verið gerð nokkur úrlausn og þegar úthlutað 17.5 millj. króna í því skyni, eða 2.5 millj. meira en gert var ráð fyrir á fjárlögum, en nokkrar umsóknir munu samt sem áður vera óafgreiddar. Á næsta ári er gert ráð fyrir að verja 25 millj. kr. í framangreindu skyni skv. fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Ástæða er til að ætla, að sú upphæð sé alls ónóg, ef tekið er tillit til þarfarinnar og hækkana, sem orðið hafa á skólakostnaði, t. d. húsaleigu.

Engar beinar athuganir hafa farið fram á mismunandi kostnaði æskufólks til framhaldsnáms eftir búsetu né heldur á líklegri fjárhagsgetu þess til að kosta sig til náms. Þá hafa ekki heldur farið fram athuganir á því, hvernig sveitarstjórnir aðstoða nemendur bæði með beinum styrkjum eða útsvarsívilnunum. Augljóst er, að brýn þörf er á, að athugun fari fram í framhaldi af þeirri reynslu, sem fengizt hefur við úthlutun námsstyrkjanna, sem nái til þeirra þátta, sem hér er gerð tillaga um, svo að unnt sé að gera sér raunsæja heildargrein fyrir umfangi og eðli þess vandamáls, sem við er að glíma. Án slíkrar athugunar hlýtur ákvörðun upphæðar á fjárlögum í framangreindu skyni að vera meira eða minna handahófskennd og öll framkvæmd þessa mikilvæga máls að hvíla á ótraustum grunni.

Á síðasta þingi var samþykkt þingsályktun (þskj. 313) um, að ríkisstjórnin hlutist til um, að sveitarfélögin í landinu kanni, hvort og þá hversu margir unglingar, sem luku skyldunámi vorið 1970, hafi verið án skólanáms á s. l. skólaári og af hvaða ástæðum. Þótt sú könnun verði gerð, er ósvarað mörgum mikilvægum spurningum, sem nauðsynlegt er að fá svör við, eigi að taka framangreint vandamál föstum tökum af Alþingi og ríkisstjórn. Meðal þeirra spurninga eru: Hversu margir nemendur í strjálbýli stunda nú framhaldsnám með ærnum tilstyrk foreldra sinna? Hve mikil er raunveruleg fjárþörf ríkissjóðs, ef veita á æskufólki í landinu þolanlegt jafnrétti

til framhaldsnáms? Hvernig á að haga styrkúthlutunum, þannig að tekið sé nægilegt tillit til mismunandi aðstöðu nemendanna, t. d. varðandi aðstoð frá sveitarfélögunum?

Það er skoðun flutningsmanna, að hér sé svo þýðingarmikið mál á ferð, að einskis megi láta ófreistað til lausnar þess. Sú athugun, sem hér er gerð tillaga um, er algjör forsenda þess, að unnt sé fyrir Alþingi og ríkisstjórn að framkvæma af raunsæi og réttlæti það stefnumál að búa æskufólki sem jöfnust skilyrði til framhaldsnáms án tillits til búsetu þess í landinu.

Ed. 33. Frumvarp til laga [33. mál]

um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

I. KAFLI
Markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Markmið Stýrimannaskólans er að veita þá fræðslu, er þarf til að standast fiskimannapróf, farmannapróf og próf skipstjóra á varðskipum ríkisins.

2. gr.

Skipstjórnarnám skal vera í 4 stigum, og veiti hvert stig tiltekin atvinnuréttindi, eins og þau verða ákveðin í lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna.

1. stig farmanna og fiskimanna, námstími 6 mán.
2. stig farmanna og fiskimanna, námstími 7½ mán.
3. stig farmanna, námstími 7½ mán.
4. stig skipstjóraefna á varðskipum ríkisins, námstími 4 mán.

Heimilt er að lengja námstímann með reglugerðarákvæði.

3. gr.

Til þess að ljúka 2., 3. og 4. stigi skipstjórnarnáms, þarf nemandi áður að hafa lokið lægri stigum.

II. KAFLI
Kennsla.

4. gr.

Í skólanum skal kenna: stærðfræði, siglingafræði, þar með talin kennsla í notkun siglinga- og fiskileitartækja, íslenzku, ensku, dönsku, eðlisfræði, rafmagnsfræði, vélfræði, sjórétt, landa- og veðurfræði, heilsufræði, bókhald, viðskiptafræði, sjómennsku og íþróttir, einkum sund. Þá skal leitazt við að veita nemendum fiskimannadeildar fræðslu um fiskverkun og annað, er lýtur að meðferð og geymslu fisks um borð í skipum.

Auk þessa skal kenna þær fræðigreinar, sem sérstaklega er krafizt fyrir skipstjóraefni á varðskipum ríkisins.

Heimilt er að bæta við námsgreinum, ef þörf þykir. Kennslumagn í hverri grein skal ákveðið í reglugerð.

III. KAFLI
Inntaka nemenda.

5. gr.

Almenn inntökuskilyrði í skólann eru þessi:

1. Að fullnægja kröfum reglugerðar um siglingatíma.
2. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða krefst.
3. Að kunna sund.
4. Að vera ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er geti orðið öðrum nemendum skaðvænir.
5. Að hafa lokið gagnfræðaprófi eða hliðstæðu prófi.

Heimilt er að halda námskeið við skólann fyrir þá, sem ekki hafa gagnfræðapróf eða annað hliðstætt próf. Námskeið þetta skal standa minnst 4 mánuði. Námsgreinar skulu vera: Stærðfræði, eðlisfræði, íslenzka, enska og danska. Skal námsefnið miðað við það, sem kennt er til gagnfræðaprófs í þessum greinum. Próf frá þessu námskeiði með tilskilinni einkunn veitir rétt til setu í 1. bekk, sé öðrum inntökuskilyrðum fullnægt.

IV. KAFLI
Kennslutími.

6. gr.

Skólinn starfar frá 1. október ár hvert og eigi skemur en til 15. maí.

Heimilt er að halda hálfsmánaðar námskeið í stærðfræði og íslenzku eða fleiri greinum að haustinu, áður en skóli hefst, fyrir þá, er ekki náðu tilskilinni lágmarkseinkunn í þessum greinum til að setjast í hærri bekk, en náðu þó tilskilinni lágmarksmeðaleinkunn, eins og ákveðið verður í reglugerð.

V. KAFLI
Próf.

7. gr.

Próf skulu haldin í lok kennslutímabils hvers stigs og skulu gefin út prófskírteini fyrir hvert stig. Prófskírteini við próf 2. stigs, 3. stigs og 4. stigs skulu gefin út bæði á íslenzku og ensku.

8. gr.

Við próf 1., 2., 3. og 4. stigs skal auk kennarans, sem prófar, vera einn prófdómari í hverri grein, og skipar ráðuneytið þá að fengnum tillögum skólastjóra.

9. gr.

Vilji maður ganga undir próf, án þess að hafa stundað nám við skólann, skal hann senda menntamálaráðuneytinu beiðni um það eigi síðar en tveimur mánuðum áður en próf hefst, og skal fylgja beiðninni vottorð um, að umsækjandi fullnægi kröfum þeim, er um getur í 1.–5. lið 5. gr. þessara laga, og vottorð um þann undirbúning, er hann hefur fengið.

Heimilt skal skólastjóra að veita manni leyfi til að ganga undir próf upp úr undirbúningsdeildinni, þótt hann hafi ekki stundað þar nám.

VI. KAFLI
Kennarar skólans.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar skólastjóra við skólann og fasta kennara eftir þörfum að fengnum tillögum skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara eftir þörfum.

Laun skólastjóra og fastra kennara skulu ákveðin í kjarasamningum starfsmanna ríkisins eða með dómi kjaradóms.

11. gr.

Til þess að geta orðið skólastjóri Stýrimannaskólans, þarf hlutaðeigandi að hafa lokið farmannaprófi skólans eða jafngildu prófi annars staðar og síðan stundað framhaldsnám í raungreinum skólans og lokið prófi í þeim við innlendan eða erlendan skóla.

Til þess að verða fastur kennari í siglingafræði verður hlutaðeigandi að hafa lokið að minnsta kosti farmannaprófi 3. stigs eða sambærilegu prófi, þó má veita undanþágu frá þessum ákvæðum, þegar sérstaklega stendur á. Fastur kennari í siglingafræði við 3. stig farmannadeildar verður að hafa lokið prófi frá deildinni fyrir skipstjóraefni á varðskipum ríkisins eða sambærilegu prófi.

Til þess að verða tungumálakennari skólans verður hlutaðeigandi að hafa lokið háskólaprófi í kennslugrein sinni við skólann. Þó má veita undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sérstaklega stendur á.

Enginn getur fengið veitingu fyrir embætti við skólann, nema hann hafi gegnt því á fullnægjandi hátt sem settur í eitt ár að minnsta kosti.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.

Kostnaður við skólahaldið greiðist úr ríkissjóði.

13. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð, þar sem ákveðið sé um námsefni fyrir hvert stig. Enn fremur ákvæði um próf og einkunnir, inntöku nemenda í skólann, kennslutilhögun, námskeið og annað, er varðar skólahaldið almennt.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

Ráðuneytið skipar 5 menn í skólanefnd til fjögurra ára í senn, tvo samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, annan úr farmannastétt, hinn úr fiskimannastétt, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Formann skipar ráðuneytið án tilnefningar.

Skólanefndin skal fylgjast með kennslutilhögun og námsefni og vera skólastjóra til aðstoðar í málefnum skólans almennt.

15. gr.

Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem um getur í 5. gr., svo og þá fræðslu, sem þarf til að standast fiskimannapróf 1. stigs og jafnframt til að setjast í 2. bekk í stýrimannaskóla, skal skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík láta halda árlega á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er að dómi ráðuneytisins: Akureyri, Ísafirði og í Neskaupstað.

Námskeiðin skulu haldin á sama tíma og kennsla fer fram í sams konar deildum Stýrimannaskólans í Reykjavík. Inntökuskilyrði skulu vera hin sömu og í sams konar deildir í Reykjavík.

Heimilt er að hafa námskeiðin á öðrum stöðum en að ofan greinir, að tilskildu samþykki menntamálaráðuneytisins.

Í reglugerð skal ákveðið nánar um lágmarksþátttöku o. fl. varðandi námskeiðin. Verkefni fyrir skrifleg próf við lok námskeiðanna skulu send frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Prófdómara skipar menntamálaráðuneytið að fenginni tillögu skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík.

Kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði af fjárlagalið Stýrimannaskólans.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði laga nr. 84/1966 gilda um þá, er hafa hafið nám í skólanum, áður en lögin taka gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið var lagt fram á síðasta Alþingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Fylgdi því þá svofelld greinargerð:

Hinn 13. júlí 1970 skipaði menntamálaráðuneytið 3ja manna nefnd til þess að endurskoða lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík. Í nefndinni áttu sæti: Jónas Sigurðsson, skólastj., formaður, Sigurður J. Briem, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, og Garðar Þorsteinsson, stýrimaður, tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Nefndin hefur samið þetta frumvarp til laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík, sem ætlað er að koma í stað laga nr. 84/1966 um sama skóla. Þótt þau lög séu ekki eldri, taldi nefndin rétt að semja nýtt frumvarp, þar sem breytingar þær, sem hún leggur til að gerðar verði á eldri lögunum, eru það miklar, að varla mundi henta að fella þær inn í þau lög.

Aðalbreytingarnar, sem lagt er til að gerðar verði, eru fólgnar í því, að felld er niður úr eldri lögunum upptalning á námsefni fyrir hin einstöku próf. Telur nefndin, að slík upptalning eigi betur heima í reglugerð, enda nauðsynlegt að hafa svigrúm til breytinga á því sviði í sérskóla sem þessum, en eins og kunnugt er, eru breytingar á lögum þyngri í vöfum en breytingar á reglugerðum. Þá er lagt til að inntökuskilyrði verði hert, þannig að gagnfræðaprófi eða hliðstæðu prófi verði bætt við sem inntökuskilyrði í 1. bekk. Ekki er ætlunin með þessu skilyrði að útiloka neinn, sem sjómennsku stundar og ekki hefur lokið slíku prófi, frá því að sækja skólann eða skylda hann til að sækja gagnfræðaskóla til þess að öðlast slíkt próf. Er gert ráð fyrir heimild fyrir Stýrimannaskólann til að halda námskeið og verði þar kenndar námsgreinarnar: stærðfræði, eðlisfræði, íslenzka, enska og danska og námsefnið miðað við það, sem kennt er í þessum greinum til gagnfræðaprófs. Þeir, sem stæðust próf frá því námskeiði, gætu setzt í 1. bekk að hausti; þetta mundi að vísu lengja námstímann fyrir þá, sem minni undirbúning hefðu, enda ekki óeðlilegt.

Í stýrimannaskóla koma menn með mjög misjafna bóklega undirstöðumenntun, allt frá barnaskólaprófi eingöngu til stúdentsprófs. Þar sem inntökuskilyrði um bóklegan undirbúning eru engin, hefur því orðið að miða námsefnið við þá, sem minnsta undirbúningsmenntun hafa haft. Of mikill tími hefur því farið í námsefni, sem nemendur hefðu átt að vera búnir að læra í öðrum skólum. Sú tilhögun, sem hér er gert ráð fyrir að verði, ætti að geta brúað a. m. k. að nokkru leyti bilið á milli þeirra, sem misjafnan undirbúning hafa. Þá mundi og fást meiri tími fyrir sérgreinar skólans, sem byrjað er á þegar í 1. bekk, en því verður ekki neitað, að fyrir nemendur, sem engan bóklegan undirbúning hafa í stærðfræði, eðlisfræði og tungumálum, er

námið orðið mjög erfitt, svo að aðkallandi er orðið að lengja námstímann fyrir þá. Einnig er aðkallandi að auka námsefnið, bæði fyrir farmenn og fiskimenn.

Gert er ráð fyrir, að samræmt verði námsefni 2. bekkjar farmannadeildar og 2. bekkjar fiskimannadeildar þannig, að sömu skipstjórnarréttindi fáist eftir nám í þessum deildum. Er þetta lagt til með tilliti til þess, að miklu nánari tengsl eru hér milli farmanna og fiskimanna en hjá öðrum þjóðum. Sami skóli er fyrir báða, þar sem annars staðar eru yfirleitt sérstakir skólar fyrir hvorn um sig. Þá er það mjög algengt, að í farmannadeildina komi menn með nokkuð af hásetatíma sínum á fiskiskipum og öfugt.

Er gert ráð fyrir, að námsefni og námstími í 2. bekk farmannadeildar og 2. bekk fiskimannadeildar verði sá sami, 7½ mán. (er núna 7½ mán. í 2. bekk fiskimannadeildar, en 6 mán. í 2. bekk farmannadeildar). Réttindin yrðu hin sömu, þ. e. skipstjórnarréttindi á fiskiskipum af hvaða stærð sem er og hvar sem er og skipstjórnarréttindi á kaupskipum, allt að 400 rúml. í innan- og utanlandssiglingum, eða sams konar og fiskimannapróf upp úr 2. bekk veitir nú. Enn fremur undirstýrimannsréttindi á kaupskipum og varðskipum, ekki tímabundin eins og nú er. Skipstjórnarréttindi á hverri tegund skipa yrðu þó ekki veitt nema eftir ákveðinn siglingatíma á viðkomandi tegund, þannig að ekki yrðu veitt skipstjórnarréttindi á fiskiskipum, nema eftir ákveðinn siglingatíma á slíkum skipum og ekki réttindi á kaup- eða varðskipum, nema eftir ákveðinn siglingatíma á þeim skipum. Hér þyrftu þá jafnframt að koma til breytingar á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna nr. 52/1968.

Þá er lagt til í frumvarpinu, að skipuð verði skólanefnd, sbr. 14. gr., en slík nefnd hefur ekki starfað áður við þennan skóla.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í greininni er getið um markmið Stýrimannaskólans í Reykjavík, þ. e. að veita þá fræðslu, sem þarf til að standast þau próf, sem krafizt er fyrir hin einstöku skipstjórnarréttindi.

Um 2. gr.

Í greininni er tekið fram í hve mörgum stigum skipstjórnarnám skuli vera og námstími fyrir hvert stig. Enn fremur er heimild til að lengja námstímann með reglugerðarákvæði.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að hvert stig skipstjórnarnáms taki við af öðru, eins og eðlilegt má teljast.

Um 4. gr.

4. gr. er um þær námsgreinar, sem kenna skuli við skólann, ásamt heimild til að bæta við námsgreinum eftir þörfum. Gert er ráð fyrir ýtarlegri fræðslu um fiskmeðferð en verið hefur, og einnig, að bætt verði við námsgreinum bæði fyrir farmenn og fiskimenn eftir því sem þurfa þykir.

Um 5. gr.

Hér er bætt við eldri lagaákvæði gagnfræðaprófi eða hliðstæðu prófi sem inntökuskilyrði í 1. bekk (áður 13. gr.). Í greininni er þó gert ráð fyrir, að skólinn hafi heimild til að undirbúa þá nemendur til inntöku í 1. bekk, sem ekki hafa tilskilið próf fyrir 1. bekk.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að skólinn starfi eigi skemur en til 15. maí í stað nú til aprílloka, sbr. 14. gr. eldri laga. Einnig heimild til að halda hálfsmánaðar námskeið að haustinu áður en kennsla hefst.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir prófi við lok hvers stigs, og að þeir sem ljúka prófi, er veitir þeim réttindi í utanlandssiglingum, fái útgefin prófskírteini bæði á íslenzku og ensku.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir einum prófdómara í hverri grein í stað þess, að í eldri lögum var gert ráð fyrir tveim prófdómurum í fallgreinum.

Um 9. gr.

Greinin er hliðstæð 11. gr. eldri laga.

Um 10. gr.

Greinin er hliðstæð 15. gr. eldri laga að öðru leyti en því, að tala fastra kennara er ekki ákveðin.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að í reglugerð verði ákveðið um námsefni og nánar kveðið á um próf, einkunnir, námskeið o. fl., er varðar skólahaldið í stað þess, að áður var talið upp námsefni fyrir hvert stig, sbr. 5., 6., 7., 8. og 9. gr. eldri laga.

Um 14. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans í stað samgöngumálaráðuneytisins samkv. eldri lögum og er það í samræmi við reglugerð nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands.

Nýmæli er, að skipuð verði skólanefnd, sem ekki hefur áður verið starfandi fyrir skólann. Gætu með þessu skapazt nánari tengsl milli skólans annars vegar og skipstjórnarfélaganna og vinnuveitenda skipstjórnarmanna hins vegar.

Um 15. gr.

Greinin er hliðstæð 19. gr. eldri laga. Þó er gert ráð fyrir, að undirbúningsnámskeið undir 1. bekk verði haldin árlega, þegar næg þátttaka er fyrir hendi og enn fremur, að 1. bekkjardeildir verði haldnar árlega í stað annað hvert ár samkv. eldri lögum. Í reglugerð yrði nánar kveðið á um þátttöku og tilhögun námskeiðanna.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. **34. Frumvarp til laga** [34. mál]

um mannanöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

I. KAFLI
Um eiginnöfn.

1. gr.

Hverju barni skal gefa eiginnafn, eitt eða tvö.

Þeir, sem fara með foreldravald yfir barni, hafa bæði rétt og skyldu til að gefa því eiginnafn, eftir því sem greinir í lögum þessum.

Nú er barni gefið millinafn, sem á ekki við að nota sem eiginnafn að dómi mannanafnanefndar (sbr. 28. gr.), og má þá ekki gefa barninu þriðja nafn.

2. gr.

Eiginnafn skal vera íslenzkt eða hafa unnið sér hefð í íslenzku máli. Það má þó ekki brjóta í bág við íslenzkt málkerfi. Eiginnafn má og ekki vera þannig lagað, að það geti orðið nafnbera til ama.

Ekki má gefa kvenmanni karlmannsnafn né karlmanni kvenmannsnafn.

Ekki má gera ættarnafn að eiginnafni. Þetta tekur þó ekki til ættarnafna, sem að dómi mannanafnanefndar hefur verið venja að nota sem eiginnöfn.

Um efni þau, er greinir í 1.—3. málsgr., úrskurðar mannanafnanefnd til fullnaðar.

3. gr.

Mannanafnanefnd semur skrá um þau eiginnöfn, sem heimil eru samkvæmt 2. gr. Menntamálaráðuneyti gefur skrá þessa út og sendir hana öllum sóknarprestum og forstöðumönnum löggiltra trúfélaga. Birta skal viðauka við skrána eftir því sem þörf er á, en hún skal gefin út í heild ekki sjaldnar en á 10 ára fresti.

Nú berst Þjóðskrá tilkynning um eiginnafn, sem er ekki á áður nefndri skrá mannanafnanefndar, og skal það þá ekki skráð að svo stöddu, heldur skal málinu skotið til nefndarinnar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð um það. Ef felldur er synjunarúrskurður, skal handhafi foreldravalds velja barni annað eiginnafn, og skal nafn þá ekki fært á þjóðskrá, fyrr en barninu hefur verið gefið eiginnafn, sem er á skrá mannanafnanefndar eða hún samþykkir, sbr. enn fremur 2. ákvæði til bráðabirgða.

Nú er barni valið annað eiginnafn en því var gefið upphaflega (sbr. 2. málsgr.), og skal breytingin þá tilkynnt sóknarpresti eða forstöðumanni löggilts trúfélags til færslu í kirkjubók.

4. gr.

Þegar fyrirhugað er að gefa barni nafn í skírn, sem prestur Þjóðkirkjunnar eða forstöðumaður löggilts trúfélags á að framkvæma, skal sá, er nafn gefur, skýra presti eða forstöðumanni trúfélags, um leið og hann er beðinn skírnar, frá nafni því eða nöfnum, sem barn á að hljóta. Skal það gert innan 6 mánaða frá fæðingu barns, og skírn framkvæmd eigi síðar en innan 14 daga frá þeim tíma.

Önnur nafngjöf en sú, er um ræðir í 1. málsgr., skal tilkynnt sóknarpresti innan 6 mánaða frá fæðingu barns. Slík tilkynning skal vera á eyðublaði, sem Þjóðskrá lætur gera. Nafngjafir, sem tilkynntar eru Þjóðskrá eða hún fær vitneskju um á annan hátt, skulu færðar í kirkjubók samkvæmt tilkynningum hennar til hlutaðeigandi sóknarprests.

Nú hefur barn verið skírt skemmri skírn, og má þá, þegar skírninni er lýst eða hún tilkynnt til sóknarprests eða hliðstæðs aðila (sbr. 1. og 2. málsgr.), gefa barni nýtt nafn í stað þess, sem því var áður gefið, eða annað nafn til viðbótar áður gefnu nafni.

5. gr.

Dómsmálaráðuneyti er heimilt að leyfa manni nafnbreytingu, ef það telur nafn hans af einhverjum sérstökum ástæðum vera honum til ama (sbr. 29. gr.).

Ef barn er ættleitt, eftir að því var nafn gefið, má í ættleiðingarbréfi gefa því nýtt eiginnafn í stað hins fyrra eða til viðbótar einu nafni, sem það hefur áður hlotið.

6. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. taka ekki til íslenzks barns, sem fætt er erlendis og gefið nafn þar. Þau taka ekki heldur til barns, sem fætt er hér á landi, ef bæði faðir og móðir skilgetins barns, eða móðir óskilgetins barns, hafa erlent ríkisfang.

II. KAFLI

Um kenninöfn o. fl.

7. gr.

Hver maður, sem hefur ekki löglegt ættarnafn, skal kenna sig til föður síns, þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum komi nafn föður í eignarfalli að viðbættu orðinu son, ef karlmaður er, en dóttir, ef kvenmaður er. Erlend kona, sem giftist Íslendingi, er ekki hefur ættarnafn, má þó kenna sig til föður eiginmannsins á sama hátt og hann, og hún má halda því áfram eftir að hún öðlast íslenzkt ríkisfang. Ekki tekur þetta til niðja slíkra hjóna.

Ákvæði 1. málsliðar 1. málsgr. taka til íslenzkrar konu, sem giftist erlendum ríkisborgara eftir gildistöku þessara laga, nema hann beri, að dómi mannanafnanefndar, ættarnafn, sem fullnægir kröfum 11. gr.

Íslenzk kona gift Íslendingi skal eftir búferlaflutning til landsins sæta ákvæðum 1. málsliðar 1. málsgr. Sama gildir um börn slíkra hjóna.

Gift kona, sem við gildistöku þessara laga er á þjóðskrá kennd til föður eiginmanns síns, má gera það áfram til æviloka.

Heimilt er að kenna sig til eiginnafns móður með hliðstæðum hætti og til föður.

8. gr.

Óskilgetið barn erlends manns og íslenzkrar konu skal kenna sig til móðurföður síns, eða hafa ættarnafn móður sinnar, ef til er. Ef erlendur faðir slíks barns ber nafn, sem mannanafnanefnd samþykkir, má kenna barnið til föður samkvæmt 1. málsgr. 7. gr.

Ófeðrað barn, sem hefur ekki fengið sérstakt ættarnafn, skal kenna sig til móðurföður síns eða hafa ættarnafn móður sinnar, ef til er, sbr. þó 5. málsgr. 7. gr.

Ófeðrað barn yngra en 16 ára má, með leyfi dómsmálaráðuneytis, kenna sig til stjúpföður síns.

9. gr.

Þegar barn er ættleitt af hjónum eða karlmanni eingöngu, má ákveða í ættleiðingarbréfi, að það sé kennt til kjörforeldris.

Ef barn er ættleitt af konu eingöngu, má ákveða í ættleiðingarbréfi, að það kenni sig til föður hennar eða taki ættarnafn hennar.

10. gr.

Óheimilt er að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi, nema dómsmálaráðuneyti hafi veitt leyfi til þess, enda hafi mannanafnanefnd samþykkt ættarnafnið.

Ættarnöfn, sem íslenzkir ríkisborgarar bera samkvæmt þjóðskrá við gildistöku þessara laga, mega haldast (sjá þó 4. málsgr. 11. gr.). Kenninöfn, sem geta ekki talizt vera ættarnöfn að dómi mannanafnanefndar, skulu felld úr þjóðskrá, og er hlutaðeigendum óheimilt að bera þau.

11. gr.

Ættarnöfn samkvæmt fyrri málsgr. 10. gr. skulu vera íslenzk og í samræmi við íslenzkt málkerfi.

Ekki er heimilt að taka upp ættarnafn, sem annar maður hefur rétt til að bera, eða er svo líkt því nafni, að villu geti valdið. Þó má leyfa slíkt ættarnafn, ef allir þeir, sem rétt hafa til hins nafnsins, samþykkja það.

Ekki má gera eiginnafn, sem tíðkað er í landinu, að ættarnafni, og ekki heldur nöfn, sem enda á orðinu son.

Menn, sem við gildistöku laga þessara eru 16 ára eða eldri og hafa ættarnafn, sem endar á orðinu son (sbr. 3. málsgr.), mega halda því til æviloka, en þá skal það lagt niður. Börn þessara manna, fædd eða ófædd þegar lög þessi taka gildi, hafa sama rétt.

12. gr.

Sá, sem æskir upptöku ættarnafns, skal sjálfur senda dómsmálaráðuneyti umsókn sína, ef hann er 16 ára eða eldri.

Veita má barni, sem yngra er en 16 ára, leyfi til upptöku ættarnafns, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, samkvæmt umsókn þess manns, er fer með foreldravald yfir því.

Ættmenn geta í sameiningu sótt um sameiginlegt ættarnafn.

Dómsmálaráðuneyti ákveður, hver gögn skuli fylgja umsóknum um upptöku ættarnafna.

13. gr.

Nú ber maður löglegt ættarnafn, og hafa þá niðjar hans í karllegg rétt til að nota nafnið. Sama gildir um kjörbörn.

14. gr.

Eiginkonu er heimilt að bera ættarnafn eiginmanns síns, meðan hjúskapur stendur og eftir að honum lýkur. Þó getur maður krafizt þess, að dómsmálaráðuneyti úrskurði, að fyrri eiginkonu hans sé óheimilt að bera ættarnafn hans, eftir að hún gengur í annan hjúskap, og sama rétt hefur ekkja hans. Krafa skal gerð innan sex mánaða frá því, að kona gekk í hjúskap. Dómsmálaráðuneyti reisir úrskurð sinn á því, hvort þyngra sé á metunum hagsmunir konu af því að halda nafni eða þau rök, sem fram eru flutt fyrir því, að kona láti af fyrra nafni.

15. gr.

Dómsmálaráðuneyti er heimilt (sbr. 29. gr.) að veita manni, þegar sérstaklega stendur á, leyfi til að taka upp nýtt ættarnafn í samræmi við ákvæði laga þessara, í stað ættarnafns, sem hann hefur áður borið.

16. gr.

Ekki er manni skylt að bera ættarnafn, þó að hann hafi rétt til þess. Í stað þess að nota ættarnafn er mönnum jafnan heimilt að kenna sig svo sem segir í 7.—9. gr.

Þegar kona gengur í hjúskap, er henni heimilt að nefna sig áfram ættarnafni því, sem hún hafði áður, sbr. þó 14. gr.

Nú hefur kona tekið ættarnafn manns síns, og er henni þá frjálst að taka upp að nýju upprunalegt ættarnafn sitt, þegar hjúskap er lokið. Í öðrum tilvikum er manni ekki heimilt, nema samþykki dómsmálaráðuneytis komi til, að taka upp aftur ættarnafn, sem hann hefur eitt sinn hætt að bera.

Maður, er hefur rétt til að nefna sig ættarnafni, sem hann hefur ekki borið, getur tekið það upp, og eins getur maður fellt niður ættarnafn, sem hann hefur borið, og kennt sig svo sem segir í 7.—9. gr., sbr. og 19. gr. Þó er manni óheimilt að gera slíka breytingu oftar en einu sinni eftir að hann nær 16 ára aldri, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Þessi takmörkun tekur ekki til réttar kvenna til nafnbreytingar samkvæmt 2. og 3. málsgr.

17. gr.

Nú fær maður, er heitir erlendu nafni, íslenzkt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, 17 ára og yngri (sbr. 3. málsgr. 6. gr. laga nr. 100/1952), taka upp íslenzkt eiginnafn og kenninafn, sem samþykkt er af dómsmálaráðuneyti. Slík nafnbreyting skal ákveðin samtímis því, að ráðuneytið gefur út bréf um, að hlutaðeigendur öðlist íslenzkt ríkisfang. Barni, sem fæðist eftir að foreldri þess hefur fengið íslenzkt ríkisfang með lögum, skal gefið íslenzkt eiginnafn, og það skal fá íslenzkt kenninafn.

Ákvæði 1. málsgr. taka á hliðstæðan hátt til útlendinga, sem fá íslenzkt ríkisfang samkvæmt 2.—4. gr. laga nr. 100/1952.

Ef óskað er upptöku íslenzks ættarnafns í sambandi við nafnbreytingu samkvæmt ákvæðum þessarar gr., leitar dómsmálaráðuneyti samþykkis mannanafnanefndar, og hefur að öðru leyti samráð við hana eftir því sem við á um framkvæmd á þessari gr.

18. gr.

Þjóðskrá heldur skrá yfir ættarnöfn og rétthafa þeirra.

III. KAFLI

Um skráningu nafna í þjóðskrá.

19. gr.

Breyting á eiginnafni eða kenninafni samkvæmt leyfi dómsmálaráðuneytis öðlast ekki gildi, fyrr en hún hefur verið færð á þjóðskrá. Sama gildir um hverja þá breytingu á nafni, sem getur átt sér stað samkvæmt ákvæðum þessara laga, án þess að leyfi ráðuneytis þurfi að koma til.

20. gr.

Nú óskar maður að fá breytt ritun nafns síns á þjóðskrá, án þess að um sé að ræða eiginlega nafnbreytingu, og skal þá fara eftir reglum, sem mannanafnanefnd hefur samþykkt. Hver maður getur aðeins fengið slíka breytingu gerða einu sinni, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

Menn geta, til auðkenningar, látið rita nafn sitt á þjóðskrá með bókstaf eða bókstöfum, fyrir nöfn eða heiti, sem þeim hafa ekki verið gefin, enda sé til þess rúm í þjóðskrárspjaldi hlutaðeiganda. Slík skammstöfun skal standa milli eiginnafns og kenninafns.

21. gr.

Skráning í þjóðskrá á kenninafni barns, sem er gefið nafn, skal vera í samræmi við ákvæði 7.—9. gr., nema tekið sé fram í tilkynningu til Þjóðskrár, að barnið skuli bera ættarnafn, sem það hefur rétt á. Skal sá, er gefur barni nafn, tilkynna

ættarnafnið sóknarpresti, og lætur hinn síðar nefndi þá tilkynningu ganga til Þjóðskrár.

Tilkynning sú, er um ræðir í fyrri málsgr., þarf ekki að eiga sér stað, ef eldri bróðir eða systir barnsins er fyrir á þjóðskrá með löglegu ættarnafni.

22. gr.

Kona, sem við giftingu óskar að taka upp ættarnafn eiginmanns eða annað kenninafn, sem hún á rétt á, skal tilkynna það þeim aðila, sem framkvæmir hjónavígsluna, og færir hann tilmæli hennar á skýrslu þá, er hann sendir Þjóðskrá um hjónavígsluna. Kona, sem fær kenninafni sínu breytt samkvæmt slíkum tilmælum, getur ekki, meðan hjúskapurinn stendur, fengið því breytt til annars horfs, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

23. gr.

Föðurnafn barns, er kennir sig til föður og er yngra en 16 ára við gildistöku laganna, eða fætt síðar, skal vera eiginnafn föður samkvæmt þjóðskrá, eða fyrra nafn hans þar, ef skráð eiginnöfn eru tvö.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Á öllum opinberum skrám og öðrum opinberum gögnum skulu nöfn manna rituð eins og þau eru skráð í þjóðskrá á hverjum tíma.

Í öllum skiptum við opinbera aðila, við alla samningsgerð, skriflega og munnlega, svo og í öðrum lögskiptum, skulu menn tjá nafn sitt eins og það er ritað á þjóðskrá á hverjum tíma.

25. gr.

Þá er sóknarprestur eða forstöðumaður löggilts trúfélags veitir viðtöku tilkynningu ljósmóður um fæðingu óskilgetins barns, skal hann tilkynna hana þeim manni, sem móðirin kennir barnið, og óska staðfestingar hans á faðerninu innan tiltekins frests. Þjóðskrá kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

Dómstólar skulu senda Þjóðskrá tilkynningu um úrslit allra barnsfaðernismála og vefengingarmála, sem dæmd eru, svo og um sérhverja viðurkenningu á faðerni fyrir valdsmanni.

26. gr.

Lögreglustjórar, sóknarprestar og forstöðumenn löggiltra trúfélaga skulu aðstoða Þjóðskrá eftir föngum við framkvæmd á ákvæðum 4. gr.

27. gr.

Gjald fyrir leyfi til upptöku ættarnafns samkvæmt 10. og 15. gr. skal vera 3000 kr., en 500 kr. fyrir leyfi til nafnbreytingar samkvæmt 1. málsgr. 5. gr. Gjöld þessi skulu fylgja breytingum verðlagsvísitölu. — Leyfi til upptöku ættarnafns í sambandi við framkvæmd á ákvæðum 17. gr. skal vera gjaldfrjálst.

Þjóðskrá tekur gjald fyrir aðrar breytingar á skráningu nafns en þær, er um ræðir í fyrri málsgr., samkvæmt gjaldskrá, er hún setur.

28. gr.

Menntamálaráðuneyti skipar nefnd þriggja manna, er bera skal heitið mannanafnanefnd. Í nefndinni skulu eiga sæti tveir kennarar heimspekideildar og einn kennari í lögfræði við Háskóla Íslands. Leita skal tillagna deildanna, áður en menn eru skipaðir í nefnd þessa. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn, og eru varamenn skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma.

29. gr.

Dómsmálaráðuneyti skal leita umsagnar mannanafnanefndar, áður en það veitir leyfi til nafnbreytinga (sbr. 5. gr.), og samþykkis hennar, áður en leyfi er veitt til upptöku ættarnafna (sbr. 10., 15. og 17. gr.).

30. gr.

Menntamálaráðuneyti er heimilt að kveða nánar á um efni og framkvæmd laga þessara með reglugerð eða á annan hátt.

31. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 30 000 kr.

Nú getur maður fært sönnur að því, að annar maður noti nafn hans eða nafn, sem líkist því svo mjög, að villu geti valdið, og getur hann þá krafizt þess í dómsmáli, að hinn sé skyldaður til að láta af notkun nafnsins.

V. KAFLI

Gildistaka og brottfallin lög.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um mannanöfn, nr. 54 frá 27. júní 1925, 10. gr. laga um utanþjóðkirkjumenn, nr. 4 frá 19. febrúar 1886, og 48. og 81. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 frá 27. júní 1921.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Dómsmálaráðuneyti er ekki heimilt að veita leyfi til upptöku nýrra ættarnafna fyrr en 8 mánuðir eru liðnir frá gildistöku laganna. Þetta tekur ekki til ættarnafna, sem leyfð eru í sambandi við framkvæmd á ákvæðum 17. gr. — Ef fleiri menn en einn hafa sótt um leyfi til upptöku sama nafns að liðnum 8 mánuðum frá gildistöku laganna, skal sá ganga fyrir, sem hefur áður notað nafnið sem ættarnafn, þó að það hafi ekki verið lögfest.
2. Þar til skrá sú um mannanöfn, er um ræðir í 3. gr., er gefin út, skal Þjóðskrá skjóta öllum nafngjöfum, sem vafi er á að samrýmist ákvæðum 2. gr., til úrskurðar mannanafnanefndar, og gilda í því sambandi ákvæði síðari málsliðar 2. málsgr. 3. gr.
3. Nú rís ágreiningur milli sóknarprests (forstöðumanns löggilts trúfélags) og foreldris út af nafngjöf, og getur þá hvor aðili um sig skotið málinu til mannanafnanefndar til fullnaðarúrskurðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið var lagt fram á síðasta Alþingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Fylgdi því þá svofelld greinargerð:

Hinn 27. júní 1967 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til þess að endurskoða lög nr. 54 frá 27. júní 1925, um mannanöfn. Í nefndina voru skipaðir Klemens Tryggvason, hagstofustjóri, formaður, prófessorarnir Ármann Snævarr, Einar Bjarnason og dr. Halldór Halldórsson og Matthías Johannessen, ritstjóri.

Nefndin hefur samið frv. það, sem hér er lagt fram, og fylgdi því svofelld greinargerð:

Almenn greinargerð með frumvarpinu.

Við samningu frumvarpsins hefur nefndin reynt að gera það svo úr garði, að íslenzk mannanöfn gætu valdið því hlutverki sínu að vera til sem gleggstra auð-

kenna á mönnum. Þá hefur einnig verið haldið þeirri stefnu að stemma stigu við fleirnefnum, en leyfa þó tvínefni, og stuðla að því, að íslenzk mannanöfn verði í samræmi við íslenzkt málkerfi, og koma í veg fyrir, að nöfn verði nafnbera til ama eða óþæginda. Þá er lagt til, að nafn skuli valið barni innan hæfilegs tíma, en um það skortir að mestu ákvæði í gildandi lögum. Nefndinni er ljóst, að mannanafnalög missa marks, nema tryggilegt eftirlit sé haft með því, að nöfn séu valin í samræmi við slík lög. Er vænlegast til árangurs að stemma á að ósi. Með tilkomu þjóðskrár fékkst úrræði og stofnun, sem álitlegt er að virkja í þessu efni. Er lagt til í 3. gr. frv., að nöfn gefin börnum fáist ekki færð á þjóðskrá, nema þau séu lögmæt, og að hvers konar nafnbreytingar verði ekki gildar, fyrr en þær hafa verið færðar á þjóðskrá (sbr. 19. gr. frv.). Jafnframt skal kenninafn barns vera í samræmi við þjóðskrá og sé þar annað hvort kennt til eiginnafns föður eða móður, eða notað ættarnafn þeirra. Samkvæmt 18. gr. færir Þjóðskrá skrá um öll ættarnöfn, svo að einnig að því leyti er fenginn grundvöllur að virku eftirliti. Með 23. gr. frv. er tekin afstaða til þess í sambandi við kenningu til föður, til hvaða nafns hans skuli kenna, ef hann heitir fleiri nöfnum en einu.

Um eftirlit með því, að farið sé að nafnalögum, ef frv. þetta verður lögfest, verður að greina milli tvenns, tímabilsins áður en nafnaskrá er samin, sbr. 3. gr. 1. málsgr., og tímabilsins eftir að sú skrá liggur fyrir. Á fyrra tímabilinu gengur Þjóðskrá — og að öðru leyti prestur — úr skugga um, að nafn fullnægi almennum skildögum, sem hér eru greindir. Ef vafi leikur á því, vísar Þjóðskráin málinu til úrskurðar mannanafnanefndar, sbr. 3. gr. 2. málsgr. og 2. ákvæði til bráðabirgða, en um skipun nefndar segir í 28. gr. frv. Jafnframt getur prestur (forstöðumaður trúfélags) eða foreldri skotið ágreiningi, sem verður út af nafngjöf, til mannanafnanefndar til úrskurðar, sbr. 3. ákvæði til bráðabirgða. Er úrskurður nefndar fullnaðarúrskurður. Eftir að skrá mannanafnanefndar um mannanöfn hefur verið samin, verður verkefni þeirra, sem sjá eiga um framkvæmd laganna, um margt einfaldara í sniðum. Er þá unnt að taka mið af nafnaskránni, en vitaskuld er ekki skotið loku fyrir að bera upp við mannanafnanefnd hugmyndir um önnur nöfn. Í þeim tilvikum, er að framan greinir, geta þau málalok orðið hjá mannanafnanefnd, að hún fallist ekki á, að nafn sé lögmætt. Ber þeim, sem með foreldravald barns fara, þá að velja barni nýtt nafn, sbr. 3. gr. 2. málsgr. Nefndin telur, að hér eigi að verða um virk úrræði að ræða til að framkvæma lögin með viðhlítandi hætti, en þessi mál hafa mjög verið látin reka á reiðanum undanfarna áratugi. Nefndin leggur á það áherzlu, að brýna þörf beri til þess að koma við leiðbeiningarstarfsemi um mannanöfn og hver ábyrgðarhluti það sé fyrir foreldra að velja barni nafn, sem því sé til ama, en auk þess má einskis láta ófreistað að semja hið fyrsta skrá þá um mannanöfn, sem greinir í 3. gr. Sú skrá er óhjákvæmilegur bakhjarl fyrir alla þá, sem framkvæma eiga lögin, og hún ætti einnig að geta verið til mikils liðsinnis foreldrum við nafngjafir. Þessu hlutverki getur skrá um óheimil nöfn, sbr. 6. gr. l. nr. 54/1925, ekki gegnt, og þykir einsætt, að samin verði skrá um heimil nöfn, en ekki óheimil. Samkvæmt 3. gr. frv. er engan veginn fyrir það girt, að önnur nöfn verði leyfð en á skrá standa, en slík nafngjöf yrði þá borin undir mannanafnanefnd. Vert er að benda á, að skrá þessi á aðeins að fjalla um eiginnöfn, en ekki um ættarnöfn. Ýmsar aðrar skrár kæmi til greina að semja síðar, svo sem bent er á í grein um þetta mál í Skírni 1960.

Um eiginnöfn má annars geta þess, að nokkuð er aukin heimild til að fá breytingar á þeim, svo sem síðar greinir, sbr. athugasemd við 5. gr. frv.

Í II. kafla frv. er hugtakið kenninafn látið taka til hvers konar kenningar, sem lögmæt er samkvæmt frv., þ. e. kenningar til eiginnafns föður eða móður í eignarfalli að viðbættu son eða dóttir, og svo til ættarnafns. Þótt kenning til móður sé ekki tíðkuð, þykir rétt að leyfa hana, enda er það ein af þeim grundvallarhugmyndum, sem frv. er reist á, að búa konum og körlum sem mest jafnræði.

Nefndin tók til rækilegrar athugunar þær röksemdir, sem uppi hafa verið með og móti upptöku ættarnafna og þ. á m. sjónarmið einstakra nefndarmanna í nefnd þeirri, er samdi frv. til mannanafnalaga 1955. Í íslenzku þjóðfélagi tíðkast nú tvenns konar nafnakerfi, þ. e. hið forna nafnakerfi með kenningu til föður og svo ættarnafnakerfið. Lög nr. 54/1925 leyfðu tiltekin ættarnöfn, eins og fyrr er greint, þ. e. yfirleitt ættarnöfn, sem upp voru tekin fyrir 1915, og vegna innflutnings manna með erlend ættarnöfn og vegna barneignar erlendra manna með íslenzkum konum, svo og sakir giftinga íslenzkra kvenna og erlendra manna, hefur bætzt við mikill fjöldi ættarnafna síðan lög nr. 54/1925 tóku gildi. Eftirlit með framkvæmd þeirra laga hefur verið næsta máttlítið. Alkunna er, að þau ættarnöfn, sem tekin voru upp á tímabilinu 1915—1925 og hverfa áttu með þeim mönnum, er fengu leyfi til þeirra, og börnum þeirra, hafa haldizt áfram, án þess að stjórnvöld hafi gert neitt til að afstýra því. Liggur nærri að telja, að niðjum þeirra manna hafi, fyrir lagavenju, unnizt réttur á nafni sínu á borð við aðra þá, sem höfðu ættarnöfn fyrir 1915. Stórfelld upptaka nýrra ættarnafna átti sér stað frá því að mannanafnalög 1925 voru sett og þar til Þjóðskrá tók við almannaskráningu 1953—54 án þess að við því væri amazt, þ. e. menn voru á þessu tímabili skráðir á manntal og á opinberar skrár með þeim nöfnum og ekkert var gert til að afstýra slíkri sjálftöku ættarnafna. Ekki er sýnilegt, að almenningur hafi brugðizt öndverður gegn þessu eða krafizt þess með neinum þunga, að lögin yrðu framkvæmd. Alþingi hefur ekki gert neinar ályktanir um efnið, svo að kunnugt sé, og á gildistíma laganna hafa nálega allir stjórnmálaflokkar landsins átt fulltrúa í ríkisstjórn, án þess að gera reka að máli þessu.

Telja verður, að þúsundir manna á landi hér beri ættarnöfn, ýmist svo að þau helgist af ákvæðum laga nr. 54/1925, og er þar um minnihluta að ræða, eða svo, að nöfnin séu í andstöðu við lög nr. 54/1925. Um þessi nöfn er þriggja kosta völ: 1. að framfylgja banni laga nr. 54/1925 og óheimila hlutaðeigendum að bera nöfn sín og eftir atvikum sækja þá til refsingar samkvæmt þeim lögum. Í því sambandi telur nefndin, að þá ætti að breyta lögum nr. 54/1925 í það horf að óheimila öll ættarnöfn, enda fela lögin í sér slíka mismunun á þegnum landsins, að ekki er viðhlítandi. 2. Að láta reka á reiðanum í þessu efni eins og gert hefur verið lengstum. 3. Að endurskoða lögin og leita úrræða, sem hald er í, til að koma þessum málum í bærilegt horf.

Nefndin er á einu máli um, að ekki komi til greina að velja fyrsta kostinn, hann sé gersamlega óframkvæmanlegur, enda kunna sum nöfnin að hafa unnið sér lagavernd fyrir lagavenju og tómlæti stjórnvalda. Annan kostinn telur nefndin ósamboðinn íslenzku þjóðfélagi. Er ærin raun að því, að lög um jafnmikilvægt lagasvið sem löggjöfin um mannanöfn skuli ekki hafa verið framkvæmd betur en raun ber vitni um langt skeið. Er þá þriðji kosturinn að endurskoða lögin, lögmæla þar ýmsar endurbætur, sem tímabærar og bráðnauðsynlegar eru, og taka enn fremur afstöðu til ættarnafnamálsins, svo og annars álitamáls, sem nefnt er hér að framan, þ. e. um nöfn þeirra, sem hljóta íslenzkt ríkisfang með lögum.

Frumvarp nefndarinnar er á því reist, að skylt sé að horfast raunsætt í augu við þann vanda, sem að hefur steðjað um íslenzkt nafnakerfi. Eins og nú er komið, verður hjólinu ekki hverft aftur á bak. Frv. byggir enn fremur á tillitinu til þeirra, sem borið hafa nöfn átölulaust um langt skeið, en semjendur frv. telja, að nafnið sé persónulegt málefni og varði tilfinningar manna, og að fara beri með aðgát að lagasetningu um slíkt persónu- og mannréttindasvið. Frv. er á því reist, að farsælast sé, svo sem nú er komið, að tvenns konar nafnakerfi fái að þróast, og er þá tekið mið af þróuninni eins og hún hefur orðið. Vafalaust mun meirihluti manna óska að halda hinum fornu nafnvenjum með kenningu til eiginnafns föður (eða móður), en í frv. er lagt til, að auk þessa nafnakerfis séu ættarnöfn lögmæt. Samkvæmt frv. þarf leyfi dómsmálaráðuneytis til upptöku ættarnafns og samþykki mannanafnanefndar, enda sé ættarnafn íslenzkt og í samræmi við íslenzkt málkerfi. Með þeim

fyrirvara er eytt þeim agnúa, sem hefur verið á æði mörgum íslenzkum ættarnöfnum, er draga dám að útlendum nafnsiðum, og sum hver eru dönskuskotin. Stefnan í þessu frv. er í stuttu máli á sömu lund og hjá meirihluta þeirrar nefndar, sem samdi frv. til mannanafnalaga 1955: 1. Löggilding á nöfnum, sem tíðkazt hafa samkvæmt lögum nr. 54/1925 og óvinnandi vegur er að kveða niður. 2. Lögfesting tvenns konar nafnakerfa, er bæði lúti að íslenzku málkerfi um myndun nafna.

Um afstöðuna til nafna manna og barna þeirra, sem fá íslenzkt ríkisfang með lögum, vill nefndin taka fram eftirfarandi: Hún telur með vísan til þess, er áður segir um persónu- og tilfinningatengsl manns við nafn sitt, að harkalegt sé að skilja það til, að menn breyti nafni sínu, er þeir fá íslenzkt ríkisfang. Er þó vissulega æskilegt, að þeir taki íslenzkt nafn, sérstaklega ef auðvelt er að laga nafn þeirra að íslenzku málkerfi. Ef frv. þetta verður að lögum, er líklegt, að ýmsir þessara manna kjósi að taka sér íslenzkt ættarnafn. Um börn slíkra manna innan 18 ára aldurs gegnir nokkuð öðru máli. Þeim er oft ami að því í skólum og félagslífi og jafnvel í atvinnu sinni að bera erlent nafn. Líklegt er, að þau ætli sér að ílendast hér og laðast að íslenzku þjóðfélagi, og tengsl þeirra við nafnið eru með öðrum hætti en fulltíða fólks. Er því áskilið, að þau taki íslenzkt nafn, svo sem nánar er markað í 17. gr. frv.

Við samningu frv. hefur verið mjög tekið mið af frv. til laga um mannanöfn frá 1955, og eru ýmsar greinar þessa frv. orðaðar á sama hátt og þar. En auk þess sem sum ákvæði eru hér öðruvísi að efni en þar og nokkur ný mannanafnaákvæði tekin upp, er aðalmunur þessara tveggja frumvarpa sá, að í þessu nýja frv. er Þjóðskránni, eins og áður segir, ætlað mikið hlutverk í sambandi við framkvæmd mannanafnaákvæða. Nefndin hefur yfirleitt lagt megináherzlu á framkvæmdarhlið þessara mála, en einmitt þar hefur skórinn kreppt, eins og reynslan sýnir. Nefndin telur, að með frv. hennar — ef að lögum verður — sé í fyrsta sinn í löggjöf lagður traustur grundvöllur fyrir haldgóðri framkvæmd mannanafnaákvæða.

Frv. nefndarinnar fjallar mestmegnis um þær reglur nafnréttar, sem eru runnar af rótum opinbers réttar, svo sem áður hefur tíðkazt í lögum og í frv. frá 1955. Um hina persónulegu nafnvernd og nafnrétt eru fyrst og fremst ákvæði í 31. gr. 2. málsgr., en það kemur þó mjög í hlut hins fræðilega nafnréttar eða persónuréttar og dómstóla að móta þær reglur, sem þar eiga við.

Allsherjarhagsmunir í sambandi við mannanöfn eru margvíslegir. Fyrst má geta nafnskyldu (nafnkvaðar), þ. e. þess hagsmunaefnis þjóðfélags, að börnum sé gefið nafn og það hið fyrsta og raunar, að tryggileg bókfærsla sé á nafngjöfum. — Nöfnum er ætlað að auðkenna menn, og er mikilvægt, að nöfn séu svo úr garði gerð, að þau sérgreini einstaklinga eins glöggt og frekast er kostur á, segi með nokkrum hætti á þeim deili. Í því efni er þess að geta, að víðast hvar erlendis hefur eiginnafn lítið gildi til sérgreiningar, en það eru fyrst og fremst ættarnöfn, sem þykja fallin til þess, þótt ekki séu þau ávallt vaxin því hlutverki, sbr. t. d. sen-nöfnin dönsku eða Smith-nöfnin brezku og bandarísku. Enn má benda á þá hagsmuni, sem við það tengjast af sögulegum, þjóðernislegum og málfræðilegum ástæðum, að nöfn séu íslenzk og lúti íslenzku málkerfi. Verður að hafa hemil á nafngjöfum, með opinberu eftirliti og úrræðum, svo að þessum hagsmunum verði borgið. Þá er það hagsmunaefni fyrir almannavald, að menn riti ávallt nöfn sín á sama veg, a. m. k. eftir að þeir eru orðnir sjálfráða, nema sérstök, lögmæt atvik leiði til annars. Enn má benda á þá hagsmuni, sem við það tengjast, að þau nöfn ein tíðkist, sem ekki eru amböguleg eða klaufaleg, svo að nafnbera verði til ama. Eftir lögum nr. 54/1925 hefur það enn fremur þótt mikilvægt stefnumark að útrýma sem mest ættarnöfnum og reisa íslenzkt nafnkerfi á fornum nafnvenjum.

Ýmiss konar aðrir hagsmunir eru tengdir við nafn, þ. á m. persónulegir hagsmunir. Mönnum er oft hugað um nafn sitt, það tengir þá við fjölskyldu þeirra, og nafnið er þáttur í persónuleika manns. Hér er um tilfinningamál að ræða í ríkum mæli. Hins vegar koma hér einnig til greina fjárhagslegir hagsmunir, svo sem þegar

menn hafa unnið sér sérstakt álit og eru kunnir af nafni sínu vegna atorku og sérþekkingar eða fyrir framlög á sviði lista, vísinda og ýmiss konar framkvæmda. Sálrænir og persónulegir hagsmunir, sem tengdir eru við nafn, hafa valdið því, að reglur hafa þróazt í lögfræði þess efnis, að menn eigi lögvarðan rétt á nafni sínu og geti leitað því verndar með liðsinni dómstóla. Kemur þá einkum til, að menn geti fengið lagt bann við óheimilli notkun annarra á nafni, og raunar horfa sektarákvæði nafnalaga, eða geta horft til þess, að slá varnarmúr um einstakt nafn, þótt verndarhagsmunir séu þar að jafnaði víðtækari. Í Norðurlandalögunum nýju frá síðasta áratug eru ákvæði, er að þessu lúta. Má m. a. benda á 17. gr. í dönsku mannanafnalögunum frá 1961. Að fordæmi þeirra laga er lagt til í 31. gr. 2. málsgr. frv., að lögfest sé ákvæði um persónulega nafnréttinn þeim til trausts, er reka vill réttar síns í einkamáli út af óheimilli notkun annars manns á nafni hans.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Frv. er skipt í fimm kafla. Fjallar fyrsti kaflinn um eiginnöfn, annar um kenninöfn o. fl., hinn þriðji um skráningu nafns í þjóðskrá, hinn fjórði geymir ýmis ákvæði, en lokakaflinn er um gildistöku og brottfallin lög. Enn er ákvæðum til bráðabirgða knýtt við frv.

Tekið skal fram, að nefndinni hefur ekki verið falið það verkefni að endurskoða önnur lög en mannanafnalög, þar sem reyna kann á mannanöfn, svo sem í lögum um firmu, vörumerki, ólögmæta verzlunarháttu o. fl. Nefndin hefur þó endurskoðað lagaákvæðin um mannanöfn í lögum 39/1921, um stofnun og slit hjúskapar, 48. og 81. gr., og að nokkru í lögum um ættleiðingu 19/1953, 10. gr. Frv. tekur ekki að neinu leyti til listamannaheita, þ. á m. dulnefni höfunda. Þá falla viss atriði í nafnvenjum utan frv., svo sem nafnviðbót, er lýtur að þeim stað, sem menn eru frá. Í kenningarreglunum er þó fólgið, að það er ónóg nafnritun að rita nafn sitt með eiginnafni og t. d. „frá Kleif". Þá er sitthvað látið ráðast af venjum, svo sem altítt hefur verið, t. d. hvort menn riti upphafsstaf að öðru eiginnafni sínu eða upphafsstaf í eiginnafni föður, en ættarnafn að auki. Frv. amast ekki við því, að menn kenni sig fullum fetum til eiginnafns föður og noti ættarnafn hans að auki, svo sem sumir menn gera hér á landi.

Skal nú vikið að einstökum köflum og frumvarpsgreinum.

Um I. kafla.

Í þessum kafla er safnað ákvæðum um eiginnöfn. Eru þar fyrirmæli um, hvernig eiginnöfn skuli úr garði gerð, um rétt og skyldu til nafngjafar, um fresti til nafngjafar og um heimild til breytingar á eiginnafni. Þá eru ákvæði um gæzlu á fyrirmælum laganna, og hlut Þjóðskrár, dómsmálaráðuneytis og mannanafnanefndar í því sambandi. Hér á landi hafa eiginnöfn meira gildi til auðkenningar en víðast hvar erlendis, og er því eðlilegt að meiri rækt sé lögð við þau en í sumum erlendum nafnalögum, sem aðallega láta sig ættarnöfn skipta. Ýmsar kröfur verður sameiginlega að gera til eiginnafna og kenninafna, svo sem að þau lúti íslenzku málkerfi, en allt um það er heppileg efnisskipun að fjalla um þessa tvo nafnstofna hvorn í sínum kafla. Þriðja nafndeildin er svo millinafn, sbr. 1. gr. 3. málsgr. Sigla þau nöfn nokkuð beggja skauta byr, oft eru þau kenninöfn, sem ekki lúta þó almennum reglum um þau nöfn, svo sem þegar barn er skírt Jón Sigurðsson, en er Jónsson, eða þegar barn tekur upp ættarnafn móður sem millinafn, og nefnist t. d. Jón Norðfjörð Jónsson. Slíkt nafn gengur ekki frá kynslóð til kynslóðar. Þá getur verið um nöfn að ræða, sem fela í sér bæjar- eða staðarheiti, og svo nöfn, sem eru að gerð eiginnöfn, en notuð sem almenn millinöfn, t. d. þannig að öll börn tiltekinna foreldra eru skírð því nafni sem öðru eiginnafni. Þykir rétt að minna á þetta nafnfyrirbæri í 3. málsgr. 1. gr. og lögfesta með því, að þau nöfn lúti einnig hinum almennu fyrirmælum um eiginnöfn, þ. á m. að eiginnafn getur aðeins verið eitt, ef millinafn er valið.

Um 1. gr.

Greinin er í samræmi við núgildandi lög, sbr. upphaf 1. gr. l. 54/1925, svo og lagaframkvæmd. Um millinöfn segir í umsögn um I. kafla almennt. Kenningarnöfn samkvæmt l. 41/1913 eru ekki sérstaklega nefnd í þessu frv., enda lítt eða ekki tíðkuð.

Um 2. gr.

Í 1. málsgr. er haldið þeirri reglu gildandi laga, sbr. 1. og 4. gr. l. 54/1925, að nafn skuli vera íslenzkt. Þessi grundvallarkrafa er orðuð svo nánar, að nafn skuli annað tveggja vera íslenzkt eða hafa unnið sér hefð í íslenzku máli, þ. e. sé ekki ungt í málinu. Ýmis nöfn, svo sem biblíunöfn, eru ekki íslenzk, en hafa þó fyrir löngu unnið sér sess í íslenzku. Enn er skilið til, að nafn brjóti ekki í bága við íslenzkt málkerfi. Vera má að nafn hafi unnið sér hefð í íslenzku, en brjóti gegn íslenzku málkerfi, svo sem vegna orðmyndunar, hljóðkerfis og beygingar. Um ýmis atriði þessa máls er fjallað í ritgerð dr. Halldórs Halldórssonar, prófessors, um ólögleg mannanöfn í Andvara 1962, og í ritgerð hans, Hugleiðingar um íslenzk mannanöfn að gefnu tilefni, í Skírni 1960.

Í 1. málsgr. segir enn, að eiginnafn megi ekki vera þannig, að það geti orðið nafnbera til ama. Nafnið getur verið alls kostar íslenzkt, en þó svo lagað, að varhugavert sé að nefna barn því. Geta hér vaknað ýmis vafatilvik, en máli má skjóta til mannanafnanefndar, ef ágreiningur verður um nafngjöfina.

Í 2. málsgr. er sérstaklega tekið fram, að óheimilt sé að gefa kvenmanni karlmannsnafn og karlmanni kvenmannsnafn. Myndi slíkt raunar brjóta í bága við íslenzkt nafnkerfi, en ákvæðið er orðað til öryggis.

Í 3. málsgr. er lagt bann við að nota ættarnafn sem eiginnafn, nema ættarnafn sé þess kyns, að það hafi verið venja að nota það sem eiginnafn. Nokkur brögð hafa verið að þessu, og er rétt að taka fyrir það, svo sem gert er í norrænu mannanafnalögunum, enda getur hér verið hætta á ruglingi, og auk þess er með slíku gengið á rétt þeirra, sem ættarnafn bera. Kostirnir til vals á eiginnöfnum eru ekki þrengdir til neinna muna með þessu ákvæði.

Í 4. málsgr. segir, að mannanafnanefnd úrskurði þau efni, er í 1.—3. málsgr. greinir, til þrautar. Eiga dómstólar því ekki mat þess máls.

Um 3. gr.

Þess er fyrr getið, hve mikið liggi við, að ákvæði séu sett í mannanafnalög, er stuðli að virkri framkvæmd þeirra. Vissulega hefur raunalega tekizt til í þessu efni með framkvæmd l. 54/1925. Stafar það m. a. af skorti á skrá um mannanöfn, er geti verið fólki til leiðbeiningar um val nafna, og geti einnig verið sá bakhjarl, sem þeir geti haft að grundvelli, er framkvæmdin mæðir mest á, svo sem prestar og aðrir forstöðumenn trúfélaga og svo starfslið Þjóðskrár. Það er fyrr reifað, að þessi skrá þarf nauðsynlega að geyma mannnöfn, sem tækileg eru, en ekki hin, sem bönnuð eru. Er 3. gr. 1. málsgr. í samræmi við það. Koma ýmsar nafnaskrár að góðu gagni, þegar hafizt verður handa um þetta verk, svo sem skrár eftir manntölum ýmsar, íbúaskrár Þjóðskrár, skrá dr. Þorsteins Þorsteinssonar um skírnarnöfn á Íslandi á tímabilinu 1921—1950, Reykjavík 1961, skrá prófessors Ólafs Lárussonar um nöfn Íslendinga árið 1703, Reykjavík 1960, og rit Hermanns Pálssonar, háskólakennara Edinborg: Íslenzk mannanöfn, Reykjavík 1960, er geymir ræklega skrá um íslenzk mannanöfn. Loks má nefna bók eftir E. H. Lind: Norsk-isländska dopnamn og fingerade namn från medeltiden, Uppsala 1905—15, og Supplementband, Oslo 1931. Auk þess eru ýmsar ritgerðir um afmörkuð efni. — Leggja ber áherzlu á, að samning skrár þessarar er mikið vandaverk og mun að líkindum taka alllangan tíma að taka hana saman. Verður mannanafnanefnd að hafa sérfróðu starfsliði á að skipa til að vinna þetta verk og heppilega starfsaðstöðu, og þarf raunar á því að halda vegna úrlausnar annarra mála. Mikilvægt er, að gefnir séu út viðaukar

við skrána, ekki síðar en á 10 ára fresti, og helzt til muna oftar. Um skipan mannanafnanefndar eru ákvæði í 28. gr.

Um hlut Þjóðskrár í gæzlu þeirra fyrirmæla, sem frv. hefur að geyma, er áður rætt, og auk þess vísast þar um til sérstaks fylgiskjals með áliti nefndarinnar. — Eftir að skýrsla berst Þjóðskrá, kannar hún rækilega nafngjöfina. Ef nafn er ekki talið fullnægja kröfum laga, ber Þjóðskrá nafngjöf undir mannanafnanefnd, unz skrá er samin, en ella er neitað um skráningu nafns, ef nafn er ekki á greindri skrá. Þótt nafn sé ekki á skrá, eru ekki öll sund lokuð, því að allt að einu skal nafn borið undir mannanafnanefnd, og fellir þá nefndin fullnaðarúrskurð um, hvort nafngjöf sé lögmæt. Segir um þetta öðrum þræði í 2. ákvæði til bráðabirgða. Ef mannanafnanefnd telur ekki nafn lögmætt, ber handhafa foreldravalds að velja barni annað nafn, sem er á skrá mannanafnanefndar eða hún samþykkir. Foreldri eða prestur (forstöðumaður trúfélags) geta einnig skotið ágreiningi út af nafngjöf til mannanafnanefndar, sbr. 3. ákvæði til bráðabirgða, þ. e. ef synjað er um skírn að svo stöddu eða endanlega.

Í 3. málsgr. er boðið að tilkynna skuli nafnbreytingu, sem hér getur orðið, til sóknarprests eða forstöðumanns trúfélags. Um það, hvort þá skuli önnur skírn koma til, fer eftir ákvörðun kirkjumálayfirvalda.

Í frv. er ekki ákvæði, er komi í veg fyrir, að alsystkin beri sama nafn, t. d. að tveir bræður heiti Jón. Eru slík samheiti óheppileg og fallin til að valda ruglingi, en ekki þykir þó næg ástæða til að hafa ákvæði um slíkt, enda nú orðið mjög fátítt.

Um 4. gr.

Mikilvægt er, að sóknarprestar og forstöðumenn trúfélaga — og raunar prestar þeirra, — gæti fyrirmæla um nafngjafir og fái forráðamenn barna ofan af nafngjöfum, sem eru varhugaverðar og barni til ama og að öðru leyti andstæðar lögum um mannanöfn. Nú mun presti eða forstöðumanni trúfélags sjaldnast vera skýrt frá nafni, sem forráðamenn hafa valið, fyrr en rétt í þann mund, sem skírnarathöfn á að hefjast. Svigrúmi þeirra til að kanna mál er því jafnaðarlega þröngur stakkur skorinn. Lagt er hér til — svo sem einnig var í frv. frá 1955 — að presti (forstöðumanni trúfélags) skuli skýrt frá nafni um leið og skírnar er beiðzt, og skuli skírn fara fram innan 14 daga frá því, að sú beiðni barst. Þá er boðið, að óskað skuli skírnar, ef sú leið er farin við nafngjöf, innan 6 mánaða frá fæðingu barns. Önnur nafngjöf skal tilkynnt sóknarpresti innan 6 mánaða frá fæðingu barns, en sá frestur er 12 vikur samkvæmt 10. gr. l. 4/1886. Er nauðsynlegt að barn fái nafn sem fyrst, og teljast þeir frestir, sem hér voru greindir, hæfilegir.

Að ósk nefndar þeirrar, er samdi frv., fór fram könnun á aldri barna, þegar þau eru skírð. Könnunin tók til barna, sem fædd eru árið 1964. Er skýrsla um könnun þessa prentuð sem fylgiskjal með frv. Af töflunni verður ráðið, að nálega öll börn úr þessum árgangi eru skírð, og voru það aðeins 51 af 4688 börnum, sem til greina kom, að ekki væru skírð — eða 1.1% — og er þó talið, að sum þeirra kunni að vera skírð. Um aldur barna, þegar þau eru skírð, kemur fram, að tíðast er að skíra börn í 2., 3. og 4. mánuði eftir fæðingu, og allt að 80% barna hafa verið skírð innan hálfs árs aldurs. Ekki er umtalsverður munur á skírnaraldri barna í Reykjavíkurþéttbýli, öðrum kaupstöðum og í strjálbýli, þó er hann hæstur í strjálbýli. Mat á frestum þeim, sem greinir í 4. gr., fær góða stoð í þessari könnun. Að öðru leyti vísast til hennar í heild sinni og þeirra skýringa, er henni fylgja.

Í 3. málsgr. eru fyrirmæli um nafngjöf við skemmri skírn. Er þá jafnaðarlega skammur tími til stefnu og ráðrúm ónóg til að velja barni nafn. Er því heimilað í þessari málsgr., að unnt sé að gefa barni nýtt nafn í stað þess, sem áður var gefið, eða annað nafn til viðbótar áður gefnu nafni og skal þetta þá gert, þegar skírn er lýst eða hún tilkynnt til sóknarprests eða hliðstæðs aðila.

Um 5. gr.

Heimild dómsmálaráðuneytis til að leyfa breytingu á eiginnafni er nokkru rýmri samkvæmt 1. málsgr. en samkvæmt 5. gr. l. 54/1925. Vitaskuld tekur ákvæðið jafnt til nafngjafar, sem orðið hefur í gildistíð eldri laga, sem í gildistíð þessara laga, ef frv. nær lögfestingu. Leita skal umsagnar mannanafnanefndar um umsóknina, sbr. 29. gr. Það er vissulega æði matskennt, hvenær nafn sé manni til ama, en áhættulaust er að leggja það á vald ráðuneytis, með liðsinni mannanafnanefndar, að ráða slíkum málum til lykta. Ætti að hvetja til þess, að slíkra nafnbreytinga yrði leitað og greiða fyrir úrlausn slíkra erinda. Breyting á nafni samkvæmt þessu öðlast ekki gildi, fyrr en hún hefur verið skráð á þjóðskrá, sbr. 19. gr. Um aðrar breytingar á nöfnum vísast til 15. gr. og 20. gr. Aðili sjálfur, sem náð hefur 16 ára aldri og ekki er sviptur sjálfræði, getur borið fram ósk samkvæmt 1. málsgr. 5. gr., en lögráðamaður hans endranær, og að jafnaði þá handhafi eða handhafar foreldravalds.

Spyrja má í sambandi við ákvæði 1. málsgr. 5. gr., hvort af hálfu almannavalds eigi að gera gangskör að því að fella niður nöfn, sem andstæð eru lögum, þ. e. þessum, ef frv. nær lögfestingu, eða eldri lögum eftir því, hvenær nafngjöf fór fram. Er illa búið að þesum málum, ef slíkt ætti að vera útilokað. Að því er þetta frv. varðar, er sett ákvæði í 31. gr., sem gerir ráð fyrir, að unnt sé að dæma manni sektir og þá jafnframt skylt samkvæmt kröfu ákæruvalds að fella niður ólögmætt nafn og taka upp lögmætt. Um aðild einstaklings að kröfu um, að maður felli niður notkun nafns, sem gengur í berhögg við rétt hins fyrr nefnda, verður rætt í athugasemdum við 31. gr.

Í 2. málsgr. er heimilað að taka það ákvæði í ættleiðingarbréf, að barni sé valið nýtt eiginnafn í stað hins fyrra eða til viðbótar einu nafni, sem það hefur áður hlotið. Ber það við, að dómsmálaráðuneyti veiti slíkt leyfi, og er heppilegt að sú heimild sé fest í lögum. Sjálfsagt myndi þetta einkum, ef ekki eingöngu, koma til greina um ung börn. Ljóst er, að unnt er að veita leyfi þetta, þótt ákvæði 1. málsgr. eigi ekki við. Um kenningu til kjörforeldra segir í 9. gr. frv.

Um 6. gr.

Þetta ákvæði er sett til að taka af tvímæli. Ekki þykir unnt að halda til streitu ákvæðum 1. og 2. gr., þegar íslenzk börn eiga í hlut, sem fædd eru erlendis og gefin nöfn þar. Sama er um skilgetin börn, sem fædd eru hér á landi, ef báðir foreldrar hafa erlent ríkisfang, eða óskilgetin börn, ef móðir hefur erlent ríkisfang. Í ákvæðinu felst, að greindum ákvæðum skuli beitt um skilgetið barn, ef annað foreldra hefur íslenzkt ríkisfang.

Um II. kafla.

Hér eru ákvæðin um kenninöfn, en það er samheiti um tvenns konar nafnkenningarkerfi, þ. e. 1. að maður kenni sig til eiginnafns föður eða móður, og 2. að hann noti ættarnafn til kenningar. Vísast til hinnar almennu greinargerðar um viðhorf til þessara nafnakerfa. Í 7.—8. gr. eru almenn ákvæði um það, hvernig menn skuli kenna sig, í 9. gr. er ákvæði um kenninafn barna, sem ættleidd eru, og ákvæðin í 10.—16. gr. og 18. gr. eru um ættarnöfn. Um upptöku ættarnafna (10. og 12. gr.), um gerð þeirra (11. gr.), um það, hvernig ættarnöfn gangi milli kynslóða (13. gr.), um ættarnafn giftrar konu við hjúskaparstofnun og slit hjúskapar (14. gr.), um breytingu á ættarnafni (15. gr.), um ýmsar reglur, er varða rétt og skyldu til að bera ættarnafn (16. gr), og um skrá um ættarnöfn (18. gr.). Ákvæði 17. gr. varða sérstaklega breytingar á nöfnum þeirra, er fá íslenzkt ríkisfang með lögum eða samkvæmt 2.—4. gr. í lögum 100/1952, um íslenzkan ríkisborgararétt.

Í þessum kafla kemur fram, að stefnt er að löggildingu tveggja nafnakerfa, er fái að þróast undir ríku eftirliti af hálfu almannavalds, sbr. m. a., að ættarnöfn eru háð leyfi ráðuneytis og margs konar hemil skal á þeim hafa. Það sést á ýmsum ákvæðum frv., að hin forna kenningarvenja verður aðalreglan samkvæmt frv., og á hún við, nema menn séu í þeim sifjatengslum við þann, sem ber lögmætt ættarnafn,

að þeir megi taka nafn hans, eða fá að öðrum kosti leyfi til upptöku ættarnafns. Þá er t. d. giftum konum í sjálfs vald sett, hvort þær nota ættarnafn bónda síns, sem ættarnafn ber, sbr. 14. gr., svo og almenn ákvæði í 16. gr. 1. málsgr., þar sem segir, að manni sé ekki skylt að bera ættarnafn, þótt hann eigi rétt til þess, svo sem börnum manns, er ber löglegt ættarnafn, sbr. og ákvæði 16. gr. að öðru leyti. Bent er á, að nokkurn reka á að gera að því að fella niður óheppileg ættarnöfn eða varhugaverð kenninöfn, sbr. ákvæði 3. og 4. málsgr. 11. gr. um ættarnöfn, sem enda á son, og lokaákvæði 10. gr. um kenninöfn, sem ekki teljast vera ættarnöfn að dómi mannanafnanefndar.

Um 7. og 8. gr.

Í upphafi eru ákvæði um það, hvernig kenningu til eiginnafns föður skuli hagað, en mönnum er frjálst að kenna sig til eiginnafns móður, sbr. 5. málsgr. 7. gr., eða kjörmóður, sbr. 9. gr. Í 1. málsgr. segir enn fremur, að erlend kona, sem giftist Íslendingi, er ekki hefur ættarnafn, megi kenna sig til föður eiginmannsins á sama hátt og hann, en slík nöfn mega ekki ganga til niðja hjóna. Hér er um vandasamt mál að ræða og þykir nærgætni við erlendar konur eiga að ráða vali á reglu. Hinum erlendu konum er heimilt að halda erlendu ættarnafni sínu, en sá kostur er sjaldnast heppilegri.

Í 2. málsgr. segir, að tilhögun um kenningu í 1. málslið 1. málsgr. 7. gr. eigi einnig við um íslenzka konu, sem giftist erlendum ríkisborgara, eftir gildistöku laga þessara, nema hann beri að dómi mannanafnanefndar ættarnafn, sem fullnægir kröfum 11. gr. Ákvæði þetta á þó aðeins við, meðan konan dvelst hér á landi. Eftir það verður ákvæðinu naumast haldið til streitu.

Ákvæði 3. málsgr. tekur af skarið um, að íslenzk kona, sem gift er Íslendingi, skuli eftir búferlaflutning til landsins sæta ákvæðum 1. málsliðar 1. málsgr. 7. gr. Sama gegnir um börn þeirra. Á þessu var misbrestur áður fyrr, en það breyttist við tilkomu Þjóðskrár. Eftir atvikum þykir rétt — sbr. 4. málsgr. — að gift kona, sem við gildistöku laganna er á þjóðskrá kennd við föður eiginmanns síns, megi gera það áfram til æviloka. Sú kenning gengur ekki til barna.

Um kenningu til móður — sbr. lokamálsgr. 7. gr. — er þess að geta, að það eru fyrst og fremst jafnræðissjónarmiðin, sem styðja þá reglu. Var ekki ótítt áður fyrr, að menn kenndu sig eða væru kenndir til mæðra sinna. Kenning getur orðið á þá lund, að maður nefni sig t. d. Svein Margrétarson. Heimilt er barni að hafa ættarnafn móður sinnar, ef það er óskilgetið, og í þeim tilvikum, er í 8. gr. segir.

Um kenningu barna í heild sinni, sbr. 7. og 8. gr. frv., skal tekið fram, að **skilgetið barn** kennir sig til föður eða móður. Sama er, ef það fær síðar réttarstöðu skilgetinna barna með hjúskap foreldra, en þá á það rétt til breytingar á kenninafni, ef áður hefur verið kennt til annars en föðurins. Ef faðerni skilgetins barns sætir vefengingu, á að breyta um kenningarnafn, a. m. k. ef dómur mælir svo fyrir. **Óskilgetið barn, sem feðrað er,** kennir sig til föður, nema þegar faðir er erlendur, sbr. 8. gr. 1. málsgr., þótt frá því geti vikið. Um **óskilgetið, ófeðrað barn,** er fernra kosta völ. Það getur kennt sig til móðurföður síns, tekið ættarnafn móður sinnar, ef til er, og auk þess öðlazt sjálfstætt ættarnafn, sbr. 8. gr. 2. málsgr. og 12. gr. 2. málsgr. Reglu um þetta efni hefur skort í lög, síðan l. 54/1925 felldu l. 41/1913, 4. gr. 2. málsgr. úr gildi. Í þessu tilviki getur barn í fjórða lagi kennt sig til eiginnafns móður, svo sem segir í lokamálsgr. 7. gr. Ef aðeins er dæmt um meðlagsskyldu, en ekki um faðerni barns, í faðernismáli, þá getur barn ekki kennt sig til hins meðlagsskylda. Ekki dugir faðernislýsing ein í þessu efni, sbr. 25. gr. í því sambandi.

Í 8. gr. 3. málsgr. er stjúpbarni leyft að kenna sig til stjúpföður, ef dómsmálaráðuneyti leyfir, enda sé barn ófeðrað. Er þetta tilhögun, sem nú er lögfest í hinum nýju norrænu barnalögum, og tekur hún þar til allra stjúpbarna. Varhugavert þykir að ganga svo langt á þessu stigi. Ekki nær ákvæði þetta til fósturbarna, svo sem er í sumum norrænu lögunum.

Um 9. gr.

1. málsgr. er í samræmi við 10. gr. l. 19/1953 um ættleiðingu. Heimilt er, en ekki skylt, að breyta kenninafni. Í öllum þorra ættleiðingartilvika er mælt fyrir um nafnbreytingu, og má því raunar vel hugsa sér að haga lagaákvæðinu svo, að breyting skuli verða á kenninafni, nema annars sé getið í ættleiðingarumsókn. Er norrænu lögunum svo háttað nú.

2. málsgr. heimilar að breyta nafni barns, sem kona ættleiðir, svo, að það sé kennt til eiginnafns föður ættleiðanda eða taki ættarnafn hennar. Er síðar greinda atriðið frávik frá 13. gr. Á þetta við, þótt barn sé feðrað, sbr. hins vegar 8. gr. Geta verið hagsmunir við það tengdir, að nafnbreyting eigi sér stað á þessa lund.

Um 10. gr.

Um almenn sjónarmið við mat á því, hvort leyfa skuli ættarnöfn, vísast til almennrar greinargerðar hér að framan.

Í 1. málsgr. segir, að óheimilt sé að taka upp ættarnafn, nema dómsmálaráðuneyti leyfi, að fengnu samþykki mannanafnanefndar. Ef nefndin telur varhugavert að leyfa nafnið, getur ráðuneytið ekki veitt leyfi. Hins vegar er ljóst, að ráðuneytið getur synjað um leyfi, þótt nefndin hafi ekki haft við upptöku þess að athuga. Um umsókn um slíkt leyfi eru ákvæði í 12. gr., og um gjöld fyrir leyfi segir í 27. gr. frv. Um skrá yfir ættarnöfn eru ákvæði í 18. gr. Konu er heimilt að taka ættarnafn bónda síns, er hún giftist honum, sbr. 14. gr., en ekki andhverft, jafnframt má hún taka upp, án leyfis dómsmálaráðuneytis, fyrra ættarnafn sitt, er hjúskap lýkur. Sjá og almenna ákvæðið í 16. gr. 3. málsgr. 2. málslið.

Í 2. málsgr. er afstaða tekin til ættarnafna, sem menn bera við gildistöku laga þessara. Er þar svo fyrir mælt, að ættarnöfn, er menn bera samkvæmt þjóðskrá við gildistöku laganna, megi haldast. Vísast um sjónarmið við mat á þessu vandamáli til hinnar almennu greinargerðar. Frá þessu eru þó tvenn frávik. Kenninöfn, sem geta ekki talizt ættarnöfn að mati mannanafnanefndar, skulu felld úr þjóðskrá, og er hlutaðeigendum óheimilt að bera þau, sbr. 2. málsgr. 10. gr., og enn er sérstök regla sett um ættarnöfn, sem enda á son, sbr. 3. og 4. málsgr. 11. gr. Vissulega væri æskilegt að geta gengið lengra og stuðlað að því, að niður verði felld ýmis erlend ættarnöfn og ættarnöfn, sem eru óíslenzkuleg að allri gerð. Á þessu stigi þykir þó óráðlegt að ganga lengra en hér er lagt til.

Í 1. ákvæði til bráðabirgða segir, að dómsmálaráðuneyti megi ekki veita leyfi til upptöku nýrra ættarnafna, fyrr en 8 mánuðir eru liðnir frá gildistöku laganna, sbr. þó um ættarnöfn í sambandi við framkvæmd á 17. gr. Þar segir og, að ef fleiri menn en einn hafi á þeim tíma sótt um leyfi til upptöku sama nafns, skuli sá ganga fyrir, sem hefur áður notað nafnið sem ættarnafn. Gert er ráð fyrir, að það sönnunaratriði, sem hér getur reynt á, geti lotið úrlausn dómstóla. Hliðstætt ákvæði var í frv. frá 1955, 24. gr.

Um 11. gr.

Hér eru fyrirmæli um kröfur, sem ættarnöfn verða að fullnægja, og atriði, sem koma í veg fyrir, að umsókn um upptöku ættarnafns verði leyfð. Er það fyrst, sbr. 1. málsgr., að ættarnöfn skulu vera íslenzk og í samræmi við íslenzkt málkerfi. Hér eru hliðstæðar kröfur uppi sem við eiginnöfn samkvæmt 2. gr. 1. málsgr. Vitaskuld á það sjónarmið einnig við, að ættarnöfn mega ekki vera nafnbera til ama, sbr. 2. gr., eða klaufaleg og amböguleg. Gætir mannanafnanefnd og dómsmálaráðuneyti þessa. Í öðru lagi segir svo í 2. málsgr., að óheimilt sé að taka upp ættarnafn, sem annar maður á rétt til að bera, sbr. 1. og 2. málsgr. 10. gr., eða svo líkt því, að villu geti valdið, nema allir þeir, sem rétt eiga til nafnsins, samþykki það. Eru auðsæ rök til þessa ákvæðis, sbr. auðkenningarhlutverk nafna. Í þriðja lagi segir svo í 3. málsgr., að eigi megi gera eiginnafn, sem tíðkað er í landinu, að ættarnafni, og ekki heldur nöfn, sem enda á son. Er þetta ákvæði í samræmi við 11. gr. frv. frá 1955, svo sem ýmislegt fleira í þessari grein. Er óheppilegt að leyfa, að ættarnöfn séu

mynduð úr eiginnöfnum, dregur það úr auðkenningargildi ættarnafns og er fallið til að valda ruglingi. Svipað má segja um ættarnöfn, sem enda á son, þau bera það ekki með sér, að þau séu ættarnöfn og skortir sérkenningargildi. Nokkur slík nöfn voru tekin upp á árabilinu 1915—1925, en horfið hefur verið frá að nota ýmis þeirra, þegar til niðja þeirra kom, sem upphaflega tóku nöfnin. Hins vegar hafa allmörg slík ættarnöfn bætzt við síðan 1925. Er lagt til í 4. málsgr., að ættarnöfn þessi skuli hverfa, þó þannig að þeir, sem nú bera þau, haldi þeim, svo og börn þeirra.

Rétt er að geta þess, að í 4. málsgr. 11. gr. (og í 3. málsgr.) er átt við ættarnöfn, sem ekki bera það með sér, að þau séu það, af því að þau eru samsetning íslenzks eiginnafns og orðsins son.

Ættarnöfn, sem eru eignarfallsmynd af eiginnafni án endingarinnar son, falla ekki hér undir.

Um 12. gr.

Hér eru fyrirmæli um umsókn út af ættarnöfnum.

Heimilt er að veita barni, sem er yngra en 16 ára, leyfi til að taka upp ættarnafn. Getur verið þörf á því, ef barn ber erlent ættarnafn eða barn er ófeðrað, o. fl.

Um 13. gr.

Svo hefur verið talið, að ættarnöfn gengju um karllegg til niðja, en ekki um kvenlegg. Lagt er til, að þetta verði óbreytt, en hitt kom til álita í nefndinni, að ættarnöfn gætu einnig gengið um kvenlegg til niðja.

Samkvæmt 13. gr. gegnir sama máli um kjörbörn sem önnur skilgetin börn, þ. e. ef þau taka ættarnafn, gengur það nafn til niðja þeirra með sama hætti og skilgetinna barna. Samkvæmt 9. gr. 2. málsgr. getur kjörbarn tekið ættarnafn kjörmóður, og samkvæmt 8. gr. 1. og 2. málsgr. getur óskilgetið barn tekið ættarnafn móður sinnar.

Um 14. gr.

Hér segir, að eiginkonu sé kostur, en ekki skylda, að bera ættarnafn eiginmanns síns, sbr. og m. a. 16. gr. 2. málsgr., sem heimilar henni sérstaklega að halda ættarnafni sínu þrátt fyrir hjúskapinn. Ef hún vill bera ættarnafn eiginmanns, ber henni að tilkynna það vígslumanni, er aftur skýrir Þjóðskrá frá því, sbr. 22. gr. frv. Þegar hjúskap lýkur, er konu heimilt að taka upp fyrra ættarnafn sitt, sbr. 16. gr. 3. málsgr., svo og að taka upp kenningu samkvæmt 7. gr. Samkvæmt 14. gr. getur kona og haldið áfram að bera ættarnafn, er hún öðlast við hjúskap, eftir hjúskaparlok. Í 48. og 81. gr. l. 39/1921 er gert ráð fyrir þeim úrkosti, að svipta megi konu rétti til að bera ættarnafn að kröfu bónda. Þykir ástæðulaust að ganga svo langt, og er þessum reglum nú breytt á Norðurlöndum. Ef kona giftist að nýju, er ekki skotið loku fyrir, að hún haldi ættarnafni, er hún öðlaðist við fyrra hjúskap, en þó getur fyrri eiginmaður hennar eða ekkja hans krafizt þess, að dómsmálaráðuneyti óheimili henni að bera þetta nafn eftir hjúskaparstofnunina. Hér geta leikizt á mismunandi hagsmunir, og er lagt á vald ráðuneytisins að leysa úr málinu. Konu getur staðið á nokkru að fá að halda nafni, m. a. vegna þess að hún sé þekkt undir því í athafnalífi eða sem listamaður eða vísindamaður o. fl. Þar sem talað er um, að hjúskap ljúki, er átt m. a. við lögskilnað, en ekki leyfi til skilnaðar að borði og sæng.

Um 15. gr.

Hér er dómsmálaráðuneyti, að fengnu samþykki mannanafnanefndar, heimilað að leyfa manni upptöku nýs ættarnafns, sem hann hefur áður borið. Vera má t. d., að fyrra ættarnafn sé klaufalegt eða óíslenzkulegt, og getur m. a. í slíkum tilvikum verið full ástæða til að hafa þessa heimild. Ákvæðið er nánast sett til öryggis og til að taka af tvímæli.

Um 16. gr.

Samkvæmt 4. gr. l. 41/1913 var öllum skylt að nota ættarnöfn, er þeir áttu rétt til. Í 16. gr. frv. er hins vegar gert ráð fyrir, að hér sé um rétt að ræða, en ekki skyldu. Er mönnum því frjálst út af fyrir sig að nota ættarnafn eða láta hjá líða að nota það. Hitt er það, að þeim er skylt að rita nöfn sín og tjá sig með þeim hætti, sem nöfn þeirra eru skráð á þjóðskrá, sbr. 24. gr. frv. Ef menn því vilja breyta nafnritun sinni, þurfa þeir að fá henni breytt á þjóðskrá, sbr. um þetta efni 4. málsgr. 16. gr., er óheimilar mönnum að gera slíka breytingu oftar en einu sinni eftir 16 ára aldur, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Sú málsgr. leyfir manni það tvennt: 1. að taka upp ættarnafn, sem hann á rétt til, en hefur ekki borið, og 2. að fella niður ættarnafn, sem hann hefur borið, og taka upp kenningu til eiginnafns föður eða móður. Þetta er heimilt án nafnbreytingarleyfis dómsmálaráðuneytis. 4. málsgr. tekur ekki til giftra kvenna, en um þær fjalla 2. og 3. málsgr.

Í 2. málsgr. segir, að konu, sem ber ættarnafn, sé heimilt að nefna sig áfram því ættarnafni, þótt hún gangi í hjúskap, sbr. þó 14. gr. Er það sjálfsögð tilhögun, en ástæða þykir þó til að lögfesta þá skipan til leiðbeiningar fyrir fólk.

Í 3. málsgr. segir, að kona, sem hefur tekið ættarnafn bónda síns við hjúskap, geti hætt að nefna sig ættarnafni þessu, þegar hjúskap lýkur, og geti þá tekið að nýju upprunalegt ættarnafn sitt. Því er bætt við, að í öðrum tilvikum sé manni ekki heimilt án leyfis dómsmálaráðuneytis að taka aftur upp ættarnafn, sem hann hefur hætt við að bera. Af 3. málsgr., sbr. 14. gr., verður ráðið, að kona, sem tekur upp ættarnafn manns síns við hjúskap, getur ekki hætt að bera það, nema við hjúskaparlok, og á þá ákvæði 4. málsgr. ekki við um giftar konur að þessu leyti.

Um 17. gr.

Fram til 1952 hafði öflun íslenzks ríkisfangs með lögum engin áhrif á kenninafn hins nýja ríkisborgara. Með lögum 25/1952 var sá háttur upp tekinn, að þeir, sem hétu erlendum nöfnum, skuli ekki „öðlast íslenzkan ríkisborgararétt ..., fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925 um mannanöfn". Hefur í framkvæmd verið reynt að breyta eiginnöfnum eins lítið og kostur hefur verið, þótt oft hafi ekki verið annars úrkosta en að ríkisborgarinn tæki upp alveg nýtt nafn. Um kenninöfn hefur stundum verið farin sú leið, að menn kenndu sig til eiginnafns föður, ef það hefur verið líkt íslenzku nafni. Kunnugt er, að oft hefur verið um verulega andstöðu að ræða hjá hlutaðeigendum, sem orðið hafa að hlíta þessu, og borið hefur við, að þeir hafa talið nafnbreytingu slíka afarkosti, að þeir hafa horfið frá að æskja ríkisfangsins. Ekki er kunnugt um, að í grannlöndum sé hliðstæðri löggjöf til að dreifa, en gögn eru þó ekki tiltæk til að meta það til hlítar. Mönnum er vissulega annt um nafn sitt, og virðist þurfa mjög veigamikil rök til þess að rétt sé að setja manni þá kosti fyrir ríkisfangi, að hann afsali sér rétti á nafni sínu, er tengir hann við fortíð sína, fjölskyldu og fyrra þjóðfélag. Er ekki sýnilegt, að Íslendingar þurfi að sæta slíku hjá öðrum þjóðum, ef þeir fá þarlent ríkisfang, þótt vera megi, að einhver dæmi megi finna þessa. Ekki orkar tvímælis, að óheppilegt er út af fyrir sig, að hingað flytjist erlend ættarnöfn, sem eru framandi í íslenzku málkerfi, en fram hjá því verður seint sneitt. Semjendur frv. telja það meðalhóf heppilegast, að slíkum mönnum sé leyft að halda nafni sínu, þegar þeir verða íslenzkir ríkisborgarar, en hins vegar breyti börn þeirra — ef þau bera erlend nöfn — nafni sínu til íslenzks horfs, með samþykki dómsmálaráðuneytis. Með þessu móti er girt fyrir langlífi og a. m. k. arfgengi þessara ættarnafna í landinu. Börnin taka þegar er þau verða íslenzkir ríkisborgarar upp hin íslenzku nöfn. Tekur það einnig til barna, sem ófædd eru, þegar hinn erlendi ríkisborgari fékk íslenzkt ríkisfang, og hlíta þau íslenzku nafnakerfi allt frá fæðingu.

Í 2. málsgr. segir, að ákvæði 1. málsgr. taki til útlendinga, sem fá íslenzkt ríkisfang samkvæmt 2., 3. og 4. gr. l. 100/1952. Mælir lagasamræmi með þeirri lausn máls.

Í sambandi við 17. gr. frv. óskar einn nefndarmanna, Ármann Snævarr, að taka fram, að hann hefði kosið að haga ákvæðinu svo, að hinum erlenda ríkisborgara yrði gert að taka upp íslenzkt eiginnafn, er dómsmálaráðuneyti samþykkir, þegar hann öðlast íslenzkt ríkisfang. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að börn ríkisborgara, sem eru 17 ára eða yngri, taki þegar í stað upp íslenzk eiginnöfn og kenninöfn. Oft myndu þau þá kenna sig til eiginnafns föður, en tengslum innan fjölskyldu er þá bezt borgið með því, að faðirinn taki upp íslenzkt eiginnafn. Tillitið til hans sjálfs getur að sönnu mælt með því, að hann fái að halda eiginnafni. En þess er þó að gæta, að erlendum mönnum er yfirleitt mun sárara um ættarnafn sitt en eiginnafn, og hins einnig, að oft er tiltölulega auðvelt að breyta eiginnafni til íslenzks horfs, þannig að hið nýja nafn minni verulega á hið fyrra, andstætt því sem er um ættarnöfn. Alkunna er, að eiginnöfn eru meir notuð hér í daglegum samskiptum en ættarnöfn. Skiptir því verulegu máli um samlögun hins nýja ríkisborgara við íslenzkt þjóðfélag, að hann beri íslenzkt eiginnafn.

Geta má þess til fróðleiks, að tala þeirra einstaklinga 18 ára og eldri, sem hafa átt kost á íslenzku ríkisfangi samkvæmt lögum á tímabilinu 1952—70 — þ. e. síðan ríkisfang var bundið skildaga um nafnbreyting — er alls 793. En þeir hafa ekki allir orðið íslenzkir ríkisborgarar, og mun það hafa stafað af ýmsu, m. a. því, að menn hafa ekki viljað sæta nafnbreytingu þegar á hólminn kom.

Um 18. gr.

Hér er mælt fyrir um, að Þjóðskrá haldi skrá um ættarnöfn og rétthafa þeirra. Að sjálfsögðu verður skráin samin í samvinnu við dómsmálaráðuneyti. Er mikilvægt að hafa slíka skrá í ýmsum samböndum.

Um III. kafla.

Hér eru ákvæði um hlut Þjóðskrár í sambandi við framkvæmd mannanafnaákvæða. Um gildi þess að tengja Þjóðskrá við gæzlu laga þessara vísast til umsagnar í hinni almennu greinargerð og til sérstaks fylgiskjals með áliti nefndarinnar. Hér verður einnig að hafa í huga almenna ákvæðið í 3. gr. 2. málsgr., en þar — sbr. og 2. ákvæði til bráðabirgða — er lýst könnunarhlutverki Þjóðskrár í þessu sambandi.

Um 19. gr.

Eftir að tilkynning um nafngjöf berst Þjóðskrá, fer þar fram könnun á því (sbr. 3. gr.), hvort nafn fullnægi kröfum laganna, og er því álitamáli eftir atvikum skotið til mannanafnanefndar, áður en mannanafnaskrá er samin (sbr. 2. ákvæði til bráðabirgða), en eftir það felst könnun aðallega í að ganga úr skugga um, hvort nafn sé á nafnaskrá. Hér þarf einnig að sínu leyti að kanna kenninafn. Skráning getur ekki farið fram, fyrr en slík könnun hefur átt sér stað. Með þessari tilhögun er þess vænzt, að virkt eftirlit geti orðið með nafngjöfum og að unnt sé að tryggja framkvæmd laganna.

Í þessari grein segir, að breyting á nafni samkvæmt leyfi dómsmálaráðuneytisins taki ekki gildi, fyrr en hún er skráð á þjóðskrá, sbr. hér einkum 5. og 15. gr. frv. svo og 8. gr. 3. málsgr. og 9. gr. Sama gegnir um þá breytingu á nafni, sem getur átt sér stað, án þess að leyfi dómsmálaráðuneytisins komi til, sbr. 14. gr. og ýmis tilvik samkvæmt 16. gr. Upptaka ættarnafns samkvæmt 10. gr. fellur og hér undir.

Um 20. gr.

Oft ber það við, að menn óski eftir minniháttar breytingu á nafni sínu, t. d. breyttri stafsetningu eða nýrri mynd nafns, og er þá heimilað í 1. málsgr., að Þjóðskrá geti orðið við slíkum tilmælum, án þess að leyfi dómsmálaráðuneytis sé fengið. Er gert ráð fyrir, að um þetta séu settar reglur, sem mannanafnanefnd samþykkir. Sem dæmi þessa má nefna, að óskað sé eftir breyttri stafsetningu á nafni, svo sem Valdemar óskar eftir að nafn hans sé ritað Valdimar, Matthías óskar eftir nafn-

rituninni Mattías eða óskað er eftir breyttri nafnmynd, t. d. Sigrid vill, að nafn sitt sé ritað Sigríður, o. s. frv. Hér er því átt við lítilvægar breytingar, og ekki hætta á árekstrum í sambandi við þær, enda er hér um að ræða lögfestingu á starfsreglum, sem Þjóðskráin hefur fylgt frá upphafi. Að sjálfsögðu bendir Þjóðskrá aðila á að snúa sér til dómsmálaráðuneytis, ef vafi leikur á, hvort hún hefur heimild til að útkljá málið. Ekki þykir rétt að leyfa manni nema einu sinni slíka breytingu á ritun nafns, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

Íslenzk nöfn eru oft óglögg til auðkenningar, svo sem sjá má með því að líta yfir fjölda samheita ýmissa í símaskrá í Reykjavík, sbr. t. d. Jón Jónsson og Jón Sigurðsson. Sumir grípa til þess ráðs að setja bókstaf milli eiginnafns og kenninafns. Oft er það upphafsstafur í öðru eiginnafni, en stundum er það bókstafur, sem ekki miðar að neinu nafni, með því að maður ber aðeins eitt eiginnafn. Er ekki ástæða til þess að amast við þessu. Tilkynna þarf slíkt til Þjóðskrár, sbr. ákvæði 24. gr. 2. málsgr.

Um 21. gr.

Í ákvæði 1. málsgr. 1. málsl. felst það, að ef ekki er tekið fram í tilkynningu um nafngjöf til Þjóðskrár, að barn skuli bera ættarnafn, sem það kann að eiga rétt á, ályktar hún, að það skuli kennt svo sem segir í 7.—9. gr., og hagar skráningu nafns samkvæmt því. Hins vegar þarf ekki að taka neitt fram um þetta, ef eldri bróðir eða systir er fyrir á þjóðskrá með ættarnafni — þá er sú ályktun dregin, að barnið, sem tilkynnt er um, skuli bera sama ættarnafn og bróðirinn eða systirin.

Um 22. gr.

Hér er boðið, að kona, sem við giftingu óskar að taka upp ættarnafn eiginmanns síns eða annað kenninafn, sem hún á rétt á, skuli tilkynna það þeim aðila, sem framkvæmir hjónavígslu. Færir vígslumaður tilmæli hennar á skýrslu þá, sem hann sendir Þjóðskrá um hjónavígsluna. Breyting á þessu síðar verður ekki gerð, nema sérstakar ástæður mæli með því.

Þær sérstöku ástæður, sem greinir í 2. málsl., geta bæði verið persónulegs eðlis, svo sem að kona sé kunn, t. d. sem rithöfundur eða annar listamaður eða læknir, lögfræðingur eða í annarri atvinnu, undir fyrra nafni, og hún telur, að nafnbreytingin hafi orðið sér til trafala.

Í tengslum við 22. gr. þykir semjendum frv. rétt að geta þess, að þeir telja rétt, að heimilað verði með ráðuneytisbréfi til lögreglustjóra, að gift kona, sem kennir sig til föður eða ber eigið ættarnafn, geti að eigin ósk fengið út gefið vegabréf, þar sem hún er kennd við föður eiginmanns síns, á sama hátt og er í vegabréfi hans. Alkunnugt er, að það getur valdið fólki örðugleikum erlendis, ef nafn eiginkonu er ekki ritað þannig í vegabréfi.

Um 23. gr.

Hér er stefnt að því að koma í veg fyrir það framvegis, að börn kenni sig til síðara eiginnafns föður. Kveður dálítið að slíku og er ekki unnt að taka fyrir þessa óvenju nema með lagaákvæði. Óeðlilegt er, að Björn sonur Ólafs Gísla Jónssonar, sem er með því nafni á þjóðskrá, nefni sig Björn Gíslason. Ef hlutaðeigandi vill ekki sæta því, að nafn hans sé ritað Björn Ólafsson, er hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að leysa málið með því að fella Ólafs-nafnið af skrá, samkvæmt fyrri málsgr. 20. gr.

Um IV. kafla.

Hér eru nokkur sundurleit ákvæði, sem ekki þykja eiga heima í hinum köflunum. Lýtur 24. gr. að ritun nafna og 25. gr. að úrlausnum, er varða faðerni óskilgetinna barna. Enn er ákvæði um liðsinni lögreglustjóra, presta og forstöðumanna löggiltra trúfélaga við framkvæmd á 4. gr. frv., sbr. 26. gr. Í 27. gr. eru ákvæði um gjöld fyrir leyfi til upptöku ættarnafna og til nafnbreytinga, er dómsmálaráðuneyti veitir, svo og gjöld fyrir nafnbreytingar, sem fram fara án þess að atbeini dóms-

málaráðuneytis komi til. Í 28. og 29. gr. eru ákvæði um mannanafnanefnd, skipun hennar og verkefni. Í 30. og 31. gr. eru fyrirmæli um setningu reglugerðar og viðurlög við brotum á lögunum og um hinn persónulega nafnrétt, o. fl.

Um 24. gr.

Hér eru fyrirmæli um, að nöfn manna skuli rituð á opinberum skrám og öðrum opinberum gögnum svo sem þau eru rituð á þjóðskrá á hverjum tíma og enn, að menn skuli sjálfir í skiptum við opinbera aðila og í lögskiptum rita og tjá nafn sitt, eins og það er ritað á þjóðskrá. Þykir þessi skipan hagfelldust til að koma festu á nafnritanir og aðrar tjáningar á nafni, en í því efni er nauðsynlegt að hafa örugga kjölfestu. Bent skal á í þessu sambandi, að öllum einstaklingum 12 ára og eldri á alltaf að vera fullkunnugt um, hvernig nafn þeirra er ritað á þjóðskrá, þar eð þeir hafa í höndum nafnskírteini, út gefið af Þjóðskránni (sbr. lög 25/1965, um útgáfu og notkun nafnskírteina), og þar stendur nafn þeirra eins og það er ritað á almannaskrá. Þurfi einhverra ástæðna vegna að leiðrétta eða lagfæra ritun nafns á þjóðskrá, er alltaf gefið út nýtt nafnskírteini með hinni breyttu nafnritun, og eldra skírteinið er um leið eyðilagt. Með þessu er tryggt, að ávallt sé fullt samræmi milli nafnritunar á almannaskrá og á nafnskírteini. Þá má enn fremur geta þess, að menn sjá á opinberum tilkynningum og gögnum, þar sem nafn og aðsetur móttakanda hefur verið áritað í skýrsluvélum, hvernig hvert mannsnafn er ritað á þjóðskrá, enda eru þær áritanir frá henni runnar. Loks má nefna, að á framtalseyðublaði, sem hverjum framteljanda til skatts er sent í janúar ár hvert, standa nöfn barna hans — þau, sem hann kann að eiga og yngri eru en 16 ára — með þeirri ritun, sem er á þjóðskrá.

Rétt er að benda á, að maður, sem tjáir nafn sitt með öðrum hætti en það er ritað á þjóðskrá og vill halda því áfram, hefur greiðan aðgang að því að fá nafnritun sinni breytt í þjóðskrá (sbr. 20. gr. fyrri málsgr.), svo framarlega sem um beðin breyting fer ekki í bága við lög eða gildandi starfsvenjur. — Ákvæði þessarar gr. taka ekki til nafntjáningar í einkalífi, og eins og áður greinir taka lögin ekki til rithöfunda — eða annarra listamannanafna — sbr. og nafnritun í firmaheiti eða vörumerki.

Um 25. gr.

Greinin lýtur sérstaklega að óskilgetnum börnum. Það, sem skráð er í kirkjubækur um faðerni barna, er stundum ótryggilegt, með því að við ber, að faðerni sé greint samkvæmt einhliða skýrslu barnsmóður, án þess að mál sé borið undir barnsföður. Í dómi Hæstaréttar 28. október 1970 er að þessu fundið. Þar sem faðerni barns er grundvallaratriði í nafnrétti, og með því að skýr ákvæði skortir um þetta efni í lögum, þykir rétt að mæla svo fyrir í 25. gr. 1. málsgr., að sóknarprestur eða forstöðumaður löggilts trúfélags skuli tilkynna þeim manni, sem móðir kennir óskilgetið barn samkvæmt skýrslu ljósmóður, að honum sé kennt barnið, og óska staðfestingar hans á faðerni innan tiltekins frests. Þjóðskrá setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Í 2. málsgr. eru fyrirmæli um, að dómstólar skuli senda Þjóðskrá tilkynningu um úrslit allra barnsfaðernismála og vefengingarmála, sem dæmd eru. Sama er um viðurkenningu faðernis fyrir valdsmanni. Styðst þetta ákvæði við þau rök, sem fyrr eru rakin, að úrslit um faðerni barna eru grundvöllur undir nafnrétti og nafnskráningu.

Um 26. gr.

Ljóst er að samstilla verður krafta ýmissa aðila, ef vel á að takast til um framkvæmd á ákvæðum 4. gr. Atbeini þeirra aðila, sem í greininni getur, er mikilvægur í þessu sambandi.

Um 27. gr.

Hér er mælt fyrir um ýmis gjöld vegna leyfa samkvæmt lögunum. Það nýmæli er hér orðað, að gjöld skuli fylgja breytingum á verðlagsvísitölu. Þarf þá ekki að koma til breytinga á lagaákvæðum til hækkunar gjalda, e. t. v. á fárra ára fresti.

Bent er á, að þessi gr. tekur hvorki til vottorða samkvæmt þjóðskrá né til annarrar starfsemi þeirrar stofnunar en beinlínis er nefnt í gr.

Um 28. gr.

Samkvæmt l. 54/1925, 4. gr. sker heimspekideild Háskólans úr ágreiningi, sem rís út af því, hvort nöfn séu rétt „að lögum íslenzkrar tungu“, og nafnaskrá sú, sem getið er í 6. gr., skal út gefin „eftir tillögum heimspekideildar háskólans“. Í frv. til laga um mannanöfn frá 1955 var kveðið á um breytta tilhögun, og mælt fyrir um stofnun mannanafnanefndar, sem dómsmálaráðuneyti skyldi skipa. Skyldu eiga í henni sæti tveir kennarar í heimspekideild, en einn kennari í lögfræði við Háskóla Íslands. Þessi tilhögun er tvímælalaust heppilegri en háttur sá, sem á þessu er hafður í l. 54/1925. Störf í sambandi við mannanöfn munu vaxa hröðum skrefum, ef frv. þetta verður lögfest, og má þar m. a. nefna það mikla verkefni að semja skrá um íslenzk mannanöfn. Þá er stofnað til miklu virkara eftirlits með framkvæmd laganna en áður var, og þarf vísast æði oft að leita til slíks ráðgefandi stjórnvalds, sem sérfrótt er um mannanöfn, sbr. í því sambandi m. a. 3. gr. frv. og ákvæði til bráðabirgða. Enn verður hemill hafður á ættarnöfnum samkvæmt frv., en þrátt fyrir hið afdráttarlausa bann 2. gr. l. 54/1925 gætti lítt taumhalds á því sviði, frá því að þessi lög voru sett og þar til Þjóðskrá tók við almannaskráningu 1953—54. Er mikilvægt, að dómsmálaráðuneyti, sem veita á leyfi til upptöku ættarnafna, hafi öruggan bakhjarl í slíkri stofnun, sem hér er gert ráð fyrir. Skortir öll rök til þess að leggja slíka vinnubyrði, sem af frv. stafar, á eina deild Háskólans. Þess er einnig að geta, að nauðsynlegt er, að við njóti sérþekkingar hjá slíkri stofnun, ekki eingöngu á málfræðilegum og málsögulegum efnum, heldur og á sviði nafnaréttar og nafnalöggjafar.

Hér er gert ráð fyrir, að menntamálaráðuneyti skipi nefndina, að fengnum tillögum heimspekideildar og lagadeildar. Rætt var um að binda setu í nefndinni við tiltekin embætti, en frá því ráði var horfið. Nauðsynlegt er, að varamenn séu skipaðir í slíka nefnd. Skipunartímabil er 4 ár.

Um 29. gr.

Hér er farin sú leið að mæla fyrir um það samfellt í einni og sömu grein, í hvaða tilvikum dómsmálaráðuneyti skuli leita tillagna mannanafnanefndar. Í þeim greinum, sem fjalla um hverja einstaka úrlausn, er einnig minnt á 29. gr. og þykir sú tilvísun nægja þar. Er viss rúmsparnaður að þessari tilhögun.

Samkvæmt 29. gr. skal ráðuneytið leita umsagnar mannanafnanefndar, áður en veitt er leyfi til nafnbreytingar, sbr. 5. gr., og samþykki nefndarinnar skal fá til leyfis til upptöku ættarnafna, sbr. 10. gr. og 15. gr. (og vitaskuld samkvæmt sérákvæðinu í 12. gr. 2. málsgr.). Hið síðast nefnda á einnig við um mat á nöfnum samkvæmt 17. gr. Í þessu felst, að stundum er gert ráð fyrir að leitað sé umsagnar mannanafnanefndar, en í annan tíma þarf beinlínis samþykkis hennar um umsókn, svo að leyfi verði veitt. Um sum atriði, sem dómsmálaráðuneyti úrskurðar, er ekki áskilið, að leitað sé umsagnar eða sjónarmiða mannanafnanefndar, sbr. 8. gr. 3. málsgr., en vitaskuld er einnig í þeim tilvikum unnt að leita umsagnar nefndarinnar.

Auk verkefna þeirra, sem mannanafnanefnd eru falin í 29. gr., eru henni falin ýmis viðfangsefni í öðrum greinum frv., beint eða óbeint. Það undirstöðuatriði, hvort nafn sé íslenzkt eða hafi unnið sér hefð í íslenzku máli eða brjóti í bága við íslenzkt málkerfi, úrskurðar mannanafnanefnd til fullnaðar, sbr. 2. gr. frv. Sama er um það atriði, hvort eiginnafn geti orðið nafnbera til ama eftir almennum sjónarmiðum, svo og hvort tiltekið nafn sé kvenmannsnafn eða karlmannsnafn, sbr. og 3. málsgr. 2. gr. um það, hvort venja hafi verið að nota nafn sem eiginnafn, og er tekið af skarið um þetta í 4. málsgr. 2. gr. Mannanafnanefnd semur nafnaskrá samkvæmt 3. gr. og leysir til fullnaðar úr ýmsum atriðum, er varða lögmæti eigin-

nafns, sbr. einkum 3. gr. 2. málsgr. og 2. ákvæði til bráðabirgða. Þá má benda á verkefni nefndarinnar samkvæmt 7. gr. 2. málsgr. (úrlausn um, hvort ættarnafn fullnægi kröfum 11. gr.), 8. gr. 1. málsgr. (úrlausn um, hvort erlent nafn sé tækilegt sem kenninafn), 10. gr. 2. málsgr. (úrlausn um, hvort kenninafn geti talizt gilt ættarnafn), 11. gr. 1. málsgr. (samþykki nefndar samkvæmt 10. gr. 1. málsgr. hvílir m. a. á mati á þeim atriðum, er þar greinir), 20. gr. 1. málsgr. (samþykki veitt á reglum um breytingu á nafni, er Þjóðskrá heimilar).

Benda skal á, að í sumum tilvikum er ákvæði um, að úrskurðir mannanafnanefndar séu fullnaðarúrskurðir um tiltekin atriði, sbr. 2. gr. 4. málsgr. og 3. gr. 2. málsgr., sbr. og þegar vísað er til þess, að atriði sé á vissan veg að dómi mannanafnanefndar, sbr. 1. gr. 3. málsgr., og 7. gr. 2. málsgr., og 10. gr. 2. málsgr., en þar ber að sama brunni. Þá er ákvæði stundum hagað svo, að áskilið er samþykki mannanafnanefndar, sbr. 10. gr. og einnig 15. gr. samkvæmt samræmisályktun og enn fremur 17. gr. Verður þá stjórnvaldsgerningur ekki látinn uppi, nema samþykki liggi fyrir. Getur einstaklingur ekki fengið atbeina dómstóla til að skylda stjórnvald t. d. til að veita leyfi til nafnbreytingar, en unnt er að ógilda úrlausn stjórnvalds vegna formlegra ástæðna eða efnislegra annmarka samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar.

Um 30. gr.

Ýmislegt í þeim efnisreglum, sem frv. geymir, þarfnast nánari fyllingar og skýringar, og gegnir þessu einnig um framkvæmd laganna. Er heimilað í þessari gr., að menntamálaráðuneyti setji reglugerð eða aðrar reglur um efni og framkvæmd laga þessara. Sérákvæði er um reglur samkvæmt 20. gr. 1. málsgr.

Um 31. gr.

Hér segir um viðurlög við brotum á lögunum.

Svo sem fyrr segir, er gert ráð fyrir, að unnt sé að dæma mann samkvæmt kröfu ákæruvalds til að fella niður ólögmætt nafn, og er þá oft í því fólgið, að hann taki upp annað nýtt. Þetta þarf þó ekki að vera, sbr. t. d. þegar maður er skyldaður til að fella niður ættarnafn, og ber honum þá að kenna sig til foreldris samkvæmt 7. gr.

Ekki hefur verið brýnt ákvæði í mannanafnalögum hér á landi um aðild einstaklinga til að krefjast þess m. a., að aðrir menn felldu niður nöfn, sem þeir hafa tekið sér í andstöðu við rétt þeirra til nafns, þ. e. ákvæði um sérverndaðan, persónulegan rétt til nafns að einkarétti. Eftir eðli máls kemur sá réttur miklu meir til greina um ættarnöfn en eiginnöfn. Réttur til nafns að einkarétti hefur oft verið reistur á ákvæðum nafnalaga, sem víkja að almannahagsmunum, eða ályktunum af þeim, svo og á ákvæðum annarra laga en mannanafnalaga, svo sem 10. gr. l. 42/1903 um verzlunarskrá, firmu og prókúruumboð, sbr. hrd. IX, bls. 587, laga um vörumerki 43/1903, 5. gr. 2. tl., sbr. l. 89/1935, 1. gr. (en nú gilda um vörumerki l. 47/1968), laga um ólögmæta verzlunarháttu 84/1933, 9. gr., og öðrum þræði má hér nefna rithöfundarétt. Í norrænum nafnrétti er almennt viðurkennt, að um sjálfstæðan, persónulegan rétt til nafns sé eða geti verið að ræða, og norrænir dómstólar hafa einnig fallizt á það, einna fyrst Hæstiréttur Norðmanna í kunnu dómsmáli, sem dæmt var 1896 út af ættarnafninu Aars. Norrænu nefndirnar, sem störfuðu að samningu frv. til mannanafnalaga fyrir röskum áratug, lögðu til, að ákvæði væru tekin í mannanafnalög um hinn persónulega nafnrétt. Er fylgt fordæmi þessara laga í 2. málsgr. 31. gr., og er ákvæðið með svipuðu sniði og t. d. 17. gr. dönsku mannanafnalaganna frá 1961. Fjölmörg vafaatriði hljóta að vakna í sambandi við hinn persónulega nafnrétt, og kemur það í hlut dómstóla og hins fræðilega nafnréttar að fást við þau.

Bent er á ákvæði 10. gr. 2. málsgr. í þessu sambandi.

Um V. kafla.

Hér eru ákvæði um gildistöku laganna og brottfallin lög.

Um brottfallin lög skal þess getið, að 10. gr. 1. málsgr. l. 19/1953 um ættleiðingar fellur út af fyrir sig brott, með því að 9. gr. 1. málsgr. í frv. fjallar um sama efni.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þeirra er getið hér fyrr í greinargerðinni. Um 1. ákvæði til bráðabirgða skal bent á ákvæði 10. gr. 2. málsgr. frv., sem kveður svo á, að þau ættarnöfn, sem íslenzkir ríkisborgarar bera samkvæmt þjóðskrá við gildistöku laganna, megi haldast.

Fylgiskjal I.

SÖGULEGT YFIRLIT

Þróun nafnaforðans.

Norræni nafnaforðinn á landnámsöld virðist í öllum aðalatriðum hafa verið hinn sami bæði í vesturnorrænum og austurnorrænum löndum, þótt einstaka nafn eða nafnliðir tíðkuðust meira eða einvörðungu á öðru hvoru svæðinu. Þessi nafnaforði er í öllum aðalatriðum hinn sami og tíðkaðist á vesturgermönsku málsvæði. Hann er þannig germanskur arfur. Þessi nafnaforði fluttist til Íslands með landnámsmönnum.

Það er alkunnugt mál, að nokkur hluti landnámsmanna kom hingað frá Bretlandseyjum og flutti með sér keltnesk (skozk-gelísk og írsk) nöfn. Kunnugt er um 30—40 keltnesk karlanöfn frá landnámsöld, ýmist í örnefnum eða sem nöfn á nafngreindum persónum. Af þessum nöfnum náðu aðeins sjö rótfestu, flest þó aðeins fram á 12.—13. öld, en sum þeirra eru þó kunn frá 15. öld (**Brjánn, Dufgus, Erpr, Kjartan, Konáll, Kormakr, Njáll**). Kjartan virðist þó aldrei hafa fallið úr tízku. Nokkur hafa síðar verið tekin upp, eins og síðar verður vikið að. Keltnesk nöfn, sem kunnugt er, að borin hafi verið af íslenzkum konum á landnámsöld, eru innan við 10 og ekkert af þeim hélzt í málinu, en eitt hefir verið tekið upp á síðustu tímum (**Melkorka**). Í skýrslu Þorsteins Þorsteinssonar um skírnarnöfn 1921—50 eru þessi keltnesk nöfn (tala nafnbera í svigum): **Kjartan** (261), **Njáll** (33), **Kormákur** (4), **Kalman** (4), **Kjaran** (3), **Brjánn** (3), **Patrekur** (1), **Melkorka** (2). Auk þess eru notuð nokkur ættarnöfn af keltneskum uppruna.

Með tilkomu kristninnar flutu nokkur áhrif á íslenzkan nafnaforða. Frá 11. öld eru t. d. kunn nöfnin **Jón, Magnús, Markús** og **Pétur**, en á 12. og 13. öld verða kristin áhrif á hann mun meiri. Aðeins fá nöfn verða nefnd, t. d. **Páll, Benedikt, Stefán, Jakob, Klemenz** og **Nikulás**. Vitanlega hafði kristinn siður samsvarandi áhrif á kvennanöfn. Algengust þeirra, sem heimildir eru um frá 12. og 13. öld, eru **Margrét** og **Kristín**.

Annað atriði, sem skipt hefir máli fyrir upptöku tökunafna, er samband einstakra ætta við útlönd. Oft hefir t. d. verið á það bent, að Oddaverjar völdu börnum sínum nöfn, sem lítt eða ekki voru tíðkuð áður á Íslandi. Hér kemur bæði til greina samband þeirra við norsku konungsættina og almennt samband þeirra við útlönd. Í þessari ætt koma t. d. fyrir nöfnin **Andrés, Páll** og **Filippus**. Sama fyrirbrigðis, að samband íslenzkra manna eða ætta við útlönd hafi áhrif á nafnaforðann, gætir einnig síðar í mjög ríkum mæli. Hér skal aðeins minnzt á, að **Eggerts-nafn** er þannig til komið. Eggert Hannesson lögmaður mun vera fyrsti Íslendingur, sem ber það nafn. Faðir hans var norskættaður, en Eggerts-nafn hafði borizt frá Þýzkalandi til

Noregs. Frá síðari öldum eru ótöluleg dæmi þess, að flutningur erlendra manna og kvenna til landsins hafi skilið eftir sig spor í nafnaforðann, en óþarft er að rekja þá sögu hér.

Breytingar á íslenzkum nafnaforða við siðaskiptin eða á tímabilinu frá siðaskiptum til 1703 virðast ekki vera miklar. Á þessum tíma er t. d. tekið nafnið **Elísabet** og sömuleiðis latnesk nöfn sértekinnar merkingar eins og **Fides** og **Karitas**. Erlendis tíðkuðust slík nöfn í kaþólskum sið, en ekki hafa fundizt dæmi þess á Íslandi. Minna má á nafnið **Spes** í Spesarþætti, en hún var ekki íslenzk. Athugun á nafnaforðanum 1703 sýnir, að erlend áhrif á þessu skeiði hafa ekki verið eins mikil og við hefði mátt búast. Í manntalinu ber langsamlega mest á fornum íslenzkum nöfnum og nöfnum, sem komust inn fyrir kristin áhrif á fyrstu öldum kristninnar.

Við samanburð á manntalinu 1703 og manntalinu 1855 kemur í ljós, að mikil breyting hefir orðið. Tala erlendra nafna hefir aukizt mjög mikið, og þá er farið að gæta meira nafna, sem kallast bastarðanöfn, en með því er átt við nöfn, sem sett eru saman úr tveimur liðum, öðrum erlendum, en hinum íslenzkum. Þessum nöfnum má skipta í tvo hópa. Annars vegar eru nöfn, sem gerð eru úr tveimur stofnum, öðrum íslenzkum, hinum erlendum, hins vegar eru nöfn, sem mynduð eru með erlendu viðskeyti af íslenzkum stofni.

Fyrri gerðin á sér gamlar rætur. Nafnið **Kriströðr** kemur fyrir í norsku konungsættinni á 11. öld, og á Íslandi kemur það fyrir sem nafn á sonarsyni Jóns Loftssonar. Nafnið **Jóngeir** er kunnugt á Íslandi fyrir byrjun 14. aldar. Algeng nöfn af þessu tæi eru **Guðjón** og **Sigurjón**. Nafnið **Guðjón** kann þá að eiga sér franskar rætur, eins og prófessor Einar Ól. Sveinsson hefir bent á í Skírni 1965.

Seinni gerðin er miklu yngri. Elzt þessara nafna mun vera **Ólafía**, sem kunnugt er úr Stephensensætt snemma á 19. öld. Og árið 1855 bera 23 konur þetta nafn. Algengustu viðskeytin, sem notuð eru, eru **-ía**, og **-ína**, t. d. **Hákonía, Hálfdanía, Tryggvanía, Gestína, Sturlína** og **Vilmundína**. Þó að nöfnum af þessu tæi bregði fyrir 1855, er það þó barnaleikur miðað við það, sem síðar varð. Í manntalinu 1910 eru þau mjög tíð, og sama er að segja um tíðni þeirra í skýrslu Þorsteins Þorsteinssonar um skírnarnöfn 1921—50, sbr. um þetta efni greinina **Ólögleg mannanöfn** í Andvara 1962, bls. 327—339.

Goðfræðileg nöfn hafa upp á síðkastið komizt nokkuð í tízku. Eins og kunnugt er, tíðkaðist ekki að fornu að gefa börnum nöfn goða. Undantekning er nafnið **Bragi**, sem kunnugt er sem mannsnafn í Noregi frá fyrri hluta 9. aldar. Þær skýringar, sem fram hafa komið á þessari undantekningu, skulu látnar liggja milli hluta. Litlar sögur fara af þessu nafni á Íslandi fyrr á tímum. Þó mun einn maður með þessu nafni hafa verið uppi á 17. öld. Árið 1703 ber einn maður þetta nafn, en 1855 enginn. Það ár bar einn Baldursnafn og Nönnur voru þrjár og Iðunnir þrjár. Hins vegar voru sextán Nönnur 1703. En þetta breytir þó ekki þeirri staðreynd, að tíðni slíkra nafna hefir aukizt mikið. Til þess að sýna það má gera samanburð á tíðni sex nafna af þessu tæi 1910 og 1921—50: **Baldur** 41 á móti 337, **Bragi** 10 á móti 296, **Þór** 9 á móti 725, **Freyja** 11 á móti 42, **Laufey** 131 á móti 184 og **Nanna** 32 á móti 115. En þetta segir ekki alla söguna, því að eftir 1910 eru tekin upp mörg goðfræðileg nöfn, sem ekki hafa áður verið notuð sem mannanöfn á Íslandi. Mætti þar til nefna nöfn eins og **Fjalar, Sváfnir, Gullveig** og **Sif**.

Tvínefni.

Í bók sinni **Íslenzk mannanöfn** (Rvk. 1960), bls. 20—22, heldur Hermann Pálsson lektor því fram, að mörg forn viðurnefni hafi í rauninni verið síðara nafn, þ. e. að tvínefni hafi tíðkazt hér að fornu. Vitnar höfundur þar m. a. til Hauksbókar, þar sem segir, að menn hafi mjög borið tvö nöfn í fyrndinni. Sjónarmið H. P. er mjög athyglisvert, en enn hefir hann ekki stutt það svo sterkum fræðilegum rökum að hægt sé að hafna hinni eldri skoðun.

Einkennilegt er það, að allmargir bera bæði norrænt nafn og keltneskt. Hefir jafnan verið talið, að keltneska nafnið væri viðurnefni, t. d. Ólafr feilan. Ef hægt væri að sanna, að nafnið feilan hefði verið gefið við sérstaka athöfn, sem jafngilti skírnarathöfn, yrði vitanlega að telja það mannsnafn, en ekki viðurnefni. Meðan þetta hefir ekki verið sannað, verður að telja, að um viðurnefni sé að ræða. Erfitt er þó að fullyrða, að skoðun H. P. sé röng. Ef hann hefir rétt fyrir sér, hefir tvínefnasiðurinn orðið að lúta í lægra haldi, er fram liðu stundir. Í manntalinu 1703 er aðeins getið einna systkina, sem báru tvö nöfn. Hét bróðirinn Axel Friðrik Jónsson, en systirin Sesselja Kristín Jónsdóttir. Aðgætandi er, að móðir systkinanna var dönsk og þau að líkindum fædd í Danmörku. Hér getur tæpast verið um neinar leifar gamals siðar að ræða, heldur nýjan sið, sem er að ryðja sér til rúms fyrir dönsk áhrif. Hans gætir ekki að neinu ráði fyrr en á 19. öld. Það hefir alltaf verið tiltölulega fátítt á Íslandi, að menn hétu fleiri en tveimur nöfnum.

Tvínefni eða fjölnefni fóru þó í vöxt á síðara hluta 19. aldar og á 20. öld. Í nafnalögunum frá 1913 er gert ráð fyrir, að menn geti borið tvö eiginnöfn eða fleiri, en nafnalögin frá 1925 stemma stigu við, að menn geti borið meira en tvö eiginnöfn. Misbrestur hefir þó orðið á framkvæmd laganna frá 1925 í þessu efni, eins og mörgum öðrum. Má skjóta því fram hér, að menn, sem kunnugir eru refsimálum, hafa bent á, hve títt það er, að sakborningar heiti fleiri nöfnum en tveimur og raunar, að þeir beri oft nöfn, sem ankannaleg eru eða bagi er að.

Ættarnöfn.

Íslenzkir nafnsiðir eru mótaðir af tveimur nafnakerfum, annars vegar föðurnafnakerfinu, sem er germönsk arfleifð, og ættarnafnakerfinu, sem er hingað komið á síðari öldum.

Ættarnafnasiðurinn er sennilega hingað kominn frá Dönum. Til germanskra þjóða mun hann hafa borizt frá Rómverjum. Elztu íslenzku ættarnöfnin eru frá 17. öld, svo sem Vídalín, sem mun vera elzt, og Thorlacius, sem er ekki miklu yngra. Talið er, að Arngrímur lærði hafi fyrstur tekið upp nafnið Vídalín. Hann ritaði nafn sitt á bækur sínar Arngrímus Jónas Islandus og bætir stundum W aftan við, en það er talið skammstöfun á Widalinus, sbr. einnig Bjarni Jónsson, Íslenzkir Hafnarstúdentar, bls. 376. Barnabörn Arngríms tóku svo Vídalíns-nafnið upp. Thorlaciusar-nafn er runnið frá afkomendum Þorláks Skúlasonar biskups. Því miður hefir saga íslenzkra ættarnafna ekki verið skráð né rannsökuð, og um þau eru miklu óaðgengilegri heimildir en skírnarnöfnin. Þó skal vikið lítils háttar að sögu þeirra. Ættarnöfn virðast hafa náð til fárra ætta fram um 1800.

Í skýrslu Um mannaheiti á Íslandi 1855 segir, að heildartala ættarnafna sé þá 155, en hún segir ekkert um, hve margir bera þessi nöfn. Í formála skýrslunnar er talið, að ættarnafnatízkan, sem kölluð er „ósiður", fari minnkandi. Ekki skal það efað, en ef svo er, hefir riðið ný alda ættarnafna yfir þjóðina síðar. Tvær ástæður munu vega þar mest. Hin fyrri er, að erlendir menn hafa gerzt heimilisfastir á Íslandi og haldið sínum gömlu ættarnöfnum. Hin síðari er, að íslenzkir menn hafa tekið upp ættarnöfn. Í skýrslunni Íslenzk mannanöfn samkvæmt manntalinu 1. des. 1910, sem út var gefin af Hagstofu Íslands 1915, segir, að þá hafi 297 ættarnöfn verið borin af mönnum fæddum hér á landi. Um nöfn manna, sem hér voru heimilisfastir, en erlendir að uppruna, er ekki getið. Sýnilegt er, að skýrslurnar eru ekki sambærilegar, þar sem í skýrslunni frá 1855 er getið um ættarnöfn allra, sem heimilisfastir eru í landinu, en í skýrslunni frá 1910 aðeins þeirra, sem fæddir eru í landinu. Hins vegar er vandalaust að gera skýrslurnar sambærilegar, því að 47 þeirra ættarnafna, sem skýrslan frá 1855 greinir frá, voru borin af erlendum mönnum að fæðingu.

Sambærilegar tölur eru því 1855 108 ættarnöfn borin af mönnum fæddum á Íslandi, en 297 árið 1910. Hefir tala ættarnafna þannig því nær þrefaldazt á rúmum 50 árum. En um tölu berenda ættarnafna er enn sem fyrr ókunnugt.

Engar opinberar skýrslur um ættarnöfn hafa verið gefnar út síðan.

Löggjöf um mannanöfn.

Um og upp úr 1910 virðist ríkja mikill áhugi á því, að komið verði á skipan um nafnvenjur Íslendinga og um það sett lög á Íslandi. Einu fyrirmæli, sem í gildi voru, voru þessi:

a) Konungsbréf frá 11. des. 1812, þar sem fyrirmæli eru um, að nafn hvers barns skuli skráð í kirkjubók ásamt nöfnum foreldra þess.
b) Í 10. gr. laga nr. 4 frá 19. febr. 1886 var utanþjóðkirkjumönnum heimilað að láta ekki skíra börn sín, en allt um það skyldu þeir gefa þeim nöfn og tilkynna sóknarpresti til skráningar innan 12 vikna frá fæðingu barnsins.

Ýmsar réttarreglur danskar um þetta efni tóku ekki til Íslands, svo sem tilsk. 30. maí 1828 og kon.bréf 4. okt. s. á. og 20. okt. 1829, sbr. ráðuneytisbréf 22. okt. 1829, enda voru nafnvenjur að nokkru aðrar hér en í Danmörku á þeim tíma. Heimild konungs til leyfisveitinga samkvæmt 13. gr. stjórnarskrár 5. janúar 1874 mun hafa verið talin taka til leyfa til nafnbreytinga, og segir beinlínis um það í 1. málsgr. 11. gr. mannanafnalaganna frá 1913, að slík konungsleyfi hafi tíðkazt fyrir gildistöku laganna.

Á Alþingi 1912 fluttu þeir Guðlaugur Guðmundsson sýslumaður og Stefán Stefánsson skólameistari frumvarp til laga um nýnefni. Fjallaði frumvarp þetta um nafnbreytingar, ný nöfn á býlum og ný mannanöfn. Skal efni þess ekki nánara rakið hér, því að örlög frumvarpsins urðu ekki þau að hljóta samþykki Alþingis. Tilgangur þess átti hins vegar að vera sá að koma í veg fyrir glundroða og réttindamissi, sem óreglulegar nafnabreytingar gátu valdið. Þegar sýnt var, að frumvarpið yrði ekki útrætt á þinginu, lýsti Hannes Hafstein yfir því, en hann var þá ráðherra, að stjórnin myndi taka málið upp á næsta þingi. Í samræmi við þessa yfirlýsingu lagði stjórnin fyrir næsta þing (1913) tvö lagafrumvörp. Fjallaði annað um nafnbreytingar á býlum og ný býlanöfn, en hitt um ný mannanöfn og ættarnöfn. Það er aðeins síðar nefnda frumvarpið, sem hér skiptir máli. Eftir allmiklar umræður í þinginu var það samþykkt, og nefnast lögin **Lög um mannanöfn** nr. 41, 10. nóv. 1913. Tóku flest ákvæði þeirra gildi 1. janúar 1914, en sum 1. janúar 1915 og enn önnur ekki fyrr en 1. janúar 1916. Með þessum lögum eru ættarnöfn vernduð og raunar föðurnöfn líka. Helzti andófsmaður á þingi gegn lagasetningu þessari var Bjarni Jónsson frá Vogi, en fleiri voru þeim andsnúnir, t. d. vildi Skúli Thoroddsen, að málið yrði betur athugað og bar fram rökstudda dagskrá þess efnis, að málið yrði ekki afgreitt sem lög frá þinginu.

Mannanafnalögin frá 1913 eru allrækileg. Lögin fjalla bæði um eiginnöfn og kenningu til föður, ættarnöfn og enn fremur kenningarnöfn, sem er „það heiti, er maður hefir í viðbót við eiginheiti og föðurnafn, en gengur ekki til afkomenda hans“, sbr. 1. gr.

Um eiginnöfnin er það ákvæði í 11. gr., að prestum „er heimilt að neita að skíra börn nokkrum þeim nöfnum, sem telja verður hneykslanleg eða færa slík nöfn til bókar“. Vekur athygli, hve þar er varlega til orða tekið. Hægt var að fá konungsleyfi til breytingar á nöfnum eða til upptöku nýrra eiginheita, sbr. 11. gr. Lögunum er hugað um að koma festu á nafnritun. Hver maður, sem hlotið hefir tvö nöfn eða fleiri, er skyldur til, frá því hann er 16 ára að nota sama nafn og nöfn alla ævi, nema hann fái leyfi til breytingar, og skal hann jafnan rita þau á sama hátt, sbr.

2. gr. Ríkisstjórn var boðið í 8. gr. 2. málsgr. 2. tl. að láta semja „skrá yfir góð íslenzk, forn og ný eiginheiti karla og kvenna, er sérstaklega sýni, hvernig eigi að mynda konunafn af karlmannsnafni og karlmannsnafn af konunafni“. Skyldi skrá þessi vera til leiðbeiningar við nafnaval. Þá var raunar einnig boðið að semja skrá „yfir skammstafanir þær á eiginheitum manna, sem æskilegt þykir að nota“, sbr. 8. gr. 2. málsgr. 3. tl. Eiginheiti skyldi ávallt rita á undan föðurnafni eða ættarnafni, sbr. 2. gr. 1. málsgr. og gegndi þessu yfirleitt einnig um opinberar skrár, nema maður hafi ættarnafn, sbr. 13. gr. Ef maður hlaut í skírn eða tilkynningu til manntalsbókar nafn, sem er löglegt ættarnafn annarrar ættar, er honum óheimilt að hafa það fyrir kenningarnafn eða ættarnafn, sbr. 2. gr. lokaákvæði.

Um **kenningu til föður** var tveggja kosta völ, annaðhvort að menn kenndu sig til föður, með því að skeyta son eða dóttir við eiginnafn föður í eignarfalli, eða menn nefndu sig löglegu ættarnafni. Lögin greina ekki þann kost að kenna sig til móður, og virðast ekki byggja á honum sem löglegri kenningu, en ófeðrað barn skyldi kenna sig til móðurföður síns eða hafa ættarnafn móður, ef til er, sbr. 4. gr. Öllum var skylt að nota ættarnafn föður síns, „og tekur það einnig til óskilgetinna barna, ef faðerninu er játað“, sbr. 4. gr.

Þau ákvæði laganna, sem fyrirferðarmest voru, tóku til **ættarnafna.** Skulu þau nú reifuð stuttlega. 1. Ættarnafn, sem tekið hafði verið upp **fyrir aldamót** (1. janúar 1901), „telst viðurkennd eign þess, er það hefir notað“, en tilkynna skal það Stjórnarráði fyrir 1. janúar 1915. 2. Ættarnafn eða kenningarnafn, sem upp hafði verið tekið án löglegrar heimildar **eftir aldamót** má því aðeins nota eftir gildistöku laganna, að sá, sem í hlut á, fái heimild til að nota það með leyfisbréfi konungs fyrir 1. janúar 1916, sbr. 9. og 15. gr. 3. Eftir 1. janúar 1915 mátti enginn taka sér nýtt ættarnafn, nema með **leyfi Stjórnarráðsins,** sbr. 6. gr. Í þeirri grein segir enn fremur, að sé umsækjandi yngri en 16 ára, skuli samþykki þess foreldra, sem foreldraráð hefir yfir honum, fylgja umsókn. Hjón, er sóttu um ættarnafn, skyldu bæði samþykkja það, og systkin máttu sækja saman um upptöku sameiginlegs ættarnafns. Ef nafnbreyting verður með þessum hætti, skyldi hún taka til barna þess, sem fær ættarnafn, ef þau voru 16 ára eða yngri, og endranær ef börn samþykkja, enda hafi það foreldri, sem fær ættarnafn, haft foreldraráð yfir barni, þegar það náði 16 ára aldri. Gerlegt var fyrir foreldri að fá ættarnafn fyrir börn sín, þótt foreldri tæki ekki ættarnafnið. Enginn gat fengið nafni sínu breytt nema einu sinni eftir 16 ára aldur. Um gjaldheimtu vegna ættarnafna og um tilkynningu til kirkjubókar voru ákvæði í 10. og 12. gr. Svo sem fyrr greinir, var barni skylt að taka ættarnafn föður síns, sbr. 4. gr., en eiginkonu var í frjálst vald sett, hvort hún tæki upp ættarnafn manns síns „með eða án föðurnafns síns eða ættarnafns“, en ella skyldi hún nota nafn sitt og kenna sig til föðurnafns síns, sbr. 3. gr. Ef kona skildi við bónda sinn, var henni heimilt að taka aftur ættarnafn sitt, ef til var, en til þess varð hún þó að fá leyfi Stjórnarráðs, sbr. 10. gr. Gat þessi nafnbreyting einnig tekið til barna hennar, að tilteknum skildögum fullnægðum, sbr. 3. gr.

Lögin lögðu mikla áherzlu á, að menn rituðu nöfn sín með sama hætti eftir 16 ára aldur, sbr. 2. gr. Skyldu menn rita föðurnafn sitt eða ættarnafn fullum stöfum á eftir eiginheiti. Ef maður hefir löglegt kenningarnafn eða ættarnafn, og skal þá rita það fullum stöfum í stað föðurnafns, „og má þá rita föðurnafnið á undan því, fullt eða skammstafað eða upphafsstaf þess einn, eða sleppa því“, sbr. 2. gr. Í 13. gr. 2. málsgr. segir svo: „Útlendingum, sem hingað koma, er frjálst að rita löglegt heiti sitt á sinn vanahátt“.

Í 7. gr. eru nokkrar takmarkanir á því, hver ættarnöfn megi taka upp. M. a. var óheimilt að taka upp ættarnöfn, „sem eru lögleg eða viðurkennd eign íslenzks manns, ef aðili sjálfur eða fjárhaldsmaður hans hefir með bréfi til Stjórnarráðsins fyrir 1. janúar 1915 tilkynnt ættarnafnið, og lagt bann við, að það sé notað“. Skyldi greina þessi ættarnöfn á sérstakri skrá, er Stjórnarráð semur og birtir í B-deild

Stjórnartíðinda, sbr. 8. gr. Þá var óheimilt að taka upp ættarnafn, sem var löglega upp tekið eftir 1. janúar 1915. Í c-lið 7. gr. var ákvæði, er einkum olli deilum á Alþingi. Eftir 3. umræðu í efri deild hljóðaði hann upp á „nöfn, er telja verður óhæf í íslenzku máli, svo sem ættarnöfn, er enda á son, sen eða dóttir, eða hneykslanleg eru á einhvern hátt, eða svo lík þeim nöfnum, er getur um í staflið a. og b., að villum geti valdið“ (Alþingistíðindi 1913 A, 415). Í endanlegri gerð laganna hljóðaði liðurinn hins vegar svo: „Nöfn, er hneykslanleg eru á einhvern hátt, eða svo lík þeim nöfnum, er um getur í staflið a. og b., að villum geti valdið“. Ákvæðin um son, sen og dóttur eru með öðrum orðum brottu fallin.

Löggjafanum var ljóst, að upptaka margra nýrra ættarnafna gæti vart farið vel úr hendi, nema almenningi væru gefnar leiðbeiningar um, hvernig mynda mætti ættarnöfn, svo að vel færi. Þetta kemur fram í 8. grein laganna, þar sem segir, að Stjórnarráðinu sé falið að gefa út skrá og leiðbeiningar um þessi efni, m. a. „Skrá yfir orð og heiti, sem fallin þykja til að hafa að ættarnöfnum“, en annarra skráa samkvæmt 8. gr. er getið hér að framan.

Eftir að nafnalögin höfðu verið samþykkt, skipaði Stjórnarráðið nefnd til þess að semja fyrr greindar skrár. Sæti í henni áttu þeir Einar Hjörleifsson Kvaran, Guðmundur Finnbogason og Pálmi Pálsson. Nefndarálit þeirra er undirritað 24. febrúar 1915, og var álitið ásamt lögunum og nafnaskrám gefið út að tilhlutun Stjórnarráðs Íslands 1915. Er þetta hið merkilegasta plagg, og má þar fá skýringu á myndun ýmissa ættarnafna, sem nú tíðkast.

Lögin frá 1913 eru að mörgu leyti vel úr garði gerð, en þó sættu þau — og ekki síður fyrr greint nefndarálit — mikilli gagnrýni. Bjarni Jónsson frá Vogi var einn helzti talsmaður nýrra laga um mannanöfn.

Á árabilinu 1915—1925 veitti Stjórnarráðið leyfi til upptöku 204 ættarnafna, en auk þess eru birt í Stjórnartíðindum 45 önnur ættarnöfn, sem upp höfðu verið tekin fyrir gildistöku og staðfestingu laganna. Þá voru 7 kenningarnöfn tekin samkvæmt 1. gr. 6. málsgr. laga nr. 41/1913. Hin nýju ættarnöfn skera sig mjög úr eldri ættarnöfnum að gerð, og gætti ekki verulega erlendra áhrifa, svo sem áður hafði tíðkazt. Þess má geta, að ýmis þessara ættarnafna voru á skrá þeirri um ættarnöfn, er að framan greinir. Fjölmörg þessara ættarnafna eru enn notuð.

Bjarni Jónsson frá Vogi flutti frumvarp til laga um mannanöfn á þinginu 1923 (Alþt. A, 1923, 244—246), en það dagaði uppi. Á þinginu 1925 stóð úrslitahríðin um þetta efni. Virtist í fyrstu ekki blása byrlega fyrir frumvarpinu. Meiri hluti nefndar þeirrar, sem um málið fjallaði í neðri deild, lagði til, að frumvarpið yrði fellt, en minni hlutinn, að það yrði samþykkt með miklum breytingum. (Alþt. 1925 A, 547—548 og 648). Af umræðum er helzt að marka, að þingmenn hafi gert ráð fyrir, að frumvarpið næði ekki fram að ganga. En þótt frumvarpinu hafi ekki verið spáð góðu, náði það þó samþykki með 16 atkvæðum gegn 10 í neðri deild og 10 atkvæðum gegn 4 í efri deild, að vísu eftir að gerðar höfðu verið á því allmiklar breytingar í meðferð þingsins.

Mannanafnalögin nr. 54, 27. júní 1925 ollu straumhvörfum í sögu íslenzkrar nafnalöggjafar. Með þeim lögum voru lögin nr. 41/1913 felld úr gildi og sú stefna mörkuð, er skýrlega kemur fram í 2. gr. laganna: „Ættarnafn má enginn taka sér hér eftir“. Lög þessi eru stuttorð og um margt ófullkomnari en lögin frá 1913. Skal nú helzta efni þeirra reifað.

Mannanafnalögin frá 1925 fjalla um eiginnöfn og hversu menn skuli kenna sig til föður eða móður. Ættarnöfnum skyldi að miklu leyti útrýmt, en lögin gera þó ráð fyrir, að eldri ættarnöfn haldi gildi sínu, sbr. síðar, og stemma ekki stigu við, að erlendir menn flytji hingað inn ættarnöfn. Kenningarnöfn í þeirri merkingu, sem lögin frá 1913 nota það hugtak, eru ekki nefnd í lögum 54/1925.

Um **eiginnöfn** segir svo í 1. gr. laga 54/1925, að menn skuli heita einu nafni íslenzku eða tveimur, og er loku skotið fyrir, að þau geti verið fleiri en tvö, andstætt

ákvæðum laga 41/1913. Samkvæmt 4. gr. mega menn ekki bera önnur nöfn en þau, „sem rétt eru að lögum íslenzkrar tungu“. Skyldu prestar hafa eftirlit með, að þessum ákvæðum væri fylgt. Rísi ágreiningur um nafn, sker heimspekideild Háskólans úr. Í 6. gr. er boðið, að Stjórnarráð hlutist til um, að gefin sé út skrá „eftir tillögum heimspekideildar háskólans, yfir þau mannanöfn, er nú eru uppi, sem bönnuð skulu samkvæmt lögum þessum“. Skyldi gefa skrána út á hverjum 10 ára fresti og senda öllum prestum landsins. Er þar skemmst af að segja, að slík skrá hefir aldrei verið gefin út. Í 5. gr. laganna segir enn, að sá, sem fengið hefir „óþjóðlegt, klaufalegt eða erlent nafn, áður en lög þessi voru sett“, geti fengið því breytt með konungsleyfi (nú með leyfi forseta Íslands). Löggjafinn hefir sýnilega verið ærið bjartsýnn um, að vel tækist til um framkvæmd laganna, enda er aðeins ákvæði um klaufaleg nöfn og óþjóðleg, sem skírð hafa verið fyrir gildistöku laganna, og ekkert ákvæði um hin, sem kynnu að slæðast með eftir gildistöku þeirra. Um þau nöfn má þó ugglaust beita 5. gr. með lögjöfnun, en bjartsýni löggjafans reyndist ekki á bjargi reist, svo sem síðar greinir.

Um **kenning til föður** er það ákvæði í 1. gr., að hver maður skuli kenna sig til föður eða móður eða kjörföður og jafnan rita nafn sitt með sama hætti alla ævi. Hér er tekin upp kenning til móður, sem ekki var í mannanafnalögunum frá 1913, en af vangá er aðeins getið kjörföður, en ekki kjörmóður. Ætla verður þó, að kenning til kjörmóður sé heimil samkvæmt þessu. Kenningar til móður gætir mjög lítið hér á landi, og örlar þó á því, að menn riti upphafsstaf í eiginnafni móður milli eiginnafns og kenningarnafns.

Ákvæði laganna um **ættarnöfn** hafa það að stefnumiði að skjóta loku fyrir upptöku nýrra ættarnafna. Þó er þess að geta, sem fyrr greinir, að lögin amast ekki við ættarnöfnum, sem upp voru tekin fyrir síðustu aldamót (þ. e. fyrir 1. janúar 1901), og girða ekki fyrir, að erlendir menn, sem hingað flytjast, haldi ættarnöfnum sínum. Um þau ættarnöfn, sem fyrir voru með lögmætum hætti, er lögin tóku gildi, mæla þau svo fyrir, að sum þeirra megi haldast og ganga í ætt um alla eða óákveðna framtíð, en önnur mega haldast um sinn og falla svo niður. Eru reglur um þetta í 3. gr., og samkvæmt því er ættarnöfnum skipað í þrjá flokka, svo sem hér segir:

1. **Ættarnöfn, sem eldri eru en frá 1. janúar 1901.**
   Íslenzkir þegnar, sem við gildistöku laganna báru ættarnöfn, er upp höfðu verið tekin fyrir síðustu aldamót, mega halda þeim fyrir sig og niðja sína.
2. **Ættarnöfn, sem upp eru tekin frá 1. janúar 1901 til 1. janúar 1915.**
   Íslenzkir þegnar, sem þessi ættarnöfn bera, mega einnig halda þeim fyrir sig og niðja sína, ef aflað hefir verið leyfis vegna þeirra samkvæmt 9. gr. l. nr. 41/1913.
3. **Ættarnöfn, sem upp voru tekin eftir gildistöku l. nr. 41/1913, þ. e. 1. jan. 1914, og til gildistöku laga nr. 54/1925, þ. e. 23. sept. 1925.**

Í umræðum á Alþingi (sbr. Alþtíð. 1925, B, bls. 3315) er því haldið fram, án þess að það sætti andmælum, að þau ein börn þessara manna, sem fædd væru fyrir gildistöku laganna, mættu bera ættarnöfn, og styður orðalagið „sem **nú** bera ættarnöfn“ þá lögskýringu. Samkvæmt þessu ættu þeir menn, sem hlutu leyfi Stjórnarráðsins til að bera ættarnöfn samkvæmt lögum nr. 41/1915 á árabilinu 1915—1925, að mega bera ættarnöfn sín, svo og þau börn þeirra, er fædd eru fyrir 23. sept. 1925. Börn þeirra, sem fædd eru eftir 23. sept. 1925, svo og aðrir niðjar, mega hins vegar ekki bera ættarnöfn þessi, heldur ber þeim að kenna sig til föður eða móður að hætti 1. gr. laganna. Slík sundrun fjölskyldu um mannanöfn mun óvíða þekkjast í lögum grannlanda, og er mismunun þessi á engum rökum reist.

Samkvæmt 3. gr. mega erlendir menn, sem til landsins flytjast, halda ættarnöfnum sínum fyrir sig og niðja sína, því að þau nöfn eru sett í flokk með ættarnöfnum, er greinir í 1. tölulið hér að framan. Sýnt er, að mikill fjöldi ættarnafna af erlendri rót runninn hefir borizt til landsins með þessum hætti á síðustu árum.

Er svo talið, að á árunum 1921—1951 hafi hátt á annað hundrað ný ættarnöfn borizt hingað með mönnum, sem veitt var íslenzkt ríkisfang með lögum, en á árinu 1952 var tekin upp ný stefna í þessum málum, svo sem síðar greinir. Erlend ættarnöfn geta þó einnig eftir 1952 náð fótfestu hér á landi. Fyrst er að geta þeirra erlendra manna, sem hér eru dvalfastir, án þess þó að vera íslenzkir ríkisborgarar, barna þeirra og annarra niðja. Þá geta börn, sem íslenzkar konur eiga með erlendum ríkisborgurum, borið erlend ættarnöfn, og á það aðallega við um óskilgetin börn. Enn fremur á íslenzk kona, sem giftist erlendum ríkisborgara, rétt á að bera hið erlenda ættarnafn hans, og getur hún haldið því, þótt hjúskap ljúki fyrir skilnað, ógildingu eða andlát bóndans.

Ekki var hirt um að taka upp í lög nr. 54/1925 ýmis ákvæði laga nr. 41/1913, sem horfðu til festu í nafngiftum og ritun nafns, svo sem t. d. 2. gr. 2.—4. málsgr., 4. gr. 2. málsgr. o. fl. Þá var þess ekki gætt, að lög nr. 54/1925 eru á því reist, að ættarnöfn geti haldizt, og var hrapað að því að fella niður öll ákvæði l. 41/1913, er ættarnöfn varða. Ákvæðin um nafnbreytingar eru næsta ófullkomin og ærinnar ósamkvæmni gætir í ákvæðum 3. gr., svo sem fyrr segir. Þá vantar sitthvað af ákvæðum, sem nauðsynlega þurfa að vera í nafnalögum. En hér er raunar meira í efni. Framkvæmd laganna hefir tekizt böslulega. Þrátt fyrir brýnt boð 4. gr. um, að þau ein nöfn megi menn bera, sem rétt séu að lögum íslenzkrar tungu, bera manntöl og mannanafnaskrár þess órækt vitni, að hér tíðkast hinn mesti óvandi um nafngiftir, bæði klaufaleg nöfn, óþjóðleg, ankannaleg og með röngum orðmyndum og nöfn, sem hljóta að vera nafnbera til baga. Þá tíðkast það enn, að börn séu skírð fleiri nöfnum en tveimur. Þau ættarnöfn, sem upp voru tekin á árunum 1915—1925, hafa og mörg hver í reyndinni gengið til niðja með sama hætti og eldri ættarnöfn, og hafa stjórnvöld ekki amazt við þeirri lagaframkvæmd. Er nærtækt að telja, að hér sé komin á réttarvenja, er helgi mönnum þetta nafn. Enn er þess að geta, að menn hafa alla tíð frá gildistöku laganna tekið sér nöfn, sem eftir gerð allri eru ættarnöfn, en ekki kenningarnafn samkvæmt l. 54/1925, og hafa þau gengið til barna og annarra niðja. Þegar manntal 1950 fór fram, var talið, að þessi nöfn væru á fjórða hundrað, en síðan Þjóðskrá tók við almannaskráningu 1953—54 hafa slík nöfn ekki komizt inn á skatt- og útsvarsskrár, kjörskrár og aðrar opinberar skrár, sem fylgja þjóðskrá.

Aðstaða presta og þeirra annarra, sem færa manntalsbækur, hefir verið mjög örðug, með því að ekki hefir verið gefin út skrá sú, sem greinir í 6. gr. mannanafnalaga. Án slíks bakhjarls verða lög sem þessi ekki framkvæmd með viðhlítandi hætti.

Á Alþingi 1951 var, eins og raunar á flestum eða öllum þingum, lagt fram **Frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar.** Í þessu frumvarpi voru, eins og venja var til áður, aðeins talin nöfn þeirra manna, sem dómsmálaráðuneyti mælti með, að fengju íslenzkt ríkisfang. Engin ákvæði voru þar um nafnbreytingu þessa fólks, en á þinginu kom fram (frá allsherjarnefnd) breytingartillaga á þá lund, að inn í lögin yrði tekið svofellt ákvæði: „Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925“ (Alþt. 1951 A, 824). Þessi tillaga var samþykkt og stendur óbreytt í lögunum (Alþt. 1951 A, 1098). Sams konar ákvæði hefir staðið í lögunum um veitingu ríkisborgararéttar síðan. Þetta lagaákvæði sætti 1951 og hefir síðan sætt nokkurri andspyrnu utan þings og innan, og hafa ýmsir haldið því fram, að nægilegt væri, að hin erlendu nöfn féllu niður í öðrum og þriðja lið. Gagnrýnin beindist og hefir beinzt einkum að því, að ákvæðið skuli neyða fólk til nafnbreytinga. Telja þessir gagnrýnendur, að nægilegt væri, að börn eða barnabörn þessa fólks tækju upp íslenzk nöfn.

Hið næsta, sem gerist í málinu, var það, að hinn 1. marz 1955 fól þáverandi

dóms- og menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson, þeim Alexander Jóhannessyni prófessor, Jónatan Hallvarðssyni hæstaréttardómara, Þorsteini Þorsteinssyni fyrrv. hagstofustjóra og Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara að endurskoða mannanafnalög 1925 og semja nýtt frumvarp til laga um mannanöfn. Formaður nefndarinnar var dr. Þórður Eyjólfsson.

Nefndin brá skjótt við og samdi frumvarp, sem lagt var fyrir Alþingi 1955. Er það frumvarp rækilegt og vandað að allri gerð. Fylgir frumvarpinu allrækileg greinargerð, og kemur þar í ljós, að nefndarmenn hafa ekki verið sammála um einstök atriði. Í 1.—6. grein frumvarpsins er fjallað um eiginnöfn. Eru þar miklu fyllri og greinilegri ákvæði en í lögunum frá 1925.

Meginbreyting frumvarpsins frá lögunum frá 1925 felst í afstöðunni til **ættarnafna.** Um þau er fjallað í 10.—19. grein þess. Í 10. gr. segir svo:

> „Lögleg ættarnöfn, sem íslenzkir ríkisborgarar bera nú, mega haldast. Eftir að lög þessi öðlast gildi, er óheimilt að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi, nema Dómsmálaráðuneytið hafi veitt leyfi til þess, enda hafi Mannanafnanefnd samþykkt ættarnafnið".

Hér er um algera stefnubreytingu að ræða frá 1925. Ekki voru þó nefndarmenn allir sammála um þetta mikilvæga atriði. Þeir Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson skiluðu sérstöku áliti og virðist höfuðröksemd þeirra vera sú, að ættarnafnasiðurinn hér sé orðinn rótgróinn og að minnsta kosti ekki í ósamræmi við almenningsálitið, enda hafi flokkar þeir, sem staðið hafi að ríkisstjórnum, ekki krafizt þess af stjórnvöldum, að ættarnafnabanninu yrði framfylgt. Telja þeir, að erfitt eða óframkvæmanlegt yrði að útrýma með málshöfðunum og beitingu refsiákvæða þeim ættarnöfnum, sem upp hefðu verið tekin án stoðar í lögum. Þeir kveðast heldur ekki fá séð, að íslenzku máli eða íslenzku þjóðerni verði nein hætta búin „af ættarnöfnum, sem gerð eru í samræmi við lögmál íslenzkrar tungu". Þeir segja enn fremur:

> „Það er skoðun okkar, að afstaða manna til ættarnafna fari fremur eftir smekk og tilfinningum en efnisrökum. En um smekk og tilfinningar er ekki unnt að deila, og á því sviði á persónufrelsi að ríkja, enda sé þess gætt, að mikilvægum þjóðarhagsmunum, svo sem vernd íslenzkrar tungu, sé ekki misboðið".

Þorsteinn Þorsteinsson hafði nokkra sérstöðu í málinu, að ýmsu leyti mjög athyglisverða. Í séráliti hans segir m. a. svo:

> „Sérstaða mín varðandi ættarnöfn gagnvart meðnefndarmönnum mínum, Jónatan Hallvarðssyni og Þórði Eyjólfssyni, er aðallega í því fólgin, að ég er persónulega hlynntari ættarnöfnum heldur en þeir, því að ég tel þau mjög mikilvæg til þess að auðkenna menn, umfram það sem unnt er með eiginnöfnum einum og kenningu til föður. Vegna þess hve algengt er, að menn heiti sama nafni, er nauðsynlegt að auðkenna þá nánar, og er algengast hér á landi, að það sé gert með því að kenna þá til föður. En með því að sama máli gegnir um föðurnöfnin, að þau eru mjög samnefni, þá verða fjölmargir samnefndir þrátt fyrir það (bæði með sama eiginnafni og föðurnafni). Ef menn nú auk þess kenna sig til ákveðinnar ættar með ættarnafni, þá fækkar samnefnunum mjög mikið eða hverfa jafnvel".

Hér er vikið að því atriði, að bæði kerfin, föðurnafnakerfið og ættarnafnakerfið, séu notuð sameiginlega, eins og tíðkast í sumum löndum. Þannig myndi t. d. Jón, sonur Árna Briem, ekki heita annaðhvort Jón Árnason eða Jón Briem, heldur Jón Árnason Briem.

Alexander Jóhannesson hafði þó mesta sérstöðu og taldi flest íslenzk ættarnöfn vera málspjöll og mundu þau, er tímar liðu, valda skemmdum á íslenzkri tungu.

Hinn 4. nóv. 1955 var fyrr greindu frumvarpi útbýtt á Alþingi, og á fundi efri deildar 8. nóv. var það tekið til umræðu og vísað til 2. umræðu og menntamálanefndar, eftir að þáverandi dómsmálaráðherra, Bjarni Benediktsson, hafði fylgt því úr hlaði. Á fundi í efri deild 9. des. 1955 var frumvarpið samþykkt með 7 atkvæðum gegn 6 og vísað til neðri deildar, en þar dagaði það uppi.

Fylgiskjal II.

ÞRÓUN NAFNRÉTTAR Í GRANNLÖNDUNUM

Nafnvenjur á Norðurlöndum eru af germönskum rótum runnar. Tíðkuðust þær venjur langt á aldir fram, að menn kenndu sig til feðra sinna. Ættarnafna tók að gæta á miðöldum, fyrst hjá aðalsfólki, en síðar hjá borgurum og lærðum mönnum. Bæði í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi fluttust ættarnöfn allmikið með erlendu fólki, er tók sér bólfestu í þessum löndum, og gætir þar m. a. talsvert þýzkra áhrifa. Í sveitum héldust fornar nafnvenjur fram á síðara hluta 19. aldar og raunar örlar á þeim enn í afskekktum byggðarlögum. Í öllum þessum löndum ríkti lengi los og hálfgerð ringulreið um mannanöfn, en ættarnöfnin hafa í þessum löndum með ýmsu öðru stuðlað að festu.

Í Danmörku eru fyrstu lög um mannanöfn tilsk. Friðriks I frá 1526, er bauð aðalsættum að taka upp föst ættarnöfn. Struense mælti svo fyrir 1771, að ættarnöfn skyldu tekin upp í Slésvík, en það var ekki fyrr en með tilsk. 30. maí 1828, að almennt var boðið að taka upp ættarnöfn í Danmörku. Sú skylda sætti þó víða um landið ærinni andspyrnu, og það var fyrst á síðara hluta aldarinnar, að verulegur skriður komst á framkvæmd þeirrar tilhögunar. Margir höfðu þá tekið upp hin alþekktu dönsku ættarnöfn, sem enda á -sen. Hófst hreyfing um að leggja þau niður og taka upp nöfn, sem sérgreindu betur ættir manna, og varð sú hreyfing kveikja að lögunum 22. apríl 1904 um nafnbreytingar. Í raun réttri má segja, að Danir fengju ekki fyrstu heildarlög sín um mannanöfn, fyrr en 1961.

Þróun mannanafnalöggjafar á hinum Norðurlöndunum þremur er með svipuðu sniði. Þar hefir verið við dreifð ákvæði og sundurleit að styðjast, unz kemur fram á þessa öld. Í Finnlandi voru sett sérstök lög um ættarnöfn 1920, en önnur um eiginnöfn frá 1945, og gilda þau enn. Í Noregi voru sett heildarlög um nafnrétt 9. febrúar 1923, en núgildandi lög eru frá 29. maí 1964. Í Svíþjóð var nafnrétti skipað með tilsk. m. a. um ættarnöfn frá 5. des. 1901, er sætti síðar ýmsum breytingum, en fyrstu heildarlögin eru núgildandi lög frá 11. okt. 1963. Í öllum þessum löndum hafa verið sett ákvæði um einstaka þætti nafnréttar, t. d. með hjúskaparlögum, lögum um ættleiðingar, lögum um skilgetin börn og óskilgetin, o. fl. Gegnir þessu einnig hér á landi, sbr. t. d. lög nr. 39/1921, 48. og 81. gr. og lög nr. 19/1953, auk 10. gr. laga nr. 4/1886. Þá ber að hafa í huga, að skírnarskylda er næsta forn í lögum og þ. á m. skylda til að gefa barni nafn, en nafnskylda á sér þó miklu lengri sögu í lögum en skírnarskylda.

Fyrir röskum áratug tókst samvinna milli þriggja Norðurlanda, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, um samningu laga um mannanöfn. Af hálfu Finnlands og Íslands var þessu samstarfi ekki sinnt. Eftirtekjan af því voru ný nafnalög í löndunum þremur, sem fyrr greinir, í Danmörku 1961, í Svíþjóð 1963 og í Noregi 1964. Var bæði stefnt að því að semja frv. til heildarlaga og að reyna að samræma ákvæðin innbyrðis eftir föngum í þessum löndum. Náðist fyrra stefnumiðið að flestu leyti, og hið síðara að nokkru leyti. Við samningu frv. þess til laga um mannanöfn, sem hér liggur fyrir, hefir verið höfð nokkur hliðsjón af þessum lögum, en hér verður að gæta þess, að þróun á sviði mannanafna er svo sérstæð hér á landi og nafnvenjur, að takmörkuð hliðsjón verður höfð af erlendum lögum.

Fylgiskjal III.

ATHUGUN Á SKÍRNARALDRI BARNA

Að undirlagi nefndar þeirrar, er menntamálaráðherra skipaði til þess að endurskoða mannanafnalögin frá 1925, gerði Hagstofan athugun á skírnaraldri barna hér á landi. Í töflu þeirri, er hér fer á eftir, eru helztu niðurstöður þessarar athugunar.

Börn fædd árið 1964 eftir skírnaraldri o. fl.

Skírnarmánuður eftir fæðingarmánuð[1])	Móðir búsett: í Rvík., Kópav., Seltj.nesi	í öðrum kaupst., Garðahr., Njarðvíkurhreppi	í kauptúnum með fl. en 200 íbúa	í strjálbýli	erlendis	Alls	Hlutfallsleg skipting	Hlutfallstölur lagðar saman[2])
0	32	21	9	24	1	87	1,8	1,8
1	208	123	48	82	5	466	9,6	11,4
2	363	208	98	110	8	787	16,3	27,7
3	399	232	103	117	5	856	17,7	45,4
4	364	198	108	124	2	796	16,4	61,8
5	226	156	68	85	1	536	11,1	72,9
6	156	77	47	60	4	344	7,1	80,0
7	99	43	25	50	3	220	4,6	84,6
8	66	37	13	28	3	147	3,0	87,6
9	43	19	8	22	1	93	1,9	89,5
10	26	14	6	15	1	62	1,3	90,8
11	21	15	5	11	1	53	1,1	91,9
12	24	9	1	7	1	42	0,9	92,8
13—24	40	26	14	22	5	107	2,2	95,0
25 og yfir	18	9	4	8	2	41	0,8	95,8
Skírðir alls	2 085	1 187	557	765	43	4 637	95,8	95,8
Nafngjöf	36	6	3	3	3	51	1,1	96,9
Óupplýst	24	19	11	13	26	93	1,7	98,8
Dánir óskírðir	24	16	5	12	1	58	1,2	100,0
Alls	2 169	1 228	576	793	73	4 839	100,0	–

1) 0 merkir: börnin skírð í sama mánuði og þau eru fædd. Hér eru börnin þá að meðaltali hálfs mánaðar gömul við skírn.
1 merkir: börnin skírð í næsta mánuði eftir fæðingarmánuð, t. d. í febrúar, ef þau eru fædd í janúar.
11 merkir: börnin skírð t. d. í maí 1965, ef þau eru fædd í júní 1964.

2) Tölur í þessum dálki sýna, hve mikill hluti barnanna er skírður innan ákveðinna tímamarka frá fæðingarmánuði. Þannig þýðir t. d. talan 80,0, að 80,0% barnanna hafa verið skírð í fæðingarmánuði og næstu sex mánuðum þar á eftir.

Athugun þessi tók til allra barna fæddra árið 1964. Voru börnin flokkuð eftir skírnaraldri, sjá athugasemd 1) við töfluna, svo og eftir því, hvar móðir átti heimili, þegar barnið fæddist. Alls töldust börnin vera 4 839, en samkvæmt mannfjöldaskýrslum Hagstofunnar eru lifandi fædd börn ársins 1964 4 787 að tölu. Þessi mismunur, 52, stafar af því, að með í athugunina komu börn mæðra, sem eigi eru taldar vera heimilisfastar hér á landi. Er hér aðallega um að ræða börn sendiráðsstarfsmanna og útlendinga á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt töflunni var tala þessara barna alls 73, eða 21 hærri en fyrr nefndur mismunur. Ástæða þess misræmis er sú, að við gerð mannfjöldaskýrslna er miðað við búsetu móður samkvæmt þjóðskrá, en athugunin var byggð á upplýsingu fæðingarskýrslna um búsetu móður, og þarf þetta tvennt ekki að fara saman. Upplýsingar vantaði um skírnaraldur rúmlega þriðjungs þessara barna (26 af 73).

Athugun var gerð á skírnaraldri sveina sér og meyja sér, og enn fremur var börnum skipt eftir því, hvort foreldrarnir voru taldir búa saman eða ekki, eftir upplýsingu fæðingarskýrslu þar um. Þessar sérathuganir leiddu ekki í ljós teljandi mun frá heildarniðurstöðum, og þykir því ekki ástæða til að láta þessar skiptingar koma fram í töflunni hér fyrir ofan. Þess má þó geta, að foreldrar 654 barna, af 4 839 börnum ársins 1964, bjuggu ekki saman samkvæmt upplýsingu fæðingarskýrslu. Lifandi fædd, óskilgetin börn 1964 voru 1 279 að tölu, en þar eru öll börn, sem ekki eru fædd í hjónabandi, talin óskilgetin.

Í töflunni er börnum skipt eftir búsetustað móður samkvæmt byggðarstigsflokkun Hagstofunnar. Samanburður á hlutfallstölum fyrir hvert byggðarstig leiðir í ljós, að ekki er umtalsverður munur á skírnaraldri barna í Reykjavíkurþéttbýli, öðrum kaupstöðum og í strjálbýli, þó er hann hæstur í strjálbýli.

Í töflunni kemur m. a. fram, að algengast er að skíra börn í 2., 3. og 4. mánuði eftir fæðingarmánuð, og að allt að 80% barna hafa verið skírð innan hálfs árs aldurs. Af öðru eftirtektarverðu, sem kemur fram í töflunni, má nefna, að aðeins 51 af 4 688 börnum, sem upplýst var um og ekki dóu óskírð, fengu nafn án skírnar, og raunar má vera, að sú tala sé of há, vegna þess að einhver af þessum börnum, 51 að tölu, geta hafa verið skírð þótt fæðingarskýrsla bæri það með sér, að um nafngjöf án skírnar væri að ræða.

Að því er varðar aðrar niðurstöður þessarar athugunar vísast til töflunnar.

Fylgiskjal IV.

HLUTVERK OG STARFSREGLUR ÞJÓÐSKRÁR Í SAMBANDI VIÐ SKRÁNINGU MANNANAFNA

Þjóðskráin — eða allsherjarspjaldskráin eins og hún var kölluð í upphafi — var reist á aðalmanntali 1950. Þeir, sem þar voru skráðir, voru teknir í vélspjöld með nafni og þeim upplýsingum öðrum, sem ákveðið hafði verið að hafa á vélskrá til nota í stjórnsýslu og hagskýrslugerð. Þessi upphaflegi stofn var síðan færður fram til hausts 1952 með aðstoð sérstaks manntals, sem fór fram 16. október 1952. Eftir það hefur þjóðskrá verið færð til samræmis við áorðnar breytingar eftir sérstökum breytingargögnum, svo sem tilkynningum um aðsetursskipti og skýrslum um fæðingar, skírnir, hjónavígslur og mannslát, o. m. fl. Hverju sinni liggur fyrir fastur stofn vitneskju um alla landsmenn, og helzt hann óbreyttur, nema breyting sé gerð samkvæmt gagni þar að lútandi.

Mikið var um villur í manntölum 1950 og 1952, og þau voru einnig gölluð á ýmsan annan hátt. Í manntali 1952 voru t. d. um 13 000 einstaklingar tilgreindir með annan fæðingardag en var í manntali 1950. Slíkt misræmi er óhjákvæmilegt í handskrifuðum gögnum af þessu tagi, en þegar störf eru vélvædd, þ. e. tekin til vinnslu í skýrsluvélum, standa upplýsingar óhreyfðar í vélspjöldum eða segulböndum eins og þær eru „skráðar" upphaflega, og geta þær ekki breytzt eða afbakazt. Þetta merkir t. d., að hvert mannsnafn á vélskrá helzt óbreytt á öllum skrám, sem gerðar eru með henni í skýrsluvélum, unz breyting kann að verða gerð á nafni að yfirlögðu ráði.

Upplýsingar manntala 1950 og 1952 um mannanöfn voru ónákvæmar og mótsagnakenndar, og nöfn auk þess oft illlæsileg. Ritháttur nafna var oft ekki hinn sami í báðum manntölum og jafnvel ekki í sama manntali, ef maður var skráður í tveimur eða fleiri umdæmum. Þá kom það og oft fyrir, að sami maður væri með tvö ólík nöfn, t. d. með ættarnafn á einum stað og kenningu til föður á öðrum. Þá var og

allmikið um, að gælunöfn væru skráð á manntal í stað réttra eiginnafna. Öll slík vandamál voru leyst í bili, eftir því sem talið var næst liggja, enda gert ráð fyrir, að margt yrði lagfært síðar. Hér var um það eitt að ræða að ná mannanöfnum í þjóðskrá í samræmi við það, sem menn sjálfir töldu, að þeir hétu. En jafnframt varð að taka afstöðu til, hvernig brugðizt skyldi við ólögmætum nöfnum á manntali. Að því er varðar eiginnöfn, var augljóslega ekki önnur leið fær en að taka þau í þjóðskrá eins og þau voru á manntalsskýrslu. Þó var reynt að sneiða hjá gælunöfnum. Að gera tilraun til að greina ólögmæt eiginnöfn frá lögmætum og taka aðeins hin síðar nefndu í þjóðskrá hefði leitt út í ófæru, eins og mál voru í pottinn búin. Það eina, sem unnt var að gera í þessu efni, var að sneiða hjá eiginnöfnum, sem talin voru ónefni, þegar nöfn voru tvö eða fleiri.

Um ættarnöfn gegndi nokkuð öðru máli. Sæmileg vitneskja lá fyrir um, hver ættarnöfn íslenzkra manna voru lögmæt og hver ekki. Hins vegar var í flestum tilvikum ógerlegt að kanna, hvort menn höfðu rétt til að bera þau ættarnöfn, sem þeir skráðu eða létu skrá á manntalsskýrslu. Og að því er varðar ólögmæt ættarnöfn, var ekki kunnugt um föðurnöfn hlutaðeiganda, nema barna hjá foreldrum. Þessir og aðrir framkvæmdaörðugleikar voru þungir á metunum, en hitt réð þó úrslitum, að eigi var talið stætt á því að hafna nöfnum, sem menn höfðu notað jafnvel áratugum saman og aldrei hafði verið amazt við af hálfu stjórnvalda. Bæði fyrir og eftir setningu mannanafnalaga 1925 höfðu menn skráð þessi sjálfteknu ættarnöfn sín óátalið á ársmanntöl, og þaðan komust þau hindrunarlaust inn á skatt- og útsvarsskrár, kjörskrár og aðrar opinberar skrár. Áður en varði voru þau orðin föst í sessi. Með þessu aðgerðaleysi stjórnvalda fengu þessi ættarnöfn í raun og veru opinbera viðurkenningu. Rétt er að geta þess, að eins og almannaskráningu og opinberri skrárgerð var háttað fyrir tilkomu Þjóðskrár, var það miklum vandkvæðum bundið, og jafnvel óframkvæmanlegt, að koma í veg fyrir þá þróun, sem hér varð.

Auk þess sem berendur þessara ættarnafna höfðu ómótmælanlega öðlazt sterkan siðferðislegan, og stundum jafnvel lagalegan, rétt til ættarnafna sinna, var á það að líta, að tilgangslaust var að hafna upptöku þessara nafna í þjóðskrá, þar eð slíkt hefði vafalítið leitt til þess, að hún hefði aldrei komizt á fót vegna andstöðu þeirra fjölmörgu einstaklinga, sem hér áttu hlut að máli.

Af greindum ástæðum var ekki önnur leið talin fær en að taka á þjóðskrárstofn þau ættarnöfn, sem fyrir komu í manntölum 1950 og 1952. Þó var það ekki gert, þegar ástæða var til að ætla, að ættarnafn væri ekki orðið fasttengt hlutaðeiganda, eins og t. d. þegar hann var á einum stað í manntali með ættarnafni, en á öðrum stað kenndur til föður.

Við töku mannanafna á skrá í upphafi var þannig lítið svigrúm til að færa til rétts vegar það, sem þróazt hafði í trássi við lög. En þegar Þjóðskrá var komin á fót og tekin við almannaskráningu — en það varð á árunum 1953—54 — hætti skráning mannanafna að vera einkamál manna í reynd. Hin árlegu manntöl bæjarstjórna og presta, sem verið höfðu grundvöllur opinberrar skrárgerðar, og þar sem menn í framkvæmd gátu skráð nöfn sín eftir vild, féllu niður. Í þess stað komu íbúaskrár Þjóðskrár. Mannanöfn og aðrar upplýsingar á þeim voru þar sem opinberlega skráð atriði, og fóru þaðan óbreyttar inn á skatt- og útsvarsskrár, kjörskrár og ýmsar aðrar opinberar skrár. Nú var það því Þjóðskráin, sem samkvæmt eðli málsins ákvað, með hvaða hætti nöfn væru rituð á þeim opinberu skrám, sem mestu máli skiptu. Hún var að sjálfsögðu skyld til að hafa hliðsjón af rétti einstaklinga við þessa skráningu, en það var jafnframt skylda hennar að gæta þess, að skráning nafna færi ekki í bág við lög, eins og talið var, að bæri að framkvæma þau. Í samræmi við þessi breyttu viðhorf setti Þjóðskráin sér í upphafi starfsreglur um skráningu nafna á almannaskrá, og hefur þeim síðan verið fylgt að mestu óbreyttum. Hafa þær verið við það miðaðar að koma þessum málum í fast samræmt horf, eftir

því sem aðstæður frekast leyfðu. Skal nú gerð grein fyrir þessum starfsreglum í stórum dráttum.

Engin ný ættarnöfn Íslendinga hafa verið tekin í þjóðskrá, síðan hún tók til starfa. Í sambandi við skráningu ófeðraðra barna hefur þó ekki verið hjá því komizt að skrá sem kenninafn síðara nafn, sem þessum börnum hefur verið gefið, í því skyni að það yrði notað sem slíkt, þar eð ekki var um föðurnafn eða ættarnafn að ræða. Hér var ekki annarra kosta völ, nema þá að kenna börn til eiginnafns móður, en ekki var talið fært að knýja fólk til slíkrar lausnar á vanda þessara barna, vegna þess að þessi háttur er algerlega niður lagður. Rétt er að taka það fram, að skráning á nafni, sem ófeðruðu barni er gefið í því skyni, að það noti nafnið sem kenninafn, er að sjálfsögðu ekki jafngilt því, að veitt sé leyfi til upptöku ættarnafns.

Ættarnöfn, sem voru tekin á skrá upphaflega samkvæmt manntali 1950 og 1952, hafa haldizt í þjóðskrá sem kenninöfn niðja þeirra, sem fyrst báru nöfn þessi í henni, þó aðeins í karllegg. En þegar vafi hefur leikið á, að hlutaðeigendur sjálfir litu á slík nöfn sem ættarnöfn, hafa menn þó að jafnaði verið kenndir til föður við skráningu, og það hefur að sjálfsögðu einnig alltaf verið gert, þegar menn hafa látið í ljós, að þeir vildu ekki nota ættarnafn, heldur kenna sig til föður. Óskir um breytta skráningu kenninafns, þannig að ættarnafn kæmi í stað föðurnafns eða annars ættarnafns, hafa ekki verið teknar til greina, nema gengið hafi verið úr skugga um, að hlutaðeigandi hefði rétt til ættarnafnsins samkvæmt starfsreglum Þjóðskrár.

Síðan 1952 hefur það verið skilyrði fyrir veitingu íslenzks ríkisborgararéttar með lögum, að hlutaðeigendur tækju sér íslenzkt nafn samkvæmt mannanafnalögum. Þjóðskráin tók til starfa um líkt leyti og þetta var fyrst tekið í lög, og féll það því í hennar hlut að hafa hönd í bagga með, að þessir menn fengju ekki kosningarrétt og önnur réttindi, sem fylgja íslenzku ríkisfangi, nema þeir sættu skilyrði laga um þetta. Hefur verið beðið með að skrá íslenzkt ríkisfang þessara manna, unz tilkynning hefur borizt frá dómsmálaráðuneytinu um, að þeir hefðu fengið íslenzkt nafn. Skráning nýs nafns og nýs ríkisfangstákns hefur síðan farið fram samtímis.

Í manntölum 1950 og 1952 var nokkuð um það, að íslenzkar konur kenndu sig til föðurnafns eiginmanns, og voru slík kenninöfn tekin í þjóðskrá af sömu ástæðum og flestum ættarnöfnum — lögmætum og ólögmætum — var sleppt inn í hana. Hins vegar hafa engin slík ný kenninöfn íslenzkra giftra kvenna verið tekin í þjóðskrá, síðan hún hóf starfsemi, og nefna má, að konur, sem dvalizt hafa erlendis með eiginmönnum sínum og kennt sig þar til föðurnafns þeirra, hafa við heimflutning verið teknar á skrá með kenningu til föður eða með ættarnafni, sem þær hafa verið taldar eiga rétt til.

Í mannanafnalögum 1925 er kveðið svo á, að hver maður skuli heita einu íslenzku nafni eða tveim, og að óheimilt sé að bera önnur nöfn en þau, „sem rétt eru að lögum íslenzkrar tungu“. Þessi ákvæði höfðu verið lítt eða ekki framkvæmd í meira en aldarfjórðung, þegar Þjóðskráin tók til starfa, og hún taldi það ekki vera sitt verkefni að hefjast handa um framkvæmd á þeim. Samkvæmt lögunum skyldu prestar hafa eftirlit með því, að þessum ákvæðum væri fylgt. Hafa nöfn ungbarna samkvæmt þessu verið tekin á almannaskrá eins og þau hafa verið tilkynnt Þjóðskrá af sóknarprestum og forstöðumönnum löggiltra trúarfélaga.

Við töku eiginnafna í Þjóðskrá í upphafi var þeirri reglu fylgt við fleirnefni, að það nafn var skráð, sem menn notuðu venjulega, enda var við bæði manntöl, 1950 og 1952, svo fyrir mælt, að það nafn skyldi undirstrikað á manntalsskýrslu. Ef undirstrikað nafn var annað eða þriðja nafn, var fyrra nafni eða tveimur fyrstu nöfnum ávallt sleppt. En ef undirstrikað nafn var fyrr eða fyrst, fór það eftir atvikum og rúmi í vélspjaldi, hvort ónotað nafn (nöfn) voru tekin á almannaskrá eða ekki. Þessum reglum hefur verið fylgt ávallt síðan.

Þegar Þjóðskrá eru tilkynnt fleiri en eitt eiginnafn á ungbarni, eru þau tekin

á skrá í tilgreindri röð, eftir því sem rúm í vélspjaldi leyfir, en stundum þarf hér að grípa til styttinga, og verður vikið nánar að því síðar.

Þegar maður með fleiri en eitt eiginnafn samkvæmt kirkjubók ber fram ósk um, að tekið verði í þjóðskrá annað skírnarnafn, í stað þess, sem er fyrir á skrá, er orðið við slíkri beiðni eftir föstum reglum. Maður, sem heitir Helgi samkvæmt þjóðskrá, en Björn Helgi samkvæmt kirkjubók, getur fengið ritun nafns síns á almannaskrá breytt í Björn Helgi, Björn H eða Björn, en hins vegar ekki í Helgi Björn. Röð eiginnafns er m. ö. o. aldrei breytt frá því, sem er í kirkjubók, og ónotuðu nafni eða nöfnum framan við það nafn, sem maður notar í daglegu lífi, er þá heldur sleppt.

Þegar borin er fram ósk um breytta ritun eiginnafns á þjóðskrá, er ávallt gengið úr skugga um, að beiðnin sé á rökum reist, og til þess eru tiltæk fullkomin gögn. Hagstofan lét á sínum tíma taka allar kirkjubækur 1896—1915 á míkrófilmur, en frá og með 1916 eru tiltækar á Hagstofunni fæðingarskýrslur presta og ljósmæðra um öll börn. Inn á þessar skýrslur hafa nafngjafir verið færðar jafnóðum samkvæmt skírnarskýrslum sóknarpresta og forstöðumanna löggiltra trúfélaga, en þær skýrslur eiga að vera í fullu samræmi við það, sem skráð er í kirkjubækur.

Breyting á kenninafni á almannaskrá er aldrei framkvæmd, án þess að athugun fari fram á réttmæti hennar.

Þegar Þjóðskráin telur, að fram borin beiðni um breytingu á ritun nafns á almannaskrá feli í sér raunverulega nafnbreytingu eða vafi sé á því, hvort svo sé eða ekki, er hlutaðeiganda ávallt bent á að snúa sér til dómsmálaráðuneytisins. Eiginleg nafnbreyting er að sjálfsögðu aldrei framkvæmd í þjóðskrá, nema hún hafi verið leyfð af því ráðuneyti. Annars er oft álitamál, hvort um eiginlega nafnbreytingu er að ræða eða ekki. Sem dæmi má nefna, að breyting úr Mary eða Marie í Maríu eða Kirsten í Kirstín telst ekki vera eiginleg nafnbreyting, sem krefst leyfis dómsmálaráðuneytisins, en breyting úr Kirsten eða Kirstín í Kristín mundi ekki verða gerð í þjóðskrá, nema með leyfi ráðuneytis.

Fram að 2. desember 1964 var þeirri reglu fylgt, að kona, sem giftist manni með ættarnafn samkvæmt þjóðskrá, fékk það nafn sem kenninafn á skrá, um leið og hjúskapartákni hennar var breytt þar, nema sérstök ástæða væri til annars. En eftir það hafa konur, sem gifzt hafa mönnum með ættarnafni, verið látnar halda kenninafni sínu á skrá, og þær hafa ekki fengið ættarnafn eiginmanns, nema sérstök beiðni kæmi fram um það. Þessi breyting stóð í sambandi við það, að vorið 1965 var hafin útgáfa nafnskírteina til allra einstaklinga 12 ára og eldri, og þar með þurfti framvegis alltaf að breyta nafnnúmeri og gefa út nýtt nafnskírteini, þegar breyting yrði á nafni — eiginnafni eða kenninafni. Þetta er talsvert fyrirhafnarmikil aðgerð, og því var ákveðið að láta konur halda kenninafni sínu á skrá, þegar þær giftust mönnum með ættarnafni. Reynslan hefur orðið sú, að tiltölulega fáar af þessum konum hafa óskað eftir, að kenninafni þeirra yrði breytt á skrá.

Eins og áður segir, varð ekki hjá því komizt, að gælunöfn slæddust inn í þjóðskrá í upphafi í stað réttra eiginnafna, en mörg slík nöfn hafa verið fjarlægð úr henni, og engin ný nöfn af þessu tagi eiga að hafa komizt á almannaskrá síðan Þjóðskráin tók til starfa.

Við skipulagningu þjóðskrár í upphafi var, að vandlega athuguðu máli, ákveðið að ætla skráningu nafns 23 dálka af 80 dálka rúmi vélspjalds. Þetta merkti, að nöfn máttu ekki vera lengri en 23 bókstafir, að meðtöldum bilum. Hér var um að ræða afdrifamikla ákvörðun, því að fyrirsjáanlegt var, að við þetta yrði að búa um áratuga skeið, vegna óhemjumikils kostnaðar við að gera á þessu breytingu, þegar Þjóðskráin væri komin á fót. Æskilegt var að hafa meira rúm í spjaldinu fyrir nafn, en það var ekki talið unnt, vegna þess að 57 dálkar gerðu ekki betur en nægja fyrir öðrum upplýsingum í þágu stjórnsýslu og hagskýrslugerðar, sem urðu að komast

með. Sem betur fer, hafa ekki orðið teljandi vandkvæði á ritun nafna á þjóðskrá, þótt dálkarúm væri ekki meira en þetta. Það nægir alltaf, þegar eiginnafn er eitt, en stundum þarf að grípa til styttingar, þegar þau eru tvö eða þrjú, einkum ef kenninafnið er langt. Fyrsta stytting, sem gerð er, er að rita s fyrir son og d fyrir dóttir, en þegar það ekki nægir, verður að fella niður 2. og/eða 3. nafn, eða rita aðeins fyrsta bókstaf nafns eða nafna, sem ekki er rúm fyrir. Eiginnafn er alltaf fullritað á skrá, þegar það er eitt, og svo er einnig nærri undantekningarlaust um fyrra eða fyrsta nafn, ef skráð eiginnöfn eru fleiri en eitt. Ef nauðsyn krefur, er kenninafn skammstafað, en þó aldrei svo, að ekki sé fullljóst, hvert nafnið sé. Þarf mjög sjaldan að grípa til þess úrræðis.

Það skal tekið fram, að mjög lítið hefur verið um árekstra milli Þjóðskrár og almennings í sambandi við ritun nafna á almannaskrá. Lögð hefur verið áherzla á að koma til móts við óskir fólks í þessu efni, eftir því sem aðstæður hafa leyft, en hins vegar hefur ekki verið um að ræða nein frávik eða undanþágur frá grundvallarreglum. Fólk, sem hefur borið fram ósk um sérstaka nafnritun, er það kom fyrst á skrá, eða um breytta nafnritun frá því, sem var fyrir, hefur yfirleitt alltaf sætt sig við synjun, þegar því hefur verið gerð grein fyrir ástæðum hennar.

Þjóðskrá hefur haft samráð við dómsmálaráðuneyti um alla framkvæmd þessara mála.

Á árinu 1965 (sbr. lög nr. 25/1965) hóf Þjóðskrá útgáfu nafnskírteina til allra einstaklinga 12 ára og eldri, og er þar m. a. nafn handhafa eins og það er ritað á almannaskrá. Ávallt er gefið út nýtt nafnskírteini, og eldra skírteinið eyðilagt, þegar einhverra ástæða vegna þarf að leiðrétta eða lagfæra ritun nafns í þjóðskrá. Með þessu er tryggt, að öll nafnskírteini séu á hverjum tíma í samræmi við almannaskrá að því er varðar ritun nafns. Nafnskírteinin stuðla mjög að aukinni festu í ritun mannanafna og notkun þeirra yfirleitt. — Sömu áhrif hefur sívaxandi hagnýting opinberra aðila — og raunar einnig annarra — á þjóðskrá til hvers konar gagnavinnslu í skýrsluvélum, en því fylgir m. a., að mannanöfn ritast sjálfkrafa eins og þau eru í þjóðskrá á allar skrár, eyðublöð, innheimtuskjöl, skírteini og margvísleg önnur vélunnin gögn, sem hér er um að ræða.

Sþ. 35. Tillaga til þingsályktunar [35. mál]

um fullgilding samnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samstarf á sviði menningarmála.

(Lögð fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samstarf á sviði menningarmála, sem undirritaður var í Helsingfors 15. marz 1971 og prentaður er hér sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

AFTALE

mellem Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige om kulturelt samarbejde.

Danmarks, Finlands, Islands, Norges og Sveriges regeringer,

som udgår fra det nære kulturfællesskab i Norden,

som lægger stor vægt på det vidt forgrenede og omfattende samarbejde, der finder sted under medvirken af Nordisk Råd og andre samarbejdsorganer, og

som henviser til Samarbejdsoverenskomsten mellem Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige af 1962,

er enedes om følgende:

Aftalens formål.

Artikel 1.

Denne aftale har til formål

at styrke og intensivere kulturelt samarbejde i vid forstand mellem aftaleparterne med henblik på at videreudvikle det nordiske kulturfællesskab og at øge den samlede effekt af landenes investeringer i undervisning, forskning og anden kulturel virksomhed gennem en fælles planlægning, samordning, samvirke og arbejdsfordeling samt

SOPIMUS

kulttuuriyhteistyöstä Islannin, Norjan, Ruotsin, Suomen ja Tanskan välillä

Islannin, Norjan, Ruotsin, Suomen ja Tanskan hallitukset,

jotka pitävät lähtökohtana sitä, että Pohjoismaiden välillä vallitsee läheinen kulttuuriyhteys,

jotka suuresti arvostavat Pohjoismaiden neuvoston ja muiden yhteistyöelinten tekemää monitahoista ja laajaa yhteistyötä, ja

jotka viittaavat Islannin, Norjan, Ruotsin, Suomen ja Tanskan välillä vuonna 1962 tehtyyn yhteistyösopimukseen,

ovat sopineet seuraavasta.

Sopimuksen tarkoitus

1 artikla

Sopimuksen tarkoituksena

on lujittaa ja tehostaa sopimuspuolten välistä yhteistyötä laajasti käsitetyn kulttuurin alueella kehittämällä edelleen pohjoismaista kulttuuriyhteyttä ja lisäämällä maiden koulutukseen, tutkimukseen ja muuhun kulttuuritoimintaan tekemien sijoitusten kokonaisvaikutusta yhteisen suunnittelun, yhtenäistämisen, yhteistoiminnan ja työnjaon avulla

SAMNINGUR

milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samstarf á sviði menningarmála

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem taka mið af hinum nánu menningartengslum Norðurlandaþjóða,

sem leggja mikla áherzlu á hið margþætta og umfangsmikla samstarf, sem á sér stað með hlutdeild Norðurlandaráðs og annarra samstarfsstofnana, og

sem vísa til Samstarfssamningsins milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá 1962,

hafa gert með sér svofelldan samning:

Markmið samningsins.

1. gr.

Þessi samningur hefur að markmiði

að styrkja og efla með samningsaðilum samstarf á sviði menningarmála í víðtækum skilningi í því skyni að efla hin norrænu menningartengsl og að auka heildarárangur af fjárveitingum ríkjanna til menntunar, vísindarannsókna og annarrar menningarstarfsemi með því að beita sameiginlegri áætlanagerð, samvinnu, samræmingu og verkaskiptingu, svo og

AVTALE

mellom Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige om kulturelt samarbeid

Regjeringene i Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige,

som bygger på det nære kulturfellesskap i Norden,

som legger stor vekt på det vidt forgrenede og omfattende samarbeid som finner sted under medvirkning av Nordisk råd og andre samarbeidsorganer, og

som henviser til Samarbeidsavtalen mellom Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige av 1962,

er blitt enige om følgende:

Avtalens formål

Artikkel 1

Denne avtalen har til formål

å styrke og intensivere kulturelt samarbeid i vid forstand mellom avtalepartene med sikte på å utvikle videre det nordiske kulturfellesskap, og å søke å øke den samlede effekt av landenes investeringer i utdanning, forskning og annen kulturell virksomhet gjennom felles planlegging, samordning, samvirke og arbeidsfordeling, samt

AVTAL

mellan Danmark, Finland, Island, Norge och Sverige om kulturellt samarbete

Danmarks, Finlands, Islands, Norges och Sveriges regeringar,

vilka utgår från den nära kulturgemenskapen i Norden,

vilka lägger stor vikt vid det vitt förgrenade och omfattande samarbete, som äger rum under medverkan av Nordiska rådet och andra samarbetsorgan, och

vilka hänvisar till Samarbetsöverenskommelsen mellan Danmark, Finland, Island, Norge och Sverige av år 1962,

har överenskommit om följande.

Avtalets syfte

Artikel 1

Detta avtal har till syfte

att stärka och intensifiera kulturellt samarbete i vid bemärkelse mellan avtalsparterna för att vidareutveckla den nordiska kulturgemenskapen och öka den samlade effekten av ländernas insatser i utbildning, forskning och annan kulturell verksamhet genom gemensam planering, samordning, samverkan och arbetsfördelning samt

at skabe praktiske forudsætninger for et vel fungerende samarbejde.

Artikel 2.

Det er tillige aftalens formål at skabe grundlag for en samordnet indsats i internationalt kulturelt samarbejde.

Virkeområde.

Artikel 3.

Samarbejdet på undervisningsområdet skal tage sigte på

a. undervisningens mål, indhold og midler,

b. undervisningssystemets struktur,

c. pædagogisk udviklingsarbejde.

Herunder skal aftaleparterne

d. fremme undervisningen i de andre nordiske landes sprog, kultur og samfundsforhold,

e. øge mulighederne for, at studerende og andre hjemmehørende i et nordisk land kan uddanne sig og aflægge eksaminer ved de øvrige nordiske landes uddannelsesinstitutioner.

f. indrette fælles uddannelser eller fælles uddannelsesinstitutioner, særligt inden for de mest avancerede og specialiserede uddannelsesretninger.

g. etablere gensidig anerkendelse af eksaminer, deleksaminer og andre præstationsbeskrivelser.

h. søge at samordne den offentligt anordnede uddan-

sekä luoda käytännölliset edellytykset hyvin toimivalle yhteistyölle.

2 artikla

Sopimuksen tarkoituksena on niinikään luoda pohja yhtenäistetylle osallistumiselle kansainväliseen kulttuuriyhteistyöhön.

Soveltamisala

3 artikla

Koulutuksen alalla tapahtuvan yhteistyön kohteena tulee olla

a. koulutuksen tavoitteet, sisältö ja välineet,

b. koulutusjärjestelmän rakenne,

c. opetustoimen kehittäminen.

Tällöin sopimuspuolten tulee

d. edistää Pohjoismaiden kielten, kulttuurin ja yhteiskunnallisten olojen opetusta,

e. lisätä yhdestä Pohjoismaasta olevien opiskelijoiden ja muiden kansalaisten mahdollisuuksia saada koulutusta ja suorittaa tutkintoja toisten Pohjoismaiden oppilaitoksissa,

f. järjestää yhteistä koulutusta tai yhteisiä oppilaitoksia, erityisesti kun kysymyksessä on korkeatasoinen tai erikoiskoulutus,

g. vastavuoroisesti hyväksyä tutkinnot, osatutkinnot ja opintosuorituksia koskevat säännökset,

h. pyrkiä yhtenäistämään ammattipätevyyden hank-

að skapa skilyrði fyrir greiðvirka framkvæmd samstarfsins.

2. gr.

Það er jafnframt markmið samningsins að leggja grundvöll að samhæfðum aðgerðum Norðurlandaþjóða í alþjóðlegu menningarmálasamstarfi.

Gildissvið.

3. gr.

Samstarfið á sviði fræðslumála skal beinast að

a. markmiðum fræðslunnar, inntaki hennar og aðferðum,

b. gerð fræðslukerfisins,

c. rannsóknum og annarri starfsemi, sem miða að framförum á sviði skólamála.

Í þessu sambandi skulu samningsaðilar

d. efla kennslu í tungumálum annarra Norðurlandaþjóða og fræðslu um menningu þeirra og þjóðfélagshætti,

e. auka möguleikana á að námsmenn og aðrir, sem heima eiga í einu ríki Norðurlanda, geti aflað sér menntunar og þreytt próf við menntastofnanir í öðrum Norðurlandaríkjum,

f. koma á fót sameiginlegum námsbrautum eða sameiginlegum menntastofnunum, einkum í þeim greinum, sem eru lengst á veg komnar eða sérhæfðastar,

g. koma á gagnkvæmri viðurkenningu lokaprófa, hlutaprófa og annarra vitnisburða um námsárangur,

h. leitast við að samhæfa þá menntun, sem opinberir

å skape praktiske forutsetninger for et godt fungerende samarbeid.

Artikkel 2

Avtalens formål er også å skape grunnlag for en samordnet innsats i internasjonalt kulturelt samarbeid.

Virkeområde

Artikkel 3

Samarbeidet på utdanningens område skal ta sikte på

a. utdanningens mål, innhold og midler,

b. utdanningssystemets struktur,
c. pedagogisk utviklingsarbeid.

Herunder skal avtalepartene

d. fremme undervisningen i de andre nordiske lands språk, kultur og samfunnsforhold,

e. øke mulighetene for at studerende og andre som hører hjemme i ett nordisk land kan utdanne seg og avlegge eksamener ved utdanningsinstitusjoner i de andre nordiske land,

f. innrette felles utdanning eller felles utdanningsinstitusjoner, særlig innenfor de mest avanserte eller spesialiserte utdanningsveier,

g. etablere gjensidig godkjenning av eksamener, deleksamener og prestasjonsbeskrivelser,
h. søke å samordne den offentlige utdanning som tar

att skapa praktiska förutsättningar för ett väl fungerande samarbete.

Artikel 2

Avtalet har även till syfte att skapa grundval för en samordnad insats i internationellt kulturellt samarbete.

Verksamhetsområde

Artikel 3

Samarbetet på utbildningsområdet skall inriktas på

a. utbildningens mål, innehåll och medel,

b. utbildningssystemets struktur,
c. pedagogiskt utvecklingsarbete.

Härvid skall avtalsparterna

d. främja undervisningen i de andra nordiska ländernas språk, kultur och samhällsförhållanden,

e. vidga möjligheterna för studerande och andra hemmahörande i ett nordiskt land att utbilda sig och avlägga examen vid de övriga nordiska ländernas utbildningsanstalter,

f. inrätta gemensam utbildning eller gemensamma utbildningsinstitutioner, i synnerhet inom de mest avancerade och specialiserade utbildningslinjerna,
g. åstadkomma ömsesidigt erkännande av examina, delexamina och andra prestationsbeskrivningar,
h. söka samordna den offentligt anordnade utbildning

Ákvæðum 51. og 54. gr. verður aðeins beitt um samninga, sem gerðir eru eftir gildistöku laga þessara.

Breyting á úrlausnum um framfærslueyri, sem fram fara fyrir gildistöku laganna, hlítir ákvæðum þessara laga.

88. gr.

Ákvæðum VI. kafla laga þessara verður beitt um fjárskipti, ef leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða til lögskilnaðar er gefið út eftir gildistöku laganna, svo og ef dómur, sem fellst á kröfu um skilnað eða ógildingu hjúskapar, er sagður upp eftir greint tímamark eða úrskurður gengur um slit fjárfélags eftir það.

89. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 39 27. júní 1921, um stofnun og slit hjúskapar, svo og lög nr. 77 19. desember 1967 og lög nr. 34 5. maí 1969, bæði um breyting á lögum nr. 39 27. júní 1921, svo og það atriði í 13. gr. l. 36/1950, um ónæmisaðgerðir, er lýtur að hjónavígslu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi og kom fram undir þinglok og fékk því ekki meðferð í nefnd og varð ekki útrætt. Þykir því rétt að leggja frumvarpið nú fyrir þingið að nýju. Frumvarpinu fylgdi á síðasta þingi eftirfarandi greinargerð:

I.

Á þriðja fundi Norðurlandaráðs 1955 mælti ráðið með því við ríkisstjórnir Norðurlanda, að efnt yrði til samvinnu um endurskoðun löggjafar um stofnun og slit hjúskapar og um réttindi og skyldur hjóna í þeim tilgangi að samræma þessa löggjöf eftir föngum á öllum Norðurlöndum. Var hér m. a. stuðzt við álitsgerð nefndar um norræna löggjafarsamvinnu. Nefndir til endurskoðunar sifjalaga voru síðan settar í öllum löndunum, og fyrstu fundir norrænu nefndanna voru haldnir 1960. Hefur þessari samvinnu verið haldið áfram æ síðan allt til 1968. Í íslenzku sifjalaganefndinni hafa átt sæti: Prófessor Ármann Snævarr, fyrrv. háskólarektor, formaður, frú Auður Auðuns, nú dómsmálaráðherra og Baldur Möller, ráðuneytisstjóri.

Á norrænum lögfræðingafundum hafa ýmsir þættir sifjalöggjafar verið til umræðu á síðustu árum, þ. e. 1954, þegar rætt var um fjármál hjóna, 1957, er umræður urðu um ákvæði norrænna sifjalaga um skilnaði, og 1963, þegar rætt var um ákvæði um foreldravald og umgengnisrétt. Á 15. þingi Norðurlandaráðs í febrúar 1967 var þessi löggjöf enn til umræðu, og var þar gerð ályktun, þar sem því var beint til ríkisstjórna Norðurlanda að freista þess að samræma ákvæðin um hjúskaparbrot sem lögskilnaðarástæðu. Enn var þessi löggjöf til umræðu á fundum Norðurlandaráðs í febrúar 1971, án þess að ályktun væri gerð um málið.

Norrænu sifjalaganefndirnar hafa sent frá sér álitsgerðir og frumvörp, nema finnsku og íslenzku nefndirnar. Fyrsta danska álitsgerðin er frá 1962 um skipti milli maka. Á grundvelli hennar voru sett lög um breytingu á skiptalögunum nr. 412/1963. Önnur álitsgerðin er frá 1964 og fjallar um stofnun og slit hjúskapar og ákvæði laga um foreldravald og umgengnisrétt. Á grundvelli þeirrar álitsgerðar og frumvarps voru síðan sett ný heildarlög um stofnun og slit hjúskapar nr. 256, 4. júní 1969 og breytt var lögræðislögunum, að því er varðar ákvæðið um umgengnisrétt föður við óskilgetið barn. Var sá réttur nú lögfestur að meginstefnu til, en Hæstiréttur Danmerkur taldi í dómi 14. október 1964, að slíkum lögvörðum rétti væri ekki til að dreifa. Þriðja álitsgerð dönsku sifjalaganefndarinnar er frá 1966 og fjallar um réttaráhrif hjúskapar. Þær tillögur, sem nefndin setti þar fram, hafa ekki enn náð lögfestingu. Fjórða álitsgerðin frá 1968 varðar sköttun á eignum og tekjum hjóna, en tillögur til breytinga voru ekki víðtækar og munu sumpart hafa náð fram að ganga.

Árið 1964 sendi sænska sifjalaganefndin frá sér mikla álitsgerð og tillögur um ýmsa þætti sifjalöggjafar, bæði um stofnun og slit hjúskapar og um fjármál hjóna. Tillögur nefndarinnar hafa aðeins verið lögfestar að litlu leyti, sbr. t. d. ákvæðin um lækkun á hjúskaparaldri og ákvæðin um hjúskaparbrot sem skilnaðarsök, sem lögtekin voru 1968, svo og ákvæði um framkvæmd á úrlausnum um umgengnisrétt, er lögfest voru 1967. Í ágúst 1969 skipaði dómsmálaráðherra Svía nýja sifjalaganefnd og setti henni fyrirmæli. Var gert ráð fyrir, að nefndin leitaði samvinnu við aðrar norrænar sifjalaganefndir, en af fundum hefur enn ekki orðið. Í erindisbréfi nefndarinnar er lögð áherzla á, að nefndin samræmi reglur sifjalaga við þær veigamiklu breytingar, sem orðið hafa á þjóðfélagsháttum og löggjöf á síðustu árum, þar sem m. a. almannatryggingalöggjöf er stórum víðtækari en áður og miklu meir kveður að atvinnu giftra kvenna utan heimilis. Er lagt fyrir nefndina að freista þess að gera sifjalög svo úr garði, að fólki sé látið frjálst, hvort það stofnar fremur til hjúskapar eða velur óvígða sambúð, og að afnema ákvæðin,

sem tengja lagaáhrif við sök á samvistaslitum, ef til skilnaðar kemur. Þá var bent á ýmis ákvæði, sem hefðu harla lítið gildi nú orðið og hægt væri að skaðlausu að afnema, svo sem ýmis hjónavígsluskilyrði.

Norska sifjalaganefndin, sem tók til starfa árið 1957, eins og hin danska, hefur látið frá sér fara ýmsar álitsgerðir og tillögur, svo sem um sáttaumleitun í hjúskaparmálum (1963), um breytingar á lögum um stofnun og slit hjúskapar (1964), breytingar á lögum um skilgetin börn (1964), breytingar á lögum um fjármál hjóna (1964) og breytingar á lögum um líftryggingar og lífeyri (1965). Lög um breytingar á lögum um stofnun og slit hjúskapar voru lögtekin 1969, sbr. lög nr. 7 7. febrúar 1969 og nr. 30 22. maí 1970, en tiltölulega litlar breytingar voru gerðar á lögum um fjármál hjóna með lögum nr. 54 19. júlí 1969.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á finnsku hjúskaparlöggjöfinni frá 1929, einkum varðandi hjónavígsluskilyrði, og voru þær breytingar gerðar með lögum 23. maí 1969.

Þess var getið, að ný sifjalaganefnd var skipuð í Svíþjóð 1969, og einnig hefur verið skipuð ný sifjalaganefnd í Danmörku.

Rétt er að benda á, að á öllum Norðurlöndunum hefur lögræðisaldur verið lækkaður, á árunum 1967—1969, og urðu Íslendingar fyrstir til að lækka þann aldur, sbr. l. nr. 75/1967.

II.

Utan Norðurlanda hefur orðið stórvægileg breyting á sifjalögum síðasta áratuginn. Í Sovét-Rússlandi og löndum í austurhluta Evrópu hefur sifjalöggjöf t. d. sætt allgagngerri endurskoðun víðast hvar. Sifjalöggjöf í Bretlandi hefur og tekið talsvert miklum stakkaskiptum, einkum hefur skilnaðarlöggjöfin breytzt til muna, horfið hefur verið a. m. k. að formi til frá sakarþættinum, sem var miklu ráðandi um skilnaðarskilyrði, og tekin upp sú viðmiðun, sem mjög gætir í löggjöf í Austur-Evrópu og reist er á því, að hinn lögmælti skilnaðargrundvöllur sé aðeins einn, þ. e. þegar persónulegur og félagslegur grundvöllur sé hruninn undan hjúskapnum. Bæði í Bretlandi, löndum Austur-Evrópu og í frv. til skilnaðarlöggjafar í Vestur-Þýzkalandi frá 1970 gætir þeirrar lagastefnu mjög, að hverfa beri frá því að tengja lagaáhrif við sök annars hjóna á skilnaði, enda er það atriði næsta vandmetið. Er það einnig grunntónn í lagabreytingum á Norðurlöndum s. l. 2 ár eða svo að hverfa frá þeirri tilhögun. Enn fremur má benda á, að veruleg tilhneiging er til þess bæði í löndum Austur-Evrópu og í vestrænum löndum að takmarka til muna framfærslueyri með maka eftir lögskilnað. Kemur þar einkum tvennt til. Annars vegar að með aukinni menntun kvenna og atvinnustarfsemi þeirra utan heimilis eru þær síður háðar slíkum framfærslueyri en áður var, og í annan stað eru hinar víðtæku almannatryggingar til mikillar liðsemdar maka — og einkum konum — í þessu efni. Enn er það ríkt stefnumið í þessari þróun að afnema ýmis hjónavígsluskilyrði — hjónavígslutálma — sem nánast eru leifar frá gömlum tímum og hafa ekki framar stoð í siðgæðishorfum almennings. Þá er áberandi þróun á síðasta áratug til þess að bæta hlut óskilgetinna barna, sem rétt þykir að benda á í þessu sambandi, þótt frv. þetta víki ekki að þeim. Ný löggjöf um það efni hefur verið sett í Svíþjóð og Vestur-Þýzkalandi, er gekk í gildi í báðum löndum 1970, og í Bretlandi voru sett lög 1969, er mæla svo fyrir, að óskilgetin börn skuli í hvívetna hafa sömu erfðaréttarstöðu sem skilgetin börn. Enn hafa lagaákvæði um umgengnisrétt foreldra við börn, ef til skilnaðar kemur, svo og réttur föður til umgengni við óskilgetið barn sitt, verið mjög til umræðu og í brennidepli síðasta áratuginn. M. a. má árétta það, sem áður segir, um ný dönsk lög, er mæltu fyrir um umgengnisrétt föður við óskilgetið barn sitt, og enn fremur hafa verið sett ný lagaákvæði í Noregi um þetta atriði. Framkvæmd samkomulags eða úrskurða um umgengnisréttinn hefur lengi verið til umræðu, og hafa nú verið sett um það athyglisverð lög í Svíþjóð (1967) og í Danmörku (1969).

III.

Hér á landi hefur hjúskaparlöggjöfin tekið litlum stakkaskiptum síðustu árin. Helzt er að geta breytingar á ákvæðum laga 39/1921 um hjúskaparaldur, sbr. l. 77/1967, er breytir ákvæðum 7. og 8. gr. þeirra laga, og l. 34/1969, er breytir aldursákvæði 4. gr. sömu laga (50. gr. l. 39/1921 var afnumin með l. 8/1962). Í því sambandi má raunar einnig minna á þá breytingu, sem gerð var á 29. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna með l. nr. 10/1962 (ný gerð kaupmála).

Íslenzk hjúskaparlöggjöf (l. 39/1921 og l. 20/1923) á rót að rekja til norrænnar lagasamvinnu, sem kunnugt er. Einsætt þótti, að af Íslands hálfu kæmi til þátttaka í því samstarfi, sem undanfarin ár hefur átt sér stað um endurskoðun þessara laga. Jafnframt bæri að bíða eftir niðurstöðu þess samstarfs og breyta ekki íslenzku sifjalögunum, fyrr en það væri afstaðið og sýnt, hvernig þjóðþing hinna landanna brygðust við tillögum nefndanna. Hefur íslenzka sifjalaganefndin tekið þátt í þessu samstarfi fyrir Íslands hönd.

Hjúskaparlöggjöf er í flestum greinum mjög áþekk hvarvetna á Norðurlöndum. Orkar ekki tvímælis, að mikill hagur er að því að skipa löggjöf um þetta efni á sem svipaðastan hátt í þessum löndum, jafnmikil samskipti og eru milli þeirra.

Hjúskapur milli fólks úr ýmsum norrænu landanna er og tíður. Sú staðreynd hefur bæði stuðlað að því, að leitazt hefur verið við að samræma löggjöf á Norðurlöndum um þessi efni, svo og að gerðir hafa verið samningar milli landanna um framkvæmd laga um sifjamálefni, þannig t. d. að viðurkenndar eru hvarvetna á Norðurlöndum úrlausnir stjórnvalda í tilteknu norrænu landi um könnun á hjónavígsluskilyrðum eða leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða úrskurðir um framfærslueyri o. m. fl., sbr. l. nr. 29/1931, 62/1954 og 98/1969. Nú hafa flest ríkin lögfest a. m. k. hluta af þeim breytingartillögum við þessa löggjöf, sem sifjalaganefndirnar urðu ásáttar um, svo sem rakið var að framan. Þykir tímabært að lögfesta þær einnig hér á landi. Þess er þegar að geta, að tillögurnar til breytinga á lögum um réttindi og skyldur hjóna hafa yfirleitt ekki náð fram að ganga. Þykir rétt að bíða enn um sinn með breytingar á þeirri löggjöf, og er þetta frv. að mestu bundið við lög um stofnun og slit hjúskapar, sbr. þó ákvæði í VI. kafla um fjárskipti.

IV.

Lögin um stofnun og slit hjúskapar eru nákvæmlega hálfrar aldar gömul. Norrænu samstarfsnefndirnar sömdu frv. til þessara laga upp úr 1910, en frv. voru lögfest hvarvetna á Norðurlöndum á árabilinu 1915—1929. Margvíslegar þjóðfélagsbreytingar og umbyltingar hafa orðið síðan lög þessi voru sett. Siðgæðisleg og félagsleg viðhorf hafa um margt tekið breytingum, og hefur það mjög sett mark sitt á fjölskyldur og fjölskyldulíf og á hjúskapinn sem samlífsform. Þrátt fyrir það, er hjúskapurinn enn langtíðasta sambúðarformið. Af tölum þeim, sem greindar eru í janúarhefti Hagtíðinda 1971, má ráða, að hinn 1. des. 1970 hafi verið hér á landi alls 40 504 fjölskyldukjarnar, þar sem um sambúð karls og konu er að ræða. Af þeirri tölu nema hjónaböndin, hið vígða sambúðarform, alls 38 824, en óvígða sambúðin tekur til 1 680 tilvika. Hundraðstölurnar samkv. þessu verða þá: sambúð í hjúskap 95.85, en óvígð sambúð 4.15. Ef sambúðarform þessi eru borin saman í þeim tilvikum, þegar um börn er að ræða, verður niðurstaðan næstum hin sama. Hið óvígða sambúðarform verður þó aðeins undir 4% við þær aðstæður. Fjölskyldustærðin er og örlítið minni að meðaltali við óvígðu sambúðina en hina vígðu, þ. e. 4.30 á móti 3.97 (2.30 og 1.97 börn að meðaltali). Benda má á, að einstæðar mæður með börnum eru samkv. sömu heimild 4 224 talsins, en einstæðir feður með börnum 273. Koma 1.54 barn að meðaltali á einstæða móður, en 1.47 á föður. Sennilega kemur ekki öll óvígð sambúð til bókfærslu í hagskýrslum.

Athyglisvert er, að nú ganga mun fleiri hlutfallslega í hjúskap en áður var. Miðað við íbúafjölda (sem raunar er ekki örugg viðmiðun) námu hjónavígslur 7.9

af þús. íbúa að meðaltali árin 1956—60, en 5.9 af þús. íbúa árin 1936—40. Árið 1969 er þessi tala nálega 8.5‰. Hefur tala hjónavígslna hækkað mjög frá stríðsbyrjun. Er tala hjónavígslna hér á landi mjög svipuð og á hinum Norðurlöndunum, lægst í Svíþjóð (6.0‰), en hæst í Finnlandi (8.7‰), (í Danmörku 8.0‰, í Noregi 7.7‰). Tölurnar eru frá 1969.

Sú mikilvæga breyting hefur á orðið hér á landi, að **fólk giftir sig nú miklum mun yngra** en áður var. Um aldamótin var meðalaldur brúðguma rösklega 30 ár, en meðalaldur brúða 28 ár. Árið 1969 var meðalaldur allra brúðguma 25.5 ár og brúða 23.3, áður ógiftra brúðguma 24.3 ár og áður ógiftra brúða 22.3 ár. Árin 1951—55 voru 17% brúða innan 20 ára aldurs, en um 26% árið 1969, hliðstæðar tölur um brúðguma voru tæplega 2% og rösklega 6%. Brúðir á aldursskeiði 20—24 ára námu 47.5% 1951—1955, en um 50% 1969, og hliðstæðar tölur um brúðguma voru 41% og um 58%. Meðalaldur brúðguma hefur lækkað örl hin síðustu ár og aldursmunur brúða og brúðguma minnkað.

Hjónaskilnaðir hafa farið mjög í vöxt bæði hér á landi og á hinum Norðurlöndunum á þessari öld. Á fyrstu árum aldarinnar komu hér 15 hjónaskilnaðir á hver 1000 hjónabönd, sem stofnað var til. Árið 1969 hafði þessi tala hækkað í 153. Hliðstæðar tölur í Danmörku voru 70 árið 1923 og 180 árið 1967. Tölurnar í Svíþjóð eru 22 árið 1915, en 165 árið 1966. Í byrjun aldarinnar voru hjónaskilnaðir hér á landi næsta fátíðir, og voru t. d. á árabilinu 1906—1910 að jafnaði 8 á ári, en 12 á árabilinu 1911—1915. Ef lögskilnaðir eru settir í tengsl við fjölda hjónavígslna á þessum tveimur tímabilum, verður útkoman sú, að skilnaðir nema 17 af þús. fyrra tímabilið, en 23 hið síðara. Ef árabilið 1961—1965 er tekið til samanburðar, kemur upp, að talan verður 112 af þús., og árið 1969 er hún 153. Árið 1910 kom 0.1 lögskilnaður á hverja 1000 íbúa, en 1.3 árið 1969. Ættu því lögskilnaðir að vera þrettán sinnum tíðari nú en fyrir um 70 árum. Rétt þykir að benda á, að sú viðmiðun að setja fjölda skilnaða í hlutfall við íbúatölu eða fjölda hjónavígslna er ekki allskostar nákvæm. Réttara er t. d. að setja þessa tölu í tengsl við fjölda giftra kvenna. Samkv. norrænu hagskýrslunum frá 1970 verður samanburður um tíðni lögskilnaða miðað við 100 000 giftar konur á þessa lund, miðað við árið 1968 (árið 1967 í Noregi):

Danmörk 638 (árið 1963: 573).
Finnland 541 (árið 1963: 445).
Ísland 549 (árið 1965: 455), en árið 1969: 668.
Noregur 325 (árið 1963: 286).
Svíþjóð 588 (árið 1963: 466), en árið 1969: 633.

Hlýtur það að vekja athygli, að skilnaðartalan 1969 er í fyrsta skipti hærri hér á landi en í Svíþjóð. Má svo fara, að skilnaðartalan 1969 verði hærri hér á landi en í nokkru öðru norrænu landi, þótt ekki verði um það fullyrt. Hins ber að gæta, að töluverðar sveiflur eru í þessum tölum, sérstaklega hér á landi, og sambærileg tala hér á landi árið 1970 er áætluð 627 (sbr. við 668) og meðaltal 1966—1970 er 571. Jafnframt ber að vekja athygli á, að hér á landi eru fjölskyldur jafnaðarlega mun barnfleiri en annars staðar á Norðurlöndum. Verður því mun hærri hlutfallstala barna hjá foreldrum, sem skilja, en er í hinum norrænu löndunum. Í því efni má t. d. benda á, að á hverja 1000 íbúa komu 28.1 fæðingar árin 1951—1960 hér á landi, en í hinum norrænu löndunum voru tölur þessar: Í Danmörku 17.1, í Finnlandi 20.7, í Noregi 18.2 og í Svíþjóð 14.7. Árið 1969 hafa þessi hlutföll breytzt svo: Í Danmörku 14.6, í Finnlandi 14.5, í Noregi 17.6 í Svíþjóð 13.5, en hér á landi 20.7. Verður vikið nánar að nokkrum atriðum, er varða tíðni skilnaða, í almennum athugasemdum við V. kafla frv.

Fátt setur meiri svip á íslenzkt fjölskyldulíf í augum annarra þjóða en hin háa hundraðstala óskilgetinna barna. Er sú hundraðstala um 30% árin 1967—1969. Árið

1967 voru hundraðstölur óskilgetinna barna, miðað við heildartölu fæddra barna það ár þessar:

Danmörk 11.1.
Finnland 4.8.
Noregur 5.1.
Svíþjóð 15.1 (um 16.3 árið 1969).

Athygli er vakin á því, að hundraðstala óskilgetinna barna hefur allt frá síðara hluta 19. aldar verið há hér á landi, og er þetta því ekki nýtt félagslegt fyrirbrigði. Hún var t. d. 20.2% árin 1876—1885, en lægst hefur hún orðið 1916—1920, en þá var hún 13.1. Talan hækkaði 1936—1940 upp í 23.2% og hefur yfirleitt ávallt farið hækkandi síðan, en síðustu árin hefur hún verið fast að eða í námunda við 30%. Viðtækar félagslegar rannsóknir vantar hér á landi á þessu fyrirbrigði. Margt kemur hér til. Félagsleg viðhorf eru sjálfsagt nokkuð á aðra lund hér en á hinum Norðurlöndunum. Nokkur hluti þessara barna eru börn fólks, sem býr í óvígðri sambúð, en enn er allmikill hluti börn foreldra, sem giftast síðar, og fær barn þá réttarstöðu skilgetinna barna. Hagskýrslurnar miða hér við hagi foreldra á þeirri stundu, sem barn fæðist, en taka ekki í þessu sambandi tillit til hjúskapar síðar.

Í þessu frv. verður ekki fjallað um óvígða sambúð, enda er það fremur verkefni á vettvangi laga um réttindi og skyldur hjóna að íhuga lagareglur í því efni en þegar fjalla á um frv. til laga um stofnun og slit hjúskapar. Er það brýnt verkefni að kanna, með félagslegum rannsóknum, hvernig slíkri sambúð er háttað, tíðni slíkrar sambúðar, varanleik hennar, sbr. við hjúskap, ástæður hennar og afstöðu þess fólks, sem hana velur, til hugsanlegra lagareglna um þá sambúð. Á síðustu árum hefur allmikið verið ritað um þetta efni frá félagsfræðilegu og lögfræðilegu sjónarmiði, en þær umræður og kannanir eru þó á frumstigi enn sem komið er. Ástæða er til að benda sérstaklega á, að skipan forræðis yfir börnum við slit á sambúð er ótryggileg við slíkt sambúðarform og raunar skipan fjármála, erfðatengsl sambúðarfólks o. fl. Á hinum Norðurlöndunum hefur ekki þótt fært að setja almenn lagaákvæði um slíka sambúð, þótt þar eins og hér njóti ýmissa ákvæða, er setji slíka sambúð í einstökum samböndum á borð við hjúskap.

V.

Höfuðefni frv. og breytingar, er í því felast, á eldri lögum.

1. Festar.

Lagt er til í frv., að I. kap. laga um stofnun og slit hjúskapar nr. 39/1921, sem fjallar um festar, verði felldur niður. Ákvæði þessi fjalla um bætur fyrir festaslit, þegar sérstaklega stendur á. Dómsmál út af þeim ákvæðum eru mjög fágæt, og ætla verður, að til fébóta komi sjaldan. Þykja reglur þessar ekki gegna raunhæfu hlutverki, enda eru félagsleg viðhorf fólks til festaslita með öðrum hætti en áður var. Ætla má, að almenningur telji yfirleitt, að frjálsræði eigi að ríkja í þessum efnum, og að ekki eigi við að búa mönnum félagslegt aðhald á neinn hátt til þess að ganga í hjúskap, þótt til festa hafi stofnazt. Danir hafa í sifjalögum sínum frá 1969 einnig farið þessa leið, en í norsku lögunum hafa ekki allt frá öndverðu verið ákvæði um bætur fyrir festaslit. Ljóst er, að stundum væri hægt samkvæmt almennum bótareglum að sækja mann um bætur fyrir festaslit, sbr. t. d. að svik eða aðrar blekkingar væru í frammi höfð. Er engan veginn skotið loku fyrir slík fébótamál, þótt ákvæði I. kap. l. 39/1921 séu felld brott. Við slík mál myndu ekki gilda málshöfðunarfrestir, svo sem nú er um bætur fyrir festaslit, sbr. 5. gr. l. 39/1921.

2. Hjónavígsluskilyrði.

Í frv. felast ýmsar veigamiklar breytingar á ákvæðum laga um hjónavígsluskilyrði eða hjónavígslutálma, sbr. einkum II. kap. l. 39/1921, og skal þeirra nú getið.

a. **Hjónavígslualdur.** Hann er nú 18 ár fyrir konur, en 20 ár fyrir karla, sbr. um síðara atriðið lög nr. 77/1967. Í frv. er lagt til, að hjónavígslualdur beggja kynja verði 18 ár, svo sem nú er í Svíþjóð og Noregi, en gert er ráð fyrir, að eftir sem áður geti dómsmálaráðuneyti veitt undanþágu frá því ákvæði, sbr. 1. gr. frv.

b. **Samþykki foreldra og annarra forráðamanna** til hjónavígslu er áskilið í 2. gr. frv. að því er varðar fólk undir 20 ára aldri, og er það óbreytt frá því sem nú er, sbr. 8. gr. l. 39/1921 og 2. gr. l. 77/1967. Sama er um samþykki til hjúskapar lögræðissviptra, sbr. 3. gr. frv. og 9. gr. l. 39/1921, og enn um það, að dómsmálaráðuneyti geti veitt leyfi til hjónavígslu, þótt foreldrar eða aðrir forráðamenn synji um samþykki, sbr. 4. gr. frv. og nú 10. gr. l. 39/1921.

c. Bann við **hjónavígslu geðveikra manna og hálfvita** er fortakslaust samkv. 11. gr. l. 39/1921, en í frv. er lagt til, að það sé undanþægt, sbr. 5. gr., svo sem nú er hvarvetna á Norðurlöndum.

d. Bann við hjónavígslu þeirra, sem haldnir eru **holdsveiki, sóttnæmum kynsjúkdómi, smitandi berklaveiki og flogaveiki,** sbr. 12. gr., fellur niður samkv. frv. og er þar fylgt þeirri stefnu, sem nú hefur verið lögmælt víðast hvar á Norðurlöndum.

e. Bann 14. gr. l. 39/1921 við hjónavígslu **manns og afkvæmis bróður hans eða systur** fellur niður með öllu samkv. frv.

f. Bann gegn hjónavígslu **tengdra manna í beinan legg,** sbr. 15. gr. l. 39/1921 er nú fortakslaust, en frv. gerir ráð fyrir, að það bann sé undanþægt, sbr. 8. gr. frv.

g. Bann gegn hjónavígslu **konu, sem gift hefur verið áður,** næstu 10 mánuði eftir hjúskaparslit, sbr. 17. gr. l. 39/1921, er afnumið með öllu samkv. frv., og svo hefur nú verið gert annars staðar á Norðurlöndum.

h. Í 7. gr. frv. er það ákvæði, að **kjörforeldri og kjörbarn megi ekki eigast,** nema ættleiðing hafi verið niður felld. Slíkum tálma er ekki til að dreifa nú, sbr. hins vegar 19. gr. l. 19/1953 um ættleiðingu.

3. Lýsingarreglur samkv. III. kap. l. nr. 39/1921.

Þær reglur hafa sem kunnugt er nálega ekkert gildi, og eru lýsingar nú orðið mjög fágætar. Er lagt til í frv., að þær séu úr lögum numdar, en löggildur hjónavígslumaður gangi úr skugga um, að hjónavígsluskilyrðum sé fullnægt.

4. Hjónavígslumenn, hjónavígsla.

Ákvæði um það efni eru svipuð og nú gerast. Þó eru lögreglustjórar utan Reykjavíkur löggildir vígslumenn samkv. frv., en svo er þessu ekki farið um lögreglustjórann í Bolungarvík samkv. gildandi lögum. Ákvæði er um það í frv., að kirkjumálaráðuneyti geti löggilt íslenzka presta til að framkvæma hjónavígslur erlendis og að utanríkisráðuneyti geti sett reglur um heimild starfsmanna í íslenzkum sendiráðum til að framkvæma hjónavígslur erlendis. Enn eru ákvæði um hjónavígslur af hendi erlendra presta og starfsmanna erlendra sendiráða hér á landi. Í 16. gr. 2. málsgr. er ákvæði um, að frá 1. janúar 1972 sé þjóðkirkjupresti, sem látið hefur af embætti, óheimilt að framkvæma hjónavígslur. Enn er það, að í 22. gr. 2. málsgr. er ákvæði um, að dómsmálaráðuneyti geti lýst hjónavígslu gilda, þótt ógild hafi verið, ef sérstaklega stendur á, sbr. og 83. gr. frv.

5. Ógilding hjúskapar.

Ákvæðin um ógildingu hjúskapar í V. kap. laga nr. 39/1921 hafa naumast raunhæft gildi, enda mun enginn hjúskapur hafa sætt ógildingu síðan þau lög tóku gildi. Hefur verið um það rætt að afnema þessi ákvæði, en gera skilnaðarákvæðin svo úr garði, að þau tækju einnig yfir þau hjúskaparslit, sem nú teljast til ógildingar. Á hinum Norðurlöndunum hefur þessum ákvæðum verið haldið enn um sinn, og þykir rétt að fara hér að því fordæmi. Í frv. breytast ákvæði þessi til samræmis við mildun hjónavígslutálma. Þótt hjúskapur gangi í berhögg við bann gegn vígslu

tengdra í beinan legg, verður það ekki grundvöllur að ógildingu samkv. 24. gr. frv., sbr. hins vegar nú 41. gr. l. 39/1921.

6. Hjónaskilnaðir.

a. **Skilnaðarskilyrði.**

Þar gætir nokkurra breytinga. **Í fyrsta lagi** er tími sá, sem líða verður frá því að leyfi var veitt til skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðar ávallt eitt ár samkv. 34. gr., en ekki eins og nú er ýmist eitt ár eða tvö, sbr. 62. gr. l. 39/1921. **Í öðru lagi** er afnuminn sá fyrirvari, sem nú er greindur í 63. gr. sömu laga um það, að sök hjá beiðanda lögskilnaðar taki að jafnaði fyrir lögskilnað hjá hjónum, sem skilin hafa verið í þrjú ár að samvistum, sbr. 35. gr. frv., og sama er að sínu leyti um 36. gr. frv., sbr. við 64. gr. l. 39/1921. **Í þriðja lagi** er málshöfðunarfrestur (6 mánuðir) samkv. 66. gr. afnuminn, þegar um tvíkvæni er að ræða, sbr. 38. gr. frv. **Í fjórða lagi** er ákvæðinu um hjúskaparbrot sem lögskilnaðarástæðu breytt svo, sbr. 39. gr., að unnt er að ákveða, að leyfi til skilnaðar að borði og sæng verði veitt, en ekki leyfi til lögskilnaðar, ef tillitið til barna eða aðrar veigamiklar ástæður mæla með því. Er þessi breyting á gerð í samræmi við ályktun Norðurlandaráðs í febrúar 1967 og að fordæmi annarra norrænna sifjalaga, sem breytt hefur verið í þetta horf. Málshöfðunarfrestum samkv. 39. og 40. gr. frv. hefur verið breytt lítillega. **Í fimmta lagi** er lagt til, að ákvæði 70. gr. l. 39/1921 um refsivist sem lögskilnaðarástæðu sé breytt nokkuð, sbr. 41. gr. frv., bæði um það atriði, að öryggisgæzlu er nú sérstaklega getið og ákvæði tekið með í greinina um refsivist samkv. erlendum refsidómum. **Í sjötta lagi** er svo lagt til, að ákvæði 71. gr. l. 39/1921 verði breytt á þá lund, að heimilt sé að veita lögskilnað vegna geðveiki, þótt sjúkdómur hafi ekki staðið í þrjú ár, ef sérstakar ástæður mæla með því, sbr. 42. gr. frv.

b. **Aðdragandi að veitingu skilnaða, úrlausn um skilnaði.**

Ákvæðin um sáttaumleitun í 44. gr. frv. eru áþekk hliðstæðum ákvæðum í l. 39/1921. Tekið er fram, að ef annað hjóna sækir ekki sáttafund, þótt það hafi fengið kvaðningu tvívegis, sé nægilegt að reyna sættir með hinu. Ákvæðin um skyldu til að sækja sáttafundi, þegar hjón búa í fjarska hvort frá öðru, eru tekin upp til endurskoðunar í ljósi samgöngutækni nútímans. Þá er það nýmæli, að dómsmálaráðuneyti setji reglur um framkvæmd sátta, og sé þar m. a. heimilt að ákveða, hversu lengi sættir geti staðið í lengsta lagi og að könnun á málefnum hjóna af hendi stofnana um félagsráðgjöf geti komið í stað sátta. Í 45. gr. frv. er haldið þeirri tilhögun, að yfirvald reyni að koma á samkomulagi milli hjóna um ýmis atriði, sem skilnað varða (skilnaðarkjör).

Reglur um það, hvernig greitt skuli úr umsóknum eða kröfum um skilnaði, eru óbreyttar. Leyfi til skilnaðar að borði og sæng veita stjórnvöld ávallt, ýmist bæjarfógetar, sýslumenn, yfirborgardómari eða lögreglustjórar utan Reykjavíkur (í Bolungarvík og á Keflavíkurflugvelli), er samkomulag er milli hjóna um að leita skilnaðar að borði og sæng og um skipan þeirra atriða, sem áskilið er að þau séu á einu máli um, sbr. 31. og 43. gr. frv., en dómsmálaráðuneyti að öðrum kosti sbr. 32. og 43. gr. frv. Dómsmálaráðuneyti veitir og leyfi til lögskilnaðar, að undanförnum skilnaði að borði og sæng, en endranær ýmist dómsmálaráðuneyti eða dómstólar. Dómstólaleiðin er nálega aldrei farin hér á landi — aðeins er kunnugt um eitt mál af Keflavíkurflugvelli frá árinu 1956 — en allt að einu er talið rétt að halda þeirri tilhögun, að hjónum sé unnt að leita til dómstóla með þessi mál. Má t. d. vera, að dómsmálaráðuneyti þyki málavextir ekki fullskýrir, og er þá sjálfsagt að girða ekki fyrir aðgang manna að dómstólum með þessi mál sín.

c. **Réttaráhrif skilnaðar.**

Um skipan forráða yfir börnum við skilnað er lagt til, að afnuminn sé sá fyrirvari í 56. og 76. gr. l. 39/1921, að sök á skilnaði geti nokkru um ráðið, hvernig

það mál skiptist, sbr. 47. gr. frv. Er sök vandmetin og þykir einsætt að útrýma sakaratriðinu við þessa endurskoðun sifjalaga. Raunar má á það benda, að sakar gætir mjög lítið í lagaframkvæmdinni.

Um framfærslueyri með börnum eru ákvæðin svipuð hér og í l. 39/1921, en lagt er til, að nokkru rýmri kostir séu til að úrskurða maka framfærslueyri eftir lögskilnað en nú er, sbr. 49. gr. frv.

Um fjárskipti vegna skilnaðar eru ákvæði í VI. kafla frv. Heimila þau frekari frávik frá helmingaskiptareglu 18. gr. l. 20/1923 en nú eru í lögum.

d. Reglur um umgengnisrétt.

Lagt er til í frv., að reglur verði settar um rétt þess foreldris, sem fær ekki forræði barns, til umgengni við barnið, sbr. 47. gr. 3. málsgr. Í gildandi lögum skortir með öllu ákvæði um þetta efni. Er orðin brýn þörf á ákvæðum í lögum um þetta lagafyrirbrigði, sem verður æ raunhæfara eftir því sem skilnuðum fjölgar. Tekið skal fram, að ekki þykir viðeigandi að setja ákvæði í þetta frv. um umgengnisrétt föður við óskilgetið barn sitt, og bíður það endurskoðunar á barnalöggjöfinni að ráða því álitamáli til lykta.

7. Ákvæði VIII. kap. l. 39/1921 um réttarfar í hjúskaparmálum o. fl.

hafa sætt endurskoðun, en þar gætir þó ekki neinna veigamikilla breytinga, sbr. VII. kafla frv.

8. Ákvæði um gildistöku o. fl.

eru sett í VIII. kafla frv.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Frv. hefst á kafla um hjónavígsluskilyrði, en það hefur ekki að geyma ákvæði um festar og festaslit, sbr. I. kap. l. 39/1921, svo sem fyrr er greint. Hjónavígsluskilyrðin samkv. l. 39/1921 eru bæði fleiri en er eftir hinum Norðurlandalögunum, og auk þess gætir þess mun meir samkv. íslenzku lögunum, að hjúskapartálmar séu afdráttarlausir — óundanþægir — en er eftir hinum norrænu lögunum. Má t. d. geta þess, að **berklaveiki** er hvergi hjúskapartálmi á Norðurlöndum, nema hér. Varðandi **flogaveiki, holdsveiki og kynsjúkdóma** hefur víðast hvar á Norðurlöndum aðeins verið um tilkynningarskyldu að ræða hjá hinum sjúka, sem veit sig haldinn þessum sjúkdómum, en eftir íslenzku hjúskaparlögunum er afdráttarlaust bann gegn vígslu þeirra manna, sbr. 12. gr. l. 39/1921. Með breytingum þeim, sem urðu á norrænu lögunum 1968 og 1969, eru þessir sjúkdómar með öllu felldir úr tölu hjúskapartálma, nema í norsku lögunum, þar sem tilkynningarskyldu er haldið um kynsjúkdóma. Í frv. þessu er lagt til, að hinir líkamlegu sjúkdómar verði gersamlega felldir brott sem hjúskapartálmar. Bannið gegn vígslu **geðveikra og hálfvita** hefur verið gert undanþægt hvarvetna á hinum Norðurlöndunum, í sumum þeirra fyrir áratugum, og er lagt til, að svo verði gert hér í 5. gr. frv. Þá má sérstaklega geta þess, að bann við hjónavígslu **tengds fólks í beinan legg** var undanþægt þegar frá 1922 í dönsku lögunum, en var síðar lýst undanþægt í hinum norrænu lögunum, þ. e. 1937 í Noregi, 1944 í Finnlandi og 1947 í Svíþjóð. Íslenzku hjúskaparlögin eru því einu norrænu lögin, sem halda þeirri tilhögun, að hjúskapartálmi þessi sé óundanþægur. Er lagt til, að þessu sé nú breytt og tálminn lýstur undanþægur, sbr. 8. gr. Geta má þess einnig, að hjónaefnum er gert að skyldu í 13. gr. l. 36/1950 um ónæmisaðgerðir að leggja fram **bólusetningarvottorð**, en slíkri skyldu er hvergi fyrir að fara í norrænum lögum og virðist vera alllangt síðan slík skylda var lögð fyrir róða í lögum hinna Norðurlandaríkjanna. Er einsætt að fella úr gildi boð 13. gr. l. 36/1950. Óviðfelldin er sú tilhögun íslenzkra laga, að **kjörforeldri** geti gengið að eiga kjörbarn án þess að ættleiðing hafi áður verið niður felld. Er lagt til

í 7. gr. frv., að þessi regla verði færð til sama horfs og í öðrum norrænum lögum, þ. e. að bann sé gegn hjónavígslu kjörbarns og kjörforeldris, nema ættleiðing hafi verið niður felld.

Í sambandi við þennan kafla er þess að gæta, að vegna hinna miklu samskipta milli fólks á Norðurlöndum er eðlilegt og heppilegt, að ákvæði um hjónavígsluskilyrði séu með sem líkustu móti hvarvetna á Norðurlöndum, og hefur það samræmingarsjónarmið ráðið í ýmsu ákvæðum frv. þessa. Samningar milli Norðurlandaríkjanna um hjúskap, lögráð og ættleiðingu stuðla að sínu leyti mjög að greiðri framkvæmd sifjalaga, þegar ríkisborgarar frá Norðurlöndum eiga hlut að máli.

Um 1. gr.

Hér er mælt fyrir um hjónavígslualdur. Í norrænu hjúskaparlögunum voru upprunalega sömu ákvæði í Danmörku, á Íslandi og í Svíþjóð, þ. e. 18 ár um konur og 21 ár um karla. Í Noregi var aldur þessi lögmæltur 18 ár fyrir konur og 20 ár fyrir karla, en í Finnlandi 17 ár fyrir konur og 18 ár fyrir karla. Undanþágur eru hvarvetna leyfðar. Með lögum 77/1967 var hjónavígslualdur karla lækkaður í 20 ár hér á landi, en 1968 var aldur beggja kynja lögmæltur 18 ár í Svíþjóð og sama varð upp á teningnum 1969 í Noregi. Í dönsku hjúskaparlögunum frá 1969 var hjónavígslualdur karla lækkaður í 20 ár, en hjónavígslualdur kvenna er eftir sem áður 18 ár.

Samkv. síðustu skýrslum, sem tiltækilegar eru, horfir hjúskaparaldur svo við í nokkrum löndum Evrópu:

	Konur	Karlar
Danmörk, Ísland, Sviss	18	20
Sovét-Rússland (í einstökum ríkjum 16—18), Tékkóslóvakía, Júgóslavía, A-Þýzkaland, Pólland, Noregur, Svíþjóð	18	18
Búlgaría, Finnland	17	18
Rúmenía, Ungverjaland, Holland, Portúgal, Austurríki, V-Þýzkaland	16	21
Bretland	16	16
Belgía, Frakkland, Ítalía, Luxemburg, Monaco	15	18
Tyrkland	15	17
Grikkland	14	18
Írland, Spánn	12	14

Sifjalaganefnd taldi rétt að láta fara fram sérstaka könnun á fjölda aldursleyfa síðasta áratuginn og á ýmsu öðru, er varðar framkvæmd á undanþágum samkv. 7. gr. laga 39/1921. Leiðir könnunin m. a. eftirfarandi í ljós:

1. Aldursleyfi fóru mjög í vöxt frá 1961 til 1967, að síðasta árinu meðtöldu eða frá 167 1961 upp í 338 árið 1967. Eftir að lög nr. 77 19. des. 1967 lækkuðu hjónavígslualdur karla úr 21 ári í 20 ár hefur aldursleyfum karla farið mjög fækkandi. Námu leyfi til karla árið 1967 294, en árið 1968 124, og árin 1969 og 1970 töldust þau 99 og 93. Engin umtalsverð breyting er á fjölda aldursleyfa kvenna frá ári til árs, þau leika á tölunum 40 til 57 frá 1964—70. Þó er nokkuð athyglisverður munur á árunum 1969 og 1970, en þar er talan fyrra árið 57, en 40 hið síðara. Ef fjöldi aldursleyfa er settur í tengsl við tölu hjónavígslna kemur í ljós, að í 18.9% af öllum hjónavígslum árið 1967 þurfi á aldursleyfi að halda, en þessar hundraðstölur eru 9.5 og 8.3 árin 1968 og 1969 og verða að líkindum enn lægri árið 1970.

2. Sérstök könnun hefur farið fram á aldursleyfum, sem veitt voru árið 1970. Voru þá veitt leyfi til 93 karla og 40 kvenna (samtals 133) til 125 hjónavígslna, þ. e. bæði hafa fengið leyfi við 8 hjónavígslur. Kemur fram, að um fjórir fimmtu hlutar leyfanna eru veittir aðilum, sem vantar **minna en eitt ár** á lögmæltan aldur (78.5% varðandi karla, en 80% varðandi konur). Aðeins 3 leyfi eru veitt körlum, sem skortir

meira en eitt og hálft ár í lögmæltan hjúskaparaldur og 2 konum, er svo hagar til um. Piltarnir voru frá 18 árum og 2 mánaða gamlir til 18 ára og 5 mánaða, en stúlkurnar voru báðar 16 ára og 5 mánaða.

3. Könnunin leiðir enn fremur í ljós, að oft vantar lítið upp á lögmæltan aldur, eða í 4 tilvikum árið 1970 frá 5 dögum upp í 26 daga.

4. Bæði hjónaefna hafa þurft á leyfi að halda þennan áratug við 157 hjónavígslur af alls 2060, þar sem á aldursleyfi hefur reynt, eða í 7.6% af tilvikum.

5. Á einu leyfi, sem veitt var karlmanni 18 ára og 6 mánaða gömlum, sést, að honum var synjað um leyfi þremur mánuðum fyrr. Kemur þar í ljós sú meginregla, sem fylgt er í ráðuneytinu, að ekki megi skorta meira en eitt og hálft ár á hjónavígslualdur, svo að aldursleyfi sé veitt, nema mjög sérstaklega standi á.

Því er ekki að leyna, að ýmsar félagsfræðilegar rannsóknir víða um lönd, t. d. í Danmörku, Svíþjóð, Vestur-Þýzkalandi og Bandaríkjunum veita vísbendingu um, að hjónabönd mjög ungs fólks endist lakar, þegar á heildina er litið, en hjónabönd annarra, þ. á m. ef til samanburðar er tekið fólk, sem giftist 20—24 ára. Hliðstæðar rannsóknir hafa ekki farið fram hér á landi.

Rétt þykir að hafa sams konar aldurslágmark fyrir bæði konur og karla. Er álitamál, hvar þau mörk skuli sett. Hér er lagt til, að sú tilhögun verði upp tekin, sem lögfest hefur verið í Noregi og Svíþjóð, en sem fyrr greinir hafa Danir ekki lögfest þessa skipan.

Gert er ráð fyrir, að krafizt sé fæðingarvottorðs sem skilríkis af hálfu vígslumanns, eða annars jafngilds sönnunargagns.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um samþykki foreldra eða annarra forráðamanna á hjúskap yngra fólks en 20 ára. Er ákvæðið að mestu leyti óbreytt frá 8. gr. l. 39/1921, svo sem hún er orðuð með l. nr. 77/1967. Er ákvæðið í samræmi við önnur norræn hjúskaparlög.

Í 2. málsgr. er lagfært það atriði í 2. málsgr. 8. gr. l. 39/1921, þar sem segir, að foreldri sé „svipt foreldraráðum." Er hér valið orðalagið „fer ekki með foreldraráð", og tekur ákvæðið þá samkv. beinum orðum sínum m. a. til föður óskilgetins barns — ekki hæfir það í mark að segja, að slíkur maður sé sviptur foreldraráðum, með því að hann hefur aldrei haft þau.

Þótt barn sé tekið af heimili fyrir atbeina barnaverndarnefndar, eiga foreldrar allt að einu að láta uppi samþykki samkv. 2. gr., nema beinlínis sé um sviptingu á foreldravaldi að ræða. Þegar barn skilinna foreldra á í hlut, verður við það að miða, hvort foreldrið hafði foreldravaldið, er barn varð 16 ára — eftir það fellur sú forsjá niður, svo sem kunnugt er.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta er sama efnis og 9. gr. l. 39/1921.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta er sama efnis og 10. gr. l. 39/1921, en óþarft þykir að geta þess sérstaklega, að dómsmálaráðuneyti leiti umsagnar hjónaefnis og foreldris, enda getur komið til greina að leita álits fleiri aðilja.

Um 5. gr.

Hér er lagt til, að bann gegn hjónavígslu geðveikra manna og hálfvita verði undanþægt, en ekki fortakslaust, eins og nú er, sbr. 11. gr. l. 39/1921. Er bann þetta undanþægt í hjúskaparlöggjöf allra annarra Norðurlandaríkja en Íslands. Vitaskuld verður undanþága ekki veitt, nema á grundvelli læknisumsagna. Er sjálfsagt að ganga eftir umsögn sérfræðings, og eftir atvikum Læknaráðs. Getur staðið mjög misjafnlega á, og verður að virða öll sératvik hverju sinni. Atriði, sem hér skipta máli, er t. d., hvort líklegt sé eða útilokað, að aðili geti átt barn, svo og t. d. hvort aðiljar

hafi búið saman um alllangt skeið o. fl. Hugmyndir, sem uppi hafa verið um að gera undanþágu skilyrta því, að hlutaðeigandi sætti vönun, telur sifjalaganefndin varhugaverðar og hafa þær raunar ekki mótað nýju norrænu hjúskaparlögin. Til samræmis við það breytta viðhorf til hjúskapar geðveikra manna og hálfvita, sem lýsir sér í 5. gr., er sú breyting í IV. kafla frv., að ekki er sérstakt ákvæði um ógildingu hjúskapar, sem stofnað er til andstætt 5. gr., og er ógilding þó hugsanleg, sbr. 25. gr. 1. tl., ef svo mikil brögð eru að óviti, sem þar greinir. Er þessi tilhögun einnig í samræmi við norrænu lögin nýju.

Um 6. gr.

Hún er óbreytt frá því, sem nú er, sbr. 13. gr. l. 39/1921. Skylt er að ógilda hjúskap þenna, þ. e. hjúskap foreldra og barna og systkina innbyrðis, samkv. 24. gr. frv. Nokkuð hefur verið um það rætt, að ekki ætti að vera skylt að ógilda hjúskap, sem hálfsystkin stofna til, grandlaus um skyldleikann. Slíkur hjúskapur er væntanlega mjög fágætur, og í Norðurlandalögunum hefur þeirri hugmynd verið hafnað að hafa sérákvæði um þetta tilvik í ógildingarákvæðum laganna.

Svo sem fyrr segir, er lagt til, að felld verði niður 14. gr. l. 39/1921, sem leggur undanþægt bann við hjúskap manns og afkvæmis bróður hans eða systur. Þetta ákvæði er með sama hætti hér og í sænskum sifjalögum, en slíkur hjúskapartálmi var hvorki í dönsku né norsku lögunum. Hins vegar er tálmi þessi óundanþægur í finnsku lögunum, og stendur við svo búið enn. Af hagskýrslum má ráða, að hjúskapur þremenninga og skyldara fólks er mjög fátíður, t. d. 1951—1960 alls 17 og 1961—1969 alls 9. Að því er varðar bann 14. gr. l. 39/1921, þá hefur dómsmálaráðuneyti aðeins veitt fjögur leyfi í tvo áratugi, þ. e. frá 1951—1970, og engri umsókn hafnað. Athyglisvert er, að í 3 tilvikum er um hálfsystkin að ræða sem tengilið (veitt leyfi til a. að maður kvæntist dóttur hálfsystur sinnar, b. kvæntist hálfsystur móður sinnar eða c. hálfsystur föður síns).

Ekki er sýnilegt, að hjúskaparbann 14. gr. l. 39/1921 styðjist við rík siðferðisviðhorf hjá almenningi, og mannerfðafræðingar munu nú yfirleitt telja, að ekki sé sérstaklega mikil hætta á, að meinlegar kynfylgjur magnist, þótt svo náin skyldmenni eigi saman börn. Dómsmálaráðuneyti mun ekki hafa hafnað umsókn um undanþágu samkv. 14. gr. um langt árabil. Af þessum ástæðum er lagt til, að 14. gr. verði algerlega afnumin.

Um 7. gr.

Eftir íslenzkum lögum er það ljóst, að ættleiðing tálmar ekki hjúskap milli kjörforeldris og kjörbarns, sbr. 13. og 19. gr. ættleiðingarlaga nr. 19/1953, en í síðarnefnda ákvæðinu segir, að ættleiðing falli niður, ef kjörforeldri og kjörbarn gangi í hjúskap. Er þetta óviðfelldin tilhögun — kjörfaðir og kjördóttir ganga í kirkju sem faðir og dóttir, en koma út úr kirkju gift fólk. Sums staðar í löndum er ættleiðing talin alger hjúskapartálmi, en annars staðar hefur sú leið verið farin að mæla svo fyrir, að slíkt fólk geti ekki gengið í hjúskap, nema ættleiðing hafi áður verið niður felld. Þessi tilhögun var í finnskum og sænskum lögum, og fyrir áhrif frá lögum þeirra þjóða var dönsku og norsku ættleiðingarlögunum breytt 1956 í þetta horf. Er lagt til í 7. gr., að svo verði einnig gert hér á landi.

Um 8. gr.

Ákvæðið um bann gegn vígslu tengds fólks í beinan legg er sama efnis og 15. gr. l. 39/1921 með þeirri veigamiklu breytingu, að bannið er hér gert undanþægt, svo sem fyrr er getið, og er það að hætti annarra norrænna laga. Sums staðar í löndum eru tengdir þessar (ættarvenzl) alger hjúskapartálmi með sama hætti og hér á landi, en þau ríki eru einnig allmörg, sem ekki telja tengdir eiga að varna hjúskap, sbr. t. d. sifjalöggjöf Sovét-Rússlands (eða lýðvelda þess) og Austur-Þýzkalands og

margra ríkja í Bandaríkjunum. Sú tilhögun tíðkast með nokkrum þjóðum, að tengdir varna hjúskap, meðan sá maður, sem er tengiliður, er á lífi — eftir lát hans, t. d. eiginkonunnar, er hjúskapur frjáls með ættingjum hins látna í beinan legg.

Þótt hjónavígslubann þetta sé undanþægt með öllum norrænum þjóðum, hefur orðið alllangur þróunarferill um umtak undanþágunnar. Í dönsku lögunum frá 1922 var undanþága t. d. einskorðuð við það tilvik, er hjúskap lauk fyrir andlát annars maka, en þegar Svíar breyttu sifjalögum sínum 1947 veittu þeir almenna heimild til undanþágu án nokkurra sérstakra fyrirvara, og er lögunum víðast hvar á Norðurlöndum nú breytt í það horf. Þykir vafalaust rétt að fylgja þeirri stefnu. Tilbrigðin geta hér verið margvísleg, og er eðlilegt að leggja það alfarið á vald dómsmálaráðuneytis að meta, hvort undanþága skuli veitt eða ekki. Á því er þó byggt, að undanþága verði veitt, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, sem geri slíkt varhugavert, svo sem óvenjumikill aldursmunur hjóna.

Ekki er grundvöllur samkv. 24. gr. frv. til að lýsa hjúskap ógildan, sem gengur í berhögg við 8. gr., og er það veigamikil breyting frá því, sem nú er, en samkv. 41. gr. l. 39/1921 er skylt að ógilda slíkan hjúskap.

Um 9. gr.

Það ákvæði fjallar um tvíkvæni, svo sem það er tíðast nefnt á ónákvæman hátt, og er greinin óbreytt frá því sem nú er, sbr. 16. gr. l. 39/1921. Haldið er þeirri tilhögun, að skylt sé að ógilda slíkan hjúskap, sbr. 24. gr. frv.

Um 10. gr.

Ákvæðið áskilur, að skipti hafi farið fram á búi manns, sem giftur er fyrir, eða bú hans sé a. m. k. tekið til opinberra skipta, svo að hann megi giftast af nýju. Ákvæðið er sama efnis og 18. gr. l. 39/1921, að því þó breyttu, að þegar algert séreignafyrirkomulag hefur ríkt í fyrra hjúskap, þykir ekki ástæða til að halda skiptakröfu til streitu.

Aðrir hjónavígslutálmar.

1. Í frv. er lagt til, að 17. gr. l. 39/1921 verði felld úr tölu hjónavígslutálma. Tekur það ákvæði til konu, sem gift hefur verið áður, og meinar henni að höfuðstefnu til hjúskap, fyrr en 10 mánuðir eru liðnir frá slitum fyrra hjúskapar. Þetta ákvæði gegnir nokkru hlutverki til þess að draga úr hættu á rangfeðrun barna. En hvort tveggja er, að ákvæðið er þess ekki ávallt umkomið, og getur m. a. s. komið í veg fyrir rétta feðrun barnsins, með því að það kann að vera hinn nýi bóndi konu, sem raunverulega er faðir barnsins, og í annan stað er þetta svo viðkvæmt svið mannlegs lífs, að ekki þykir vert að beita hjúskapartálma, nema óyggjandi rök séu til. Er ekki sýnilegt, að almenningsálit telji slíkan hjúskap sem þennan neina óhæfu. Hefur þetta ákvæði nú verið lagt fyrir róða í öllum hinum nýju sifjalögum á Norðurlöndum.

2. Í dönsku lögunum nýju er tekið upp það ákvæði úr norskum hjúskaparlögum, að hjónaefni eigi að skýra hinu, svo og vígslumanni, frá því, hvort það eigi barn með öðrum en hinu hjónaefni eða eigi slíkt barn í vændum, þegar stofna á til hjúskapar. Upplýsingaskyldan tekur einnig til kjörbarna, en ekki til barna, sem aðili á, en hafa verið ættleidd af öðrum. Íslenzka sifjalaganefndin telur ekki ástæðu til að lögmæla slíkt ákvæði. Vegna fámennis er ekki sérstaklega rík þörf á því, þar sem menn þekkja yfirleitt hér á landi náið til haga hvers annars. Eru ekki mikilvæg rök almennt til þess að festa slíkt ákvæði í lögum.

3. Í 38. gr. l. 39/1921 er ákvæði, sem minnir á, að afla skuli lögmæltra skilríkja fyrir því, að annað hjóna skuli tryggja hinu framfærslustyrk eftir sinn dag.

Stóð það ákvæði í sambandi við lögboðna ekkjutryggingu, sem þá gilti í vissum tilvikum, sbr. 11. gr. tilsk. 30. apríl 1824 og 5. gr. l. 30/1917. Ákvæði 38. gr. á ekki framar við og má að skaðlausu falla niður.

4. Í 99. gr. 3. málsgr. l. 39/1921 segir, að hvorugt hjóna megi ganga í nýtt hjónaband innan loka áfrýjunarfrests, nema því aðeins að gagnaðili og stjórnarráð hafi bréflega fallið frá áfrýjun. Þetta ákvæði á út af fyrir sig heima í kaflanum um hjónavígsluskilyrði. Það er þó látið haldast í kaflanum um hjónabandsmál, þar sem það tengist bezt að efni til ákvæðum þess kafla, sbr. 78. gr. 3. málsgr. frv.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um könnun á hjónavígsluskilyrðum.

Því er fyrr lýst, að lagt er til að ákvæði laga 39/1921 um lýsingu séu numin úr lögum. Þessi ákvæði eru að mestu lagaleifar, þótt enn beri við, að lýst sé með hjónaefnum. Lagt er til í frv., að sú tilhögun verði lögfest, sem tíðust er, og fólgin í því, að vígslumaður gangi úr skugga um, að hjónavígsluskilyrðum sé fullnægt, en þá fellur leyfisbréf til hjúskapar, sbr. 25. gr. l. 39/1921, af sjálfu sér niður. Frv. dregur til muna úr fjölda hjónavígslutálma, en á hinn bóginn er að því stefnt, að vandað verði meir en nú er til könnunar á hjónavígsluskilyrðum. Er boðið í 11. gr. frv., að dómsmálaráðuneyti setji reglur um þessi efni, og er brýnt verkefni að koma við samræmdum reglum um framkvæmd þessara mála.

Samkv. 12. og 13. gr. eru sett um það ákvæði, hvaða vígslumaður eigi að fjalla um könnun á hjónavígsluskilyrðum, svo og að gefa skuli út vottorð um þetta efni, er haldið geti gildi sínu um fjögurra mánaða skeið. Ef til hjúskapar er stofnað síðar, verður ný könnun að fara fram að stofni til.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um hjónavígslumenn og heimild þeirra og skyldu til að framkvæma hjónavígslu, sbr. 14.—19. gr., um hjónavígsluna sjálfa, sbr. 20.—22. gr. og um færslu hjónavígslna til embættisbóka, sbr. 23. gr. Nokkrar breytingar felast í þessum ákvæðum og verður þeirra getið í athugasemdum við einstakar greinar.

Um 14. og 15. gr.

Þær eru sama efnis og 27. og 28. gr. laga 39/1921.

Um 16. gr.

Í þessari grein er lagt til, að kirkjumálaráðuneyti setji reglur um, hvaða prestar þjóðkirkjunnar hafi heimild til hjónavígslu og hvenær þeim sé skylt að framkvæma hjónavígslu. Að jafnaði hafa allir prestar þjóðkirkjunnar þessa heimild, en eftir því sem flokkum presta fjölgar er ekki sagt, að svo verði þessu farið um þá alla. Þykir rétt, að ráðuneytið skeri úr þessu, svo og setji reglur um skyldu presta til að framkvæma hjónavígslu, að sjálfsögðu að fenginni umsögn biskups og prestastefnu. Sbr. nú um þetta efni 29. gr. 3. málsgr. laga 39/1921. Benda má enn fremur á ákvæðið í 10. gr. laga 35/1970. Samkvæmt lokaákvæði 16. gr. frv. skal þjóðkirkjuprestum, sem látið hafa af prestsembætti, vera óheimilt að framkvæma hjónavígslu frá 1. janúar 1972 að telja. Hefur tíðkazt alllengi, að þjóðkirkjuprestar, sem látið hafa af embætti, framkvæmdu hjónavígslu, að jafnaði samkv. heimild frá þjóðkirkjupresti þar í prestakalli, sem hjónavígsla fer fram (yfirleitt þá þar sem annað þeirra er búsett, sbr. 29. gr. l. 39/1921). Nokkur óvissa hefur ríkt um lögmæti þessa, og kom mál þetta til dómsmeðferðar í Hæstarétti árið 1968. Segir svo um þetta atriði í dómi Hæstaréttar frá 9. apríl 1968, „að það sé venjuhelguð réttar-

regla, að menn, sem prestvígðir hafi verið í þjóðkirkjunni, þótt ekki séu þjónandi sóknarprestar, geti löglega gefið saman hjónaefni". Tveir dómendur dæmdu málið á öðrum grundvelli. Má raunar benda á, að fyrir 1968 höfðu tveir prófessorar í lögfræði látið uppi þá skoðun, að þessi réttarregla væri á komin fyrir lagavenju. Ekki þykir viðfelldið, að svo mikilvægt grundvallaratriði, eins og það, hverjir séu lögmætir hjónavígslumenn, ráðist af réttarreglum, sem Alþingi hefur ekki sett. Er málið því borið undir Alþingi með ákvæði 16. gr. frv. Koma þar vissulega til greina mismunandi sjónarmið. Á það skal aðeins bent hér, að ekki er hörgull á hjónavígslumönnum almennt á landi hér og greiðfær aðgangur að þeim. Enn fremur er nokkur hætta á, að embættisbókfærsla verði ekki jafntryggileg sem ella, ef prestar, sem látið hafa af embætti, framkvæma hjónavígslu, og um embættisábyrgð þeirra kann einnig að ríkja óvissa. Þá er það í andstöðu við almennar reglur í stjórnsýslurétti, að embættismaður, sem látið hefur af embætti, geti framkvæmt embættisstarf, og skýtur hér raunar skökku við um sýslumenn eða bæjarfógeta, sem látið hafa af embætti, en það hefur verið talið fullvíst, að þeir væru ekki lögmætir vígslumenn, og sama gegnir um forstöðumenn trúarbragðasafnaða, sem löggiltir eru til hjónavígslu. Hér skal umfram allt lögð áherzla á, að glögg afstaða komi fram hjá Alþingi til þessa máls.

Kirkjulegar hjónavígslur eru stórum tíðari en borgaralegar hjónavígslur hér á landi. Hefur kirkjulegum hjónavígslum fjölgað hlutfallslega hina síðustu áratugi, sérstaklega eftir 1940. Borgaralegar hjónavígslur voru tiltölulega tíðastar 1936—40 (21.2%). Síðasta áratug nema kirkjulegar vígslur 94—95% allra hjónavígslna, og eru þær miklum mun tíðari hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Eftirfarandi skrá sýnir hlutfallið milli þessara tvenns konar hjónavígsluforma og jafnframt þróunina síðustu áratugi:

	Kirkjulegar hjónavígslur	Borgaralegar hjónavígslur
1916—1920	95.9	4.1
1936—1940	78.8	21.2
1961—1965	94.6	5.4
1966	94.1	5.9
1967	94.5	5.5

Um 17. og 18. gr.

Ákvæði 17. gr. um að allir eigi tilkall til borgaralegrar hjónavígslu er í samræmi við 30. gr. l. 39/1921. 18. gr. er að mestu í samræmi við 31. gr., en því er þó bætt við, að lögreglustjórar utan Reykjavíkur séu einnig lögmætir vígslumenn, og hefur þetta í svipinn þá breytingu í för með sér, að lögreglustjórinn í Bolungarvík verður hjónavígslumaður að lögum. Mæla öll rök með því, enda eru þeir embættismenn, sem hér eiga í hlut, embættisgengir lögfræðingar.

Um 19. gr.

Hér er fyrst greind í 1. málsgr. heimild til handa kirkjumálaráðuneytinu til að löggilda íslenzka presta til að framkvæma hjónavígslur erlendis. Svo sem kunnugt er, hefur íslenzkur prestur starfað við sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn undanfarin ár, og er hann löggiltur til að framkvæma hjónavígslur þar í landi svo og í Noregi, enda séu bæði hjónaefna íslenzkir ríkisborgarar. Þykir réttmætt, að grundvöllur að slíkri löggildingu sé í hjúskaparlögum, en benda má á, að heimild til ráðningar þessa starfsmanns er nú í lögum 35/1970, 9. gr.

Samkv. 2. málsgr. má setja reglur um heimild tiltekinna starfsmanna í íslenzkum sendiráðum til að framkvæma hjónavígslur erlendis. Slík heimild er ekki í gildandi lögum, en þörf getur verið á því, að íslenzkir sendiherrar, sendifulltrúar, ræðismenn o. fl. fái þess konar heimild. Að sjálfsögðu er byggt á því bæði í 1. og 2. málsgr.,

að leitað sé samráða við utanríkisráðuneyti og rétt stjórnvöld í því landi, sem starfsmaður á að starfa í. Vígslumenn þessir, ef því er að skipta, hljóta þá að jafnaði að kanna sjálfir hjónavígsluskilyrði, nema hjónaefni leggi fyrir þá skilríki um slíka könnun frá öðrum lögmætum vígslumanni, sbr. 13. gr. frv.

Í 4. málsgr. er heimilað að ákveða með samningi við erlend ríki, að hjónaband, sem stofnað er til hér á landi fyrir presti frá viðkomandi ríki eða fyrir starfsmönnum í sendiráði þess hér á landi eða útsendum ræðismanni, séu gild hér á landi. Að jafnaði myndu þá hjónaefnin bæði vera ríkisborgarar þess erlenda ríkis, sem hlut á að máli, og eru slíkir samningar tíðast við það miðaðir.

Um 20. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um það, hvar borgaraleg og kirkjuleg hjónavígsla fari fram. Eru þessi ákvæði í samræmi við 34. gr. l. 39/1921.

Um 21. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um hjónavígsluathöfnina. Greinin er í samræmi við 35. gr. l. 39/1921, en hér er þó í 2. málsgr. lagt til, að lögfest sé sú fræðiskýring, að hjónaefni skuli vera viðstödd vígsluathöfn. Dugir því ekki, að annað sé nærstatt, en hitt sendi umboðsmann fyrir sig.

Um 22. gr.

1. málsgr., sem mælir fyrir um lágmarksskilyrði þess, að hjónavígsla sé lögmæt, er í samræmi við 36. gr. 1. málsgr. l. 39/1921, þótt orðalagi sé nokkuð vikið við. Ýmiss konar frávik frá réttum reglum hagga ekki við gildi athafnar, og er tekin skýr afstaða til þessa máls í 1. málsgr.

2. málsgr. er nýmæli. Er dómsmálaráðherra þar heimilað að lýsa hjónavígslu gilda, sem ekki stenzt lágmarkskröfur 1. málsgr., enda standi sérstaklega á. Þörf getur verið á slíkri heimild til staðfestingar á hjónavígslu, þegar maður, sem ekki er löggildur vígslumaður, hefur framkvæmt hjónavígsluna, t. d. sýslumaður eða forstöðumaður safnaðar, sem látið hefur af starfi, eða þjóðkirkjuprestur, sem horfið hefur frá starfi, ef 16. gr. frv. lokaákvæði verður lögfest. Sama er, ef mistök eiga sér stað um spurningar til hjónaefna og svör við þeim, sbr. 21. gr. 2. málsgr. frv. o. fl. Heimilt er samkv. þessu að staðfesta vígsluathöfn, þótt annað eða bæði séu látin. Forsenda staðfestingar er sú, að raunverulega hafi athöfn farið fram, sem aðiljar hafi talið gilda vígsluathöfn. Vitaskuld kæmi sjaldan til þess, að á slíka heimild sem þessa reyni. Hliðstæð heimild var lögfest í Noregi 1937, og hefur hún nú verið tekin í lög í Danmörku með nýju hjúskaparlögunum frá 1969.

Um 23. gr.

Hér eru fyrirmæli um embættisbókfærslu um hjónavígslur og gjöld fyrir þær og fyrir hjónavígsluvottorð. Er veitt heimild til þess að skipa þeim málum nánar með reglugerðum, og verður þá vitaskuld að taka tillit til lagaákvæða um það mál, sbr. t. d. aukatekjulög 104/1965, 36. gr., þar sem mælt er fyrir um gjald fyrir borgaralega hjónavígslu. Hér má og minna á gj.skr. 318/1969, 2. gr. um gjöld fyrir kirkjulega hjónavígslu og álag samkv. því. Ákvæði 23. gr. eru nánast samtak af 37., 39. og 40. gr. l. 39/1921. Um skil á skýrslum til hagstofu eru nú skýr ákvæði, og er gert ráð fyrir að dómsmálaráðuneyti hafi samvinnu við hagstofu, ef breyta á þeim reglum.

Um IV. kafla.

Ákvæði þessa kafla svara til V. kap. l. 39/1921, en þó með nokkrum breytingum.

1. Skilyrði ógildingar verða önnur en er eftir þeim lögum, með því að hjónavígsluskilyrðin eru einfaldari í sniðum samkv. frv. en l. 39/1921. Sem fyrr greinir,

verður brot á banni gegn vígslu tengdra manna ekki efni til ógildingar samkv. 23. gr. frv. og ekki er heldur sérákvæði um ógildingarviðbrögð í tilefni af vígslu geðveikra og hálfvita. Þá er ekki ákvæði í kaflanum, sem svarar til 3. tl. 43. gr. l. 39/1921, þar eð sjúkdómar þeir, er þar greinir, eru ekki hjúskapartálmar samkv. frv., og ekki þykir ástæða til að tengja ógildingaráhrif við það, er menn eru óhæfir til kynmaka, svo sem gert er í þeim tölulið.

2. **Réttaráhrif ógildingar** verða í stórum dráttum hin sömu og samkv. l. 39/1921, en notað er tækifæri til að lagfæra ákvæðið um fjárskipti, sem er næsta óljóst í 46. gr. l. 39/1921 og vefst fyrir mönnum að túlka, sbr. 27. gr. frv.

Þótt engir dómar hafi gengið samkv. V. kap. l. 39/1921, þykir samt ekki gerlegt að fella þessi ákvæði úr hjúskaparlögum. Þeim er m. a. ætlað það hlutverk að auka virkni hjónavígsluskilyrða og skapa aðhald vegna þeirra. Þá er talið, að almannahagsmunir krefjist ógildingarviðbragða, ef vanvirt eru ákvæðin um bann gegn frændsemisgiftingum, sbr. 6. gr. frv., svo og um bann gegn tvíkvæni, sbr. 9. gr. frv. Dugi ekki að láta það vera háð vilja aðiljanna sjálfra, hvort hjúskapur þeirra haldist eða ekki. Þá gegna ákvæðin því hlutverki að rétta hlut aðilja, sem t. d. er neyddur til að ganga í hjúskap eða beittur hefur verið blekkingum eða stofnað hefur til hjúskapar af vangá eða vegna annarra mistaka o. fl. Eru og réttaráhrif ógildingar út frá þessum forsendum nokkuð önnur en hjónaskilnaðar. Af þessum sökum duga ekki ákvæði um skilnaði, og er því farin sú leið hvarvetna á Norðurlöndum að hafa sérstök ákvæði um ógildingu hjúskapar við hlið ákvæða um hjónaskilnaði.

Um 24. gr.

Ákvæði þetta er sambærilegt við 41. gr. l. 39/1921, en nokkuð breytt, svo sem áður greinir, sbr. að hér er ekki heimiluð ógilding vegna þess að hjúskapur gangi í berhögg við bann gegn vígslu tengdra. Í 2. málsgr. er orðalag skýrara en fyrr var, og nánast lögfest fræðileg túlkun á ákvæði 41. gr. 3. málsgr.

Um 25. gr.

Ákvæði, sem sé sambærilegt við 42. gr. l. 39/1921, er ekki í frv. þessu, sbr. athugasemdir við 5. gr. frv.

1.—2. tl. 25. gr. eru sama efnis og 1. og 2. tl. 43. gr. l. 39/1921 og 3. og 4. tl. svara til 4. og 5. tl. sömu greinar. Ákvæði sama efnis og 3. tl. 43. gr. er hins vegar ekki í frv.

Málshöfðunarfrestirnir eru óbreyttir frá því sem er í 43. gr.

Um 26. gr.

Grein þessi er að efni til sams konar og 44. gr. l. 39/1921.

Um 27. gr.

Þessi grein svarar til 45. gr. l. 39/1921 og mælir fyrir um fjárskipti vegna ógildingar. Er hér reynt að lagfæra orðalag 45. gr., en mjög torvelt er að skýra hana, enda virðist hún stangast á við skýringu þá, sem greinargerð veitir á henni. Megintilhögun norrænu hjúskaparlaganna á fjárskiptum vegna ógildingar er sú, að hvort hjóna á að taka til sín þær eigur, sem það flutti í bú, þær sjálfar eða virði þeirra. Þá á maki enn fremur að taka þau verðmæti, sem hann hefur hlotið að gjöf eða fyrir arf, meðan á hjúskap stóð, og enn virði þess, sem hann hefur flutt úr séreign sinni til að bæta hjúskapareign sína. Önnur verðmæti, sem myndast í hjúskapnum, verða ýmist séreign eða hjúskapareign — og að svo miklu leyti sem þau verða hjúskapareign, eiga þau að skiptast milli maka, svo sem við skilnað. Ef eigur þær, sem hvort á tilkall til að óskiptu, nema svo miklu, að eigur bús hrökkva ekki til að fullnægja tilkalli, ber að lækka kröfur að tiltölu. Samkv. þessu á spörunin, sem

verður í hjúskap og ekki er séreign, að skiptast milli maka. Tilkall maka snýr ekki eingöngu að hlutnum heldur og að virði hans, og er meginsjónarmiðið, að leggja skal til grundvallar verðlag á þeim tíma, er fjárskipti fara fram.

Um 28. gr.

Greinin samsvarar 46. gr. l. 39/1921. Þó er bætt við, að bæturnar beri að miða ekki eingöngu við kjör beggja heldur og „atvik að öðru leyti". Er með því veitt svigrúm til að taka tillit til þess m. a., hversu saknæmt atferli hins bótaskylda er. Ekki þykir þörf á ákvæði 3. málsgr. 46. gr. og er það ákvæði fellt hér niður. Setja verður kröfu fram, meðan á ógildingarmáli stendur.

Rétt er að taka fram, að ekki þykir ástæða til að hafa ákvæði í frv., sem svarar til 47. gr. l. 39/1921. Almenna ákvæðið í 26. gr. dugir í þessu efni. Þá er hér ekki tekið ákvæði um áhrif ógildingar á nafn konu, og er eðlilegra að skipa því atriði í heildarlögum um mannanöfn.

Um 29. gr.

Greinin svarar til 49. gr. 1., 3. og 4. málsgr. og er að mestu leyti sama efnis og þær. Ákvæði 2. málsgr. 49. gr. er ekki tekið hér með, enda er ekki fyrir að fara ógildingarákvæði í frv., sem hliðstætt er við 42. gr. l. 39/1921.

Um 30. gr.

Greinin samsvarar 49. gr. 5. málsgr. l. 39/1921 og er sama efnis.

Vakin er athygli á ákvæði erfðalaga 8/1962, 26. gr., er fjallar um erfðaaðstöðuna í ógildanlegum hjúskap, sem ekki hefur sætt ógildingu, er annað hjóna andast. 50. gr. laga 39/1921 var afnumin með 62. gr. erfðalaga, enda samsvarar 26. gr. 2. málsgr. erfðalaga ákvæði 50. gr.

Um V. kafla.

Hér eru ákvæði um hjónaskilnaði. Er fjallað samfellt í þessum kafla um skilnaði að borði og sæng og lögskilnaði, andstætt því, sem er í l. 39/1921, þar sem ákvæði eru um fyrra flokk skilnaða í VI. kap., en um hinn síðara í VII. kap. Efnisskipan l. 39/1921 leiðir til margvíslegra endurtekninga, og er það gleggra til yfirlits að skipa ákvæðum um hjónaskilnaði í einn og sama kafla.

Svo sem áður er greint, felast ekki veigamiklar breytingar í frv. á skilnaðarskilyrðunum, a. m. k. ef miðað er við lagaframkvæmdina. Aðalbreytingin er sú, að þeim maka, sem fengið hefur leyfi til skilnaðar að borði og sæng, er réttkræfur lögskilnaður eftir eitt ár samkv. 34. gr. frv. án tillits til þess, hvort hitt hjóna er sammála því að leita lögskilnaðar. Samkv. 62. gr. l. 39/1921 eru frestir þessir hins vegar ýmist eitt ár eða tvö ár. Önnur breyting er sú, að sakaratriðinu er með öllu útrýmt í ákvæðinu um samvistaslit sem lögskilnaðarástæðu, þ. e. sök beiðanda lögskilnaðar girðir ekki fyrir, að lögskilnaður verði veittur eftir þriggja ára samvistaslit, svo sem nú er þó í orði kveðnu samkv. 63. gr. l. 39/1921 (í lagaframkvæmdinni skiptir sakarþáttur ekki máli). Þá er í þriðja lagi lögð til breyting á ákvæðinu um hjúskaparbrot, svo sem fyrr er greint. Að lokum má benda á 32. gr. 3. málsgr. frv., þar sem vikið er að því, að maki geti ávallt beiðzt skilnaðar að borði og sæng í stað lögskilnaðar, þótt lögskilnaðarástæðu sé ekki til að dreifa.

Um úrlausn skilnaðarmála og aðdraganda að henni eru ákvæði frv. áþekk því, sem er í l. 39/1921. Um réttaráhrifin er lagt til, að útrýmt sé sakaratriðinu við úrlausn um forræði barna, en jafnframt eru tekin í frv. ákvæði um umgengnisrétt þess foreldris við barn, sem ekki fær forræði þess. Eru þau ákvæði nýmæli í settum lögum. Þá eru nokkur nýmæli um fjárskipti, svo sem síðar verður greint.

Hér á eftir verða nú veittar ýmsar tölfræðilegar upplýsingar um skilnaði hér á landi umfram það, sem greint er í almennu greinargerðinni hér áður.

1. Flokkun lögskilnaðarástæðna.

Kannaðar hafa verið allar umsóknir um lögskilnaðarleyfi árin 1965 og 1970, sem fallizt var á, og athugað, á hvaða lagaákvæði umsókn um skilnað var reist. Leggja ber áherzlu á, að hér er aðeins um hina formlegu lagaástæðu að ræða, og sker hún ekki úr um raunverulega ástæðu til skilnaðarins. Þegar lögskilnaður er t. d. veittur samkv. samkomulagi aðilja, veitir það enga leiðsögn um, hvað hafi efnislega orðið hjúskapnum að aldurtila. Allt að einu hefur þessi rannsókn upplýsingargildi um lagaframkvæmdina á þessu sviði.

Formleg lögskilnaðarástæða samkvæmt lögum 39/1921	Ár 1965 Fjöldi	%	Ár 1970 Fjöldi	%
62. gr. (undanf. skiln. að borði og sæng)	128	78.1	190	75.7
63. gr. (samvistaslit, 3 ár)	6	3.6	8	3.2
64. gr. (samvistaslit, 2 ár)	2	1.2	1	0.4
67. gr. (hjúskaparbrot)	28	17.1	51	20.3
69. gr. (misþyrming)			1	0.4
	164	100.0	251	100.0
Hjúskaparbrot:				
Eiginmaður viðurkennir hjúskaparbrot	17	60 %		
Eiginkona viðurkennir hjúskaparbrot	11	40 %		

2. Fjöldi lögskilnaða 1961—1968, barnafjöldi hjóna og niðurstaða um forræði.

Oft er á það bent, að skilnaðir bitni hatrammlega á börnum hjóna undir 16 ára aldri. Rannsakað hefur verið, hve mörg börn voru samtals í þeim hjónaböndum, sem lauk með skilnaði á ofangreindu tímabili, og hvernig skipaðist um forráð barna. Á þessum 8 árum voru alls veitt 1407 lögskilnaðarleyfi, og börn undir 16 ára aldri voru samtals 2122. Kemur því sem næst nákvæmlega 1.5 barn að meðaltali á hvert hjónaband, sem lokið hefur með skilnaði. Rannsóknin leiðir í ljós, að móðir hefur fengið forræði barna í 93.6% tilvika, en faðir í 6.4%. Brýn nauðsyn er að taka fram, að við meginhluta þessara skilnaða ræðst forræði barna af samkomulagi foreldra, og verður því ekki dregin ályktun af þessum tölum um afstöðu ráðuneytisins til þessara mála. Með þeirri athugasemd er eftirfarandi skrá birt.

Lögskilnaðir 1961—1968, fjöldi leyfa, fjöldi barna, forræði barna.

Ár	Fjöldi leyfa	Fjöldi barna	Móðir fær forræði	Faðir fær forræði
1961	161	252	236	16
1962	126	176	168	8
1963	196	301	283	18
1964	174	265	248	17
1965	164	252	228	24
1966	192	287	271	16
1967	184	283	262	21
1968	210	306	290	16
	1 407	2 122	1 986 (93.6%)	136 (6.4%)

Áætla má, að árin 1969 og 1970 hafi bætzt við um 780 börn, svo að heildartala barna undir 16 ára aldri, sem eiga foreldri, er skilið hafa, sé 2900 á áratugnum öllum.

3. Hversu langur tími líður frá skilnaði að borði og sæng til lögskilnaðar.

Könnuð voru öll lögskilnaðarleyfi, sem veitt voru á árinu 1965 á grundvelli fyrirfarandi skilnaðar að borði og sæng. Kom þar fram, að 60.9% þeirra voru veitt eftir 1 árs skilnað að borði og sæng, 22.7% eftir 2 ára skilnað að borði og sæng, 10.2% eftir 3 ára skilnað, 2.3% eftir 4 ára, 1.6% eftir 5 ára, 1.6% eftir 7 ára og 0.8% eftir 12 ára skilnað að borði og sæng. Eftir 2 ár frá því að leyfi var veitt til skilnaðar að borði og sæng hafði því samtals 83.6% hjóna fengið lögskilnað.

Við aðra rannsókn var fylgt eftir þeim leyfum til skilnaðar að borði og sæng, sem veitt voru árið 1965, og það kannað, hve mörg þeirra hjónabanda, alls 217, sem leyfin lúta að, væru niður fallin með lögskilnaði í marz 1971 og hvenær þeim hefði lokið. Helztu niðurstöður eru þessar:

Hjúskap lauk með lögskilnaði innan 1 árs	4	1.8%
Hjúskap lauk með lögskilnaði eftir 1 ár	102	46.9%
Hjúskap lauk með lögskilnaði eftir 2 ár	37	17.0%
Hjúskap lauk með lögskilnaði eftir 3 ár	6	2.8%
Hjúskap lauk með lögskilnaði eftir 4 ár	1	0.5%
Hjúskap lauk með lögskilnaði eftir 5 ár	1	0.5%
Ólokið 31. marz 1971	66	30.5%

Af þeim hjónaböndum, sem lokið er 31. marz 1971, lauk 67.5% eftir eitt ár, 24.5% eftir tvö ár og 8% á öðrum tíma.

Síðari könnunin hefur tvímælalaust meira gildi en hin fyrri, þótt rétt þyki að greina þær báðar hér.

Um þau 66 hjón, sem greinir síðast í skránni hér á undan, er vitað, að 15 þeirra tóku upp sambúð, og fengu 12 þeirra síðar leyfi til skilnaðar að borði og sæng, þar af hafa 10 fengið lögskilnaðarleyfi, en 3 þeirra fengu síðar beint lögskilnaðarleyfi án undanfarandi skilnaðar að borði og sæng. Ætlandi er, að þorri þeirra hjóna, 51 talsins, sem upplýsingar eru ekki um, hafi tekið upp sambúð að nýju.

4. Hverjir veittu árið 1970 leyfi til skilnaðar að borði og sæng.

Könnun á þessu efni leiðir í ljós, að dómsmálaráðuneytið hefur gefið út leyfi samkv. 52. gr. l. 39/1921 í 14% tilvika, en borgardómari, sýslumenn, bæjarfógetar og lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli í 86% tilvika samkv. 51. gr. laganna. Borgardómari í Reykjavík hefur gefið út 59% allra leyfanna, sem yfirleitt voru gefin út þetta ár. Fjöldi heildarleyfa þessara hefur vaxið úr 164 árið 1959 í 302 árið 1969.

5. Meðalvaranleiki hjónabanda, sem lauk með lögskilnaði 1965—1969.

Könnun á þessu atriði leiðir í ljós, að meðaltímalengd hjónabanda þessara var sem næst 9 ár. Dönsk rannsókn bendir til, að meðalvaranleiki hjónabanda, er ljúka með skilnaði, sé 11 ár þar í landi.

6. Aldur hjóna, þegar lögskilnaður fer fram.

Yfirlit þetta er samið á grundvelli upplýsinga í Hagtíðindum 1970, septemberhefti, og eru tölurnar hundraðstölur:

Ár 1961—1965	—24 ára	25—29	30—34	35—39	40—44	45—49	50—59	60 og eldri
Karlar	9.2	19.5	21.3	16.4	9.7	8.6	12.2	3.1
Konur	16.5	25.0	18.9	14.6	10.4	6.7	6.1	1.8
1969								
Karlar	13.3	23.6	17.9	16.4	8.5	10.7	6.5	3.1
Konur	24.7	23.2	14.5	13.7	8.4	8.0	6.4	1.1

Hundraðstala þeirra, sem fá lögskilnað innan 24 ára aldurs, hefur hækkað til muna á sjöunda áratugnum, og á það jafnt við um karla og konur. Í 36.9% af skilnuðum er bóndinn 29 ára eða yngri og í 54.8% 34 ára eða yngri. Í 47.9% er konan 29 ára eða yngri, en í 62.4% skilnaða 34 ára eða yngri.

Um 31. gr.

Þessi grein svarar til 51. gr. l. 39/1921, og er þar mælt fyrir um leyfi til skilnaðar að borði og sæng, ef hjón eru sammála um að leita leyfis. Er áskilið, að samkomulag hjóna taki einnig til þess, hversu skipa eigi forráðum fyrir börnum og um framfærslueyri með börnum og maka, svo og um viss grundvallaratriði um fjárskiptin. Eru ákvæði þessi að öllu verulegu sama efnis og 51. gr., eins og henni er beitt í framkvæmd. Um það hver veiti skilnað þenna segir í 43. gr. og um sættir í 44. gr., en í 45. gr. segir um samkomulagsumleitun fyrir yfirvaldi.

Um 32. gr.

Í 1. málsgr. er mælt fyrir um skilnað að borði og sæng vegna saknæms atferlis annars hjóna. Ákvæði þetta er að efni til á sömu lund og 52. gr. 1. málsgr. l. 39/1921, en ekki þykir þörf á að geta þess sérstaklega, að maki sé hneigður til drykkjuskapar eða annarra lasta.

2. málsgr. er sama efnis og 2. málsgr. 52. gr. l. 39/1921, og er þessi skilnaðarástæða við það miðuð, að grundvöllur sé nánast hruninn undan hjúskapnum vegna ósamlyndis hjóna. Þessarar skilnaðarástæðu gætir nú æ meir í sifjalögum víða um heim, og þá raunar einkum sem lögskilnaðarástæðu. Í norrænum sifjalögum er enn við það látið sitja, að þessi ástæða sé grundvöllur að skilnaði að borði og sæng, en sé ekki lögskilnaðarástæða.

Í 3. málsgr. segir, að maki geti takmarkað kröfu sína við skilnað að borði og sæng, þótt lögskilnaðarástæðu sé til að dreifa og hann gæti því krafizt lögskilnaðar. Þetta ákvæði er nýtt, og hefur m. a. það gildi að vekja athygli á, að sú leið sé fær að óska aðeins skilnaðar að borði og sæng, þótt t. d. hjúskaparbrot sé sannað. Um þetta atriði kann að ríkja óvissa, nema lagaákvæði taki af skarið.

Um 33. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 61. gr. l. 39/1921.

Um 34. gr.

Hér er kveðið á um, hvenær hjón, sem fengið hafa leyfi til skilnaðar að borði og sæng, geti krafizt lögskilnaðar, og er ætlazt til, að sú gr. leysi af hólmi 62. gr. l. 39/1921, sem fyrr er lýst. Tilhögun 62. gr. l. 39/1921 er hin sama og eftir norskum sifjalögum og að höfuðstefnu til hin sama og samkv. dönskum sifjalögum allt fram til 1969, þótt frestir væru þar 1½ ár og 2½ ár. Í finnskum og sænskum lögum hefur hér verið eins konar frestur, eitt ár. Dönsku sifjalögin hafa nú lögmælt þessa tilhögun finnsku og sænsku laganna, og er lagt til í 34. gr., að hún verði einnig lögmælt hér á landi. Veigamikið er oft og einatt fyrir aðilja að hugsa vel sitt ráð, áður en horfið er að lögskilnaði, og gegnir réttarúrræðið skilnaður að borði og sæng vafalaust talsvert miklu hlutverki. Rannsóknir á hinum Norðurlöndunum virðast benda til þess, að um 15% af þeim, sem fá leyfi til skilnaðar að borði og sæng, gangi ekki eftir leyfi til lögskilnaðar, og er verulegur hluti þess fólks hjón, sem tekið hafa upp samvistir af nýju. Benda má á upplýsingar í 3. tölulið í almennu greinargerðinni við þennan kafla, er varða leyfi til skilnaðar að borði og sæng 1965. Eftir rösk 5 ár var 30.5% af hjónaböndum, er leyfin vörðuðu, enn ólokið. Telja verður, að eins árs reynslutími sé fullnægjandi í þessu efni, og þá sé reynt til þrautar,

hvort saman gangi með hjónum eða ekki. Sú tilhögun að hafa tvenns konar fresti er og fremur óglögg fyrir almenning, og verður stundum vart nokkurs misskilnings út af henni.

Svo sem fram kemur í almennu greinargerðinni í upphafi þessa kafla, er langtíðast, að lögskilnaður sé veittur á grundvelli 62. gr. l. 39/1921 (78.1% árið 1965, en 75.7% árið 1970).

Um 35. gr.

Hún er sama efnis og 63. gr. l. 39/1921, með þeirri undantekningu, að 2. málslið þeirrar greinar er sleppt, en þar segir: „Þó getur sá, er ber verður að því að hafa aðallega valdið samvistaslitum, eigi vænzt skilnaðar, nema sérstaklega standi á". Þessa fyrirvara um sök hefur að litlu eða engu gætt í lagaframkvæmd síðustu áratugi. Sök á samvistaslitum er torvirt, og þykir einsætt að útrýma sakaratriðinu úr greininni, en sú stefna hefur einnig verið tekin í nýju norrænu sifjalagabreytingunum. Mismunur á 63. og 64. gr. l. 39/1921 hefur verið næsta óskýr, þegar litið er til orðalagsins, og er reynt að skýra umtak hliðstæðra ákvæða í frv., 35. og 36. gr., með breyttri orðun þeirra.

Fremur er fágætt, að beitt sé 63. gr. l. 39/1921, þ. e. í 6 tilvikum 1965 og í 8 1970, en hún er þó þriðja tíðasta lögskilnaðarástæðan.

Um 36. gr.

Hún svarar til 64. gr. l. 39/1921, og er þar fyrir að fara þeirri lögskilnaðarástæðu, sem nefnd hefur verið desertio eða brotthlaup af heimili. Á það ákvæði sjaldnar við en 35. gr., enda hefur krefjandi lögskilnaðar sönnunarbyrði fyrir því, að skildögum greinarinnar sé fullnægt. Verður sönnunarfærsla oft örðugri um, að 36. gr. eigi við en 35. gr.

Um 37. gr.

Hún er sama efnis og 65. gr. l. 39/1921.

Um 38. gr.

Greinin er sama efnis og 66. gr. l. 39/1921, en málshöfðunarfrestum er þó sleppt. Samkv. þessu ákvæði er það maki í eldri hjúskapnum, sem getur krafizt lögskilnaðar á hjúskap sínum, en ekki maki í yngri hjúskapnum, þótt grandlaus sé. Maki úr eldra hjúskap getur einnig haft uppi ógildingarkröfu samkv. 23. gr. 2. málsgr. frv., en hér er um valkvæða kosti að ræða, og getur ekki komið til álita að unnt sé að hafa hvorar tveggja kröfurnar uppi.

Um 39. gr.

Hér er fjallað um hjúskaparbrot sem skilnaðarástæðu. 1. málsgr. er samhljóða 67. gr. 1. málsgr. l. 39/1921 og 3. málsgr. er sama efnis og 2. málsgr. 67. gr. að því fráskildu, að frestur til að hafa uppi kröfu til skilnaðar er styttur úr 3 í 2 ár.

2. málsgr. 39. gr. er nýmæli, svo sem fyrr er reifað. Í norrænu sifjalaganefndunum skildi menn nokkuð á um, hvernig haga skyldi skilnaðarreglunum í tilefni hjúskaparbrots. Mjög hefur farið í vöxt, einkum í Danmörku og Finnlandi og nokkuð í Svíþjóð, að menn æsktu lögskilnaðar með vísan til þess ákvæðis sifjalaga, sem fjallar um hjúskaparbrot (í Danmörku hefur hjúskaparbrot verið formleg lögskilnaðarástæða í framundir helmingi allra lögskilnaða síðustu ár). Hefur legið sá grunur á, að hér væri um aðferð að tefla til þess að losna hratt úr hjúskap, og væri ekki ávallt til að dreifa hjúskaparbroti. Væri í þessum tilvikum farið á svig við ákvæði sifjalaga um hjúskaparbrot. Sú skoðun kom því fram og naut allmikils fylgis, að breyta ætti ákvæðinu svo, að þetta atferli gæti aðeins orðið tilefni til

skilnaðar að borði og sæng, en ætti ekki að vera lögskilnaðarástæða, sbr. m. a. umræður á norrænu lagamannaþingi í Helsingfors 1957. Var ærin hætta á, að mismunandi afstaða yrði tekin til þessa máls í hinum einstöku sifjalögum. Af þessari ástæðu ályktaði Norðurlandaráð í febrúar 1967 að skora á ríkisstjórnir Norðurlanda að samræma frv. til sifjalaga, sem þá voru í uppsiglingu, og mæla þar svo fyrir, að hjúskaparbrot yrði eftirleiðis sem hingað til lögskilnaðarástæða, en heimilt væri þó að dæma til skilnaðar að borði og sæng eða veita leyfi til þess í stað lögskilnaðar, þegar tillit til barna hjóna eða aðrar veigamiklar ástæður mæltu með því. Hefur sifjalögunum nú hvarvetna verið breytt í þetta horf á Norðurlöndum, nema hér, og er lagt til í 2. málsgr. 39. gr., að þessi háttur verði lögmæltur hér á landi. Þetta ákvæði á fyrst og fremst við, þegar hjón eiga ung börn saman. Þykir þá mikils um vert að reyna til þrautar, hvort sambúð geti tekizt. Ljóst er, að fyrst eftir að upp kemur um ótryggð maka, er hætt við að rót verði á tilfinningum hins, og ber við, að sá maki hrapi að lögskilnaði, en iðrist þess síðar. Ósýnt er, hversu oft þessi heimild verði notuð, en hinu verður naumast í móti mælt, að hún getur komið að góðu gagni, þegar sérstaklega stendur á.

Af skrá 1 í greinargerð við upphaf þessa kafla verður ráðið, að það fer í vöxt hér á landi að byggja kröfu til lögskilnaðar á hjúskaparbroti (17.1% 1965, en 20.3% 1970). Ef skyggnzt er lengra aftur í tímann verður þetta enn ljósara, t. d. var áætlað 1957, að þessi hundraðstala væri fremur undir en yfir 8.

Um 40. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 69. gr. l. 39/1921.

Bent skal á, að ákvæði, er svari til 68. gr. l. 39/1921, er ekki tekið með í frv., og er lagt til, að það verði úr lögum numið. Í grein þessari er mælt fyrir um kynsjúkdóma og tengd lögskilnaðarkrafa við það, þegar annað hjóna, sem haldið er sjúkdómnum, hefur samfarir við hitt þann veg, að sýking geti af hlotizt. Hvort tveggja er, að kynsjúkdómar eru nú fátíðari en áður var og auk þess eru nú tiltölulega örugg læknisráð við þeim. Er því lagt til, að ákvæðið sé niður fellt. Þess skal getið, að norrænu sifjalaganefndirnar töldu ákvæði þetta óþarft, en í dönsku sifjalögunum frá 1969 var því þó haldið.

40. gr. frv. er, sem fyrr segir, sama efnis og 69. gr. l. 39/1921, en málshöfðunarfrestur eða frestur til að afhenda umsókn um lögskilnað er lengdur úr 6 mánuðum í eitt ár. Mjög fátítt er á hinum Norðurlöndunum, að ákvæði þessu sé beitt.

Um 41. gr.

Ákvæðið fer með sama efni og nú er í 70. gr. l. 39/1921, sem er einskorðuð við innlenda dóma, er dæma refsivist. Ákvæði frv. er þó rýmra en 70. gr., þar sem það er einnig látið taka til dóms, sem dæmir sakborning til að sæta öryggisgæzlu. Þá er og kveðið svo á, að erlendir dómar geti haft sambærileg réttaráhrif að þessu leyti, „ef tillitið til háttsemi þeirrar, sem maður er talinn sekur um, og atvika máls að öðru leyti, mælir með því“.

Að því er varðar öryggisgæzlu, þá er hún dæmd ótímabundið, sbr. einkum 62. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Er því ekki skýrt, hvernig beita eigi 70. gr. l. 39/1921, ef slík viðurlög eru dæmd. Þykir rétt að mæla svo fyrir, að maka þess, er sætir slíkum dómi, sé unnt að hafa uppi lögskilnaðarkröfu vegna þess konar dóms. Eru hliðstæð ákvæði nú í norrænu sifjalögunum. Rétt þykir enn fremur að heimila að leggja erlenda refsidóma að líku við innlenda. Nokkur varnagli er þó við slegginn, enda geta hin erlendu refsilög eða dómvenjur verið mjög ólík því, sem gerist hér á landi, og er því eðlilegt að forma ákvæðið eingöngu sem heimildarákvæði, er veiti svigrúm til mats hverju sinni. Frestur til að hefjast handa um kröfu til lögskilnaðar er lengdur úr 6 mánuðum í eitt ár með sama hætti og í 40. gr. frv. Er sú breyting ráðin í báðum tilvikum til samræmingar við norrænu sifjalögin nýju.

Um 42. gr.

Hér er fjallað um geðveiki sem lögskilnaðarástæðu, og er ákvæðið að mestu sama efnis og 71. gr. l. 39/1921. Er áskilið hér sem þar, að geðveiki hafi staðið 3 ár. Í 71. gr. er bætt við orðunum: „enda bati ólíklegur“. Þeim er sleppt hér til samræmis við nýju norrænu sifjalögin, og fyrir ábendingu frá geðlæknum, sem telja illmögulegt og stundum ógerning að kveða svo fast að orði um batahorfur sem í 70. gr. felst. Í 42. gr. frv. er hins vegar veitt heimild, sem ekki er í 71. gr. gildandi laga, til að veita lögskilnað, „ef sérstakar ástæður mæla með því, . . . þótt sjúkdómur hafi ekki staðið í 3 ár“. Fordæmið eru finnsku sifjalögin, sem hafa alllengi haft hliðstæða heimild. Ákváðu norrænu sifjalaganefndirnar að leggja til, að slík heimild yrði lögfest í norrænum lögum. Hún getur einkum haft gildi, þegar geðlæknar telja sig geta staðhæft, að bati sé útilokaður, svo og t. d. þegar veikin lýsir sér í ofsóknaræði gagnvart heilbrigða makanum. Dönsku lögunum var breytt í þetta horf 1969, en skylt er að geta þess, að þetta viðbótarákvæði var fellt úr norska frv. í meðförum Stórþingsins. Þótt þetta nýmæli verði lögfest hér á landi, er ætlazt til þess, að því yrði aðeins beitt í sérstæðum tilvikum.

Um 43. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um það samfellt, hver það er, sem greiði úr kröfu um skilnað að borði og sæng annars vegar og um lögskilnað hins vegar.

Samkv. 1. málsgr. er þeirri tilhögun haldið að meginstefnu til, að leyfi til skilnaðar að borði og sæng veiti stjórnvöld, en ekki dómstólar. Frá þessu er þó gerð ein undantekning. Ef krafa um skilnað að borði og sæng er reist á 32. gr., er unnt að krefjast slíks skilnaðar fyrir dómstól, enda hafi dómsmálaráðuneyti synjað um að veita leyfi. Er hér lögmælt, að fyrst þurfi að leita leyfis ráðuneytis. Varhugavert þykir að meina mönnum allskostar að leita slíks leyfis fyrir dómstól, og er tilhögunin hér að mestu í samræmi við dönsku og norsku lögin. Sú breyting er enn á gerð í 1. málsgr., að lagt er til, að lögreglustjórinn í Bolungarvík veiti leyfi til skilnaðar að borði og sæng, og er það nýmæli.

Tilhögunin um úrlausn á kröfu um lögskilnað er hin sama samkv. 3. málsgr. og nú er, sbr. 72. gr. l. 39/1921. Má leita lögskilnaðar hvort sem er í dómsmálaráðuneyti eða fyrir dómstól. Ekki þarf fyrst að leita leyfis í ráðuneyti andstætt því, sem er samkv. 2. málsgr. 43. gr. Tekið er sérstaklega fram í 3. málsgr. 43. gr. — og til öryggis — að ekki girði það fyrir að dómsmál sé höfðað, þótt ráðuneyti hafi synjað umsókn.

Um 44. gr.

Hér er rætt um sáttaumleitan í samfelldu máli — bæði sem aðdraganda að skilnaði að borði og sæng og að lögskilnaði. Eru þessar reglur að flestu leyti svipaðar því, sem nú er samkv. 53., sbr. 62. gr. og 72. gr. l. 39/1921. Þeirri tilhögun er haldið, að ýmist leiti sáttanefnd um sættir eða prestur. Í 4. málsgr. er nýmæli, sem heimilar dómsmálaráðuneyti að kveða svo á, að könnun af hendi stofnunar um fjölskylduráðgjöf geti komið í stað sætta.

Að öðru leyti eru þessar breytingar fólgnar í ákvæðinu:

1. Í 1. málsgr. segir, að sáttatilraun þurfi að hafa átt sér stað á síðustu 6 mánuðum, áður en leyfi sé veitt eða dómsmál höfðað. Skiptir vissulega máli, að tryggt sé, að sáttatilraun hafi nýlega farið fram, enda geta viðhorf hafa breytzt, ef langt er umliðið síðan sátta var leitað. Er þetta nýmæli í samræmi við norrænu lögin nýju.

2. Í 2. málsgr. segir, að ef annað hjóna sæki ekki sáttafund, þótt það hafi tvívegis fengið kvaðningu, sé nægilegt að reyna sátt með hinu. Þetta ákvæði er einnig í samræmi við nýmæli m. a. í dönsku hjúskaparlögunum nýju. Er varhugavert að

láta öðru hjóna haldast uppi að tefja sáttir með því að skella skollaeyrum við kvaðningu til sáttafundar. Gegnir ákvæðið og öðrum þræði því hlutverki að eyða óvissu, sem vaknað getur hjá sáttasemjara í þessu sambandi. Í reglum dómsmálaráðuneytis samkv. 4. málsgr. verða væntanlega sett ákvæði um það m. a., hvaða formlegan hátt skuli á hafa um kvaðningu til sáttafundar. Nú eru engin sérstök fyrirmæli gildandi í því efni.

3. Í 3. málsgr. er hjónum gert að skyldu að sækja sáttafund, ef þau dvelja hér á landi og eigi hvorugt lengri leið en 100 kílómetra til fundarstaðar. Í 53. gr. l. 39/1921 er miðað í þessu efni við 30 kílómetra. Þá er sektarrefsing við lögð samkv. lokaákvæði 3. málsgr., ef hjón sækja ekki löglega boðaðan sáttafund. Eru engin ákveðin sektamörk nefnd, andstætt því, sem nú er í 53. gr. Í 53. gr. er við það miðað, að stjórnvald leggi á sekt, en hér er á því byggt, að það sé dómstóll, er dæmi sekt — en þó er vitaskuld heimil önnur sektaafgreiðsla eftir því er segir í l. 82/1961. Að jafnaði er það sáttasemjari, sem óskar að sekt sé á felld, en hana má dæma fyrir hvert einstakt skipti, sem vanrækt er að sinna kvaðningu. Í kvaðningu er rétt að geta þess, að sekt varði, ef ekki er sinnt um að sækja sáttafund.

4. Í 4. málsgr. er dómsmálaráðuneyti gert að setja reglur um sáttir samkv. þessari grein. Í reglunum væri t. d. rétt að setja ákvæði um, hvaða prestur (forstöðumaður trúfélags eða prestur þess) eigi að fjalla um mál eða hvaða sáttanefnd eigi að leita eftir sáttum.

Setja mætti þar ákvæði um lögmæt forföll, m. a. vegna sjúkdóma o. fl. Frávik frá þeirri meginreglu, að bæði hjón sæki samtímis sáttafund, mætti gera t. d. þegar annað er í fangelsi eða á geðveikrahæli. Í 4. málsgr. er gagngert heimilað að setja ákvæði í reglur þessar um það, hversu lengi sáttatilraun geti staðið í lengsta lagi. Í því efni má geta þess, að samkv. hliðstæðum reglum, er danska dómsmálaráðuneytið hefur sett, er miðað við 6 vikur sem hámarkstímalengd. Þá má enn setja reglur um, að félagsráðgjöf af hendi slíkrar ráðgjafarstofnunar geti komið í stað sátta, sbr. áður. Í reglum þessum væri enn rétt að setja ákvæði um vottorð sáttasemjara um sáttatilraun. Samkv. frv. verða hjón sjálf að sækja sáttafund, enda er það grundvallarforsenda fyrir raunhæfum sáttum, og dugir ekki að senda umboðsmann í því skyni. Hjón mega og ekki hafa lögmann eða annan umboðsmann með sér á sáttafundi.

Norrænu sifjalaganefndirnar hafa rætt rækilega kosti sátta og jafnframt ágalla, sem á eru nú. Vafalaust eru sáttir úrræði, sem til kemur um seinan eftir gildandi löggjöf, þ. e. ekki fyrr en hjón hafa ákveðið að leita skilnaðar. Hins vegar hafa nefndirnar talið, að sáttir geti gegnt mikilvægu hlutverki í því skyni að búa hjónum aðstöðu til að ræða vandamál sín við þriðja mann, sem oft hefur innsýn í þau þjóðfélagsvandamál, sem tengjast skilnaði, og nokkra sérkunnáttu.

Í framtíðinni er ótvírætt nytsamlegt, að komið væri á fót stofnunum, sem fjölluðu gagngert um ýmiss konar ráðgjöf og leiðbeiningar fyrir hjón og raunar hjónaefni, skipuðum sérfróðu starfsfólki, þ. á m. sálfræðingum, lögfræðingum og prestum, félagsráðgjöfum o. fl. Vert er einnig í þessu sambandi að vekja athygli á tilraunum, sem gerðar hafa verið víða um lönd með sérstaka dómstóla, sem fjalla alfarið um fjölskyldumálefni (family courts), þ. á m. slit hjúskapar og vandamál, sem af þeim stafa, málefni barna ýmiss konar, ættleiðingar og niðurfellingu þeirra, um faðernismál o. fl. Eru allskiptar skoðanir um árangur af slíkum dómstólum, en t. d. í Bandaríkjunum hafa þeir sums staðar þótt gefa góða raun, ekki síst vegna þess að ýmsir sérfræðingar í öðrum greinum en lögfræði eru tengdir dómstól og þar er í reynd viðhöfð mikilvæg sáttastarfsemi og félagsráðgjöf. Er mikilvægt, að fylgzt sé með reynslunni af slíkum dómstólum og öðrum nýjungum í meðferð hjúskaparmála. Hér ber og að benda á þá brýnu þörf, sem er á rannsóknarstarfsemi um fjölskyldumálefni á breiðum félagsvísindalegum grundvelli, og er mikilvægt að koma á fót rannsóknarstarfsemi um þessi málefni við háskólann.

Um 45. gr.

Samkv. 52. gr. 3. málsgr. l. 39/1921 verður leyfi til skilnaðar að borði og sæng ekki veitt, nema skilnaðarbeiðandi sanni, að yfirvald hafi reynt að koma á samkomulagi með hjónum um atriði þau, er greinir í 55.—57. gr. laganna, þ. e. um framfærslueyri maka innbyrðis, forráð fyrir sameiginlegum börnum og skiptingu á framfærslu barna með foreldrum. Samkv. 72. gr. sömu laga skal fylgja beiðni um lögskilnað, sem leitað er í dómsmálaráðuneyti, sönnun þess m. a., að yfirvald hafi reynt að koma á samkomulagi um þau atriði, er 76. og 77. gr. ræða um, þ. e. um forræði barna og hversu framfærslu barna verði skipt með hjónum. Í 72. gr. er ekki rætt um, að yfirvald skuli fjalla um framfærslueyri með maka, enda kemur sjaldnast til hans, sbr. 75. gr. Við skilnað að borði og sæng, sem veittur er samkv. 51. gr. laganna, og við lögskilnað, sem veittur er samkv. 62. gr., er ekki áskilið, að atbeini yfirvalds komi til, en þó er venja að hjón komi einnig fyrir yfirvald við þær aðstæður, og er þetta skylt a. m. k. ef beita á 62. gr., sbr. athugasemdir í greinargerð með frv. á sínum tíma. Ber yfirvaldi að ganga úr skugga um, hvort samkomulag sé um skilnaðarkjör og almennt, hvort hallað sé á annað hjóna með samningi. Er sérstök bókun gerð um þetta í hjónaskilnaðarbók og þá einnig um skilnaðarástæður, sem aðili byggir á, þ. á m. er þar bókuð játning maka um hjúskaparbrot, ef því er að skipta. Hvílir hér leiðbeiningarskylda á dómara við hjón. Gæta verður þess, að hjón séu hæf til að fara með mál sitt, en skipa ber lögráðamann að öðrum kosti eða annan gildan fyrirsvarsmann.

Ákvæði 45. gr. frv. er í megindráttum í samræmi við greind ákvæði l. 39/1921. Er hér boðið, að atbeina yfirvalds njóti við ávallt, þegar leitað er skilnaðar, hvort sem er skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar, og hver sem skilnaðarástæðan er. Skal yfirvald reyna að koma á samkomulagi milli hjóna um skipan foreldraráða yfir börnum og um framfærslueyri, þ. e. með hjónum innbyrðis og skiptingu framfærslu barna milli hjóna, leiðbeina hjónum og benda á óvenjuleg samningskjör, þar sem hallað er á annað hjóna. Þessi leiðbeiningarstarfsemi verður sérstaklega rík, þegar hjón hafa ekki notið liðsinnis lögfræðings. Þá er mælt fyrir um það í greininni, að hjón skuli staðfesta samkomulag sitt um þessi efni fyrir yfirvaldi, ef samkomulagi er til að dreifa. Þá skal bóka í hjónaskilnaðarbók um þá ástæðu eða þær ástæður, sem skilnaðarkrafa er reist á, og horf aðilja við þeim.

Í 2. málsgr. er gert ráð fyrir, að dómsmálaráðuneyti setji almennar reglur um umleitun yfirvalda um skilnaðarkjör o. fl. Þar er m. a. rétt að setja reglur um, hvar fjalla skuli um umleitun þessa, um skyldu hjóna til að koma sameiginlega fyrir yfirvald, nema alveg sérstakar ástæður geri það örðugt, heimild hjóna til að hafa lögfræðing sér við hlið við slíkt mót, um hæfi hjóna til að binda sig við umleitun þessa og nánar um umsýslu yfirvalds og leiðbeiningarstarfsemi.

Benda má á, að í vestur-þýzku hjúskaparlagafrv. frá 1970 er gert ráð fyrir því, að hjón eigi ávallt tilkall til lögfræðilegs liðsinnis, sem eftir atvikum er goldið af almannafé, þegar þau ganga frá málefnum sínum vegna skilnaðar.

Um 46. gr.

Oft getur orðið álitamál, hvort skilnaðarkjör, sem hjón hafa komið sér saman um, eigi einnig við eftir að lögskilnaður er veittur, þegar á undan fer skilnaður að borði og sæng. Hér er lagt til — að fyrirmynd nýju norrænu hjúskaparlaganna — að kveðið verði svo á í lögum, að samkomulag um þessi efni gildi einnig eftir lögskilnað, nema annars sé getið. Framfærslueyrir með maka komi þó ekki til greina eftir lögskilnað, nema þessa sé sérstaklega getið. Hér yrði samkv. því, sem lýst var, um hjákvæmilegt lagaákvæði að ræða, ef lögfest yrði, sem hefði verulegt leiðsögugildi fyrir aðilja og ýmsa aðra.

Um 47. gr.

Í þessari grein eru reglurnar um það, hvernig skipa eigi forræði fyrir börnum við skilnað, svo og um umgengnisrétt þess foreldris við barn, sem ekki fær forræði þess.

Í 1. málsgr. er boðið, að taka skuli afstöðu til þessara efna, þegar leyfi er veitt (eða dæmt er) til skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðar.

Meginsjónarmið í báðum tilvikum er það, að ef hjón koma sér saman um tilhögun þessara mála tveggja, skuli skipa málunum í samræmi við það, nema það komi í bága við þarfir barnsins. Að öðrum kosti, svo og þegar foreldra skilur á, verður stjórnvald, sem veitir skilnaðarleyfi, eða dómstóll, er dæmir skilnaðarmálið, að ráða máli til lykta eftir því sem bezt hentar þörfum barnsins.

Um forræði fyrir börnum við skilnað eru nú ákvæði í 56. og 76. gr. l. 39/1921. Í þessum ákvæðum segir m. a., að ef báðir foreldrar séu jafnhæfir til að ráða börnunum, en öðru hjóna verður aðallega um skilnaðinn að kenna, og skuli þá „að jafnaði fá hinu foreldrinu forræði barnanna". Þetta sakaratriði þykir ekki eiga rétt á sér, svo sem fyrr er greint, og er lagt til, að því sé með öllu útrýmt.

Við úrlausn þessara vandasömu mála ber að leggja aðaláherzlu á að kanna uppeldishæfni hvors foreldris um sig, tök þeirra hvors um sig á að sinna barni og að búa því þroskasamlegt uppeldisumhverfi, aldur barns og aldur foreldra, heilsuhagi þeirra, tilfinningatengsl barns við hvort foreldri um sig o. m. fl. Í lögum sumra ríkja er það ákvæði, að mjög ung börn, t. d. undir 2 ára aldri, skuli yfirleitt fylgja móður. Ekki þykir ástæða til að lögfesta slíkt ákvæði hér. Sérstök vandamál rísa um systkinahóp, hvort sundra eigi honum eða láta öll börn fylgja öðru foreldri. Við það mat reynir á margvísleg sjónarmið, og atvik eru svo sundurleit, að torvelt er að setja fram almennar leiðbeiningar, er að haldi komi, um það mál. Sama er um þá spurningu, að hve miklu leyti eigi að taka tillit til vilja barnanna sjálfra, þegar mál þetta er leyst. Forræði barns skal vera óskipt hjá öðru foreldra, svo sem er eftir gildandi lögum. Ákvæðið í 2. málsgr. 47. gr. er mestmegnis í samræmi við ákvæði 56. og 76. gr. l. 39/1921. Þó er m. a. lagt til, að lögmælt verði, að leita skuli umsagnar barnaverndarnefndar, og má nú heita, að slíkt sé orðin föst venja. Hugsanlegt er, að mál gangi til barnaverndarráðs samkv. almennum ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna. Í 56. gr. 2. málsgr. og 76. gr. 2. málsgr l. 39/1921 er boðið, að leita skuli umsagnar nánustu venzlamanna barns, áður en forræðismáli er til lykta ráðið. Hliðstætt ákvæði er ekki í 47. gr. frv. Þykir ekki ástæða til að lögbjóða slíka tilhögun, en sjálfsagt er, að stjórnvald eða dómstóll leiti umsagnar þeirra, sem talið er að geti komið fram með umsagnir, sem hald sé að, hvort sem þeir eru nánir venzlamenn eða ekki. Um breytingu á samningi eða ákvörðun um forráð barna vísast til 48. gr.

Í 3. málsgr. er lagt til, að lögfest verði ákvæði um umgengni þess foreldris við barn, sem ekki fær forræði þess. Slík ákvæði eru ekki í skráðum lagareglum hér á landi. Er tvímælalaust orðið mjög tímabært að lögmæla slíkar reglur, enda verður þess æði oft vart, að slík mál verði efni til óvissu og ágreinings. Hér er um næsta viðkvæm mál að ræða og oft vandmeðfarin. Er ótækt, að ekki sé við löggjöf að styðjast við úrlausn þeirra, svo og til leiðsögu fyrir foreldra þá, sem í hlut eiga, lögmenn, barnaverndaryfirvöld og félagsmálastofnanir.

Brýn ákvæði um umgengnisréttinn voru fyrst sett í sænskum lögum hér á Norðurlöndum, og var það 1915. Þau ákvæði tóku til aðstæðna við skilnað. Hliðstæð ákvæði voru lögfest 1922 í Danmörku. Í Finnlandi voru ákvæði sett árið 1922 í löggjöf um óskilgetin börn þess efnis, að faðir slíks barns hefði rétt til umgengni við barnið, svo og móður, ef hún hefði ekki foreldravaldið. Ákvæði um umgengni þess foreldris skilgetins barns, sem ekki hefur forræði barns, hefur hins vegar skort í finnskum lögum, en sá réttur er allt að einu talinn vera fyrir hendi. Árið 1949 var umgengnisréttur föður óskilgetins barns við barnið lögmæltur í Svíþjóð. Með

barnalöggjöf árið 1956 var réttur til umgengni við börn, hvort sem þau voru skilgetin eða óskilgetin, lögmæltur í Noregi, en árið 1940 hafði Hæstiréttur Noregs kveðið upp dóm þess efnis, að slíkum rétti væri til að dreifa fyrir það foreldri skilgetins barns, sem ekki hefði forræði þess. Var sá réttur talinn vera fyrir hendi, þótt lögskráðum reglum væri ekki fyrir að fara. Hliðstæð málalok urðu hjá Hæstarétti Hollands sama ár, þar sem ekki heldur var við lög að styðjast. Hæstiréttur Danmerkur dæmdi árið 1964, að samkv. dönskum rétti ætti faðir ekki lögvarinn rétt á umgengni við óskilgetið barn sitt, en 1969 var dönskum lögum breytt svo, að slíkur réttur er nú lögfestur. Norsku reglunum var breytt 1969 og í það athyglisverða horf, að réttur þessi er orðaður sem réttur barns til umgengni við báða foreldra. Ákvæði laga í Svíþjóð, Danmörku og Noregi um fullnustu úrlausna um umgengnisrétt hafa sætt endurskoðun, og eru ný lög um efnið frá 1967 og 1969.

Telja verður, að lögvörðum umgengnisrétti sé til að dreifa hér á landi í skilnaðartilvikunum, þótt lögskráðar reglur skorti, og allmikið kveður að úrlausnum um þennan rétt. Ýmis lagarök mæla og með því, að slíkum rétti til umgengni sé fyrir að fara milli föður og óskilgetins barns hans, en ekki er ástæða til að ræða þann þátt sérstaklega hér. Er vissulega mikilvægt, að tengsl milli barns og foreldris haldist, þótt foreldrar skilji, og skiptir höfuðmáli, að foreldrar sjálfir geri sér þessa ljósa grein og að komið sé við leiðbeiningum til fólks um þetta efni. Forsenda þess, að vel takist um umgengni milli foreldris og barns, er að jafnaði sú, að hér sé um samkomulag milli foreldra að ræða. Ef til verulegs ágreinings kemur út af því, er vandhaldið á málum þessum, og er þá hætt við, að barn verði bitbein foreldra og að framkvæmd á rétti þessum bitni þá harkalega á barni. Þrátt fyrir þessa ágalla er þó gengið út frá því, að hér eigi að höfuðstefnu að koma við umgengni milli foreldris, sem ekki fær forræði barns, og barns þess. Hér verður þó að slá við varnagla. Til er, að högum foreldris sé þannig farið, að varhugavert sé að mæla fyrir um umgengni þess við barn, t. d. þegar foreldri er geðveikt, spillt að siðferði, áfengissjúklingur eða fíknilyfja o. fl. Þá má einnig vera, að örðugleikum sé bundið að koma við umgengni, svo sem vegna dvalar foreldris erlendis eða í miklum fjarska við heimili barns. Þá verður enn fremur að hafa í huga hagi barns, svo sem aldur þess, heilsuhagi, og að nokkru afstöðu þess til foreldris, er sækist eftir umgengni við það, þótt sú afstaða ráði engan veginn ávallt úrslitum.

Þótt dómstóll mæli fyrir um umgengnisrétt, svo sem hugsanlegt er samkv. frv., er þó talið heppilegast, að dómsmálaráðuneyti sjái um framkvæmd mála út af umgengnisréttinum, enda mun það vera svo um fyrirsjáanlega framtíð, að skilnaðarmálin séu jafnaðarlega leyst með stjórnvaldsúrlausn, en ekki með atbeina dómstóla. Dómsmálaráðuneyti staðfestir samkomulag hjóna um umgengnisrétt, ef sú skipan er ekki talin andstæð þörfum barnsins. Að öðrum kosti getur ráðuneyti kveðið svo á samkv. ósk þess hjóna, sem ekki fær forræði barns, að það skuli eiga rétt til umgengni við barn. Ef varhugavert er að leyfa umgengni, ber þó dómsmálaráðuneyti að synja um umgengnisrétt, og ráðuneytið getur enn fremur fellt niður rétt þennan síðar, ef atvik hafa breytzt og nú þykir varhugavert vegna þarfa barns að halda áfram slíkri umgengni. Þá mælir ráðuneytið fyrir um inntak þessa réttar og hversu honum verði beitt. Að jafnaði mun vera heppilegast að setja ákveðnar reglur um þessa umgengni, t. d. hvaða dag eða yfir hvaða tímabil hún skuli taka og gera ákvarðanir sem sérgreindastar, og eftir atvikum ákveða hvar umgengni megi eiga sér stað, hvar og hvenær foreldri skuli vitja barns og hvar og hvenær skila barni o. s. frv.

Eitt af örðugustu vandamálum við umgengnisréttinn er það, hvernig unnt er að fylgja honum eftir með lagaúrræðum, ef ekki reynist kleift að framkvæma umgengnina eftir því, sem mælt hefur verið fyrir um eða um hefur samizt. Ljóst er, að slíkir örðugleikar geta oft beint eða óbeint stafað af mótþróa eða andstöðu hjá

því foreldri, sem hefur forráð barns. Á Norðurlöndum hefur þá t. d. verið beitt beinni fógetagerð til þess að knýja forráðaaðiljann til að afhenda barnið og annað úrræði er að beita hann dagsektum. Fyrri úrkosturinn bitnar oft hatrammlega á barni og getur verið stórlega viðsjárverður. Síðara úrræðið hefur ekki þessa ókosti, en hins vegar er örðugleikum bundið að beita því gagnvart t. d. móður, sem á í vök að verjast efnahagslega með framfærslu barns. Í Noregi hefur þetta síðarnefnda úrræði gefizt vel, og hefur mjög sjaldan til þess komið að dagsektir hafi verið innheimtar — álagning þeirra virðist þar skapa nægilegt aðhald. Byggt er á því, að ef til átaka komi út af framkvæmd þessara mála, þá geti dómsmálaráðuneyti falið barnaverndarnefnd eða barnaverndarráði eða sérstökum tilsjónarmanni að freista þess að greiða úr örðugleikum. Ef það stoðar ekki, þá er heimilt að leggja á forráðaaðiljann, sem valdur er að því, að ekki reynist unnt að framkvæma skipan þessa, dagsektir 50—500 kr. Um afplánun dagsekta má m. a. vísa til 55. gr. alm. hgl. Þar sem önnur nauðungarráð, svo sem bein fógetagerð, þykja varhugaverð, er hér tekið fyrir þau að fordæmi norsku laganna.

Um forræði barna við skilnað má minna á tölfræðilegar upplýsingar í upphafi greinargerðar að V. kafla.

Um 48. gr.

Hér er mælt fyrir um það, hvernig unnt sé að fá breytt samningi eða annarri úrlausn um skipan forráða fyrir börnum og um umgengnisrétt. Er lagt til, að sama regla gildi, hvort sem samningur liggur til grundvallar þessari skipan eða úrlausn dómstóls. Í báðum tilvikum getur dómstóll breytt þessari skipan, „ef það telst réttmætt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til þarfa barna“. Hér er viðmiðunin fyrst og fremst, hvað barni sé fyrir beztu.

Ef dómsmálaráðuneyti hefur gert þá skipan á forráðum fyrir barni eða umgengnisrétti, sem á reynir, ber breyting undir það, og getur það þá breytt fyrri úrlausn með sama skilorði og dómstóll, þ. e. ef það telst réttmætt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til þarfa barna. Ekki þykir almennt unnt að leggja mál til úrlausnar ráðuneytis, ef samkomulag liggur skipaninni til grundvallar, og þótt ráðuneyti staðfesti samkomulag aðilja, haggar það ekki því, að samkomulagi er til að dreifa, en mál hefur ekki verið leyst með úrlausn ráðuneytisins.

Um 49. gr.

Hér er mælt fyrir um framfærslueyri til handa maka við skilnað. Ber að taka afstöðu til þessa atriðis, þegar veittur er skilnaður, hvort sem er að borði og sæng eða lögskilnaður. Í 55. gr. l. 39/1921 segir, að þegar gefa verði öðru hjóna aðalsök á skilnaði, verði því eigi áskilinn framfærslustyrkur af hinu, nema sérstaklega standi á. Í 75. gr. er kveðið enn fastar að orði. Þar segir, að aldrei verði því hjóna, sem skilnaðurinn er aðallega að kenna, áskilinn styrkur af hendi hins. Því er lýst hér að framan, að norrænn hjúskaparréttur er nú mjög að vaxa frá því, að sök hjóna á skilnaði eigi að skipta máli um atriði, eins og framfærslueyri. Er lagt hér til, að þetta sakaratriði sé með öllu afnumið. Í þessu efni skipta félagslegu þarfirnar fyrst og fremst máli og auk alls annars er sök hjóna á skilnaði næsta tormetin.

Í 75. gr. l. 39/1921 segir, að annað hjóna verði ekki skyldað til að framfæra hitt eftir lögskilnað, „nema alveg sérstaklega standi á“. Íslenzku hjúskaparlögin eru um þetta atriði í samræmi við þær tillögur, sem norrænu hjúskaparlaganefndirnar lögðu til á sínum tíma. Á þjóðþingunum norrænu, utan Íslands, var þessi heimild til að úrskurða framfærslueyri lögmælt miklu rýmri en hér. Er og vissulega unnt að benda á ríkar félagslegar þarfir hjá maka á framfærslueyri eftir lögskilnað, svo sem þegar hlutaðeigandi er lasburða eða getur ekki tekið vinnu utan heimilis vegna þess að hann er bundinn við ung börn eða á ekki kost á heppilegri vinnu. Í ýmsum löndum er nú andstaða gegn viðtækum framfærslueyri eftir lögskilnað, og er

m. a. bent á almannatryggingalög, er rétta hlut hins fráskilda, a. m. k. ef hann hefur forræði barna, svo og á það, að nú er það stórum tíðara en áður var að konur stundi atvinnu, meðan þær eru giftar, og þá verður hægara fyrir þær að halda áfram vinnu sinni en að taka upp vinnu, að loknum hjúskap, ef þær hafa ekki um langt árabil stundað slíka vinnu. Sifjalaganefnd er þeirrar skoðunar, að ákvæði 75. gr. sé of þröngt og lagarök mæli með því að unnt eigi að vera að úrskurða framfærslueyri einnig eftir lögskilnað, ef sérstaklega stendur á. Eigi hér að leysa úr máli bæði með hliðsjón af þörfum krefjanda og svo með tilliti til þess, hvað hitt sé aflögufært um, svo og atvika að öðru leyti, svo sem lengd hjúskapar og þörf krefjanda á menntun og endurhæfingu. Lagt er til, að sama viðmiðun sé á höfð sem við mat á framfærslueyri við skilnað að borði og sæng, en þó er gengið út frá, eins og orðalag gefur til kynna, að sjaldnar komi til skyldu á greiðslu framfærslueyris eftir lögskilnað en meðan á skilnaði að borði og sæng stendur.

Um 50. gr.

Í þessu ákvæði eru fyrirmæli um ákvörðun á framfærslueyri milli hjóna innbyrðis, hver ákveði hann og eftir hvaða efnislegu viðmiðunum. Þá er þar kveðið á um, hvaða áhrif það hafi á framfærslurétt og framfærsluskyldu, ef sá, sem tilkall á til framfærslueyris, giftist af nýju.

Framfærslueyrir er mjög oft ákveðinn af hjónum sjálfum. Ef 31. gr. frv. á að beita, er það efnisforsenda, að um þetta atriði sé samkomulag og samkv. 45. gr. frv. ber yfirvaldi að reyna að ná samkomulagi með hjónum m. a. um þetta atriði. Ef ekki gengur saman með hjónum um ákvörðun framfærslueyris, leysir dómsmálaráðuneyti eða dómstóll úr máli, þ. e. sá úrlausnaraðili, sem fjallar um skilnaðarmálið að efni til.

Efnislega viðmiðunin við slíkar úrlausnir er svipuð í 2. málsgr. 50. gr. frv. sem í 55., sbr. 75. gr. l. 39/1921. Ákvæðið er reist á jafnræðissjónarmiðum, og er því engan veginn skotið loku fyrir, að eiginkona verði skylduð til framfærslugreiðslna með eiginmanni. Vakin er sérstök athygli á, að unnt er að taka tillit til þess, hvort krefjanda sé þörf á menntun eða endurhæfingu. Oft ber það við, að t. d. kona giftist ung og hefur þá annað tveggja ekki lokið sérmenntun sinni eða hefur ekki stundað starf, sem sérmenntun hennar laut að, um langan tíma. Getur henni þá verið brýn þörf á fé til að sérmennta sig eða til endurhæfingar eftir atvikum. Með ákvæði 2. málsgr. 50. gr. frv. er sérstaklega vikið að þessu mikilvæga atriði. Miklu varðar, að skýrlega sé kveðið á um tímalengd framfærslueyrisgreiðslna, ef því er að skipta.

Samkv. 3. málsgr. 50. gr. fellur skylda til greiðslu framfærslueyris niður, þegar sá, sem rétt á til framfærslueyris, giftist af nýju eða þegar annað hvort hjóna andast. Um áhrif þess á framfærslueyri, er maki giftist af nýju, eru nú ákvæði í 75. gr. 2. málsgr. l. 39/1921, og er 50. gr. 3. málsgr. í samræmi við það, en ákvæðið í 50. gr. um áhrif andláts á framfærsluskylduna er í samræmi við fræðiskýringar. Á Norðurlöndum hefur nokkuð verið um það rætt og ritað, hvort skilinn maki, sem rétt á til framfærslueyris, glati þeim rétti, ef hann tekur upp óvígða sambúð við karl eða konu, þ. e. hvort óvígða sambúðin verði að þessu leyti lögð að líku við að aðili hafi gifzt af nýju. Má um það efni minna á danskan hæstaréttardóm frá 1960 (U 1960, bls. 546), þar sem hæstiréttur taldi ekki, að óvígð sambúð yrði lögð á borð við hjúskap í þessu sambandi.

Um 51. og 52. gr.

Hér eru fyrirmæli um breytingu á samningi milli hjóna um skyldu til greiðslu framfærslueyris eða um fjárhæð hans, sbr. 51. gr., og um breytingu á ákvæðum dóms eða á úrlausn dómsmálaráðuneytis (eða yfirvalds, ef dómur hefur fjallað um skylduna, sjá 1. málsgr. 50. gr.), sbr. 52. gr. Má í fyrra tilvikinu breyta samningi, ef sýnilega er „ósanngjarnt vegna breyttra aðstæðna að halda samningnum til streitu“. Til samanburðar er tilhögunin samkv. 48. gr. varðandi forræði barna, þar

sem heimilað er að breyta samningi, „ef það telst réttmætt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til þarfa barna". Þá ber einnig að bera þetta ákvæði saman við 54. gr. frv., en samkv. því má lýsa ógildan samning um þau efni, sem þar greinir og m. a. taka til framfærsluskyldna, „ef hann var bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma, sem til hans var stofnað". Fjallar 51. gr. því um breyttar aðstæður, en 54. gr. um það, er samningsgerð er ósanngjörn frá öndverðu. Samningar þeir, sem 51. gr. lýtur að, kunna að verða gerðir til langs tíma, og er örðugt að hafa fulla yfirsýn yfir þau atriði, sem máli skipta um samningsgerð og þá þróun, sem verður eftir hana. Atvik geta breytzt gagngert, t. d. vegna breytinga á fjárhag aðilja, heilsuhögum þeirra eða öðrum högum, vegna breytinga á kaupgildi peninga o. fl. Er ákvæði 51. gr. frv. rýmra en samkv. 58. og 78. gr. l. 39/1921, og er hér farið mjög að fordæmum norrænu laganna nýju.

Samkv. 52. gr. er unnt að breyta ákvæði dóms eða úrlausn dómsmálaráðuneytis, „ef verulega breyttar aðstæður og atvik að öðru leyti mæla með slíkri breytingu". Sú breyting, sem hér er um að ræða, getur bæði lotið að því að fella niður skyldu til greiðslu framfærslueyris eða að breyta fjárhæð hans.

Stundum getur vafi vaknað um, hvort framfærslueyrir sé samningsbundinn eða ákvarðaður af stjórnvaldi eða dómstól, en í lögum er ógerlegt að setja fram ábendingar um það efni, er haldkvæmar séu.

Um 53. gr.

Í þessari grein, sem er nýmæli, er kveðið á um úrlausnir til bráðabirgða um, hvernig fara skuli um forræði fyrir börnum hjóna, sem krafizt hafa skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar. Eiga ákvæði 47. gr. hér við, en þeirri skipan, sem á kemst, má breyta vegna breyttra aðstæðna, enda bindur úrlausn til bráðabirgða ekki hendur úrskurðaraðilja, þegar skipa skal forræði til frambúðar. Er auðsæ þörf á slíku ákvæði sem þessu, og er hér raunar aðeins lagt til, að sú skipan sé lögfest, sem farið er eftir í lagaframkvæmdinni, en tryggilegra er að úrlausnaraðili hafi hér skráð lög að bakhjarli.

Ákvæði 53. gr. lýtur aðeins að þeirri aðstöðu, að krafizt hafi verið skilnaðar, en á ekki samkv. orðanna hljóðan við, þegar samvistaslit hafa átt sér stað án þess að skilnaðarkrafa hafi verið gerð. Verður þá einnig að taka afstöðu til þess, hvernig fari um dvalarstað barns og hvoru foreldri það fylgi. Koma þá svipaðar reglur til greina og í 53. gr. Slíkt ákvæði á þó fremur heima í lögræðislögum en í þessu frv.

Um 54. gr.

Ákvæðið er að mestu sama efnis og 79. gr. l. 39/1921. Á það við um samninga hjóna í tengslum við skilnaði, er lúta efnislega að fjárskiptum, framfærsluskyldum og öðrum skilnaðarmálum. Ákvæðið varðar annmarka á samningsgerð frá öndverðu, og heimilar dómstól að lýsa samning ógildan, ef hann var bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma, sem til hans var stofnað. Ákvæði 51. og 52. gr. eiga hins vegar við um breyttar aðstæður, en þær geta valdið því að sýnilega sé ósanngjarnt að halda samningi til streitu af þessum sökum, þótt hann hafi ekki verið ósanngjarn frá fyrstu gerð.

Í 2. málsgr. er lagt til, að málshöfðunarfrestur verði 1 ár frá fullnaðardómi til skilnaðar eða frá útgáfu skilnaðarbréfs. Er frestur þessi lengdur frá því sem er í 79. gr. 1. málsgr., en samkv. því ákvæði er hann 6 mánuðir.

Í 3. málsgr. er lagt til, að nánast verði lögfest fræðiskýring þess efnis, að málshöfðunarfrestur 2. málsgr. gildi ekki, ef freistað sé að hnekkja samningi, er lúti 1. málsgr., með stoð í almennum reglum um ógildi fjármunaréttarsamninga. Felst raunar einnig í því ákvæði ráðagerð um, að unnt kunni að vera að beita slíkum reglum um þess konar samninga.

Um VI. kafla.

Um skipti á búi hjóna, sem skilja, eru ákvæði í lögum 20/1923, sbr. einkum almenna ákvæðið um helmingaskipti á hjúskapareignum hjóna í 18. gr. 2. málsgr. l. 20/1923, svo og ákvæði VII. kafla sömu laga og 6. kap. skiptalaga 3/1878. Í VI. kafla þessa frv. er lagt til, að nokkur ákvæði verði lögfest, er skiptin varða, og ber þá að taka tillit til þeirra auk greindra ákvæða l. 20/1923 og skiptalaga, svo og annarra lagafyrirmæla, sem mál þetta varða. Er á það minnt í 55. gr. frv. Ákvæði þessa kafla eru sundurleit, en þörf er á þeim frá hagnýtu sjónarmiði. Sérstaklega er þess að geta, að helmingaskiptareglan getur verkað ósanngjarnlega, einkum þegar hjúskapur hefur staðið skamma hríð og ekki leitt til samstöðu hjóna að marki.

Um 55. gr.

Þarfnast ekki skýringar, en rétt er að benda á, að ákvæðin, sem hér eru greind um skipti, eru engan veginn tæmandi.

Um 56. gr.

Hér er minnt á ákvæði laga um lífeyri, en sum þeirra kveða á um hlutdeild skilins maka í lífeyri fyrrv. eiginmanns eða eiginkonu, sbr. einkum l. 29/1963, 14. gr. lokamálsgr. og l. 85/1963, 12. gr. lokamálsgr. Ljóst er, að þetta ákvæði gegnir aðeins leiðsöguhlutverki, en felur ekki í sér sjálfstæða efnislýsingu.

Um 57. gr.

Samkv. 18. gr. 2. málsgr. l. 20/1923 á hvor maki um sig tilkall til helmings úr skirri hjúskapareign hins, þegar til búskipta kemur m. a. vegna skilnaðar. Þessi regla er rótgróin bæði í íslenzkum og öðrum norrænum hjúskaparrétti. Þegar hjúskapur hefur staðið skamma stund og sérstaklega þegar hjónaband er barnlaust og hjón hafa lítt eða ekki búið saman, er einsætt, að helmingaskiptaregluna skortir, eins og á stendur, þann rökræna og félagslega bakgrunn, sem reglan styðst að öðru leyti við. Getur þá verið óréttmætt að beita henni. Í umræðum norrænu sifjalaganefndanna náðist um það samstaða að leggja til, að lögmælt væru fyllri frávik frá helmingaskiptareglunni en nú er í lögum. Raunar má geta þess, að norskur réttur hefur nokkra sérstöðu í þessu efni, með því að þegar 1927 var lögfest sú tilhögun, að víkja mætti frá helmingaskiptum, þegar skiptadómur teldi sanngirni mæla með því. Í 57. gr. frv. er lagt til, að svipuð heimild verði lögfest og þó nokkuð þrengri en er eftir norsku lögunum. Er fyrirmyndin dönsku lögin nr. 412/1963 um breytingu á skiptalögunum.

Forsendur þess, að unnt sé að víkja frá helmingaskiptareglunni, eru þessar samkv. 57. gr.:

1. Eigur þær, sem undir skipti koma, þurfa að stafa „að mestu leyti frá öðru hjóna, er flutt hefur þær í bú með þeim hætti, er segir í 27. gr.“ Ef ekki er verulegur munur á þeim eignum, sem hvor um sig hefur flutt í búið, á ákvæðið ekki við. Eignir þær, sem hér á að miða við, eru eigur, sem hvor um sig flytur með sér við stofnun hjúskapar, og svo verðmæti, er honum bætist að gjöf eða að arfi, meðan hjúskapur stendur, og væntanlega einnig verðmæti, sem hliðstætt stendur á um, svo sem verðmæti, er flytjast frá séreign hlutaðeiganda í hjúskapareign hans.

2. Krafa verður að koma fram frá því hjóna, sem fullnægir skilorði því, er greinir í 1. tölulið. Skiptadómur ætti að vekja athygli aðilja á þessu ákvæði, ef um mál væri fjallað þar.

3. Helmingaskiptareglan verður að teljast bersýnilega ósanngjörn, eins og á stendur, einkum vegna þess að hjúskapur hefur verið skammvinnur. Danski laga-

textinn hefur verið túlkaður þannig með vísan til greinargerðar fyrir frv., að ef hjúskapur hefur staðið 5 ár eða lengur, þá eigi ákvæðið yfirleitt ekki við. Hér ber einnig að gaumgæfa, hvort hjúskapur hafi leitt til fjárhagslegrar samstöðu. T. d. má vera, að hjúskapur hafi staðið að formi til í 4 ár, en allan þann tíma hafi hjón þó verið fjarvistum að vilja annars eða beggja. Að öðru leyti er hér miðað við hvort helmingaskipti séu bersýnilega ósanngjörn.

Þegar forsendum 57. gr. er fullnægt, á að beita reglum um skipti vegna ógildingar hjúskapar að nokkru eða öllu leyti, þ. e. hvort hjóna á að taka að óskiptu virði þess, er það flutti í búið eða síðar eignaðist fyrir gjöf eða arf. Önnur verðmæti sæta yfirleitt helmingaskiptareglunni. Samkv. þessu er frávik 57. gr. frá helmingaskiptareglunni á ýmsan hátt æði takmarkað, sbr. og regluna um að helmingaskipti séu „bersýnilega ósanngjörn".

Ákvæðið á bæði við um skilnað að borði og sæng og lögskilnað og svo fjárskipti vegna úrskurðar um fjárslit, sbr. 39. gr. l. 20/1923 og aðrar greinar VI. kafla laganna.

Í norrænum dómum hefur stundum verið beitt ákvæði, er samsvarar 74. gr. l. 39/1921 um fébætur vegna þess að annað hjóna hafi stórlega misboðið hinu, í því skyni að rétta hlut þess maka, sem á hefur verið hallað einnig í fjárskiptunum. Heppilegra er að lögfesta skiptaákvæði sem þetta í því skyni að ná þessu takmarki. Um ákvæði 74. gr. l. 39/1921 er þess að geta, að það er reist á saknæmisgrundvelli og samkv. þeirri meginstefnu þessa frv. að útrýma yfirleitt sakarþættinum úr hjúskaparlöggjöf, nema í sérstökum, sérgreindum tilvikum (sbr. skilnaðarforsendur), þá er hér lagt til, að 74. gr. sé afnumin án þess að nokkurt nýtt ákvæði komi í stað þess. Bent skal þó á 28. gr. frv. í þessu sambandi.

Um 58. gr.

Samkv. 54. gr. 2. málsgr. l. 39/1921 getur annað hjóna krafizt þess, er leyfi hefur verið veitt til skilnaðar að borði og sæng, „að fá innanstokksmuni, vinnuáhöld og aðra lausafjármuni, jafnvel þó að verð þeirra fari fram úr lögmæltum búshluta hans, en þó því aðeins að ætla verði, að hann megi eigi án þeirra vera til heimilishalds". Ákvæði þetta er einskorðað við það, að skilnaðar sé krafizt samkv. 52. gr. 1. málsgr. laganna og að búið sé „lítið".

Í 58. gr. frv. er lagt til, að þetta ákvæði verði rýmkað að efni til. Nær það til fjárskipta, hvort heldur er við skilnað að borði og sæng eða lögskilnað, og gegnir einu, á hvaða grundvelli krafa um skilnað er reist. Þá er einnig afnuminn sá fyrirvari, að bú sé „lítið", en samkv. eðli máls mun ákvæðinu ekki verða beitt, nema um tiltölulega litlar eignir sé að ræða í búi.

Í lok 58. gr. er sleginn við sá varnagli, að ákvæðið eigi ekki við, ef krefjandi geti með öðrum hætti útvegað sér nauðsynjar, svo sem fyrir séreignarfé sitt eða vegna tekna, sem í vændum eru.

Minnt er að öðru leyti á ákvæði 58. og 59. gr. l. 20/1923 og 59. og 64. gr. skiptalaga.

Um 59. gr.

Nokkur óvissa er um túlkun 64. gr. skiptalaga, er varðar tilkall maka til útlagningar á eign við fjárskipti. Ljóst er, að það hjóna, sem á verðmæti að hjúskapareign, hefur forgangsrétt til þess að fá sér lagt út verðmæti þetta, ef það fer ekki fram úr búshluta þess við skiptin. Hins vegar hefur þótt orka tvímælis, hvort maki gæti krafizt verðmætisins, ef það rúmast ekki innan búshlutans að fjárhæð til, gegn greiðslu þess hluta virðingarverðs, sem fer fram úr búshluta. Hæstiréttur hefur talið í dómi frá 1948 (XIX, bls. 151), að hér yrði að einskorða 64. gr. við þau tilvik, er verðmætið rúmaðist innan búshlutans. Á þeirri lagaframkvæmd eru ýmsir

ágallar og þykir réttmætt að lögfesta þann úrkost, miðað við þá hagsmuni, sem hér leikast á, að útlagning geti átt sér stað, þótt verðmæti fari fram úr búshluta krefjanda. Þá er einnig kveðið á um greiðslu þeirrar fjárhæðar, sem umfram er búshluta, og er skiptadómi heimilað að mæla fyrir um, að sú greiðsla geti farið fram með afborgunum um tiltekinn tíma gegn tryggingum og með þeim vaxtakjörum, sem skiptadómur ákveður. Sambærilegt ákvæði var lögfest í Danmörku 1963.

Um 60. gr.

Í húsaleigulögum á Norðurlöndum eru víðast hvar ákvæði um það, hvort hjóna fái rétt til að halda leiguíbúð, er þau hafa búið í, ef til skilnaðar kemur. Eru það þá þarfir hvors hjóna um sig, sem virða á, og svo barna, sem hvort þeirra um sig hefur forræði fyrir. Ljóst er, að samkomulag þeirra hjóna sker yfirleitt úr, hvort þeirra haldi áfram að búa í íbúðinni. En ef þau greinir á, er þörf á ákvæði um, að dómsmálaráðuneyti eða dómstóll úrskurði, hvort þeirra fái rétt til að búa í íbúðinni, miðað við könnun á þeim þörfum, sem áður greindi. Þykir tímabært að lögfesta þetta ákvæði hér, enda nýtur ekki við almennrar húsaleigulöggjafar hér á landi, svo sem kunnugt er.

Um VII. kafla.

Hér eru ákvæði um réttarfar í hjúskaparmálum o. fl. Þykir réttmætt að hafa þessi ákvæði í hjúskaparlögum, sbr. VIII. kap. l. 39/1921. Þessi kafli bíður fyllri könnunar í sambandi við endurskoðun réttarfarslaga í heild, og hefur jafnlitlu verið breytt hér eins og fært þótti. Meðal breytinga er lagfæring á orðalagi, sbr. 65. gr. 1. málsgr. frv. og svo vísun til l. 82/1961, 2. gr. í 68. gr. 1. málsgr. frv. og til laga 85/1936, 195. gr. í 73. gr. frv. Enn er sektarmörkum breytt í 76. gr., sbr. við 97. gr. l. 85/1936. Þá eru 80. og 81. gr. frv. einnig færðar til samræmis við l. 85/1936 og svo l. 20/1923. Að öðru leyti skal á það bent, að við endurskoðun réttarfarslaga þyrfti m. a. að kanna nánar, hvort þörf sé yfirleitt á sérákvæðum um meðferð hjúskaparmála.

Um VIII. kafla.

Hér eru ákvæði um gildistöku laganna svo og hvernig einstökum ákvæðum þeirra skuli beitt um atvik, sem gerzt hafa fyrir gildistöku laganna. M. a. má benda á, að krafa um skilnað að borði og sæng eða lögskilnað, sem sett hefur verið fram fyrir gildistöku laganna, hlítir eldri lögum, sbr. 84. gr. frv. Sérstaklega er og tekið fram í 85. gr., að þetta gildi einnig, ef skilnaður að borði og sæng sé fenginn í gildistíð eldri laga og lögskilnaðar er krafizt á grundvelli þess leyfis eftir gildistöku laga þessara. Um samninga, sem gerðir eru í tíð eldri laga, verður álitamál, hvort unnt sé að beita reglum yngri laga um breytingu á þeim. Er þetta hægt um samninga um forráð barna og umgengnisrétt, sbr. 86. gr., en ekki um samninga um greiðslu framfærslueyris, sbr. 50. gr., og t. d. um fjárskipti, sbr. 54. gr., og segir um þetta í 87. gr. frv. Ákvæðum VI. kafla frv., er lúta að fjárskiptum vegna skilnaðar, verður beitt, ef leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng eða til lögskilnaðar er gefið út eftir gildistöku laganna eða ef dómur til skilnaðar er sagður upp eftir gildistöku laganna, sbr. 88. gr.

Í 82. gr. frv. er gert ráð fyrir, að lögin taki gildi 1. janúar 1973.

Ákvæði VI. kafla frv. gilda við hlið ákvæða l. 20/1923 og l. 3/1878 um fjárskiptin, en ekki þykir rétt að afnema nein ákvæði þeirra beinlínis í þessum lögum. Athygli er vakin á, að efni 19. gr. l. 19/1953 um ættleiðingu breytist að efni til, ef 7. gr. frv. verður lögfest.

Nd. **41. Frumvarp til laga** [40. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Ytri-Bug í Fróðárhreppi á Snæfellsnesi.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja jörðina Ytri-Bug, Fróðárhreppi, Snæfellsnessýslu, þessum aðilum:

Sigurði Kristjónssyni, Snæfellsási 7, Hellissandi.
Birni Kristjónssyni, Brautarholti 8, Ólafsvík.
Einari Kristjónssyni, Ennisbraut 29, Ólafsvík.
Guðmundi Kristjónssyni, Brautarholti 14, Ólafsvík.
Úlfari Kristjónssyni, Vallholti 5, Ólafsvík.

Söluverð jarðarinnar fer eftir samkomulagi eða mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jörðin Ytri-Bugur í Fróðárhreppi er smájörð, 19 600 kr. að fasteignamati, sem lengi hefur verið í ríkiseign. Þar bjuggu í þrjá áratugi hjónin Kristjón Jónsson og Jóhanna Kristjánsdóttir með stóran barnahóp. Af sonum þeirra sex er einn fluttur burt úr héraðinu. Hinir fimm eru búsettir í Ólafsvík og á Hellissandi. Þeir eru allir skipstjórar og tvímælalaust í hópi dugmestu sjósóknara og aflamanna við Breiðafjörð. Svo sem fram kemur af bréfi þeirra, sem hér er prentað sem fylgiskjal, hafa þeir hug á að eignast áðurnefnda jörð með það fyrir augum að sýna henni umhirðu og ræktarsemi.

Meðmæli hreppsnefndar Fróðárhrepps fylgja hér með.

Fylgiskjal I.

Hellissandi og Ólafsvík, 6. okt. 1971.

Við undirritaðir bræður leyfum okkur hér með að fara þess á leit við háttvirt Alþingi, að það mæli með, að við fáum keypta ríkisjörðina Ytri-Bug í Fróðárhreppi á Snæfellsnesi fyrir sanngjarnt verð. Ástæða fyrir þessari beiðni okkar er sú, að á umræddri jörð bjuggu foreldrar okkar, Kristjón Jónsson og Jóhanna Kristjánsdóttir, allan sinn búskap eða um 30 ára skeið. Þar erum við bræður fæddir og uppaldir. Þetta er smájörð, húsalaus og vanhirt, sem okkur langar til að eignast og gera henni eitthvað til góða.

Virðingarfyllst,

Sigurður Kristjónsson, Úlfar Kristjónsson, Einar Kristjónsson,
Guðmundur Kristjónsson, Björn Kristjónsson.

Fylgiskjal II.

Afrit af fundargerð.

Ár 1971 fimmtudaginn 11. febrúar var hreppsnefndarfundur haldinn að Kötluholti. Allir aðalhreppsnefndarmenn mættir. Fyrir fundinn var lagt bréf Friðjóns Þórðarsonar alþingismanns, dags. 3. febrúar 1971, þar sem farið er fram á umsögn hreppsnefndarinnar viðkomandi sölu þjóðjarðarinnar Ytri-Bugs, Fróðárhreppi.

Hreppsnefndin er sammála um að afsala forkaupsrétti fyrir hreppsins hönd á téðri jörð.

Staðfesti rétt afrit, f. h. hreppsnefndar, Kötluholti 11. febrúar 1971.

Oddviti Fróðárhrepps,

Ágúst Lárusson.

Nd. 42. Frumvarp til laga [41. mál]

um breyting á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason.

1. gr.

Í stað síðasta málsliðar 2. gr. laganna komi:

Seðlabanki Íslands hefur á hendi rekstur Verðjöfnunarsjóðs, og skal hann ávaxta fé hans í samráði við stjórn sjóðsins, annaðhvort í erlendri mynt eða íslenzkum krónum. Verði breyting á gengi íslenzku krónunnar, skal fé sjóðsins umreiknast til hækkunar eða lækkunar, eftir því sem við á, í samræmi við gengisbreytinguna, að því leyti sem það kann að vera ávaxtað í íslenzkum krónum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins er eign hans á hverjum tíma, auk stofnfjár, hluti af því fé, sem inn kemur fyrir tilteknar tegundir útfluttra sjávarafurða og afhent hefur verið Seðlabanka Íslands í erlendum gjaldeyri, að svo miklu leyti sem því hefur ekki verið ráðstafað til verðbóta samkvæmt 6. gr. laganna. Með tilliti til þessa, þar sem raunverulega er um að ræða geymslufé, sem Seðlabankinn hefur tekið við í erlendum gjaldeyri, verður að telja eðlilegt að tryggja, að eign sjóðsins sé á hverjum tíma í samræmi við skráð gengi íslenzku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Sþ. 43. Tillaga til þingsályktunar [42. mál]

um áætlun um opinberar framkvæmdir í Suðurlandskjördæmi.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Guðlaugur Gíslason, Björn Fr. Björnsson, Garðar Sigurðsson, Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa áætlun til langs tíma um opinberar framkvæmdir fyrir Suðurlandskjördæmi. Verk þetta verði unnið í náinni samvinnu við Samtök sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi.

Greinargerð.

Í Suðurlandskjördæmi eru 37 sveitarfélög:

7 sveitarfélög í V-Skaftafellssýslu með	1 393	íbúa
11 sveitarfélög í Rangárvallasýslu með	3 199	—
18 sveitarfélög í Árnessýslu með	8 274	—
Vestmannaeyjakaupstaður með	5 186	—
37 sveitarfélög með samtals	18 052	íbúa

Þessi sveitarfélög eru svo til öll í Samtökum sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi. En markmið samtakanna er m. a. að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum á sviði opinberra framkvæmda. Á undanförnum árum hafa átt sér stað miklar framfarir í kjördæminu, bæði á sviði opinberra framkvæmda: vegamál, hafnamál, skólamál, orkumál, og nefna má sérstaklega hið mikla mannvirki, sem er vatnsveita fyrir Vestmannaeyjakaupstað. Jafnframt hefur átt sér stað geysileg uppbygging atvinnulífs á svæðinu, svo sem í landbúnaði, fiskvinnslu o. fl. Árangurinn sést m. a. á því, að svæðið hefur ekki þurft að sjá á eftir fólki til þéttbýlisstaðanna við Faxaflóa, því að í stað þeirra, sem flutzt hafa burt, koma nærri því jafnmargir annars staðar að. Þessi þróun er mjög frábrugðin því, sem átt hefur sér stað í öðrum landshlutum. Engu að síður eru nú fjölmörg verkefni óleyst. Það eru einkum verkefni, er snerta hinar félagslegu hliðar, sem nauðsynlegt er að beita sér að. Má þar nefna jöfnun aðstöðunnar milli þéttbýlisstaðanna og sveitanna, svo sem varðandi skólamál, heilbrigðisþjónustu, orkudreifingu, samgöngumál, þ. m. t. vegamál, fjarskiptaþjónustu og hafnamál.

Samtök sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi voru stofnuð fyrir þremur árum. Það varð þó ekki fyrr en á þessu ári, sem samtökin tóku til starfa. Samtökin hafa ráðið til sín framkvæmdastjóra frá næstu áramótum og munu opna skrifstofu frá þeim tíma.

Sþ. 44. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]

um endurskoðun laga um stuðning við leikfélög áhugamanna.

Flm.: Helgi F. Seljan, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til endurskoðunar lög nr. 15 frá 15. marz 1965, um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna.

Greinargerð.

Lög þau, sem hér er lagt til, að tekin verði til endurskoðunar, eru frá árinu 1965 og voru þá stórt spor fram á við til eflingar leiklistarstarfsemi áhugafólks. Hiklaust má fullyrða, að þessi starfsemi sé oftlega mesta menningarframlag íbúanna í hinum smærri byggðarlögum. Um það eru víst allir sammála, að það beri að hlynna eftir föngum að slíkri starfsemi.

Nokkur atriði laga þessara, svo sem um upphæð styrkja, eru þegar orðin alls ófullnægjandi fyrir leikfélögin. Nú, þegar reynsla hefur einnig fengizt af framkvæmd laganna, er eðlilegt, að þau séu tekin til endurskoðunar í samráði við samtök áhugaleikfélaga.

Um skiptingu styrkja eftir flokkum hefur ætíð verið um skiptar skoðanir að ræða, og eins hefur ákvæði um framlag sveitarfélaga reynzt erfitt í framkvæmd.

Það þarf einnig að huga að nýjum leiðum til þess að örva leiklistarstarfsemina og ekki síður að veita áhugafólkinu einhver tækifæri til að ná betri tökum á viðfangsefnum sínum með beinu námskeiðahaldi, sem þyrfti þá að styrkja verulega.

Þar væru fastráðnir leikstjórar á vegum B. Í. L. (Bandalags ísl. leikfélaga) e. t. v. heppilegasta lausnin, þar sem námskeiðahald í ýmsu, er leiklist varðar, yrði meðal árlegra verkefna þeirra.

Það þarf líka að verða um meira samstarf að ræða milli ráðuneytisins og B. Í. L. um alla framkvæmd laganna.

Þó hlýtur fjárhagslega atriðið, sem 5. grein laganna fjallar um, að verða þyngst á metunum í endurskoðun allri, enda brýnust nauðsyn á því að gera þar á leiðréttingu hið fyrsta, svo að upphaflegt markmið laganna nái sem bezt fram að ganga.

Nd. 45. Frumvarp til laga [44. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Flm.: Pétur Pétursson.

1. gr.

a. Aftan við lið h í 43. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:
   i. Tannlækningar samlagsmanna, barna og fósturbarna, sbr. 40. gr., allt að 20 ára aldri.
b. Í stað orðanna „svo og greiðslu fyrir tannlækningar“ í síðustu mgr. komi: svo og greiðslu fyrir allar tannlækningar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Greinargerð.

Frá upphafi almannatrygginga á Íslandi hefur það verið hugmynd forustumanna um tryggingamál, að nauðsynlegar tannlækningar skyldu greiddar af sjúkrasamlögum. Um skeið var í lögum heimilt að greiða kostnað við tannlækningar þeirra, sem eru innan 18 ára, en sú heimild var ekki notuð. Var ákveði þetta numið úr lögum og í stað þess sett almenn heimild til handa sjúkrasamlögum til að greiða tannlækningar, en sú heimild hefur ekki heldur verið notuð, að talizt geti.

Ekki er þörf á að færa rök að nauðsyn þess, að sjúkrasamlög greiði kostnað við tannlækningar eins og aðrar lækningar. Er raunar sérstök ástæða til þess, þar eð mörgum hættir til að draga um of að leita tannlæknis sökum kostnaðar.

Mikill áhugi hefur verið á því að fella tannlækningar undir tryggingakerfið, en fjárhagsástæður hafa verið aðalástæða þess, að það hefur ekki verið gert. Oft hafa verið flutt um þetta mál frumvörp á Alþingi, m. a. af Alfreð Gíslasyni lækni og síðast af Einari Ágústssyni, núverandi hæstv. utanríkisráðherra.

Málið er nú tekið upp enn einu sinni. Enda þótt Alþýðuflokkurinn hafi mikinn áhuga á að koma öllum tannlækningum, sem telja má heilsufarslega nauðsyn, undir tryggingakerfið, er nú aðeins gerð tillaga um, að slíkar tryggingar nái til allra undir 20 ára aldri. Þessi leið er valin í þeirri von, að unnt reynist að koma málinu fram í áföngum. Alþingi samþykkti fyrir 25 árum, að tryggingar skyldu greiða tannlækningar til 18 ára aldurs, en tryggingakerfið hafði ekki fjárhagslegt bolmagn til að framkvæma þá ákvörðun. Nú er þjóðin stórum auðugri en þá og hefur vafalaust

góð ráð á að stuðla að bættri tannheilsu ungmenna, sem þau geta búið að alla ævi, ef vel tekst. Spyrja mætti, hvort þjóðin hafi ráð á að gera þetta ekki.

Ekki er lagt til, að breytt verði ákvæðum um samninga sjúkrasamlaga við lækna o. fl., þar eð telja má, að orðið „læknar" geti einnig átt við tannlækna.

Nd. 46. Tillaga til þingsályktunar [45. mál]

um endurskipulagningu sérleyfisleiða.

Flm.: Skúli Alexandersson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort ekki sé tímabært að taka til rækilegrar endurskoðunar og endurskipulagningar sérleyfisleiðir langferðabifreiða, í því skyni meðal annars að koma á betri samgöngum milli byggðarlaga og landshluta.

Greinargerð.

Samkvæmt leiðabók um áætlanir sérleyfisbifreiða 1971—1972, sem gefin er út af Póst- og símamálastjórninni, eru nú í gildi 59 sérleyfi til fólksflutninga. Af þessum 59 sérleyfisleiðum eru 33 út frá Reykjavík, 8 út frá Akureyri og hinar 18 eru flestar í beinum tengslum við sérleyfisferðir frá Reykjavík eða áætlunarferðir Flugfélags Íslands.

Þessi háttur á áætlunum sérleyfisbifreiða leysir ekki nema einn þátt í samgöngumálum dreifbýlisins, þ. e. að komast að og frá stærstu þéttbýlisstöðunum og þá fyrst og fremst Reykjavík. Á stórum svæðum á landinu er þess enginn kostur að komast milli byggðarlaga með sérleyfisbifreiðum. Ekkert hefur verið gert til þess að skipuleggja sérleyfin þannig, að t. d. farþegar, sem væru á leið af Vesturlandi eða Vestfjörðum, geti komizt í bíla í Borgarfirði, sem væru á norðurleið, eða farþegar, sem kæmu að norðan, geti komizt í bíla, sem væru á vesturleið.

Það leiðafyrirkomulag, sem nú er í gildi, er í mörgu óbreytt frá því að áætlunarferðir á bifreiðum hófust fyrst um landið.

Þessi tillaga er flutt í þeim tilgangi, að fundið verði betra skipulag á þessum málum en nú er.

Sþ. 47. Tillaga til þingsályktunar [46. mál]

um fyrirkomulag viðræðna um öryggismál Íslands.

Flm.: Geir Hallgrímsson, Jón Árnason, Matthías Bjarnason, Eyjólfur K. Jónsson, Magnús Jónsson, Sverrir Hermannsson, Guðlaugur Gíslason, Ólafur G. Einarsson, Ragnhildur Helgadóttir, Jóhann Hafstein.

Alþingi ályktar að fela hverjum þeirra þingflokka, sem styðja þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu, að tilnefna einn fulltrúa, sem skuli starfa með utanríkisráðherra í viðræðum við Bandaríkjamenn og aðrar þjóðir bandalagsins um endurskoðun á varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins, þátttöku Íslands í störfum bandalagsins og skipan öryggismála landsins.

Greinargerð.

Þar sem fyrirhuguð er endurskoðun varnarsamningsins við Bandaríkin, er eðlilegt, að þeir þingflokkar, sem styðja aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu,

fái aðstöðu til að fylgjast með og hafa áhrif á viðræður við Bandaríkjamenn og Atlantshafsbandalagið, enda er sjálfsagt, að hugsanlegar breytingar á varnarsamningnum verði lagðar fyrir Alþingi til staðfestingar.

Allt frá því, að Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu, hefur verið leitazt við að hafa sem nánast samráð milli lýðræðisflokkanna um framkvæmd varnarmála og starfsemi Íslands í bandalaginu, og verður að telja sjálfsagt, að slíkt samstarf haldi áfram.

Eðli málsins samkvæmt er útilokað, að þeir, sem andvígir eru áframhaldandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, taki þátt í viðræðum við það og Bandaríkjamenn um varnarmál Íslands. Þeir hafa sjálfir lýst yfir því, að um þau mál hafi Íslendingar ekkert að ræða við Atlantshafsbandalagið, því að þeir eigi þegar að slíta öll tengsl við það og hverfa úr samtökunum.

Upplýst hefur verið, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að setja tvo ráðherra við hlið utanríkisráðherra til að fjalla um endurskoðun varnarsamningsins. Ekki er vitað annað en að þessir tveir ráðherrar hafi alla tíð verið andstæðingar aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Slík ráðstöfun hlýtur mjög að skaða málstað landsins í viðræðum við Atlantshafsbandalagið og Bandaríkjastjórn um varnarmálin, en er einnig til þess fallin að skaða mjög orðstír landsins á erlendum vettvangi, nú er sízt skyldi, þar sem nauðsyn ber til að vinna fylgi málstað okkar í landhelgismálinu.

Tillöguflutning þennan ber að skoða sem tilraun af Sjálfstæðisflokksins hálfu til að firra því tjóni, sem skipan sú á þessum málum, sem boðuð hefur verið, hlýtur að valda. Því ber að líta á hana sem tilboð af Sjálfstæðisflokksins hálfu um að taka þátt í samstarfi við utanríkisráðherra um endurskoðun varnarsamningsins og heilbrigða skipan varnarmála Íslands framvegis.

Sþ. 48. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um málefni barna og unglinga.

Flm.: Eggert G. Þorsteinsson, Pétur Pétursson, Stefán Gunnlaugsson, Sigurður E. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á:

1. Hver þörf landsmanna er á auknum barnaheimilabyggingum.
2. Hver hlutur ríkisins í stofnkostnaði slíkra heimila á að vera.

Athugun þessi fari fram með hliðsjón af hinum ýmsu greinum barnaverndarstarfsemi, fjalli m. a. um vistarheimili, vöggustofur, dagheimili, leikskóla, upptökuheimili, tómstundaheimili og um leiðbeiningastarfsemi fyrir foreldra o. fl.

Greinargerð.

Flutningsmönnum þessarar þingsályktunartillögu er kunnugt um, að málefni aldraðra hafa verið til meðferðar hjá nefnd, sem skipuð var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í júní árið 1967 og mun um þessar mundir vera að skila endanlegu áliti til ráðuneytisins. Vonandi kemur það út úr tillögum nefndarinnar, að lagt verði fram frumvarp um þessi efni, áður en langur tími líður.

Með hliðsjón af framansögðu virðist eðlilegt, að málefni barna og unglinga fái hliðstæða athugun og málefni hinna eldri.

Hin almenna regla á Norðurlöndum er sú, að opinberir aðilar, ríki og bæjarstjórnir, gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til að auðvelda samtökum áhugamanna, er vilja vinna að uppeldismálum jafnt yngri sem eldri barna, fram-

kvæmdir þeirra með ákveðnum fjárframlögum til stofnkostnaðar og rekstrar slíkra heimila, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sem sett eru með lögum og reglugerðum.

Flestum mun kunnugt um, hvernig þessum málum er háttað hér á landi.

Lög um þessi efni eru ekki fyrir hendi, og svo virðist a. m. k. á sumum stöðum, að byggingarframkvæmdir og styrkveitingar til sjálfs rekstrarins verði í framkvæmd of tilviljunarkenndar.

Til þessa hefur bæði stofn- og rekstrarkostnaður verið borinn uppi af áhugamannafélögum, bæjarfélögum og aðstandendum barnanna. Flm. tillögunnar þykir af þessum ástæðum brýn nauðsyn á því, að hið opinbera, þ. e. ríkið, láti fram fara heildarendurskoðun á þörf landsmanna í þessum efnum með hliðsjón af margendurteknum kröfum almennings um að koma betur til móts við þarfir æskunnar í landinu í þessum efnum.

Sú athugun, sem tillagan gerir ráð fyrir, ætti einnig að geta orðið tiltölulega fljótunnin, þar sem leita mætti til þeirra áhugamannafélaga og bæjarfélaga, sem mest og bezt hafa lagt sig fram um úrlausn þessara mála og hljóta því að hafa dýrmætasta reynslu. Ljóst þykir þó, þar sem engin ríkisaðstoð hefur verið við stofnkostnað slíkra heimila, að vandinn verði vart leystur án tilkomu ríkisstyrks, ásamt auknum ríkisstyrk til sjálfs rekstrarins frá því, sem nú er. Með því ætti ríkinu einnig að gefast tækifæri til aukinna afskipta um skipulag og rekstur þessarar nauðsynlegu þjónustu.

Til þess þó að taka af allan vafa í þessum efnum er nauðsynlegt, að sú athugun, sem tillagan felur í sér, verði látin fara fram.

Sþ. 49. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um stofnun embættis umboðsmanns Alþingis.

Skal hliðsjón höfð af sambærilegri löggjöf annarra þjóðþinga á Norðurlöndum.

Frumvarp þessa efnis skal lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Þáltill. þessi var flutt á síðasta þingi, en varð eigi útrædd. M. a. var eftirfarandi getið í greinargerð þá:

„Á liðnum árum hefur þeirri skoðun margoft verið hreyft, að nauðsynlegt væri að setja löggjöf um sérstakan umboðsmann Alþingis. Tilgangurinn með slíkri embættisskipan á að vera skilyrðislaus möguleiki þegnanna til þess, að lög og reglur þjóðfélagsins gangi jafnt yfir alla einstaklinga þess. Verður í því efni ekki gerður mismunur á þeim hlunnindum, sem þjóðfélagið veitir þegnum sínum, né þeim skyldum, sem á þá eru lagðar, sem og afplánun refsinga þeirra, er brotlegir gerast.

Þessu máli hefur margoft verið hreyft hér á landi. Má t. d. nefna af því, sem flm. þessarar þáltill. hefur kynnt sér, fróðlega tímaritsgrein í Stefni, málgagni Sambands ungra sjálfstæðismanna, veturinn 1964—65, eftir Hörð Einarsson hdl., og erindi, sem prófessor Ólafur Jóhannesson flutti á fundi Orators, félags lögfræðinema, þann 25. apríl 1966. Enn fremur greinargerð Kristjáns Thorlacius, formanns B. S. R. B., þáverandi varaþingmanns Framsóknarflokksins, er hann

flutti ásamt fleiri þingmönnum till. til þál. um þetta mál. Fjallaði tillaga hans um nefndarskipan til athugunar á málinu og var fyrst flutt á þinginu 1964—65 og endurflutt 1966 og 1967, þegar hann átti sæti um stuttan tíma, hverju sinni, á Alþingi.“

Þessi þáltill. er nú flutt m. a. af eftirfarandi ástæðum:

1. Löggjöf grannþjóða okkar um umboðsmann þjóðþinganna hefur verið í gildi um langt árabil. Á þessu tímabili hafa auk dýrmætrar og jákvæðrar reynslu ýmsir vankantar komið í ljós, er leitt hafa til þýðingarmikilla breytinga nú á allra síðustu árum (Noregi 1. jan. 1969).
2. Ýmsir þeir atburðir hafa gerzt fyrr og síðar, sérstaklega í samskiptum einstaklinga við embættismenn og starfsmenn bæjar- og ríkisstofnana, sem kalla á slíka löggjöf.
3. Þeir alþingismenn, er fyrstir hreyfðu máli þessu á Alþingi í tillöguformi, eiga annaðhvort ekki setu á þingi nú eða sýna málinu ekki þann áhuga að taka það upp að nýju.
4. Flm. þessarar till. telur, að tímabært sé að leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga um embætti þetta og treysta með því frekari rétt einstaklingsins í þjóðfélagi okkar.

Sþ. 50. Tillaga til þingsályktunar [49. mál]

um endurskoðun á lögum um byggingarsamvinnufélög.

Flm.: Sigurður E. Guðmundsson, Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar semja frumvarp til nýrra laga um byggingarsamvinnufélög. Skal hraða samningu þess sem mest og leggja það síðan fram á næsta þingi.

Greinargerð.

Núgildandi lög um byggingarsamvinnufélög eru nú tæpra 20 ára, voru sett í febrúar 1952. Síðan hefur engin breyting verið á þeim gerð, og er það þó löngu tímabært. Margsinnis hefur verið stefnt að slíku, bæði af hálfu nefnda, er settar hafa verið í það verkefni af hálfu félagsmálaráðuneytisins, og einnig með tillöguflutningi á Alþingi. Þá hafa einnig verið flutt á Alþingi frumvörp til nýrra laga um byggingarsamvinnufélög, en allt hefur komið fyrir ekki. Enn situr við hið sama í þessum efnum.

Enginn vafi er á því, að byggingarsamvinnufélög eiga merku hlutverki að gegna í húsnæðismálum landsmanna, ef allt væri með felldu. En margir og miklir vankantar eru á núgildandi lögum um starfsemi þeirra, og sennilega er það skýringin á því, hve starfsemi þeirra er lítil um þessar mundir. Eftir því sem flutningsmenn bezt vita, er aðeins eitt byggingarsamvinnufélag með íbúðir í byggingu um þessar mundir. Nokkur, en þó örfá, félög eru þó starfandi, en standa ekki að byggingarframkvæmdum eins og er. Hin virðast hafa lagt upp laupana.

Á síðasta ári fór fram viðamikil endurskoðun á gildandi lögum um flesta aðra þætti húsnæðismálanna en þann, sem hér er til umræðu. Var þá verkamannabústaðakerfinu fenginn nýr stakkur, meðal annars, og eru nú að hefjast framkvæmdir á vegum þess. Það er skoðun flutningsmanna, að jafnmikil þörf sé á því að búa byggingarsamvinnufélögunum nýjan grundvöll til að starfa á. Í nálægum löndum, þar sem félagshyggjan er ríkust, gegna byggingarsamvinnufélög víða stórmerku hlutverki. Þannig ætti það einnig að vera hér á landi. En til þess þarf góðan lagalegan grundvöll, og því er þessi þingsályktunartillaga flutt um samningu nýrra laga um starfsemi þessara félaga.

Sþ. 51. Nefndarálit [35. mál]

um till. til þál. um fullgilding samnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samstarf á sviði menningarmála.

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd mælir með því, að tillagan verði samþykkt eins og hún er fram borin á þingskj. 35.

Alþingi, 28. okt. 1971.

Þórarinn Þórarinsson, form.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Eysteinn Jónsson, frsm.
Bjarni Guðnason.	Jóhann Hafstein.	Geir Hallgrímsson.
	Benedikt Gröndal.	

Ed. 52. Frumvarp til laga [50. mál]

um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Við 80. grein laga nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

„Þó skulu koma til framkvæmda hinn 1. ágúst 1971 eftirtalin ákvæði laganna:

a. Ákvæði 11. greinar um ellilífeyri.
b. Ákvæði 12. greinar um örorkubætur.
c. Ákvæði 14. greinar um barnalífeyri.
d. Ákvæði 15. greinar um mæðralaun.
e. Ákvæði 17. og 18. greinar um ekkjubætur og ekkjulífeyri.
f. Ákvæði 2. málsgr. 19. greinar um lágmarkslífeyri elli- og örorkulífeyrisþega.“

2. gr.

Við 16. gr. laganna komi ný málsgrein, sem hljóði svo: „Frá og með 1. ágúst 1971 skal þó fæðingarstyrkur aldrei vera lægri en svo, að nægi fyrir 7 daga dvöl á fæðingardeild, þar sem konan fæddi.“

3. gr.

Allan kostnaðarauka, sem af setningu þessara laga leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Tryggingamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að breyta og flýta gildistöku nokkurra ákvæða laga nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, en þau lög eiga að öðlast gildi hinn 1. janúar 1972.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við 80. grein laga nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

„Þó skulu koma til framkvæmda hinn 1. ágúst 1971 eftirtalin ákvæði laganna:

a. Ákvæði 11. greinar um ellilífeyri.
b. Ákvæði 12. greinar um örorkubætur.
c. Ákvæði 14. greinar um barnalífeyri.
d. Ákvæði 15. greinar um mæðralaun.
e. Ákvæði 17. og 18. greinar um ekkjubætur og ekkjulífeyri.
f. Ákvæði 2. málsgr. 19. greinar um lágmarkslífeyri elli- og örorkulífeyrisþega."

2. gr.

Við 16. gr. laganna komi ný málsgrein, sem hljóði svo: „Frá og með 1. ágúst 1971 skal þó fæðingarstyrkur aldrei vera lægri en svo, að nægi fyrir 7 daga dvöl á fæðingardeild, þar sem konan fæddi."

3. gr.

Allan kostnaðarauka, sem af setningu þessara bráðabirgðalaga leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. júlí 1971.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Magnús Kjartansson.

Sþ. 53. Fyrirspurnir. [51. mál]

I. Til viðskiptaráðherra um afurðalán iðnfyrirtækja.

Frá Pétri Péturssyni.

Hvenær má gera ráð fyrir, að iðnfyrirtæki, sem framleiða vörur til útflutnings, fái notið svipaðrar fyrirgreiðslu hjá bönkum varðandi afurðalán út á framleiðslu sína eins og aðrir atvinnuvegir, svo sem sjávarútvegur og landbúnaður?

II. Til samgönguráðherra um veggjald á Reykjanesbraut.

Frá Stefáni Gunnlaugssyni.

Hyggst ríkisstjórnin afnema veggjald á umferð um Reykjanesbraut, og sé svo, hvenær kæmi það til framkvæmda?

Nd. 54. Frumvarp til laga [52. mál]

um Jafnlaunadóm.

Flm.: Svava Jakobsdóttir.

1. gr.

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.

2. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Gildir þetta ekki aðeins um launagreiðslur, heldur um hvers konar greinarmun, útilokun eða forréttindi vegna kynferðis. Bannað er með öllu að skerða jafnrétti kynjanna til atvinnuráðningar, hlunninda, vinnuskilyrða og hækkunar í starfi.

3. gr.

Setja skal á stofn dómstól, er nefnist Jafnlaunadómur. Skal hann sitja í Reykjavík og vera fyrir allt landið.

Jafnlaunadómur skal skipaður 5 dómendum til þriggja ára í senn og skulu þeir ásamt jafnmörgum varadómendum skipaðir þannig: einn skipaður af Hæstarétti og er hann formaður dómsins, einn skipaður af félagsmálaráðherra, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, og skulu þessir þrír ásamt varamönnum hafa lokið embættisprófi í lögum, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands og einn skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands, og skulu þessir tveir ásamt varamönnum vera 20 ára eða eldri.

Málsmeðferð fyrir Jafnlaunadómi skal lúta reglum laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936.

Kostnaður við Jafnlaunadóm greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Verkefni Jafnlaunadóms er að dæma í málum, er rísa út af kærum um brot á lögum þessum.

Í úrskurðum sínum skal Jafnlaunadómur byggja, jafnframt þessum lögum, á lagastefnu þeirri, sem fram kemur í 3. gr. in fine laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, í fullgildingu Íslands á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 29. júní 1951, nr. 12/1958, og í lögum nr. 60/1961, um launajöfnuð kvenna og karla.

Jafnframt er Jafnlaunadómi rétt að hafa að engu mismunandi nafngiftir í sama starfi, sem uppi eru í því skyni að mismuna kynjum í launakjörum.

5. gr.

Kærendur og sóknaraðilar máls fyrir Jafnlaunadómi geta verið: 1) einstaklingur, sem telur brot á lögum þessum beinast gegn sér, og 2) starfshópar eða félagssamtök, sem telja atvinnurekanda hafa brotið gegn ákvæðum þessara laga.

6. gr.

Dómur Jafnlaunadóms í kærumáli einstaklings er bindandi sem ráðningarsamningur milli aðila og verður honum ekki skotið til æðri dóms. Sama gildir um ákvörðun Jafnlaunadóms um málskostnað.

Jafnlaunadómur getur dæmt atvinnurekanda til greiðslu sekta í ríkissjóð vegna brota á lögum þessum. Hámark sekta er kr. 250 000.00. Atvinnurekandi getur áfrýjað sektardómi Jafnlaunadóms til æðri dóms eftir almennum reglum.

7. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þessu frumvarpi um Jafnlaunadóm, ef að lögum verður, er ætlað það hlutverk að tryggja framkvæmd laga um jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu. Reynsla undanfarinna ára og áratuga sýnir, að lagasetning ein nægir ekki, til þess að fullkomið jafnrétti sé tryggt í þessum efnum. Með fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100 frá 29. júní 1951, nr. 12/1958, hefur Ísland skuldbundið sig til að tryggja jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf. Skal það gert m. a. með „ráðstöfunum, sem komið er á eða viðurkenndar eru með lögum, til ákvörðunar á launum".

Sú staðreynd blasir við, að þau störf sem konur vinna í þjóðfélaginu, eru metin til lágra launa. Það er því full ástæða til að ætla, að hvorki vinnuveitendur né það starfsmat, sem fram fer í landinu, taki nægilegt tillit til jafnréttissjónarmiða við launaákvörðun. Það yrði eitt af hlutverkum Jafnlaunadóms að skera úr um, hvort svo hefði verið gert.

Þá þekkjast og mörg dæmi um misrétti á vinnustað. „Sömu" störf eru iðulega nefnd mismunandi starfsheitum eftir því, hvort karl eða kona gegnir þeim. Þá sýna ýmsar athuganir, að raunborgun er hærri til karla en kvenna, enda þótt þau gegni sömu störfum, og ríkrar tilhneigingar gætir til að ganga fram hjá konum við hækkun í starfi. Þeir einstaklingar, sem eru þannig misrétti beittir, eiga oft örðugt um vik að fá leiðréttingu mála sinna. Með stofnun og starfrækslu Jafnlaunadóms ættu bæði einstaklingar, starfshópar og félagssamtök, sem teldu, að brotin hefðu verið jafnréttislög, leynt eða ljóst, kost á því að fá skorið úr þeim málum.

Enda þótt Jafnlaunadómi sé ætlað að þjóna báðum kynjum jafnt, verður að leggja sérstaka áherzlu á gildi hans fyrir konur. Þær eru yfirleitt í þeirri aðstöðu, að þær mega sín minnst á vinnustöðum, eiga sjaldnast aðild að launaákvörðun eða fulltrúa í stéttarfélögum og hafa að öðru leyti aðeins óbein áhrif á kjör sín.

Þar sem ríkrar tilhneigingar gætir á vinnumarkaði til þess að beina konum í láglaunaðar stöður, algerlega án tillits til menntunar þeirra eða hæfni, t. d. með auglýsingum vinnuveitenda eftir konum sérstaklega, er hér kominn vítahringur, sem samfélaginu ber skylda til að rjúfa. Það er skoðun flm., að stofnun Jafnlaunadóms sé raunhæf lausn að þessu marki.

Um 1. gr.

Orðalag 1. gr. er í samhljóðan við samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100, sem fjallar um „jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf" og fullgilt var af Íslands hálfu 17. febr. 1958. Þykir rétt að festa þetta orðalag í íslenzkum lögum samhliða þeim lögum, sem fyrir eru um jafnrétti karla og kvenna til launa. Í núgildandi lögum (lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, II. 3. gr., og lögum nr. 60/1961, um launajöfnuð karla og kvenna) er kveðið á um launajöfnuð karla og kvenna fyrir sömu störf. Í fjölmörgum starfsgreinum

vinna eingöngu konur og eru því ekki við „sömu“ störf og karlmenn. Það er skoðun flm., að til þess að tryggja konum óvilhallt mat í launaákvörðun, án tillits til kynferðis, þurfi að koma til enn traustari stoð í lögum en fyrir hendi er nú. Þessu ákvæði er ætlað að ná yfir allar konur í atvinnulífinu, án tillits til þess, hvert starf er unnið eða hver atvinnurekandinn er.

Um 2. gr.

2. gr. styðst við samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 25. júní 1958, nr. 111, er varðar misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs. Með fullgildingu þeirrar samþykktar árið 1964 hefur íslenzka ríkið skuldbundið sig til að fylgja stefnu, sem miði að því að koma á jafnrétti um vinnumöguleika eða meðferð í atvinnu og starfi og útrýma hvers konar misrétti í þessum efnum, einnig misrétti vegna kynferðis. Slík lagasetning, sem hér um ræðir, er í anda alþjóðasáttmála Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem Ísland undirritaði 30. des. 1968. Hún hlýtur einnig að teljast í samræmi við þá hugsjón manngildis og jafnræðis milli manna, sem íslenzk þjóð hefur ætíð talið sér mikilvægt að halda í heiðri. Benda má á, að í 3. gr. samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 111 hefur hvert aðildarríki skulbundið sig til þess m. a. að setja þau lög, sem telja megi að tryggi, að stefnan um jafnrétti í þessum efnum verði viðurkennd og virt.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir, að settur sé á stofn sérhæfður dómstóll, sem dæmi í málum, er rísa kunna vegna misréttis kynjanna í atvinnulífinu. Dómurinn er fjölskipaður og er meiri hluti dómenda löglærður. Hæstiréttur ásamt helztu aðilum vinnumarkaðarins, bæði í opinberum rekstri og einkarekstri, tilnefni dómendur. Gert er ráð fyrir sömu málsmeðferð fyrir dómnum og gildir um einkamál almennt í landinu.

Um 4. gr.

4. gr. afmarkar svið Jafnlaunadóms og skýrgreinir stöðu dómsins í réttarkerfi okkar. Hann dæmir aðeins í málum, sem rísa út af kærum um brot á 1. og 2. grein. Jafnhliða þeim lagaákvæðum á dómurinn að hafa til hliðsjónar þá lagastefnu, sem fram kemur í þeim lagaákvæðum, sem talin eru upp. Enn fremur er dóminum ætlað að sjá fyrir þau horn, sem einstakir vinnuveitendur hlaupa gjarnan fyrir í því skyni að mismuna kynjunum.

Um 5. gr.

Fimmta greinin fjallar um, hverjir það eru, sem geta borið upp mál fyrir Jafnlaunadómi.

Í fyrsta lagi getur sá einstaklingur, sem telur lagabrotið beinast gegn sér og vill fá leiðréttingu mála sinna, lagt málið fyrir Jafnlaunadóm. Það er í samræmi við almennar reglur.

Í öðru lagi geta starfshópar eða félagssamtök, sem telja atvinnurekanda hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara, lagt kærumál fyrir Jafnlaunadóm án málsaðildar þess einstaklings eða einstaklinga, sem hið meinta lagabrot beinist gegn. Er hér um nokkurt nýmæli að ræða miðað við íslenzkt réttarkerfi, þar sem réttargæzlan á þessu afmarkaða sviði er að marki fengin í hendur áhugamönnum um jafnrétti kynjanna.

Um 6. gr.

Samkvæmt 6. gr. er Jafnlaunadómur bær að breyta ráðningarsamningi, hvort sem hann er munnlegur eða skriflegur, til samræmis við ákvæði laga þessara. Þeirri niðurstöðu dómsins verður ekki áfrýjað. Ef ástæða þykir til að sekta atvinnurekanda vegna brota á lögum þessum, sætir slíkur sektardómur áfrýjun til Hæstaréttar.

Ákvæði 7. og 8. gr. þarfnast ekki úskýringa.

Sþ. 55. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um stofnun íslenzks sendiráðs í Kanada.

Flm.: Stefán Gunnlaugsson, Pétur Pétursson, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að staðsetja nú þegar íslenzkt sendiráð í Kanada.

Greinargerð.

Íslenzk sendiráð á erlendri grund eru nú 11 talsins, þar af eru 9 í Evrópu, en tvö eru í Ameríku; annað þeirra er staðsett hjá Sameinuðu þjóðunum og sinnir málefnum þeirra.

Ýmislegt bendir til, að tímabært sé nú orðið að taka til endurskoðunar staðsetningu sendiráðanna með það fyrir augum að gera þar breytingar á. Þessa tillögu ber að skoða sem lið í slíkri endurskipulagningu, en ekki sem áskorun til ríkisstjórnarinnar um fjölgun sendiráða.

Í Kanada eru búsettir fleiri einstaklingar af íslenzku bergi brotnir en annars staðar utan Íslands. Er fjöldi þeirra nú sagður yfir 40 000 talsins. Þeir hafa með ýmsu móti haldið nafni Íslands hátt á lofti í heimalandi sínu og sýnt þjóðrækni og ræktarsemi til alls, sem íslenzkt er. Mikilvægt er að halda og efla tengslin við kanadíska Vestur-Íslendinga. Staðsetning sendiráða Íslands í Kanada mundi styrkja þau tengsl.

Þau önnur rök, sem liggja til grundvallar þessari tillögu, byggjast einkum á vissum sameiginlegum hagsmunum Íslands og Kanada, sem tengdir eru fiskveiðum og sölu sjávarafurða, og fer mikilvægi þeirra nú vaxandi.

Í því sambandi skal bent á, hversu aðkallandi er, að reynt sé að hafa sem nánast samstarf við Kanadamenn í landhelgismálum og aðgerðum gegn ofveiði, en þeir hafa á þessum sviðum við lík vandamál að glíma og Íslendingar og svipuð viðhorf til lausnar þeim. Kanada er einn af aðalkeppinautunum á helzta freðfiskmarkaði Íslendinga, svo sem kunnugt er, og reynir nú að hasla sér völl á nýjum mörkuðum fyrir fiskafurðir, þar sem Íslendingar eru fyrir og hafa verið ráðandi til þessa. En það er á Evrópumörkuðum fyrir saltsíld, grásleppuhrogn og þorskhrogn. Einnig er minnt á samkeppni milli landanna við sölu á rækju og hugsanlega í framtíðinni einnig á saltfiskmörkuðum.

Augljós er hagkvæmni og gagnsemi þess að hafa sem bezt og vinsamlegust samskipti við þær þjóðir, sem átt er í samkeppni við á sviði verzlunarviðskipta, eins og reynslan sannar. Í því efni geta íslenzk sendiráð unnið ómetanlegt starf, ef rétt er á málum haldið.

Þá hefur opnazt markaður fyrir íslenzkar iðnaðarvörur í Kanada, og gæti öflugt og skipulagt starf íslenzks sendiráðs þar til frekari markaðsöflunar orðið að miklu gagni.

Leggja verður í vaxandi mæli áherzlu á að efla góð samskipti við þjóðir Suður-Ameríku með viðskipta- og fiskveiðihagsmuni fyrir augum á komandi tímum. Telja verður hæpið, að sendiráð Íslands í Bandaríkjunum geti eitt sinnt miklu lengur þeim verkefnum, sem þar þarf að vinna að. Íslenzkt sendiráð staðsett í Kanada gæti orðið að góðu liði í þeim efnum.

Sþ. **56. Tillaga til þingsályktunar** [54. mál]

um landhelgi og verndun fiskistofna.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Guðlaugur Gíslason, Jón Árnason, Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason, Jóhannes Guðmundsson, Lárus Jónsson, Sverrir Hermannsson, Matthías Á. Mathiesen, Jóhann Hafstein.

Alþingi ályktar að lýsa yfir:

1. Fiskveiðilögsaga Íslands nær yfir allt landgrunnið umhverfis landið.
   Ytri mörk landgrunnsins skulu vera 400 metra jafndýpislína, þangað til mörk þess verða ákveðin með lögum, en þó hvergi nær landi en 50 sjómílur frá grunnlínum. Alþingi felur nefnd þeirri, sem kosin var á síðasta þingi til þess að semja frumvarp til laga um rétt Íslendinga til landgrunnsins og hagnýtingar auðæfa þess, að ljúka störfum sem fyrst, svo að Alþingi það, er nú situr, geti fengið slíkt frumvarp til meðferðar og afgreiðslu.
   Í næstu 3 ár er erlendum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar upp að 50 mílna mörkum frá grunnlínum, nema þar sem sérstök friðunarsvæði kynnu að vera ákveðin utan þeirra marka.
   Ályktun þessi kemur til framkvæmda þann dag, sem ákveðinn verður af yfirstandandi Alþingi.
2. Ákveðin skulu friðunarsvæði á mikilvægum uppeldisstöðvum ungfisks á landgrunninu út að ytri mörkum þess. Heimilt er að miða aðgerðir þessar við tiltekinn tíma árs, við ákveðin veiðitæki og veiðiaðferðir og við stærð fiskiskipa. Friðunaraðgerðir þessar skulu ganga í gildi 1. marz 1972.
3. Settar skulu reglur um tímabundna friðun ákveðinna hrygningarsvæða innan núgildandi fiskveiðimarka, m. a. hluta af Selvogsbanka og tiltekinna svæða við Vestmannaeyjar. Reglur þessar skulu gilda frá 1. marz 1972.
4. Ríkisstjórninni er falið að halda áfram og auka þátttöku í samstarfi þjóða til þess að hindra ofveiði og tryggja Íslendingum eðlilega hlutdeild í fiskveiðum á úthöfum, þar sem íslenzkir fiskveiðihagsmunir ná til.
5. Ríkisstjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir skaðlega mengun sjávar við strendur landsins og á hafinu umhverfis það og eiga samstarf við aðrar þjóðir í því efni, eftir því sem þörf krefur.

Við framkvæmdir samkvæmt þingsályktun þessari skal ríkisstjórnin hafa samráð við Hafrannsóknastofnunina og Fiskifélag Íslands.

Greinargerð.

Það er yfirlýst markmið Íslendinga í landhelgismálinu, að íslenzk fiskveiðilandhelgi nái yfir allt landgrunnið umhverfis landið. Lögin frá 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins byggjast á því, að Ísland hafi rétt til þess að láta íslenzk lög og reglur gilda á landgrunnssvæðinu. Í ályktun Alþingis 5. maí 1959 var ákveðið að afla viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls. Ályktun Alþingis frá 7. apríl 1971 kvað svo á, að samið skyldi og lagt fyrir þetta þing frumvarp, þar sem m. a. væru „ákvæði um óskertan rétt Íslendinga til fiskveiða í hafinu yfir landgrunninu".

Þegar Íslendingar leggja nú út í örlagaríka baráttu fyrir fjöreggi sínu, finnst flutningsmönnum hyggilegt að stíga skrefið til fulls og lýsa yfir fiskveiðilögsögu á landgrunninu öllu. Þessi afstaða er í beztu samræmi við starf okkar og stefnu undanfarna tvo áratugi, og hún er rökrétt afleiðing þess, að landgrunnið er landfræðilegur hluti landsins.

Nú er viðurkennt orðið, að hvert land eigi allar auðlindir á og í sjávarbotni á öllu landgrunni sínu. Sú röksemd Íslendinga hlýtur að vera þung á metunum á alþjóðavettvangi, að með sama rétti eigum við fiskimiðin á og yfir þessu sama landgrunni.

Nefnd var kosin á síðasta þingi til þess að semja frv. til laga um „skilgreiningu á landgrunni Íslands miðað við sem næst 400 metra jafndýpislínu, möguleg hagnýtingarmörk eða 50 mílur eða meira frá grunnlínum umhverfis landið, eftir því sem frekari rannsóknir segja til um að hagstæðast þyki". Þangað til þessi lög verða sett, þykir rétt að miða ytri mörkin við 400 metra jafndýpislínu, þó svo, að hvergi komi nær landi en 50 sjómílur frá grunnlínum. En jafnframt er lögð áherzla á það í tillögunni, að nefnd þessi hraði störfum, svo að Alþingi það, er nú situr, fái frumvarp hennar til meðferðar og afgreiðslu.

Um leið og tillagan ákveður, að allt landgrunnið skuli vera fiskveiðilandhelgi Íslands, er gert ráð fyrir því til bráðabirgða, að erlend fiskiskip megi stunda veiðar upp að 50 mílna mörkum í næstu 3 ár, nema þar sem friðunarsvæði á landgrunninu ná út fyrir þau mörk.

Með hliðsjón af því, að ríkisstjórnin hefur samið við Breta og Vestur-Þjóðverja um að hefja viðræður við þá um landhelgismálið í nóvember, þykir ekki ástæða til að tiltaka nú þann dag, sem útfærsla landhelginnar gangi í gildi. Er lagt til, að hún komi til framkvæmda þann dag, sem yfirstandandi Alþingi ákveður.

Í 2. lið tillögunnar segir, að ákveða skuli friðunarsvæði á mikilvægum uppeldisstöðvum ungfisks. Er hér fyrst og fremst átt við svæði utan 12 mílna út að ytri mörkum landgrunnsins. Þessar friðunaraðgerðir skulu ganga í gildi 1. marz 1972. Hér getur verið um algera friðun að ræða eða friðun á tilteknum árstíma. Einnig mætti banna tilteknar veiðiaðferðir og veiðitæki eða banna veiðar fiskiskipa yfir ákveðna stærð. Friðunaraðgerðir hafa oft verið ræddar á alþjóðafundum. Norður-Atlantshafsnefndin hefur t. d. árum saman rætt um friðun fyrir Norðausturlandi. Með þingsályktuninni frá 7. apríl s. l. fól Alþingi ríkisstjórninni „að undirbúa nú þegar friðunaraðgerðir fyrir öllum veiðum til verndar ungfiski á landgrunnssvæðinu utan 12 mílna markanna, þar sem viðurkennt er, að um helztu uppeldisstöðvar ungfisks sé að ræða". Með þessari tillögu, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að nú sé látið til skarar skríða, slík friðunarsvæði ákvörðuð og gangi í gildi strax í vetur.

Líklegt er, að friðunaraðgerðir mæti skilningi og samúð hjá mörgum þjóðum, svo mikinn og góðan hljómgrunn eiga um þessar mundir náttúruvernd, friðun og barátta gegn rányrkju og ofveiði.

3. liður segir, að settar skuli reglur um tímabundna friðun ákveðinna hrygningarsvæða innan núgildandi fiskveiðitakmarka, m. a. hluta af Selvogsbanka og tiltekinna svæða við Vestmannaeyjar. Vitað er, að á þessu svæði eru helztu hrygningarstöðvar aðalnytjafisks okkar, þorsksins. Hefur ásókn með veiðar í net farið vaxandi ár frá ári á þessu svæði, auk þess sem mun meiri tækni er farið að beita við veiðarnar en áður þekktist. Er því ekki óeðlilegt, þó að nokkurs uggs sé farið að gæta hjá mörgum sjómönnum, sem veiðar stunda á þessu svæði, að um ofveiði geti verið að ræða. Þegar á árinu 1957 gerði Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi í Vestmannaeyjum einróma ályktun, þar sem bent var á nauðsyn þess að friða ákveðin hrygningarsvæði á þeim tíma, sem vitað er, að hrygningin fer fram. Ályktun þessi var send sjávarútvegsráðuneytinu, ásamt sjókortum, sem tilgreind hrygningarsvæði voru færð inn á. Á Alþingi 1961 var flutt tillaga um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins, og náði sú tillaga samþykki Alþingis hinn 11. apríl 1962, en nokkuð breytt að efni til. Af framkvæmdum hefur enn ekki orðið, en ástandið er þannig, að vegna stóraukinnar tækni við veiðarnar á fiskurinn nú orðið bókstaflega hvergi griðland, þegar hann sækir inn á umrætt svæði til hrygningar. Með góðum árangri er verið að stórauka lax- og silungsveiði í ám og vötnum með auknu klaki. Enn

meiri nauðsyn er að gera verndunarráðstafanir á helztu hrygningarsvæðum aðalnytjafisks okkar.

Nú eru í gildi ýmsar verndarráðstafanir við strendur landsins. Má þar meðal annars nefna friðun Faxaflóa og Breiðafjarðar fyrir togveiðum, takmarkanir á dragnótaveiðum og tímabundið bann við síldveiðum.

Með 2. og 3. lið þessarar tillögu er lagt til, að Íslendingar stígi stór skref til verndar fiskistofnanna. Flm. telja það styrkja stórum málstað þjóðarinnar á alþjóðavettvangi, þegar hún sjálf sýnir í verki eindreginn vilja til að vernda og friða hrygningar- og uppeldisstöðvar nytjafiska og leggur sjálf hart að sér í því efni.

Samkvæmt 4. lið skal ríkisstjórnin halda áfram að auka þátttöku í samstarfi þjóða til þess annars vegar að koma í veg fyrir ofveiði og hins vegar til að tryggja eðlilega hlutdeild Íslendinga í fiskveiðum utan landgrunnsins, á úthöfum, hvar sem íslenzkir fiskveiðihagsmunir ná til.

Íslendingar hafa hagsmuna að gæta á fjarlægum veiðisvæðum, t. d. í Norðursjó og við austurströnd Norður-Ameríku. Íslenzk stjórnvöld verða því að fylgjast vandlega með allri þróun mála á þessum fiskimiðum og öðrum, sem oft hafa verið drjúg íslenzkri útgerð. Eigi þarf síður að gæta hagsmuna landsins að því er snertir fiskveiðar í nánd við Ísland, utan landgrunns, t. d. við Grænland og á hafinu milli Íslands og Noregs. Allt varðar þetta bæði ofveiðihættu og skömmtun eða kvótakerfi, ef til slíks ætti að grípa. Ekki má það heldur gleymast, að göngur fiskistofna breytast frá ári til árs, eins og dæmin sanna. Verður hér að vera vel á verði.

Með 5. lið tillögunnar er ríkisstjórninni falið að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir skaðlega mengun sjávar við strendur landsins og á hafinu umhverfis það og eiga samstarf við aðrar þjóðir í því efni.

Af hinni síauknu óhreinkun sjávar stafar ekki aðeins hvimleiður óþrifnaður, heldur og stórfelldur háski fyrir fiskistofnana. Ráðstafanir gegn þessari geigvænlegu hættu þurfa að vera margþættar.

Fyrst þurfum við að líta í eigin barm. Í höfnum á Íslandi og með ströndum fram brestur víða á æskilegt hreinlæti. Olíur og úrgangsefni menga sjóinn allt of víða. Við þurfum sjálf að gera hreint fyrir okkar dyrum. Við þurfum að setja strangar reglur fyrir íslenzk skip og erlend, er hingað koma, og framfylgja þeim. Í annan stað þarf mengunarlögsaga að ná langt á haf út. En jafnvel þótt hún yrði ákveðin 100—200 mílur, nægir það engan veginn. Úrgangsefni, sem hleypt er í hafið mörg hundruð sjómílur frá Íslandi, geta borizt með hafstraumum upp að ströndum landsins, á fiskimið, hrygningar- og uppeldisstöðvar, og valdið óbætanlegum usla. Samstarf þarf við aðrar þjóðir til þess að fyrirbyggja slík skaðaverk. Helzt þyrfti hvert ríki að bera ábyrgð á þeim skipum, sem þar eru skráð, og hafa virka umsjón með því, að varúðarreglum sé fylgt. Merkur atburður á þessu sviði var ráðstefna, sem haldin var nú í októbermánuði í Osló með þátttöku 12 ríkja.

Að lokum er lagt til, að ríkisstjórnin skuli hafa samráð við Hafrannsóknastofnunina og Fiskifélag Íslands um framkvæmdir samkvæmt þessari þingsályktun.

Ed. 57. Frumvarp til laga [55. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Björn Fr. Björnsson.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 8. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé um atvinnurekstur að ræða á afréttum, er sveitarfélögum, sem þar eiga eignar- eða afnotarétt, heimilt að innheimta aðstöðugjald af atvinnurekstrinum í samræmi við ákvæði þessa kafla.

2. gr.

a-liður 30. gr. laganna orðist svo:

Hvert sveitarfélag leggur útsvar á íbúa sína, sbr. 13. gr. laga nr. 35/1960, um lögheimili. Þeim sveitarfélögum, sem eiga eignar- eða afnotarétt að afréttum, er heimilt að leggja útsvör á þá, sem þar hafa fast aðsetur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Heimild til álagningar og innheimtu sveitarsjóðsgjalda er fyrst og fremst bundin við íbúa og atvinnurekstur í viðkomandi sveitarfélagi, sbr. 8. og 30. gr. laga nr. 51/1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Bein ákvæði eru ekki talin vera í löggjöf okkar Íslendinga um það, hver mörk sveitarfélaga séu, þegar til afrétta kemur og nær dregur hálendi landsins. Í stjórnarskrá okkar segir: „Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.“

Í samræmi við þetta stjórnarskrárákvæði hafa svo verið sett lög um sveitarstjórnir, og lög þau, sem nú gilda þar um, eru frá 1961, nr. 58. Þar segir í 1. gr.: „Ríkið skiptist í sveitarfélög, sem ráða sjálf málefnum sínum undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar (félagsmálaráðuneytisins), samkvæmt því sem lög ákveða.“ Í 2. gr. þessara laga segir, að með sveitarfélögum sé átt við hreppa og kaupstaði. Enn fremur, að staðarmörk sveitarfélaga skuli vera hin sömu og nú, en ráðuneytið geti breytt þeim samkvæmt því, sem nánar greini í lögunum. Um mörk sýslufélaga eru eigi fremur bein lagaákvæði, en gömul og viðtekin munu mörk þeirra vera og eflaust víðast hvar ljós og óumdeild, nema ef vera skyldi er til hálendisins kemur.

„Ríkið skiptist í sveitarfélög,“ segir í sveitarstjórnarlögum. Það mætti því ætla, að enginn væri sá staður eða landssvæði, að eigi félli til einhvers hrepps eða kaupstaðar.

Nú er það vitað, að víða eru afréttir til og það frá fornu fari, sem einstök sveitarfélög telja sig eigi hafa einungis óbein eignarréttindi að, svo sem veiðirétt og upprekstrarrétt, heldur einnig bein eignarréttindi að, þ. e. eiga landeignina sjálfa og hún heyri til sveitarfélaginu. Nærtækast dæmi í svipinn er Holtamannaafrétt innan Rangárþings. Þar eru hreppar, sem telja sig vera eignaraðila að afréttinni, og um langa tíma hafa þeir nytjað það landssvæði. Þarna eiga sér stað miklar framkvæmdir til undirbúnings stórvirkjunum við Sigöldu og Hrauneyjarfossa. Hundruð manna hafa þar stöðuga atvinnu mikinn hluta árs, og þegar til kemur, munu þeir eigi verða allfáir, sem setjast þar að til fulls.

Hvað sem öðru kann að líða, verður að telja það fráleitt, að minnsta óvissa ríki um greiðsluskyldu þessa fólks og framkvæmdaraðila til sveitarfélaganna, sem þessi landshluti heyrir til.

Flutningsmaður þessa frumvarps telur einsætt, að í lögum um tekjustofna sveitarfélaga sé næg stoð þeim sveitarfélögum, sem afréttir hafa nýtt eða eiga, til þess að leggja á sveitargjöld og innheimta hjá fyrirtækjum og því fólki, sem á þeim slóðum starfar. En til þess að koma í veg fyrir hugsanlegan ágreining þykir rétt að skerpa ákvæði laganna að þessu leyti, og því er þetta frumvarp flutt.

Ed. 58. Breytingartillögur [33. mál]

við frv. til laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.
   Í skólanefnd eiga sæti 7 menn. Ráðuneytið skipar 5 skólanefndarmenn til 4 ára í senn: tvo samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, annan úr farmannastétt, hinn úr fiskimannastétt, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Formann skipar ráðuneytið án tilnefningar. Tvo skólanefndarmenn skipar ráðuneytið til eins árs í senn samkvæmt tilnefningu nemenda skólans. Tilnefning fulltrúa nemenda skal fara fram eftir reglum, sem ráðuneytið setur.
   Skólanefndin skal fylgjast með kennslutilhögun og námsefni og vera skólastjóra til aðstoðar í málefnum skólans almennt.
2. Við 15. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem um getur í 5. gr., svo og þá fræðslu, sem þarf til að standast fiskimannapróf 1. stigs og jafnframt til að setjast í 2. bekk í stýrimannaskóla, skal skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík láta halda árlega á eftirtöldum stöðum, þegar næg þátttaka er að dómi ráðuneytisins: Akureyri, Ísafirði, Neskaupstað og Keflavík eða Njarðvík.

Sþ. 59. Tillaga til þingsályktunar [56. mál]

um endurskoðun orkulaga.

Flm.: Jón Árnason, Gunnar Gíslason, Matthías Bjarnason, Guðlaugur Gíslason, Friðjón Þórðarson, Ólafur G. Einarsson, Lárus Jónsson, Pétur Sigurðsson, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar endurskoða orkulög, nr. 58 29. apríl 1967, með það fyrir augum, að komið verði á sérstökum orkuveitum landshluta, er taki við verkefnum Rafmagnsveitna ríkisins. Aðilar að þeim landshlutaveitum gætu einnig orðið aðrar rafveitur, sem fyrir eru á hverju svæði.

Þá skal einnig athuga, hvort ekki sé rétt, að ákvæði IV. kafla laganna, um Rafmagnseftirlit ríkisins, verði í sérstökum lögum og að stofnun sú heyri beint undir ráðherra.

Enn fremur skulu ákvæði laganna um hlutverk Orkustofnunar endurskoðuð, svo og önnur ákvæði, ef þurfa þykir.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga var flutt á síðari hluta síðasta þings, en náði þá ekki að hljóta afgreiðslu Alþingis. Tillögunni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Þótt ekki sé langt um liðið frá setningu orkulaga, en Alþingi samþykkti þau 18. apríl 1967, teljum við mjög tímabært og nauðsynlegt að taka þau til endurskoðunar og gera á þeim, eða sumum köflum þeirra, verulegar breytingar. Er þar fyrst að nefna kaflann um Rafmagnsveitur ríkisins. Skömmu áður en orkulögin voru sett, hafði Alþingi samþykkt lög um Landsvirkjun og Laxárvirkjun, tvö raf-

orkufyrirtæki í sameign ríkis og sveitarfélaga fyrir tiltekin svæði í landinu. Lítum við flm. svo á, að með því hafi verið mörkuð sú stefna, er fylgja beri í raforkumálum, þ. e. að skipta landinu í orkuveitusvæði eftir hagkvæmum landfræðilegum mörkum og stjórnunarlegum, t. d. í samræmi við núverandi kjördæmi. Fyrir þessu er mjög vaxandi áhugi um byggðir landsins. Í öllum landshlutum eru risin eða að rísa orkuver, sem byggja grunninn undir þessa skipan mála. Viðurkennt er, að í vatnsorkunni er ein mesta auðlind lands okkar, sem með látlausum tækniframförum verður auðnýttari, og jafnframt kalla tækniframfarirnar á síaukna orkunotkun, sem í senn tryggir fjárhagsgrunn orkuveitnanna og kallar fram vilja íbúanna á hverju svæði til valds yfir þessum verðmætum, stjórn þeirra og ábyrgð allri. Menn átta sig sífellt betur og betur á því, að raforkumál eru í því engin undantekning, að sjálfs er höndin hollust, og fjarstýringar frá miðstöð í höfuðborginni er ekki þörf, umfram það, sem auðvitað er eðlilegt, að raforkuráðuneyti hafi yfirstjórn raforkumála. Skipa ætti þessum málum í sérstökum lögum.

Orkusjóður fær nú verðjöfnunargjald af raforku, og gengur gjaldið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins. Fullkomlega eðlilegt er að taka raforkugjald í einhverju formi í sameiginlegan sjóð, m. a. til að jafna nokkuð aðstöðu ýmissa byggðarlaga til raforkunotkunar, einkum vegna dreifingar, þar sem vegalengdir eru miklar. Sá stuðningur á að koma sem stofnframlag í framkvæmdir, svo sem dreifilínur o. fl., en ekki sem rekstrarstyrkur. Á þennan hátt stendur eftir sem áður ólömuð hvöt til hagfellds rekstrar á svæðinu, sem er hið mikilvægasta atriði, sem nýtur sín þar, sem ábyrgð, áhætta og ávinningur eru í órofa tengslum. Misjafnlega hagkvæm orkuframleiðsla hefur áhrif á heildarafkomu svæðisins, m. a. getur mjög hagkvæm virkjunaraðstaða bætt verulega upp óhagstæða dreifingu.

Hin nýja stétt, tæknimennirnir dreifast um landið, verða burðarásar í athafnalífi byggðanna miklu fremur, þegar þeir eru starfsmenn svæðanna, en ekki sendimenn til skamms tíma í útlegð frá Reykjavík.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá nú víða um dreifingu orkunnar til almennra nota og víðast hvar í strjálbýlinu. Við teljum, að þessa dreifingu orkunnar eigi orkuveitur svæðanna að hafa með höndum, enda sé þá tryggt, að eðlilegt samstarf sveitarfélaga á orkuveitusvæðinu sé fyrir hendi.

Með vaxandi raforkunotkun og almennu dreifikerfi um land allt er gert ráð fyrir, að tengt verði saman raforkunet milli fjórðunga. Ýmsir telja, að skilyrði þessarar samtengingar sé, að eitt fyrirtæki og þá helzt ríkið hafi alla framleiðslu og höfuðdreifingu. Þetta teljum við mesta misskilning. Samtengingin á að gerast með viðskiptasamningi milli tveggja eða fleiri orkuveitna, sem mætast á jafnréttisgrundvelli að semja um beggja eða allra hagsmuni.

Orkuveitur svæðanna verða fyrirtæki sveitarfélaga eða sameiginlega ríkis og sveitarfélaga. Þau skapa jafnréttistilfinningu fólksins, þar sem engin svæði eru 2. flokks.

Í tillögugreininni gerum við ráð fyrir, að athugað verði um það, að Rafmagnseftirlit ríkisins sé tekið út úr orkulögunum og verði sett sjálfstæð löggjöf um þessa stofnun, sem heyri beint undir ráðherra. Teljum við þá skipan eðlilega.

2. gr. laganna um hlutverk Orkustofnunar, þarf að endurskoða. Þar eru viðfangsefni nefnd, er eðlilegra væri að heyrðu beint undir raforkuráðuneytið. Undirstrika ber mjög rækilega, að Orkustofnunin sé rannsókna- og ráðgefandi stofnun, en hafi ekki með höndum framkvæmdir eða annan rekstur. — Fleira kemur til athugunar í þessari löggjöf, m. a. efling Orkusjóðs, svo að hann geti betur stuðlað að aukinni orkuöflun og dreifingu með beinum fjárframlögum og lánveitingum til orkuveitna í hinum ýmsu landshlutum, enda verði sjálfar raflínurnar um dreifbýlið lagðar með ríkisframlögum, svo sem verið hefur“.

Ed. 60. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Framan við 1. gr. frv. bætist:

Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneyti“ í 1. mgr. 2. gr. laganna og hvarvetna annars staðar í lögunum komi: landbúnaðarráðuneyti.

Alþingi, 28. okt. 1971.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Jón Árm. Héðinsson.
Steinþór Gestsson.	Páll Þorsteinsson.	Jón Árnason.
	Björn Jónsson.	

Sþ. 61. Þingsályktun [35. mál]

um fullgilding samnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samstarf á sviði menningarmála.

(Afgreidd frá Sþ. 2. nóv.)

Samhljóða þskj. 35.

Sþ. 62. Tillaga til þingsályktunar [57. mál]

um athugun á öryggismálum Íslands.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson, Stefán Gunnlaugsson, Eggert G. Þorsteinsson, Sigurður E. Guðmundsson, Pétur Pétursson, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela utanríkismálanefnd að gera ýtarlega athugun á öryggismálum Íslands. Nefndin skal meðal annars athuga:

1) Gildi varnarsamtaka Atlantshafsbandalagsins fyrir öryggi Íslands.
2) Gildi Íslands innan þessara varnarsamtaka.
3) Áhrif hinnar miklu aukningar á flotastyrk stórvelda á Norður-Atlantshafi á stöðu Íslands og nágranna þess.
4) Viðhorf næstu nágrannaþjóða til eftirlitsstöðvanna á Íslandi með sérstöku tilliti til Grænlands, Færeyja og Noregs.
5) Gildi radarstöðva og orrustuflugsveitar á Íslandi fyrir öryggi landsins og varnarkerfið í heild.
6) Starf varnarliðsins með tilliti til hlutverka þess.
7) Möguleika Íslendinga til að taka meiri þátt í eftirlitsstarfi yfir Atlantshafi, a. m. k. yfir landgrunninu eða að 100 mílna mengunarlögsögu.
8) Kostnað við varnir landsins og efnahagslega þýðingu þeirra fyrir Íslendinga.

Utanríkismálanefnd er heimilað að ráða starfslið til að vinna að rannsókn þessari og senda fulltrúa til næstu landa til gagnasöfnunar. Nefndin skal gera ýtarlega skýrslu um öll þessi mál og leggja hana fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er.

Greinargerð.

Sú stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar, að varnarliðið skuli hverfa af landi burt á næstu 3—4 árum, hefur beint athygli þjóðarinnar mjög að öryggismálum, og hafa risið um þau miklar deilur.

Það hefur vakið athygli, að ríkisstjórnin telur sig ekki hafa þær upplýsingar um öryggismálin, að hún geti um þau rætt við aðrar þjóðir, enda þótt hún hafi þegar ákveðið stefnuna á þessu sviði. Mun ríkisstjórnin nú vinna að rannsókn þessara mála. Er ekkert vitað um þá rannsókn, hverjir hana annast eða hvernig hún fer fram — nema hvað ráðherranefnd, harla einkennilega saman sett fyrir þessi mál — virðist eiga að fjalla um þau.

Þar eð öryggismál landsins verða mjög til umræðu næstu ár og taka verður örlagaríkar ákvarðanir um þau, er augljós þörf á mun meiri upplýsingum en almenningur hefur hingað til átt kost á. Þess vegna virðist eðlilegt, að Alþingi taki þessi mál til meðferðar og láti fram fara í utanríkismálanefnd ýtarlega athugun á þeim. Löggjafarþing þjóðarinnar á ekki að láta við það sitja að bíða eftir niðurstöðum leynilegrar rannsóknar á vegum ríkisstjórnarinnar. Þingið á að kynna sér slík mál á sjálfstæðan hátt, áður en ákvarðanir eru teknar, og veita þjóðinni hlutdeild í slíkri rannsókn.

Í utanríkismálanefnd eiga fulltrúar allra flokka sæti. Þar geta öll sjónarmið komið fram, og er því enginn aðili eðlilegri til að láta fram fara þá rannsókn, sem hér er gerð tillaga um. Nefndin getur rætt við innlenda menn og útlenda, leitað álits sérfræðinga og leikmanna og sent undirnefndir í heimsóknir til næstu landa, ef þess verður talin þörf.

Árangur þessarar athugunar ætti að verða ýtarleg skýrsla, sem birt yrði almenningi. Þar ætti fyrst og fremst að draga saman allar þær upplýsingar, sem nefndarmenn telja máli skipta. Þessar upplýsingar eiga að gera bæði nefndarmönnum og allri þjóðinni auðveldara að móta sér skoðanir á öryggismálunum.

Nd. 63. Frumvarp til laga [58. mál]

um Fræðslustofnun alþýðu.

Flm.: Sigurður E. Guðmundsson, Stefán Gunnlaugsson, Pétur Pétursson.

1. gr.

Setja skal á stofn Fræðslustofnun alþýðu. Skal starf hennar vera grundvöllur fyrir skipulegri eflingu almenningsmenntunar í landinu (fullorðinsmenntunar).

2. gr.

Stofnunin hefur fjórþætt markmið:

A. Hún skal veita fjárhagslegan stuðning þeim fjölskyldumönnum, körlum og konum, er til hennar leita um slíkt, í því skyni að afla sér menntunar eða auka þegar fengna þekkingu, menntun eða réttindi — þó ekki þeim, er stunda nám í hinu almenna skólakerfi, né þeim, er eiga aðgang að Lánasjóði íslenzkra námsmanna. Stuðningur þessi skal vera í mynd fræðslubóta. Skulu beiðnir um þær metnar eftir þörfum umsækjenda (fræðsluþega), efnahag, fjölskyldustærð o. fl. þ. h., skv. reglugerð þar um, er ráðherra setur.

B. Hún skal, skv. nánar settum reglum, veita fjárhagslegan stuðning þeim aðilum, er gefa almenningi kost á sjálfsmenntun, enda leiði slíkt til þess, að hún verði mönnum mun ódýrari og auðfengnari en nú er. Heimilt skal stofnuninni sjálfri að efna til slíkrar fræðslustarfsemi. Setja skal reglur, er tryggi þeim, sem lokið hafa prófum eða náð tilskildum áföngum á vegum slíkrar starfsemi, aðgang að öðrum námsbrautum í eða til hliðar við hið almenna skólakerfi.
C. Hún skal standa fyrir og kosta námskeið, er haldin séu fyrir vinnandi fólk því til endurhæfingar og þjálfunar vegna starfa þess í atvinnulífinu. Heimilt er stofnuninni að kosta slík námskeið á vegum annarra aðila.
D. Hún skal leggja fram fé til að kosta þjálfunar- og fræðslunámskeið fyrir fólk, er gegnir trúnaðarstörfum í launþegasamtökunum. Heimilt er stofnuninni sjálfri að efna til slíkra námskeiða.

3. gr.

Fé stofnunarinnar skal ráðstafa þannig í meginatriðum:
A. 40% árlegra tekna skal verja til að kosta þá starfsemi, er greinir í A-lið 2. gr. laga þessara.
B. 40% árlegra tekna skal verja í því skyni, er greinir í B-lið 2. gr.
C. 10% árlegra tekna skal verja til þess, er greinir í C-lið 2. gr.
D. 10% árlegra tekna skal verja til að kosta það starf, er greinir í D-lið 2. gr. laga þessara.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa 7 menn. Skulu 5 þeirra kjörnir hlutbundinni kosningu á Alþingi, einn skal tilnefndur af miðstjórn Alþýðusambands Íslands og annar af stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Fræðslunefnd skal vera stjórninni til ráðuneytis. Skal hún skipuð 9 manns, er tilnefndir séu af aðilum vinnumarkaðarins, skv. reglugerð. Ráðherra skipar formann sjóðsstjórnar og formann fræðslunefndar.

5. gr.

Allan kostnað við rekstur stofnunarinnar skal greiða úr ríkissjóði.

6. gr.

Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum stjórnar og fræðslunefndar stofnunarinnar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi því, sem hér er lagt fram, er stefnt að því fyrsta sinni að mynda grundvöll til skipulegrar eflingar almenningsmenntun á Íslandi (fullorðinsmenntun), utan hins almenna skyldunámskerfis. Er tilgangurinn sá að gera því fólki fært að stunda nám og efla menntun sína og þekkingu, er einhverra hluta vegna hefur að meira eða minna leyti farið á mis við hana á yngri árum sínum eða vill auka við hana. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að með lögum þessum geti fólk öðlazt endurhæfingu í starfi eða frekari þjálfun. Loks er einnig ráðgert, að skv. lögum þessum verði unnt að fjármagna og efna til fræðslunámskeiða fyrir trúnaðarmenn launþegasamtakanna.

Um áratugaskeið hefur háttað svo til á hinum Norðurlöndunum, að veitt hefur verið mikið fjármagn af hálfu hins opinbera til eflingar fræðslustarfi meðal almennings. Þar sem hér hefur sú stefna verið ríkjandi, að hver sá, sem afla vildi sér menntunar, skyldi eiga hennar kost án þess að þurfa að greiða fyrir hana. Og í öllum löndunum hafa starfað öflug og viðtæk skyldunámskerfi fyrir unga fólkið. En sá hefur þó verið munurinn á framkvæmd þessarar stefnu, að þar ytra hefur verið grundvöllur fyrir almennri fullorðinsmenntun, þar hafa starfað öflug frjáls fræðslusamtök almennings, er notið hafa svo ríkulegra fjárframlaga úr hendi hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga, að fræðslustarfið hefur verið þeim afar ódýrt, er hafa notið þess. Hin mikla, öfluga og afar mikilvæga almenna fræðslustarfsemi þar á sér fyrst og fremst rætur í alþýðuhreyfingunni, þ. e. í verkalýðs- og launþegasamtökunum og jafnaðarmannaflokkunum. Á þeirra vegum hafa í öllum löndunum fjórum verið byggð upp geysisterk fræðslusamtök, er ýmist nefnast Arbejdernes Oplysningsforbund (í Danmörku og Noregi) eða Arbetarnas Bildningsförbund (í Finnlandi og Svíþjóð). Auk þeirra eru þó mörg önnur almenn fræðslusamtök til í þessum löndum. En sammerkt þeim öllum er, að þau reka fræðslustarfsemi, sem stendur öllum til boða og allir geta tekið þátt í kostnaðarins vegna. Er þar fyrst og fremst um að ræða fólk, sem ýmist vill afla sér frekari þekkingar en það hefur þegar öðlazt, endurhæfa sig til nýrri og flóknari starfa eða læra eitthvað nýtt. Gjarnan er þá svo um hnútana búið, að þegar ákveðnum þekkingarstigum er náð, eiga menn þess kost að ganga með einum hætti eða öðrum inn í hið almenna menntunarkerfi og halda þar áfram námi sínu.

Enginn vafi er á því, að hér á landi er full þörf á að koma upp stofnun, er hefði það verkefni með höndum að opna dyr menntunar og fræðslu þeim, er einhverra hluta vegna hafa ekki getað aflað sér hennar í nægilega ríkum mæli á yngri árum. Þess eru fjölmörg dæmi, bæði fyrr og síðar, að þeir, sem ungir fóru á mis við skipulagða menntun, töldu sig hafa misst af tækifæri, er þeir hörmuðu síðan alla ævi. En svo hörmulegt sem það hefur verið fyrir þá einstaklinga, er hér hafa átt hlut að máli, er enginn vafi á því, að þar hefur þjóðfélagið í ótalmörgum tilfellum farið á mis við og misst af miklum hæfileikum og góðum gáfum, er hefðu þurft að öðlast fullan þroska. Slíka sóun getur þjóðin ekki leyft sér lengur. En þessu til viðbótar má benda á hið gífurlega misrétti, sem felst í því, að nokkur hluti þjóðarinnar skuli geta átt þess kost að öðlast alla þá menntun og þekkingu, sem skólakerfið getur boðið upp á, auk þess sem veitt er geysilegt fjármagn til þess, að sumt þessa fólks geti stundað nám erlendis, — en hinn hlutinn, sem vitaskuld greiðir allan þennan námskostnað að heita má, skuli eiga þess lítinn eða engan kost að öðlast með sæmilegu móti eða viðráðanlegum hætti þá þekkingu, menntun eða þjálfun, sem hugur þess stendur til og það fólk hefði gjarnan viljað öðlast. Sennilega er hér á ferðinni eitthvert mesta misréttið í þjóðfélaginu. Við þetta bætist síðan, að þeir, sem nú njóta menntunarinnar, fá að henni fenginni eftirsóttustu og bezt launuðu störfin, en hinir, sem námskostnaðinn greiddu með sköttum sínum og útsvörum, sitja eftir með sárt ennið og eiga aðeins aðgang að lökustu og verst launuðu störfunum. Sannarlega er hér mikið vandamál á ferðinni, sem brýna nauðsyn ber til að snúizt verði gegn sem allra fyrst.

Nú vantar ekkert á, að mönnum sé ekki smám saman að verða þetta ljóst. Á undanförnum árum hafa verið reknir hér ýmsir skólar, sem segja má að hafi veitt frjálsa fræðslu. Yfirleitt hafa þeir ekki notið neins stuðnings frá hinu opinbera og námið því verið afar dýrt. Fremstir í flokki hafa verið málaskólar ýmsir, námsflokkar nokkurra sveitarfélaga (sem oft hafa notið einhvers stuðnings frá viðkomandi sveitarfélagi), einn bréfaskóli — og þar með að mestu talið. Ekkert opið fræðslukerfi hefur verið til fyrir almenning, en þeir fáu skólar eða námskeið, er hann hefur átt kost á, hafa yfirleitt verið fremur óhentug og dýr. Ekki hefur ástandið

verið betra, þegar í hlut hefur átt fólk, sem hefur viljað bæta við þekkingu sína eða rifja upp áður fengna þekkingu, t. d. giftar konur, er á rúmlega miðri ævi hafa á nýjan leik viljað leita til atvinnulífsins eftir áratuga vinnu á heimilunum. Þær hafa átt þess lítinn eða engan kost að leita sér endurhæfingar, kostirnir hafa gjarnan verið þeir, að þær gætu fengið lökustu og verst greiddu atvinnuna eða hefja ella margra ára nám. Þar hefur varla verið neitt millistig. — Síðast, en ekki síst er að geta fræðslustarfs launþegasamtakanna. Enginn vafi er á því, að það er þjóðfélaginu afar mikils virði, að launþegasamtökin eigi þess kost, að innan þeirra vébanda starfi trúnaðarmenn, sem aðstöðu hafi til þess að afla sér sem mestrar og beztrar þekkingar á störfum sínum og þjóðfélagsins í heild. Þetta er skilið og metið að verðleikum í næstu nágrannalöndum okkar, en hér á landi hefur hið opinbera með öllu skort skilning eða getu á nauðsyn þess arna. Er með lagafrumvarpi þessu stefnt að því að bæta þar úr.

Um þetta skulu nú ekki höfð fleiri orð, en í þess stað vikið að sjálfu efni frumvarpsins.

Í 2. gr. frv. er rakið, með hverjum hætti stofnunin skuli veita þeim fjölskyldumönnum fjárhagslegan stuðning, er eftir slíku leita til öflunar menntunar eða þekkingar með skipulögðum hætti. Sannast sagna er hér um að ræða nýmæli, sem flm. er ekki kunnugt um að sé enn fyrir hendi í löggjöf nágrannaþjóðanna. Þar er það einmitt talið vera eitt af brýnustu verkefnum komandi tíma í þessum efnum að veita þeim mönnum, körlum og konum, fjárhagslegan stuðning, er leita vilja sér menntunar. Gefur það enda auga leið, að slíkt er óhjákvæmilegt fjölskyldumönnum, fáir eða engir hafa ráð á að fella niður vinnu sína að meira eða minna leyti, án þess að fé komi þá annars staðar frá í staðinn. Sjálfsagt er vitaskuld að miða fjárhæð fræðslubótanna við aðstæður og efnahag fræðsluþegans. Er gert ráð fyrir því, að sett verði ákvæði þar um í reglugerð. Ekki er gert ráð fyrir því, að þeir geti notið umræddra fræðslubóta, er stunda nám í hinu almenna skólakerfi eða fá stuðning frá Lánasjóði íslenzkra námsmanna.

Í B-lið 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að stofnunin geti veitt þeim aðilum fjárhagslegan stuðning, er vilja beita sér fyrir eða standa fyrir frjálsri fræðslustarfsemi fyrir almenning. Er þá t. d. átt við starfsemi á borð við hinn nýstofnaða Kvöldskóla í Reykjavík, námsflokka hinna ýmsu sveitarfélaga, Bréfaskóla SÍS og ASÍ, tungumálaskóla, — svo og ýmislegt annað „léttara“ nám.

Í C-lið er gert ráð fyrir að stofnunin efni til námskeiða fyrir þá, er leita endurhæfingar eða aukinnar þjálfunar í störfum sínum. Slíkt hefur með öllu skort hér á landi, en með þessu ákvæði er slíkri starfsemi fenginn grundvöllur.

Í D-lið er stofnuninni gert að standa fyrir þjálfunar- og fræðslunámskeiðum fyrir trúnaðarmenn í launasamtökunum. Einnig er henni heimilt að greiða kostnað við slík námskeið, er aðrir halda. Á þessu sviði hefur verið mikil vöntun hér á landi. Launþegasamtökin hafa ekki haft neitt bolmagn til að standa fyrir dýrum og umfangsmiklum námskeiðum til fræðslu og þjálfunar fyrir trúnaðarmenn sína. Á því hefur löngu verið ráðin bót í nágrannalöndunum, m. a. á vegum hinna frjálsu fræðslukerfa. Er þá varið stórfé í þessu skyni árlega. Er sannarlega tímabært, að tekin verði upp slík starfsemi hér á landi.

Í 3. gr. frv. er tiltekið, hvernig ráðstafa skuli í meginatriðum því fjármagni, er stofnuninni verður fengið. Er því þar skipt í samræmi við áætlaðar þarfir. Að öðru leyti þarfnast sú grein ekki skýringa.

Önnur atriði frv. skýra sig sjálf.

Ed. 64. Frumvarp til laga [59. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Fjós í Laxárdalshreppi.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Jón Árnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Laxárdalshreppi í Dalasýslu jörðina Fjós í Laxárdalshreppi fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið að mati dómkvaddra manna.

Laxárdalshreppi er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umrædda jörð eða hluta af henni eða hlunnindi, sem henni fylgja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Laxárdalshrepps, og er bréf oddvita birt hér á eftir sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

ODDVITI LAXÁRDALSHREPPS

Búðardal, 21. okt. 1971.

Hreppsnefnd Laxárdalshrepps, Dalasýslu, fer þess hér með á leit við yður, að þér berið fram frumvarp til laga þess efnis að heimila ríkissjóði að selja Laxárdalshreppi jörðina Fjós í sama hreppi.

Kauptúnið Búðardalur er að öllu leyti byggt í landi Fjósa og er mikið af landi jarðarinnar nú þegar komið undir kauptúnið. Miklar byggingarframkvæmdir hafa átt sér stað undanfarin ár og líkur fyrir, að svo verði áfram. Hreppsnefnd telur því nauðsynlegt að öðlast yfirráð yfir jörðinni allri.

Ljósrit sent þingmönnum Vesturlandskjördæmis.

F. h. hreppsnefndar Laxárdalshrepps,
Haraldur Árnason.

Hr. Ásgeir Bjarnason, alþingism.,
Alþingi.

Sþ. 65. Tillaga til þingsályktunar [60. mál]

um áætlun um opinberar framkvæmdir fyrir Reykjanessvæðið sunnan Hafnarfjarðar.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Jón Skaftason, Oddur Ólafsson, Gils Guðmundsson, Jón Árm. Héðinsson, Stefán Gunnlaugsson, Geir Gunnarsson, Ólafur G. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um opinberar framkvæmdir fyrir Reykjanessvæðið sunnan Hafnarfjarðar. Verk þetta skal unnið í samráði við sveitarstjórnirnar á svæðinu og byggt m. a. á þeim athugunum, sem unnið hefur verið að á vegum Samtaka sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi um framtíðarþróun þessa svæðis.

Greinargerð.

Á s. l. árum hefur það færzt mjög í vöxt, að gerðar hafa verið áætlanir um ýmsar opinberar framkvæmdir, þar sem sveitarfélög í einstökum landshlutum hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta. Hafa sérstök samtök sveitarfélaga verið sett á stofn, sem m. a. hefur verið ætlað að vinna að þessum verkefnum. Hefur þá jafnframt verið horfið að því ráði að afla fjár með sérstökum hætti til stærri verkefna og þá ákvarðað um leið, með hvaða hraða verkið skuli unnið og hvernig.

Í tillögu þessari er lagt til, að þessi vinnubrögð verði nú tekin upp varðandi opinberar framkvæmdir á Suðurnesjum. Sveitarfélögin þar: Vatnsleysustrandarhreppur, Grindavíkurhreppur, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur og Njarðvíkurhreppur ásamt Keflavíkurkaupstað, hafa samtals um 11 000 íbúa. Þau hafa innan samtaka sveitarstjórna í Reykjanesumdæmi sett á stofn sérstaka samstarfsnefnd, og er tillaga þessi flutt í samráði við hana.

Á Suðurnesjum hefur atvinna verið næg og lífskjör góð og batnandi. Byggð þar er nú að langmestu leyti í þéttbýli, sem þó dreifist um mestallt svæðið. Þetta þéttbýli hefur vaxið tiltölulega ört. Vegna legu sinnar að fiskimiðum og nálægðar við höfuðborgarsvæðið eru skilyrði þar hin ákjósanlegustu fyrir frekari uppbyggingu fjölbreytts athafnalífs. Athuganir hafa nú þegar farið fram á stöðu sveitarfélaganna í heild með tilliti til þess, hver þróun íbúafjölda og atvinnulífs sé nú fyrirsjáanleg. Hins vegar er ljóst, að öll stefnumörkun um framtíðarþróunina hlýtur að vinnast í samráði við ríkisvaldið. Má þar nefna, að þróun íbúafjölda er mjög háð flutningum fólks á milli landshluta og þar með þeirri almennu þróun atvinnulífs og framkvæmda, sem þar á sér stað. Þá er augljóst, að opinberar framkvæmdir og opinber þjónusta á svæðinu sjálfu hafa ærin áhrif á búsetuvilja fólks og stuðla á sinn hátt að því að móta atvinnulífið í hverju byggðarlagi. Í því sambandi er rétt að benda á þau áhrif, sem staðsetning opinberra stofnana, sem veita sérfræðiþjónustu af ýmsu tagi, hlýtur að hafa.

Þeir þættir, sem nauðsynlegt er að ríkisvaldið verði stefnumótandi um í samráði við sveitarfélögin, eru m. a.: samgöngumál, þ. e. vega- og hafnamál ásamt fjarskiptaþjónustu, heilbrigðisstofnanir og læknaþjónusta, skólamál og orkuveitur, þ. e. rafmagns- og hitaveitur. Aðrar greinar framkvæmda og opinberrar þjónustu, svo sem gatna- og holræsagerð og vatnsveitur, eru með öllu í verkahring sveitarstjórnanna sjálfra. Á hinn bóginn er hér um svo mikilvægar greinar framkvæmda að ræða, að eðlilegt er, að áætlunargerð af því tagi, sem hér um ræðir, nái einnig til þeirra, enda getur samvinna á milli sveitarfélaga um slíkar framkvæmdir oft verið æskileg.

Nd. 66. Tillaga til þingsályktunar [61. mál]

um verðtryggingu lífeyrissjóða verkafólks.

Flm.: Bjarnfríður Leósdóttir.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að semja frumvarp til laga um verðtryggingu lífeyrissjóða verkafólks.

Greinargerð.

Lífeyrissjóðir verkafólks voru stofnaðir samkvæmt samningi milli vinnuveitenda og verkalýðsfélaga 19. maí 1969. Iðgjaldagreiðslur hófust frá og með 1. janúar 1970. Fram að þeim tíma hafði verkafólk mátt sætta sig við þau einu eftirlaun, sem

almannatryggingar létu þeim í té. Þó höfðu nokkrar stéttir í þjóðfélaginu notið eftirlauna úr lífeyrissjóðum um árabil. Má þar til nefna ríkisstarfsmenn og starfsmenn ýmissa kaupstaða.

Með tilkomu lífeyrissjóða verkafólks var merkum áfanga náð í réttindabaráttu þessara stétta. En þessir lífeyrissjóðir eru ekki verðtryggðir, eins og t. d. lífeyrissjóðir starfsmanna ríkis og bæja. Af þeim sökum getur svo farið, að þeir verði ekki færir um að gegna frumhlutverkum sínum.

Augljóst er, að verðtryggðir lífeyrissjóðir eru öðrum sjóðum mun hagstæðari fyrir sjóðfélaga, enda bera þar allir skattgreiðendur þjóðarinnar allar viðbótargreiðslur vegna verðþenslu, en hjá lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins námu þær árið 1970 nær 68 milljónum króna.

Hér er um svo augljóst óréttlæti að ræða og hinum ýmsu stéttum þjóðfélagsins svo berlega mismunað, að ég trúi því, að hið háa Alþingi muni vilja stuðla að leiðréttingu þessa máls með því að lögfesta verðtryggingu lífeyrissjóða verkafólks. Í trausti þess er þessi þingsályktunartillaga flutt.

Ed. 67. Frumvarp til laga [62. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Oddur Ólafsson.

1. gr.

Aftan við A-lið 8. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að verja allt að 50 milljónum króna árlega til lánveitinga vegna endurbóta á eigin húsnæði öryrkja. Lánsumsókn skulu fylgja meðmæli viðkomandi sveitarstjórnar. Lánin mega nema allt að 300 000 kr. og skulu veitt með venjulegum kjörum húsnæðismálastjórnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Öryrkjar eru tekjulægsti hópur okkar þjóðfélags. Þar af leiðandi eiga þeir erfitt með að byggja sér hentugt húsnæði. Margir búa í gömlu húsnæði, sem þeir hafa ýmist erft eða keypt. Þá vantar fjárhagsgetu til þess að halda húsnæði sínu sómasamlega við eða endurbæta það. Oft er hér um veiklað fólk að ræða, sem er meiri nauðsyn en heilbrigðum á því að búa í góðu húsnæði. Hér eru miklir örðugleikar á því að fá löng lán til viðhalds og endurbóta. Frumvarp þetta til breytingar á lögunum um Húsnæðismálastofnun ríkisins er flutt í þeim tilgangi að auðvelda fátækustu þegnunum að búa við sæmileg húsnæðisskilyrði í landi, þar sem almenningur býr betur en í flestum öðrum löndum.

Sþ. 68. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um rannsóknir á hafnarstæði við Dyrhólaey.

Flm.: Einar Oddsson.

Alþingi ályktar:

1. Að skora á ríkisstjórnina að hraða rannsóknum á hafnarstæði við Dyrhólaey, ljúka hönnun hafnar þar og láta gera kostnaðaráætlun hafnarinnar.

2. Ríkisstjórninni er heimilt að semja við verkfræðifyrirtæki, innlent eða útlent, um framkvæmd verksins, samkvæmt 1. lið.
3. Kostnaður vegna framkvæmda, sem þingsályktun þessi hefur í för með sér, greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Langt er nú um liðið, síðan mönnum varð ljós nauðsyn þess að gera höfn við Dyrhólaey.

Mörg rök hníga að því, að þessi staður sé öðrum fremur heppilegur til hafnargerðar. Rétt við Dyrhólaey eru ein beztu fiskimið landsins. Beggja vegna eru blómleg og frjósöm landbúnaðarhéruð Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu. Staðurinn liggur mjög vel við millilandasiglingum, þar sem skipaleiðir frá Evrópu til Reykjavíkur liggja fram hjá Dyrhólaey.

Þær rannsóknir, sem gerðar hafa verið á svæðinu milli Þjórsár og Ingólfshöfða, benda eindregið til þess, að við Dyrhólaey séu bezt skilyrði til hafnargerðar.

Á brimsorfinni strönd Suðurlandsins er engin höfn á þeirri löngu leið frá Stokkseyri til Hafnar í Hornafirði. Höfn við Dyrhólaey mundi auka verulega öryggi skipa, sem eru að veiðum á nálægum miðum.

Fiskveiða- og iðnaðarbær við Dyrhólaey mundi auka jafnvægi í byggð Suðurlandsins og styrkja landsbyggðina í heild.

Þetta mikilvæga hafnarmál hefur oft verið til umræðu á Alþingi á liðnum áratugum.

Árið 1947 var samþykkt tillaga, þar sem „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram á næsta sumri rannsókn á því, hvort unnt sé að gera höfn við Dyrhólaey.“ Flutningsmaður þessarar tillögu var Jón Gíslason, þáverandi alþingismaður Vestur-Skaftfellinga. Tillaga þessi var samþykkt samhljóða.

Árið 1955 flutti Jón Kjartansson, þáverandi alþingismaður Vestur-Skaftfellinga, þingsályktunartillögu, þar sem Alþingi ályktar að skora á þáverandi ríkisstjórn að láta fara fram athugun á því, hvort unnt sé að gera hafnarbætur við Dyrhólaós, svo að fiskibátar geti fengið þar athafnasvæði. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Árið 1961 var samþykkt á Alþingi tillaga um að láta fara fram rannsókn á möguleikum til hafnargerðar í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu og við Dyrhólaey í Vestur-Skaftafellssýslu og að rannsóknum þessum yrði hraðað svo sem aðstæður leyfa. Flutningsmenn þessarar tillögu voru Guðlaugur Gíslason og Sigurður Ó. Ólafsson, þingmenn Suðurlandskjördæmis.

Einnig hafa nokkrar fyrirspurnir verið gerðar um gang málsins síðustu áratugina.

Eins og sjá má af framangreindu, hefur Alþingi jafnan sýnt máli þessu skilning og veitt fé til hafnarrannsókna við Dyrhólaey um árabil. Rannsóknir þessar, sem Hafnamálaskrifstofan hefur haft undir höndum, hafa dregizt svo úr hömlu, að óviðunandi er.

Fyrrverandi samgönguráðherra, Ingólfur Jónsson, hefur á árunum 1970 og 1971 lagt ríka áherzlu á það við vita- og hafnamálastjóra, að rannsóknum við Dyrhólaey yrði hraðað svo sem unnt væri.

Í janúar 1971 tilkynnti vita- og hafnamálastjóri samgönguráðuneytinu, að einn af verkfræðingum hafnamálastofnunarinnar fengi það að meginverkefni á árinu að sinna hafnarrannsóknum við Dyrhólaey og áætlanagerð í sambandi við þær. Þessi maður hefur unnið eitthvað að mælingum og rannsóknum á s. l. sumri, en ekki sem skyldi, vegna þess að hann hefur verið hlaðinn öðrum störfum hjá hafnamálastofnuninni. Hann hefur nú sagt upp störfum þar.

Með tilliti til þess, sem rakið hefur verið hér að framan, er tillaga þessi flutt.

Nd. **69. Frumvarp til laga** [64. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Karvel Pálmason.

1. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Félagsmálaráðuneytið annast úthlutun framlaga Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess. Þremur fjórðu hlutum landsútsvara ásamt söluskatti, samkvæmt 16. gr. a, skal skipt á milli sveitarfélaganna þannig, að fyrst skal úthluta til hvers sveitarfélags fé, er svari til þess, sem útsvör þess verða lægri en þau ella hefðu orðið vegna sérstaks frádráttar sjómanna samkvæmt 14. gr. laga um tekju- og eignarskatt. Því, sem þá er eftir, skal skipta milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. desember árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum gjaldársins, sbr. þó 15. gr. d.

Fé því, sem ekki verður úthlutað vegna ákvæðisins um 60% hámarkið, skal varið til þess að greiða þann kostnað, sem fellur á Jöfnunarsjóð samkvæmt ákvæðum 15. gr.

Við úthlutun framlaga samkvæmt grein þessari er ráðherra heimilt að halda eftir 1% af tekjum sjóðsins til þess að mæta þörfum sveitarfélaganna samkvæmt 15. gr., unz sjóðurinn nemur allt að kr. 5 000 000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1972.

Greinargerð.

Fiskveiðar eru aðalatvinnuvegur þjóðarinnar og sá langmikilvægasti fyrir þjóðarbúið. Jafnframt eru fiskveiðar einn erfiðasti og hættulegasti atvinnuvegur, sem menn stunda. Því hefur löggjafarvaldinu þótt nauðsyn bera til þess að veita sjómönnum sérstök skattfríðindi umfram aðrar stéttir, og telur flutningsmaður, að þau fríðindi hafi verið eðlileg. Nú er það hins vegar svo, að skattfríðindi sjómanna skipta sveitarfélög mjög mismunandi miklu máli. Sveitarfélög, þar sem engir sjómenn eru búsettir, missa einskis í útsvörum vegna þessa frádráttar, en sveitarfélög, þar sem meginhluti íbúanna er sjómenn, missa verulegar tekjur vegna þessa.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að jöfnuður verði gerður hér á, þannig að hinn sérstaki sjómannafrádráttur sé borinn af þjóðarheildinni án tillits til atvinnuskiptingar í hverju sveitarfélagi. Lagt er til, að hverju einstöku sveitarfélagi verði bætt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga það tekjutap, sem það verður fyrir vegna þessa frádráttar, áður en framlagi hans til sveitarfélaganna er skipt milli þeirra í hlutfalli við íbúafjölda. Hér virðist vera um sanngirnismál að ræða, þar sem ekki er auðvelt að færa fyrir því rök, að rétt sé, að einstök sveitarfélög búi við mun rýrari tekjustofna en önnur vegna þess, að íbúar þeirra eru að meginhluta sjómenn. Rétt þykir einnig að benda á, að með núgildandi lagaákvæðum um þetta efni er sjómannafrádrátturinn frá útsvari að verulegu leyti borinn uppi af sjómönnunum sjálfum, einkum í þeim sveitarfélögum, þar sem mikill hluti íbúanna er sjómenn, þar sem minni tekjur sveitarfélagsins af útsvörum koma þá fram í minni þjónustu sveitarfélagsins við íbúana, sjómennina, sem veita átti sérstök hlunnindi vegna sinna starfa.

Sþ. 70. Fyrirspurnir. [65. mál]

I. Til samgönguráðherra um framkvæmd laga um happdrættislán ríkissjóðs.

Frá Steinþóri Gestssyni.

Með vísun til laga um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið, er spurt:

1. Hvað líður framkvæmd laganna?
2. Hafa happdrættisskuldabréfin verið gefin út?
3. Hvernig gengur sala þeirra?

II. Til menntamálaráðherra um skipun skólanefndar og stofnun fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Hvenær verður skipuð skólanefnd og stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, sem stofna skal samkv. 6. gr. laga nr. 55 frá 15. apríl 1971?

III. Til fjármálaráðherra um landshlutaáætlanir.

Frá Benedikt Gröndal.

1) Hve mikils fjár hefur verið aflað til framkvæmda samkvæmt Vestfjarðaáætlun, Norðurlandsáætlun og Austurlandsáætlun, og hvernig skiptist það á helztu flokka framkvæmda innan hverrar áætlunar?
2) Hvað dvelur Vesturlandsáætlun?

Ed. 71. Frumvarp til laga [66. mál]

um breyting á lögum nr. 87 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Flm.: Auður Auðuns.

1. gr.

Síðari mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma í lögum um almannatryggingar, né heldur takmarka meðalagsskyldu barnsföður (meðlagsskylds) við lægri aldur barns en á hverjum tíma gildir um barnalífeyri skv. almannatryggingalögum.

2. gr.

Aftan við lögin bætist ný gr., svo hljóðandi:

Frá 1. janúar 1972 skal greiða barnsmeðlög, þar til barn nær þeim aldri, er á hverjum tíma gildir um greiðslu barnalífeyris skv. almannatryggingalögum, þótt í meðlagsúrskurði hafi verið ákveðið lægra aldursmark.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Greinargerð.

Í lögum um almannatryggingar, nr. 72/1971, sem samþykkt voru á síðasta þingi, er kveðið svo á í 14. gr., að barnalífeyrir lífeyristrygginganna skuli greiddur með börnum yngri en 17 ára, þ. e. aldursmarkið hækkað úr 16 í 17 ár. Í sömu lögum er og felld niður skylda yngra fólks en 17 ára til þess að greiða iðgjöld til lífeyristrygginganna.

Með þessu er raunverulega viðurkennd nauðsyn á stuðningi við börn fram yfir ómagaaldur, enda þykir það nú orðið eðlilegt og reyndar nauðsynlegt, að ungt fólk hafi möguleika til þess að búa sig undir framtíðarstörf langt umfram það, sem áður tíðkaðist. Nú er líka svo komið, að þorri ungs fólks stundar framhaldsnám, eftir að skyldunámi lýkur, og því mun óefað fjölga enn, eftir því sem á vinnst að jafna aðstöðu unglinga í dreifbýli og þéttbýli til framhaldsmenntunar, sem allir eru sammála um að stefna beri að.

Sú rýmkun á greiðslu barnalífeyris, sem nýju almannatryggingalögin ákveða, nær hins vegar ekki til barna, sem meðlög eru greidd með skv. meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi (endurkræfs barnalífeyris). Þau meðlög eru nær undantekningarlaust úrskurðuð til 16 ára aldurs barna, og þar við situr, unz annað verður ákveðið. Ógiftar mæður og fráskildar eru fjölmargar í hópi þeirra, sem við erfiðastar aðstæður búa í þjóðfélaginu. Ekki er sanngjarnt, að þær séu skör lægra settar um greiðslu lífeyris með börnum sínum en bótaþegar lífeyristrygginganna.

Eðlilegt er, að samræmis gæti í greiðslu meðlaga og barnalífeyris almannatrygginga, svo sem verið hefur. Í lögum er þegar kveðið svo á, að meðlög með óskilgetnum börnum megi aldrei úrskurða lægri en barnalífeyri skv. lögum um almannatryggingar. Með frv. þessu er lagt til, að einnig verði óheimilt að miða meðlagsskyldu barnsföður við lægra aldursmark barns en gildir um barnalífeyri almannatrygginga á hverjum tíma, sem er nú 17 ár.

Í 2. gr. frv. er kveðið svo á, að hækkun meðlagsaldurs skuli, þegar frv. öðlast lagagildi, einnig koma til framkvæmda varðandi þau börn, sem þegar hefur verið úrskurðað meðlag með, enda þótt meðlagsúrskurður kveði á um lægra aldursmark.

Sþ. 72. Breytingartillaga [21. mál]

við till. til þál. um landhelgismál.

Frá Benedikt Gröndal.

Við 2. tölul. Á eftir orðunum „að hún verði“ komi: landgrunnið miðað við 400 metra jafndýptarlínu, en þó hvergi minna en.

Nd. 73. Frumvarp til laga [67. mál]

um breyting á íþróttalögum, nr. 49/1956.

Flm.: Ellert B. Schram.

1. gr.

4. töluliður 8. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Aftan við 1. málsgr. 9. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú hefur íþróttanefnd samþykkt gerð og staðsetningu íþróttamannvirkis og mælt með styrkveitingu, og skal hún þá nema 40 af hundraði af stofnkostnaði við-

komandi mannvirkis. Styrkurinn skal inntur af hendi í samræmi við greiðsluáætlun, sem lögð er fram með styrkbeiðni og íþróttanefnd samþykkir. Beiðni og áætlun skal liggja fyrir ári áður en framkvæmd er fyrirhuguð og eigi síðar en 15. júlí ár hvert. Að fengnu samþykki íþróttanefndar skal gert ráð fyrir fjárveitingunni á fjárlögum komandi árs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gera skal áætlun um, að vangreiddur bókfærður stofnkostnaður íþróttamannvirkja hjá íþróttasjóði verði gerður upp á næstu 5—6 árum, og skal sú áætlun liggja fyrir við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1973.

Greinargerð.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um nauðsyn öflugrar íþróttastarfsemi í landinu. Enginn vafi er á því, að skilningur á þýðingu og ágæti íþróttaiðkana hefur farið mjög vaxandi meðal alls almennings og reyndar ráðamanna sömuleiðis. Íþróttastarf er ekki einvörðungu mikilvægur þáttur uppeldis- og æskulýðsmála. Íþróttir hafa sannað gildi sitt á tímum aukinnar sjálfvirkni og innisetu og laða að sér, bæði sem heilsurækt og tómstundaiðja ungra sem gamalla. Þær eru almannaeign. Nauðsyn eðlilegrar uppbyggingar íþróttastarfsemi og íþróttamannvirkja ætti því að vera öllum ljós.

Löggjafar- og fjárveitingavaldið hefur viðurkennt hlutverk íþróttanna í orði með íþróttalögum nr. 49/1956, þar sem m. a. er gert ráð fyrir styrkveitingum úr íþróttasjóði ríkisins til íþróttamannvirkja, allt að 40 af hundraði stofnkostnaðar. Hér er um heimildarákvæði að ræða, en í reynd hefur bæði íþróttanefnd ríkisins og styrkbeiðendur miðað áætlanir sínar við 40% greiðslu úr sjóðnum. Í framkvæmd hefur íþróttasjóður þó hvergi nærri getað staðið við „skuldbindingar" sínar, og er nú bókfærður, en vangreiddur stofnkostnaður íþróttamannvirkja hjá sjóðnum rúmar 74 millj. kr. Þessi staðreynd er til lítillar sæmdar fyrir ríkissjóð.

Íþróttanefnd, íþróttasamtök og sveitarfélög hafa átt undir fjárveitingavaldið að sækja frá ári til árs, og enda þótt einhverjar hækkanir hafi átt sér stað á fjárlögum, hafa þær virzt vera tilviljun háðar og í engu samræmi við þarfir sjóðsins. Sú óvissa, sem ríkt hefur um bolmagn sjóðsins, hefur dregið úr markvissri og eðlilegri uppbyggingu og endurnýjun íþróttamannvirkja og skapað margvíslega erfiðleika fyrir alla aðila.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að skylda íþróttasjóðs til að leggja fram 40% af stofnkostnaði sé lögfest, og er þá ekki annað gert en að binda fastmælum það, sem gengið hefur verið út frá í framkvæmd. Vinnst þá, að inn á fjárlög verði teknar þær fjárveitingar, sem íþróttanefnd mælir með, og styrkbeiðendur fá þá fyrir fram upplýst og ákveðið, hvenær greiðslur úr íþróttasjóði berast.

Jafnframt því, sem ríkissjóður tekur á sig þær skyldur, sem honum ber, er gert ráð fyrir, að áætlanir yrðu lagðar fyrir með a. m. k. árs fyrirvara og strangar kröfur verði gerðar um athugun og samþykki íþróttanefndar ríkisins, en á því hefur því miður orðið misbrestur.

Í annan stað er lagt til, að ríkissjóður horfist í augu við þá skuld, sem íþróttasjóður nú þegar er kominn í, og geri um það áætlun, hvernig sú skuld verði greidd. Flutningsmanni er ljóst, að svo stór upphæð verður ekki innt af hendi á stuttum tíma, og er því lagt til, að greiðsluáætlun verði miðuð við 5—6 ár, en sú tímaáætlun getur þó verið til athugunar.

Mörg myndarleg íþróttamannvirki hafa risið síðastliðinn áratug, einkum í Reykjavík, en mikið vantar þó á, þegar á landið allt er litið, að sú uppbygging hafi verið í

samræmi við þarfir og eðlilega þróun íþróttastarfseminnar. Augljóst er, að stórkostlegt átak þarf að eiga sér stað á allra næstu árum. Hjá öllum stærstu kaupstöðum og sveitarfélögum landsins liggja fyrir áætlanir um byggingu íþróttaleikvalla, íþróttahúsa og annarrar aðstöðu, jafnt fyrir keppni sem almenna íþróttaiðkun.

Jafnframt því, sem samþykkt frumvarps þessa yrði til stuðnings íþróttahreyfingunni sem slíkri, þá er hér um að ræða verulegt hagsmunamál sveitarfélaga og alls almennings, sem á annað borð lætur sig þessa vinsælu og nauðsynlegu starfsemi einhverju varða.

Sþ. 74. Tillaga til þingsályktunar [68. mál]

um útgáfu handbókar fyrir launþega.

Flm.: Bjarnfríður Leósdóttir, Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðuneytinu í samráði við Menningar- og fræðslusamband alþýðu, þ. e. fræðslustofnun Alþýðusambands Íslands, að gefa út handbók fyrir launþega.

Í handbók launþega verði öll lög og reglugerðir, hæstaréttardómar, félagsdómar og opinberar samþykktir, er varða rétt, vernd og öryggi launþega.

Greinargerð.

Lög um rétt, vernd og öryggi launþega eru nokkur þáttur í íslenzkri löggjöf. Mikið skortir á, að hinn almenni launþegi eigi aðgang að eða þekki lög og reglugerðir, er varða rétt hans. En til þess að geta neytt réttar síns þarf hver einstakur að vita, hver hann er. Því er mjög nauðsynlegt, að verkafólk hafi undir höndum í einni bók öll þau lög, reglugerðir og opinberar samþykktir, er varða rétt þess.

Í slíkri handbók launþega þurfa m. a. að vera þessi lög: Lög um stéttarfélög og vinnudeilur, lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og launa vegna veikinda og slysa, lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, lög um atvinnuleysistryggingar, lög um öryggiseftirlit á vinnustöðum, lög um orlof, lög um iðju og iðnað, lög um iðnfræðslu, lög um almannatryggingar, lög um tekjuskatt og útsvör og gildandi skattstiga, lög um heilbrigðiseftirlit ríkisins, lög um skráningu skipshafna, lög um skipaeftirlit og öryggisbúnað skipa, svo og væntanleg lög um vinnutíma og vinnuvernd. Þessi upptalning er að sjálfsögðu ekki tæmandi. Jafnframt þurfa að fylgja með lögum þessum reglugerðir, sem settar eru samkvæmt þeim, og hæstaréttardómar, sem skýra framkvæmd þeirra.

Einnig þurfa að vera í handbókinni heilbrigðissamþykktir bæjar- og sveitarfélaga varðandi vinnustaði, svo og aðrar leiðbeiningar og upplýsingar, er verkafólk varða.

Það er ekki aðeins nauðsynlegt fyrir verkafólk að þekkja rétt sinn. Handbók með lögum, er það varðar, mun vafalaust einnig koma að gagni fyrir atvinnurekendur eða þá fulltrúa þeirra, sem hafa með samskipti við verkafólk að gera, og á þann hátt mun handbókin auðvelda samskipti atvinnurekenda og verkafólks og afstýra árekstrum, sem eru byggðir á vanþekkingu varðandi rétt, vernd og öryggi verkafólks.

Nd. 75. Tillaga til þingsályktunar [69. mál]

um niðurfellingu fasteignaskatts af íbúðum aldraðra.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Ólafur G. Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir þeirri breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 51/1964, að sveitarstjórnum verði heimilt að fella niður fasteignaskatt af eigin íbúðum þeirra, sem náð hafa 67 ára aldri.

Greinargerð.

Sú stefna ryður sér æ meir til rúms, að stuðla beri að því, að aldrað fólk búi á heimilum fremur en stofnunum, svo lengi sem kraftar leyfa. Þótt starfsorka sé nokkuð tekin að dvína og tekjumöguleikar séu þar með skertir, hafa æ fleiri, sem náð hafa ellilífeyrisaldri, heilsu, getu og löngun til að sjá um sig sjálfir. Er og talið, að heilsu og hamingju flestra sé bezt borgið á þann hátt, að þeir séu sem lengst sjálfstæðir þátttakendur í lífi heilbrigðs starfandi fólks. Til þess að það geti orðið, þarf ýmiss konar fyrirgreiðsla af hálfu hins opinbera til að koma. Þar til má telja, að öldruðu fólki verði ekki íþyngt með sköttum. Með ívilnun í skattgreiðslum aukast líkur fyrir því, að þetta fólk haldi íbúðum sínum og geti dvalizt þar, meðan heilsa endist. Ýmis sveitarfélög hafa farið þessa leið undanfarin ár og lækkað útsvör þeirra, sem orðnir eru 67 ára, og jafnvel fellt niður útsvör þeirra, sem náð hafa 70 ára aldri.

Nú, þegar horfur eru á, að fasteignaskattur hækki, vilja flutningsmenn þessarar tillögu benda á nauðsyn þess, að heimild til niðurfellingar fasteignaskatts á íbúðir aldraðs fólks, sem það býr sjálft í, verði lögleidd, fyrst og fremst til að tryggja hag þeirra, sem takmarkaðar tekjur hafa vegna aldurs og skertrar starfsgetu. Þá má og benda á, að á sveitarfélögum hvílir ákveðin skylda gagnvart öldruðu fólki. Það er efalaust fjárhagslega hagkvæmara fyrir sveitarfélögin að stuðla með þessum hætti að dvöl hinna öldruðu á eigin heimilum, fremur en verja miklu fé til byggingar elliheimila.

Sþ. 76. Tillaga til þingsályktunar [70. mál]

um fjölda erlendra starfsmanna við sendiráð erlendra ríkja á Íslandi.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að setja, í samráði við utanríkismálanefnd, reglur um fjölda erlendra starfsmanna við sendiráð erlendra ríkja á Íslandi svo og reglur um lóða- og húseignakaup sömu aðila.

Greinargerð.

Samkvæmt fréttum, sem birtar hafa verið í blöðum og öðrum fjölmiðlunartækjum og byggðar eru á upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu, er fjöldi erlendra starfsmanna við hin ýmsu sendiráð hér í borg mjög mismunandi og verður að teljast næsta óeðlilegur í einstaka tilvikum.

Samkvæmt fréttum þessum er tala erlendra starfsmanna við sendiráðin sem hér segir:

1.	Bandaríkin	16
2.	Bretland	7
3.	Danmörk	6
4.	Frakkland	8
5.	Noregur	5
6.	Pólland	2
7.	Sovétríkin	30
8.	Svíþjóð	4
9.	Tékkóslóvakía	4
10.	Sambandslýðveldið Þýzkaland	7

Ef ofangreind skýrsla er athuguð, hlýtur það að vekja eftirtekt, að eitt ríki, Sovétríkin, er með einum fleiri erlendan starfsmann en til dæmis sex ríki önnur samanlagt, en það eru Frakkland, Danmörk, Noregur, Pólland, Svíþjóð og Tékkóslóvakía, sem samtals eru með 29 erlenda starfsmenn á móti 30 erlendum starfsmönnum hjá sendiráði Sovétríkjanna. Mun þó almennt talið, að flestar framangreindar sex þjóðir hafi síður en svo hver fyrir sig nokkuð minni diplómatísk samskipti við Ísland en Sovétríkin.

Að þessu athuguðu hlýtur það að teljast tímabært, að ríkisstjórnin setji í samráði við utanríkismálanefnd ákveðnar reglur um fjölda erlendra starfsmanna í sendiráðum, sem í grundvallaratriðum séu byggðar á diplómatískum og viðskiptalegum samskiptum okkar við hvert ríki fyrir sig.

Ef litið er á lóðaeign og fasteignir erlendra sendiráða í Reykjavík, kemur í ljós, að samkvæmt umræddri skýrslu utanríkisráðuneytisins er þar einnig um óeðlilegt misræmi að ræða.

Samkvæmt skýrslunni er lóðastærð og rúmmál fasteigna sendiráðanna sem hér segir:

		Stærð fasteigna í m^3	Stærð lóða í m^2
1.	Bandaríki Norður-Ameríku	3 923	1 394.0
2.	Bretland	1 595	2 449.5
3.	Danmörk	3 065	1 338.0
4.	Frakkland	2 754	1 924.0
5.	Noregur	2 724	2 234.3
6.	Pólland, engin fasteign.		
7.	Sovétríkin	7 261	3 672.1
8.	Svíþjóð	1 816	1 351.8
9.	Tékkóslóvakía	1 555	971.4
10.	Sambandslýðveldið Þýzkaland	3 712	1 498.4
	Samtals	28 405	16 833.5

Sendiráð Sovétríkjanna er í báðum tilfellum með um 25% af heildareign lóða og fasteigna allra 10 erlendu sendiráðanna hér í Reykjavík, og verður því að telja eðlilegt, að ríkisstjórnin setji einnig þar um ákveðnar reglur, byggðar á sömu forsendum og reglur um fjölda erlendra starfsmanna við sendiráðin. Skýrsla utanríkisráðuneytisins gefur óneitanlega tilefni til að ætla, að hér sé um óeðlilega þróun að ræða í einstaka tilvikum, og því full ástæða til, að íslenzk stjórnvöld meti, hvað eðlilegt sé í þessum efnum.

Ed. 77. Frumvarp til laga [19. mál]

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. nóv.)

1. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneyti“ í 1. mgr. 2. gr. laganna og hvarvetna annars staðar í lögunum komi: landbúnaðarráðuneyti.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekizt þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 78. Frumvarp til laga [71. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 200 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar fer eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin skattlagningu og framtalsskyldu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971. Skuldabréfin og spariskírteinin skulu hins vegar skráð á nafn eiganda.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini, skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda, til sölu innanlands, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr., að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

5. gr.

Lánsfé því, er aflast með sölu bréfa og spariskírteina skv. 1. og 4. gr., er fjármálaráðherra heimilt að verja samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er farið fram á heimild til að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 200 millj. kr. Er frumvarpið efnislega að mestu samhljóða lagaheimildum, sem gefnar hafa verið á undanförnum árum til útgáfu spariskírteina. Þó er sú breyting gerð, að skuldabréfin og spariskírteinin eru gerð nafnskráð, en ætlazt er til, að þau njóti sams konar skattfrelsis og undanþágu frá framtalsskyldu og fyrri útgáfur slíkra bréfa. Að öðru leyti þarfnast einstakar greinar ekki skýringa.

Spariskírteini ríkissjóðs hafa áunnið sér góðan markað, og hafa síðustu útgáfur sýnt, að mikil og almenn eftirspurn er eftir þeim. Telur ríkisstjórnin, að skilyrði séu nú hagstæð til útgáfu verulegra viðbótarfjárhæða í ríkisskuldabréfum, þar sem tekjur almennings eru miklar, eins og skýrt hefur komið fram í mjög auknum innflutningi og hækkandi verði á fasteignamarkaði. Með því að gefa almenningi nú kost á að kaupa spariskírteini með hagstæðum kjörum, vill ríkisstjórnin reyna að stuðla að því, að meira af ráðstöfunarfé þjóðarinnar verði bundið sem sparnaður, sem staðið geti undir nauðsynlegri efnahagslegri uppbyggingu.

Svo sem segir í frumvarpinu, er ekki ætlazt til þess, að því fé, sem nú verður aflað með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina, verði þegar ráðstafað til ákveðinna þarfa. Í stað þess verði féð nú lagt til hliðar, en ríkisstjórnin mun væntanlega gera tillögur til Alþingis um notkun þess í sambandi við framkvæmdaáætlanir á árinu 1972. Telur ríkisstjórnin þessa leið hafa tvo mikilvæga kosti.

Í fyrsta lagi mun sala verðbréfa nú hafa nokkur áhrif til að hamla bæði á móti aukningu innflutnings og þeirri þenslu á íbúðamarkaðnum, sem siglt hefur í kjölfar vaxandi tekna.

Í öðru lagi mun aukin fjáröflun nú styrkja fjárhagslegan grundvöll undir áform ríkisstjórnarinnar um framkvæmdir á næstu árum. Er það m. a. skoðun hennar, að brýna nauðsyn beri til að reyna að fjármagna sem mest af fjárfestingu landsmanna með innlendum sparnaði á meðan efnahagur landsins er hagstæður, en reyna jafnframt að draga úr erlendum lántökum.

Ed. 79. Frumvarp til laga [72. mál]

um breyting á lögum nr. 67 10. maí 1966, um vélstjóranám.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Bjarni Guðbjörnsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til að ljúka 1. stigi vélstjóranáms, skal skólastjóri Vélskóla Íslands láta halda árlega á þessum stöðum: Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjum.

Námskeiðin skulu haldin á sama tíma og kennsla fer fram í Vélskóla Íslands í Reykjavík.

Kennslutími skal vera minnst fimm mánuðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum greinist vélstjóranám í fjögur stig, og veitir nám á hverju stigi þá menntun, sem krafizt er til að geta öðlazt tiltekin atvinnuréttindi.

Nám á 1. stigi fer fram á námskeiðum á vegum Vélskóla Íslands. Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 1. stigs, fær þegar í stað réttindi til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 51—250 ha. vél og undirvélstjóri á fiskiskipi með 251—500 ha. vél. Og að loknum 12 mánaða starfstíma öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 251—500 ha. vél.

Kennsla á 1. stigi vélstjóranáms er nú veitt í Reykjavík, Akureyri og Vestmanneyjum. Hins vegar hefur ekki að jafnaði verið gefinn kostur á slíku námi á Austfjörðum og Vestfjörðum.

Allmargir vélstjórar á íslenzkum fiskiskipum hafa fengið leyfi til að starfa með undanþágu frá fullum vélstjóraréttindum, og er það ekki sízt í þeim landshlutum, þar sem kennsla á þessu sviði er ekki veitt.

Þótt brýna nauðsyn hafi borið til þess að ráða á fiskiskip vélstjóra með undanþágu frá fullum réttindum í samræmi við menntunarkröfur, þá er það óeðlilegt og varhugavert að þurfa að láta þá skipan þessara mála haldast til frambúðar. Vélar skipanna verða æ fullkomnari, og á hinum traustu skipum er sótt mjög djarft á fiskimiðin. Að því ber að stefna, að þeir, sem búa sig undir vélstjórastarf, eigi sem greiðasta leið til þess í öllum landsfjórðungum að afla sér menntunar í samræmi við þær kröfur, sem gerðar eru, og öðlast þannig full atvinnuréttindi.

Í frv. þessu er kveðið svo á, að námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til að ljúka 1. stigi vélstjóranáms, skuli halda árlega í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjum. Námskeiðin skulu haldin á sama tíma og kennsla fer fram í í Vélskóla Íslands í Reykjavík.

Nd. 80. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um tekjur sveitarfélaga samkvæmt gjaldskrám og reglugerðum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 9. nóv. 1971.

Bjarnfríður Leósdóttir, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson, frsm.
Stefán Valgeirsson.	Ragnhildur Helgadóttir.	Jón Skaftason.
	Sigurður E. Guðmundsson.	

Nd. 81. Frumvarp til laga [73. mál]

um breyting á lögum nr. 82/1970, um læknishéraðasjóði.

Flm.: Lárus Jónsson.

1. gr.

Aftan við 1. málsgr. 1. gr. laganna komi:

Veita skal árlegt framlag á fjárlögum, sem renna skal í sérstakan sjóð fyrir héruð landsins sameiginlega og metast í samræmi við líkleg verkefni læknishéraðasjóða, sbr. 4. gr.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Nú er byggðarlag, þar sem vetrarsamgöngur eru erfiðar, læknislaust um stundarsakir og horfur á, að svo verði yfir vetrarmánuðina, og skal þá ríkisstjórninni heimilt að gera eftirfarandi öryggisráðstafanir eftir þörfum í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir:

1. Að láta lýsa og merkja rækilega sjúkraflugvöll í viðkomandi byggðarlagi, hafi það ekki áður verið gert, og gera hann að öðru leyti þannig úr garði, að hann sé jafnan tiltækur til notkunar á nóttu eða degi, ef slys eða bráðasjúkdóma ber að höndum. Ráðherra skipar að fengnum tillögum viðkomandi sveitarstjórnar sérstakan trúnaðarmann, sem sjá skal um framkvæmd á ákvæðum þessa töluliðar.
2. Að láta greiða sérstaklega fyrir samgöngum á landi milli viðkomandi byggðarlags og þess staðar, sem stytzt er til í vel búið sjúkrahús, m. a. með því að setja sérreglur um að ryðja snjó af vegum svo oft sem með þarf öryggis vegna og afla í samráði við Vegagerð ríkisins og viðkomandi sveitarstjórnir tækja í framangreindu skyni, ef þau eru ekki fyrir hendi. Ráðherra skipar að fengnum tillögum viðkomandi sveitarstjórnar sérstakan trúnaðarmann, sem sjá skal um framkvæmd ákvæða þessa töluliðar í samvinnu við Vegagerð ríkisins.
3. Að kaupa, ef nauðsyn krefur, í samráði við viðkomandi sveitarstjórn sérstaklega útbúna bifreið til sjúkraflutninga innan viðkomandi læknishéraðs og til þess sjúkrahúss, sem næst er. Stofnkostnaður bifreiðarinnar skal greiddur að ¾ hlutum úr læknishéraðasjóðunum, sbr. 1. gr., en að ¼ hluta af viðkomandi sveitarstjórn. Sveitarstjórnir sjá um og kosta rekstur slíkra bifreiða.
4. Að láta setja í samráði við Apótekarafélag Íslands sérstakar reglur um lyfjavörzlu í læknislausum byggðarlögum, þar sem apótek eru ekki fyrir, og skipa trúnaðarmenn til þess að gæta fyrrgreindra lyfjabirgða svo og afhenda lyf eftir símaviðtölum við lækna eða eftir símalyfseðlum.

3. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, er orðist svo:

a. (5. gr.) Þau útgjöld, sem beinlínis stafa af framkvæmd á ákvæðum 4. gr., svo og ferðakostnaður lækna, sem vitja sjúklinga í læknislausum byggðarlögum, skulu greidd úr læknishéraðasjóðum, sbr. 1. gr.
b. (6. gr.) Viðkomandi ráðuneyti skal setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangurinn með breytingum á lögum um læknishéraðasjóði, nr. 82 frá 1970 (sjá fskj.), er sá að kveða nánar á um brýnar öryggisráðstafanir í læknislausum byggðarlögum. Það er alkunna, að víða um land hefur skapazt algert neyðarástand vegna skorts á læknum. Ástandið í þessum efnum er alltaf að versna vegna vaxandi læknaskorts og hefur aldrei verið verra en nú á yfirstandandi hausti. Eins og kunnugt er vinna stjórnvöld og Alþingi að varanlegum úrbótum í þessu efni. Um þær skal ekki rætt hér, en einungis á það bent, að orsakir læknaskortsins eru djúptækar og margþættar, þannig að því miður er einsýnt, að varanleg úrlausn á þessu geigvænlega vandamáli virðist ekki á næsta leiti. Það er því skoðun flutningsmanns þessa frumvarps, að nú sé lífsnauðsyn að setja ákveðnar reglur um brýnustu öryggisráðstafanir í læknislausum byggðarlögum, á meðan frambúðarlausnar er leitað. Víða háttar svo til, að fjölmenn læknislaus byggðarlög og víðlendar sveitir eru á vetrum algerlega slitin úr samgöngutengslum við nágrannahéruð langtímum saman. Sums staðar í þessum byggðarlögum eru sjúkraflugvellir

ólýstir og á allan hátt vanbúnir, þannig að þeir eru ekki tiltækir, ef á þarf að halda, nema með löngum fyrirvara. Sums staðar er örðugt eða ómögulegt að ná í nauðsynlegustu lyf með skjótum hætti, ef slys eða bráðasjúkdóma ber að höndum. Dæmi eru um, að þar sem ætlazt er til að læknar fari um á viku eða hálfsmánaðar fresti í snjóþyngstu héruðum landsins til þess að veita fólki læknisþjónustu, má einungis ryðja snjó af vegum einu sinni í mánuði samkvæmt reglum Vegagerðar ríkisins. Þótt á stundum sé vikið frá þeim reglum, skapar slíkt augljóslega óvissu og öryggisleysi hjá íbúum viðkomandi byggðarlaga. Framangreint ástand, sem árlega fer stórversnandi vegna vaxandi læknaskorts, eins og áður segir, er óþolandi meðal þjóðar, sem setur mannréttindi og mannhelgi ofar öllu og státar af jafngóðum slysavörnum á ýmsum sviðum og raun ber vitni. Ekki þarf að fara mörgum orðum um þau áhrif á þróun byggðar í landinu, sem slíkur aðbúnaður í heilbrigðismálum strjálbýlisins hefur einnig í för með sér. Því er þess fastlega að vænta, að háttvirtir alþingismenn geti orðið sammála um sérstöðu og brýna nauðsyn þess máls, sem hér er hreyft, og að þeir geti sameinazt um lagasetningu, sem gengur í meginefnum í þá átt, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að í viðbót við læknishéraðasjóði verði lagt fram fé á fjárlögum til þess að sinna þeim verkefnum, sem um getur í 2. gr. frumvarpsins (sjá fskj. með frumvarpinu: lög nr. 82 frá 1970, um læknishéraðasjóði).

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að það fari eftir aðstæðum á hverjum stað, hverjar af þeim ráðstöfunum til aukins öryggis, sem um getur í greininni, verði fyrir valinu. Áherzla er lögð á það, að sú leið eða leiðir, sem farnar verða, séu ákveðnar af ríkisvaldinu í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Gert er ráð fyrir, að verksvið og þóknun trúnaðarmanna, sem lagt er til að skipaðir verði, sé ákvarðað nánar í reglugerð. Með orðinu byggðarlag er átt við læknishérað samkvæmt núgildandi læknaskipunarlögum.

Um 3. gr.

Um ákvæði a-liðar þessarar greinar og raunar 3. greinar laganna einnig er gert ráð fyrir, að nánar verði kveðið á í reglugerð, sbr. b-lið þessarar greinar.

Fylgiskjal.

LÖG
um læknishéraðasjóði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 24. gr. laga um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð nr. 35 9. maí 1970, hef látið fella niður 5. gr. úr lögum um læknishéraða- og prestakallasjóði nr. 98 19. júní 1933 og gef þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um læknishéraðasjóði.

1. gr.

Sé læknishérað læknislaust, svo að eigi komi til greiðslu á embættislaunum, eða hluta þeirra, til þjónandi læknis í því héraði, skulu launin eða launahlutinn með dýrtíðaruppbót renna í sérstakan sjóð, er verður eign hlutaðeigandi héraðs. Við ákvörðun þessarar upphæðar skal jafnan miða við byrjunarlaun eins og þau eru ákveðin í lögum um laun embættismanna.

Nú kemur ekki til útborgunar allt það fé, sem áætlað er í fjárlögum sem læknisvitjanastyrkur handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn, og rennur þá það, sem afgangs verður af áætluðu fé til hvers héraðs, í sjóð þess.

2. gr.

Sjóðir þeir, sem stofnaðir eru samkvæmt 1. gr., nefnast læknishéraðasjóðir. Skulu þeir vera í vörzlu og undir umsjá ráðherra, sem sér um, að fé þeirra sé jafnan handbært og ávaxtað á tryggum stað.

3. gr.

Fé læknishéraðasjóða skal varið til þess að tryggja eftir föngum, að héruðin séu sem sjaldnast læknislaus, svo sem með því að leggja það til læknisbústaða eða annars þess, sem ætla má, að verði til þess að gera héruðin eftirsóknarverðari fyrir lækna eða horfi til endurbóta á heilbrigðismálum héraðsins.

4. gr.

Landlæknir gerir, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi héraðsbúa, tillögur um fjárveitingar úr læknishéraðasjóðum, en ráðherra tekur ákvarðanir um þær.

Gjört í Reykjavík, 24. júlí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

Nd. 82. Frumvarp til laga [74. mál]

um bann við losun hættulegra efna í sjó.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Íslenzkum skipum er bannað að losa í sjó, hvort heldur er innan eða utan íslenzkrar lögsögu, öll þau efni eða efnasambönd, sem hættuleg geta verið sjávarlífi eða heilsu manna.

Bann þetta nær yfir: 1. Torleysanleg lífræn efni, eða lífræn efnasambönd, sem leysast hægt í sundur, hvort sem er í lifandi verum eða við efnabreytingar. 2. Úrgang, sem hefur að geyma ofangreind efni, eða efnasambönd (lífræn eða ólífræn) þungra málma eða eitraðra málma.

2. gr.

Ráðherra gefur út reglugerð, þar sem öll hin bönnuðu efni eru tæmandi talin, og frekari fyrirmæli um framkvæmd bannsins eftir því sem þurfa þykir.

Einnig má ákveða í reglugerð bann eða fyrirmæli um losun efna, sem ekki eru eitruð eða hættuleg, en geta orsakað alvarlega hindrun við fiskveiðar eða siglingar, ef sökkt er á ákveðnum stöðum.

3. gr.

Íslenzkum ríkisborgurum eða fyrirtækjum er einnig bannað að stuðla að losun hinna bönnuðu efna.

4. gr.

Ákvæði 1.—3. gr. eiga einnig við um losun þarnefndra efna eða efnasambanda á hafi úti úr öðrum flutningstækjum en skipum.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd þær alþjóðasamþykktir, sem kunna að verða gerðar um varnir gegn mengun alþjóðlegra hafsvæða, og skulu auglýsingar um staðfestingu og gildistöku viðkomandi samþykkta birtast í C-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fulltrúar frá sjávarútvegs- og utanríkisráðuneytum Norðurlanda hafa komið saman til nokkurra funda á þessu ári til þess að ræða mengun hafsins og hugsanlegar aðgerðir gegn þeirri miklu ógnun, sem mengun er öllu sjávarlífi. Niðurstöður þessara viðræðufunda hafa orðið þær, að á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda 26.—27. apríl s. l. var ákveðið, að Norðurlönd skyldu stíga sitt fyrsta sameiginlega skref í baráttunni gegn mengun sjávar með því að koma á, í þessum löndum, banni við losun hættulegra efna í sjó eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Einnig var samþykkt, að Norðurlöndin skyldu reyna að vinna þátttökuríki í Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni til fylgis við sams konar bann, og hinn 4. maí s. l. var Bretum og Hollendingum afhent orðsending í þessu tilefni í gegnum sendiráð Íslands í London, en hin Norðurlöndin sendu öðrum NEAFC-ríkjum samsvarandi orðsendingar.

Norðmenn, sem þegar hafa sett hjá sér reglur þær, sem frumvarp þetta hefur að geyma, buðu síðan öllum NEAFC-ríkjunum (Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, V-Þýzkaland, Írland, Ísland, Holland, Noregur, Pólland, Portúgal, Sovétríkin, Spánn og Svíþjóð) til ráðstefnu í Osló 19.—22. október 1971 til þess að ræða þessi mál. Á ráðstefnu þessari mættu fulltrúar frá öllum ofangreindum ríkjum nema Írlandi, Póllandi og Sovétríkjunum.

Tókst á ráðstefnunni að ganga frá, í öllum meginatriðum, uppkasti að alþjóðasamþykkt, eins og gert er ráð fyrir í 5. gr. frumvarps þessa, sem felur í sér miklar takmarkanir og eftirlit með losun (úrgangs)efna í sjó úr skipum og flugvélum.

Alþjóðasamþykkt þessi, sem væntanlega verður tilbúin til undirskriftar fljótlega eftir næstu áramót, nær til alls þess svæðis, sem Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðisamþykktin tekur til.

Frumvarp þetta, sem felur í sér almennt bann við losun allra efna eða efnasambanda, sem hættuleg geta verið sjávarlífi eða heilsu manna (en efni þessi ákvarðast nánar með reglugerð), nær hins vegar í samræmi við hið norræna samkomulag til allra hafsvæða hvar sem er í heiminum.

Frumvarpi þessu er ekki ætlað að taka til óhreinkunar sjávar af völdum olíu eða annarra atriða, sem þegar eru lagafyrirmæli um, eða alþjóðasamþykktir, sem staðfestar hafa verið af Íslands hálfu.

Sþ. 83. Fyrirspurnir. [75. mál]

I. Til forsætisráðherra um framhald Vestfjarðaáætlunar.

Frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni.

Hvað líður framhaldi Vestfjarðaáætlunar?
Er sérstaklega spurt:
1. Til hvaða málaflokka er áætluninni ætlað að taka?
2. Hvenær er gert ráð fyrir, að áætlunargerðinni ljúki?
3. Hvað er gert ráð fyrir, að framkvæmd áætlunarinnar taki langan tíma?
4. Hvernig verður fjár aflað til framkvæmdanna?

II. Til viðskiptaráðherra um neytendavernd.

Frá Sigurði E. Guðmundssyni.

Hvað líður undirbúningi að setningu laga um neytendavernd, og hvenær má búast við, að frumvarp þess efnis verði lagt fyrir Alþingi?

III. Til forsætisráðherra um lækkun vaxta af stofnlánum atvinnuveganna o. fl.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

1. Hvenær er að vænta samkvæmt yfirlýsingu í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar frumvarps til laga um:
   a. lækkun vaxta af stofnlánum atvinnuveganna og lengingu lánstíma þeirra;
   b. endurskoðun á lögum og reglum um ýmiss konar gjöld, sem nú hvíla á framleiðsluatvinnuvegunum, þar sem stefnt verði að því, að þau verði lækkuð eða felld niður?
2. Hvenær er að vænta ákvörðunar um:
   a. að endurkaupalán Seðlabankans verði hækkuð og vextir af þeim lækkaðir;
   b. að vátryggingamál fiskiskipa verði endurskoðuð?

IV. Til menntamálaráðherra um byggingu héraðsskóla.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

Hefur ríkisstjórnin ákveðið að byggja upp alla héraðsskóla á landinu á tilteknu árabili, og ef svo er, hvað er áætlað, að uppbygging hvers héraðsskóla um sig kosti, og hve langan tíma á hún að taka?

V. Til félagsmálaráðherra um vísitölubindingu húsnæðislána.

Frá Ellert B. Schram.

Hverjar eru niðurstöður þeirrar könnunar, sem fram hefur farið á vegum Seðlabanka Íslands og Alþýðusambands Íslands fyrir tilstuðlan félagsmálaráðuneytisins varðandi vísitölubindingu húsnæðislána?

Hvenær má búast við, að ríkisstjórnin geri þær ráðstafanir varðandi afnám vísitölubindingar, sem boðaðar eru í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar?

VI. Til menntamálaráðherra um fjárveitingu til æskulýðsmála.

Frá Ellert B. Schram.

Er 100 þús. kr. fjárveiting í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar til æskulýðsráðs ríkisins í samræmi við óskir og hlutverk æskulýðsráðs?

Ed. 84. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyting á lögum nr. 57 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

Flm.: Auður Auðuns.

1. gr.

Aftan við lögin bætist 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (29. gr.) Ekki má ákveða lægri meðlagsgreiðslu með skilgetnu barni né takmarka meðlagsgreiðslu við lægri aldur barns en þegar um er að ræða óskilgetið barn.

b. (30. gr.) Frá 1. janúar 1972 skal greiða meðlag með skilgetnu barni, þar til það nær þeim aldri, er 29. gr. kveður á um, þótt áður hafi verið ákveðið lægra aldursmark.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Greinargerð.

Ákvæði þessa frv. varða annars vegar upphæð (lágmark) meðlags með skilgetnum börnum og hins vegar það aldursmark, sem meðlagsgreiðslur miðast við. Er lagt til, að um hvort tveggja gildi sömu reglur og um meðlag með óskilgetnum börnum.

Í lögum nr. 87/1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, segir, að meðlagsgreiðslur megi aldrei ákveða lægri en barnalífeyri eins og hann er á hverjum tíma ákveðinn í lögum um almannatryggingar. Í framkvæmd hefur það verið svo, að meðlag með skilgetnum börnum hefur verið ákveðið með hliðsjón af fyrrnefndu ákvæði, þótt ekki séu um það fyrirmæli í lögum, að svo skuli gert. Í frv. þessu er lagt til, að lögfest verði sú framkvæmd, sem tíðkazt hefur.

Á þskj. 71 flyt ég frv. um breyting á l. nr. 87/1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Er þar kveðið svo á, að meðlag skuli greiða, þar til barn nær þeim aldri, sem á hverjum tíma gildir um greiðslu barnalífeyris skv. lögum um almannatryggingar (nú 17 ár), og komi það til framkvæmda frá 1. janúar 1972, þótt í meðlagsúrskurði hafi verið ákveðið lægra aldursmark. Í samræmi við þetta eru ákvæði þess frv., sem nú er flutt.

Að öðru leyti vísa ég til grg. með frv. á þskj. 71.

Nd. 85. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess. Fjarstaddur afgreiðslu var Gísli Guðmundsson.

Alþingi, 15. nóv. 1971.

Svava Jakobsdóttir, form., frsm.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Stefán Gunnlaugsson.
Ólafur G. Einarsson.	Stefán Valgeirsson.	Ellert B. Schram.

Nd. 86. Frumvarp til laga [77. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bjarnason, Elisabeth, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 7. september 1948.
2. Boucher, Alan Estcourt, kennari í Reykjavík, f. í Englandi 3. janúar 1918.
3. Boucher, Alice Kristín, skrifstofustúlka í Reykjavík, f. í Englandi 7. maí 1944.
4. Hansen, Jens Aage Vesterlund, garðyrkjumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 4. október 1944.
5. Hodge, Susan Penelope, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. í Englandi 24. marz 1939.
6. Jerke, Monika Karla Carmen, verkakona í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 26. nóvember 1945.
7. Joensen, Jens Elias Sören Frederik, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. í Danmörku 6. október 1911.
8. Quinn, Patricia, verkakona í Reykjavík, f. í Reykjavík 24. október 1949.
9. Sigurjón Einarsson, barn, f. í Sviss 16. apríl 1968.
10. Steele, Anna Elín, nemandi í Vestmannaeyjum, f. í Reykjavík 1. ágúst 1954.
11. Sörensen, Benny Torkild, verkamaður á Akureyri, f. í Danmörku 1. maí 1938.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja allir þeim skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefnd beggja þingdeilda, sbr. nefndarálit á þskj. nr. 573 á 91. löggjafarþingi 18. marz 1971.

Sþ. 87. Tillaga til þingsályktunar [78. mál]

um rekstrarlán iðnfyrirtækja.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Jónas Jónsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Bjarni Guðbjörnsson, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Seðlabankinn veiti viðskiptabönkunum nú þegar sérstök lán til að koma rekstraraðstöðu iðnfyrirtækja í viðunandi horf. Rekstrarlán til þeirra fyrirtækja, sem sett geta viðunandi tryggingu, verði veitt í samræmi við þær lágmarksreglur, sem nú skal greina:

a) Fyrirtækin fái víxlasöluheimild (víxilkvóta) til sölu á allt að 90 daga löngum víxlum, er nemi allt að þriggja mánaða framleiðslu þeirra.
b) Auk þess fái fyrirtækin yfirdráttarheimild á reikningslánum (hlaupareikningsyfirdrátt), er svari til þriggja mánaða kaupgreiðslu viðkomandi fyrirtækis.

Að því er varðar báða ofangreinda liði, skal miðað við meðaltalsframleiðslu og meðaltalskaupgreiðslur s. l. tvö ár.

Greinargerð.

Það er kunnara en rekja þurfi, að iðnaðurinn hefur búið við mikinn rekstrarfjárskort á undanförnum árum. Þessi fjárskortur hefur orðið til þess, að mörg fyrirtæki hafa orðið að draga saman seglin, en önnur hreinlega gefizt upp. Hægt er að vitna í ummæli ýmissa forustumanna iðnaðarins þessu til sönnunar.

Þessi tillaga er flutt til að stuðla að því, að iðnaðinum sé a. m. k. tryggt visst lágmark rekstrarlána. Efni hennar er að mestu samhljóða tillögu atvinnumálanefndar Reykjavíkurborgar frá því í desember 1968. Nefndin taldi nauðsynlegt fyrir atvinnuöryggið, að iðnfyrirtæki hefðu tryggingu fyrir ákveðnu lágmarki rekstrarlána.

Í samræmi við þetta skal það tekið fram af hálfu flutningsmanna, að litið er á þessa tillögu sem hreina bráðabirgðalausn og koma þurfi þessum málum í miklu fullkomnara horf í framtíðinni.

Nd. 88. Frumvarp til laga [79. mál]

um breyting á lögum um Iðnlánasjóð, nr. 68 10. okt. 1967.

Flm.: Jóhann Hafstein, Lárus Jónsson.

1. gr.

2. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:
Framlag ríkissjóðs, 25 milljónir króna á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Greinargerð.

Gagngerð endurskoðun var gerð á lögum um Iðnlánasjóð með lögum nr. 45 3. apríl 1963, en framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs var þá 2 millj. kr. á ári. Hélzt svo fram til ársins 1967, að árlegt framlag ríkissjóðs var þá ákveðið í lögum 10 millj. kr. Í fjárlögum þessa árs er framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs ákveðið 15 millj. kr. og í fjárlagafrv. 1972 sama upphæð.

Þegar ákveðið var að hækka framlagið á fjárlögum þessa árs í 15 milljónir, voru mið höfð af hlutfalli ríkisframlags til sjóðsins og Dagsbrúnarkaupi. Var þá náð svipuðu hlutfalli og þegar ríkisframlagið hækkaði úr 2 millj. kr. í 10 millj. kr. árið 1967. Með hliðsjón af þessu er nú lagt til í þessu frumvarpi, að árlegt framlag hækki á næsta ári úr 15 millj. kr. í 25 millj. kr. Eðlilegt er að ákveða ríkissjóðsframlagið í lögunum um Iðnlánasjóð, eins og verið hefur áður.

Á fylgiskjali er að finna upplýsingar um árlegt framlag ríkissjóðs frá 1962, iðnlánasjóðsgjald og um útlán hvers árs.

Fylgiskjal.

IÐNLÁNASJÓÐUR

Yfirlit yfir framlag ríkissjóðs, iðnlánasjóðsgjald og útlán 1962—1971 (í millj. kr.).

	Framlag ríkissjóðs	Iðnlána-sjóðsgjald	Ný útlán hvers árs
1962	2.0	0	13.9
1963	2.0	4.2	38.8
1964	2.0	12.9	50.6
1965	2.0	15.9	58.4
1966	2.0	21.0	65.9
1967	10.0	19.0	81.3
1968	10.0	20.0	58.3
1969	10.0	37.7	105.0
1970	10.0	31.0	169.4
1971 (áætlað)	15.0	37.3	140.0

Árið 1970 var fengið 50 millj. kr. lán hjá Iðnþróunarsjóði og á þessu ári 20 millj. kr. lán. Hefur því útlánagetan verið mun meiri þessi tvö ár en annars hefði orðið.

Sþ. 89. Tillaga til þingsályktunar [80. mál]

um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum.

Flm.: Geir Gunnarsson, Matthías Á. Mathiesen, Jón Skaftason, Jón Árm. Héðinsson, Gils Guðmundsson, Ólafur G. Einarsson, Stefán Gunnlaugsson, Ingvar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta leggja fyrir Alþingi það, er nú situr, frumvarp til laga um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum á þann veg, að á svæðinu sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar heyri þessi mál til einu embætti í Keflavík.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Tillögunni fylgdi svofelld greinargerð:

„Samkvæmt núgildandi mörkum lögsagnarumdæma í Reykjaneskjördæmi skiptist svæðið sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar milli þriggja embætta. Keflavíkurkaupstaður varð sérstakt lögsagnarumdæmi árið 1949 og Keflavíkurflugvöllur árið 1954, en að öðru leyti er um að ræða hluta af lögsagnarumdæmi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Þessi skipting Suðurnesja milli þriggja lögsagnarumdæma getur hvorki talizt hagkvæm að því er varðar þjónustu við íbúa þar né rekstrarkostnað embættanna. Íbúar í Miðnes- og Gerðahreppi verða t. d. að fara um Keflavík, þar sem bæjarfógeti þó situr, og allt til Hafnarfjarðar, þurfi þeir að láta þinglýsa skjali, skrá bifreið eða annast önnur þau erindi, sem embætti sýslumanns varðar. Við svipað óhagræði búa íbúar annarra hreppsfélaga á Suðurnesjum, og væri ólíkt fyrirhafnarminna fyrir þá að fara til Keflavíkur í slíkum erindum.

Enda þótt nokkur fyrirgreiðsla í þessum efnum sé af hendi látin í sveitarfélögunum sjálfum, svo sem að dómþing er stundum háð þar og bætur almannatrygginga greiddar þar tiltekna daga, þá jafnast sú þjónusta á nokkrum málaflokkum engan veginn á við það, að íbúarnir ættu þess kost að annast í Keflavík öll þau mál sín, sem nú varða embætti sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Augljóst er, að það stefndi til bættrar þjónustu við íbúa Suðurnesja, að allt svæðið sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar væri eitt og sama lögsagnarumdæmið og heyrði til embætti í Keflavík, þar sem nú þegar er bæjarfógeti.

Hjá embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli starfa 33 lögregluþjónar, þeir annast einnig löggæzlu í Njarðvíkurhreppi samkvæmt sérstökum samningi. Hjá bæjarfógetanum í Keflavík starfa 11 lögregluþjónar, og 2 lögregluþjónar frá embætti sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu annast sérstaklega löggæzlu í öðrum sveitarfélögum á Suðurnesjum, og ætlunin mun vera að bæta öðrum 2 við á næstunni.

Naumast er efi á því, að fjárhagslega og skipulagslega væri hagkvæmara, að öll löggæzla á Suðurnesjum, þar með töldum Keflavíkurflugvelli, lyti einni stjórn, enda hefur undirnefnd fjárveitinganefndar bent á þá leið til sparnaðar og hagkvæmni í bréfi til fjármálaráðherra.

Ærin rök virðast því hníga til þess, að til bóta væri að breyta skipan lögsagnarumdæma á þann veg, að dóms- og lögreglumál á Suðurnesjum sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar heyri til einu embætti í Keflavík, í stað þess að viðhalda þeirri þrískiptingu, sem nú er í gildi og er íbúum þessa svæðis til óhagræðis og veldur ríkissjóði ýmsum óþörfum kostnaði."

Meðal íbúa á Suðurnesjum er verulegur hljómgrunnur fyrir því, að upp verði tekin sú skipan, sem gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögunni, og stjórn samtaka sveitarfélaga þar hefur lýst sig hlynnta því, að þessu máli verði hreyft að nýju á Alþingi.

Hér eru ekki mótaðar í einstökum atriðum tillögur um, hvernig lagasetningu skuli hagað til þess að ná því markmiði, sem að er stefnt, þótt hugmyndir séu uppi m. a. um, að bæjarfógetinn í Keflavík yrði jafnframt sýslumaður í Gullbringusýslu, samtímis því að Garða- og Bessastaðahreppur yrðu látnir tilheyra Kjósarsýslu. Horfið hefur verið að því ráði að flytja málið fremur í óbreyttri mynd, og lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að láta kanna, á hvern veg þurfi að breyta lögum, til þess að hin hagfelldasta skipan fáist, og leggja fram frumvarp í samræmi við það á því þingi, sem nú situr.

Nd. 90. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Ellert B. Schram.

1. gr.

Aftan við 3. mgr. E-liðar 1. mgr. 7. gr. laganna komi tveir nýir málsliðir, svo hljóðandi:

Nú selur skattþegn íbúð, sem hann hefur haft eða ætlað til eigin afnota og hann hefur átt skemur en tímamörk þau, er um ræðir í 5. málslið þessarar greinar,

en kaupir fullgerða íbúð innan árs, eða lýkur byggingu íbúðar innan þriggja ára, hvort tveggja til eigin afnota, og skal þá ágóði af sölunni eigi teljast til skattskyldra tekna, ef rúmmál hinnar keyptu eða byggðu íbúðar er jafnstórt eða stærra en hinnar seldu. Ef hin keypta eða byggða íbúð er minni að rúmmáli en hin selda, skal ágóði af sölunni teljast hlutfallslega til skattskyldra tekna.

2. gr.

Lög þessi öðlast nú þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, voru samþykktar allverulegar breytingar á skattskyldu af söluhagnaði seldra fasteigna. Skv. fyrri lögum skyldi greiða skatt af söluhagnaði fasteignar, sem verið hafði í eigu skattþegns skemur en fimm ár, þó með þeirri undantekningu, að söluhagnaður skyldi ekki skattskyldur, ef skattþegn keypti innan árs aðra fasteign eða byggði hús innan þriggja ára, sem var að fasteignamati jafnhátt eða hærra hinu selda.

Sú regla var hins vegar sett inn í núgildandi lög, að söluhagnaður skyldi skattskyldur, ef skattþegn hefur átt hina seldu eign skemur en þrjú ár, án tillits til þess, hvort ný eða stærri fasteign er keypt í staðinn. Stiglækkandi skattar skulu greiddir af söluhagnaði, ef skattþegn hefur átt eign 3—6 ár, þó að undanskildum eigin íbúðum, sbr. 15. gr. E-lið, og engan skatt skal greiða að 6 árum liðnum.

Í aðalatriðum eru þessar breytingar til bóta, að undanskilinni þeirri reglu, sem kveður á um, að söluhagnaður sé að fullu talinn til skattskyldra tekna, hafi skattþegn átt hina seldu eign skemur en þrjú ár. Gerir þetta frumvarp ráð fyrir breytingu á því ákvæði.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 90/1965, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 78/1967 og lögum nr. 48/1970, um breyting á þeim lögum, segir m. a.:

„Frumvarpið, sem lá fyrir síðasta Alþingi, hefur verið gagnrýnt að því er varðar þessi ákvæði um skattlagningu söluhagnaðar. Hefur því verið haldið fram, að með þessu sé tekin upp skattlagning á verðbólguhagnaði, sem sé hvort tveggja ósanngjörn og íþyngjandi frá gildandi löggjöf um þetta efni. Það er ljóst, að við sæmilega stöðugt verðlag er skattlagning söluhagnaðar að fullu algjörlega réttmæt."

Flutningsmaður þessa frumvarps vill taka undir þær athugasemdir, sem minnzt er á í nefndri greinargerð. Það má vera, að núgildandi ákvæði sé réttlætanlegt við sæmilega stöðugt verðlag. En öllum þeim, sem þekkja nokkuð til fasteignamarkaðarins, er ljóst, að það er fjarri því, að hægt sé að tala um stöðugt verðlag.

Íbúðarverð er óstöðugt, jafnvel frá degi til dags, og að sjálfsögðu ætíð til hækkunar. Sú fortakslausa regla, sem mælir fyrir um, að söluhagnaður sé skattskyldur af sölu fasteignar, sem seld er innan þriggja ára, frá því að hún er keypt, kemur verst niður á því unga fólki, sem vegna aukinnar fjárhagsgetu, stækkunar á fjölskyldu eða af öðrum skiljanlegum ástæðum þarf á stærra húsnæði að halda. Augljóst er og, að mismunur á kaup- og söluverði, ef einhver er, getur ekki talizt söluhagnaður, heldur verðbólguhagnaður, sem auðvitað er ekki tekjuauki fyrir skattþegn, ef hann þarf að kaupa aðra og stærri íbúð á jafnháu eða hærra verði. Þessi regla, sem hér um ræðir, sýnist því bæði ósanngjörn og íþyngjandi.

Til þess að leggja áherzlu á, að flutningsmaður hefur eingöngu í huga að létta þessari óréttlátu byrði af fólki, sem stendur í fasteignakaupum vegna eigin íbúðaskipta, þá er reynt að miða ákvæðið, sem gerð er tillaga um, við íbúðir til eigin afnota, en ekki við fasteignakaup almennt. Ákvæðið tekur ekki yfir þær íbúðir, sem skattþegn kann hugsanlega að eiga umfram þá íbúð, sem hann sjálfur notar eða hyggst nota fyrir sig og fjölskyldu sína. Ekki heldur nær ákvæðið yfir fasteignakaup vegna atvinnurekstrar, enda þótt það kæmi einnig til álita.

Þá er gert ráð fyrir, þegar samanburður er gerður á stærð íbúða, að miðað sé við rúmmetrastærð í stað fasteignamatsverðs, enda getur fasteignamatsverð verið mjög mismunandi eftir staðsetningu og gæðum íbúða, án tillits til stærðar. Sú regla hlýtur þó að vera ráðandi í sambandi við það undantekningarákvæði, sem hér um ræðir, að íbúðaskipti stafi af þörf viðkomandi til að stækka við sig.

Þetta frumvarp er nánast leiðrétting á lagaákvæði, sem hefur eftir stutta reynslu og við nánari athugun reynzt ósanngjarnt og íþyngjandi við allar eðlilegar aðstæður. Það er hlutverk löggjafarvaldsins að semja lög og reglur í samræmi við raunveruleikann hverju sinni á þann veg, að réttlætiskennd borgaranna sé ekki misboðið.

Sþ. 91. Tillaga til þingsályktunar [82. mál]

um atvinnu- og framkvæmdaáætlanir fyrir Austurlandskjördæmi.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Páll Þorsteinsson, Sverrir Hermannsson, Helgi F. Seljan, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. að láta gera atvinnumálaáætlun fyrir Austurlandskjördæmi;
2. að láta undirbúa áætlun til langs tíma um opinberar framkvæmdir í Austurlandskjördæmi.

Verk þessi verði unnin í náinni samvinnu við Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.

Greinargerð.

Um meginhluta Austurlands hafa átt sér stað miklar sviptingar í atvinnulífinu á liðnum árum. Afli þeirra fiska, sem nú eru kenndir við bol sinn, hefur verið nokkuð sveiflukenndur. Síldarævintýrið olli umróti. Með hröðum viðbrögðum tókst víðast að efla atvinnulífið á ný, þegar síldin hvarf. Mikil skipakaup eru nú á döfinni. Í landbúnaði hafa einnig skipzt á skin og skúrir: Fjárpestir og harðindi með grasbresti hafa valdið stórtjóni og átt þátt í grisjun byggðar. Leitað er úrræða til að snúa vörn í sókn. Flest iðnfyrirtæki eru ung, öll meira eða minna vanbúin að húsakosti og tækjum og skortir bæði framkvæmda- og rekstrarfé.

Á Austurlandi eru 35 sveitarfélög, en 13 þéttbýlisstaðir. Aðeins eitt kauptún stendur inni í landi. Hin dreifast um strandlengjuna frá Bakkafirði til Hafnar í Hornafirði.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja nauðsynlegt að vinna skipulega að atvinnuuppbyggingunni á þessu víðlenda og sundurskorna svæði. Ber hvort tveggja til: Fram undan eru stór verkefni á nær öllum sviðum atvinnulífsins, mörg brýn og flest æði fjárfrek. Og það skiptir höfuðmáli, að þróunin verði sem jöfnust, svo að byggð eflist um allt kjördæmið. Verður að stuðla að því, að samstarf og eðlileg verkaskipting geti tekizt milli hinna einstöku byggðarlaga um atvinnumálin.

Sama gildir vitanlega um opinberar framkvæmdir. Með bættum samgöngum treystast tengsl með sveitum og þéttbýli og milli þéttbýlissvæðanna sjálfra. Þar sem áður voru einangraðir staðir, verður nú tenging, sem skiptir sköpum. Nauðsynlegt er að viðurkenna þetta í reynd og skipuleggja einnig opinberar framkvæmdir til langs tíma með heildarhagsmuni Austurlands fyrir augum. En til þess að byggð nái að þróast eðlilega, þarf að efla margvíslega þjónustustarfsemi: í heilbrigðismálum, skólamálum, málefnum aldraðra og fjölmörgum öðrum greinum.

Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi hefur þegar starfað um alllangt skeið, hin síðari ár með framkvæmdastjóra, sem hefur aðsetur og skrifstofu á Egilsstöðum. Virðist einsætt, að áætlanir þær, sem hér um ræðir, yrðu unnar af fulltrúum ríkisvaldsins og samtökum sveitarfélaganna í sameiningu.

Nd. **92. Frumvarp til laga** [83. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 22 24. apríl 1965.

Flm.: Pálmi Jónsson.

1. gr.

Síðari málsgr. ákvæða til bráðabirgða orðist svo:

Á tímabilinu 1972—1976, að báðum árum meðtöldum, greiðir ríkissjóður fjárframlag til uppsetningar á súgþurrkunartækjum með mótor og blásara, er nemi að meðtöldum jarðræktarstyrk ⅓ kostnaðar, eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur. Sé um færanleg tæki að ræða, skal styrkurinn miðast við hæfilega stóran rafmagnsmótor.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta Búnaðarþingi var kosin milliþinganefnd til þess að endurskoða jarðræktarlögin. Var þess full þörf, að hafizt væri handa um þetta verkefni, því að ástæða sýnist til að hugleiða breytingar á lögunum í ýmsum efnum.

Ekki er enn vitað, hvað starfi nefndarinnar líður, en rétt virðist að bíða með að gera tillögur um meiri háttar breytingar á lögunum, þangað til hún hefur skilað áliti.

Sú breyting, sem með frumvarpi þessu er lagt til að gerð verði á lögunum, hefur þó sérstöðu. Hér er um að ræða endurnýjun á bráðabirgðaákvæði, sem gilti á árunum 1965—1969. Síðan hefur ákvæði þetta í raun verið framlengt með sérstakri fjárveitingu á fjárlögum. Í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár er hins vegar ekki að finna tillögu um fjárveitingu í þessu skyni og því horfur á, að niður falli aðstoð ríkisins við þennan þátt landbúnaðarins, verði ekkert aðhafzt til úrbóta. Því er þetta frumvarp flutt, enda eðlilegra, að ákvæði, er þetta varðar, sé að finna í landbúnaðarlöggjöfinni, meðan réttmætt er talið, að framlög séu greidd til súgþurrkunartækja.

Þarflaust er að fara mörgum orðum um gildi súgþurrkunar fyrir íslenzkan landbúnað. Það hefur sannazt ótvírætt á undanförnum árum, að súgþurrkun er meðal þess, sem mest hefur hjálpað bændum við aukna og bætta fóðuröflun.

Þótt súgþurrkun sé ekki einhlít, þegar verulega bregður til votviðra, er það mála sannast, að án hennar aðstoðar og þess öryggis, sem hún veitir, munu fáir geta hugsað sér þurrheysverkun, meðan aðrar aðferðir og ný tækni ryður sér ekki til rúms.

Þótt útbreiðsla súgþurrkunartækja hafi verið mikil á undanförnum árum og bændur mjög almennt tekið þessa tækni í sína þjónustu, þá fer því fjarri, að tækin séu í mörgum tilvikum jafnfullkomin og vera þyrfti, auk þess sem hin eldri ganga úr sér.

Tækin eru dýr, og má búast við, að verð á þeim hamli útbreiðslu verulega, ef framlag til þeirra væri fellt niður. Það er því að dómi flm. mjög nauðsynlegt, að áfram verði haldið fjárframlögum í þessu skyni, svo sem lagt er til með frumvarpi þessu.

Nd. 93. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. nóv. 1971.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.
Þórarinn Þórarinsson.	Karvel Pálmason.	Sigurður E. Guðmundsson.
	Matthías Bjarnason.	

Sþ. 94. Tillaga til þingsályktunar [84. mál]

um landgræðslu og gróðurvernd.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Bjarni Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna landgræðslunefnd. Skal skipun nefndarinnar vera eftir tillögum þingflokkanna, sem tilnefna einn mann hver í nefndina, en ríkisstjórnin skipar formann hennar.

Hlutverk nefndarinnar skal vera að hafa á hendi forustu um landgræðslu og gróðurvernd. Skal hún sjá um, að hið fyrsta verði lokið rannsóknum á gróðri landsins og gróðureyðingu, gera heildarlandgræðsluáætlun á grundvelli niðurstöðu þeirra rannsókna og fylgja fram framkvæmd hennar. Nefndinni er heimilt að leita aðstoðar allra opinberra aðila, sem um mál þessi fjalla.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Jafnframt ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til að afla nægilegs fjármagns, svo að fært verði að hefjast handa um nýja, stórtæka landgræðslu þegar á næsta ári.

Greinargerð.

Gróðureyðing hefur um aldaraðir verið alvarlegasta vandamálið á sviði náttúruverndar hér á landi. Hægt er að færa rök að því, að við upphaf landnáms hafi samfellt gróðurlendi þakið a. m. k. 50—60% af landinu, en þekur nú aðeins 20—25%. Skóg- eða kjarrlendi þakti þá 20—25%, en aðeins um 1% nú. Við 1100 ára búsetu í landinu hefur þannig glatazt meira en helmingur af gróðri og jarðvegi landsins af svæði, sem svarar til um það bil þriðjungs af heildarflatarmáli þess. Það er leitun að löndum, þar sem svo stórfelld eyðing hefur átt sér stað.

Upphaf og meginorsakir eyðingarinnar eru raktar til þeirrar röskunar, sem búsetan olli á náttúru landsins. En ýmsir aðrir þættir hafa verið að verki, t. d. versnandi veðurfar, eldgos, jökulhlaup og aðrar náttúruhamfarir.

Auk þessa beina taps á gróðri og jarðvegi rýrnaði mjög uppskerumagn og beitargæði þeirra gróðurlenda, sem ekki hafa eyðzt, og rannsóknir hafa leitt í ljós, að íslenzkir úthagar eru rýr beitilönd. Þessi rýrnun landgæðanna hefur haft gífurleg áhrif á afkomu þjóðarinnar ekki síður en sjálf gróðureyðingin.

Enda þótt erfitt sé að sanna það tölulega, má telja, að enn sígi á ógæfuhliðina í þessum efnum, — gróðureyðingin sé örari en það, sem grær að nýju af náttúrunnar eða manna völdum. Það skiptir þó ekki höfuðmáli, hvort jafnvægi hefur náðst í eyðingu og uppgræðslu, heldur það, að enn á gífurleg gróðureyðing sér stað. Ógoldin er skuld við landið, sem nemur 20—25 þús. km² af landi, sem orðið hefur örfoka, og þeirri gæðarýrnun gróðursins, sem áður er nefnd. Undanfarin ár hafa verið græddir upp 20—25 ferkílómetrar, en með þeim uppgræðsluhraða tæki um 1000 ár að græða upp að nýju það land, sem orðið hefur örfoka, þ. e. a. s. ef engin gróðureyðing ætti sér stað.

Orsakir þess, að ekki hefur tekizt að snúa vörn í sókn, eru margar, en þó einkum eftirfarandi:

1. **Víðtæk ofbeit eða ofnýting gróðurs á sér stað í landinu.** Rannsóknir hafa leitt í ljós, að gróður á um það bil 45% af flatarmáli landsins er ofbitinn. Ofbeit veldur alltaf skaða á gróðri, og hér á landi, þar sem gróður er sérstaklega viðkvæmur vegna lélegra gróðurskilyrða og jarðvegur fokgjarn, er ofbeit sérlega skaðleg. Hér eru því um 10 þúsund ferkílómetrar gróðurlendis að rýrna og eyðast, ef ekkert verður að gert. Hófleg nýting gróðurs er alger forsenda gróðurverndar.

2. **Landbúnaðurinn byggir í allt of ríkum mæli á úthögum, sem víða eru þrautpíndir.** Ræktun undanfarinna áratuga hefur verið mjög veruleg, en þó ekki gert meira en að mæta aukinni þörf fyrir vetrarfóður og túnbeit fyrir nautgripi. Hún hefur ekki létt af úthaganum, heldur jafnvel þvert á móti, þar sem vetrarfóðrið takmarkar ekki lengur stærð bústofnsins.

3. **Fjárveitingar til landgræðslumála hafa ekki verið í neinu samræmi við það, hve alvarlegt vandamál gróðureyðingin er.** Árið 1970 voru fjárveitingar til hinna opinberu landgræðslustofnana, Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins, samtals um 37 milljónir króna. Talið er, að næstu 5 ár þurfi að verja ca. 150 milljónum króna árlega til að rækta land, svo að létta megi af ofbeit.

4. **Skortur á félagslegri samvirkri forustu, sem Alþingi ber að veita.** Á vegum hinna ýmsu opinberu stofnana, sem um þessi mál hafa fjallað, hafa mikil og verðmæt störf verið unnin, en augljóslega skortir félagslega yfirstjórn.

Með landgræðslustarfinu undanfarna áratugi hefur verið unnið ágætt starf miðað við efni og aðstæður. Og dýrmæt reynsla hefur fengizt, sem stöðugt hefur stuðlað að enn meiri árangri.

Á síðustu áratugum hefur verið unnið að víðtækum rannsóknum á gróðri landsins í þeim tilgangi fyrst og fremst: 1) að ákvarða beitarþol landsins, einstakra afrétta og heimajarða; 2) að finna, hvar gróðureyðing á sér stað eða er yfirvofandi; 3) að reyna aðferðir til að auka beitarþol úthagans, græða upp örfoka land og hefta uppblástur.

Nú hafa verið gerð gróðurkort af öllum afréttum á miðhálendi landsins og víðar og ákvarðað beitarþol þeirra. Hafin hefur verið kortlagning á beitarþoli og ræktunarhæfni heimajarða, og hafa þrjár sýslur þegar verið kortlagðar á þann hátt, en um 70% af landinu öllu.

Á þennan hátt hefur nú verið fundið út, hvernig nýtingu gróðursins er varið, hvar er ofbeitt o. s. frv.

Aflað hefur verið víðtækra upplýsinga um það með tilraunum, hvernig beitarþol landsins verður aukið á hagkvæmastan hátt.

Enda þótt þessum rannsóknum sé ekki lokið, hafa þær skapað gjörbreytt viðhorf í landgræðslumálum, skilning á því, hvar skórinn kreppir, og ásamt reynslu landgræðslustofnana, lagt grundvöll að endurskoðun allra landgræðsluaðgerða og nýtingar landsins.

Viðfangsefni slíkrar endurskoðunar eru mörg, en efst á blaði eru:

1. Þörf á fjármagni til beinna landgræðsluaðgerða.
2. Þörf á ræktun bithaga til þess að létta af úthaganum:
   a) hvar, b) hve mikið, c) hvernig, d) kostnaður, e) hvernig styrkt.
3. Fjármagnsþörf til rannsókna og skipulagning þeirra.
4. Samræming á störfum landgræðslustofnana og samstarf þeirra til þess að tryggja sem beztan árangur og sem bezta nýtingu fjármagnsins.
5. Eftirlit með nýtingu lands.
6. Fræðslustarfsemi og þátttaka áhugamanna.

Sþ. 95. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]

um samkeppnislán til innlendrar skipasmíði.

Flm.: Ingvar Jóhannsson, Jóhann Hafstein.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Útflutningslánasjóður, er stofnaður var með lögum nr. 47/1970, geti tekið að sér nægjanlegar lánveitingar til smíði fiskiskipa innanlands til þess að styrkja innlenda skipasmíði í samkeppni við innflutning skipa erlendis frá. Lán þessi komi til viðbótar lánum Fiskveiðasjóðs og Atvinnujöfnunarsjóðs, þannig að lánskjörin verði ekki síðri en leyfð eru við kaup á fiskiskipum, sem smíðuð eru erlendis.

Greinargerð.

Þegar Útflutningslánasjóður hóf starfsemi sína á árinu 1970, var ekki gert ráð fyrir, að hann þyrfti fyrst í stað að veita lán til fiskiskipa, er smíðuð eru innanlands. Ástæðan fyrir þessu var sú, að samkvæmt þeim reglum, er þá voru í gildi um erlendar lántökur, voru lánveitingar Fiskveiðasjóðs og Atvinnujöfnunarsjóðs nægilega háar til þess, að innlendar skipasmíðastöðvar gætu staðizt samkeppni erlendis frá í þessu efni. Ríkisstjórnin hefur nú lagt til, að ríkisábyrgð verði veitt fyrir erlendum lánum, sem umfram eru væntanleg lán Fiskveiðasjóðs, allt upp í 80% af kaupverði fiskiskipa, og þau erlendu lán síðan lengd með innlendu láni allt til 18 ára. Íslenzkar skipasmíðastöðvar geta, eins og nú hagar til, ekki boðið sams konar kjör og standa því höllum fæti í samkeppni við erlenda aðila. Hér er því lagt til, að ríkisstjórninni sé falið að hlutast til um, að Útflutningslánasjóður hafi getu til að veita samkeppnislán, er jafni þennan aðstöðumun. Þetta verður að sjálfsögðu ekki kleift án sérstakra fjárhagslegra ráðstafana. Hins vegar eru ákvæði laga og reglugerðar um starfsemi sjóðsins það rúm, að breytinga á þeim er ekki þörf í þessu skyni.

Rétt er að vekja athygli á því, að álagið á Fiskveiðasjóð verður gífurlegt með miklum skipakaupum erlendis frá með lánum til 8 ára, en gert ráð fyrir því, að þau verði lengd af hálfu sjóðsins allt að 20 árum í heild. Fiskveiðasjóður yrði þá að standa straum af $\frac{1}{8}$ lánsins við fyrstu afborgun, en útgerðarmaðurinn til sjóðsins e. t. v. aðeins $\frac{1}{20}$. Hér er um annað vandamál að ræða, sem krefst sérstakrar úrlausnar.

Til glöggvunar fylgja upplýsingar um íslenzkar skipasmíðar úr ritinu „Iðnþróunaráform“, sem iðnaðarráðuneytið gaf út í maí á þessu ári.

Fylgiskjal.

Úr „Iðnþróunaráform" — Iðnaðarráðuneytið.

Skipasmíðar.

28. tafla sýnir þróun markaðshlutdeildarinnar í skipasmíði. Þar sem viðgerðir skipa eru verulegur hluti framleiðsluverðmætis skipasmíðastöðvar hér á landi, þótti ekki rétt að bera saman framleiðsluverðmætið annars vegar og innflutning tilbúinna skipa hins vegar. Vegna þessa voru notaðar magntölur og sýnir taflan því stærð skipa í brúttórúmlestum. Eins og sést af töflunni, er markaðshlutdeildin nokkrum sveiflum háð, sem að nokkru stafar af því, að tölur yfir framleitt magn eru miðaðar við afhent skip frá skipasmíðastöð, og svo hitt, að markaðurinn er í eðli sínu sveiflukenndur. Sé litið á þróunina í heild, er ekki vafi á því, að um hagstæða þróun er að ræða, sem bezt má marka af því, að markaðshlutdeildin er miklum mun hærri eftir árið 1965 en fyrir, að undanteknu einu ári (1968), þegar áhrif samdráttarins á sjávarútveginn fóru að segja til sín. Enginn útflutningur hefur verið hingað til, en ekki er álitið fráleitt, að einhver útflutningur hefjist í náinni framtíð.

Athyglisvert er, að skip smíðuð innanlands eru talsvert minni en innflutt skip, sbr. tölur um fjölda skipa í svigum í 28. töflu.

28. tafla. Markaðshlutdeild í skipasmíði, 10 tonn og þar yfir.
Brúttólestir.
(Tölurnar í svigum sýna fjölda skipa.)

Ár	Framleiðslumagn	Útfl.	Innfl.	Samtals innanl.mark.	Hlutdeild í innanl.mark.	Útfl. í % af framl.magni
1964	534	0	12.677	13.201	4.05%	0%
	(7)		(37)			
1965	145	0	13.126	13.271	1.09%	0%
	(4)		(18)			
1966	758	0	6.980	7.738	9.80%	0%
	(4)		(16)			
1967	1.584	0	7.181	8.765	18.07%	0%
	(18)		(24)			
1968	73	0	2.276	2.349	3.11%	0%
	(2)		(6)			
1969	850	0	1.831	2.681	31.70%	0%
	(9)		(1)			
1970	1.799	0	8.602	10.401	17.30%	0%

Heimildir: Verzlunarskýrslur.

Upplýsingar um framleiðslumagn eru fengnar hjá Guðjóni Tómassyni, hagræðingi hjá Meistarafél. járniðn.manna.

Tölurnar eru miðaðar við skip afhent frá skipasmíðastöð.

Ed. 96. Frumvarp til laga [86. mál]

um Framkvæmdastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

I. KAFLI
Hlutverk og skipulag.

1. gr.

Framkvæmdastofnun ríkisins er sjálfstæð stofnun, sem er ríkisstjórninni til aðstoðar við stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum. Hún annast hagrannsóknir og áætlanagerð og hefur með höndum heildarstjórn fjárfestingarmála og lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

Stofnunin starfar í þremur deildum: hagrannsóknadeild, áætlanadeild og lánadeild.

Framkvæmdastofnun ríkisins heyrir undir ríkisstjórnina.

2. gr.

Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins skal skipuð 7 mönnum, kosnum hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Ríkisstjórnin skipar formann og varaformann úr hópi hinna þingkjörnu stjórnarmanna. Formaður stjórnarinnar boðar hana til fundar. Á fundinum ræður afl atkvæða. Ríkisstjórnin ákveður þóknun stjórnarinnar.

3. gr.

Verkefni stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar eru m. a. þessi:

1) að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um ráðningu forstöðumanna deilda;
2) að ákveða rekstraráætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn, að fengnum tillögum framkvæmdaráðs;
3) að ákveða starfsáætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn og skera úr um, hver áætlanaverkefni skuli sitja fyrir. Starfsáætlun skal endurskoða á árinu, eftir því sem þurfa þykir;
4) að fjalla um og samþykkja allar áætlanir, sem stofnunin gerir, áður en þær eru sendar ríkisstjórninni, sbr. 11. gr., svo og skýrslur stofnunarinnar um framkvæmd áætlana;
5) að fara með stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands, sbr. V. kafla laga þessara;
6) að fara með stjórn Byggðasjóðs, sbr. VI. kafla laga þessara.

4. gr.

Ríkisstjórnin skipar þriggja manna framkvæmdaráð, er annast daglega stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins.

5. gr.

Verkefni framkvæmdaráðs eru m. a.:

1) að láta gera áætlanir á vegum stofnunarinnar og leggja þær fyrir stjórn hennar;
2) að gera tillögur til stjórnarinnar um rekstraráætlanir og starfsáætlanir fyrir stofnunina;

3) að gera tillögur um árlega heildaráætlun fyrir Framkvæmdasjóð og Byggðasjóð svo og um einstakar lánveitingar úr þeim;
4) að ráða stofnuninni starfsfólk innan ramma fjárhagsáætlunarinnar, sbr. þó 3. gr. 1. tl.

II. KAFLI
Hagrannsóknadeild.

6. gr.

Hagrannsóknadeild annast nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings áætlanagerða stofnunarinnar, svo og gagnasöfnun og skýrslugerð um framkvæmd þeirra áætlana, sem gerðar hafa verið og samþykktar af ríkisstjórninni, sbr. 11. gr.

Hagrannsóknadeildin annast gerð þjóðhagsreikninga og almennra þjóðhagsáætlana. Skulu áætlanir gerðar til langs tíma um þróun þjóðarbúsins.

Deildin annast þær hagfræðilegar athuganir fyrir ríkisstjórnina, er hún kann að óska eftir. Deildin annast og hagfræðilegar athuganir fyrir Seðlabankann og aðra opinbera aðila, eftir því sem um semst.

III. KAFLI
Áætlanadeild.

7. gr.

Áætlanadeild gerir áætlanir um uppbyggingu og þróun mikilvægustu atvinnugreina og um heildarþróun atvinnulífsins.

8. gr.

Deildin gerir áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs víðs vegar um land, með það fyrir augum að skapa landsmönnum öllum fulla atvinnu og eðlileg lífsskilyrði og stuðla að heilbrigðri byggðaþróun.

9. gr.

Deildin gerir áætlanir fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir um framkvæmdir ríkisins og aðrar opinberar framkvæmdir, eftir því sem um semst.

10. gr.

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar ákveður, í hvaða röð skal unnið að áætlanaverkefnum og hver vera skulu markmið og forsendur hverrar áætlunar.

Við gerð atvinnumálaáætlana skal stofnunin hafa náin samráð við aðila vinnumarkaðarins. Einnig skal haft samráð við Búnaðarfélag Íslands, Fiskifélag Íslands og Iðnþróunarstofnun Íslands, eftir því sem við á, og má fela þessum aðilum einstaka þætti áætlunargerðarinnar, ef henta þykir.

Byggðaáætlanir skulu gerðar í samráði við sveitarstjórnir og landshlutasamtök sveitarfélaga, svo og landshlutasamtök verkalýðsfélaga og atvinnurekenda.

Meðan unnið er að áætlanagerð í viðkomandi landshluta, getur stjórn stofnunarinnar sett þar upp skrifstofu til bráðabirgða.

11. gr.

Áætlanir skulu sendar ríkisstjórninni til samþykktar og gerir hún Alþingi grein fyrir þeim.

Framkvæmdastofnunin fylgist með framkvæmd þeirra áætlana, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt. Áætlanir til lengri tíma en eins árs skal stofnunin endurskoða, eftir því sem tilefni gefst.

IV. KAFLI
Lánadeild.

12. gr.

Lánadeild vinnur að því að samræma útlán allra opinberra stofnlánasjóða og að skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda með sérstöku tilliti til þeirra framkvæmda, sem forgang þurfa að hafa samkvæmt áætlunum stofnunarinnar.

Hún fylgist með fjárhag allra opinberra fjárfestingarsjóða og gerir tillögur um fjáröflun til þeirra, eftir því sem þörf krefur.

Framkvæmdastofnunin getur sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar. Skulu þá opinberir sjóðir og lánastofnanir haga lánveitingum í samræmi við það. Engri stofnun er þó skylt að veita lán, sem hún ekki telur eðlilega tryggð.

13. gr.

Lánadeildin annast rannsóknir á arðsemi og þjóðhagslegu gildi nýrra atvinnugreina og fyrirtækja, sem fyrirhugað er að setja á stofn, í samráði við hagdeildir bankanna, og einnig rannsóknir á stöðu starfandi fyrirtækja, sem þarfnast endurskipulagningar og nýrrar fjármögnunar. Um rannsóknir nýrra atvinnugreina skal haft samráð við Rannsóknaráð ríkisins.

Lánadeildin getur átt frumkvæði að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar. Lætur hún þá vinna nauðsynleg áætlunar- og undirbúningsstörf og leitar síðan samvinnu við aðra aðila um að koma fyrirtækinu á fót.

14. gr.

Lánadeildin tekur við umsóknum um lán úr Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði og annast athugun þeirra. Áður en lánveiting er samþykkt, beitir lánadeild sér fyrir að tryggja það með samningum við aðra fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, að nægileg stofnlán fáist til framkvæmdarinnar og að eðlileg rekstrarfyrirgreiðsla fáist hjá viðskiptabanka.

Nú verður ákveðið með viðeigandi breytingum á lögum um aðra opinbera stofnlánasjóði að fela Framkvæmdastofnun ríkisins umsjá þeirra, og skulu þeir þá starfræktir í lánadeild með sérstöku reikningshaldi.

15. gr.

Framkvæmdaráð skal hafa náið samstarf við stofnlánasjóði og viðskiptabanka í því skyni að samræma sjónarmið þessara aðila og aðgerðir til eflingar íslenzku efnahags- og atvinnulífi.

16. gr.

Lánadeildin getur, ef hagkvæmt þykir, haft vörzlu og bókhald þeirra sjóða, sem eru í umsjá Framkvæmdastofnunar ríkisins, og afgreiðslu lánsfjár og innheimtu. Að öðrum kosti verði þessi verkefni falin starfandi ríkisbanka.

Handbært fé Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs skal geymt á sérstökum reikningi í Seðlabanka Íslands. Þó er heimilt að geyma fé í viðskiptareikningum við aðra banka eða sparisjóði, ef svo stendur á, að sú lánastofnun, sem hlut á að máli, hefur veitt bráðabirgðalán til framkvæmda, sem stjórn Framkvæmdastofnunarinnar hefur samþykkt að veita lán til, enda sé innistæðunni haldið innan þess hundraðshluta útlagðs kostnaðar við verkið, sem ætla má að lánið úr sjóðnum nemi.

Árlega skal birta skrá yfir lánveitingar stofnunarinnar.

17. gr.

Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins skal leita eftir samningum við stjórnir Iðnþróunarsjóðs, Atvinnuleysistryggingasjóðs, lífeyrissjóða og tryggingarfélaga um samvinnu þessara sjóða og félaga við stofnunina varðandi lánveitingar.

V. KAFLI
Um Framkvæmdasjóð Íslands.

18. gr.

Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland) er eign ríkisins, en starfar sem hluti af Framkvæmdastofnun ríkisins og lýtur sömu stjórn, sbr. 3. gr.

19. gr.

Framkvæmdasjóður tekur við öllum eignum Framkvæmdasjóðs Íslands, sem stofnaður var með lögum nr. 66 13. maí 1966, eins og þær eru 1. janúar 1972. Þá tekur Framkvæmdasjóður að sér greiðslu allra skulda Framkvæmdasjóðs Íslands, svo og efndir á öllum skuldbindingum hans, þar með töldum ábyrgðum, sem hann hefur tekið á sig, frá sama tíma að telja.

Mótvirðisfé í vörzlu sjóðsins skal, ásamt vöxtum af því, lána að hálfu til framkvæmda í þágu landbúnaðarins og að hálfu til annarrar starfsemi Framkvæmdasjóðs. Höfuðstóll Mótvirðissjóðs, eins og hann er á hverjum tíma, skal færður sérstaklega skuldamegin á efnahagsreikningi Framkvæmdasjóðs.

20. gr.

Hlutverk Framkvæmdasjóðs er að beina fjármagni til aðkallandi framkvæmda, sem æskilegar eru taldar fyrir þjóðarbúið að dómi stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar og eru í samræmi við þau markmið, sem felast í áætlunum hennar.

Þessu hlutverki gegnir sjóðurinn með því:

1) að veita fé til þeirra fjárfestingarsjóða, sem veita lán til einstakra framkvæmda, enda sé því fé varið til lána, sem eru í samræmi við fjárfestingaráætlanir stofnunarinnar;
2) að veita lán til einstakra framkvæmda, þegar stjórn stofnunarinnar þykir sérstaka nauðsyn bera til þess og
3) að veita lán til meiri háttar opinberra framkvæmda.

21. gr.

Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins tekur ákvarðanir um lánveitingar Framkvæmdasjóðs Íslands og ráðstöfun fjármuna hans.

Hún tekur ákvarðanir um heildaráætlun, er gera skal árlega um ráðstöfunarfé sjóðsins, bæði eigið fé og lánsfé, og heildarútlán hans og skiptingu þeirra milli fjárfestingarlánastofnana og einstakra framkvæmda. Heimilt er henni að setja lánastofnunum skilyrði um notkun þess lánsfjár, er þær fá úr sjóðnum.

Hún tekur enn fremur ákvarðanir um vexti og önnur útlánakjör Framkvæmdasjóðs að fengnu samþykki ríkisstjórnar og úrskurðar reikninga sjóðsins og tekur ákvörðun um afskriftir af kröfum sjóðsins.

22. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka lán til starfsemi sinnar, bæði innanlands og erlendis. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Framkvæmdasjóðs Íslands.

23. gr.

Nú tekur sjóðurinn erlent fé að láni og endurlánar það innanlands, og skal þá svo um samið við lántakanda, að hann beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenzkum krónum við slíkar breytingar.

24. gr.

Heimilt er stjórn Framkvæmdastofnunarinnar að ráðstafa allt að helmingi árlegs tekjuafgangs Framkvæmdasjóðs til nýjunga í atvinnulífi. Um slíkar styrkveitingar skal leita umsagnar framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins. Einnig má verja fé til undirbúnings nýrra fyrirtækja, sem stofnunin hyggst beita sér fyrir samkvæmt síðari málsgrein 13. greinar.

25. gr.

Framkvæmdasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða annarra stofnana, með sama hætti og ríkisbankar.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Framkvæmdasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal Framkvæmdasjóði gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

VI. KAFLI
Um Byggðasjóð.

26. gr.

Byggðasjóður er eign ríkisins og starfar sem hluti af Framkvæmdastofnun ríkisins og lýtur sömu stjórn, sbr. 3. gr.

27. gr.

Byggðasjóður tekur við stofnfé Atvinnujöfnunarsjóðs, skv. lögum nr. 69/1966, greiddu og ógreiddu, og öðrum eignum hans og skuldbindingum eins og þær eru 1. janúar 1972.

28. gr.

Tekjur Byggðasjóðs eru:

1) Eignir Atvinnujöfnunarsjóðs samkvæmt lögum nr. 69/1966.
2) Framlag úr ríkissjóði að fjárhæð kr. 1 000 000 000.00, sem greiðist með jöfnum fjárhæðum á næstu 10 árum, í fyrsta sinn á árinu 1972.
3) Skattgjald af álbræðslu í Straumsvík, að frádregnum 25% skattgjaldsins, er renna á til Hafnarfjarðarkaupstaðar, og 4.1%, er rennur til Iðnlánasjóðs. Frá og með októbermánuði 1978 lækkar hlutdeild Hafnarfjarðarkaupstaðar í 20%, en hlutur Byggðasjóðs eykst að sama skapi.
4) Vaxtatekjur.

29. gr.

Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 8. gr.

30. gr.

Heimilt er Byggðasjóði að veita vaxtalaus bráðabirgðalán til allt að tveggja ára til framkvæmda, sem greiðast eiga af opinberu framlagi, sem tryggt hefur verið.

Þá er og heimilt að veita óafturkræf framlög, ef sérstaklega stendur á.

Enn fremur er sjóðsstjórninni heimilt, ef sérstaklega stendur á, að gerast fyrir hönd sjóðsins meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót eða starfrækja áfram í samræmi við tilgang sjóðsins og þarfir viðkomandi byggðarlags.

31. gr.

Stjórn Byggðasjóðs er heimilt að greiða landshlutasamtökum sveitarfélaga af fé sjóðsins sem svarar ¾ — þrem fjórðu hlutum — af árslaunum sérmenntaðs manns í undirbúningi og gerð landshlutaáætlana, að því tilskildu, að viðkomandi landshlutasamtök hafi slíkan mann í þjónustu sinni.

32. gr.

Framkvæmdaráð gerir árlegar áætlanir um heildarútlán Byggðasjóðs á komandi ári og gerir frumvarp að slíkri áætlun á grundvelli landshlutaáætlana og leggur fyrir stjórnina. Þá tekur stjórnin einnig ákvörðun um einstakar lánveitingar og kveður á um tryggingu fyrir láni, vexti og afborgunarskilmála hverju sinni.

33. gr.

Framkvæmdastofnuninni er heimilt að afla Byggðasjóði lánsfjár allt að 300 milljónum króna á ári næstu fimm árin eftir gildistöku þessara laga, gegn ábyrgð ríkissjóðs.

34. gr.

Ákvæði 25. gr. ná einnig til Byggðasjóðs.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

35. gr.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að veita Framkvæmdastofnuninni allar upplýsingar, er hún þarf á að halda vegna skýrslugerða sinna og annarra starfa. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands og sömu viðurlög liggja við, ef út af er brugðið. Byggingarnefndir og oddvitar senda stofnuninni skýrslur, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, um byggingarframkvæmdir í umdæmi þeirra. Heimilt er að ákveða, að þessar skýrslur nái einnig til umsókna um byggingaleyfi og veittra byggingaleyfa.

Um upplýsingasöfnun skal stofnunin þó hafa samráð við Hagstofuna og aðra aðila, sem hliðstæðum upplýsingum safna, í því skyni að komast hjá tvíverknaði.

36. gr.

Ríkissjóður, Seðlabanki Íslands, Framkvæmdasjóður, Byggðasjóður og sérstakir sjóðir, sem stofnuninni kann að verða falin umsjá með, greiða í sameiningu kostnað af starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar eftir nánari reglum og samkvæmt þeim hlutföllum, sem ríkisstjórnin ákveður.

37. gr.

Fari Framkvæmdastofnun ríkisins með vörzlu og bókhald þeirra sjóða, sem eru í umsjá hennar, sbr. 16. gr., skulu kosnir af Alþingi tveir endurskoðendur til að endurskoða reikninga þeirra.

Ársreikningar sjóðanna skulu að lokinni endurskoðun lagðir fyrir stjórn Framkvæmdastofnunarinnar til staðfestingar.

38. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

39. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 66/1966 og lög nr. 69/1966, svo og önnur lög og lagaákvæði, sem brjóta kunna í bága við þessi lög.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu um Framkvæmdastofnun ríkisins er stefnt að því, að vinna að eflingu atvinnuveganna með skipulegum áætlunarvinnubrögðum, að tengja saman undir einni stjórn stofnanir og sjóði, sem til þessa hafa starfað sitt í hvoru lagi, og að koma á fót heildarstjórn í fjárfestingarmálum. Samkvæmt því er Framkvæmdastofnuninni ætlað það hlutverk að semja áætlanir til langs tíma um þróun þjóðarbúsins og framkvæmdaáætlanir til skemmri tíma. Stofnunin á enn fremur að hafa frumkvæði í atvinnumálum. Er lögð rík áherzla á, að Framkvæmdastofnunin hafi náið samstarf við aðila atvinnulífsins um það, hvað unnt sé að gera til að búa í haginn fyrir hverja atvinnugrein. Enn fremur ber henni í samvinnu við landshlutasamtök að stuðla að þróun byggða og atvinnulífs í hverjum landshluta. Það koma því margs konar áætlunarverkefni í hlut Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Þeir sjóðir, sem faldir eru forsjá Framkvæmdastofnunarinnar, eru Framkvæmdasjóður og Atvinnujöfnunarsjóður, sem eftir frumvarpinu á að nefnast Byggðasjóður. Auk þess, sem stjórn Framkvæmdastofnunarinnar hefur á hendi lánveitingar og úthlutanir úr þeim sjóðum, sem nefndir voru, er henni ætlað að vinna að því að samræma útlán allra stofnlánasjóða og skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda. Jafnframt er gert ráð fyrir, að starfsemi fleiri fjárfestingarsjóða geti flutzt til Framkvæmdastofnunar, er tímabært og hentugt þykir. Starfsemi Efnahagsstofnunarinnar færist til þessarar nýju stofnunar — Framkvæmdastofnunar ríkisins. Um leið er Hagráð lagt niður. Hér verður því starfsemi þriggja stofnana sameinuð og lögð undir eina stjórn. Leiðir slík samfærsla til hagræðingar og verksparnaðar og miðar að því að gera stjórnkerfi þessara mála einfaldara. Náin samræming áætlunargerðar og fjárfestingarstjórnar mun auðvelda stofnuninni að eiga frumkvæði að mikilvægum framkvæmdum í atvinnumálum, bæði með stofnun nýrra fyrirtækja og með rannsóknum á þjóðhagslegu gildi nýrra atvinnugreina og fyrirtækja.

Fjárfestingarstjórnin er fólgin í áætlanagerðinni, skipulagningu fjármagnsöflunar til þeirra framkvæmda, sem forgang eiga að hafa, og samræmingu útlána opinberra stofnlánasjóða. Þá getur og Framkvæmdastofnunin sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar.

Framkvæmdastofnunin lýtur yfirstjórn þingkjörinnar stjórnar, en stjórn á daglegum rekstri er í höndum framkvæmdaráðs og forstöðumanna deilda. Framkvæmdastofnunin starfar í þremur deildum: hagrannsóknadeild, sem annast rannsóknir, gagnasöfnun og skýrslugerð, áætlanadeild, sem annast hvers konar áætlanagerð, og lánadeild, sem hefur umsjón framangreindra sjóða, annast þá samræmingu útlána og skipulagningu á fjármagnsöflun, sem Framkvæmdastofnuninni er ætlað að hafa á hendi.

Með starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins er að því stefnt, að íslenzkur þjóðarbúskapur þróist í framtíðinni með skipulegum hætti og að hagnýtt sé hin fullkomnasta þekking og sérkunnátta við stefnumótun og ákvarðanir.

Er þess vænzt, að með því móti fáist betri nýting framleiðsluþátta og náttúruauðs.

Til frekari glöggvunar skal bent á nokkur meginatriði, sem fram koma í þessu frumvarpi og teljast mega að miklu leyti nýmæli:

1) Ákveðið er að tengja saman í eina stofnun áætlunargerð og öflun fjármagns þannig, að samræmi og samstarf sé um áætlun og ákvörðun um framkvæmd og fjáröflun og fjármagnsráðstöfun til hennar.

2) Ákveðið er að tengja saman og efla samstarf margra aðila um áætlanagerð, sem til þessa hafa haft of lítið samstarf sín á milli. Er hér um að ræða opinberar stofnanir, aðila frá atvinnuvegunum, rannsóknar- og vísindastofnanir, lánastofnanir og fleiri aðila. Fæst með slíku samstarfi betri og öruggari heildaryfirsýn yfir þjóðarbúskapinn, og þar með aðstaða til að forðast margvísleg mistök og óþarfa kostnað, t. d. vegna þess, að í meira er ráðizt í einu en tök eru á að framkvæma með eðlilegum og nauðsynlegum framkvæmdahraða. Er stofnuninni ætlað að veita aðstoð við að meta það á grundvelli upplýsinga og sérþekkingar, hvaða framkvæmdum sé eðlilegt og æskilegt að veita forgang hverju sinni. Samstarfi framangreindra aðila er og ætlað að auðvelda mótun og framkvæmd efnahagsstefnu, sem tryggi þjóðfélaginu sem örastar framfarir og sem mesta hagsæld allra þjóðfélagsstétta.
3) Ákveðið er, að stofnunin framfylgi byggðaþróunarstefnu með sérstakri áætlanagerð. Jafnframt er þessi áætlanagerð með sérstökum hætti tengd mjög traustum böndum við fjármagnsöflun til þeirra framkvæmda, sem áætlaðar og ákveðnar eru á hverjum tíma. Fjármagn Byggðasjóðs er stóraukið.
4) Framkvæmd þessarar byggðastefnu er svo að auki tryggð með sérstökum tengslum við landshlutasamtök sveitarfélaganna, bæði að því er varðar áætlanagerð og kostnað landshlutasamtakanna af því starfi. Þá er einnig ákveðið að taka upp samstarf við landshlutasamtök verkalýðsfélaga og atvinnurekenda í sama skyni.
5) Framkvæmdastofnun ríkisins getur átt frumkvæði að stofnun nýrra fyrirtækja, annazt rannsóknir, áætlanir og annan undirbúning að stofnun þeirra, tryggt þeim eðlilegt lánsfé til stofnunar og starfrækslu og samið síðan við aðila atvinnuveganna um að hrinda málinu í framkvæmd.
6) Stjórnarandstöðuflokkum er tryggð eðlileg aðild að stjórn stofnunarinnar, og eiga þeir þess því kost að fylgjast náið með störfum hennar og hafa aðstöðu til áhrifa á framþróun og gang mála. Með þeim hætti veitist og stjórnarandstöðunni tækifæri til að móta stefnu flokka sinna á grundvelli allra tiltækra upplýsinga.
7) Stefnt er að því, að Framkvæmdastofnunin hafi með tímanum á að skipa sem hæfustu liði sérmenntaðra manna með nána þekkingu á efnahagskerfi og atvinnulífi þjóðarinnar, er orðið geti hvaða ríkisstjórn, sem með völd fer, að liði við mótun stefnu í efnahags- og atvinnumálum.

Vafalaust er, að sú löggjöf, sem hér er lagt til að sett verði, þarfnast endurbóta og fullkomnunar síðar, að fenginni reynslu. Er svo um alla löggjöf. Hér skal bent á nokkur atriði, sem líklegt er, að síðar komi til skoðunar. — Í fyrsta lagi skal þess getið, að heppilegt kann að reynast að tengja Framkvæmdastofnun ríkisins margs konar rannsókna- og vísindastofnunum í landinu með löggjöf síðar, þó að hæpið væri að gera það nú, þar sem slík starfsemi er lítil og tilraunakennd, eins og sakir standa, og í mótun. Meðan svo er verður að teljast eðlilegt, að tekið verði upp í verki sem nánast samstarf milli Framkvæmdastofnunarinnar og þeirra rannsókna- og vísindastofnana, sem til eru.

Í annan stað væri æskilegt, að samstarf kæmist á milli stofnunarinnar og viðskiptadeildar Háskóla Íslands (og jafnvel fleiri deilda), þannig að stofnunin fengi nemendum á síðari námsárum í viðskiptadeild raunhæf rannsóknarefni til úrlausnar í því skyni að gera hvort tveggja í senn: tengja nám þeirra efnahags- og atvinnulífi landsins á raunhæfan hátt og gera þá þannig hæfari til starfa í atvinnulífinu að námi loknu, en einnig til að fá með viðráðanlegu móti framkvæmdar margvíslegar og nauðsynlegar rannsóknir og athuganir, sem ella mundi af fjárhags- og mannaflaskorti dragast úr hömlu að framkvæma.

Í þriðja lagi má á það benda, að æskilegt væri, að ákveðið samkomulag tækist í verki á milli ríkisstjórnar, Alþingis og Framkvæmdastofnunarinnar um, að hún tæki að öðru jöfnu að sér athuganir og rannsóknir á málum, sem til þessa hefur

verið venja að skipa nefndir til að fjalla um, en gætu samkvæmt eðli máls eins vel heyrt undir starfsemi stofnunarinnar. Er ástæða til að ætla, að með því móti fengjust betri, skjótvirkari og umfram allt kostnaðarminni vinnubrögð en með nefndarstörfum, ekki sízt ef að því er gáð, að nefndir þurfa oftast að ráða sér til aðstoðar dýra sérfræðinga til að vinna verkin, sérfræðinga, sem liggja ekki alltaf á lausu, en verða oft að vinna slík verk sem aukastörf. Nýtast þá að jafnaði bæði starfskraftar og starfstími illa eins og eðlilegt er.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar frumvarpsgreinar.

Athugasemdir um einstakar greinar.

Um I. kafla.

Hlutverk og skipulag.

Um 1. gr.

Lagt er til að koma á fót sjálfstæðri ríkisstofnun, sem vinni að mótun og framkvæmd stefnunnar í efnahags- og atvinnumálum. Stofnunin skal annast hagrannsóknir, áætlanagerð og stjórn fjárfestingarmála, svo og lánveitingar samkvæmt því, er nánar greinir í lögunum.

Lagt er til að stofnunin heyri undir ríkisstjórnina í heild og falli þannig skipulagslega undir verksvið forsætisráðherra.

Um 2. og 3. gr.

Gert er ráð fyrir þingkjörinni stjórn, þannig að þau sjónarmið sem ríkjandi eru í löggjafarsamkomunni eigi greiðan gang inn í stofnunina. Stjórnin markar meginlínurnar í starfsemi stofnunarinnar og tekur endanlegar ákvarðanir um lánveitingar.

Um 4. og 5. gr.

Daglegri starfrækslu stofnunarinnar í heild stjórnar þriggja manna framkvæmdaráð. Eðlilegt er talið, að þeir menn séu skipaðir af ríkisstjórninni, þar sem þeir eru fyrst og fremst hennar fulltrúar við mótun og framkvæmd stefnunnar í efnahags- og atvinnumálum á hverjum tíma.

Um II. kafla.

Hagrannsóknadeild.

Um 6. gr.

Hagrannsóknadeildin annast gagnasöfnun og skýrslugerð fyrir stofnunina og ríkisstjórnina. Er þar um að ræða framhald og útvíkkun þess starfs, sem hafið er á vegum hagrannsóknadeildar Efnahagsstofnunarinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir að deildin aðstoði framkvæmdaráðið við heildarsamræmingu starfsins í stofnuninni.

Um III. kafla.

Áætlanadeild.

Um 7. gr.

Greinin felur í sér það nýmæli, að tekin skuli upp áætlanagerð um þróun mikilvægustu atvinnugreina og atvinnulífsins í heild.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að tekin séu í lög ákvæði um skipulega gerð landshlutaáætlana í framhaldi af því starfi, sem Efnahagsstofnunin hefur unnið á þessu sviði undanfarin ár.

Um 9. gr.

Hér er gert ráð fyrir áætlanagerð um opinberar framkvæmdir af svipuðu tagi og Efnahagsstofnunin hefur haft með höndum undanfarin ár.

Um 10. gr.

Æskilegt er talið að Framkvæmdastofnunin hafi víðtækt samstarf við ýmsa aðila í þjóðfélaginu um áætlanagerðir sínar. Er þar bæði um að ræða Búnaðarfélagið, Fiskifélagið og Iðnþróunarstofnunina sem fulltrúa sinna atvinnugreina. Er talið að þessir aðilar geti lagt mikið af mörkum til áætlunargerðarinnar og í sumum tilfellum tekið að sér sérstaka þætti hennar.

Með sama hætti er gert ráð fyrir að landshlutasamtök sveitarfélaganna geti tekið mjög virkan þátt í gerð byggðaáætlana og einnig er í því sambandi gert ráð fyrir samstarfi við verkalýðsfélög og atvinnurekendur í landshlutunum.

Um 11. gr.

Lagt er til að ríkisstjórnin fjalli um áætlanirnar og samþykki þær áður en stofnunin einbeitir sér að framkvæmd þeirra, en Alþingi sé gerð grein fyrir þeim.

Um IV. kafla.

Lánadeild.

Um 12. gr.

Lagt er til, að lánadeild samræmi og samhæfi fjármögnun framkvæmda, eftir því sem kostur er. Lánadeildin hefur einnig á hendi raunverulega stjórn fjárfestingarmála, en því hlutverki gegnir hún annars vegar með þeim víðtæku áhrifum sem hún hefur á allt lánakerfið, en hins vegar með því, ef nauðsyn ber til, að setja almennar reglur um hvers konar framkvæmdir er skuli hafa forgang umfram aðrar.

Um 13. gr.

Í þessari grein felst m. a. það nýmæli að opinber stofnun getur átt frumkvæði að stofnun nýrra atvinnufyrirtækja. Það er alkunna, að oft er ekki fyrir hendi það frumkvæði, sem þarf til að hrinda nýjum atvinnufyrirtækjum í framkvæmd, þó þau séu þjóðhagslega fýsileg, og er þess freistað með ákvæði þessu að ráða á því nokkra bót.

Um 14. gr.

Samkvæmt þessari grein skal lánadeild reyna að sjá til þess að þær framkvæmdir, sem hún á annað borð beitir sér fyrir að fjármagna, verði fjármagnaðar til fulls, en ekki aðeins að einhverju leyti þannig að þær reki svo í strand á einhverju stigi.

Enn fremur er í greininni gert ráð fyrir að Framkvæmdastofnuninni verði síðar fengin umráð fleiri fjárfestingarsjóða en þetta frv. gerir ráð fyrir í fyrstu.

Um 15. gr.

Þessi grein fjallar um samskipti stofnunarinnar við fjárfestingarsjóði og viðskiptabanka og þarfnast eigi skýringa.

Um 16. gr.

Gert er ráð fyrir því sem meginreglu að Framkvæmdastofnunin annist ekki sjálf afgreiðslu lánsfjár, innheimtu, bókhald o. fl., heldur feli það öðrum. Heimilt er þó stofnuninni að taka þessi verkefni í eigin hendur, ef hagkvæmt þykir. Fram-

kvæmdasjóður hefur nú slíka þjónustu hjá Seðlabankanum og Atvinnujöfnunarsjóður, sem verður uppistaða Byggðasjóðs, hjá Landsbankanum. Aðalreglan er sú, að handbært fé sé geymt í Seðlabanka, en þar frá heimiluð sú undantekning er í greininni segir.

Um 17. gr.

Litið er svo á, að þá sjóði, sem hér eru nefndir, sé ekki fært að sameina Framkvæmdastofnuninni, og þykir því eðlilegt að hafa almenn ákvæði um samvinnu hennar við þá. Ástæðan til þess að ekki er hægt að breyta svo stórlega stöðu þessara sjóða með einfaldri löggjöf er m. a. sú, að þeir eru tilkomnir með sérstökum samningum, sem ekki verður rift.

Um V. kafla.

Framkvæmdasjóður.

Um 18. og 19. gr.

Gert er ráð fyrir að Framkvæmdasjóður sé hluti af Framkvæmdastofnun ríkisins og taki við öllum eignum og skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands.

Um 20. gr.

Greinin er efnislega samhljóða núgildandi ákvæðum um Framkvæmdasjóð Íslands, að því undanskildu að heimilt er, þegar sérstaklega stendur á, að veita lán beint til einstakra framkvæmda. Óeðlilegt er talið að Framkvæmdastofnunin eigi það algerlega undir öðrum lánastofnunum, hvort hægt er að lána til framkvæmda, sem stofnunin telur mikilsverðar.

Um 21.—23. gr.

Samhljóða gildandi ákvæðum um Framkvæmdasjóð Íslands.

Um 24. gr.

Æskilegt er talið að stofnunin geti ráðið yfir nokkrum fjármunum til að styrkja rannsóknir og tilraunir og til að hafa frumkvæði að nýjungum. Ekki er þó talið eðlilegt að opna Framkvæmdasjóð með almennri heimild um styrkveitingar, og er því lagt til að leggja hluta af tekjuafgangi hans í sérstakan sjóð, alveg aðskilinn, í þessu skyni.

Um 25. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sams konar og gilda um aðra hliðstæða sjóði.

Um VI. kafla.

Byggðasjóður.

Um 26. og 27. gr.

Lagt er til að stofna Byggðasjóð, sem verði hluti af Framkvæmdastofnuninni og taki við eignum og skuldum Atvinnujöfnunarsjóðs.

Um 28. gr.

Hér eru taldir tekjustofnar Byggðasjóðs. Er þar gert ráð fyrir stórfelldri fjáröflun til sjóðsins umfram það, sem nú er til Atvinnujöfnunarsjóðs. Skal ríkissjóður leggja honum til eitt þúsund milljónir á 10 næstu árum, þ. e. eitt hundrað milljónir á ári. Ákvæði um skattgjald af álbræðslu er óbreytt.

Um 29. gr.

Greinin felur ekki í sér nýmæli.

Um 30. gr.

Í þessari grein er leitazt við að veita Byggðasjóði heimildir til að leysa úr ýmsum brýnum vandamálum margra dreifbýlisstaða. Þannig er heimilað að veita bráðabirgðalán út á fjárveitingar ríkisins, að gerast meðeigandi í atvinnufyrirtækjum og að styrkja starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Enn fremur er sjóðnum heimilað að veita óafturkræf framlög. Ástæður þessa ákvæðis eru þær, að óeðlilegt er talið að veita lán til fyrirtækja eða annarra aðila, sem fyrirfram má telja víst að geti ekki staðið undir þeim, eins og þó hefur verið gert. Þá er eðlilegra að styrkir komi til.

Um 31.—34. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um VII. kafla.

Ýmis ákvæði.

Um 35. gr.

Samhljóða ákvæðum um Efnahagsstofnun með viðbót, sem miðar að því að koma í veg fyrir tviverknað.

Um 36. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 37. gr.

Eðlilegt er talið, að gefin verði út reglugerð, sem kveði nánar á um starfsemina, þegar nokkur reynsla hefur fengizt.

Um 38. og 39. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 97. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp á nokkrum fundum og m. a. kvatt á sinn fund bankastjóra Seðlabanka Íslands og annarra ríkisbanka.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn mun skila séráliti.

Alþingi, 18. nóv. 1971.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.
Gils Guðmundsson, fundaskr.
Sigurður E. Guðmundsson, með fyrirvara.
Þórarinn Þórarinsson.
Karvel Pálmason.

Sþ. 98. Tillaga til þingsályktunar [87. mál]

um sjálfvirk radíódufl í íslenzkum skipum.

Flm.: Bjarnfríður Leósdóttir, Garðar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að sett verði inn í reglugerð um eftirlit með skipum ákvæði um, að öll íslenzk skip skuli hafa um borð sjálfvirk radíódufl til neyðarkallssendinga.

Greinargerð.

Það er óþarfi að taka það fram, hvert gildi það hefur fyrir íslenzku þjóðina, að öryggi sjómanna sé treyst eins og framast er unnt. Þess vegna þarf að fylgjast vel með á tækniöld, hvort ekki komi fram ný tæki, sem mundu verða til aukins öryggis, ef notuð væru.

Í fyrra var reynd á Gísla Johnsen ný gerð af sjálfvirku radíódufli. Tækið reyndist með afbrigðum vel, og merki frá því heyrðust um allt land á neyðarbylgjunni 2182 kílóriðum.

Þetta dufl flýtur sjálfkrafa upp, ef skipið sekkur, og byrjar að senda eftir 30 sekúndur.

Það sendir þá neyðarmerkið SOS í sífellu ásamt kallmerki skipsins og tón til miðunar í þrjár mínútur samfellt. Þannig halda sendingar áfram í 72 klukkustundir með 12 mínútna millibili. Sendikraftur duflsins er svo mikill, að það útilokar allar aðrar sendingar á neyðarbylgjunni.

Öllum ætti að vera ljóst, hversu mikið öryggi slíkt tæki mundi veita sjómönnum, og einnig, hversu mikið það mundi auðvelda leit að skipum í sjávarháska og bjarga mörgum mannslífum.

Sþ. 99. Fyrirspurnir. [88. mál]

I. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um augnlækningar.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hvað eru margir augnlæknar starfandi utan Reykjavíkur?
2. Hvaða þjónusta er veitt í auknlækningum úti á landsbyggðinni?
3. Hvaða ráðstafanir eru á döfinni til þess að veita viðunandi þjónustu vegna augnlækninga úti á landsbyggðinni?

II. Til ríkisstjórnarinnar um málefni Siglufjarðar.

Frá Pétri Péturssyni.

a) Var skipuð nefnd til að athuga málefni Siglufjarðar?
b) Hefur nefndin skilað áliti, og ef svo er, hverjar eru tillögur hennar?

Nd. 100. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Allt frá 1964 hefur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs aflað sér heimildar Alþingis til þess að taka innlent lán, og hefur það þá verið liður í fjármögnun þeirra opinberu framkvæmda, sem ákveðnar höfðu verið á yfirstandandi fjárlagaári.

Þannig hafa verið tekin innlend lán á árunum 1964—1971 skv. áðurnefndum heimildum sem hér segir:

1964	75	millj. kr.
1965	75	— —
1966	100	— —
1967	125	— —
1968	85	— —
1969	92	— —
1970	132	— —
1971	103	— —
Samtals	787	millj. kr.

Með frv. þeim, sem fyrrv. ríkisstjórn lagði fyrir Alþingi, hefur s. l. 6 ár verið lögð fram ýtarleg greinargerð auk framkvæmdaáætlunar, þar sem gerð var grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fénu skyldi varið til, og í frv. gerð tillaga þar að lútandi.

Þá hefur við ákvörðun framkvæmdaáætlunar verið haft samráð við sérfræðistofnanir ríkisstjórnarinnar um fjármögnunarleiðir og samband haft við viðskiptabankana þar um, en af árlegri sparifjáraukningu hafa þeir lánað 10—15%, og með tilliti til þess, hefur útgáfa og sala spariskírteina verið ákvörðuð.

Núverandi ríkisstjórn hyggst hafa hér önnur vinnubrögð, því að ekki skal tekið tillit til neins þess, sem eðlilegt hefur þótt að taka tillit til og fráfarandi ríkisstjórn gerði, og skal hér drepið á örfá atriði.

Í fyrsta lagi er Alþingi ekki gerð grein fyrir því, með hvaða hætti ráðstafa skuli þeim 200 milljónum, sem með frv. er gert ráð fyrir að afla.

Við 1. umræðu var fjármálaráðherra ekki reiðubúinn að gefa þær upplýsingar, og ekki var heldur hægt að fá upplýsingar í nefndinni, en þess var sérstaklega óskað.

Í öðru lagi er ætlun ríkisstjórnarinnar að afla á þessu ári fjár til ráðstöfunar á næsta ári, en slíkar aðferðir við fjármögnun opinberra framkvæmda hafa aldrei verið notaðar áður.

Fjármálaráðherra lýsti því yfir við 1. umræðu, að hann hygðist nota heimildina, ef samþ. yrði, nú fyrir áramót og yrðu því öll spariskírteinin til sölu í desembermánuði n. k.

Samtals verður þá aflað fjár á þessu ári með spariskírteinasölu að upphæð 303 millj. kr., en hafði mest áður verið fyrir 132 millj. kr. árið 1970.

Í þriðja lagi hefur ekkert samband verið haft við viðskiptabankana, eins og fram kom hjá fulltrúum ríkisbankanna, er þeir mættu á fundi nefndarinnar, og því ekkert tillit tekið til lakari stöðu viðskiptabankanna á þessum árstíma né heldur þess, að staða þeirra er sérstaklega erfið nú. Lýstu fulltrúar ríkisbankanna áhyggjum sínum, ef sala verulegs hluta spariskírteinanna færi fram nú fyrir áramótin, en ákvörðunar fjármálaráðherra bar um er áður getið.

Í fjórða lagi er hér um að ræða óvenjulegar aðfarir að peningastofnunum landsins, sem leiða munu til samdráttar í útlánum úr peningastofnunum landsins, samtímis því sem þörf atvinnuveganna fyrir aukið lánsfé fer vaxandi, auk þess sem búast má við því, að lokað verði fyrir öll lánaviðskipti almennings.

Þegar fulltrúa Seðlabanka Íslands, sem mætti á fundi nefndarinnar og tjáði sig sammála þeirri stefnu, sem fram kæmi í frumvarpinu, var bent á versnandi stöðu viðskiptabankanna við Seðlabankann og hann spurður, hvort um sérstaka fyrirgreiðslu til handa peningastofnununum vegna væntanlegrar spariskírteinasölu væri að ræða, svaraði hann því neitandi. Enn fremur svaraði hann því neitandi, er hann var spurður, hvort ríkisstjórnin hefði rætt við Seðlabankann um losun á bundnu fé innlánsstofnananna.

Með tilvísun til framanritaðs getur undirritaður minni hluti fjárhagsnefndar ekki mælt með samþykkt frv. óbreytts og flytur því breytingartillögu á þskj. 101. Þar

er þess freistað að fá frv. breytt á þann veg, að umbeðin lántaka verði heimiluð á árinu 1972, en það þýðir, að á þriðja hundrað milljónir yrðu gefnar út í spariskírteinum á næsta ári, sem er tvöfalt hærri upphæð en mest hefur verið gefið út áður á einu ári. Minni hluti fjárhagsnefndar getur samþ. að veita ríkisstjórninni á árinu 1972 heimild með sama hætti og verið hefur til innlendrar lántöku og mun ekki standa gegn hækkun í 200 millj., enda þótt upplýsingar um ráðstöfun fjárins liggi ekki fyrir.

Verði breytingartillagan hins vegar felld, telur minni hluti fjárhagsnefndar þá stefnubreytingu, sem hér hefur verið bent á, mjög varhugaverða og enn eitt merki um skipulagslaus vinnubrögð núverandi ríkisstjórnar, sem gæti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í peningamálum þjóðarinnar á næstu mánuðum, því að vanmegnugar peningastofnanir í upphafi vertíðar næsta árs verða ekki til þess að efla atvinnulífið og styrkja efnahagskerfið.

Að slíku vilja undirritaðir ekki standa.

Alþingi, 20. nóv. 1971.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. Matthías Bjarnason.

Nd. 101. Breytingartillaga [71. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (MÁM, MB).

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands á árinu 1972 ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 200 millj. kr.

Ed. 102. Frumvarp til laga [89. mál]

um orlof.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Allir þeir, sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, eiga rétt á orlofi ásamt orlofsfé eða launum samkvæmt reglum þessara laga.

2. gr.

Lög þessi rýra ekki víðtækari orlofsrétt samkvæmt öðrum lögum, samningum eða venjum.

Samningur um minni rétt til handa launþegum en lög þessi ákveða er ógildur.

3. gr.

Orlof skal vera 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími telst ekki með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt, eða hann er í orlofi. Sunnudagar og aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar.

Orlofsárið er frá 15. maí til 14. maí.

4. gr.

Af orlofinu skulu a. m. k. 18 orlofsdagar veittir á tímabilinu frá 2. maí—30. september. Ef orlof er skemmra en 18 dagar, skal það veitt í einu lagi á þessu tímabili. Afganginn af orlofinu skal einnig veita í einu lagi, en það má veita á öðrum tíma árs.

Í vinnu við landbúnað, byggingar og samgöngur má veita allt að helmingi orlofsins utan orlofstímabilsins.

Aðilar geta með samkomulagi vikið frá reglum þessarar greinar um skiptingu orlofs. Orlofi skal þó alltaf lokið fyrir lok orlofsársins.

5. gr.

Atvinnurekandi ákveður í samráði við launþega, hvenær orlof skuli veitt. Hann skal verða við óskum launþega um, hvenær orlof skuli veitt, að svo miklu leyti, sem unnt er vegna starfseminnar. Atvinnurekandi skal tilkynna launþega svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs, hvenær orlof skuli hefjast, nema sérstakar ástæður hamli.

6. gr.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof á þeim tíma, sem vinnuveitandi ákveður samkvæmt 5. gr., skal hann sanna forföll sín með vottorði sjúkrasamlagslæknis síns eða héraðslæknis. Getur starfsmaður þá krafizt orlofs á öðrum tímum en ákveðið er í 4. gr., en þó ekki síðar en svo, að orlofi hans sé lokið fyrir 31. maí næstan á eftir.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof fyrir þann tíma, á hann rétt á að fá orlofsfé sitt greitt, ef hann sannar veikindi sín á sama hátt og að ofan greinir.

7. gr.

Atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé 8⅓% af launum.

Nú er kaup greitt með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og greiðist þá orlofsfé af verðmæti þess, sem miðast við mat skattayfirvalda við síðustu ákvörðun tekjuskatts.

Eigi skal reikna orlofsfé af greiðslum, sem ekki eru tekjuskattskyldar hjá orlofsþega. Sama gildir um orlofslaun og orlofsfé.

Krafa um greiðslu orlofsfjár er forgangskrafa í dánar- eða þrotabú atvinnurekanda til jafns við kröfur þær, sem um ræðir í 83. gr. b. 5. lið skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

8. gr.

Fastur starfsmaður fær laun í orlofi í stað orlofsfjár, auk þess eftir atvikum fæði, húsnæði og önnur hlunnindi eftir mati samkvæmt 2. mgr. 7. gr.

Nú skiptir fastur starfsmaður um starf einhvern tíma á orlofsárinu, og ber þá að greiða honum orlofsfé í stað orlofslauna á því orlofsári öllu.

Laun fyrir orlofsdaga skulu greidd næsta virkan dag, áður en orlof hefst.

9. gr.

Nú liggur atvinnurekstur niðri, á meðan á orlofi stendur, vegna þess að starfsfólkinu er veitt orlof samtímis, og geta þá þeir launþegar, sem ekki eiga rétt á fullu orlofi, ekki krafizt launa eða orlofsfjár fyrir þá daga, sem á vantar.

10. gr.

Félagsmálaráðherra setur reglur um útreikning orlofsfjár launþega, sem ekki taka laun beint frá atvinnurekanda sínum, heldur fá greitt í þjónustugjaldi eða á annan hátt, sem er frábrugðinn venjulegum greiðslumáta launa.

11. gr.

Orlofsfé skal greitt á þann hátt, að tryggt sé, að launþeginn fái það í hendur, þegar hann tekur orlof. Félagsmálaráðherra setur reglugerð um þetta atriði í samráði við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna.

12. gr.

Óheimilt er manni að vinna fyrir launum í starfsgrein sinni eða skyldum starfsgreinum, meðan hann er í orlofi, og má setja um þetta nánari ákvæði í reglugerð.

13. gr.

Framsal orlofsfjár og flutningur þess á milli orlofsára er óheimilt.

Orlofsfé, sem orlofsþegi hefur ekki tekið út innan árs frá lokum orlofsársins, rennur í lífeyrissjóð orlofsþega sem aukaiðgjald af hans hálfu til sjóðsins. Um réttindi, sem slíkar iðgjaldagreiðslur veita, fer eftir reglum hlutaðeigandi sjóðs.

14. gr.

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkvæmt lögum nr. 14 20. okt. 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

15. gr.

Það varðar sektum, er renna í ríkissjóð, ef:

1. Vinnuveitandi lætur starfsmann sinn ekki fá orlof eða orlofsfé samkvæmt lögum þessum, nema um ítrekað brot sé að ræða, því að þá má dæma hann til varðhalds.
2. Vinnuveitandi gerir samning við starfsmann sinn, sem bannaður er í 2. gr. 2. mgr.
3. Starfsmaður brýtur ákvæði 12. og 13. gr., og skal þá jafnframt, ef brot er ítrekað, ákveða með dómi missi orlofsréttar næsta orlofsár eftir að dómur er kveðinn upp.

Mál út af brotum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála. Sökin fyrnist, ef mál er eigi höfðað áður en næsta orlofsári lýkur, eftir að brot var framið.

16. gr.

Ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, skulu öll mál út af réttindum og skyldum samkvæmt þeim og til fullnægingar öllum kröfum í því sambandi heyra undir félagsdóm.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Ákvæði til bráðabirgða.

1 Orlofslaun fastra starfsmanna miðast við 22 daga virka á árinu 1972.
2. Ákvæði í kjarasamningum verkalýðsfélaga og vinnuveitenda um, að 21 orlofsdagur skuli veittur á tímabilinu 1. júní til 15. september, skulu breytast til samræmis við fyrstu málsgrein 4. gr., nema aðilar verði með nýjum samningum ásáttir um annað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 29. september 1971, skipaði félagsmálaráðherra nefnd til þess að endurskoða lög nr. 16/1943 um orlof, einkum með tilliti til þess, að orlof skuli lengt í fjórar vikur og framkvæmd orlofslaganna auðvelduð. Í nefndinni eru þessir menn: Snorri Jónsson, Guðmundur H. Garðarsson og Hermann Guðmundsson, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Jón H. Bergs og Kristján Ragnarsson, tilnefndir

af Vinnuveitendasambandi Íslands og Harry Frederiksen, tilnefndur af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Formaður nefndarinnar var skipaður Hjálmar Vilhjálmsson án tilnefningar. Vegna fjarveruforfalla einstakra nefndarmanna hafa eftirtaldir tekið sæti í nefndinni: Björn Þórhallsson, Björn Jónsson og Júlíus Valdimarsson.

Helztu breytingar frá gildandi löggjöf um orlof, sem felast í þessu frumvarpi, eru þessar:

1. Gert er ráð fyrir lengingu orlofstímans í 4 vikur, þ. e. úr 21 degi virkum í 24 daga virka, og hækkun orlofsfjár úr 7% í 8⅓%.

2. Lagt er til, að ákvæði um orlofsmerki, orlofsbækur og vottorðagjafir í sambandi við töku orlofs verði sett með reglugerð, sem tryggi það, að orlofsþegi fái orlofsfé í hendur, þegar hann fer í orlof. Nefndin hefur enn ekki gert frumvarp að þessari reglugerð, en hún stefnir að því, að reglugerðin verði sett þegar eftir gildistöku laganna.

3. Gert er ráð fyrir lengingu orlofstímabilsins og skiptingu orlofs, sbr. 4. gr. frv.

4. Nýmæli er varðandi töku orlofs, þegar orlof er veitt öllu starfsfólki fyrirtækis samtímis, sbr. 9. gr., en slík atvik gerast nú æ tíðari.

5. Nýmæli er um flutning orlofsfjár á milli orlofsára þannig, að ef orlofsþegi hefur ekki tekið út orlofsfé innan árs frá lokum orlofsárs, rennur það sem aukaiðgjald til lífeyrissjóðs hans, sbr. 13. gr.

6. Loks má geta þess, að efnisskipun frumvarpsins er í verulegum atriðum á annan veg en nú er í orlofslögunum.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Að efni til er þessi grein samhljóða 1. gr. gildandi laga, en öðruvísi orðuð.

Um 2. gr.

Ákvæðin eru efnislega samhljóða 2. gr. gildandi laga, en orðalagi nokkuð breytt.

Um 3. gr.

Hér er um tvær breytingar að ræða á 3. gr. gildandi laga. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir lengingu orlofs úr 1¾ dags í 2 daga fyrir hvern unninn almanaksmánuð á síðasta orlofsári, þ. e. úr 21 virkum degi á ári í 24 virka daga. Þessi breyting er í samræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar. Í öðru lagi segir í frumvarpsgreininni, að sunnudagar og aðrir helgidagar teljist ekki orlofsdagar. Um þetta eru ekki ákvæði í gildandi lögum hér á landi, en hliðstæð ákvæði þessu eru í lögum Dana og Norðmanna. Þessi regla er og í samræmi við reglur þær, sem gilda um orlof opinberra starfsmanna. Ákvæði laga þessara eru lágmarksákvæði. Af því leiðir, að heimilt er að semja t. d. um það, að virkir dagar, sem menn hafa unnið af sér, teljist ekki til orlofsdaga. Efnisbreytingar eru ekki aðrar frá 3. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Þessi grein svarar nánast til 9. gr. gildandi laga. Greinin fjallar um orlofstímabilið og skiptingu orlofs og er nokkuð mótuð í samræmi við norsk og dönsk lög um þessi efni. Í raun og veru er sá háttur, sem gert er ráð fyrir í greininni, heimill samkvæmt gildandi lögum, sbr. 2. mgr. 9. gr. laganna.

Um 5. gr.

Efni þessarar greinar er nánast hliðstætt því, sem segir í 10. gr. laganna og fjallar um það, hvenær orlof skuli veitt. Fyrirvarinn, sem launþega ber, er samkvæmt 10. gr. laganna a. m. k. vika, en gert er ráð fyrir, að hann verði lengdur í mánuð. Í dönskum lögum er hann einn mánuður. Ákvæðum 2. mgr. 10. gr. um orlofsbók er sleppt, sbr. 11. gr. frv.

Um 6. gr.

Þessi grein er samhljóða 11. gr. laganna, en ákvæðinu um orlofsbókina er sleppt, sbr. athugasemd við 11. gr. frv.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. 7. gr. er ákvæðið um orlofsfé.

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. laganna um, að orlofsfé skuli miðað við dagvinnutaxta þó unnið sé í yfirvinnu, er fellt niður, þar eð sú viðmiðun tíðkast ekki lengur.

Ákvæði 2. mgr. um kaup greitt í öðru en peningum er samhljóða 7. gr. laganna.

Í 3. mgr. eru ákvæði um þau efni, sem nú eru í 6. gr. laganna. Ákvæði þessi eru eins og í dönskum lögum.

Síðasta mgr. er samhljóða síðustu mgr. 4. gr. laganna.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er ákvæði um orlofslaun, sem fastir starfsmenn njóta í stað orlofsfjár. Þessi ákvæði eru efnislega eins og 4. mgr. 4. gr. laganna.

Í 2. mgr. eru ákvæði samhljóða 5. mgr. 4. gr. laganna, að öðru en því, að orlofsmerkja er ekki getið, sbr. 11. gr. frv.

Í stað ákvæðis 6. mgr. 4. gr. virðist nægilegt að ákveða svo sem sagt er í 2. mgr. frv. Ef fastur starfsmaður skiptir um atvinnurekanda einhvern tíma á orlofsárinu fær hann greitt orlofsfé í stað orlofslauna, þar til því orlofsári er lokið. Um orlofslaun er þá ekki að ræða hjá honum á meðan hann er í orlofi næst á eftir orlofsárinu.

Um 9. gr.

Þessi regla er nýmæli en í samræmi við ákvæði danskra laga og norskra. Það tíðkast í vaxandi mæli, að vinnustöðvum er lokað og að allt starfsfólkið fari í orlof samtímis. Ákvæðið er í samræmi við þessi atvik.

Um 10. gr.

Í stað ákvæðis 5. gr. laganna er gert ráð fyrir reglugerð um útreikning orlofsfjár þeirra, sem ekki taka laun beint frá atvinnurekanda sínum, sbr. þjórfé o. fl.

Um 11. gr.

Í stað dreifðra ákvæða í lögunum um orlofsmerki, orlofsbækur og vottorðsgjafir, sbr. 8., 12., 13. og 14. gr. laganna, er hér lögð áherzla á það, að orlofsfé verði greitt á þann hátt, að tryggt sé, að launþeginn fái það í hendur, þegar hann fer í orlof. Gert er ráð fyrir, að reglur um framkvæmdina verði settar af ráðherra í samráði við heildarsamtökin, með það fyrir augum að komast svo sem unnt er hjá orlofsmerkjum og mjög mikilli skriffinnsku, sem nú er, en tryggir þó engan veginn tilgang laganna. Ákvæði 11. gr. frv. er samhljóða dönskum lögum um þetta efni.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða 16. gr. laganna.

Um 13. gr.

Nýmæli er í 2. mgr. frv. þess efnis, að orlofsfé, sem ekki er tekið innan árs frá lokum orlofsárs, skuli renna í lífeyrissjóð orlofsþega.

Um 14. gr.

Greinin er samhljóða 15. gr. laganna.

Um 15. og 16. gr.

Ákvæðin samhljóða 18. og 19. gr. laganna.

Samkomulag var um frumvarpið að öðru leyti en því er snertir 4. gr. og upphæð orlofsfjár, sbr. 7. gr.

Í stað 18 dagar í 4. gr. leggja fulltrúar A.S.Í. til, að komi 21 dagur og í stað 2. maí til 30. sept. komi 2. maí til 15. sept. Enn fremur leggja sömu fulltrúar til, að í stað orðanna: „byggingar og samgöngur“ í 2. mgr. komi: „síldveiðar“.

Varðandi orlofsfjárhæð leggja fulltrúar atvinnurekenda til, að það verði 8% í stað 8⅓%.

Ed. 103. Frumvarp til laga [90. mál]

um 40 stunda vinnuviku.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Lög þessi taka til allra launþega í landinu, annarra en þeirra, sem hér eru taldir:

a. Sjómenn á fiskiskipum.
b. Kaupafólk og vinnuhjú.
c. Launþegar, sem vinna heimavinnu eða önnur þau störf, sem vinnuveitandi hefur ekki aðstöðu til að fylgjast með.
d. Forstöðumenn og sérstakir fulltrúar í störfum, sem eru þess eðlis, að eftirliti með vinnutíma verði ekki við komið.

Þar sem rætt er um aðila í lögum þessum, er átt við aðila vinnumarkaðarins.

2. gr.

Í hverri viku skulu ekki vera fleiri en 40 dagvinnutímar, sem vinna ber á því dagvinnutímabili á virkum dögum vikunnar, sem aðilar koma sér saman um. Heimilt er að semja um skemmri vinnuviku.

Að jafnaði skulu ekki unnar fleiri en 8 klukkustundir í dagvinnu á degi hverjum, nema annar vinnutími henti betur af sérstökum ástæðum og um það sé samið af aðilum.

Heimilt er að semja um tilfærslu á dagvinnutímum, þannig að dagvinnutímar verði fleiri en 40 á tilteknum árstímum og færri á öðrum, en að meðaltali á ári hverju ekki fleiri en 40. Þetta gildir þó aðeins í þeim tilvikum, þar sem slíkur háttur hefur verið á hafður fyrir gildistöku laga þessara.

3. gr.

Heimilt er að semja um vaktavinnu og taka ákvæði þessara laga ekki til þess vinnufyrirkomulags, að öðru leyti en því, að ekki skal miða við fleiri en 40 klst. dagvinnu á viku, að meðaltali.

4. gr.

Matartími skal ekki skemmri vera en 30 mínútur, og telst hann ekki til vinnutíma. Aðilar koma sér saman um hvenær á vinnutímabilinu matartími skuli vera.

5. gr.

Kaffihlé teljast til vinnutíma, en um lengd þeirra og fjölda fer eftir samkomulagi aðila.

6. gr.

Frídagar eru helgidagar þjóðkirkjunnar, sumardagurinn fyrsti, 1. maí og 17. júní, enn fremur aðfangadagur jóla og gamlársdagur frá kl. 13.

7. gr.

Víkja má frá lögum þessum með samningum, sem staðfestir eru af hlutaðeigandi heildarsamtökum.

Með heildarsamtökum er hér átt við landssambönd innan Alþýðusambands Íslands og Alþýðusamband Íslands vegna þeirra félaga, sem ekki eru í landssamböndum þess, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Staðfestingu heildarsamtaka vinnuveitenda þarf þó ekki við, þegar í hlut eiga ríkið, sveitarfélög og stór fyrirtæki, sem ekki eru í vinnuveitendasamtökum.

8. gr.

Vinnutímastytting sú, sem felst í lögum þessum, hefur ekki í för með sér skerðingu á viku- og mánaðarlaunum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga þessara er aðilum vinnumarkaðarins heimilt að semja um að fresta til 1. janúar 1973 allt að helmingi þeirrar styttingar vinnuvikunnar, sem af gildistöku laganna leiðir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er samið af nefnd, sem félagsmálaráðherra skipaði með bréfi, dags. 29. sept. 1971. Í nefndina voru skipaðir þessir menn: Björn Jónsson, Eðvarð Sigurðsson og Magnús Geirsson eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Björgvin Sigurðsson og Haukur Björnsson eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og Júlíus Kr. Valdimarsson eftir tilnefningu Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Formaður nefndarinnar var skipaður Hjálmar Vilhjálmsson, án tilnefningar. Í fjarveruforföllum Hauks Björnssonar hefur Davíð Sch. Thorsteinsson setið fundi nefndarinnar.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir, að hún eigi að semja frumvarp til laga um vinnutíma sérstaklega með það fyrir augum, að vinnuvikan verði með lögum stytt í 40 stundir án skerðingar á vikukaupi.

Heildarlög um vinnutíma eru ekki til hér á landi. Hins vegar eru ákvæði um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpungum í lögum nr. 53 27. júní 1921, sbr. lög nr. 54 9. apríl 1956, ákvæði um lágmarkshvíldartíma verkamanna o. fl. í lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum svo og ákvæði í lögum nr. 29 9. apríl 1947 um vernd barna og ungmenna, sem varða vinnutíma barna og ungmenna. Öll miða ákvæði þessi að því að vernda menn gegn ofþjökun við vinnu. Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, hefur að sjálfsögðu einnig þann tilgang, þó það geymi hins vegar ekki ákvæði, sem takmarka yfirvinnu.

Hér fara á eftir athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Almenna reglan er sú, að lögin taki til allra launþega. Nokkrar undantekningar verður þó að gera frá þeirri reglu vegna eðlis starfanna. Þannig er lagt til, að sjómenn á fiskiskipum verði undanþegnir ákvæðum laganna. Störf þeirra eru svo háð veðri og öðrum aðstæðum, að ógerlegt virðist að setja fastar reglur um starfstíma þeirra. Sömu sjónarmið gilda einkum um ýmis landbúnaðarstörf. Er því lagt til, að kaupafólk og vinnuhjú séu undanþegin ákvæðum laganna. Þetta undanþáguákvæði tekur að vísu einnig almennt til starfa á heimilum, svo sem til vinnukvenna og stofustúlkna, en slík störf gerast nú æ fátíðari í þjóðfélaginu. Undanþágan í c-lið greinarinnar er annars eðlis en undanþágur samkvæmt a- og b-liðum. Táknrænt dæmi um undanþágu samkvæmt c-lið er prjónakonan, sem prjónar fatnað utan fasts vinnu-

staðar og tekur laun sín í ákveðinni greiðslu fyrir hvert fat, sem hún vinnur. Eftirliti með vinnutíma í slíkum tilfellum verður naumast komið við af hálfu vinnuveitanda né annarra. Sömu sjónarmið gilda einnig að því er varðar þá, sem undanþegnir eru samkvæmt d-lið greinarinnar, þó að störf þeirra, sem þar um ræðir séu annars eðlis en störfin samkvæmt c-lið greinarinnar.

Þar sem rætt er um aðila vinnumarkaðarins í 2. mgr. er átt við einstök stéttarfélög og samningsaðila vinnuveitenda, sbr. hins vegar 7. gr. um heildarsamtökin.

Um 2. gr.

Samkvæmt grein þessari verður meginreglan sú, að í hverri viku skuli ekki vera fleiri en 40 dagvinnutímar. Hér er sem sagt um hámarksákvæði að ræða. Á hinn bóginn er heimilt að semja um skemmri vinnuviku. Dagvinnutímabilið er ekki ákveðið á tilteknum tímum sólarhringsins, en ráð fyrir því gert, að það verði á venjulegum vinnudegi eftir nánara samkomulagi aðila. Lagt er til, að aðilum sé frjálst að semja um, á hvaða virkum dögum vikunnar þessar 40 dagvinnustundir verði unnar. Þó er gert ráð fyrir því, að ekki verði að jafnaði fleiri en 8 stundir í dagvinnu á degi hverjum, nema sérstakar ástæður komi til. Dæmi slíkra ástæðna má t. d. nefna fjarlægð vinnustaðar frá heimilum launþega.

Í síðustu mgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir flutningi á dagvinnuskyldu á milli árstíma, þannig að dagvinnutímar verði fleiri en 40 á tilteknu tímabili og færri á öðru, en meðaltalið á ári verði ekki fleiri en 40 stundir á viku. Slíkir vinnuhættir eiga sér stað t. d. hjá kennurum. Þetta frávik er aðeins heimilt ef slíkur háttur hefur tíðkazt fyrir gildistöku laganna.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4.—5. gr.

Ákvæðin um matartíma og kaffihlé eru í samræmi við venju.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjöl.

Sérálit Björgvins Sigurðssonar og Hauks Björnssonar.

Þrátt fyrir að samtök þau, sem tilnefndu okkur í nefndina, séu í grundvallaratriðum andstæð því að dagvinnutími sé ákveðinn með lögum, töldu þau rétt að fulltrúar frá þeim tækju þátt í samningu frumvarps þessa til þess, ef verða mætti, að hafa samvinnu um, að ákvæði þess yrðu framkvæmanleg og yllu ekki óþarfa erfiðleikum.

Á þessari afstöðu hefur engin breyting orðið af hálfu samtakanna.

Vinnuvika verkafólks hér á landi er nú, samkvæmt samningum, sem kunnugt er, 44 klst. á viku „brúttó“ þ. e. greiddir kaffitímar og aukahelgidagar meðtaldir.

Unnar stundir á viku eru því 38.50 klst., sem eru nokkuð færri stundir en á hinum Norðurlöndunum, en þar eru í samningum sambærilegar tölur við 38.50 klst. nú
í Danmörku 40.30 klst.
í Finnlandi 36.58—39.26
í Noregi 41.14 og
í Svíþjóð 40.54 klst.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að óbreyttum samningum, að samsvarandi tala verði hér á landi 34.59 klst. á viku. Hér teljum við alltof langt gengið.

Þegar vinnuvikan var stytt í áföngum í Finnlandi í 40 klst. 1965 var ákveðið einnig, að greiddir aukahelgidagar á ári væri ekki fleiri en 4, en þeir sem umfram eru skuli unnir af sér á öðrum dögum. Var þetta gert til að draga úr áhrifum vinnutímastyttingarinnar.

Með hliðsjón af þessu hefur verið rætt í nefndinni, að svipaður háttur væri hafður á a. m. k. um skírdag, annan dag páska, sumardaginn fyrsta, uppstigningardag og annan dag hvítasunnu. Um þetta náðist ekki samkomulag í nefndinni.

Við lögðum einnig til að í 1. gr. bætist nýr liður er orðist svo:

c. Flugverjar sem starfa í loftfari.

Samkomulag náðist ekki heldur um síðasta málslið 2. gr. sem við teljum að ætti að falla burt.

Fari svo þrátt fyrir mótmæli samtaka okkar, að vinnutímastyttingin verði lögfest, teljum við að styttingin yrði ekki til eins mikils tjóns fyrir íslenzkt atvinnulíf, ef hún kæmi til framkvæmda í áföngum, t. d. með einnar klukkustundarstyttingu á ári. Um þetta náðist ekki samkomulag í nefndinni.

Sérálit Júlíusar Valdimarssonar.

Samtök þau, sem tilnefndu mig í nefndina, telja í grundvallaratriðum óæskilegt að almenn kjaramál launþega séu ákveðin með lögum og þar með talin vinnutímastytting sú, sem hér um ræðir. Telja þau æskilegt að í þessu efni sé þróunin mótuð í samningum milli aðilanna á vinnumarkaðinum. Þrátt fyrir þetta töldu samtökin rétt að fulltrúar þeirra tækju þátt í samningu frumvarps þessa, ef verða mætti til þess að auðvelda framkvæmd á ákvæðum þeirra.

Vinnuvika verkafólks hér á landi er nú, samkv. samningum, sem kunnugt er, 44 klst. á viku „brúttó", þ. e. greiddir kaffitímar og aukahelgidagar meðtaldir. Unnar stundir á viku eru því 38.50 klst., sem eru nokkuð færri stundir en á hinum Norðurlöndunum, en þar eru í samningum sambærilegar tölur við 38.50 klst. nú
í Danmörku 40.30 klst.
í Finnlandi 36.58—39.26
í Noregi 41.14 og
í Svíþjóð 40.54 klst.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að óbreyttum samningum, að samsvarandi tala verði hér á landi 34.59 klst. á viku.

Þegar vinnuvikan var stytt í áföngum í Finnlandi í 40 klst. 1965 var ákveðið einnig, að greiddir aukahelgidagar á ári væru ekki fleiri en 4, en þeir sem umfram eru skuli unnir af sér á öðrum dögum. Var þetta gert til að draga úr áhrifum vinnutímastyttingarinnar.

Með hliðsjón af þessu hefur verið rætt í nefndinni, að svipaður háttur væri hafður á, a. m. k. um skírdag, annan dag páska, sumardaginn fyrsta, uppstigningardag og annan dag hvítasunnu. Um þetta náðist ekki samkomulag í nefndinni.

Samkomulag náðist ekki heldur um síðasta málslið 2. gr. sem við teljum að ætti að falla burt.

Legg ég til, að vinnutímastyttingin komi í áföngum á 2—4 árum, en um áfanga hefur ekki náðst samkomulag í nefndinni.

Tel ég samkv. framanrituðu, að of langt sé gengið með frumvarpinu.

Hins ber þó að gæta, að í desember 1970, gerðu stjórnvöld samninga við starfsmenn ríkisins, þar sem ákveðin er stytting vinnuvikunnar úr 44 klst. í 40 klst. á viku „brúttó", þ. e. að meðtöldum greiddum kaffitímum og aukahelgidögum. Samkv. þessu er t. d. vinnutími verkamanna, iðnaðarmanna og verzlunarfólks í opinberri þjónustu 35.13—35.27 unnar klst. á viku.

Er ljóst að fordæmi sem þetta hefði gefið tilefni til þess, að taka vinnutímamálin til sérstakrar meðferðar í yfirstandandi samningagerðum milli aðilanna á hinum almenna vinnumarkaði.

Nd. 104. Frumvarp til laga [91. mál]

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 4 14. febrúar 1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 40 millj. króna" í 2. mgr. 27. gr. laganna komi: allt að 48 millj. króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 4 14. febrúar 1969.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgönguráðherra hefur tjáð mér, að af gildandi lántökuheimild Ferðamálasjóðs, sem nemi 40 milljónum króna, hafi nú verið notaðar 36 milljónir króna. Til viðbótar þeim sé gert ráð fyrir 12 milljón króna lántöku Ferðamálasjóðs á þessu ári frá Framkvæmdasjóði Íslands. Þurfi sjóðurinn nú á þessu lánsfé að halda til endurlána.

Því telji ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að hækka lántökuheimild Ferðamálasjóðs.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 40 millj. króna" í 2. mgr. 27. gr. laganna komi: allt að 48 millj. króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

Sþ. 105. Tillaga til þingsályktunar [92. mál]

um klak- og eldisstöð fyrir lax og silung í Þingeyjarsýslum.

Flm.: Jónas Jónsson, Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma upp klak- og eldisstöð fyrir lax og silung og aðra nytjafiska, ef henta þykir, svo fljótt sem nauðsynlegt fé fæst til framkvæmda. Stöðin verði á þeim stað í Þingeyjarsýslum, þar sem skilyrði reynast hagstæðust.

Greinargerð.

Samhljóða þingsályktunartillaga þessari var flutt á síðasta Alþingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Svofelld greinargerð fylgdi þá með þingsályktunartillögunni:

„Í 62. gr. laga nr. 76/1970 segir svo:

„Rétt er ráðherra að koma upp klak- og eldisstöð, einni eða fleiri, þegar fé er veitt í fjárlögum. Rétt er, að slík stöð sé reist og rekin af félagi, er bæði ríkissjóður og aðrir aðilar standa að. Veiðimálastjóri hefur umsjón með stöðvum þessum.“

Svo sem kunnugt er, rekur ríkið nú eina klak- og eldisstöð, eldisstöðina í Kollafirði, sem stofnuð var 1961.

Þar hefur síðan verið unnið merkilegt brautryðjendastarf og aflað dýrmætrar þekkingar og reynslu, bæði varðandi eldisaðferðir og heimtur seiða, sem sleppt er á mismunandi aldri og eftir mismunandi meðferð.

Á síðastliðnu sumri gengu samtals 4187 laxar úr sjó í tjarnir stöðvarinnar í Kollafirði.

Heimtur voru mjög mismunandi í hinum ýmsu hópum seiða, sem sleppt hafði verið.

Af seiðum, sem sleppt var 1969, komu þeim mun fleiri aftur 1970 sem þau voru stærri, er þeim var sleppt. Af flokkum seiða, sem voru yfir 15 cm á lengd, þegar þeim var sleppt 1969, komu frá 12.39%—15.63% til baka 1970.

Augljóst virðist, að markaður fyrir vel alin gönguseiði fari ört vaxandi á næstu árum. Kemur þar hvort tveggja til: hinn góði árangur, sem nú hefur náðst, og svo hitt, að áhugi á fiskrækt fer ört vaxandi, jafnframt því sem verðmæti veiðihlunninda stígur.

Eðlilegt virðist, að ríkið taki áfram verulegan þátt í því að sjá fyrir nægum gönguseiðum. Margt mælir einnig með því, að ríkið reki frekar tvær stöðvar en eina. Því fylgir aukið öryggi gegn sjúkdómahættu og óhöppum, sem steðjað gætu að einni. Tvær stöðvar gætu bæði haft með sér samvinnu um kynbætur, en þó skapazt á milli þeirra heilbrigð samkeppni um að ná sem beztum árangri.

Staðarval.

Alþingi hefur áður lýst yfir vilja sínum um það, að æskilegt sé, að slíkri stöð verði komið upp á Norðurlandi, með svofelldri þingsályktun, sem samþykkt var 29. apríl 1966:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvort tímabært sé, að stofnsett verði á Norðurlandi klak- og eldisstöð fyrir lax og silung. Skal í því sambandi athugað, hvort ekki sé heppilegt að hafa það fyrirtæki við vatnasvæði Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, m. a. vegna góðra skilyrða til hagnýtingar á volgu vatni frá jarðhita þar um slóðir.“

Á grundvelli þessarar tillögu hefur veiðimálastjóri gert athuganir á nokkrum stöðum norðanlands og metið aðstöðu fyrir slíka stöð og gert áætlun um stofnkostnað. Álitsgerð þessari skilaði veiðimálastjóri til landbúnaðarráðuneytisins í marz 1970, en hún hefur enn ekki verið birt.

Í Þingeyjarsýslum eru a. m. k. fjórir staðir, sem eru taldir vel fallnir til slíkrar starfsemi, þannig að eftir fyrstu athugun er hægt að mæla með hverjum þeirra sem

væri. Þessir staðir eru: 1. Við Litlá hjá Skúlagarði í Kelduhverfi. 2. Á Húsavík. 3. Hjá Hafralæk í Aðaldal. 4. Við Mývatn, við vatnið austanvert.

Ekki mun vera hægt að gera upp á milli þessara staða nema með nánari rannsókn og áætlanagerð. En á öllum þessum stöðum eru fyrir hendi öll grundvallarskilyrði fyrir slíka stöð, svo sem: 1. Nægilegt gott eldisvatn, bæði heitt og kalt, þannig að hægt er að fá æskilegan eldishita á vatnið. 2. Nægilegt landrými. 3. Möguleikar á að tryggja varavatn og vatnsréttindi í nágrenni. 4. Sæmilegar samgöngur til flugvallar og að góðum veiðiám í lítilli fjarlægð. 5. Möguleikar á að útvega ódýrt fóður í viðráðanlegri fjarlægð. Í Laxá og Þistilfjarðarám er sem kunnugt er mjög stórvaxinn laxastofn. Það má benda á, að Húsavík og raunar fleiri staðir koma til greina sem staðir fyrir verksmiðju til framleiðslu á tilbúnu fiskafóðri, sem bráðlega hlýtur að verða hér framleiðslugrein, bæði fyrir innlendan markað og sennilega einnig til útflutnings. Á svæðinu frá Ólafsfirði og austur á Langanes eru a. m. k. 28 ár, stærri og minni, sem eru eða geta orðið laxveiðiár, a. m. k. 14 þeirra eru það nú þegar.

Þarna eru stórkostlegir möguleikar, sem nýta þarf í auknum mæli. Áhugi á fiskirækt fer nú ört vaxandi, og yrði slík eldisstöð í þessum landshluta enn til að auka á hann og auðvelda mjög ræktunarstarfið. Þó að flutningar á gönguseiðum á milli landshluta og jafnvel landa séu vel framkvæmanlegir, getur svo farið, þegar flugsamgöngur eru stopular og óöruggar vegna veðurskilyrða, að seiði misfarist í flutningum, enda eru þess nokkur dæmi.“

Ed. 106. Frumvarp til laga [93. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson.

1. gr.

E-liður 8. gr. laganna orðist svo:

Félagsmálaráðherra skal, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, setja með reglugerð nánari ákvæði um veitingu lána, er húsnæðismálastjórn hefur með höndum. Um lánveitingar til einstaklinga skal þar m. a. setja ákvæði, sem tryggi, að farið sé eftir ástæðum umsækjenda, húsnæði, fjölskyldustærð, efnahag, lántökumöguleikum o. fl. Einnig skal setja þar ákvæði, er tryggi, að veitt séu íbúðarlán, þótt í hlut eigi eldri hjón, sem eiga fullnægjandi íbúð að stærð, en vilja eignast aðra minni í staðinn. Hið sama skal einnig gilda um ekkla eða ekkjur, er vilja eignast minni íbúðir í stað stærri áður. Einnig skal setja þar skilyrði um hámarksstærð íbúða, sem veita má lán til. Ákveðið skal í reglugerð, hvaða skilríki umsækjandi skuli láta fylgja umsókn sinni, og um önnur almenn skilyrði fyrir lánveitingu.

2. gr.

B-liður 22. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins veitir íbúðarlán, er nema skal 40% byggingarkostnaðar, með almennum lánakjörum þess sjóðs.

C-liður 22. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður verkamanna veitir lán, sem nemur 40% byggingarkostnaðar. Lán þessi skulu vera til 42 ára með 2% ársvöxtum og greiðast með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitets-lán). Lán þessi má ekki vísitölubinda. Lánin skulu tryggð með 2. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð. Húsnæðismálastjórn veitir lán úr Byggingarsjóði verkamanna.

Í 22. gr. laganna komi nýr liður (D-liður), svo orðaður:

Í janúarmánuði á ári hverju skulu þrír menn reikna út kostnað þann, er Byggingarsjóði verkamanna ber að greiða veðdeild Landsbankans fyrir störf hennar í hans þágu árið áður. Skal einn tilnefndur af Hæstarétti, annar af bankaráði Landsbankans og hinn þriðji af stjórn Byggingarsjóðs verkamanna (húsnæðismálastjórn).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Húsnæðismálin eru svo mikilvægur þjóðlífsþáttur, að ekki er óeðlilegt, þótt á hverju þingi komi fram ein eða fleiri tillögur á því sviði, mætti jafnvel frekar segja, að óeðlilegt væri, ef svo væri ekki. Með þessu frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins er þó engan veginn stefnt að neinum stórbreytingum, enda þess ekki þörf, lögin voru gaumgæfilega endurskoðuð á síðasta ári. Þess í stað er nú stefnt að nokkrum minni háttar breytingum, er þó skipta talsverðu máli.

1. gr. frumvarpsins stefnir að því að tryggja eldri hjónum íbúðarlán til kaupa á minni íbúð en þau hafa átt, meðan þess gerðist mest þörf og fjölskyldur þeirra voru stærstar. Þegar börnin eru gift og flutt að heiman, er það alvanalegt, að foreldrar þeirra vilja selja sína stóru og rúmgóðu íbúð, er miðuð var við aðrar þarfir, og flytja í aðra minni. Oft vill það þó stranda á því, að húsnæðismálastjórn virðist ekki telja sér heimilt að veita þeim íbúðarlán í því skyni úr Byggingarsjóði ríkisins. Er slíkt næsta hæpið, enda ljóst, að íbúð hinna eldri hjóna yrði seld og kæmi að fullum notum yngri hjónum með stóra fjölskyldu. Frumvarpsgreinin stefnir því að því að taka af skarið í þessu efni. En jafnframt því er henni ætlað að tryggja það, að ekkill eða ekkja geti fengið íbúðarlán til kaupa á íbúð, er kringumstæður viðkomandi hafa breytzt við fráfall makans og íbúð dánarbúsins verður af þeim sökum seld. Í lögum eða reglugerð um lánveitingar húsnæðismálastjórnar eru engin ákvæði nú, er tryggi jákvæða meðferð slíkra mála. Að skoðun flutningsmanns er sjálfsagt að taka af skarið í þessu efni, einkum þar sem húsnæðismálastjórn virðist ekki hafa talið sig hafa skýra heimild til að veita undanþágu á þessu sviði, og því er þessi breytingartillaga flutt.

2. gr. frumvarpsins stefnir að því að tryggja öllum þeim, er íbúðir eignast í hinu nýja verkamannabústaðakerfi, hlutfallslega jafnhá lán úr Byggingarsjóði verkamanna. Nú er það svo, að á allar slíkar íbúðir skulu koma jafnhá lán úr Byggingarsjóði ríkisins, án tillits til stærðar þeirra, en Byggingarsjóður verkamanna skal síðan brúa bilið upp að því marki, sem 80% byggingarkostnaðar þessara íbúða myndar. Þetta verður til þess, að lánið úr Byggingarsjóði verkamanna til smíði minnstu íbúðanna verður afar lágt, auðvitað hlutfallslega miklu minna en sjóðurinn veitir til smíði stærri íbúðanna, sbr. yfirlit um það hér á eftir. Flutningsmaður telur, að hér eigi allir að sitja við sama borð og fá jafnhá lán úr byggingarsjóðunum báðum, 40% úr hvorum fyrir sig. — Rétt er, að fram komi, að ástæða er til að óttast, að í sumum tilfellum geti orðið erfitt um vik að selja hinar minni íbúðir, verði þessi breyting ekki gerð, því að óvíst er, að menn vilji kaupa þær með óverulegu láni úr Byggingarsjóði verkamanna, þar sem á þeim hvíla þungar kvaðir að því er tekur til endursölu þeirra.

Þá er rétt að geta þess, að í þessari grein er einnig gert ráð fyrir því, að vextir af lánum úr Byggingarsjóði verkamanna lækki um ⅛% og verði hér eftir 2%. Það verður að teljast eðlilegt, að allur kostnaður af lánum sé greiddur af vöxtum þeim, sem á láninu hvíla, en ekki sérstökum aukavöxtum, enda er slíkt harla óvenjulegt. Munu vextir enda m. a. til þess ætlaðir. Undarlegt er, að maður, sem tekur lán úr Byggingarsjóði verkamanna 1970, skuli allt til ársins 2012 greiða ⅛% vexti árlega til rekstrarkostnaðar sérstaklega. Eðlilegast er, að maðurinn greiði sína 2% vexti, en Byggingarsjóðurinn greiði síðan sinn rekstrarkostnað,

eins og venjulegt er og ætíð tíðkast. — Í þessu sambandi má benda á, að fyrirkomulag þetta er einnig á íbúðarlánum þeim, sem veitt eru úr Byggingarsjóði ríkisins, nema hvað vextirnir þar eru ¼%, sem ætlaðir eru til greiðslu kostnaðar af hálfu veðdeildar Landsbankans vegna rekstrar Byggingarsjóðs ríkisins. Í ofanálag er þessi kvartprósenta vísitölutryggð. Sjálfsagt er að fella einnig þetta fyrirkomulag niður og greiða rekstrarkostnað sjóðsins beint úr honum, en ekki að láta lántakendur greiða hann í 25 ár, jafnt og þétt, eftir að þeir tóku lánið. Loks er lagt til í 2. gr. frv., að rekstrarkostnaður verði metinn af þrem mönnum og verði oddamaður tilnefndur af Hæstarétti. Sýnist það á allan hátt vera mun eðlilegra og sanngjarnara fyrirkomulag.

Dæmi um skiptingu lána úr Byggingarsjóðum ríkisins og verkamanna, miðað við núverandi fyrirkomulag og það, sem lagt er til með frumvarpi þessu. Dæmið er miðað við söluverð íbúða í nýbyggingum stjórnar verkamannabústaða á Sauðárkróki.

Tveggja herbergja íbúðir:

Áætlað söluverð er kr. 850 000.00.

Samkvæmt núverandi skipan þessara mála veitir Byggingarsjóður ríkisins E-lán að fjárhæð kr. 600 000.00 til smíði íbúðarinnar, kaupandinn greiðir 20% íbúðarverðsins, er nemur kr. 170 000.00, en afganginn, kr. 80 000.00, mundi Byggingarsjóður verkamanna veita að láni.

Verði lagafrumvarp þetta samþykkt, mundi Byggingarsjóður ríkisins veita E-lán að fjárhæð kr. 340 000.00, Byggingarsjóður verkamanna mundi veita lán að fjárhæð kr. 340 000.00 og kaupandinn mundi sjálfur leggja fram 20% fjárhæðarinnar, þ. e. kr. 170 000.00.

Þriggja herbergja íbúðir:

Áætlað söluverð er kr. 1 200 000.00.

Samkvæmt núverandi skipan veitir Byggingarsjóður ríkisins E-lán að fjárhæð kr. 600 000.00, Byggingarsjóður verkamanna veitir lán að fjárhæð kr. 360 000.00, en kaupandinn greiðir 20% verðsins, þ. e. kr. 240 000.00.

Verði lagafrumvarp þetta samþykkt, mundi Byggingarsjóður ríkisins veita E-lán að fjárhæð kr. 480 000.00, Byggingarsjóður verkamanna mundi veita lán að fjárhæð kr. 480 000.00, og kaupandinn mundi greiða 20% verðsins, þ. e. kr. 240 000.00.

Fjögurra herbergja íbúðir:

Áætlað söluverð er kr. 1 400 000.00.

Samkvæmt núverandi skipan veitir Byggingarsjóður ríkisins E-lán að fjárhæð kr. 600 000.00, Byggingarsjóður verkamanna veitir lán að fjárhæð kr. 520 000.00, og kaupandi greiðir 20% verðsins, þ. e. kr. 280 000.00.

Verði frumvarpið samþykkt, lánar hvor byggingarsjóðurinn um sig kr. 560 000.00, en kaupandinn greiðir 20% kaupverðsins, kr. 280 000.00.

Í öllum tilfellunum væri því sú breyting, sem hér er lögð til, hagstæðari fyrir kaupandann, því að stærri hlutur kaupverðsins yrði úr Byggingarsjóði verkamanna, en lánin úr þeim sjóði eru mun hagstæðari en lánin úr hinum byggingarsjóðnum.

Sþ. 107. Tillaga til þingsályktunar [94. mál]

um byggingu leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Ragnar Arnalds, Karvel Pálmason, Jón Snorri Þorleifsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar, að gera beri hið fyrsta ráðstafanir til þess að bæta úr þeim alvarlega skorti á leiguhúsnæði, sem ríkjandi er í flestum þorpum og kaupstöðum landsins, og felur í því skyni ríkisstjórninni:

1. að láta fara fram könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði í sveitarfélögum um land allt;
2. að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um útvegun fjármagns og útlán þess til sveitarfélaga, þannig að þeim sé gert fjárhagslega kleift að byggja og reka leiguhúsnæði, þar sem þess er þörf.

Greinargerð.

Víða í þorpum og kaupstöðum landsins, ekki sízt þar sem atvinnulífið byggist fyrst og fremst á útgerð og fiskiðnaði, hefur skortur á hentugu leiguhúsnæði staðið eðlilegri þróun mjög fyrir þrifum. Húsnæði, sem fáanlegt er til leigu og fullnægir nútíma kröfum, er víða á slíkum stöðum af mjög skornum skammti. Hins vegar er eðlilegt, að ungu fólki hrjósi hugur við að þurfa strax að hefja byggingu eigin húsnæðis, ekki sízt því, sem hefur í huga að flytjast til viðkomandi staðar. Þessi staðreynd hefur valdið miklum erfiðleikum í sambandi við þá eflingu sjávarútvegs og fiskiðnaðar, sem nú er unnið að.

Í lánakerfi því til húsnæðismála, sem nú er búið við, eru engin ákvæði, sem heimila það ríflegar lánveitingar til sveitarfélaga, að þeim sé yfirleitt gert kleift að byggja og eiga leiguhúsnæði. Nú stendur hins vegar fyrir dyrum endurskoðun á húsnæðislöggjöfinni. Því þykir rétt, að Alþingi gefi skýlaust til kynna þann vilja sinn, að þetta mikilvæga mál verði þar með tekið.

Til þess að unnt sé að gera sér raunhæfa grein fyrir fjárþörf, er lagt til, að nú þegar verði gerð úttekt á þörf sveitarfélaga fyrir leiguhúsnæði. Að sjálfsögðu yrði þar fyrst og fremst um áætlun að ræða, sem gera mætti á skömmum tíma og án þess að tefja málið.

Ljóst er, að með fjármagni því, sem nú rennur til húsnæðislána, verður ekki staðið undir þeirri viðbótarfjárþörf, sem nauðsynleg verður í þessu skyni. Því er nauðsynlegt að leita annarra leiða til öflunar fjármagns. Þótt sjálfsagt þyki að fela ríkisstjórninni að benda á leiðir í þessu skyni, má vekja athygli á Atvinnuleysistryggingasjóði, enda er verkefnið náskylt eflingu atvinnulífsins á hinum ýmsu stöðum.

Að lokum skal lögð á það áherzla, að lán þau, sem hér um ræðir, verða að vera mjög rífleg, þannig að sveitarfélögunum verði kleift að byggja hinar umræddu leiguíbúðir án þess að stofna sveitarfélaginu í alvarlega fjárhagserfiðleika. Einnig er sjálfsagt, að slík lán séu háð því skilyrði, að íbúðirnar verði ekki seldar, heldur verði áfram í eigu sveitarfélagsins og leigðar fyrst og fremst í þeim tilgangi að fullnægja húsnæðisþörf þeirra, sem til viðkomandi staða flytjast eða hefja þar búskap og þátttöku í atvinnulífi.

Sþ. 108. Tillaga til þingsályktunar [95. mál]

um upplýsingaskyldu stjórnvalda.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um skyldu stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og að veita þeim, sem þess óska, aðgang að reikningum og skjölum, sem almenning varða.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga var flutt á síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Henni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Eigi almenningur að geta dæmt um gerðir stjórnvalda og ríkisstofnana, þarf hann að eiga þess kost að geta fengið sem áreiðanlegastar upplýsingar um starfsemi þeirra og ákvarðanir. Mjög skortir nú á, að svo sé. Allt of mikil leynd hvílir yfir starfsemi þessara aðila, og reikningum þeirra og skjölum er oftast haldið lokuðum þannig, að almenningur fær ekki aðgang að þeim. Þessi leynd dregur mjög úr því aðhaldi, sem þegnarnir gætu ella veitt, og gerir erfitt fyrir þá að dæma um athafnir stjórnvalda og ríkisstofnana.

Í mörgum löndum hefur verið stefnt að því síðustu áratugina að auðvelda borgurum að geta fylgzt sem bezt með starfsemi stjórnvalda og ríkisstofnana, m. a. með því að gera þeim skylt að birta greinargerðir eða skýrslur um athafnir sínar og ákvarðanir og veita svo þeim, sem þess óska, nánari upplýsingar og aðgang að reikningum og skjölum. Allvíða hafa verið sett sérstök lög um þetta efni. Slíka löggjöf vantar að mestu leyti hér, og því er lagt til í þessari tillögu, að ríkisstjórnin láti undirbúa hana fyrir næsta þing."

Nd. 109. Frumvarp til laga [96. mál]

um breyting á skipulagsskrá nr. 79 18. sept. 1929 fyrir minningarsjóð hjónanna Halldórs Jónssonar og Matthildar Ólafsdóttur frá Suður-Vík og dætra þeirra, Guðlaugar og Sigurlaugar, til stofnunar elliheimilis fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll.

Flm.: Einar Oddsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. skipulagsskrárinnar bætist:

Heimilt er og einstaklingum og fyrirtækjum að láta gjafir renna í sjóð þennan.

2. gr.

3. gr. skipulagsskrárinnar orðist svo:

Peningaupphæð sjóðsins skal geymast og ávaxtast í lögleyfðum banka eða sparisjóði og skulu vextir árlega leggjast við sjóðseign að fullu, þar til féð verður notað samkvæmt því, er síðar segir.

3. gr.

Úr 4. gr. skipulagsskrárinnar falli niður málsliðurinn:

„Öllu fólki, sem á heimilið er tekið, veitist þar að öllu leyti ókeypis vist og aðhlynning, svo fremi sem eigi þarf að flytja það á sjúkrahús".

4. gr.

1) 2. mgr. 5. gr. hljóði svo:

Byggingin skal reist í Vík í Mýrdal, en jörðin Suður-Hvammur, sem ánafnast sjóðnum í þessu skyni, með öllu, sem henni fylgir og fylgja ber, verður full og óátalin eign sjóðsins frá þeim tíma, er byrjað er á stofnun elliheimilis.

2) 1. málsl. 3. mgr. 5. gr. orðist svo:

Í þessu húsi skulu eiga heima gamalmenni þau, sem sjóðsstjórnin veitir viðtöku, til æviloka, eða svo lengi sem þau kjósa.

3) Niðurlag 3. mgr. 5. gr. („svo og önnur nauðsynleg hús" o. s. frv.) falli niður.

5. gr.

Síðari málsl. 6. gr. falli niður.

6. gr.

Í 7. gr. skipulagsskrárinnar falli niður orðin: „leggur stofnunin til þess efni, en allt, sem gamalmennin vinna, meðan þau dvelja á heimilinu, rennur til stofnunarinnar og notast í hennar þarfir".

7. gr.

1) Aftan við 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. bætist: en framangreindir erfingjar búsettir utan Vestur-Skaftafellssýslu mega velja einn úr sínum hópi í stjórnina, sem þá verður skipuð 6 mönnum.
2) 4. málsl. 1. mgr. 8. gr. hljóði svo:
Samkomustaður stjórnarinnar, er hún heldur fundi, skal vera í Vík í Mýrdal.

Greinargerð.

Árið 1927 stofnuðu bræðurnir Jón Halldórsson kaupmaður og Ólafur Halldórsson bóndi í Suður-Vík í Mýrdal sjóð til minningar um foreldra þeirra og 2 systur. Sjóður þessi ber nafnið „Minningarsjóður hjónanna Halldórs Jónssonar og Matthildar Ólafsdóttur og dætra þeirra, Guðlaugar og Sigurlaugar, til stofnunar elliheimilis fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll".

Skipulagsskrá fyrir sjóðinn var staðfest hinn 18. september 1929, og er hún fylgiskjal þessa frumvarps.

Eins og nafnið ber með sér, var markmið stofnenda með minningargjöf og stofnun sjóðsins að láta reisa elliheimili fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll. Stofnfé sjóðsins var kr. 15 000.00, sem stofnendur lögðu fram í reiðu fé, svo og jörðin Suður-Hvammur í Mýrdal, þar sem reisa átti elliheimilið, en jörðina átti að afhenda sjóðnum, þegar byrjað væri á verkinu.

Hér var um stórmannlega gjöf að ræða, og hefði vafalaust mátt reisa myndarlega byggingu fyrir 15 000 kr., þegar sjóðurinn var stofnaður. Ekki átti þó allt stofnfé að renna til byggingarinnar, því að sjóðurinn átti einnig að standa straum af framfæri þeirra gamalmenna, sem tekin yrðu á elliheimilið. Þau áttu að fá ókeypis vist þar.

Sjóðurinn er geymdur í Söfnunarsjóði Íslands og nemur nú kr. 205 077.62.

Jörðina Suður-Hvamm hafa erfingjar stofnenda afhent sjóðsstjórninni, og á fundi sínum á s. l. sumri ákvað sjóðsstjórnin að stofna dvalarheimili fyrir aldrað fólk, eftir að tvær aðrar stórar gjafir höfðu borizt til þessarar umræddu stofnunar.

Þörfin fyrir dvalarheimili aldraðs fólks á því svæði, sem skipulagsskrá minningarsjóðsins nær til, þ. e. í Vestur-Skaftafellssýslu og undir Eyjafjöllum, er aðkallandi, sem og víðast hvar eða alls staðar annars staðar á landinu.

Vegna breyttra þjóðfélagsástæðna og þeirra miklu breytinga, sem hafa orðið á gildi íslenzku krónunnar síðustu 4 áratugina, hefur stjórn minningarsjóðsins talið óhjákvæmilegt að gera þær breytingar, sem í frumvarpinu felast. Það skal tekið fram, að frumvarp þetta hefur verið borið undir erfingja stofnenda minningarsjóðsins, og eru þeir því samþykkir.

Við samningu frumvarpsins hefur verið reynt að tryggja það, að hugsjónir stofnenda verði í framkvæmd samræmdar þjóðfélagsháttum vorra tíma, svo sem kostur er, þó þannig, að upphaflegum ákvæðum skipulagsskrárinnar verði sem minnst raskað, bæði að því er efni og form varðar.

Um 1. gr.

Í 2. gr. skipulagsskrárinnar segir, að stofnendur eða erfingjar þeirra geti aukið sjóð þennan síðar, ef þeir vilji. — Eins og málum er nú háttað, verður að teljast eðlilegt, að aðrir fái að leggja fé í sjóðinn líka, enda stuðlar það að því, að markmiði stofnenda verði náð.

Um 2. gr.

Samkvæmt 3. gr. skipulagsskrárinnar áttu peningar sjóðsins að geymast og ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands. Þetta ákvæði mun hafa verið sett vegna þess, að stofnendur hafa talið tryggara að geyma féð þar en í öðrum lánsstofnunum, sem þá voru ólíkt færri en nú. Þessi forsenda er úr sögunni nú og bæði eðlilegra og hentugra að geyma féð í lögleyfðum banka eða sparisjóði.

Um 3. gr.

Af kostnaðarástæðum er útilokað með öllu að veita öldruðu fólki ókeypis vist á væntanlegu elliheimili.

Um 4. gr.

1) Samkvæmt 5. gr. skipulagsskrárinnar átti að reisa elliheimilið á jörðinni Suður-Hvammi. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að það verði stofnað í Vík í Mýrdal, þar sem allar aðstæður mæla með því nú. Í Vík er t. d. auðveldara að fá alla nauðsynlega þjónustu en á fyrrnefndu sveitabýli.

2) Í 1. málslið 3. mgr. 5. gr. skipulagsskrárinnar er gert ráð fyrir, að á elliheimilinu dvelji þau gamalmenni, sem sjóðurinn veitir lífsuppeldi. Hér verður sú breyting á, að í staðinn koma til með að dvelja þar þau gamalmenni, sem sjóðsstjórnin veitir viðtöku. Þetta er afleiðing af breytingunni á 4. gr. skipulagsskrárinnar.

Um 5. gr.

2. málsliður 6. gr. skipulagsskrárinnar hljóðar svo:

„En til alls þessa, byggingar og annars, má eigi verja meiru af fé sjóðsins en svo, að stjórn hans þyki öruggt, að ¾ hlutar árlegra vaxta af eftirstandandi höfuðstól nægi undir venjulegum kringumstæðum til þess að standast kostnað stofnunarinnar í rekstri og halla, er á búinu kynni að verða, og mega þeir ganga til þess, en ¼ hluti vaxtanna leggist við höfuðstólinn, til viðhalds stofnuninni og aukningar síðar meir."

Eins og málefnum sjóðsins er háttað í dag, er óframkvæmanlegt að framfylgja þessu atriði skipulagsskrárinnar, enda ekki gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu, að elliheimilið reki bú.

Um 6. gr.

Í skipulagsskránni er gert ráð fyrir, að gamalmennin fái ókeypis vist á elliheimilinu, en leggi því í staðinn til vinnu sína.

Með 4. gr. frumvarpsins eru ákvæðin um ókeypis vist felld niður, og er því breytingin skv. 6. gr. frumvarpsins eðlileg afleiðing af því.

Um 7. gr.

1) Breytingin á 2. málslið 1. mgr. 8. gr. er í samræmi við óskir erfingja stofnenda, sem allir eru búsettir utan Vestur-Skaftafellssýslu. Hefur stjórn sjóðsins talið þessa breytingu eðlilega.

2) Samkvæmt 4. málslið 1. mgr. 8. gr. skipulagsskrárinnar skyldi samkomustaður stjórnarinnar vera í elliheimilinu að Suður-Hvammi eða á ættarjörð stofnenda, Suður-Vík. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að samkomustaðurinn verði í Vík í Mýrdal.

Fylgiskjal.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Halldórs Jónssonar og Matthildar Ólafsdóttur frá Suður-Vík og dætra þeirra, Guðlaugar og Sigurlaugar, útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 18. september 1929. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ
fyrir
minningarsjóð hjónanna Halldórs Jónssonar (f. 10. marz 1857) og Matthildar Ólafsdóttur (f. 11. október 1851) frá Suður-Vík og dætra þeirra Guðlaugar (f. 8. desember 1881) og Sigurlaugar (f. 13. nóvember 1887), til stofnunar elliheimilis fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll

1. gr.

Sjóðurinn heitir: „Minningarsjóður hjónanna Halldórs Jónssonar og Matthildar Ólafsdóttur frá Suður-Vík og dætra þeirra Guðlaugar og Sigurlaugar, til stofnunar

elliheimilis fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll", og er stofnsettur af erfingjum þeirra Jóni og Ólafi Halldórssonum í janúar 1927.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 15000 kr. í peningum, er stofnendur leggja til hans, og ennfremur ánafna þeir honum til eignar á sínum tíma (sbr. 5. gr.) jörðina Suður-Hvamm í Mýrdal (Hvammshreppi). Stofnendur eða erfingjar þeirra geta aukið sjóð þenna síðar, ef þeir vilja.

3. gr.

Peningaupphæð sjóðsins skal geymast og ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands og skulu vextir árlega leggjast við sjóðseign að fullu, þar til féð verður notað samkvæmt því, er síðar segir.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að stofnað verði fyrir eignir hans heimili til fulls lífsframfæris handa ellihrumu fólki, körlum og konum, sem eru fullra 65 ára að aldri og fædd eru í Vestur-Skaftafellssýslu eða undir Eyjafjöllum í Rangárvallasýslu, eða hafa dvalið þar full 10 ár samfleytt innan fertugsaldurs, og skulu fátæk gamalmenni, ekkjur og einstæðingar, ganga fyrir öðrum til upptöku á heimilið. Öllu fólki, sem á heimilið er tekið, veitist þar að öllu leyti ókeypis vist og aðhlynning, svo fremi sem eigi þarf að flytja það á sjúkrahús. Stjórn sjóðsins ákvarðar í hvert skipti, hverjir fái vist á elliheimilinu, ef fleiri sækja um verustað þar en rúmazt geta um sinn, og skal tekið tillit til þess, að það komi sem jafnast niður á hreppana á svæði því, er sjóðurinn nær yfir. Engan má setja á heimilið gegn vilja hans.

5. gr.

Elliheimili þetta skal reisa á kostnað sjóðsins og skal það vera vel vandað og reisulegt steinhús (eða úr öðru haldgóðu efni, ef fundið kynni að vera, þegar stofnunin er reist), en að öðru leyti skal byggingin vera íburðarlaus, því að hyggilegs sparnaðar skal gætt við hana í hvívetna. Stjórn sjóðsins, sem hefur á hendi alla framkvæmd byggingarinnar og umsjón með henni, skal útvega teikningu af henni og gerð hennar hjá húsameistara ríkisins eða öðrum húsbyggingameistara, ef jafntryggilegt þætti, og skal gera útboð á smíðinni eða verkinu, ef það álízt heppilegra.

Byggingin skal reist á jörðinni Suður-Hvammi í Mýrdal, sem ánafnast sjóðnum í þessu skyni með öllu, sem henni fylgir og fylgja ber, og verður full og óátalin eign sjóðsins frá þeim tíma, er byrjað er á verkinu, enda sé hún þá laus úr ábúð.

Í húsi þessu skulu eiga heima gamalmenni þau, sem sjóðurinn veitir lífsuppeldi, til æviloka eða svo lengi sem þau kjósa, og skal séð um, að þau fái þar hollan og hæfilega rúmgóðan bústað. Ef eignalausir einstæðingar eiga í hlut, annast sjóðurinn einnig útför þeirra, ef þeir andast á heimilinu. Íbúð skal þar og vera fyrir starfsfólk stofnunarinnar svo og önnur nauðsynleg hús fyrir áhöfn jarðarinnar o. s. frv.; en jörðin skal rekin fyrir heimilið, henni vel við haldið og hún bætt eftir þörfum.

6. gr.

Byggingin skal fullgerð vera og stofnunin taka til starfa á eitt hundrað ára fæðingardegi einhvers af arfleiföndunum, sem sjóðurinn er við kenndur, ef fært þykir að áliti sjóðsstjórnar, en þó eigi fyrr en sjóðsstofn nemur minnst kr. 200 000.00, og eigi síðar en á hundrað ára fæðingardegi þess yngsta þeirra, Sigurlaugar Halldórsdóttur, þ. 13. nóvember 1987, — og skal þá og aflað áhafnar búsins, búsáhalda m. m., sem þarf til stofnunarinnar í heild. En til alls þessa, byggingar og annars, má eigi verja meiru af fé sjóðsins en svo, að stjórn hans þyki öruggt, að ¾ hlutar árlegra vaxta af eftirstandandi höfuðstól nægi undir venjulegum kringumstæðum til þess að standast kostnað stofnunarinnar í rekstri og halla, er á búinu

kynni að verða, og mega þeir ganga til þess, en ¼ hluti vaxtanna leggist við höfuðstólinn, til viðhalds stofnuninni og aukningar síðar meir.

7. gr.

Stjórn sjóðsins semur reglugjörð fyrir elliheimilið, ræður ráðsmann og starfseða vinnufólk stofnunar og hús og ákveður kaup þess. Einnig að öðru leyti hefur hún þar æðsta valdið og hefur nákvæmt eftirlit og umsjón með öllu, er viðkemur rekstri stofnunarinnar og búsins, og sér um, að öllu sé sparsamlega og hentuglega hagað. Hún annast ennfremur um, að gamalmenni heimilisins geti, ef þau eru þess umkomin, haft einhverja líkamlega vinnu sér til afþreyingar og að jafnan sé fyrir hendi verkefni til þess, við hæfi hvers þeirra; leggur stofnunin til þess efni, en allt, sem gamalmennin vinna, meðan þau dvelja á heimilinu, rennur til stofnunarinnar og notast í hennar þarfir. Stjórnin skal og stuðla að því, að hollar andlegar skemmtanir verði við og við hafðar um hönd á heimilinu, svo og að guðsþjónusta fari þar fram við viss tækifæri.

8. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af 5 manna nefnd, er skulu vera: Stofnendur sjóðsins, meðan þeir eru á lífi, en að þeim látnum 2 næstu erfingjar, ef óhindraðir eru og búsettir í Vestur-Skaftafellssýslu, ella 2 þar næstu undir sömu skilyrðum. Ef enginn slíkra erfingja er búsettur í héraðinu, skulu hinir stjórnendur sjóðsins velja 2 menn innan sýslu til þess að taka sæti í stjórninni, meðan svo er ástatt. Ennfremur sýslumaður Skaftafellssýslu, héraðsprófastur Vestur-Skaftafellssýslu, og einn maður kosinn af hreppsnefndum Eyjafjallahreppanna. Samkomustaður stjórnarinnar, er hún kemur á fundi, skal vera í Suður-Vík eða á elliheimilinu að Suður-Hvammi. Stjórnin kýs sér formann og gjaldkera. Hæfilega þóknun má stjórnin ákveða sér fyrir störf sín eða kostnað við þau, frá því er stofnunin tekur til starfa, ef ástæða og þörf þykir til, en að jafnaði vinnur hún kauplaust.

Tvo endurskoðendur sjóðsreikninganna kýs sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu á 5 ára fresti.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins og stofnunarinnar er almanaksárið, og skal stjórnin hafa lokið reikningum fyrir liðið ár á fyrsta ársfjórðungi næsta árs og þar með gert áætlun um reksturinn það árið.

10. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari og má henni aldrei breyta að efni til. Formsatriðum getur stjórn sjóðsins þó fengið breytt, ef hún öll er sammála um að ríka nauðsyn beri til þess, og dómsmálaráðuneytið samþykkir, enda komi þar til staðfesting konungs eftir venjulegum reglum.

Ed. 110. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Undanfarin sex ár hefur fjár verið aflað til að fjármagna að hluta til ríkisframkvæmdir innan ramma árlegrar framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar með útgáfu verðtryggðra spariskírteina, svo sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Hafa undirritaðir ekkert við það að athuga, að svo verði einnig gert á árinu 1972, enda verði það í hófi og verki ekki lamandi á getu viðskiptabankanna til nauðsynlegra útlána vegna atvinnuveganna og brýnustu aðstoðar við almenning.

Með þessu frv. er mörkuð ný stefna. Annars vegar er verið að afla fjár fyrir áramót vegna framkvæmdaáætlunar næsta árs, sem enn hefur ekki verið samin. Hins vegar er komið aftan að viðskiptabönkunum, þar eð fyrr á árinu var samið við þá um sérstök framlög af sparifjáraukningu þeirra til framkvæmdaáætlunarinnar fyrir árið 1971 og þeim þá skýrt frá fyrirætlunum um spariskírteinaútgáfu í ár. Er með þessu frv. gert ráð fyrir, að sú upphæð spariskírteina verði þrefölduð.

Áður hefur útgáfa hæst numið rúmum 130 millj. á einu ári, en með þessu frv. er gert ráð fyrir rúml. 300 millj. kr. sölu á þessu ári. Þar sem þetta gerist á þeim tíma, þegar erfiðast er um lánsfé í lánastofnunum, og þar sem engin rök hafa verið færð fyrir þeim nýju vinnubrögðum að afla fjár fyrir áramót vegna framkvæmdaáætlunar næsta árs, leggjum við undirritaðir nefndarmenn til, að sú breyting verði gerð á frv., að sala skírteinanna hefjist ekki fyrr en eftir áramót. Fáist sú brtt. ekki samþykkt, leggjum við til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 23. nóvember 1971.

Magnús Jónsson, frsm. Geir Hallgrímsson.

Ed. 111. Breytingartillaga [71. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (MJ, GH).

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands á árinu 1972 ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 200 millj. kr.

Ed. 112. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn mun skila séráliti.

Alþingi, 23. nóvember 1971.

Ragnar Arnalds, form. Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr., frsm. Jón Árm. Héðinsson, með fyrirvara.

Páll Þorsteinsson. Björn Jónsson.

Nd. 113. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 51/1956, um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. nóvember 1971.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Þórarinn Þórarinsson, frsm.
Matthías Á. Mathiesen.	Matthías Bjarnason.	Sigurður E. Guðmundsson.

Nd. 114. Frumvarp til laga [97. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Brekkuborg í Breiðdalshreppi.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Sverrir Hermannsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Breiðdalshreppi jörðina Brekkuborg í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu. Verð jarðarinnar fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

Breiðdalshreppi er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði jörðina eða hluta af henni eða hlunnindi, sem henni fylgja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Oddvitinn í Breiðdalshreppi hefur farið þess á leit, að veitt verði lagaheimild til þess, að Breiðdalshreppur geti átt kost á að kaupa jörðina Brekkuborg.

Bóndinn, sem bjó á Brekkuborg, hefur látið af búskap, og er jörðin nú í eyði. Hreppsnefnd Breiðdalshrepps vill reyna að koma í veg fyrir, að jörð þessi verði í eyði til frambúðar, og telur miklar líkur til þess, að auðið verði að leigja jörðina til ábúðar, ef hreppurinn eignast hana.

Jörð þessari fylgja veiðiréttindi í Breiðdalsá. Með tilliti til þess telur hreppsnefndin og æskilegt, að sveitarfélagið eignist jörðina og hafi umráð yfir henni.

Nd. 115. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

2. málsgrein 7. gr. laganna orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa tilbúning öls til sölu innanlands og útflutnings, sem hafi inni að halda allt að 4½% af vínanda að rúmmáli. Framleiðslugjald af áfengu öli skal ákveðið í lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum. Nánari ákvæði um meðferð og sölu á áfengu öli skal setja í reglugerð. Áfengt öl, sem selt er innanlands, lýtur sömu lögum um meðferð og sölu og annað áfengi.

Ed. **116. Frumvarp til laga** [98. mál]

um Þjóðleikhús.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Þjóðleikhúsið er eign íslenzku þjóðarinnar.

2. gr.

Í Þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem leiksviði eru tengdar.

Þjóðleikhúsið skal í starfsemi sinni leitast við að vekja og auka áhuga landsmanna á þessum listgreinum, vinna að síbatnandi skilyrðum fyrir þær og stuðla að þróun þeirra. Það skal kosta kapps um að efla íslenzka leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenzkrar tungu.

3. gr.

Aðalhlutverk Þjóðleikhússins skal vera flutningur íslenzkra og erlendra sjónleika. Auk þess skal það árlega flytja óperu og sýna listdans.

Á hverju leikári skulu eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum.

4. gr.

Þjóðleikhúsið heyrir undir menntamálaráðuneytið.

5. gr.

Þjóðleikhúsráð skal þannig skipað:

Í upphafi fyrsta þings eftir hverjar reglulegar alþingiskosningar nefnir hver þingflokkur einn fulltrúa fyrir hverja tíu þingmenn í flokknum eða brot úr þeirri tölu.

Bandalag íslenzkra listamanna kýs þrjá fulltrúa (einn tónlistarmann, einn listdansara, einn rithöfund).

Félag íslenzkra leikara kýs þrjá fulltrúa.

Leikarafélag Þjóðleikhússins kýs einn fulltrúa.

Menntamálaráðherra skipar einn fulltrúa.

Þjóðleikhúsráð kýs sér sjálft formann.

6. gr.

Starfstímabil þjóðleikhúsráðs er allt að fjögur ár og miðast við kosningu Alþingis í ráðið. Þjóðleikhúsráð heldur þó jafnan umboði sínu, unz nýtt þjóðleikhúsráð er fullskipað. Ef eitthvert félag eða bandalag, sem aðild á að ráðinu, kýs eigi fulltrúa í það innan tveggja mánaða frá því, að menntamálaráðuneytið æskir þess, skipar ráðuneytið fulltrúa, á meðan svo stendur.

Þjóðleikhúsráð kemur saman til reglulegs fundar tvisvar sinnum á ári.

Þjóðleikhússtjóri og fjármálafulltrúi leikhússins eiga sæti á fundum þjóðleikhúsráðs með málfrelsi og tillögurétti, en eigi atkvæðisrétti.

Formaður þjóðleikhúsráðs kveður ráðið til fundar. Skylt er að boða til fundar, ef fimm ráðsmenn hið fæsta æskja þess.

7. gr.

Þjóðleikhúsráð hefur eftirlit með starfsemi Þjóðleikhússins. Starfs- og fjárhagsáætlun leikhússins fyrir komandi leikár skal lögð fyrir ráðið eigi síðar en í

marzmánuði ár hvert. Staðfestir ráðið áætlunina með þeim breytingum, sem það telur rétt að gera. Ef sýnt þykir, að samþykkt áætlun fái ekki staðizt, skal þegar í stað gera þjóðleikhúsráði aðvart og leggja fyrir það tillögur um nauðsynlegar breytingar. Er ráðinu skylt að fjalla um tillögurnar, svo fljótt sem við verður komið.

8. gr.

Við Þjóðleikhúsið skal starfa fimm manna framkvæmdaráð. Í því eiga sæti:
Formaður þjóðleikhúsráðs, sem er jafnframt formaður framkvæmdaráðs.
Þjóðleikhússtjóri.
Fjármálafulltrúi Þjóðleikhússins.
Sá af fulltrúum Félags íslenzkra leikara í þjóðleikhúsráði, sem félagið ákveður.
Fulltrúi Leikarafélags Þjóðleikhússins í þjóðleikhúsráði.

9. gr.

Framkvæmdaráð fjallar um starfs- og fjárhagsáætlun leikhússins og samþykkir hana með þeim breytingum, er það kann að gera, áður en hún er lögð fyrir þjóðleikhúsráð. Starfs- og fjárhagsáætlun samkvæmt 7. gr. skal lögð til grundvallar við fjárveitingar til leikhússins. Framkvæmdaráðið sér um, að staðfestri áætlun sé framfylgt, og fjallar auk þess um þau mál, er leikhúsið varða og upp eru borin á fundum þess.

Ef þjóðleikhússtjóri vill ekki sætta sig við ákvörðun meiri hluta framkvæmdaráðs, getur hann borið málið undir úrlausn þjóðleikhúsráðs.

Framkvæmdaráð er ábyrgt gagnvart þjóðleikhúsráði.

Framkvæmdaráð kemur að jafnaði saman til fundar tvisvar í mánuði, að undanteknum júlí- og ágústmánuðum.

Þjóðleikhúsráð og framkvæmdaráð skulu halda gjörðabækur um störf sín.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun fyrir störf í þjóðleikhúsráði og framkvæmdaráði.

10. gr.

Menntamálaráðherra ræður þjóðleikhússtjóra til fjögurra ára í senn, sbr. þó 16. gr. Ráðinn skal maður með staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Starfið skal auglýsa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og leita síðan umsagnar þjóðleikhúsráðs. Endurnýja má ráðningu þjóðleikhússtjóra einu sinni til næstu fjögurra ára, ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mælir með því. Ella skal ráða annan þjóðleikhússtjóra, eftir að starfið hefur verið auglýst að nýju og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

Laun þjóðleikhússtjóra og annarra starfsmanna Þjóðleikhússins skulu ákveðin samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

11. gr.

Við Þjóðleikhúsið skal starfa fjármálafulltrúi, er menntamálaráðuneytið skipar, eftir að starfið hefur verið auglýst og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs og þjóðleikhússtjóra.

Fjármálafulltrúi annast fjárreiður Þjóðleikhússins, reikningsskil og skrifstofustjórn. Hann er ráðunautur þjóðleikhússtjóra um fjármál og rekstur leikhússins.

12. gr.

Þjóðleikhússtjóri ræður leikara, söngvara, listdansara og aðra listamenn leikhússins svo og aðra starfsmenn þess. Hann gerir við þá starfssamninga í samráði við fjármálafulltrúa leikhússins.

13. gr.

Við Þjóðleikhúsið skulu starfa bókmennta- og leiklistarráðunautur (dramaturg), tónlistarráðunautur og listdansstjóri (balletmeistari). Ræður þjóðleikhússtjóri þá til jafnlangs tíma og hann er sjálfur ráðinn.

14. gr.

Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi leikhússins og hefur forystu um að móta listræna stefnu þess. Þjóðleikhússtjóri semur starfs- og fjárhagsáætlun leikhússins með aðstoð fjármálafulltrúa og bókmennta- og leiklistarráðunautar og leggur hana fyrir framkvæmdaráð.

Þjóðleikhússtjóri stjórnar leikhúsinu samkvæmt samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á rekstri þess, bæði listrænum og fjárhagslegum. Um fjárhagslega framkvæmd er fjármálafulltrúi til aðstoðar honum, en bókmennta- og leiklistarráðunautur, að því er tekur til listrænnar starfsemi. Einnig skal hafa samráð við tónlistarráðunaut um val og flutning á óperum og söngleikjum, svo og við listdansstjóra, að því er listdans varðar.

Við samningu verkefnaskrár skal þess vandlega gætt, að nýting starfskrafta sé hagkvæm og að fullt tillit sé tekið til listrænnar velferðar og þroska listamannanna.

15. gr.

Miða skal við, að svo margir leikarar, söngvarar og listdansarar starfi við Þjóðleikhúsið, að það geti að staðaldri leyst af hendi þau verkefni, sem því ber að rækja samkvæmt lögum þessum. Við Þjóðleikhúsið skal starfa blandaður kór.

16. gr.

Leikár Þjóðleikhússins telst frá 1. september til 31. ágúst. Ráðningartími leikara, söngvara, listdansara og annarra listamanna leikhússins skal fara eftir gildandi samningum við stéttarfélög hlutaðeigandi listamanna.

Þjóðleikhússtjóri skal ráðinn og launaður frá 1. janúar og eiga þess kost að fylgjast með starfsemi leikhússins til loka þess leikárs. Hann undirbýr starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta leikár og fer með atkvæði þjóðleikhússtjóra í framkvæmdaráði, þegar þar er um hana fjallað, en tekur að fullu við störfum í upphafi nýs leikárs.

17. gr.

Þeir starfsmenn Þjóðleikhússins, sem ráðnir eru til eins árs hið skemmsta eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og njóta þar sömu réttinda sem aðrir sjóðfélagar. Fastráðnir starfsmenn Þjóðleikhússins, sem hafa áður unnið hliðstæð störf í þágu íslenzkrar leiklistar, skulu einnig eiga kost á að njóta eftirlaunaréttar fyrir þann starfstíma. Ráðherra ákveður réttindatíma hvers og eins, eftir að leitað hefur verið upplýsinga og tillagna Félags íslenzkra leikara og umsagnar stjórnar Lífeyrissjóðsins.

18. gr.

Þjóðleikhúsið tekur þátt í stofnun og rekstri leikmunasafns ásamt sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins. Veita skal Leikfélagi Reykjavíkur og öðrum leikfélögum kost á aðild að safninu, ef um það næst samkomulag við menntamálaráðuneytið. Við gerð starfs- og fjárhagsáætlunar Þjóðleikhússins skal miðað við, að nægileg fjárhæð gangi til að greiða kostnað þess af leikmunasafninu.

Í leikmunasafni skal safnað saman, eftir því sem ástæða þykir til, búningum og sviðsbúnaði, sem notaður hefur verið við sýningar Þjóðleikhússins og sjónvarpsdeildar Ríkisútvarpsins svo og annarra leikfélaga, sem aðild eiga að safninu. Skulu safnmunir þessir leigðir leikfélögum landsins til notkunar við sýningar, og

ákveður stjórn safnsins leigu og önnur viðskiptakjör. Safnið skal hafa í þjónustu sinni leiktjaldamálara og búningateiknara. Starfsemi safnsins skal miðuð við, að hún verði leiklist í landinu að sem mestu liði og að það fjármagn, sem til þessara hluta er varið, nýtist sem bezt.

Menntamálaráðuneytið setur safninu reglugerð, þar sem m. a. skal ákveðið, hvernig stjórn þess og forstöðu skuli háttað.

Þangað til leikmunasafni hefur verið komið á fót, skal Þjóðleikhúsið leigja leikfélögum leiktjöld, búninga o. fl., eftir því sem stjórn Þjóðleikhússins telur við verða komið.

19. gr.

Þjóðleikhúsið skal kappkosta að hafa samstarf við leikfélög áhugamanna, láta þeim í té gistileikara og leikstjóra til leiðbeininga, eftir því sem unnt er. Gera skal leikfélögum áhugamanna kleift að fylgjast með starfi Þjóðleiknússins. Á vegum Þjóðleikhússins skulu árlega farnar á starfstíma þess leikferðir sem víðast um landið. Einnig skulu farnar leikferðir til annarra landa og fengnir hingað erlendir listamenn, hvort tveggja eftir því sem aðstæður leyfa.

20. gr.

Komið skal á fót sérstökum leiklistar-, sönglistar- og listdansskóla ríkisins, og setur menntamálaráðuneytið nánari ákvæði um hann í reglugerð.

21. gr.

Kostnaður af rekstri Þjóðleikhússins skal greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum og aflafé leikhússins hrekkur ekki til.

22. gr.

Þegar þjóðleikhússbyggingin er ekki notuð til þeirrar starfsemi, sem lög þessi fjalla um, má nota hana til annarrar menningarstarfsemi.

23. gr.

Þjóðleikhúsið skal koma sér upp öðru leiksviði til eflingar starfsemi sinni.

24. gr.

Þjóðleikhúsbyggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum Þjóðleikhússins.

25. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

26. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrirmæli laga þessara um ráðningu þjóðleikhússtjóra koma eigi til framkvæmda, fyrr en núverandi þjóðleikhússtjóri lætur af embætti.

Núverandi skrifstofustjóri Þjóðleikhússins tekur við starfi fjármálafulltrúa, ef hann æskir þess.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 86 5. júní 1947, um Þjóðleikhús, og 6. gr. laga nr. 15 15. marz 1965, um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna, svo og önnur ákvæði, sem kunna að brjóta í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Hinn 6. febrúar 1970 skipaði þáverandi menntamálaráðherra nefnd til þess að endurskoða löggjöf og reglugerð um Þjóðleikhús. Í nefndina voru skipaðir Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, Baldvin Tryggvason, framkvæmdastjóri og dr. Þórður Eyjólfsson, fyrrv. hæstaréttardómari.

Nefndin samdi frumvarp til laga um Þjóðleikhús, sem lagt var fyrir síðasta Alþingi, en varð þá eigi útrætt. Menntamálanefnd flytur frv. nú að beiðni menntamálaráðherra, óbreytt frá síðasta þingi. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Hér fer á eftir greinargerð, sem nefndin, er samdi frumvarpið, lét fylgja því:

„Um leið og nefnd sú, sem menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, skipaði hinn 6. febrúar 1970 til þess að endurskoða lög og reglugerð um Þjóðleikhús, skilar meðfylgjandi frumvarpi, vill hún taka fram eftirfarandi um frumvarpið og störf sín:

Nefndin hefur leitazt við að kynna sér viðhorf sem flestra þeirra, sem gerst eiga að þekkja til leikhúsmála hér á landi. Í því skyni átti nefndin m. a. viðræðufundi, áður en hún samdi frumvarpið, með þjóðleikhúsráði, þjóðleikhússtjóra, stjórn Félags ísl. leikara og sérstakri nefnd á vegum þess, stjórn Bandalags ísl. listamanna, stjórn Félags íslenzkra listdansara, framkvæmdastjóra Bandalags íslenzkra leikfélaga (stjórnin gat eigi komið til viðræðna), stjórn Þjóðleikhúskórsins og stjórn Leikfélags Reykjavíkur. Eftir að hugmyndir nefndarinnar höfðu verið felldar í frumvarpsform, ræddi hún á ný við þá aðila, sem að framan eru nefndir, og leitaðist við að sameina í frumvarpinu þær hugmyndir, sem hún og aðrir töldu vænlegastar til þess að verða grundvöllur fyrir starfsemi Þjóðleikhússins með það fyrir augum, að stofnunin mætti sjálf vaxa og eflast og verða um leið öðrum aðilum, sem við sömu listgreinar fást í landinu, til stuðnings. Þess ber að geta, að samstarf við þá aðila, sem við höfum leitað til, hefur verið mjög ánægjulegt og hvergi gætt annarra sjónarmiða en þeirra, sem verða mættu til eflingar þeirri menningarstarfsemi, sem Þjóðleikhúsið sinnir og er ætlað að sinna. Nefndin væntir, að framangreindir aðilar og aðrir telji frumvarpið til bóta í höfuðatriðum, en hún ein ber ábyrgð á efni þess að öllu leyti. Nefndin tekur fram, að reglugerð Þjóðleikhúss hefur hún ekki endursamið eða samið nýja, meðan ekki er vitað, hvaða ákvæði Alþingi kann að lögfesta um Þjóðleikhús.

Löggjöfin um Þjóðleikhús er frá 5. júní 1947 (nr. 86) og reglugerðir samkvæmt henni frá 23. september 1949 (nr. 162), sbr. reglugerð frá 12. janúar 1951 (nr. 6), reglugerð frá 8. september 1953 (nr. 163) og reglugerð frá 17. nóvember 1958 (nr. 167).

Þjóðleikhúsið hóf leiksýningar 20. apríl 1950 og hefur því starfað 21 ár. Á þessu tímabili hefur fengizt mikilsverð reynsla um rekstur þess. Leikhúsið hefur oft átt í fjárhagserfiðleikum, þrátt fyrir mikla aðsókn og vaxandi leiklistaráhuga landsmanna, enda munu fáir ætlast til þess, að Þjóðleikhús verði rekið fyrir eigin tekjur einungis. Um verkefni leikhússins frá upphafi, aðsókn að því, fjárhagsafkomu hvers árs, sætanýtingu og aðgöngumiðaverð vísast til fylgiskjala I—V.

Frá öndverðu til ársins 1970 starfaði Þjóðleikhúsið fyrir eigið aflafé og hlutdeild í skemmtanaskatti, en síðan er því, auk eigin tekna, ætlað framlag í fjárlögum, en skemmtanaskatturinn rennur nú að mestu leyti í félagsheimilasjóð, en lítill hluti til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sbr. lög nr. 58/1970.

Í frumvarpi þessu felast margháttaðar breytingar frá gildandi löggjöf um Þjóðleikhús og eru þessar helztar:

1) Kveðið er skýrar á um það en áður, að þótt flutningur leikrita sé aðalhlutverk Þjóðleikhússins, beri því einnig að flytja óperur og sýna listdans að staðaldri og að á hverju leikári skuli eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætlað börnum.
2) Skipan þjóðleikhúsráðs er gjörbreytt. Starfstímabil þess er tímabundið og full-

trúum í því fjölgað til þess að það geti orðið vettvangur sem flestra þeirra, er leikhúsreksturinn varðar.

3) Myndað er fimm manna framkvæmdaráð, þ. e. 4 auk þjóðleikhússtjóra.
4) Þjóðleikhússtjóra skal ráða til fjögurra ára í senn og má endurráða sama mann einu sinni, þannig að enginn getur gegnt þessum starfa samfellt lengur en átta ár.
5) Ráða skal leikhúsinu bókmennta- og leiklistarráðunaut (dramaturg), listdansstjóra (balletmeistara) og tónlistarráðunaut.
6) Miða skal við, að svo margir leikarar, söngvarar og listdansarar starfi við Þjóðleikhúsið, að það geti jafnan leyst af hendi þau verkefni, sem því ber að sinna.
7) Lögfest sé, að blandaður kór starfi við leikhúsið.
8) Leikárið verði framvegis frá 1. september til 31. ágúst, en eigi frá júlíbyrjun til júníloka eins og nú.
9) **Þjóðleikhúsi og sjónvarpi er ætlað að koma á fót leikmunasafni, er Leikfélag Reykjavíkur og önnur leikfélög geta gerzt aðilar að, en safnið leigi búninga, leiktjöld og annan sviðsbúnað til leikfélaga.**
10) Lögð er áherzla á aukið samstarf Þjóðleikhússins við leikfélög áhugamanna, t. d. með því að láta þeim í té leikstjóra og gistileikara.
11) Árlega skulu farnar leikferðir um landið á starfstíma Þjóðleikhússins.
12) Komið skal á fót sérstökum leiklistar-, sönglistar- og listdansskóla ríkisins.
13) Komið skal upp öðru leiksviði til eflingar starfsemi leikhússins.

Nefndin hefur ekki gert áætlun um kostnaðarauka þann, er af frumvarpinu myndi leiða. Fer mjög um það eftir því, hve ört breytingarnar koma til framkvæmda og hvernig starfsemi leikhússins er hagað. Öllum er væntanlega ljóst, að Þjóðleikhús verður aldrei rekið nema með allmiklum kostnaði, þótt gætt sé hinnar mestu hagsýni. Hitt verður fjárveitingavaldið að vega og meta hverju sinni, hve miklum fjármunum það vill verja til leikhússins. En nefndin hefur leitazt við að marka með frumvarpinu þá stefnu, sem hún telur að myndi verða Þjóðleikhúsinu og þeim listgreinum, sem því eru tengdar, til eflingar og þroska.

Að því er varðar einstakar greinar frumvarpsins tekur nefndin fram:

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Ætlazt er til, að í Þjóðleikhúsinu verði, auk leikrita, fluttar óperur og sýndir listdansar að staðaldri, þannig að betri grundvöllur skapist til þróunar þessara listgreina hér á landi en verið hefur. Báðum þessum listgreinum hefur Þjóðleikhúsið að vísu sinnt, en öruggan grundvöll hefur skort til þess að iðkun þeirra yrði fastur og veigamikill liður í starfsemi leikhússins. Með reglubundnum óperuflutningi og listdanssýningum verður starf leikhússins fjölbreyttara, nær til fleiri áhorfenda og verður starfsvettvangur fleiri íslenzkra listamanna. Góða söngvara hefur þjóðin lengi átt og á seinni tímum einnig ágæta listdansara. Á sama hátt og Sinfóníuhljómsveit Íslands er miðstöð og kjarni íslenzks tónlistarlífs, þurfa við Þjóðleikhúsið að myndast vel þjálfaðir hópar söngvara og listdansara, sem geta ýmist einir eða **ásamt erlendum gistilistamönnum veitt leikhúsgestum færi á að kynnast óperum og danslist í ríkara mæli en nú er. Gert er ráð fyrir, að óperettur og aðrir söngleikir verði meðal verkefna Þjóðleikhússins.**

Um 3. gr.

Aðalhlutverk Þjóðleikhússins er flutningur íslenzkra og erlendra sjónleika og um óperuflutning og listdans vísast til umsagnar um 2. gr. Veigamikið atriði er það í 3. gr. að Þjóðleikhúsinu skuli á hverju leikári ætlað að flytja eitt eða fleiri viðfangsefni fyrir börn. Telur nefndin þýðingarmikið, að þessi starfsemi verði efld mjög. Myndi það væntanlega bæði leiða til þess, að fleiri barnaleikrit yrðu frumsamin á íslenzku og til aukinna þýðinga á erlendum barnaleikritum. Áríðandi er að sjá börnum fyrir góðum og menningarlegum skemmtunum og því má heldur ekki gleyma, að þau eru leikhúsgestir framtíðarinnar.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er þjóðleikhúsráð þannig skipað, að hver fjögurra stærstu stjórnmálaflokka landsins nefnir einn mann í ráðið, en Félag íslenzkra leikara einn. Menntamálaráðherra skipar síðan einhvern þeirra formann ráðsins. Skipun ráðsins er ótímabundin. Á þessu eru gerðar miklar breytingar í frumvarpinu. Ætlazt er til, að hver þingflokkur, sem telur 10 þingmenn eða færri, nefni einn mann í þjóðleikhúsráð, og einn fyrir hvern tug eða brot úr tug, sem umfram er þá tölu. Miðað við tölu og fjölda þingflokka eins og þeir eru nú, myndu af þeirra hálfu verða átta menn í þjóðleikhúsráði, þrír af hálfu þingflokks Sjálfstæðismanna, tveir af hálfu þingflokks Framsóknarmanna, og einn af hálfu hvers hinna þriggja, Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna. Samkvæmt frumvarpinu ráða þingflokkarnir því sjálfir, hvort þeir tilnefna listamenn, stjórnmálamenn eða aðra af sinni hálfu í þjóðleikhúsráð. Þá er Bandalagi íslenzkra listamanna ætlað að kjósa þrjá fulltrúa, einn tónlistarmann, einn listdansara og einn rithöfund. Félag íslenzkra leikara kýs þrjá fulltrúa og Leikarafélag Þjóðleikhússins einn. Menntamálaráðherra skipar einn fulltrúa í ráðið, en þjóðleikhúsráð kýs sér sjálft formann.

Miðað við núverandi flokkaskipan á Alþingi myndu 16 menn með atkvæðisrétti eiga sæti í þjóðleikhúsráði. Þetta kann að þykja nokkuð fjölmennt ráð, en nefndin taldi æskilegt að allir þeir aðilar, sem hér eru nefndir, ættu fulltrúa á þeim vettvangi þar sem mótuð er stefna í starfi Þjóðleikhússins, og hefðu e. t. v. þurft að vera fleiri. Hins vegar er þessu fjölmenna ráði ekki ætlað að blanda sér í daglega stjórn leikhússins, heldur gert ráð fyrir að formaður þjóðleikhúsráðs, þjóðleikhússtjóri, fjármálafulltrúi leikhússins, einn af fulltrúum Félags íslenzkra leikara og fulltrúi Leikarafélags Þjóðleikhússins myndi framkvæmdaráð, sem ætlazt er til að komi að jafnaði saman tvisvar í mánuði, en þjóðleikhúsráð aftur á móti tvisvar á ári.

Um 6. gr.

Hér er starfstímabil þjóðleikhúsráðs ákveðið allt að fjögur ár frá þeim tíma, er Alþingi kýs í ráðið eftir hverjar reglulegar alþingiskosningar, en fráfarandi þjóðleikhúsráð heldur þó umboði sínu þangað til nýtt ráð er fullskipað. Ef eitthvert félag eða bandalag, sem aðild á að ráðinu, kýs ekki fulltrúa í það innan tveggja mánaða frá því að menntamálaráðuneytið æskir þess, skipar ráðuneytið sjálft í ráðið á meðan svo stendur, en sá eða þeir fulltrúar víkja óðara sæti þegar aðili sá, sem vanrækti eða neitaði að kjósa í ráðið, hefur bætt úr því. Þetta ákvæði er sett til þess að tryggja, að þjóðleikhúsráð verði ekki gert óstarfhæft með því að félag eða bandalag láti vera að kjósa í það. Þessi ákvæði taka ekki til fulltrúa þingflokkanna.

Þjóðleikhússtjóra og fjármálafulltrúa leikhússins er ætlað sæti í þjóðleikhúsráði með málfrelsi og tillögurétti, en eigi hafa þeir þar atkvæðisrétt. Fjármálafulltrúi er nýtt heiti á starfi skrifstofustjóra Þjóðleikhússins með breyttu verksviði.

Um 7. gr.

Verkefni þjóðleikhúsráðs samkvæmt frumvarpinu er að hafa eftirlit með starfsemi leikhússins. Það fjallar um starfs- og fjárhagsáætlun leikhússins fyrir komandi leikár og staðfestir hana með þeim breytingum, sem því þykir rétt að gera. Áætlunina hefur þjóðleikhússtjóri samið með aðstoð fjármálafulltrúa og bókmennta- og leiklistarráðunauts og framkvæmdaráð samþykkt. Fyrr kemur hún ekki til kasta þjóðleikhúsráðs. Ef framkvæmdaráð þykist sjá, að samþykkt starfs- og fjárhagsáætlun muni eigi standast, skulu gerðar tillögur til þjóðleikhúsráðs um úrbætur í því efni. Rekstur Þjóðleikhúss er ýmsu háður, sem lítt verður séð fyrir, svo sem um aðsókn og tekjur af sýningum. Eru því ávallt líkur á, að áætlanir langt fram í tímann raskist verulega og þarf þá að marka nýja stefnu. En ætlazt er til, að ekki verði vikið frá samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun, heldur semji þeir aðilar, sem henni eiga að ráða, nýja áætlun. Með því móti á að vera tryggt, að ekki verði vikið frá þeirri stefnu, sem þjóðleikhúsráð markar í starfi og fjármálum leikhússins, án þess að ráðið fjalli um þau vandamál eða viðfangsefni, sem ófyrirséð viðhorf kunna að skapa, svo sem ef leikhúsið verður fyrir óvæntum skakkaföllum fjárhagslega.

Um 8. gr.

Vísast til þess, sem sagt er um 5. og 7. gr.

Um 9. gr.

Vísast að mestu til umsagnar um 5. og 7. gr. Til viðbótar er þó rétt að taka fram, að í frumvarpsgreininni er miðað við, að við undirbúning og afgreiðslu fjárlaga verði samþykkt starfs- og fjárhagsáætlun Þjóðleikhússins fyrir komandi ár lögð til grundvallar fjárveitingum. Þá er einnig rétt að geta þess, að þjóðleikhúsráð hefur alla tíð verið ólaunað, en hér er gert ráð fyrir að bæði þjóðleikhúsráð og framkvæmdaráð fái greiðslu fyrir störf sín, — þjóðleikhúsráðsmenn ákveðna þóknun fyrir hvern fund, sem þeir sækja í ráðinu, en framkvæmdaráðsmenn fái fasta þóknun fyrir sín störf. Með þessu móti telur nefndin að hægt sé að krefjast meiri vinnu og meiri ábyrgðar af þeim, sem umræddum störfum gegna.

Um 10. gr.

Þjóðleikhússtjóri er nú skipaður með sama hætti og aðrir embættismenn ríkisins, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að hann verði framvegis ráðinn af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn, að undangenginni auglýsingu um starfið með sama hætti og tíðkast um embætti, t. d. með sem næst eins mánaðar umsóknarfresti. Er tekið fram, að ráða skuli mann með staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Áður en ráðið er í starfið skal leita umsagnar þjóðleikhúsráðs. Laun þjóðleikhússtjóra og annarra starfsmanna leikhússins skulu ákveðin með sama hætti og laun opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þjóðleikhússtjóra má endurráða til næstu fjögurra ára, ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mælir með því. Enginn getur gegnt starfanum lengur samfleytt en átta ár, en heimilt myndi að ráða sama mann enn á ný, ef fjögur ár væru liðin frá því að hann var þjóðleikhússtjóri.

Það má færa margvísleg rök með og móti þeirri skipan, sem hér er lagt til að lögfest verði um ráðningu þjóðleikhússtjóra, en starf þetta er svo sérstaks eðlis,

að rétt þykir að reyna, hvernig ráðning til tiltölulega stutts tíma gefst, enda hefur komið fram í viðtölum við þjóðleikhússtjóra, þjóðleikhúsráð, fulltrúa leikara og fleiri að slík ákvæði séu æskileg.

Um 11. gr.

Við Þjóðleikhúsið starfar nú skrifstofustjóri. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að þessu starfsheiti verði breytt í fjármálafulltrúi, og annist hann fjárreiður leikhússins, reikningsskil og skrifstofustjórn, og sé ráðunautur þjóðleikhússtjóra um fjármál og rekstur leikhússins að því er fjármál varðar. Fjármálafulltrúi er fastur starfsmaður, skipaður af ráðuneytinu eftir sömu reglum og aðrir opinberir starfsmenn.

Um 12. og 13. gr.

Við leikhúsið skulu starfa bókmennta- og leiklistarráðunautur (dramaturg), tónlistarráðunautur og listdansstjóri (balletmeistari). Ræður þjóðleikhússtjóri þá til jafnlangs tíma og hann er sjálfur ráðinn. Að sjálfsögðu getur nýr þjóðleikhússtjóri endurnýjað ráðningu þessara sömu manna, ef hann vill, en ætlunin er að hver þjóðleikhússtjóri hafi frjálsar hendur um að velja þessa samstarfsmenn sína. Þá ræður þjóðleikhússtjóri einnig leikara, söngvara, listdansara og aðra listamenn leikhússins, svo og aðra starfsmenn þess, sem ekki er sérstaklega tekið fram um að ráðnir séu með öðrum hætti eins og fjármálafulltrúi.

Um 14. gr.

Þjóðleikhússtjóra eru ætluð mikil ráð um stjórn leikhússins og forysta í mótun listrænnar stefnu þess, enda ber hann ábyrgð á rekstri þess, listrænum og fjárhagslegum. Að því er fjármálin varðar, er fjármálafulltrúi honum til aðstoðar, en bókmennta- og leiklistarráðunauturinn, tónlistarráðunautur og listdansstjóri að því er hina listrænu þætti rekstrarins varðar. Þá er sérstaklega til þess ætlazt, að verkefnaskrá sé þannig gerð, að hún tryggi sem hagkvæmasta nýtingu starfskrafta og fullt tillit sé tekið til listrænnar velferðar og þroska listamannanna.

Um 15. gr.

Það er afar þýðingarmikið, að Þjóðleikhúsinu verði ætluð fjárframlög til að ráða svo marga leikara, söngvara og listdansara, að unnt sé að staðaldri að leysa þau verkefni, sem því ber að rækja samkvæmt lögunum. Hér þarf ekki ævinlega að vera um að ræða fastráðið starfslið, heldur fer um það hverju sinni eftir verkefnavali og starfsáætlun.

Við Þjóðleikhúsið hefur um langt skeið starfað blandaður kór, Þjóðleikhúskórinn, enda er slíkur kór nauðsynlegur fyrir starfsemi leikhússins. Virðist rétt að ákvæði sé í lögum leikhússins um þennan þátt í starfi þess.

Um 16. gr.

Leikár Þjóðleikhússins er samkvæmt gildandi lögum frá júlíbyrjun til júníloka. Þessu er breytt í frumvarpinu í 1. september til 31. ágúst. Þá eru í þessari grein ákvæði um, að ráðningartími leikara, söngvara og listdansara og annarra listamanna leikhússins fari eftir gildandi samningum stéttarfélaga hlutaðeigandi listamanna, og er þetta staðfesting á því sem verið hefur í framkvæmd.

Þau ákvæði þykja eðlileg um viðtakandi þjóðleikhússtjóra, að hann verði ráðinn og launaður frá 1. janúar þess árs, er hann hefur störf, svo að honum gefist kostur á að kynnast vel starfsemi leikhússins áður en hann tekur að fullu við starfi

1. september sama ár. Þetta er nauðsynlegt vegna þess, að hinum nýja þjóðleikhússtjóra er ætlað að undirbúa starfsskrá leikhússins fyrir komandi leikár. Því er honum ætlað að fara með atkvæði þjóðleikhússtjóra í framkvæmdaráði um allt er lýtur að undirbúningi starfseminnar á komandi leikári, en fráfarandi þjóðleikhússtjóri sinnir að sjálfsögðu öllum málum, sem varða líðandi leikár.

Um 17. gr.

Sams konar ákvæði eru í gildandi lögum.

Um 18. gr.

Í lögum nr. 15/1965, um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna, er ákvæði í 6. gr. um leikmunasafn. Þykir rétt að færa efni þeirrar lagagreinar í þetta frumvarp og ætla Þjóðleikhúsi og einnig sjónvarpi að koma slíku safni á fót og tryggja Leikfélagi Reykjavíkur og öðrum leikfélögum aðild að safninu, ef þau æskja, en hins vegar virðist ekki rétt að skylda þau til þátttöku, þar sem um einkaaðila er að ræða, þótt fjárhagslegs stuðnings njóti af opinberri hálfu. Hefur reynslan sýnt, að ákvæði 6. gr. laga nr. 15/1965 hafa ekki orðið til þess að leikmunasafn kæmist á fót. Er talið vænlegra til árangurs, að Þjóðleikhús og sjónvarp hafi um þetta forystu. Hér er um afar þýðingarmikla þjónustu að ræða við leikfélög landsins. Ætlazt er til, að búningar, leiktjöld og annar sviðsbúnaður frá ýmsum leiksýningum í Þjóðleikhúsi, sjónvarpi og hjá leikfélögum víðs vegar í landinu komi í þetta safn og verði leigður fyrir hóflegt gjald til þeirra, sem hefðu þessara búninga og muna not við leiksýningar. Safninu er ætlað að hafa í þjónustu sinni leiktjaldamálara og búningateiknara og myndi safnið þá ekki einasta geta látið í té þá búninga, sem þegar hafa verið notaðir einhvers staðar, heldur gæti einnig látið gera nýja búninga fyrir leikfélög, og sama gildir um leiktjöld. Slíkt leikmunasafn á að vera einn liðurinn í því að aðstoða leikfélög landsins og reyna að tryggja sem bezta nýtingu þeirra fjármuna, sem til búninga, leiktjalda og annars sviðsbúnaðar er varið.

Um 19. gr.

Þessi grein lýtur, eins og 18. gr., að því að efla stuðning við leikfélög áhugamanna og samstarf þeirra og Þjóðleikhúss, m. a. með því að Þjóðleikhúsið láti leikfélögunum í té leikstjóra til leiðbeininga og leikara í einstök hlutverk, gistileikara, og tryggi leikfélögum áhugamanna aðstöðu til þess að fylgjast með störfum Þjóðleikhússins. Þá er mælt fyrir um, að á vegum Þjóðleikhússins skuli farnar árlegar leikferðir um landið á starfstíma Þjóðleikhúss, en ekki einungis að sumarlagi þegar leikhúsið starfar ekki. Með þessu er stefnt að því, að kynna list Þjóðleikhússins um land allt og nýta starfskrafta íslenzkra leikara sem bezt. Einnig er ætlazt til, að Þjóðleikhúsið fari leikferðir til annarra landa, eftir því sem unnt reynist, og fái erlenda listamenn til að sýna í Þjóðleikhúsinu. Leikferðir innanlands og til annarra landa hafa verið liður í starfsemi Þjóðleikhússins á undanförnum árum og er tvímælalaust heppilegt að efla þann þátt. Hins vegar eru slíkar ferðir allkostnaðarsamar, ekki sízt ferðir milli landa.

Um 20. gr.

Hér er kveðið á um að komið skuli á fót sérstökum leiklistar-, sönglistar- og listdansskóla ríkisins. Þetta er mjög aðkallandi framkvæmd. Þjóðleikhúsið hefur á undanförnum árum rekið leiklistarskóla og ballettskóla, en sjálfsagt virðist, að slíkur skóli sé sjálfstæð stofnun. Nefndin taldi rétt að setja í þetta frumvarp ákvæði um stofnun slíks skóla, þótt reynslan kynni að leiða í ljós að réttara væri að setja um hann sérstaka löggjöf síðar.

Um 21. gr.

Frá árinu 1923 hefur skemmtanaskattur verið lagður á og gengið til byggingar og rekstrar Þjóðleikhúss, stundum allur en stundum að hluta. Árið 1970 var löggjöfinni um skemmtanaskatt breytt þannig, að skatturinn rennur nú allur til félagsheimilasjóðs og Sinfóníuhljómsveitar (l. nr. 58/1970), en Þjóðleikhúsið fær aftur á móti rekstrarfé sitt úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Því fyrirkomulagi er haldið í þessu frumvarpi.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Nauðsynlegt verður að teljast, að Þjóðleikhúsið ráði yfir tveimur leiksviðum, bæði til æfinga og sýninga, ef starfsemi þess á ekki að vera of þröngur stakkur skorinn. Því er gert ráð fyrir í frumvarpinu, að komið verði upp öðru leiksviði.

Um 24. gr.

Í gildandi lögum er ákvæði um, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldbindingum Þjóðleikhússins og að þjóðleikhúsbyggingin standi ekki til tryggingar skuldum þess. Slíkt ákvæði var sönnu nær meðan ríkið lagði leikhúsinu til ákveðinn tekjustofn, en fær ekki staðizt þegar leikhúsið er rekið fyrir fé úr ríkissjóði. Hins vegar er það ákvæði látið haldast, að leikhúsbyggingin standi ekki til tryggingar skuldum leikhússins.

Um 25. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Ákvæðin um ráðningu þjóðleikhússtjóra eiga ekki að taka gildi fyrr en núverandi þjóðleikhússtjóri, sem skipaður er í embættið, lætur af starfi. Önnur ákvæði laganna gætu eigi að síður komið til framkvæmda. Þá er svo mælt í þessari grein, að núverandi skrifstofustjóri Þjóðleikhúss taki við starfi fjármálafulltrúa, ef hann æskir þess.

Um 27. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

VERKEFNI ÞJÓÐLEIKHÚSSINS

Verkefni	Nr.	Höfundar	Leikrit	Opera	Operetta	Söngleikur	Barnaleikr.	Ballett	Gestaleikur	Hvaðan	Tónleikar	Íslenzkt	Þýðerni
Leikár 1950													
20/4 Nýársnóttin	1.	Indriði Einarsson	X									X	
Fjalla-Eyvindur	2.	Jóhann Sigurjónsson	X									X	
Íslandsklukkan	3.	Halldór K. Laxness	X									X	
Brúðkaup Figarós	4.	Wolfgang A. Mozart		X					X	Svíþjóð			Austurrískt
1950-51													
Óvænt heimsókn	5.	J. B. Priestley	X										Enskt
Pabbi	6.	H. Lindsay og R. Crouse	X										Bandarískt
Jón biskup Arason	7.	Tryggvi Sveinbjörnsson	X									X	
Konu ofaukið	8.	Knud Sönderby	X										Danskt
Söngbjallan	9.	Charles Dickens	X										Enskt
Flekkaðar hendur	10.	Jean-Paul Sartre	X										Franskt
Snædrottningin	11.	Eugene Schwartz/ H. C. Andersen					X						?/danskt
Heilög Jóhanna	12.	G. Bernard Shaw	X										Enskt
Sölumaður deyr	13.	Arthur Miller	X										Bandarískt
Aldarafmæli Indr. Ein.	14.	Indriði Einarsson	X									X	Dansinn í Hruna, lokaatriðið
Ímyndunarveikin	15.	Moliere	X										Franskt
Rigoletto	16.	G. Verdi		X									Italskt
1951-52													
Lénharður fógeti	17.	Einar H. Kvaran	X									X	
Dóri	18.	Tómas Hallgrímsson	X									X	
Hve gott og fagurt	19.	W. S. Maugham	X										Enskt
Gullna hliðið	20.	Davíð Stefánsson	X									X	
Anna Christie	21.	Eugene O'Neill	X										Bandarískt
Sem yður þóknast	22.	William Shakespeare	X										Enskt
Litli Kláus og Stóri Kláus	23.	Lisa Tetzner / H. C. Andersen					X						Þýzkt/danskt
Þess vegna skiljum við	24.	Guðmundur Kamban	X									X	
Tyrkja-Gudda	25.	Jakob Jónsson	X									X	
Det Lykkelige Skibbrud	26.	Ludvig Holberg	X						X	Danmörk			Danskt
Brúðuheimili	27.	Henrik Ibsen	X										Norskt
Leðurblakan	28.	Johann Strauss			X								Austurrískt
1952-53													
Listdanssýning	29.							X	X	Svíþjóð			
Júno og páfuglinn	30.	Sean O'Casey	X										Írskt
Rekkjan	31.	Jan de Hartog	X										Hollenzkt
Hljómleikar Arna Kristjánss. og Björns Ólafssonar	32.										X		
frh.													

Verkefni	Nr.	Höfundar	Leikrit	Ópera	Óperetta	Söngleikur	Barnaleikr.	Ballett	Gestaleikur	Hvaðan	Tónleikar	Íslenzkt	Þýðerni
1952-53, frh.													
Topaz	33.	Marcel Pagnol	X										Franskt
Skugga-Sveinn	34.	Matthías Jochumsson	X									X	
Listdanssýning	35.							X					
Stefnumótið í Senlis	36.	Jean Anouilh	X										Franskt
Landið gleymda	37.	Davíð Stefánsson	X									X	
Koss í kaupbæti	38.	F. Hugh Herbert	X										Bandarískt
Österbottningar	39.	Leevi Antero Madetoja		X					X	Finnland			Finnskt
La Traviata	40.	G. Verdi		X									Ítalskt
1953-54													
Listdanssýning	41.							X	X	Danmörk			
Einkalíf	42.	Noel Coward	X										Enskt
Sumri hallar	43.	Tennessee Williams	X										Bandarískt
Valtýr á grænni treyju	44.	Jón Björnsson	X									X	
Harvey	45.	Mary Chase	X										Bandarískt
Piltur og stúlka	46.	Emil Thoroddsen/ Jón Thoroddsen	X									X	
Ferðin til tunglsins	47.	Gert von Bassewitz					X						Þýzkt
Æðikollurinn	48.	Ludvig Holberg	X										Danskt
Sá sterkasti	49.	Karen Bramson	X										Danskt
Villiöndin	50.	Henrik Ibsen	X										Norskt
Tónleikar í tilefni 10 ára ártíðar Emils Thor.	51.										X	X	
Nitouche	52.	F. Hervé			X								Franskt
1954-55													
Silfurtunglið	53.	Halldór K. Laxness	X									X	
Lokaðar dyr	54.	Wolfgang Borchert	X										Þýzkt
Listdanssýning	55.							X					
I Pagliacci	56.-	R. Leoncavallo		X									Ítalskt
Cavalleria Rusticana	57.	P. Mascagni		X									Ítalskt
Þeir koma í haust	58.	Agnar Þórðarson	X									X	
Fædd í gær	59.	Garson Kanin	X										Bandarískt
Ætlar konan að deyja	60.-	Christopher Fry	X										Enskt
Antigona	61.	Jean Anouilh	X										Franskt
Japönsk listdanssýning	62.							X	X	Japan			Japanskt
Listdanssýning	63.							X					
Krítarhringurinn	64.	Klabund	X										Þýzkt
Er á meðan er	65.	Moss Hart og George Kaufman	X										Bandarískt

Verkefni	Nr.	Höfundar	Leikrit	Op	óera	Óperetta	Söngleikur	Barnaleikr.	Ballett	Gestaleikur	Hvaðan	Tónleikar	Íslenzkt	Þjóðerni
1955-56														
Góði dátinn Svæk	66.	Jarostav Hasek	X											Tékkneskt
Í deiglunni	67.	Arthur Miller	X											Bandarískt
Peking-óperan	68.									X	Kína			Kínverskt
Jónsmessudraumur	69.	William Shakespeare	X											Enskt
Maður og kona	70.	Emil Thoroddsen og I. Waage/Jón Thor.	X										X	
Vetrarferð	71.	Clifford Odets	X											Bandarískt
Djúpið blátt	72.	Terence Rattigan	X											Enskt
Káta ekkjan	73.	Franz Lehar				X								Austurr./ungv.
Rosario-ballettinn	74.								X	X	Spánn			Spánskt
1956-57														
Listdanssýning	75.								X	X	Rússl.			
Spádómurinn	76.	Tryggvi Sveinbjörnss.	X										X	
Tehús Ágústmánans	77.	John Patrick	X											Bandarískt
Tondeleyo	78.	Leon Gordon	X											Bandarískt
Fyrir kóngsins mekt	79.	Sigurður Einarsson	X										X	
Töfraflautan	80.	W.A. Mozart			X									Austurrískt
Don Camillo og Peppone	81.	Walter Firner / G. Guareschi	X											Austurrískt/ ítalskt
Brosið dularfulla	82.	Aldous Huxley	X											Enskt
Doktor Knock	83.	Jules Romains	X											Franskt
Sumar í Tyrol	84.	Ralph Benatzky				X								Austurrískt
1957-58														
Tosca	85.	G. Puccini			X									Ítalskt
Horft af brúnni	86.	Arthur Miller	X											Bandarískt
Kirsuberjagarðurinn	87.	Anton Tjechov	X											Rússneskt
Cosi fan tutte	88.	W.A. Mozart			X					X	V-Þýzkal.			Austurrískt
Romanoff og Júlía	89.	Peter Ustinov	X											Enskt
Ulla Winblad	90.	Carl Zuckmayer	X											Þýzkt
Dagbók Önnu Frank	91.	F. Goodrich & Albert Hackett/Anna Frank	X											Bandarískt
Fríða og dýrið	92.	Nicholas Stuart Grey						X						Enskt
Litli kofinn	93.	André Roussin	X											Franskt
Listdanssýning	94.	Erik Bidsted							X					
Gaukshlukkan	95.	Agnar Þórðarson	X										X	
Faðirinn	96.	A. Strindberg	X											Sænskt
Kysstu mig Kata	97.	Cole Porter					X							Bandarískt
30 ára Henstand	98.	Soya	X							X	Danmörk			Danskt

Verkefni	Nr.	Höfundar	Leikrit	Ópera	Óperetta	Söngleikur	Barnaleikr.	Ballett	Gestaleikur	Hvaðan	Tónleikar	Íslenzkt	Þjóðerni
1958-59													
Haust	99.	Kristján Albertsson	X									X	
Horfðu reiður um öxl	100.	John Osborne	X										Enskt
Sá hlær bezt ...	101.	Howard Teichmann og George Kaufman	X										Bandarískt
Rakarinn í Sevilla	102.	G. Rossini		X									Ítalskt
Dómarinn	103.	Vilhelm Moberg	X										Sænskt
Á yztu nöf	104.	Thornton Wilder	X										Bandarískt
Undraglerin	105.	Óskar Kjartansson					X					X	
Fjárhættuspilarar	106.-	Nicolai Gogol	X										Rússneskt
Kvöldv. kardinálanna	107.	Julio Dantas	X										Portugalskt
Húmar hægt að kveldi	108.	Eugene O'Neill	X										Bandarískt
Tengdasonur óskast	109.	William Douglas Home	X										Enskt
Betlistúdentinn	110.	Karl Millöcker			X								Austurrískt
Kristin Lavransdatter	111.	Tormod Skagestad/ Sigrid Undset	X						X	Noregur			Norskt
1959-60													
Blóðbrullaup	112.	Federico Garcia Lorca	X										Spánskt
Ballets : U.S.A.	113.							X	X	Bandar.			Bandarískt
Peking óperan	114.								X	Kína			Kínverskt
Edward, sonur minn	115.	Robert Morley og Noel Langley	X										Enskt
Aldarminning E. H. Kvarans	116.	Einar H. Kvaran	X									X	Jósafat kafli úr 3. þ.
Julius Sesar	117.	William Shakespeare	X										Enskt
Kardemommubærinn	118.	Thorbjörn Egner					X						Norskt
Hjónaspil	119.	Thornton Wilder	X										Bandarískt
Í Skálholti	120.	Guðmundur Kamban	X									X	
Carmina Burana	121.	Carl Orff									X		Þýzkt
Ást og stjórnmál	122.	Terence Rattigan	X										Enskt
Selda brúðurin	123.	Smetana		X					X	Tékkósl.			Tékkneskt
Fröken Julie o. fl. ballettar	124.	Birgit Cullberg						X					
1960-61													
Engill, horfðu heim	125.	Ketti Frings	X										Bandarískt
George Dandin	126.	Moliere	X										Franskt
Don Pasquale	127.	Donizetti		X									Ítalskt
Þjónar drottins	128.	Axel Kielland	X										Norskt
Tvö á saltinu	129.	William Gibson	X										Bandarískt
Nashyrningarnir	130.	Ionesco	X										Rúm. / franskt
Þýzk listdanssýning	131.							X	X	V-Þýzkal.			
Sígaunabaróinn	132.	Johann Strauss			X								Austurrískt

Verkefni	Nr.	Höfundar	Leikrit	Ópera	Óperetta	Söngleikur	Barnaleikr.	Ballett	Gestaleikur	Hvaðan	Tónleikar	Íslenzkt	Þýðerni
1961-62													
Allir komu þeir aftur	133.	Ira Levin	X										Bandarískt
Strompleikurinn	134.	Halldór Kiljan Laxness	X									X	
Caledonia	135.								X	Skotland			Skozk þýðl.&þýðd.
Húsvörðurinn	136.	Harold Pinter	X										Enskt
Gestagangur	137.	Sigurður A. Magnússon	X									X	
My Fair Lady	138.	A.J. Lerner og F. Loewe				X							Bandarískt
1962-63													
Jose Greco Ballettinn	139.							X	X	Spánn			Spánskt
Hún frænka mín	140.	J. Lawrence og R.C. Lee	X										Bandarískt
Sautjánda brúðan	141.	Ray Lawler	X										Ástralskt
Dýrin í Hálsaskógi	142.	Thorbjörn Egner					X						Norskt
Pétur Gautur	143.	Henrik Ibsen	X										Norskt
Á undanhaldi	144.	Francois Billetdoux	X										Franskt
Dimmuborgir	145.	Sigurður Róbertsson	X									X	
Andorra	146.	Max Frisch	X										Svissneskt
Il Trovatore	147.	G. Verdi		X									Ítalskt
1963-64													
Konunglegi danski ballettinn	148.							X	X	Danmörk			
Gísl	149.	Brendan Behan	X										Írskt
Flónið	150.	Marcel Achard	X										Franskt
Hamlet	151.	W. Shakespeare	X										Enskt
Læðurnar	152.	Walentin Chorell	X										Finnskt
Mjallhvít	153.	Margarete Kaiser					X						?
Táningaást	154.	Ernst Bruun Olsen				X							Danskt
Sardasfurstinnan	155.	E. Kálman			X								Austurr./ungv.
Krófuhafar	156.	A. Strindberg	X										Sænskt
Kiev-ballettinn	157.							X	X	Rússland			
1964-65													
Kraftaverkið	158.	William Gibson	X										Bandarískt
Forsetaefnið	159.	Guðmundur Steinsson	X									X	
Koreu-ballettinn "Arirang"	160.							X	X	S-Kórea			Koreanskt
Stöðvið heiminn	161.	Leslie Bricusse og Anthony Newley				X							Enskt
Hver er hræddur við Virginiu Woolf	162.	Edward Albee	X										Bandarískt
frh.													

	Verkefni	Nr.	Höfundar	Leikr	:t	Ópera	Operetta	Söngleikur	Barnaleikr.	Ballett	Gestaleikur	Hvaðan	Tónleikar	Íslenzkt	Þjóðerni
	1964-65, frh.														
L.	Nöidur	163.	Gustav Wied	X											Danskt
L.	Sköllótta söngkonan	164.	E. Ionesco	X											Rúm./franskt
	Sannleikur í gifsi	165.	Agnar Þórðarson	X										X	
L.	Tónleikar - Listdanss.	166.								X			X		
	Járnhausinn	167.	Jónas og Jón Múli Árnasynir					X						X	
	Madame Butterfly	168.	G. Puccini			X									Ítalskt
	1965-66														
	Eftir syndafallið	169.	Arthur Miller	X											Bandarískt
	Grand Ballet Classique de France	170.								X	X	Frakkl.			
L.	Síðasta segulband Krapps	171.-	Samuel Beckett	X											Írskt
L.	Jóðlíf	172.	Oddur Björnsson	X										X	
	Afturgöngur	173.	Henrik Ibsen	X											Norskt
	Endasprettur	174.	Peter Ustinov	X											Enskt
	Mutter Courage	175.	Bertolt Brecht	X											Þýzkt
	Feis Eireann	176.									X	Írland			Írsk þjóðl. & þj.d.
	Ferðin til Limbó	177.	Ingibjörg Jónsdóttir						X					X	
L.	Hrólfur	178.	Sigurður Pétursson	X										X	
L.	Á rúmsjó	179.	Slawomir Mrozek	X											Pólskt
	Prjónastofan Sólin	180.	Halldór Laxness	X										X	
L.	Ferðin til skugganna grænu	181.-	Finn Methling	X											Danskt
L.	Loftbólur	182.	Birgir Engilberts	X										X	
	Ævintýri Hoffmanns	183.	J. Offenbach			X									Franskt
	O, þetta er indælt stríð	184.	Charles Chilton og Joan Littlewood					X							Enskt
	Marcel Marceau, látbragðsleikur	185.									X	Frakkl.			Franskt
	1966-67														
	Uppstigning	186.	Sigurður Nordal	X										X	
L.	Næst skal ég syngja fyrir þig	187.	James Saunders	X											Enskt
	Kæri lygari	188.	Jerome Kilty	X											Bandarískt
	Lukkuriddarinn	189.	J. M. Synge	X											Írskt
	Marta	190.	W. Friedrich von Flotow			X									Þýzkt
	Galdrakarlinn í Oz	191.	John Harryson						X						Bandarískt
L.	Eins og það sáið	192.-	Matthías Jóhannessen	X										X	
L.	Jón gamli	193.	Matthías Jóhannessen	X										X	
	Marat/Sade	194.	Peter Weiss	X											Þyzkt
	Tónlist-Listdans frh.	195.								X			X		

	Verkefni	Nr.	Höfundar	Leikrit	Ópera	Operetta	Söngleikur	Barn.
	1966-67, frh.							
	Loftsteinninn	196.	Friedrich Dürrenmatt	X				
	Jeppi á Fjalli	197.	Ludvig Holberg	X				
L.	Hunangsilmur	198.	Shelagh Delaney	X				
L.	Yfirborð	199. -	Alice Gerstenberg	X				
L.	Dauði Bessie Smith	200.	Edward Albee	X				
	Hornakórallinn	201.	Oddur Björnsson og Leifur Þórarinsson				X	
	1967-68							
	Galdra-Loftur	202.	Jóhann Sigurjónsson	X				
	Ítalskur stráhattur	203.	Eugene Labiche og Marc-Michel	X				
	Þrettándakvöld	204.	W. Shakespeare	X				
	Frúla	205.						
	Bangsimon	206.	Eric Olsoni/A.A. Milne					
	Makalaus sambúð	207.	Neil Simon	X				
	Vér morðingjar	208.	Guðmundur Kamban	X				
	Brosandi land	209.	Franz Lehár			X		
	Nemendasýning Listdsk.	210.						
	1968-69							
	Marcel Marceau látbragðsleikur	211.						
	Fyrirheitið	212.	Aleksei Arbuzov	X				
	Obernkirchenbarnakór	213.						
	Púntila og Matti	214.	Bertolt Brecht	X				
	Síglaðir söngvarar	215.	Thorbjörn Egner					
	Delerium Bubonis	216.	Jónas og Jón Múli Árnasynir				X	
	Candida	217.	Bernard Shaw	X				
	Fiðlarinn á þakinu	218.	Jerry Bock og Joseph Stein				X	
	Listdanssýning	219.						
	1969-70							
	Fjaðrafok	220.	Matthías Jóhannessen	X				
	Betur má ef duga skal	221.	Peter Ustinov	X				

aleikr.	Ballett	Gestaleikur	Hvaðan	Tónleikar	Íslenzkt	Þýðerni
						Svissneskt
						Danskt
						Enskt
						Bandarískt
						Bandarískt
					X	
					X	
						Franskt
						Enskt
		X	Júgósl.			Júgósl.þj.l. & þj.d.
X						Finnskt/enskt
						Bandarískt
					X	
						Austurr./ungv.
	X					
		X	Frakkl.			Franskt
						Rússneskt
		X	V-Þýzkal.	X		
						Þýzkt
X						Norskt
					X	
						Enskt
						Bandarískt
	X					
					X	
						Enskt

Verkefni	Nr.	Höfundar	Leikrit	Óperа	Söngleikur	Barnaleikr.	Ballett	Gestal.	Þjóðerni
1969—70, frh.									
Dimmalimm	222.	Helga Egilson				X			Íslenzkt
Gjaldið	223.	Arthur Miller	X						Bandarískt
Mörður Valgarðsson	224.	Jóhann Sigurjónsson	X						Íslenzkt
Malcolm litli	225.	David Halliwell	X						Enskt
Nemendasýning Listdansskóla	226.						X		
Leiksýning Leiklistarskóla	227.								
1970—71									
Eftirlitsmaðurinn	228.	N. V. Gogol	X						Rússneskt
Albert Herring	229.	Benjamin Britten		X				X	Enskt } Gestal. skozku óperunnar
The Turn of the Schrew	230.	Benjamin Britten		X				X	Enskt } Gestal. skozku óperunnar
Ég vil — ég vil	231.	Tom Jones og Harvey Schmidt			X				Bandarískt
Sólness byggingameistari	232.	Henrik Ibsen	X						Norskt
Fást	233.	J. W. Goethe	X						Þýzkt
Filippseyjaballettinn	234.						X	X	Gestal. Þjóðlaga- og dansflokks frá Filippseyjum
Listdanssýning Helga Tómassonar o. fl.	235.						X	X	
1970—71									
Svartfugl	236.	Örnólfur Árnason og Gunnar Gunnarsson	X						Íslenzkt
Zorba	237.	John Kander og Joseph Stein			X				Bandarískt

Fylgiskjal II.

Þjóðleikhúsið.

Leikár:	Sýningafjöldi:	Fjöldi leikhúsgesta:
1950 (20/4—30/6)	64	41.081
1950/51	213	102.613
1951/52	212	100.171
1952/53	269	109.605
1953/54	215	98.580
1954/55	201	83.940
1955/56	195	96.582
1956/57	209	98.417
1957/58	202	85.709
1958/59	214	95.373
1959/60	183	84.030
1960/61	169	66.226
1961/62	203	108.370
1962/63	208	86.264
1963/64	213	91.823
1964/65	250	86.986
1965/66	226	84.812
1966/67	188	58.854
1967/68	192	74.125
1968/69	214	90.062
1969/70	208	75.958

Fylgiskjal III.

Rekstrarafkoma Þjóðleikhússins frá upphafi.

1950 ..... **tekjuafgangur** kr. 246 113.09
skemmtanaskattur kr. 967 786.31 talinn sem tekjur.

1951 ..... rekstrartap — 267 462.48
skemmtanaskattur kr. 1 590 823.67 talinn sem tekjur.

1952 ..... rekstrartap — 590 718.79
skemmtanaskattur kr. 1 204 096.39 talinn sem tekjur.

1953 ..... rekstrartap — 210 005.17
skemmtanaskattur kr. 1 678 985.17 talinn sem tekjur.

1954 ..... rekstrartap — 420 941.58
skemmtanaskattur kr. 1 660 000.00 talinn sem tekjur.

1955 ..... rekstrartap — 101 931.45
skemmtanaskattur kr. 2 074 787.73 talinn sem tekjur.

1956 ..... rekstrartap — 734 015.27
skemmtanaskattur kr. 2 459 200.56 talinn sem tekjur.

1957 ..... rekstrartap — 727 772.94
skemmtanaskattur kr. 2 730 672.34 talinn sem tekjur.

1958 ..... rekstrartap — 741 964.35
skemmtanaskattur kr. 3 200 000.00 talinn sem tekjur.

1959 ..... **tekjuafgangur** — 421 750.23
skemmtanaskattur kr. 3 450 000.00 talinn sem tekjur.

1960 ..... rekstrartap — 1 406 329.30
skemmtanaskattur kr. 3 545 947.60 talinn sem tekjur.

1961 ..... rekstrartap — 324 904.43
skemmtanaskattur kr. 3 600 000.00 talinn sem tekjur.
1962 ..... **tekjuafgangur** — 1 704 289.66
skemmtanaskattur kr. 3 337 858.27 talinn sem tekjur.
1963 ..... rekstrartap — 2 265 492.07
skemmtanaskattur kr. 5 318 874.60 talinn sem tekjur.
1964 ..... rekstrartap — 3 623 757.33
skemmtanaskattur kr. 5 817 832.87 talinn sem tekjur.
1965 ..... rekstrartap — 2 963 516.55
skemmtanaskattur kr. 7 334 730.08 talinn sem tekjur.
1966 ..... rekstrartap — 8 046 164.58
skemmtanaskattur kr. 6 900 000.00 talinn sem tekjur.
1967 ..... rekstrartap — 10 343 751.90
skemmtanaskattur kr. 8 100 000.00 + framlag ríkissjóðs vegna endurnýjunar á teppum, stólum o. fl. kr. 2 814 398.00.
1968 ..... rekstrartap — 18 713 460.13
1969 ..... rekstrartap — 17 487 545.60
1970 liggur ekki endanlega fyrir.

Fylgiskjal IV.

Sætanýting í Þjóðleikhúsi frá upphafi.

Leikár:	
1950	97.11 %
1950—51	72.88 %
1951—52	71.91 %
1952—53	68.61 %
1953—54	70.73 %
1954—55	69.30 %
1955—56	74.93 %
1956—57	72.29 %
1957—58	69.09 %
1958—59	71.25 %
1959—60	69.47 %
1960—61	59.28 %
1961—62	80.76 %
1962—63	65.18 %
1963—64	65.56 %
1964—65	59.74 %
1965—66	58.54 %
1965—66	58.54 %
1966—67	49.25 %
1967—68	58.40 %
1968—69	64.00 %
1969—70	57.40 %

Fylgiskjal V.

Aðgöngumiðaverð frá upphafi.

Haustið 1950	Haustið 1960	Haustið 1970
Venjulegar leiksýningar	Venjulegar leiksýningar	Venjulegar leiksýningar
1.—12. bekkur kr. 35.00	1.—12. bekkur kr. 73.00	1.—12. bekkur kr. 290.00
Barnaleikrit	Barnaleikrit	Barnaleikrit
1.—12. bekkur kr. 15.00	1.—12. bekkur kr. 41.00	1.—12. bekkur kr. 180.00
Óperur, óperettur o. fl. (Hækkað verð)	Óperur, óperettur o. fl. (Hækkað verð)	Óperur, óperettur o. fl. (Hækkað verð)
1.—12. bekkur kr. 50.00	1.—12. bekkur kr. 109.00	1.—12. bekkur kr. 450.00
Dýrustu sæti — 60.00	Dýrustu sæti — 119.00	Dýrustu sæti — 480.00
Ódýrustu sæti — 10.00	Ódýrustu sæti — 21.00	Ódýrustu sæti — 260.00

Ed. 117. Frumvarp til laga [99. mál]

um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Ríkissjóður gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf samtals að fjárhæð 250 milljónir króna. Happdrættisskuldabréfin skulu gefin út í allt að 5 flokkum á árunum 1971 til 1975, og ákveður fjármálaráðuneytið lánsfjárhæð hvers bréfaflokks.

2. gr.

Happdrættisskuldabréfin, sem eru útgefin til handhafa og hvert að fjárhæð a. m. k. 1000 krónur, falla í gjalddaga að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

3. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréfin, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda endurgreiðslu höfuðstóls vísitölu.

4. gr.

Af skuldabréfunum eru ekki greiddir vextir, en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera, sbr. 6. gr.

5. gr.

Skuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu og eignarsköttum, en vinningar svo og verðbætur undanþegin tekjuskatti og tekjuútsvari.

6. gr.

Árleg fjárhæð vinninga í hverjum flokki skal nema 7% af heildarfjárhæð skuldabréfa hvers flokks og ber að draga um þá einu sinni á ári. Fjármálaráðuneytið ákveður tölu vinninga, fjárhæð þeirra hvers um sig og útdráttardag.

Á happdrættisskuldabréfunum skal tilgreindur útdráttardagur.

7. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um mál til ógildingar skjala o. fl. gilda ekki um skuldabréf samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til greiðslu kostnaðar af vega- og brúagerð á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

9. gr.

Fjármálaráðherra setur reglugerðir um einstaka flokka lánsins með nánari reglum um lánskjör og önnur atriði, er varða framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en jafnframt falla úr gildi lög nr. 12 23. marz 1971.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér nokkrar breytingar á lögum nr. 12 23. marz 1971 um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

Aðalefnisbreytingin er sú, að heimildar er aflað til að binda endurgreiðslu höfuðstóls vísitölu. Jafnframt er lagt til, að fjárhæð happdrættisskuldabréfa þeirra, sem lögin ákveða að ríkissjóður gefi út, verði hækkuð úr 200 millj. kr. í 250 millj. kr.

Enn fremur er lagt til, að fjármálaráðuneytið ákveði, hve mikill hluti lánsins verði boðinn út í hverjum flokki, og þykir þetta hagkvæmara, þar sem sölumöguleikar bréfanna kunna að vera breytilegir.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til, að vinningar nemi 7% af heildarfjárhæð skuldabréfa í hverjum flokki, sem er sama hlutfall og ráðgert var í lögum nr. 12/1971, og verði dregið um vinninga einu sinni á ári. Enn fremur er lagt til, að fjármálaráðuneytið ákveði tölu vinninga, fjárhæð þeirra hvers um sig og útdráttardag, sem tilgreindur verði á happdrættisskuldabréfunum.

Sþ. 118. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um framkvæmdaáætlun vegamála.

Flm.: Einar Oddsson, Sverrir Hermannsson, Ingvar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera framkvæmdaáætlun til næstu 10 ára um framhald á uppbyggingu vegakerfis landsins.

1. Í áætlun þessari skal miðað við, að á næstu 10 árum verði lokið uppbyggingu hringvegar um landið og þeirra vega, sem liggja að kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri.
2. Í áætluninni skal miðað við, að á næstu 10 árum verði lokið við að setja slitlag, úr olíumöl eða öðru hliðstæðu efni, á vegi, þar sem 300 bifreiðar eða fleiri fara um á dag að sumarlagi. Enn fremur skal miðað við, að á framangreindu tímabili verði lagt slitlag úr slíku efni á vegi til þeirra staða, sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna í atvinnulífi landsins.
3. Við röðun framkvæmda á næstu 10 árum, samkvæmt 2. lið, skal miða við, að þeir vegir eða vegarkaflar, þar sem undirbúningur slitlagsins verður ódýrastur, gangi á undan, en þó skal höfð hliðsjón af umferðarþunga.
4. Framkvæmdaáætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti, eða samtímis hinni almennu vegáætlun.

Kostnaður við gerð framkvæmdaáætlunarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Fátt er okkur Íslendingum nauðsynlegra en gott vegakerfi.

Afkoma atvinnuveganna getur verið komin undir því, að umferð megi fara fram hindrunarlaust á vegum landsins allan ársins hring. Vegna stærðar landsins og fæðar íbúanna hafa ekki verið tök á að gera hér jafnvandaða og dýra vegi og t. d. grannþjóðir okkar hafa gert. Engu að síður hefur stórátak verið gert í vegamálum síðustu 10 árin. T. d. má nefna Siglufjarðarveg, Múlaveg, veginn fyrir Ólafsvíkurenni, svo og ýmsa aðra vegi á Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi, auk fjölmargra brúa. Þá hafa verið byggðir upp vandaðir vegarkaflar með varanlegu slitlagi á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi, svo og Keflavíkurvegur.

Með þingsályktunartillögu þessari er stefnt að því, að þessari uppbyggingu vegakerfisins verði haldið áfram með skipulögðum hætti næstu 10 árin.

Með aukinni fólksfjölgun, meiri og fjölþættari uppbyggingu atvinnuveganna og auknum þjóðartekjum er bæði nauðsynlegt og eðlilegt, að framkvæmdir þær, sem tillagan fjallar um, verði gerðar á næstu 10 árum.

Á sínum tíma fór fyrrverandi samgönguráðherra, Ingólfur Jónsson, þess á leit við Vegagerð ríkisins óformlega að láta vinna að heildaráætlun í vegagerð í svipuðu formi og hér er gert ráð fyrir, eftir því sem tími ynnist til. Verkfræðingar vegagerðarinnar hafa hins vegar verið of fáir miðað við þau mörgu verkefni, sem vegagerðin hefur þurft að sinna á undanförnum árum. Eigi að síður hefur verið unnið mikið undirbúningsstarf fyrir heildaráætlun í vegagerð af verkfræðingum vegagerðarinnar.

Tillaga þessi hefur því tvö meginmarkmið: Annars vegar að byggja upp þá kafla hringvegarins, sem ólokið er, og vegi, sem liggja til fjölmennustu þéttbýliskjarnanna, á næstu 10 árum og tengja þá við aðalsamgönguæðarnar. Hins vegar að setja slitlag úr varanlegu efni á þá vegi eða vegarkafla þjóðvegakerfisins, sem fjölfarnastir eru, og þá, sem gegna þýðingarmiklu hlutverki í atvinnulífi landsins. En eðlilegt er, að þessi tvö meginverkefni séu unnin í nánum tengslum hvort við annað. Tillaga þessi nær að sjálfsögðu ekki til vega, sem þegar hafa verið gerðar áætlanir um eða verið er að gera, t. d. skv. Vestfjarðaáætlun, Austfjarðaáætlun eða samgönguáætlun Norðurlands.

Í 1. lið tillögunnar er gert ráð fyrir, að uppbyggingu þeirra vega, sem þar um ræðir, verði lokið á næstu 10 árum, þannig að þeir verði tilbúnir undir lagningu varanlegs slitlags. Kaupstaðir eða kauptún með 300 íbúa eða fleiri eru nær 60 talsins, og er þau flest að finna í reglugerð nr. 44/1965, um þjóðvegi í kaupstöðum. Til sumra þessara staða hafa vegir verið byggðir upp.

Í 2. lið tillögunnar er gert ráð fyrir, að lagt verði slitlag úr varanlegu efni á þá vegi eða vegarkafla, þar sem 300 bílar eða fleiri fara um á dag að sumarlagi á næstu 10 árum. Þá er enn fremur ráðgert, að lagt verði jafnframt sams konar slitlag á vegi til þeirra staða, sem eru öðrum fremur þýðingarmiklir fyrir atvinnuvegina, enda þótt sumarumferð nái ekki 300 bílum á dag. Má í þessu sambandi nefna vegi til vinsælustu ferðamannastaða, útgerðarstaða og staða, sem hafa álíka mikla þýðingu fyrir hinar ýmsu atvinnugreinar.

3. liður tillögunnar gerir ráð fyrir, að við lagningu varanlegs slitlags gangi á undan þeir vegir, þar sem undirbúningskostnaður verður minnstur.

Á suma vegi má leggja slitlag án þess að breyta legu þeirra og með tiltölulega litlum tilkostnaði. Með því að leggja slitlag á þessa vegi á undan öðrum fást lengri vegarkaflar með varanlegu slitlagi fyrr en ella. Með þessu móti mundu framkvæmdirnar dreifast á landshluta, þannig að landsmenn hefðu sem jöfnust not af þeim.

Vitað er, að slit á bifreiðum, sem ekið er á malarvegi, er mun meira en slit á bifreiðum, sem ekið er á vegum með varanlegu slitlagi.

Árin 1961—1963 lét British Road Research Laboratory í Englandi gera rannsóknir á rekstrarkostnaði flutningabíla í Rhodesíu, sem óku að staðaldri á þremur mismunandi tegundum vega. Gerður var samanburður á bílum sömu tegundar.

Með því að umreikna kostnað í íslenzkum krónum er útkoman þessi:

Kostnaðarliðir	Á malarvegi	Á rykbundn. vegi	Á malbikuðum vegi
Hjólbarðar	28 000	19 000	18 000
Viðhaldskostnaður	51 000	21 000	9 000
Brennsluefni og olíur	32 000	25 000	25 000
Alls kr.	111 000	65 000	52 000
Kostnaðarhlutfall	2,0	1,2	1,0

Þessar upplýsingar er að finna í skýrslu frá landsþingi Félags íslenzkra bifreiðaeigenda 1970.

Það er skoðun flutningsmanna, að lagning slitlags á talsverðan hluta hins íslenzka þjóðvegakerfis verði fjárfesting, sem muni borga sig á skömmum tíma.

Ed. 119. Nefndarálit [50. mál]

um frv. til laga um breyt. á l. nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 23. nóvember 1971.

Björn Jónsson, form.
Helgi Seljan, frsm.
Björn Fr. Björnsson, fundaskr.
Ásgeir Bjarnason.
Eggert G. Þorsteinsson.
Auður Auðuns, með fyrirvara.
Ingvar Jóhannsson, með fyrirvara.

Ed. 120. Frumvarp til laga [101. mál]

um ráðstafanir til að auka vöruvöndun útflutningsafurða sjávarútvegsins.

Flm.: Björn Jónsson.

1. gr.

Í fiskiskipum er skylt, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð, er ráðherra setur, að hafa um borð sérstaklega gerða fiskkassa til að leggja í afla, jafnóðum og hann er innbyrtur. Skal aflinn geymdur í þeim, þar til hann er tekinn til vinnslu í fiskverkunarstöðvum.

2. gr.

Fiskvinnslustöð, sem tekur við fiski til verkunar, skal hafa til umráða húsnæði og áhöld, sem geri henni kleift að geyma fisk þannig, að hann skemmist ekki, meðan

hann bíður vinnslumeðferðar. Fiskmat ríkisins framkvæmir skoðun á því, hvort slík aðstaða er fyrir hendi, og gerir tillögur um úrbætur, þar sem þeirra gerist þörf. Getur Fiskmat ríkisins að gerðum slíkum tillögum ákveðið vinnslustöðvum tiltekinn frest til að fullnægja ákvæðum þessarar greinar, að viðlagðri rekstrarstöðvun viðkomandi vinnslustöðvar.

3. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð stærð og gerð fiskkassa þeirra, er um ræðir í 1. gr.

4. gr.

Fiskveiðasjóði er skylt að veita lán til 6 ára með venjulegum lánskjörum sínum til útgerðarfyrirtækja, sem skyld verða skv. 1. gr. til að kaupa fiskkassa og gera breytingar á lestarrúmi skipa. Skulu lánin nema 75% þessa stofnkostnaðar.

5. gr.

Við verðákvarðanir er Verðlagsráði sjávarútvegsins skylt að taka fullt tillit til þess kostnaðar, sem útvegurinn ber vegna ákvæða laga þessara.

6. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, eftir því sem þurfa þykir.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Frv. fylgdi þá svofelld greinargerð:

„Lengi hefur verið ljóst, að meðferð á fiskafla og annað, sem að vöruvöndun sjávarafurða lýtur, er langt frá því að vera með æskilegum hætti. Skýrslur sanna, að árlega glatast stórfelldir fjármunir í markaðsverði, vegna þess að sjávarafli skemmist, frá því að hann er innbyrtur í fiskiskip og þar til hann er lagður inn í vinnslustöðvar eða meðan hann bíður þar vinnslu við ófullnægjandi geymsluskilyrði. Ógerlegt mun að áætla með nákvæmni, hve stórfellt árlegt tjón verður af þessum sökum, en gæðaflokkun fullunninna sjávarafurða bendir eindregið til þess, að hér sé um mikla fjármuni að ræða. Þannig sýna athuganir, að langt innan við helmingur útfluttra sjávarafurða er fyrsta flokks vara. Sem dæmi skal nefnt, að á árinu 1966 flokkaðist útflutningur sem hér segir:

	Hlutföll gæðaflokka				
Tegund framleiðslu	I	II	III	IV	
Frystur (þorskur)	51.45%	44.90%	3.65%		= 100%
Saltaður (þorskur)	47.99%	24.26%	19.49%	8.26%	= 100%
Skreið (þorskur)	2.26%	16.27%	24.98%	56.49%	= 100%
Fryst síld	72.14%	18.20%	9.66%		= 100%
Meðaltal %	43.46%	25.91%	14.45%	16.18%	= 100%

Eftir því sem næst verður komizt, hefur síður en svo orðið framför í þessum efnum frá því ári, sem hér er um að ræða, og raunar víst, að ástandið nú er öllu lakara en það var fyrir fjórum árum, enda fátt eða ekkert aðhafzt síðan til raunhæfra úrbóta.

Þegar þess er gætt, að verðmismunur milli gæðaflokka er varla undir 10%, verður auðsætt, að auka mætti heildarverðmæti afurðanna um hundruð milljóna króna, ef unnt reyndist að breyta svo meðferð sjávarfangs, að mestur hluti þess yrði 1. flokks vara. En á því eru vafalausir möguleikar. Verðmismunur gæðaflokka segir hér þó ekki alla sögu, því að óbeint tjón framleiðenda og þjóðarbúsins alls vegna lélegrar og skemmdrar vöru er örugglega mjög mikið, þar sem slík vara

spillir einnig mörkuðum og markaðsverði fyrir þann hluta afurða, sem í raun er fullkomin gæðavara.

Til æskilegra og arðvænlegra breytinga í þessum efnum þarf að leita margra úrræða, þótt hér sé aðeins fjallað um þann þátt þeirra, sem einna auðsæjast er, að getur skilað miklum árangri á skömmum tíma, þ. e. a. s. þann, sem að því lýtur að gera gagngerar ráðstafanir til þess að verja það sjávarfang, sem innbyrt er í fiskiskipin sem kjörið hráefni í gæðavöru, fyrir skemmdum á tímabilinu frá því að það kemur um borð og þar til það er unnið í vinnslustöðvum.

Með erlendum fiskveiðiþjóðum er löng og örugg reynsla fyrir því, að geymsla fisks ísaðs í kössum af hæfilegri gerð og stærð leysir mikinn vanda um vöruvöndun og er einnig af fleiri sökum hagstæð fjárhagslega. En þrátt fyrir reynslu annarra í þessu efni hefur þessi geymsluaðferð ekki rutt sér til rúms hérlendis að neinu marki. Veldur þar sennilega nokkru um, að stofnkostnaður er allmikill í sambandi við þann búnað fiskiskipa og vinnslustöðva, sem þessi aðferð útheimtir, og að útvegurinn á ekki kost á fjárhagslegri fyrirgreiðslu til að standa straum af honum, svo og vafalaust að nokkru tómlæti og gróin vanafesta. Þykir flm. því auðsætt, að til sérstakrar lagasetningar þurfi að grípa, ef enn um sinn á ekki að sitja í sama farinu ár frá ári.

Í því efni, sem hér um ræðir, er nú ekki einasta við erlenda reynslu að styðjast. Fiskkassar hafa þegar verið notaðir í nokkrum íslenzkum fiskiskipum með góðum árangri, og sumarið 1969 var gerð ýtarleg rannsókn á kostum og göllum við notkun fiskkassa á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Framleiðnideildar frystihúsanna í Vestmannaeyjum og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, og liggur fyrir nákvæm skýrsla um árangur þessara rannsókna. Sannar hún fyllilega, að notkun kassanna við þau tilteknu skilyrði, sem um var að ræða, varð mjög hagstæð og færir raunar heim fullvissu um, hvert þjóðþrifamál hér er um að ræða. Meðal þess, sem fram kom við framangreinda rannsókn, var eftirfarandi:

1. Fiskur rýrnaði ekki í fiskkössum, og spöruðu þeir því allt að 5.5% rýrnun, en að meðaltali 3.6% rýrnun, sem fram kom við geymslu í stíum.
2. Geymsla í kössum reyndist auka nýtingu í neytendapakkningar úr 8.5% miðað við stíugeymslu í 19.8% og pakkanýtingu úr 41.1% í 41.5%.
3. Kælingar með „Fish Tester“ bentu til, að geymsluþol aukist um 2—4 daga við geymslu í kössum miðað við stíufisk.
4. Tímamælingar á vinnu og útreikningar á vinnslu- og stofnkostnaði sýndu, að beinn hagnaður af notkun fiskkassanna varð allt að 1468 kr. á tonn og ekki minni en 632 kr. á tonn miðað við markaðsverð í árslok 1959.
5. Gæði aflans (betra mat) urðu betri og húsrými í móttöku notaðist betur.
6. Við notkun fiskkassanna reyndist vinna og stofnkostnaður meiri, en til þess hefur verið tekið fullt tillit í hagnaðarútreikningi.

Í framangreindu hefur ekki verið að neinu reiknaður sá óbeini og vafalaust mikli hagnaður, sem vinnslustöðvar mundu hafa af notkun fiskkassa vegna þeirra möguleika, sem við það sköpuðust til jöfnunar vinnu í vinnslustöðvum og minnkunar óhóflegrar yfirvinnu, þegar mikill afli berst á land dag og dag.

Einstakar greinar frv. verða nánar skýrðar í framsögu.“

Sþ. 121. Tillaga til þingsályktunar [102. mál]

um vinnutíma fiskimanna.

Flm.: Björn Jónsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir undirbúningi löggjafar um vinnutíma fiskimanna með þeim hætti að skipa nefnd manna, er í eigi sæti fulltrúar sjómanna og útvegsmanna. Verði nefndinni falin eftirtalin verkefni:

1. Að athuga svo gaumgæfilega sem verða má, hver vinnutími fiskimanna sé að jafnaði á sólarhring, viku, mánuði og ári.
2. Að athuga, með hvaða hætti fiskimönnum, öðrum en þeim, sem róa á eigin fari, verði tryggður:
   a) viðunandi hvíldartími á hverjum sólarhring;
   b) heildarvinnutími á viku og mánuði eða ári, sem sé sem sambærilegastur við þann, sem tíðkast meðal annarra starfsstétta.

Á grundvelli framangreindra athugana undirbúi nefndin síðan frumvörp til laga um vinnutíma og orlof fiskimanna.

Greinargerð.

Hérlendis sem annars staðar hnígur öll þróun í þá átt, í kjölfar tæknivæðingar og vaxandi áhuga á almennri heilsuvernd, að vinnutími styttist hröðum skrefum. Fjölmennar starfsstéttir hafa þegar náð fram kröfum sínum um 40 stunda vinnuviku, og um þessar mundir er verið að lögfesta hana sem almenna reglu og um leið rétt launafólks til fjögurra vikna lágmarksorlofs á ári.

Þessi þróun vinnutímamála nær þó ekki, nema að því er til orlofsins tekur, til sjómanna á fiskiskipaflotanum, og helzt vinnutími þessarar mikilvægustu starfsstéttar í íslenzku þjóðfélagi enn svo til eða alveg óbreyttur frá þeim tíma, er almennur vinnutími var stórum lengri meðal þeirra starfsstétta, sem í landi vinna.

Það er skoðun flm. framangreindrar till. til þál., að sú mismunun, sem hér er á orðin, fái ekki staðizt öllu lengur og muni reynast hættuleg undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveginum, ef ekki eru undanbragðalaust gerðar ráðstafanir, sem að haldi koma og rétta hlut sjómannastéttarinnar. Er þess tæpast að vænta, að fiskimenn uni því til langframa að vinna meira en helmingi lengri vinnudag en þann, sem aðrir hafa lögfestan.

Á hinn bóginn eru augljós og jafnvel óyfirstíganleg vandkvæði á því að tryggja fiskimönnum fullt jafnræði við aðra hvað daglegan vinnutíma snertir, og er því nauðsyn á að huga vandlega að úrræðum til þess að jafna metin á lengri tímabilum, og koma þá til greina takmarkanir miðaðar við viku, mánuð eða jafnvel ár og e. t. v. allar í senn. Tvískipt árlegt orlof fiskimanna og þá um leið lengra en almennt gerist er vafalaust íhugunarefni í þessu sambandi og enn fremur sá háttur, að skráðar skipshafnir séu fjölmennari en nauðsynlegt er að hafa um borð í skipi hverju sinni.

Í sambandi við nauðsynlegar úrbætur til að skapa sjómannastéttinni nokkurt jafnræði í þessum efnum eru þó svo mörg tæknileg og fjárhagsleg vandamál, að nauðsyn ber til, að málefnið í heild sé athugað vandlega af réttum aðilum, á þann hátt, sem till. gerir ráð fyrir.

Sþ. 122. Tillaga til þingsályktunar [103. mál]

um orlofs- og hvíldartíma sjómanna á fiskiskipum undir 500 brúttótonnum.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson, Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nú þegar 7 manna nefnd til þess að semja frumvarp um hvíldartíma og fyrirkomulag orlofs sjómanna á fiskiskipum undir 500 brúttótonnum.

Greinargerð.

Um næstkomandi áramót eru 50 ár liðin frá gildistöku vökulaganna svonefndu. Þegar frumvarp um þessi lög var lagt fram á Alþingi á sínum tíma, olli það miklum deilum um vinnu og kjör sjómanna. Undir forustu Alþýðuflokksins með Jón

Baldvinsson í fylkingarbrjósti náði málið fram að ganga, og þar með var fyrsta sporið stigið til hagsbóta um öryggi og vinnutíma sjómanna á togurum. Þessi lög bundu enda á raunverulega vinnuþrælkun á þeim tíma, og sjómönnum var tryggður lögboðinn hvíldartími.

Nú hefur ríkisstjórnin lagt fram frumvörp um 40 stunda vinnuviku og orlof. Í frumvarpinu um vinnutímalengdina segir svo: „Lög þessi taka til allra launþega í landinu, annarra en þeirra, sem hér eru taldir: a) sjómanna á fiskiskipum."

Í samningum milli sjómannafélaganna og útvegsmanna eru ákvæði m. a. sem hér segir um hvíldartíma og orlof:

22. gr.

Um hvíldartíma og löndunarfrí.

Skipverjar skulu hafa minnst 6 klst. hvíld á sólarhring. Þó skulu skipverjar á togskipum 200—500 rúmlesta hafa minnst 8 klst. hvíld á sólarhring.

Sé fiskur saltaður um borð, skulu skipverjar ekki vinna við uppskipun aflans.

Séu útilegubátar á ísfiskveiðum með línu eða netum, og komi með veiði úr tveimur legum minnst, þar af aðra slægða og ísaða, skulu hásetar eiga frí við löndun aflans og þar til skipið er búið í næstu veiðiferð, að undanskildum tveimur hásetum, sem aðstoði við löndunina. Hásetar skulu skipta með sér að vera við löndunina.

Í stað þeirra háseta, sem frí eiga, skulu jafnmargir menn koma úr landi til vinnu við löndun.

Um löndunarfrí á togveiðum skulu gilda eftirfarandi reglur:

Þegar skip kemur úr veiðiferð með 15 lestir af slægðum fiski eða meira, skulu hásetar, þar með taldir netamenn, hafa löndunarfrí, á meðan aflanum er landað og skipið búið í næstu veiðiferð, að undanskildum einum háseta, sem aðstoði við löndunina.

Á skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu, línu eða netum og eru í útilegu og ísa eða salta aflann um borð, skulu skipverjar hafa hafnarfrí í 24 klst. eftir hverja veiðiferð á tímabilinu 1. maí til 31. október.

Eigi er skylt að hafa hafnarfrí skv. þessari grein, ef veiðiferð tekur skemmri tíma en 5 sólarhringa, en þó skal tryggt, að skipverjar fái 4 frídaga í mánuði.

Vélstjórar á útilegubátum skulu skipta með sér fríum, meðan afla er landað, eftir því sem samrýmist störfum þeirra.

23. gr.

Um vinnu og hafnarfrí, þegar siglt er með afla.

Þegar skip siglir með afla til sölu erlendis, er skipverjum ekki skylt að annast uppstillingu í lest þar, en leiðbeina skal skipverji við það verk.

Skipverjar eru eigi skyldir til að annast þvott lestar eða lestarborða, en annast skulu þeir móttöku nauðsynja fyrir skipið.

Í erlendri höfn sé varðmaður úr landi í skipinu fyrsta sólarhringinn, sem skipið liggur þar. Sé skipið lengur en einn sólarhring í erlendri höfn, skulu skipverjar annast vaktir.

Þegar skip kemur úr siglingu í heimahöfn, skulu skipverjar fá minnst 24 klst. hafnarfrí. Ef dvöl skipsins í heimahöfn er lengri en einn sólarhringur, skulu þeir vera undanþegnir næturvarðstöðu fyrstu tvo sólarhringana.

9. gr.

Um orlofsfé og sjúkrasamlagsgjöld.

Orlofsfé skal vera 7% af aflahlut og öllum launagreiðslum. Að öðru leyti samkvæmt lögum. Einnig skal útgerðarmaður greiða sjúkrasamlagsiðgjöld skipverja.

Útgerðarmaður og skipstjóri skulu sýna fyllstu lipurð varðandi sumarleyfi skipverja.

Afleysingarmenn skulu fá bráðabirgðauppgjör, þegar þeir fara úr skiprúmi, og fullnaðaruppgjör svo fljótt sem unnt er.

Tryggingartímabil gilda ekki gagnvart afleysingarmönnum.

11. gr.

Þegar síld er landað erlendis.

Þegar síld er landað til manneldis erlendis, skulu hásetar fá frí við löndun, en þeir skulu þó annast þvott lestar, uppstillingu og móttöku nauðsynja fyrir skipið, án sérstakrar greiðslu fyrir þau störf.

Ef ekki fást menn úr landi til að landa bræðslusíld í erlendri höfn, skulu skipverjar vinna að lönduninni eftir því sem þörf krefur.

Þegar greitt er sérstaklega fyrir löndunina af kaupanda síldarinnar erlendis, skal sú greiðsla skiptast á milli þeirra skipverja, sem að löndun vinna.

18. gr.

Um frídaga.

Á veiðum þeim, sem samningur þessi tekur til, skulu skipverjar hafa frí sem hér segir: Á nýársdag, föstudaginn langa, páskadag, 1. maí, sjómannadaginn, aðfangadag jóla, jóladag, annan jóladag, svo og gamlársdag frá kl. 16.00.

Ef komið er til heimahafnar eða hafnar í nágrenni við heimahöfn eftir þriggja vikna útivist frá heimahöfn eða lengur, skulu skipverjar fá minnst sólarhrings frí frá skipi.

Komi skip í heimahöfn innan þessara þriggja vikna til losunar á afla eða af öðrum ástæðum, og stanzar skemmri tíma en 24 klst., skerðir það ekki rétt skipverja til leyfis skv. 2. mgr.

Stanzi skip í 24 klst. eða lengur í heimahöfn af einhverjum ástæðum, skal útivist reiknast frá brottfarartíma skipsins.

19. gr.

Um orlof síldveiðisjómanna.

Útgerðarmaður skuldbindur sig til að velja annan hvorn eftirtalinna valkosta um orlof síldveiðisjómanna þeirra skipa, sem eru að veiðum í Norðursjó:

1. Veita skipshöfn orlof í minnst 10 daga eftir að skipið hefur verið fjarverandi frá Íslandi í 3 mánuði, með því að sigla skipinu í heimahöfn.
2. Greiða kr. 10.000,00 upp í ferðakostnað hvers áhafnarmanns að meðtöldum 2 afleysingarmönnum, sem fara til Íslands í orlof, enda verði orlofið tekið í samráði við útgerðarmann og skipstjóra.

Þrátt fyrir þessi ákvæði ber nauðsyn til þess að taka til heildarmeðferðar vinnutíma sjómanna og orlofsmál. Ýmsir útvegsmenn, einkum þó síldarútvegsmenn, hafa sjálfir veitt hluta af áhöfn sinni tímabundið frí, svo að hinn langi útivistartími verði bærilegri fyrir fjölskylduna og viðkomandi mann. Með breyttum úthaldstíma hefur þörfin fyrir ákveðnar reglur í þessu efni verið brýn. Tilgangurinn með tillögunni er að vekja athygli alþjóðar á þessu vaxandi vandamáli, því að svo til allar stéttir launþega hafa nú fengið ákveðið fyrirkomulag um sinn vinnutíma, sem þær meta mikils. Óviðunandi er, að sjómannastéttin fái ekki lausn á sínum málum, þótt sú lausn kunni að vera ýmsum vandkvæðum bundin. Alþingi og ríkisstjórn ber að fjalla um málið hjá sjómönnum sem öðrum.

Ed. 123. Frumvarp til laga [104. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Steingrímur Hermannsson,
Eggert G. Þorsteinsson, Björn Jónsson, Ragnar Arnalds.

1. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna breytist þannig:
Í stað „400 krónur“ komi: 1200 krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, var gerð gagngerð breyting á verkamannabústaðakerfinu. Samkvæmt þessum nýju lögum skulu verkamannabústaðir vera fjölbýlishús með stöðluðum íbúðum, þó að undantekningar megi gera frá reglu þessari. Hins vegar eru staðlaðar íbúðir í fjölbýlishúsum bezta leiðin til að byggja í senn bæði hagkvæmar og ódýrar íbúðir, eins og lögin gera ráð fyrir. Af þessu leiðir, að í hverri byggingaráætlun þarf að vera gert ráð fyrir svo mörgum íbúðum, að komið verði við þeirri hagkvæmni í byggingarframkvæmdum, sem lögin kveða á um.

Í fámennum sveitarfélögum hafa komið í ljós erfiðleikar á framkvæmd þessara mála. Kemur það til af því, að byggingarframkvæmdum eru sett takmörk, sem miðast við framlag hlutaðeigandi sveitarfélags til Byggingarsjóðs verkamanna. Mæla lögin jafnframt þannig fyrir, að hvert sveitarfélag, sem byggingarframkvæmdir ákveður, skuli greiða framlag til Byggingarsjóðs verkamanna næstu fjögur árin, sem ekki skal vera lægra en 200 krónur og ekki hærra en 400 krónur fyrir hvern íbúa í sveitarfélaginu. Samkvæmt þessum ákvæðum reynist hámarksframlag fámennra sveitarfélaga vera of lágt, til þess að byggingarframkvæmdir á hverju áætlunartímabili geti orðið það miklar, að komið verði við þeirra hagkvæmni, sem fæst með stöðluðum íbúðum í fjölbýlishúsum. Til að bæta úr þessu er þetta frumvarp flutt, þar sem lagt er til, að hámark framlagsins verði 1200 krónur í stað 400 króna.

Ed. 124. Lög [71. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

(Afgreidd frá Ed. 25. nóv.)

Samhljóða þskj. 78.

Ed. 125. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til laga um tekjur sveitarfélaga, samkvæmt gjaldskrám og reglugerðum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 26. nóvember 1971.

Björn Jónsson, form. Björn Fr. Björnsson, fundaskr., frsm. Eggert G. Þorsteinsson.
Helgi Seljan. Ingvar Jóhannsson. Auður Auðuns.

Sþ. 126. Fyrirspurnir. [105. mál]

I. Til forsætisráðherra um friðun Þingvalla.

Frá Bjarna Guðnasyni.

Með tilvísun til þingsályktunar, sem samþykkt var í sameinuðu Alþingi 18. apríl 1968, er spurt:

1. Hvað dvelur eða hversu miðar endurskoðun laga nr. 59 1928, um friðun Þingvalla?
2. Hafa nýbyggingar sumarbústaða einstaklinga á Þingvallasvæðinu verið leyfðar eða reistar, frá því að þingsályktunin var samþykkt?

II. Til sjávarútvegsráðherra um endurbætur vegna hraðfrystiiðnaðarins.

Frá Steingrími Hermannssyni.

1. Hvað er talið, að þær miklu endurbætur, sem nauðsynlegar verða í hraðfrystiiðnaði landsmanna á næstu árum vegna hinna ströngu ákvæða, sem verið er að lögbinda á erlendum mörkuðum um alla meðferð á fiski og fiskafurðum, muni kosta:
   a) frystihúsin sjálf og samtök þeirra,
   b) sveitarfélögin?
2. Hvenær er gert ráð fyrir því, að ýtarlegar áætlanir um endurbætur á vegum frystihúsanna og sveitarfélaganna muni liggja fyrir?
3. Hvenær er gert ráð fyrir því, að umræddum endurbótum verði að vera lokið?
4. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að útvega fjármagn til umræddra endurbóta, bæði á vegum frystihúsanna og sveitarfélaganna?
5. Er ráðgert að efla þá leiðbeiningarstarfsemi, sem tillögunefnd um hollustuhætti í fiskiðnaði hefur komið á fót?

III. Til menntamálaráðherra um sjónvarpsviðgerðir.

Frá Pétri Péturssyni.

Hvað getur iðnfræðslukerfið gert til að bæta úr brýnni þörf á kunnáttumönnum á sviði sjónvarpsviðgerða?

IV. Til menntamálaráðherra um íþróttamannvirki skóla.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Er ætlunin að breyta þeim reglum, sem nú gilda um stærð íþróttamannvirkja við skóla, þannig, að þau séu miðuð við þarfir skólans og íbúa í næsta nágrenni?
2. Er ekki eðlilegast að miða stærð íþróttamannvirkja við það, að þau fullnægi eðlilegum kröfum um keppnisaðstöðu í sem flestum íþróttagreinum?
3. Er ekki nauðsynlegt, að ríkið leggi fé til byggingar sundlauga við skóla á sama hátt og til annarra íþróttamannvirkja?

4. Er ekki nauðsynlegt að marka ákveðna stefnu um það, hve mörg íþróttahús, sem fullnægja alþjóðakröfum um stærð til keppni í t. d. handknattleik, skuli reist á næstunni?

Ed. 127. Frumvarp til laga [106. mál]

um breyting á lögum nr. 41/1968, um verzlunaratvinnu.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Við 3. tl. 4. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi: Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðum þessa töluliðs, þegar sérstaklega stendur á að hans mati.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum um verzlunaratvinnu nr. 41 frá 2. maí 1968 var svohljóðandi ákvæði lögfest í 3. tl. 4. gr.:

„Hefur lokið prófi úr verzlunarskóla, sem viðurkenndur er af ráðherra, eða hefur aðra menntun, sem ráðherra metur jafngilda. Enn fremur má veita þeim verzlunarleyfi, sem um þriggja ára skeið hefur starfað við verzlun og að þeim starfstíma loknum sótt sérstakt námskeið í verzlunarfræðum, sem ráðherra viðurkennir, og lokið þaðan prófi. Meðan ekki er völ á slíkum verzlunarnámskeiðum sem gert er ráð fyrir í þessum tölulið, má veita þeim verzlunarleyfi, sem starfað hefur þrjú ár við verzlun og sannar með vottorðum vinnuveitenda, að hann hafi vegna starfsreynslu sinnar þá þekkingu á bókhaldi, vörum og lagafyrirmælum, sem varða verzlunarrekstur, sem telja má nauðsynlega til að reka verzlun."

Áður en ákvæði þetta var lögfest hafði ráðherra almenna heimild til að veita undanþágu frá þekkingarkröfum, sem gerðar voru til þeirra, er sóttu um leyfi til verzlunar. Með þessu nýja ákvæði eru hendur ráðherra verulega bundnar frá því, sem áður var.

Í ljós hefur komið við framkvæmd laganna, að erfitt er að veita ýmsum aðilum verzlunarleyfi, sem eðlilegt er að eigi kost á leyfi til verzlunar. Er því lagt til, að núgildandi heimild verði rýmkuð, þannig að ráðherra geti veitt undanþágu frá skilyrðum 3. tl. 4. gr., þegar sérstaklega stendur á að hans mati.

Er hér t. d. átt við iðnaðarmenn, sem verzla oft með vörur í sinni sérgrein, en hafa sjaldan verzlunarskólapróf. Svo má og nefna ýmsar sérverzlunir s. s. hannyrðaverzlanir, söluturna, smærri verzlanir o. s. frv. Virðist of strangt að gera þá kröfu, að allir, sem slíka verzlun vilji reka, hafi verzlunarskólapróf eða jafngilda menntun eða þá hafi starfað við verzlun um þriggja ára skeið. Á hinn bóginn hafa slíkir umsækjendur oft sérþekkingu á takmörkuðu sviði t. d. hannyrðakennari á hannyrðavörum o. s. frv.

Einnig hefur komið í ljós, að víða utan Reykjavíkur vantar ýmsa verzlunarþjónustu. Aðilar í héraðinu vilja þá reyna að koma henni á fót, jafnvel samhliða öðrum atvinnurekstri og er þá ekki rétt að láta slíkt stranda á ósveigjanlegum lagaboðum.

Er breyting þessi einnig í samræmi við þau orð í grg. með frumvarpi til laga um verzlunaratvinnu frá 1968, að „Nefndin telur þvert á móti æskilegt, að einstaklingar og fyrirtæki séu eins frjálsir að því að stunda verzlun og frekast er kostur....".

Sþ. 128. Tillaga til þingsályktunar [107. mál]

um sjómælingar.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Gunnar Thoroddsen, Jón Árnason, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að sjómælingum við Ísland verði hraðað svo sem unnt er. Jafnframt verði stefnt að því að afla sem gleggstrar alhliða vitneskju um landgrunnið allt, svo sem viðáttu þess, dýpistakmörk, botnlag og hvers konar notagildi.

Kostnaður sá, er af ályktun þessari leiðir, greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Sjómælingar við Ísland beinast að gagnasöfnun á hafinu umhverfis landið, er á megi byggja við útgáfu sjókorta og annarra upplýsinga í þágu sjófarenda. Gefur auga leið, hversu nauðsynlegt er öllum fiskimönnum og farmönnum að hafa aðgang að traustum heimildum af slíku tagi í sjóróðrum og siglingum með ströndum fram, inn á firði, víkur og voga eða út til hafs. Það er skylda hverrar sjálfstæðrar þjóðar að þekkja land sitt sem bezt. Á sama hátt er nauðsynlegt og skylt að kanna umhverfi landsins, hafdýpi og hafsbotn, bæði með ströndum fram og á öllu landgrunninu. Sjómælingar eru unnar í þágu alþjóðar, líkt og landmælingar. Aðeins lítill hluti hafsvæðisins kringum Ísland hefur verið nákvæmlega mældur. Þar er því ærið verkefni fyrir höndum.

Danska sjómælingastofnunin — Det Kongelige Danske Sökort-Arkiv — gaf út fyrsta íslenzka sjókortið árið 1788. Það náði yfir Faxaflóa. Á 19. öld miðaði sjómælingum hægt áfram og lítið fé var veitt til þeirra. Á árunum 1898—1908 fékkst aukin fjárveiting í þessu skyni, og var mælingum talið lokið 1908. Hluti Breiðafjarðar var sérmældur árin 1896 og 1913 fyrir fé úr ríkissjóði Íslands. Friðrik V. Ólafsson, skipherra og síðar skólastjóri, mun fyrstur Íslendinga hafa kynnt sér sjómælingar. Vann hann að þeim ásamt öðrum störfum á árunum 1929—1937. Það ár bættist annar starfskraftur við, Pétur Sigurðsson, forstjóri Landhelgisgæzlunnar. Hann var forstöðumaður sjómælinga frá 1952—1970. Nú eru sjómælingar sjálfstæð stofnun, er lýtur dómsmálaráðuneytinu. Forstöðumaður er Gunnar Bergsteinsson.

Árið 1957 varð Ísland aðili að Alþjóðasjómælingastofnuninni. Engin lög né heldur reglugerðir hafa verið sett um íslenzkar sjómælingar. Á fjárlögum hefur þó árlega verið veitt nokkurt fé til umræddra mælinga frá því um 1930, en tíðast af skornum skammti.

Aðalmarkmið sjómælinga er að ákveða dýpi sjávarins. En fleira þarf að athuga. „Eitt af brýnustu verkefnunum í náinni framtíð er því gagnger nýmæling á öllu landgrunninu, ekki aðeins með tilliti til siglinga og fiskveiða, heldur einnig athugun á botni landgrunnsins til þess að kanna möguleika á hagnýtingu þess, sem þar kann að finnast," segir Gunnar Bergsteinsson.

Það er viðurkennt, að sjómælingar eru nauðsynlegar. Mun því óþarft að telja upp öll rök, sem að því hníga. Í viðbót við framanritað má þó nefna, að gögn mælinganna koma að beinum notum við gerð hafnaráætlana og snerta ýmis atriði á sviði haffræði og jarðeðlisfræði. Þá er brýn nauðsyn að hafa nákvæm og rétt sjókort við höndina, þegar fjallað er um landhelgismál, til að forðast ágreining, er rísa kann vegna ósamræmis eða ónákvæmni sjókorta.

Verkefni sjómælinga eru mörg og mikilvæg. Brýn þörf er á auknum athugunum sjávarfalla við strendur landsins. Sjómenn þurfa á glöggum og greinilegum

fiskikortum að halda. Sjófarendur krefjast góðra hafnarkorta. Rík þörf er á útgáfu sérkorta af flóum og fjörðum í stórum mælikvarða. Í því skyni væri mjög æskilegt að fá lítið mælingaskip, að ekki sé talað um nýjan dýptarmæli, en erindi þess efnis mun hafa verið sent til fjárveitinganefndar.

Sjómælingar hafa notið góðs af samvinnu við starfsmenn vita- og hafnamála og landhelgisgæzlu, og hafa skip þeirra aðila unnið að mælingum eftir föngum. Á árunum 1946—1961 áttu Sjómælingar eigið skip, 30 smálestir að stærð, er notað var árlega, unz það var dæmt fúið og ónothæft.

Vorið 1969 voru samþykkt lög um yfirráðarétt íslenzka ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland. Þar er því lýst yfir í 1. gr., að íslenzka ríkið eigi fullan og óskoraðan yfirráðarétt yfir landgrunni Íslands, að því er tekur til rannsókna á auðæfum landgrunnsins og vinnslu og nýtingar þeirra.

Vorið 1971 var samþykkt á Alþingi tillaga til þingsályktunar um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið. Landhelgismálið er enn efst á baugi í sölum Alþingis. Útfærsla fiskveiðimarkanna liggur í loftinu og bíður aðeins lokaákvörðunar. Aukast þá enn til mikilla muna viðfangsefni sjómælinga, m. a. að því er varðar ýmis atriði, sem kanna þarf í sambandi við veiðar og staðsetningu fiskiskipa í stækkaðri fiskveiðilandhelgi.

Með hliðsjón af framanrituðu má ljóst vera, hversu ríka nauðsyn ber til að hraða framkvæmdum við sjómælingar og veita aukið fé í því skyni, svo að unnt sé að vinna að fjölþættum og aðkallandi verkefnum á þessu sviði.

Ed. 129. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til laga um orlof.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. 1. málsgr. greinarinnar orðist svo:
   Lög þessi rýra ekki víðtækari eða hagkvæmari orlofsrétt samkvæmt öðrum lögum, samningum eða venjum.
2. Við 3. gr. Síðari málsgr. greinarinnar orðist svo:
   Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.
3. Við 4. gr.
   a. 1. málsgr. greinarinnar orðist svo:
      Af orlofinu skal a. m. k. 21 orlofsdagur veittur á tímabilinu frá 2. maí til 15. september. Ef orlof er skemmra en 21 dagur, skal það veitt í einu lagi á þessu tímabili. Afganginn af orlofinu skal einnig veita í einu lagi, en það má veita á öðrum tíma árs.
   b. 2. málsgr. greinarinnar orðist svo:
      Í vinnu við landbúnað og síldveiðar má veita allt að helmingi orlofsins utan orlofstímabilsins.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Atvinnurekandi ákveður í samráði við launþega, hvenær orlof skuli veitt. Hann skal verða við óskum launþega um, hvenær orlof skuli veitt, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Atvinnurekandi skal að könnun á

vilja launþega lokinni tilkynna, svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs, hvenær orlof skuli hefjast, nema sérstakar ástæður hamli.

5. Við ákvæði til bráðabirgða. 2. liður falli niður.

Alþingi, 27. nóv. 1971.

Björn Jónsson, form., frsm. | Björn Fr. Björnsson, fundaskr. | Ásgeir Bjarnason.

Eggert G. Þorsteinsson. | Helgi Seljan. | Auður Auðuns, með fyrirvara.

Ingvar Jóhannsson, með fyrirvara.

Nd. 130. Frumvarp til laga [108. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Sverrir Hermannsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Búlandshreppi jarðirnar Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi í Suður-Múlasýslu.

Verð jarðanna fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

Búlandshreppi er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði jarðirnar eða hluta af þeim eða hlunnindi, sem þeim fylgja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Háls og Kambshjáleiga liggja í næsta nágrenni Djúpavogs og eru báðar í eyði. Íbúar kauptúnsins hafa afnot jarðanna og þurfa margt þangað að sækja. Vatnsból Djúpavogs er í landi Háls að nokkru leyti, og nýjum vatnsbólum verður á næstunni að koma upp í Hálslandi eða Kambshjáleigulandi. Mikil nauðsyn er á landi jarðanna vegna fjárbúskapar á Djúpavogi, og þannig mætti fleira telja, sem sýnir, að eðlilegast er, að Búlandshreppur eignist jarðirnar. Flm. leggja því til, að heimilað verði að selja þær hreppnum.

Nd. 131. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]

um að tryggja hóflegt leigugjald fyrir leiguíbúðir og koma í veg fyrir húsaleiguokur.

Flm.: Sigurður E. Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara könnun á því, með hverjum hætti tryggja megi, að leigugjaldi fyrir íbúðir verði í hóf stillt og komið verði í veg fyrir húsaleiguokur. Könnun þessi skal einnig ná til annarra atriða, er máli skipta, svo sem réttinda og skyldna aðila, umgengnishátta, afnotaréttar leigutakans o. fl. af því tagi. Stefnt skal að því, að könnun þessari ljúki eigi síðar en á komandi sumri, 1972.

Greinargerð.

Með tillögu þeirri, sem hér er fram lögð, er lagt til, að kannað verði, hvernig tryggja megi hóflegt leigugjald fyrir almennar leiguíbúðir og koma í veg fyrir húsaleiguokur. Á því er mikil þörf, eins og glöggt hefur komið í ljós af blaðafréttum undanfarnar vikur og mánuði.

Svo er að sjá sem ekki séu fyrir hendi neinar tölur um það, hve stór hluti þjóðarinnar býr í leiguhúsnæði. Sennilega er þó ekki fjarri lagi að álykta, að það sé um það bil 15—20%. Í mjög mörgum tilfellum á þar hlut að máli fátækasta og að mörgu öðru leyti verst setta fólkið, sem í ofanálag myndar einnig oft og tíðum stórar fjölskyldur. Framan af árum gerði hið opinbera ráðstafanir til að gæta réttar þess og vernda það með „húsaleigulögunum“ svokölluðu. Þau gáfust þó ekki betur en svo, a. m. k. er kom fram á síðasta áratug, að Alþingi felldi lögin úr gildi, taldi sýnilega betra að hafa engin lög en þau, sem almennt voru ekki virt, heldur þvert á móti í flestum eða öllum tilfellum sniðgengin. Nú verður ekki fram hjá því litið, að í nágrannalöndunum eru fyrir hendi umfangsmikil lagakerfi, er tryggja hag íbúðaleigjenda, jafnframt því sem íbúðaeigendur eru undir lögin settir með eðlilegum hætti. Að vísu eru aðstæður á margan hátt allt aðrar þar en hér, en þótt slík lög kunni að vera sniðgengin þar í einstaka tilfelli, er svo mikið víst, að þau hafa afar mikið gildi fyrir allan þann mikla fjölda fólks, sem ekki hefur neina aðstöðu til að búa í eignaríbúðum og býr því í leiguíbúðum. — Nú er ekki því að leyna, að flutningsmanni hefur ætíð þótt undarleg sú skoðun, að eigi sé unnt að halda hér uppi lögum og reglum á þessu sviði sem öðrum, og er raunar sannfærður um, að það hljóti að vera hægt. Íbúðaleigjendur eru sannarlega mjög fjölmennur hópur neytenda, sem afar óeðlilegt er að njóti engrar verndar og engra lögverndaðra réttinda gagnvart leigusölum, sem í flestum tilfellum eru eignamenn, sem leitast við að varðveita gildi fjármuna sinna með því að hafa þá fólgna í íbúðahúsnæði. **Þeim er veittur allur réttur gagnvart hinum, sem eftir leiguíbúðum leita. Þar gildir réttur hins sterka gagnvart hinum veika.** Þetta hefur sannarlega komið vel fram hér í Reykjavík í haust. Í ljós hefur komið, að óvenjulega mikil eftirspurn hefur verið eftir leiguhúsnæði. Hefur það leitt til þess, að margar fjölskyldur hafa keppt um hverja þá íbúð, er laus hefur verið. Hafa þá leigusalar gjarnan látið bjóða í íbúðirnar, og hefur verðið við það tíðum orðið mjög hátt. Þar ofan í kaupið eru margar þessar íbúðir mjög lélegar og ættu í mörgum tilfellum að dæmast beinlínis heilsuspillandi. Flutningsmaður spurði einstæða móður með 3 börn eftir því fyrir fáum dögum, á hvað hún leigði tveggja herbergja (að nafninu til) hripleka risíbúð í Hlíðahverfi í Reykjavík. Svarið var: 5500 krónur á mánuði. Því miður láðist honum að spyrja um, hvort hún þyrfti ekki að borga árið fyrir fram og láta það svo ógert að telja nema helming (eða svo) þessarar leigufjárhæðar fram til skatts. En altalað er, að svo sé í mörgum tilfellum. Dæmi þessu lík eru fjölmörg, og enn skal á það lögð áherzla, að einmitt þetta hallærisástand kemur einmitt hvað harðast niður á þeim, er sízt skyldi: ungu og eldra fólki, fátæku, með stórar fjölskyldur, fólki, sem oft á við sjúkleika að stríða, atvinnuskort o. fl. þess háttar. **Samfélagið getur sannarlega ekki látið sem það sjái ekki vanda þess,** það er búið að ganga of lengi svo til.

Nú er ljóst, að lögum samkvæmt hefur verðstöðvun verið í gildi hér á landi nokkuð á annað ár. Samkvæmt því virðist flm. sem húsaleiga hefði ekki átt að stíga upp úr öllu valdi, eins og hún gerði þó s. l. haust. Það eitt er alvörumál út af fyrir sig. Annað atriði er það viðhorf, sem á sér afar ríkan hljómgrunn, að leigugjald fyrir íbúðarhúsnæði megi og eigi helzt að svara til vaxta af þeirri fjárhæð, sem fengist fyrir íbúðina í sölu á frjálsum markaði — eða a. m. k. duga til þess að borga vexti og afborganir af þeim lánum, er á henni hvíla. Þessu til viðbótar vill svo eigandinn auðvitað eiga sína fjármuni verðtryggða í raun í viðkomandi íbúð. Þetta viðhorf er beinlínis fáránlegt. Það getur ef til vill gilt um skrifstofu- og verzlunar-

húsnæði, vöruskemmur o. fl. þess háttar, en það getur ekki gilt um íbúðarhúsnæði. Það er svo sérstaks eðlis, að um það getur ekki að þessu leytinu til gilt lögmál peningamarkaðarins. **Íbúðarhúsnæði á að öllu því leyti, er varðar kerfisbyggingu þess, fjármögnun og notkun, að lúta félagslegum lögmálum, en ekki peningalegum. Sérhver fjölskylda, sérhver einstaklingur á rétt á sómasamlegu húsnæði, þar sem þróazt getur eðlilegt og heilbrigt heimilislíf** — án þess að sætt sé afarkostum af hálfu „eigenda", sem vilja fá sem mest í aðra hönd fyrir afnotarétt viðkomandi fjölskyldu af hinni verðtryggðu eign sinni.

Þessu til viðbótar skulu ekki höfð mörg orð. Þó skal enn bent á ástandið, eins og það hefur verið í Reykjavík í haust, til þess að mönnum verði ljósara en ella, hve hagur íbúðaleigjenda er gjörsamlega fyrir borð borinn. Á hvers manns vitorði er, að íbúðir hafa stigið stórkostlega í verði mestallt árið, þrátt fyrir verðstöðvun! Þessi mikla hækkun hefur vitaskuld orðið eigendunum mjög mikið til góða. Það hefur þó ekki verið látið nægja. Í ofanálag hafa sýnilega mjög margir leigusalar stórhækkað leigugjald fyrir leiguíbúðir sínar! Minnst af því er svo talið fram til skatts, ef almannarómur segir satt. Allt kemur þetta auðvitað með fullum þunga niður á þeim, er sízt skyldi, þeim, sem minnsta hafa burðina. Einu gildir, hve lítill hópur þeirra er, með öllu er óviðunandi, að hann sé ofurseldur markaðsöflunum. Því er þessi tillaga flutt.

Ed. 132. Frumvarp til laga [89. mál]

um orlof.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. nóv.)

1. gr.

Allir þeir, sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, eiga rétt á orlofi ásamt orlofsfé eða launum samkvæmt reglum þessara laga.

2. gr.

Lög þessi rýra ekki víðtækari eða hagkvæmari orlofsrétt samkvæmt öðrum lögum, samningum eða venjum.

Samningur um minni rétt til handa launþegum en lög þessi ákveða er ógildur.

3. gr.

Orlof skal vera 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími telst ekki með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt, eða hann er í orlofi. Sunnudagar og aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar.

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

4. gr.

Af orlofinu skal a. m. k. 21 orlofsdagur veittur á tímabilinu frá 2. maí til 15. september. Ef orlof er skemmra en 21 dagur, skal það veitt í einu lagi á þessu tímabili. Afganginn af orlofinu skal einnig veita í einu lagi, en það má veita á öðrum tíma árs.

Í vinnu við landbúnað og síldveiðar má veita allt að helmingi orlofsins utan orlofstímabilsins.

Aðilar geta með samkomulagi vikið frá reglum þessarar greinar um skiptingu orlofs. Orlofi skal þó alltaf lokið fyrir lok orlofsársins.

5. gr.

Atvinnurekandi ákveður í samráði við launþega, hvenær orlof skuli veitt. Hann skal verða við óskum launþega um, hvenær orlof skuli veitt, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Atvinnurekandi skal að könnun á vilja launþega lokinni tilkynna, svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs, hvenær orlof skuli hefjast, nema sérstakar ástæður hamli.

6. gr.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof á þeim tíma, sem vinnuveitandi ákveður samkvæmt 5. gr., skal hann sanna forföll sín með vottorði sjúkrasamlagslæknis síns eða héraðslæknis. Getur starfsmaður þá krafizt orlofs á öðrum tímum en ákveðið er í 4. gr., en þó ekki síðar en svo, að orlofi hans sé lokið fyrir 31. maí næstan á eftir.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof fyrir þann tíma á hann rétt á að fá orlofsfé sitt greitt, ef hann sannar veikindi sín á sama hátt og að ofan greinir.

7. gr.

Atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé 8⅓% af launum.

Nú er kaup greitt með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og greiðist þá orlofsfé af verðmæti þess, sem miðast við mat skattayfirvalda við síðustu ákvörðun tekjuskatts.

Eigi skal reikna orlofsfé af greiðslum, sem ekki eru tekjuskattskyldar hjá orlofsþega. Sama gildir um orlofslaun og orlofsfé.

Krafa um greiðslu orlofsfjár er forgangskrafa í dánar- eða þrotabú atvinnurekanda til jafns við kröfur þær, sem um ræðir í 83. gr. b. 5. lið skiptalaganna nr. 3 12. apríl 1878.

8. gr.

Fastur starfsmaður fær laun í orlofi í stað orlofsfjár, auk þess eftir atvikum fæði, húsnæði og önnur hlunnindi eftir mati samkvæmt 2. mgr. 7. gr.

Nú skiptir fastur starfsmaður um starf einhvern tíma á orlofsárinu, og ber þá að greiða honum orlofsfé í stað orlofslauna á því orlofsári öllu.

Laun fyrir orlofsdaga skulu greidd næsta virkan dag, áður en orlof hefst.

9. gr.

Nú liggur atvinnurekstur niðri, á meðan á orlofi stendur, vegna þess að starfsfólkinu er veitt orlof samtímis, og geta þá þeir launþegar, sem ekki eiga rétt á fullu orlofi, ekki krafizt launa eða orlofsfjár fyrir þá daga, sem á vantar.

10. gr.

Félagsmálaráðherra setur reglur um útreikning orlofsfjár launþega, sem ekki taka laun beint frá atvinnurekanda sínum, heldur fá greitt í þjónustugjaldi eða á annan hátt, sem er frábrugðinn venjulegum greiðslumáta launa.

11. gr.

Orlofsfé skal greitt á þann hátt, að tryggt sé, að launþeginn fái það í hendur, þegar hann tekur orlof. Félagsmálaráðherra setur reglugerð um þetta atriði í samráði við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna.

12. gr.

Óheimilt er manni að vinna fyrir launum í starfsgrein sinni eða skyldum starfsgreinum, meðan hann er í orlofi, og má setja um þetta nánari ákvæði í reglugerð.

13. gr.

Framsal orlofsfjár og flutningur þess á milli orlofsára er óheimilt.

Orlofsfé, sem orlofsþegi hefur ekki tekið út innan árs frá lokum orlofsársins, rennur í lífeyrissjóð orlofsþega sem aukaiðgjald af hans hálfu til sjóðsins. Um réttindi, sem slíkar iðgjaldagreiðslur veita, fer eftir reglum hlutaðeigandi sjóðs.

14. gr.

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkvæmt lögum nr. 14 20. okt. 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

15. gr.

Það varðar sektum, er renna í ríkissjóð, ef:

1. Vinnuveitandi lætur starfsmann sinn ekki fá orlof eða orlofsfé samkvæmt lögum þessum, nema um ítrekað brot sé að ræða, því að þá má dæma hann til varðhalds.
2. Vinnuveitandi gerir samning við starfsmann sinn, sem bannaður er í 2. gr. 2. mgr.
3. Starfsmaður brýtur ákvæði 12. og 13. gr., og skal þá jafnframt, ef brot er ítrekað, ákveða með dómi missi orlofsréttar næsta orlofsár eftir að dómur er kveðinn upp.

Mál út af brotum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála. Sökin fyrnist, ef mál er eigi höfðað áður en næsta orlofsári lýkur, eftir að brot var framið.

16. gr.

Ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, skulu öll mál út af réttindum og skyldum samkvæmt þeim og til fullnægingar öllum kröfum í því sambandi heyra undir félagsdóm.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Ákvæði til bráðabirgða.

Orlofslaun fastra starfsmanna miðast við 22 daga virka á árinu 1972.

Sþ. 133. Tillaga til þingsályktunar [110. mál]

um endurskoðun á loftferðalögum.

Flm.: Axel Jónsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að endurskoða ákvæði loftferðalaga um ábyrgð flytjenda farþega og farms, einkum með tilliti til þess, að eigi er alltaf fullljóst, hver teljast skuli flytjandi; sömuleiðis reglur um ábyrgð eigenda flugvéla gagnvart flugmönnum, svo og vátryggingarsamninga varðandi flug.

Greinargerð.

Komið hefur í ljós, að nokkur vafi getur verið samkvæmt gildandi loftferðalögum á réttarstöðu farþega og flugmanna í sambandi við bætur út af flugslysum eða öðru tjóni af flugferðum. Á það t. d. við um svonefnda flugklúbba, þ. e. þegar nokkrir menn sameinast um kaup á flugvél eða flugvélum til einkaafnota, svo og

er leigðar eru út flugvélar til einstakra flugmanna, sem þá fljúga ýmist einir eða taka með sér farþega. Almennt mun fólk telja sig tryggt, er það ferðast í flugvélum, og einnig telja flugmenn sig tryggða, jafnt þegar þeir eru að safna sér flugtímum sem í sjálfu flugnáminu.

Flutningsmenn telja brýna nauðsyn bera til, að málum þessum verði komið á hreint, þannig að eftirleiðis verði ekki vafi um bótarétt þeirra, sem fyrir tjóni verða, eða, ef ekki yrði fallizt á þá skoðun, að ákvæðum verði breytt þannig, að enginn vafi geti þá verið fyrir þá, sem stíga upp í flugvélar annarra en flugfélaga, sem annast reglubundið flug, um, að þeir séu ótryggðir og eigi ekki annan bótarétt en þann, sem hin almenna skaðabótaregla kynni að veita þeim.

Ed. 134. Frumvarp til laga [111. mál]

um breyting á skipulagslögum, nr. 19 1964.

Flm.: Axel Jónsson.

1. gr.

Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Innan skipulagsskyldra staða getur sveitarstjórn, að fengnu samþykki skipulagsstjórnar, bannað efnistöku, grjótnám eða annan verulegan tilflutning eða brottnám jarðarefna, ef líklegt má telja, að það valdi röskun lands, sem leitt getur af sér uppblástur eða valdið verulegum erfiðleikum við framkvæmd skipulags, sem þegar hefur verið ákveðið, eða við væntanlega gerð skipulagsuppdrátta af svæðinu og framkvæmd síðar. Sömuleiðis getur sveitarstjórn með samþykki skipulagsstjórnar sett það skilyrði fyrir því að falla frá slíku banni, að landssvæði það, sem efni er tekið úr, verði að framkvæmdum loknum lagfært eftir ákvörðun sveitarstjórnar, og krafizt hæfilegra trygginga fyrir efndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegna mannvirkjagerðar, húsabygginga og ýmissa annarra framkvæmda, sem á síðari árum eru gerðar í stærri stíl en áður og með stórvirkari tækjum, hefur ásókn í ýmiss konar fyllingarefni aukizt mjög. Flestar slíkar framkvæmdir, aðrar en gerð þjóðvega, eru aðallega í þéttbýli, þ. e. innan skipulagsskyldra staða. Er svo komið nú, að jafnvel innan kaupstaða hefur landslagi verið gjörbylt, svo að verulegum erfiðleikum getur valdið að koma á skynsamlegu skipulagi. Auk þess stafar í mörgum tilfellum af þessu stórfelld hætta á uppblæstri viðkomandi landssvæða og því nauðsyn á að tryggja sem bezt viðhlítandi ráðstafanir gegn þeirri hættu.

Með ákvæði því, sem hér er lagt til að lögfest verði, telur flutningsmaður, að hægt sé að koma í veg fyrir, að slíkt ástand skapist eftirleiðis, án þess þó að gera landeigendur of háða sveitarstjórnum að því er varðar þau not af landi, sem eðlileg geta talizt. Gert er ráð fyrir frumkvæði sveitarstjórnar til að beita bannákvæði, þar sem henni finnst hætta vera á ferðum, en ekki gert ráð fyrir, að sækja þurfi fyrir fram um leyfi sveitarstjórnar til hvers konar efnistöku, en slíkt ákvæði telur flutningsmaður að mundi vera óþarft og þungt í framkvæmd. Eðlilegt er og, að sveitarstjórn fylgist með framkvæmdum sem þeim, er málsgreinin fjallar um, og beiti bannákvæði aðeins í brýnni nauðsyn.

Telja verður, að þau viðbótarákvæði við 31. gr. laganna, sem hér er lagt til að lögfest verði, séu eðlileg, miðað við lagagreinina eins og hún er nú, en þar segir:

„Óheimilt er á skipulagsskyldum stöðum að skipta löndum og lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum, nema samþykki sveitarstjórnar komi til, og getur hún krafizt þess, að gerður sé fullnægjandi uppdráttur af landi, er skipta skal."

Ed. 135. Frumvarp til laga [112. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Björn Fr. Björnsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Jóhönnu Sæmundsdóttur, Nykhól, Dyrhólahreppi, eyðijörðina Holt í sama hreppi. Verð jarðarinnar fer eftir því, sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta hefur legið fyrir Alþingi fimm ár í röð án þess að fá endanlega afgreiðslu. M. a. hefur það verið þrívegis samþykkt í efri deild, en jafnoft dagað uppi í neðri deild. Það sýnist því kominn tími til, að úr því verði skorið, með þinglegum hætti, hver sé vilji Alþingis um framgang þess.

Jóhanna Sæmundsdóttir og eiginmaður hennar, Þorsteinn Einarsson, sem nú er látinn, áttu jörðina Holt í Dyrhólahreppi og bjuggu þar um fjölda ára. Á árinu 1936 keypti ríkissjóður jörðina. Ástæðan var sú, að ríkið ákvað að koma upp fyrirhleðslum og að öðru leyti að gera breytingar á vatnasvæði jarðarinnar. Átti að veita í einn farveg ánum Hafursá og Klifandi vegna brúargerðar. Var talið, að þessar aðgerðir af opinberri hálfu gætu orðið til þess, að jörðin yrði vart eða ekki byggileg. Jóhanna hélt eigi að síður ábúðarrétti sínum á jörðinni, og hefur hún nytjað hana ásamt sínu fólki frá annarri jörð í nágrenninu.

Þegar sýnt þótti, að ágangur vatns og önnur spjöll voru minni en óttazt hafði verið í fyrstu, sögðu til sín hin traustu bönd, sem bundu ekkjuna við hina gömlu eignarjörð. Þess vegna hefur hún sótt fast að eignast jörðina aftur og má þykja ofur eðlilegt. Miðað við þá stefnu, sem fylgt hefur verið á Alþingi um kaup og sölu á ríkisjörðum, ætti sízt alls í þessu tilviki að vera nein fyrirstaða því, að ekkjunni gefist þess kostur að leysa til sín jörðina.

Hreppsnefnd Dyrhólahrepps hefur einróma mælt með því, að orðið verði við kaupbeiðni ekkjunnar, og eru bréf hennar til hreppsnefndarinnar og vottorð oddvitans prentuð hér sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

Nykhól, 3. okt. 1970.

Til hreppsnefndar Dyrhólahrepps.

Ég undirrituð, ábúandi og fyrrverandi eigandi Holts í Dyrhólahreppi, bið hæstvirta hreppsnefnd Dyrhólahrepps að mæla með kaupbeiðni minni á jörðinni Holti hér í sveit við Alþingi, en kaupbeiðni mín hefur verið flutt á fjórum síðustu þingum, en ekki fengið fullnaðarafgreiðslu.

Jafnframt bið ég hæstvirta hreppsnefnd að skora á Alþingi að samþykkja kaup-

beiðni mína, svo ég njóti sömu mannréttinda og aðrir landsetar ríkisins að geta fengið keypta ábýlisjörð mína af ríkinu.

Virðingarfyllst,

Jóhanna M. Sæmundsdóttir.

Fylgiskjal II.

Á fundi hreppsnefndar Dyrhólahrepps 23. október 1970 var svofelld bókun gerð:

Fyrir var tekið:

Bréf Jóhönnu M. Sæmundsdóttur með beiðni um meðmæli hreppsnefndar með kaupbeiðni hennar á jörðinni Holt við Alþingi. Bréfið var dagsett 3. okt. 1970. Var einróma samþykkt að mæla með erindi Jóhönnu Sæmundsdóttur.

Hvoli, 24. okt. 1970.

Oddviti Dyrhólahrepps,
Guðm. Eyjólfsson.

Ed. 136. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um 40 stunda vinnuviku.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. b-liður greinarinnar orðist svo:

Kaupafólk og vinnuhjú, nema ráðin séu til starfa samkvæmt kjarasamningum verkalýðsfélaga og vinnuveitenda.

Alþingi, 30. nóv. 1971.

Björn Jónsson, form., frsm.	Björn Fr. Björnsson, fundaskr.	Axel Jónsson.
Helgi F. Seljan.	Ásgeir Bjarnason.	Auður Auðuns, með fyrirvara.
	Eggert G. Þorsteinsson.	

Sþ. 137. Tillaga til þingsályktunar [113. mál]

um umboðs- og aðstoðarmenn lækna í byggðum landsins.

Flm.: Ingvar Gíslason, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna, hvort ekki sé tímabært og nauðsynlegt að hafa sem víðast um byggðir landsins starfandi sérstaka umboðs- og aðstoðarmenn lækna, sem fólk gæti leitað til í neyðartilfellum og í sambandi við ýmis minni háttar erindi, þegar ekki næst til læknis, og væru þeir þjálfaðir í slysahjálp, umönnun sjúkra, umsjón með lyfjabirgðum, lyfjaafgreiðslu o. s. frv. Skal í þessu sambandi athugað, hvort eigi sé líklegt, að nýta megi starfskrafta ljósmæðra framar því sem nú er á sviði heilbrigðisþjónustu. — Efna skal sem fyrst til sérstakra námskeiða fyrir það fólk, sem veldist til slíkra starfa sem hér um ræðir.

Greinargerð.

Ástand heilbrigðisþjónustunnar hefur mjög verið til umræðu að undanförnu, og er það að vonum. Tilfinnanlegur og langvarandi skortur héraðs- og heimilislækna er eitt af meiri háttar vandamálum íslenzks þjóðfélags, og þótt sitt kunni að sýnast hverjum um orsakir þess og þótt tilraunir til úrbóta hafi að svo komnu reynzt árangurslitlar, þá benda nokkrar líkur til þess, að brátt kunni úr að rætast. Svo virðist m. a. sem læknastéttin láti málið meira til sín taka en áður og finni til ríkari ábyrgðar gagnvart lausn þess. Er flm. ekki annað kunnugt en að unnið sé að því að móta áætlanir um nýskipan læknisþjónustunnar þannig, að þeirra megi vænta, áður en mjög langt um líður. Við munum því ekki að þessu sinni hafa uppi kröfur til stjórnvalda um heildaraðgerðir í þeim efnum að öðru leyti en því að skora á ríkisstjórnina að hraða heildarendurskoðuninni sem mest má verða.

Hins vegar höfum við leyft okkur að hreyfa mikilsverðu máli, sem aðeins að nokkru hefur verið hreyft á Alþingi áður. Í tillögu þeirri, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að ríkisstjórnin láti kanna, hvort ekki sé tímabært að fá til starfa sem víðast um land sérstaka aðstoðarmenn lækna, sem fólk gæti leitað til í neyðartilfellum og í sambandi við ýmis minni háttar erindi, þegar ekki næst til læknis, og væru þeir þjálfaðir í slysahjálp, umönnun sjúkra, umsjón með lyfjabirgðum, lyfjaafgreiðslu o. s. frv. Því mundi fylgja verulegt öryggi og mætti kalla umtalsverða framför í heilbrigðismálum, ef sérþjálfaðir hjúkrunarliðar væru starfandi sem víðast um landið, helzt í hverri sveit. Mundu þeir að sjálfsögðu starfa í öllu undir yfirstjórn lækna, enda aðstoðarmenn þeirra og umboðsmenn að tilteknu marki. Þar sem svonefndar héraðshjúkrunarkonur starfa, þykir að þeim mikið gagn, en vart er við því að búast fyrst um sinn a. m. k., að lærðar hjúkrunarkonur fáist til starfa svo víða sem æskilegt væri. Hitt sýnist nærtækt, að leitað verði til hæfileikafólks, sem búsett er í byggðunum sjálfum, um að það læri til slíkra starfa sem hér um ræðir og skuldbindi sig gegn sanngjörnum launum til þjónustu á vissum svæðum, einni sveit eða fleiri, eftir aðstæðum. Sýnist einboðið, að leysa megi menntunarþörf þessa fólks með sérstökum námskeiðum eða skólahaldi, þegar fram í sækir. Tillögumenn leyfa sér að benda á þann möguleika, sem kann að felast í því að breikka starfsvettvang ljósmæðra og nýta þannig góða starfskrafta á fleiri sviðum heilbrigðisþjónustunnar en almennt er gert ráð fyrir. Er svo komið allvíða, að ljósmæður hafa minna að gera við barnsfæðingar en áður var, og er alls ekki ósennilegt, að með nokkurri viðbótarmenntun gætu þær annazt það hlutverk, sem hér um ræðir.

Það skal skýrt tekið fram, að flm. ætlast ekki til þess, — enda væri það fráleitt, — að á umboðs- og aðstoðarmenn þá, sem hér er um fjallað, verði litið sem „lækna“ eða ígildi þeirra. Þeir geta aldrei komið „í staðinn fyrir“ lækna, og læknavandamál landsbyggðarinnar verður ekki leyst með mannaráðningum af þessu tagi. Hér er einvörðungu um að ræða sérstaka aðstoðarmenn, sem eiga starf sitt að öllu undir yfirstjórn lærðra lækna.

Sþ. 138. Breytingartillögur [92. mál]

við till. til þál. um klak- og eldisstöð fyrir lax og silung í Þingeyjarsýslum.

Frá Pálma Jónssyni.

1. Síðari málsliður tillögugreinarinnar orðist svo:
   Stöðin verði þar, sem skilyrði reynast hagstæðust á Norðurlandi.
2. Í staðinn fyrir „í Þingeyjarsýslum“ í fyrirsögn tillögunnar komi: á Norðurlandi.

Nd. 139. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. Fjarstaddur afgreiðslu var Eðvarð Sigurðsson.

Alþingi, 30. nóv. 1971.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. | Ágúst Þorvaldsson, fundaskr. | Gunnar Gíslason.
Vilhjálmur Hjálmarsson. | Benedikt Gröndal. | Pálmi Jónsson.

Ed. 140. Lög [8. mál]

um tekjur sveitarfélaga, samkvæmt gjaldskrám og reglugerðum.

(Afgreidd frá Ed. 2. des.)

Samhljóða þskj. 8.

Ed. 141. Frumvarp til laga [90. mál]

um 40 stunda vinnuviku.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. des.)

1. gr.

Lög þessi taka til allra launþega í landinu, annarra en þeirra, sem hér eru taldir:

a. Sjómenn á fiskiskipum.
b. Kaupafólk og vinnuhjú, nema ráðin séu til starfa samkvæmt kjarasamningum verkalýðsfélaga og vinnuveitenda.
c. Launþegar, sem vinna heimavinnu eða önnur þau störf, sem vinnuveitandi hefur ekki aðstöðu til að fylgjast með.
d. Forstöðumenn og sérstakir fulltrúar í störfum, sem eru þess eðlis, að eftirliti með vinnutíma verði ekki við komið.

Þar sem rætt er um aðila í lögum þessum, er átt við aðila vinnumarkaðarins.

2. gr.

Í hverri viku skulu ekki vera fleiri en 40 dagvinnutímar, sem vinna ber á því dagvinnutímabili á virkum dögum vikunnar, sem aðilar koma sér saman um. Heimilt er að semja um skemmri vinnuviku.

Að jafnaði skulu ekki unnar fleiri en 8 klukkustundir í dagvinnu á degi hverjum, nema annar vinnutími henti betur af sérstökum ástæðum og um það sé samið af aðilum.

Heimilt er að semja um tilfærslu á dagvinnutímum, þannig að dagvinnutímar verði fleiri en 40 á tilteknum árstímum og færri á öðrum, en að meðaltali á ári hverju ekki fleiri en 40. Þetta gildir þó aðeins í þeim tilvikum, þar sem slíkur háttur hefur verið á hafður fyrir gildistöku laga þessara.

3. gr.

Heimilt er að semja um vaktavinnu, og taka ákvæði þessara laga ekki til þess vinnufyrirkomulags að öðru leyti en því, að ekki skal miða við fleiri en 40 klst. dagvinnu á viku, að meðaltali.

4. gr.

Matartími skal ekki skemmri vera en 30 mínútur, og telst hann ekki til vinnutíma. Aðilar koma sér saman um, hvenær á vinnutímabilinu matartími skuli vera.

5. gr.

Kaffihlé teljast til vinnutíma, en um lengd þeirra og fjölda fer eftir samkomulagi aðila.

6. gr.

Frídagar eru helgidagar þjóðkirkjunnar, sumardagurinn fyrsti, 1. maí og 17. júní, enn fremur aðfangadagur jóla og gamlársdagur frá kl. 13.

7. gr.

Víkja má frá lögum þessum með samningum, sem staðfestir eru af hlutaðeigandi heildarsamtökum.

Með heildarsamtökum er hér átt við landssambönd innan Alþýðusambands Íslands og Alþýðusamband Íslands vegna þeirra félaga, sem ekki eru í landssamböndum þess, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Staðfestingu heildarsamtaka vinnuveitenda þarf þó ekki við, þegar í hlut eiga ríkið, sveitarfélög og stór fyrirtæki, sem ekki eru í vinnuveitendasamtökum.

8. gr.

Vinnutímastytting sú, sem felst í lögum þessum, hefur ekki í för með sér skerðingu á viku- og mánaðarlaunum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga þessara er aðilum vinnumarkaðarins heimilt að semja um að fresta til 1. janúar 1973 allt að helmingi þeirrar styttingar vinnuvikunnar, sem af gildistöku laganna leiðir.

Ed. 142. Frumvarp til námulaga. [114. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til hagnýtingar hvers konar jarðefna, sem þar finnast í jörðu eða á, þó með þeim takmörkunum, sem lög þessi tilgreina.

Nú er jörð í ábúð, og fer þá um rétt ábúanda til jarðefna eftir ábúðarlögum.

2. gr.

Á öðrum landsvæðum en í 1. gr. segir, svo sem á afréttarlöndum, sem eru ekki í einkaeign, almenningum og öræfum, hefur ríkið eitt rétt til jarðefna.

Um námuréttindi á landgrunninu umhverfis Ísland fer eftir sérlögum og að öðru eftir þessum lögum.

3. gr.

Landeiganda samkvæmt 1. gr. er innan þeirra marka, sem síðar segir, rétt að vinna án leyfis á eða í landareign sinni jarðefni, svo sem grjót, möl, mó, surtarbrand, leir og önnur slík jarðefni.

Við nám jarðefna skal gæta þess vandlega, að framkvæmdin valdi eigi hættu mönnum, munum né búpeningi. Sama gildir um frágang námu að verki loknu.

Sveitarstjórn sú, sem í hlut á, skal hafa eftirlit með því, að fyrirmælum þessum sé hlítt, og er henni rétt að kippa því, sem ábótavant er í þessu efni af hendi námueiganda, í lag á hans kostnað.

4. gr.

Nú vill landeigandi vinna málma eða málmblendinga úr jörðu, framkvæma jarðboranir eftir jarðefnum, grafa námubrunn, 10 m eða dýpri, eða gera námugöng, og skal hann senda ráðherra frumdrætti að fyrirhuguðum framkvæmdum, námuteigum og mannvirkjagerð og gera grein fyrir fjárhagslegri og tæknilegri aðstöðu sinni til framkvæmdanna. Landeigandi skal, ef ráðuneytið óskar þess, leggja fram sérfræðilegt álit um mengunarhættu, sem kynni að vera samfara leit og vinnslu jarðefna svo og jarðfræðilega álitsgerð um áhrif borana eftir jarðefnum á verðmæti hagnýtingar, sem hafin er á jarðhita í nágrenninu. Ráðherra er rétt að setja landeiganda þau skilyrði, sem hann telur nauðsynleg frá öryggislegu og tæknilegu sjónarmiði.

Námueiganda ber að kaupa tryggingu hjá vátryggingarfélagi, sem ráðherra metur gilt, til greiðslu á hvers konar fébótum vegna skaðabótaverka, sem unnin eru á vegum námueiganda í sambandi við námureksturinn og málmleitina.

5. gr.

Námueiganda er skylt að hlíta á sinn kostnað því eftirliti með leit og vinnslu jarðefna, sem mælt er fyrir um í lögum, reglugerðum eða sérstökum ákvörðunum ráðherra.

Rétt er ráðherra að skipa eftirlitsmann með málmleit og námurekstri. Eftirlitsmaður hefur rétt til að kynna sér allt, sem að leit og vinnslu jarðefna lýtur, og krefja málmleitanda og námueiganda allra þeirra skýrslna, sem hann telur nauðsynlegar. Tilkynna skal hann ráðherra þegar í stað, ef hann verður þess var, að settum skilyrðum er eigi hlítt.

Nú verður eftirlitsmaður samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar þess vís, að sveitarstjórn vanrækir skyldur sínar samkvæmt 3. mgr. 3. gr., og ber honum að tilkynna ráðherra það.

6. gr.

Nú vill landeigandi selja eða leigja námuréttindi í landi sínu, þau er í 1. mgr. 4. gr. segir, í hendur félagsskap, þar sem hann er þátttakandi, og þarf til þess leyfi ráðherra.

Nú vill landeigandi í öðrum tilvikum en þeim, er í 1. mgr. segir, selja eða leigja námuréttindi ásamt afmörkuðum námuteigi, hvort sem er frá jörð eða sér í lagi með öðrum hætti, og skal sveitarfélag það, þar sem námuréttindi eru, hafa forkaupsrétt eða forleigurétt, en að því frágengnu ríkið.

Að öðru leyti skal beita ákvæðum laga um kauprétt á jörðum.

Eigi er heimilt að selja eða leigja námuréttindi í landareignum kaupstaða, sveitarfélaga, sjóða né almannastofnana, nema að fengnu samþykki ráðherra.

7. gr.

Rétt er ráðherra að láta leita jarðefna hvar sem er á landi hér. Er landeiganda eða umráðaaðilja lands skylt að veita þeim mönnum, sem ráðherra gerir út í því skyni, óhindraðan aðgang að landareign þeirri, sem í hlut á, og ber honum að hlíta hvers konar afnotum af landi, takmörkunum á umráðarétti og óþægindum, sem

nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveða skal með lögnámsmati, ef samkomulag næst ekki.

8. gr.

Ráðherra er rétt, þá er almannahagur krefst þess, að taka lögnámi námuréttindi til eignar eða afnota ásamt nauðsynlegum landsvæðum og mannvirkjum til athafna vegna námurekstrarins.

Ef lögnám á hluta af eign hefur í för með sér verulega rýrnun á notagildi hins hluta eignarinnar, er skylt, ef eigandi krefst þess, að láta lögnámið taka til allrar eignarinnar.

Við ákvörðun lögnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um jarðefni og kostnaðar af leit og vinnslu.

Rétt er, ef námueigandi krefst þess og ráðherra samþykkir, að meta endurgjald fyrir vinnsluréttinn:

a) tiltekinn hluta óskírs (brúttó) hluta verðmætis þess, sem unnið er,
b) tiltekinn hluta skírs (nettó) verðmætis þess, sem unnið er.

9. gr.

Nú stundar aðili, hvort heldur er almannaaðili eða einkaaðili, löglega leit og vinnslu jarðefna, og eru þá landeigendur og leiguliðar á þeim svæðum, sem nauðsynleg eru til vinnslu og hagnýtingar jarðefnanna, skyldir eftir úrskurði ráðherra að þola mannvirki, lagningu vega, vatnstöku og vatnsleiðslur og svo önnur afnot af löndum sínum, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdanna.

Nú næst ekki samkomulag um fullt endurgjald, og skal ákveða það með lögnámsmati.

10. gr.

Rétt er ráðherra að veita íslenzkum aðiljum sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi, enda sé fullnægt ákvæðum 7., 8. og 9. gr. laga þessara, ef um einkaeign er að tefla.

Íslenzkir aðiljar teljast:

a) Stofnanir, sem hlíta stjórn íslenzka ríkisins.
b) Íslenzk sveitarfélög.
c) Íslenzkir ríkisborgarar.
d) Samtök, sem hlíta fyrirsvari íslenzkra ríkisborgara einna, er þeir hafa aðsetur á Íslandi, enda séu a. m. k. þrír fimmtu samtakamanna íslenzkir ríkisborgarar.
e) Hlutafélög, sem hlíta stjórn íslenzkra ríkisborgara einna, er aðsetur hafa á Íslandi, enda eigi íslenzkir ríkisborgarar eða aðrir, sem verða samkvæmt grein þessari settir á bekk með þeim, hlutabréf, er samsvara þremur fimmtu hlutafjár, og fari á aðalfundum hlutafélaga með a. m. k. þrjá fimmtu allra atkvæða.
f) Önnur félög með takmarkaða ábyrgð, enda séu þrír fimmtu hlutar félaga íslenzkir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eru settir á bekk með þeim, leggi fram þrjá fimmtu hluta stofnfjár, félagið eigi heimilisfang á Íslandi og hlíti stjórn íslenzkra ríkisborgara, búsettra þar.
g) Félög með ótakmarkaðri ábyrgð, enda séu félagar allir íslenzkir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eru settir á bekk með þeim.

Rétt er ráðherra, að fengnu samþykki Alþingis, að veita erlendum aðilja sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi undir því skilorði, er í 1. mgr. segir.

11. gr.

Sérleyfi má eigi veita, fyrr en ráðherra hefur fengið í hendur fullkomna frumdrætti að fyrirhuguðum framkvæmdum og sannað hefur verið fyrir honum, að tryggð hafi verið öflun fjár, sem að mati hans nægir til framkvæmdanna, og að væntanlegur sérleyfishafi njóti aðstoðar manna með nægilega sérþekkingu til framkvæmdanna.

Rétt er ráðherra að setja það skilyrði, að sérleyfishafi undirgangist að hlíta varnarþingi á Íslandi og setji tryggingu, sem ráðherra metur gilda, fyrir fjárskuldbindingum sínum við íslenzka aðilja.

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. eiga hér við.

12. gr.

Í sérleyfi skal tilgreina:

a) Að samþykktir sérleyfishafa, ef um félag er að tefla, séu viðurkenndar af ráðherra.
b) Tímalengd sérleyfis, sem má vera allt að 40 árum.
c) Staðarmörk leitar- og vinnslusvæðis.
d) Hvort sérleyfi tekur til allra jarðefna eða tiltekinna tegunda og þá hverra.
e) Að ráðherra samþykki frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum.
f) Að sérleyfishafi noti íslenzkt vinnuafl, nema ráðherra veiti leyfi til annars.
g) Hvenær leitarstarfsemi skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær henni skal vera lokið.
h) Að vinnslustarfsemi skuli hefjast fyrir lok leitartímabils og að sérleyfi skuli vera fyrirgert, ef hún stöðvast samfleytt í þrjú ár, nema ráðherra veiti undanþágu.
i) Að sérleyfishafi sendi ráðherra tilkynningu um jarðboranir, sem hann lætur framkvæma, um þykkt og gerð berglaga og svo um fundin jarðefni, enda fylgi sýnishorn af jarðefnum og berglögum.
j) Að sérleyfishafa beri að hlíta því eftirliti, sem ráðherra ákveður, og greiða kostnað af því.
k) Að sérleyfi verði eigi framselt, nema að fengnu samþykki ráðherra.
l) Um greiðslur til ríkisins fyrir námurekstur á ríkislendum, sbr. 8. gr.
m) Um opinber gjöld.
n) Hvernig skuli ráðstafa vinnslumannvirkjum og vinnslutækjum að sérleyfistíma loknum.
o) Um frágang á starfstöðvum að vinnslutíma loknum.

13. gr.

Leyfishafi hefur fyrirgert leyfi sínu, ef einhverju skilyrði, sem greinir í lögum þessum, er eigi fullnægt. Sama er og, ef sérstakir skilmálar í sérleyfi eða samningum í sambandi við leyfið eru eigi haldnir eða bú sérleyfishafa er tekið til skuldaskila eða gjaldþrotameðferðar.

Rétt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum greinar þessarar, ef sérstakar ástæður mæla með því.

14. gr.

Ráðherra er rétt að setja reglugerð um þau efni, sem greinir í lögum þessum.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum varða fésektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

16. gr.

Námulög nr. 50 30. júlí 1909, lög nr. 8 31. maí 1927 og lög nr. 20 12. júní 1939, um breyting á þeim lögum, svo og önnur lög, er fara í bága við þessi lög, eru úr gildi felld.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Iðnaðarráðherra hefur falið Árna Snævarr ráðuneytisstjóra, Gizuri Bergsteinssyni hæstaréttardómara og Þórði Eyjólfssyni fyrrv. hæstaréttardómara að semja

frumvarp til námulaga. Hafa þeir samið frumvarpið og láta því fylgja eftirfarandi greinargerð:

Höfundar frumvarpsins hafa kannað eldri löggjöf landsins um þetta efni og svo viðað að sér erlendum gögnum, þar á meðal löggjöf ýmissa þjóða.

Námulög nr. 50 30. júlí 1909 með breytingum samkvæmt lögum nr. 8 31. maí 1927 og lögum nr. 20 12. júní 1939 eru orðin úrelt. Þau eru takmörkuð við málma og málmblendinga, en taka eigi yfir önnur jarðefni. Þá gilda þau einungis um námuréttindi „í jörðu eða landi, sem er óskipt eign landssjóðs eða lénskirkjujarða, svo og í almenningum, öræfum og afréttum, sem eigi liggja undir jarðeignir einstakra manna eða sveitarfélaga, sem metnar eru til dýrleika". Þá skulu og lögin taka til námuréttinda í landssjóðs- og lénskirkjujörðum, sem seldar kynnu að verða, eftir að lögin tóku gildi.

Lögin taka eigi til leitar og vinnslu jarðefna í löndum í einkaeign. Eru lögin við það miðuð, að námuréttindi fylgi landareign.

Í námulöggjöf ýmissa landa koma fram þrjár mismunandi stefnur:

1) Landeigandastefnan (akcessionsprincip), en samkvæmt henni eru jarðefni eign þess, sem land á. Lagastefna þessi gildir í Stóra-Bretlandi, þó með undantekningu um gull- og silfurnámur í Englandi. Þá er lagastefnan ráðandi í Bandaríkjum Norður-Ameríku og víðar.

2) Finnandastefnan (mutingsprincip). Samkvæmt lagastefnu þessari er við það miðað, að tiltekin verðmæt jarðefni séu eign ríkisins (regale), en mönnum sé heimilt að leita þeirra bæði í einkalöndum og almannalöndum og njóti finnandi forgangsréttar til vinnslu. Þessi stefna ruddi sér til rúms í Þýzkalandi á miðöldum og hefur í meginatriðum verið tekin upp í rétt Finna, Norðmanna og Svía.

Norðmenn beita og sérleyfastefnunni í ríkum mæli, að því er tekur til útlendinga.

3) Sérleyfastefnan (koncessionsprincip). Er hún reist á þeirri grunnreglu, að ríkið taki umráð námuréttinda og veiti þeim aðiljum, er teljast til þess hæfir, sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna. Þessi stefna gildir um námuréttindi í Grænlandi samkvæmt dönskum lögum og um jarðefni í Danmörku, sem eru svo djúpt í jörðu, að þau höfðu eigi verið nýtt að einkarétti fyrir árið 1932. Sérleyfastefnan gildir og að nokkru í Belgíu og Frakklandi.

Verður þá að því vikið, hvernig námurétti hafi frá öndverðu verið háttað samkvæmt íslenzkri löggjöf.

Réttur til landa í einkaeign varð upphaflega til hér á landi með námi tiltekinna landsvæða, sem hvorki voru háð eignarrétti einstakra manna né yfirráðarétti ríkis (landnámi). Landnámsmaðurinn og þeir, er síðar öðluðust rétt hans fyrir kaup, erfðir o. s. frv., hafa vafalaust orðið eigendur að öllum gæðum landsins, bæði á og undir yfirborði þess. Er þá athugunarefni, hvort á þessu hafi seinna orðið breyting vegna löggjafarákvæða. Hin helztu lagafyrirmæli, sem að þessu lúta, verða rakin hér á eftir.

1. **Grágás.** Þar eru engin ákvæði um nytjun jarðefna undir yfirborði jarðar, að undanteknu fyrirmæli í I,b bls. 137, en þar segir, að leiglendingur hafi rétt til mótaks í leigulandi.
2. **Jónsbók.** Ákvæði hennar um jarðefni undir yfirborði jarðar eru næsta fábreytt. Auðsætt er þó, að landeiganda ber réttur til þeirra, eins og eftirgreind ákvæði sýna:

   Landsbrigðabálkur, 6. kap.: „Nú vill maður selja land sitt verði ... hann skal heimila honum fé það allt, sem þar kann að finnast í jörðu og á jörðu, nema eigandi verði að ...". Sams konar ákvæði er í 7. kap. landsbrigðabálks.

   Landsleigubálkur, 6. kap.: „Leiguliði á torf að skera í landinu sem hann þarfnast til eldiviðar ...".

   Landsleigubálkur, 60. kap.: „Þar er tré eru í jörðu, hálf ofar en nú gengur flóð til, og á sá maður þar tré og bein, er jörð á fyrir ofan ...".

Þjófabálkur, 14. kap.: „Nú brýtur maður haug eða grefur jörð manns, að óleyfi þess, er jörð á, til fjár, færi aftur þeim, er jörð á, slíkt sem hann fann ...“.

3. Eftir lögtöku Jónsbókar voru engin almenn ákvæði um námurétt tekin í lög fyrr en með **tilskipun 13. júní** 1787 um verzlunar- og siglingamálefni á Íslandi. Þar eru í 8.—10. gr., III. kap., eftirgreind ákvæði:

8. gr. „... Hvað brennisteininum annars viðvíkur yfir höfuð, þá má hver og einn, hvar sem helzt hann finnur hann, færa sér hann í nyt, hvernig sem hann helzt vill og getur, geri hann það aðeins með leyfi landeigandans, ef brennisteinninn finnst annars staðar en á hans eigin lóð“.

9. gr. „Þá námagrepti, sem finnast í landinu, hvort heldur það eru jarðar-, sand- eður stein-tegundir, má hver og einn að frjálsu hagnýta sér, til hvers sem hann bezt veit og getur, svo framarlega sem þeir finnast á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum, sem í einskis eign eru. Og með því ýmsar steintegundir eru reyndar að vera mjög svo hentugar til bygginga og annarrar brúkunar, þá skal þeim, er vilja brjóta þvílíkan stein, og beiðast þess á löglegan hátt, gefast eignarréttur til þvílíks staðar, sé hann aðeins ekki nokkurs annars eign að undanförnu. Og svo sem þeir mega eftir samkomulagi forlíkast við eigandann, þegar öðruvísi er ástatt, svo skal og yfirvaldið hafa tilsjón með, að enginn neiti öðrum án gildrar orsakar þvílíks leyfis til að hagnýta sér þess háttar ágóða fyrir sannsýnilegt endurgjald, þegar hann er mikilvægur og eigandinn sjálfur getur eigi né vill nota sér hann. Sama skal gilda um einar og aðrar sjaldfengnari steintegundir, svo sem kalk- og gipsspat, kristal, ópal, glerhalla, hrafntinnu, jaspis, zeolit, sem og ýmsar tegundir af jarðeldsgleri. Og þar á ofan mega þeir, sem vilja húða og tilbúa þvílíka steina til ýmislegrar prýði, hvartil þeir eru að raun yfrið hentugir, vænta að verða njótandi hæfilegra verðlauna eftir ásigkomulaginu, svo framarlega sem þess konar tilraunir kynnu sýnast að verða til nokkurrar verulegrar nytsemdar“.

10. gr. „Í sama máta mega einnig þeir njóta hæfilegrar náðar og styrks, eftir ásigkomulaginu, sem vilja uppgötva og brjóta steinkol, sem og koma því til vegar, að menn kynnu með hægra móti að brjóta úr bergi og hagnýta surtarbrandinn; og skal yfirvaldið á áðursagðan hátt hafa gætur á, að það nauðsynlega samkomulag megi verða gert við eigandann um þetta“.

Eins og hin tilfærðu ákvæði bera með sér, er landeigendum hér áskilinn réttur til náma í landi sínu.

4. Á Alþingi 1905 lögðu tveir alþingismenn fram frumvarp til námulaga, sem samið hafði verið á vegum landsstjórnarinnar. Frumvarpið var að mestu sniðið eftir norskum námulögum frá 1842 og tók aðeins til málma og málmblendinga, en ekki annarra jarðefna. Í frumvarpinu var sú stefna lögð til grundvallar, að réttur til málmnáms í landinu sé alþjóðareign, hvort sem málmur finnst í löndum í einkaeign eða utan þeirra. Þessi stefna mætti þegar mótspyrnu á Alþingi, og lýstu margir þingmenn yfir þeirri skoðun sinni, að landeigendum bæri námuréttur í landi sínu. Frumvarpið hafði verið borið fram undir þinglok, og varð það ekki útrætt á þinginu.

Landsstjórnin lagði frumvarpið frá 1905 fram á Alþingi árið 1907, að mestu leyti óbreytt. Fljótt kom fram, að landeigandastefnan hafði yfirgnæfandi fylgi á Alþingi. Breytingartillaga við frumvarpið, sem að meginstefnu gekk í þá átt, að lögin skyldu einungis taka til landsvæða, sem landið hefði eignarrétt á eða eignarumráð yfir, var samþykkt í efri deild með öllum atkvæðum. Var frumvarpið þannig breytt síðan samþykkt í neðri deild með 13 atkvæðum gegn 4. Varð frumvarpið þannig að námulögum nr. 61 22. nóv. 1907.

Árið 1909 lögðu tveir alþingismenn fram á Alþingi frumvarp til námulaga. Voru lögin frá 1907 aðalstofn þess, en nokkrar breytingar gerðar, sem ekki skipta máli í því sambandi, sem hér ræðir um. Var frumvarp þetta samþykkt í einu

hljóði í báðum deildum Alþingis. Eru núgildandi lög nr. 50 30. júlí 1909 þannig til orðin.

Um 1. gr.

Höfundar frumvarps þessa telja rétt að halda uppi hinni fornu og nýju réttarhefð um rétt landeiganda til hvers konar jarðefna í landi sínu. Hin svonefnda landeigandastefna (akcessionsprincip) er þannig lögð til grundvallar með vissum takmörkunum, sbr. 4. gr. og 6. gr. frv. Hins vegar er ráðherra í 7., 8. og 9. gr. frv. veittur réttur til að láta leita jarðefna í löndum í einkaeign og taka þau eignarnámi gegn greiðslu fullra bóta til landeiganda. Þá er og ráðherra rétt undir sama skilorði að veita íslenzkum aðiljum sérleyfisrétt til leitar og vinnslu jarðefna í lendum í einkaeign (koncessionsprincip). Ætlazt er til, að til slíks réttar útlendingum til handa þurfi samþykki Alþingis, sbr. 10. gr.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um rétt ríkisins til alls lands, sem ekki er í einkaeign. Ákvæði 1. gr. námulaga nr. 50/1909 eru á þeim sjónarmiðum reist, að almenningar, afréttir og öræfi séu ekki í einkaeign, nema sannað sé, að tiltekið land, sem nú er afréttur, hafi áður verið í einkaeign. Þessi sjónarmið liggja og til grundvallar tveimur hæstaréttardómum (Hrd. 1955, bls. 108, og Hrd. 1969, bls. 510). Samkvæmt lögum nr. 50/1909 gátu menn öðlazt finnandarétt til jarðefna á þessum landsvæðum, en í frv. þessu er við það miðað, að ríkið eigi réttinn og geti nýtt hann sjálft eða veitt öðrum sérleyfi til að nýta hann, sbr. 10. gr.

Um 3. gr.

Hér ræðir um þau jarðefni, sem landeiganda er rétt að vinna án sérstakra skilyrða. Þau jarðefni, sem greinin tekur yfir, hafa frá fornu fari verið hagnýtt af jarðeigendum. Greinin brýnir fyrir þeim, sem í hlut eiga, að gæta varúðar við vinnsluna og frágang á vinnslustað. Misbrestur í þessu efni myndi varða refsingu eftir 15. gr.

Um 4. gr.

Frv. veitir landeiganda rétt til að vinna hvers konar námu í landi sínu, sbr. 1. gr., en nauðsyn ber til, sé um meiri háttar vinnslu að tefla, að almannavaldið hafi íhlutun um framkvæmd verksins bæði frá öryggislegu og tæknilegu sjónarmiði. Þá er námueiganda gert að skyldu að kaupa vátryggingu til að fullnægja skaðabótaskyldu, sem á hann kann að falla.

Um 5. gr.

Ganga ber ríkt eftir því, að aðiljar þeir, sem stunda leit og vinnslu jarðefna, fari í öllu að settum reglum, beiti þeim aðferðum, sem frá öryggislegu og tæknilegu sjónarmiði teljast viðhlítandi, og gangi eigi á rétt landeigenda né annarra. Ber því brýna nauðsyn til, að ráðherra hafi fullkomin lögtæki til að halda uppi og framfylgja löglegum ákvörðunum sínum í þessu efni. Er honum með ákvæði 5. gr. veitt heimild til að skipa eftirlitsmann með þeim, sem leggja fyrir sig leit og vinnslu jarðefna.

Um 6. gr.

Svo sem áður er rakið, er grunnstefna frumvarpsins sú, að réttur til jarðefna fylgi eignarrétti til lands þess, þar sem jarðefni finnast. Er þetta í samræmi við ákvæði íslenzkra laga um vatnsréttindi. En þó réttindi til jarðefna séu í eigu landeiganda, er eðlilegt og í góðu samræmi við grunnreglur laga um almenn takmörk eignarréttar, að landeiganda séu settar þær skorður um hagnýtingu, sem frá sjónarmiði alþjóðar mega teljast eðlilegar og skynsamlegar. Í 4. gr. frv. eru rakin ýmis fororð þess, að landeigandi megi hefjast handa um leit og vinnslu jarðefna. Einnig telst rétt, að ráðherra hafi hönd í bagga, þá er landeigandi vill stofna félagsskap til nefndra athafna. Fær ráðherra þá og tilefni til að kanna, hvort aðrir aðiljar hafi

áhuga á því að öðlast sérleyfi til leitar og vinnslu á því landsvæði, sem um er að tefla, sbr. 10. gr. frv.

Eðlilegt virðist, að sveitarfélag það, þar sem vinnsla jarðefna er vænleg og álitleg, hafi forkaupsrétt til námusvæðis, en ríkið að frágengnu sveitarfélaginu. Það athugast, að forkaupsréttarákvæði þessi skipta ekki miklu máli, þar sem ráðherra er með 8. gr. frv. veitt heimild til að taka lögnámi námusvæði ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til námurekstrar.

Ákvæði síðustu mgr. 6. gr. eru í samræmi við gildandi lög.

Um 7. gr.

Þess hefur áður verið getið, að í ýmsum löndum ríkir hin svonefnda finnandastefna (mutingsprincip). Er þá hverjum sem er rétt að framkvæma leit að jarðefnum. Geta finnendur í slíkum tilvikum öðlazt forgangsrétt til vinnslu. Finnandastefnan gildir eftir lögum nr. 50/1909 um jarðefni í lendum ríkisins, þar á meðal afréttum og öræfum. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er landeigandastefnan (akcessionsprincip) lögð til grundvallar í samræmi við sögulega hefð, að því er einkalendur varðar. Einnig heimilar frv., ef að lögum verður, ráðherra að hafa meginábrif á jarðefnaleit og vinnslu, sem einkaaðiljar framkvæma. Þá er ráðherra og rétt að hafa frumkvæði að leit og vinnslu jarðefna og svo að veita einkaaðiljum leitarrétt og sérleyfi til vinnslu, enda sé landeigendum bættur skaði þeirra samkvæmt ákvæðum lögnámslaga.

Ákvæði 7. gr. frv. fjalla um leitarrétt þann, sem ráðherra fær, hvort sem er til handa stjórnvaldsaðiljum eða borgaralegum aðiljum.

Um 8. gr.

Ákvæði 8. gr. veita ráðherra heimild til að taka lögnámi námusvæði ásamt nauðsynlegum mannvirkjum, hvort sem er í þágu alþjóðar, einstakra stjórnsýsluaðilja eða borgaralegra aðilja. Mjög erfitt mun reynast að framkvæma fyrir fram mat á slíkum réttindum. Í framkvæmd verður að leitast við að samræma sjónarmið lögnámsþolenda og lögnemenda, áður en matsnefnd kveður upp fullnaðarúrskurð. Einstrengingsleg sjónarmið myndu oft leiða til þess, að ekkert yrði úr framkvæmdum.

Um 9. gr.

Afnot af löndum og mannvirkjum utan hins eiginlega námusvæðis eru oft nauðsynleg vegna námuvinnslu. Ákvæði 9. gr. miða að því að gera slíka notkun framkvæmanlega.

Um 10. gr.

Í 10. gr. frv. eru taldir upp þeir aðiljar, sem ráðherra má veita sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi. Eru reglur þessar settar með hliðsjón af ákvæði 7. gr. laga nr. 34 1964, um loftferðir, að því er varðar rétt til að skrásetja loftfar hér á landi, og 1. gr. laga nr. 53/1970, um skráningu skipa.

Samkvæmt niðurlagsákvæði 10. gr. er sérleyfi til handa erlendum aðilja til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi háð samþykki Alþingis.

Um 11. gr.

Samkvæmt 4. gr. frv. þarf landeigandi að fullnægja ýmsum fjárhagslegum og tæknilegum skilyrðum til að mega hefjast handa um vinnslu jarðefna í landi sínu. Því fremur er ástæða til að setja skilyrði í þessu efni, þá er erlendir aðiljar eiga í hlut.

Um 12. gr.

Það er mjög mikilvægt, að ákvæði sérleyfis séu rækileg og skýr. Í 12. gr. frv. hefur verið leitazt við að telja upp þau atriði, sem hvert sérleyfi skal geyma, en eigi er ætlazt til, að upptalning þessi þurfi að vera alveg tæmandi.

Um 13. gr.

Hér er drepið á þau atriði, sem leiða til þess, að sérleyfishafi fyrirgeri sérleyfisrétti sínum. En ráðherra er veitt heimild til að líta á málavexti hverju sinni. Hér ber og að minnast refsiákvæða 15. gr.

Um 14.—17. gr.

Ákvæði þessara greina þarfnast eigi skýringa.

Sþ. 143. Tillaga til þingsályktunar [115. mál]

um endurskoðun laga um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Ágúst Þorvaldsson, Ásgeir Bjarnason, Ragnar Arnalds, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 108/1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir. Verði endurskoðunin við það miðuð að minnka umdæmi byggingarfulltrúa að því marki, að unnt sé að veita íbúum hvers umdæmis viðhlítandi þjónustu. Kannað verði, hvort hagkvæmt muni reynast að tengja starf byggingarfulltrúa við hina almennu leiðbeiningarþjónustu landbúnaðarins, hvort stærð umdæmanna eigi að miðast við það, að byggingarfulltrúi geri teikningar og vinnuteikningar fyrir umdæmið að einhverju eða öllu leyti, eða hvort heppilegra sé að koma upp teiknistofum fyrir stærri svæði, er sjái um þessa þjónustu, og þá á hvaða fjárhagsgrundvelli slíkt verði gert. Nefndin leiti álits og umsagnar formanna sýslunefnda og búnaðarsambanda um æskilega skipan þessara mála á hverjum stað, en hraði þó störfum svo sem kostur er.

Greinargerð.

Lög um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp eru frá árinu 1945 og eru því 26 ára gömul. Á þessum tíma hafa orðið miklar breytingar í þjóðfélagi okkar á flestum sviðum og þó ekki síst í allri mannvirkjagerð. Þegar umrædd lög voru lögfest, var nánast óþekkt að gera vinnuteikningar að húsabyggingum. Nú eru gerðar aðrar og meiri kröfur um allan undirbúning og frágang slíkra framkvæmda, enda hafa margs konar mistök kennt okkur, að á því var full þörf. Þó er enn víða pottur brotinn að þessu leyti og mikið í húfi að bæta úr því, þar sem byggingar eru mjög fjárfrekar framkvæmdir, og getur orðið erfitt og kostnaðarsamt að gera breytingar eftir á eða lagfæra galla, ef mistök eiga sér stað. Leiðbeiningarþjónusta í þessum mikilvæga þætti landbúnaðarins hefur engan veginn fylgt eftir þeirri þróun, sem orðið hefur á þessu sviði síðustu árin, og er svo komið, að ekki verður við unað lengur, enda eru uppi mjög háværar raddir um að gera breytingar á skipan þessara mála. Hins vegar mun sýnast sitt hverjum, í hverju breytingarnar eigi að vera fólgnar, og því er þessi þingsályktunartillaga fram borin.

Það kemur margt til, að ekki má dragast lengur að endurskoða það kerfi, sem við búum við að þessu leyti. Stofnlánadeild landbúnaðarins gerir nú þær sjálfsögðu kröfur, að teikningar fylgi með lánsumsóknum. Byggingar eru í mörgum tilvikum stærri og margbrotnari en áður var og vinnuteikningar taldar sjálfsagðar, en voru óþekktar fyrir 26 árum. Byggingarþjónusta landbúnaðarins hefur allt of lítið starfslið til að anna þeim verkefnum, sem leysa þarf af hendi ár hvert, og vafasamt, að slík skipan sé æskileg, t. d. að vinnuteikningar séu gerðar í Reykjavík fyrir öll héruð landsins. Það sýnist eðlilegra að tengja eftirlits- og leiðbeiningar-

starfið þeirri undirbúningsvinnu með einhverjum hætti, og það er ekki lítils virði fyrir landsbyggðina að fá tæknimenntaða menn inn í héruðin til ráðuneytis um fyrirkomulag og gerð bygginganna, að þeir geri allar teikningar og fylgist með framkvæmdinni, geti skýrt vafaatriði, sem upp geta komið, hjálpað til að velja framkvæmdum stað og leiðbeint þeim, sem reyna að koma upp slíkum mannvirkjum með heimafengnu vinnuafli að mestu leyti.

Samkvæmt gildandi lögum er heimilt að hafa byggingarfulltrúa, 7 að tölu, utan við löggilta verzlunarstaði, og hvert umdæmi er miðað við kjördæmi. Þessi heimild hefur ekki verið notuð á Vestfjörðum, og í Reykjaneskjördæmi er þessi þjónusta innt af hendi samhliða öðru starfi. Má því segja, að ekki séu nú nema 5 byggingarfulltrúar, er starfa utan við hina löggiltu verzlunarstaði. Í ljós hefur komið, að þessi umdæmi eru allt of stór og engum manni fært að komast yfir það, sem þörf er á og krafizt er, miðað við nútíma kröfur. Verður tæpast hægt að víkja sér undan því lengur að endurskoða þetta skipulag og freista þess að marka í þessum málum framtíðarstefnu, er uppfylli betur þarfir og kröfur samtíðarinnar og stefni að því að koma í veg fyrir mistök, er gætu leitt til sóunar mikilla fjármuna.

Til að sýna hinn mikla mun, sem er á umdæmum byggingarfulltrúa, eins og þau eru afmörkuð í gildandi lögum, er hér greint frá tölu byggðra jarða og eyðijarða í hverju kjördæmi, eins og fasteignamat ríkisins telur hana vera, og framleiðslu sömu svæða í hlutfallstölum, miðað við greitt búnaðarmálasjóðsgjald árið 1969, en nýrri tölur liggja ekki fyrir. Tölurnar eru sem hér segir:

	Byggðar jarðir	Eyðijarðir	Framleiðslumagn
Reykjaneskjördæmi	205	81	3.27%
Vesturlandskjördæmi	796	221	14.54%
Vestfjarðakjördæmi	459	248	6.11%
Norðurlandskjördæmi vestra	803	262	15.36%
Norðurlandskjördæmi eystra	939	276	21.66%
Austurlandskjördæmi	647	256	9.36%
Suðurlandskjördæmi	1211	410	29.67%
Á öllu landinu	5060	1717	100.00%

Sþ. 144. Fyrirspurnir. [118. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um reglugerð um lóðaskrár.

Frá Axel Jónssyni.

Er á næstunni væntanleg reglugerð um lóðaskrár skv. 32. gr. skipulagslaganna?

II. Til menntamálaráðherra um Tækniskóla Íslands.

Frá Ingvari Gíslasyni og Lárusi Jónssyni.

1. Má vænta þess, að Tækniskóli Íslands, sem nú starfar í Reykjavík, verði fluttur til Akureyrar?
2. Ef svo er ekki, hvað mælir þá gegn því?

Sþ. 145. Tillaga til þingsályktunar [117. mál]

um afgreiðslu skaðabótamála vegna slysa.

Flm.: Axel Jónsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún geri, með undirbúningi lagasetningar ef með þarf, ráðstafanir til þess, að skaðabótamál vegna slysa fái hraðari afgreiðslu en verið hefur almennt.

Sé þá hafður í huga sá möguleiki, að þegar dæmt er um bótaskyldu sérstaklega, án þess að dæmt sé jafnframt um bótafjárhæðir, verði settar reglur um greiðsluskyldu hinna bótaskyldu og vátryggjenda þeirra á ákveðnum fjárhæðum upp í endanlegar skaðabótagreiðslur, sem síðar yrðu ákveðnar með dómi.

Greinargerð.

Það er alkunna, að skaðabótamál út af slysum taka óhæfilega langan tíma, hverjar sem orsakir þess kunna að vera. Hafa slík mál víst stundum tekið allt upp í áratug. Má öllum ljóst vera, að bótanna er í flestum tilvikum mest þörf, þegar áfallið verður eða fyrst eftir það. Flutningsmenn vilja ekki fullyrða neitt um það, hvort lagabreytinga sé þörf eða unnt kunni að vera að koma nauðsynlegum breytingum á, að því er hraða málsmeðferðar snertir, án þeirra, en væntanlega yrði þörf lagabreytinga til þess að skylda greiðendur til greiðslu upp í endanlegar bætur, strax þegar bótaskyldu hefur verið slegið fastri, en aðgreining mála um bótaskyldu og bótafjárhæð getur í mörgum tilvikum flýtt mjög fyrir lyktum þeirra.

Nd. 146. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af afsalsbréfum fyrir löndum og lóðum, sem keypt eru eða keypt hafa verið með aðstoð ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum. Sama gildir um öll lánaskjöl, sem út eru gefin vegna slíkra landa- og lóðakaupa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 74 30. desember 1963, um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum nr. 74 30. desember 1963, um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa, er fjármálaráðuneytinu heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af lánsskjölum, sem um getur í 1. mgr., en það tekur aðeins til lána, sem sjóðurinn veitir til landakaupa, en ekki til lána, sem aðrir aðilar veita. Með frumvarpi þessu er lagt til, að heimild fjármálaráðuneytisins til niðurfellingar þinglesturs- og stimpilgjalda taki til allra lánsskjala, sem sveitarstjórn gefur út í sambandi við kaup á landi eða lóðum með aðstoð ríkissjóðs samkvæmt þessum lögum.

Ed. 147. Lög [5. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

(Afgreidd frá Nd. 6. des.)

Samhljóða þskj. 5.

Nd. 148. Frumvarp til laga [119. mál]

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með verðlagsákvarðanir fer 9 manna nefnd, verðlagsnefnd. 3 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Formaður nefndarinnar er skipaður án tilnefningar. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans. Viðskiptaráðherra skipar nefndina.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972 og gilda til 31. desember 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 86 frá 31. desember 1968 um breyting á lögum um verðlagsmál nr. 54 frá 14. júní 1960, var þáverandi skipan verðlagsnefndar breytt frá 1. janúar 1969. Var sú skipan lögfest í eitt ár eða fyrir árið 1969. Síðan hefur umboð nefndarinnar verið framlengt tvisvar með lögum, fyrst fyrir árið 1970 og síðan fyrir árið 1971. Fellur því umboð verðlagsnefndar niður 31. desember n. k.

Með þessum lögum er ætlunin að framlengja enn umboð verðlagsnefndar um eitt ár eða fyrir árið 1972. Sú eina breyting er gerð, að viðskiptaráðherra skipar formann verðlagsnefndar án tilnefningar, en undanfarið hefur ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu gegnt því starfi skv. ákvæðum laga um verðlagsmál.

Ed. 149. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Fjós í Laxárdalshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sent það til umsagnar landbúnaðarráðuneytinu og Landnámi ríkisins, og mæla þau með samþykkt þess, eins og meðfylgjandi fylgiskjöl sýna. Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 7. des. 1971.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Björn Jónsson.	Páll Þorsteinsson.	Jón Árnason.
	Jón Árm. Héðinsson.	

Fylgiskjal I.

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 18. nóvember 1971.

Landbúnaðarráðuneytinu hefur borizt til umsagnar frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja ríkisjörðina Fjós í Laxárdalshreppi. Vegna þess skal eftirfarandi tekið fram: Ríkisjörðin Fjós (Fjósar) í Laxárdalshreppi er staðsett fyrir botni Hvammsfjarðar. Kauptúnið Búðardalur hefur allt byggzt upp á landi jarðarinnar, en jafnframt hefur verið rekinn búskapur á jörðinni. Verulegar byggingaframkvæmdir hafa verið í Búðardal undanfarin ár, og hafa þar bæði verið reist íbúðarhús og fjölmörg önnur mannvirki, og íbúatala staðarins fer vaxandi.

Undanfarinn einn og hálfan áratug hefur mjög færzt í vöxt, að hreppsnefndir eða bæjarstjórnir sækist eftir að eignast ríkisland innan viðkomandi sveitarfélags, þar sem þéttbýli byggist upp. Háttvirt Alþingi hefur jafnan heimilað sölu á ríkislandi, þegar heimildar hefur verið leitað til að selja sveitarfélögum. Með tilliti til þeirrar venju, sem þannig hefur skapazt, tilmæla hreppsnefndar Laxárdalshrepps og þess, að engir sérstakir hagsmunir fyrir ríkissjóð eru sjáanlegir til að halda áfram eignarhaldi á jörð þessari, þá fellst landbúnaðarráðuneytið á, að sala jarðarinnar verði heimiluð með lögum.

F. h. r.

Sveinbj. Dagfinnsson.

Til landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

LANDNÁM RÍKISINS

Reykjavík, 19. nóv. 1971.

Landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 15. þ. m., óskað umsagnar Landnáms ríkisins um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Fjós í Laxárdalshreppi í Dalasýslu.

Í frumvarpinu kemur fram, að Laxárdalshreppur ráðgerir að kaupa jörðina, enda kauptúnið Búðardalur byggt úr landi hennar.

Á Fjósum býr Jón Sigurjónsson allgóðu fjárbúi. Tún jarðarinnar eru talin 17.6 ha. Eftirstöðvar lána í Búnaðarbankanum eru kr. 335 665.05. Jörðin er allvel hýst og búskaparmöguleikar hafa verið góðir.

Í fasteignamati 1957 var land Fjósa metið á kr. 11 100.00.

Í hinu nýja fasteignamati, er væntanlega tekur gildi 1. jan. 1972, er mat jarðarinnar sem hér greinir:

Tún	kr.	138 000.00
Annað land	—	40 000.00
Íbúðarhús	—	253 000.00
Útihús	—	520 000.00
Hlunnindi	—	700 000.00
Samtals	kr.	1 651 000.00

Þetta fasteignamat gefur nokkrar upplýsingar um jörðina sem bújörð.

Landnám ríkisins mælir með samþykkt frumvarpsins, þar sem við teljum, að hagsmunir þéttbýliskjarnans í Búðardal verði að sitja í fyrirrúmi, enda þótt af því leiði, að búskapur leggist niður á Fjósum.

Virðingarfyllst,

Landnám ríkisins
Árni Jónsson.

Til landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Ed. 150. Breytingartillaga [86. mál]

við frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

4. gr. orðist svo:

Framkvæmdaráð Framkvæmdastofnunar ríkisins skal skipað forstöðumönnum deilda, og annast það daglega stjórn stofnunarinnar.

Ed. 151. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967.

Flm.: Steingrímur Hermannsson.

1. gr.

Aftan við 2. lið 2. gr. laganna bætist: hagnýtar jarðfræðilegar kannanir, m. a. vegna neyzluvatnsleitar og, ef við á, gegn greiðslu, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi lagði flutningsmaður ásamt háttvirtum 11. þingmanni Reykvíkinga, Einari Ágústssyni, fram tillögu til þingsályktunar um jarðfræðilegar rannsóknir vegna neyzluvatnsleitar. Er það þingskjal 409. Tillaga þessi fékkst ekki afgreidd. Í greinargerð með þeirri þingsályktunartillögu sagði svo m. a.:

„Í sambandi við mjög víðtækar endurbætur, sem gera verður í fiskiðnaði landsins vegna þeirrar ströngu löggjafar um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit við freðfiskframleiðslu, sem vitað er að Bandaríkjamenn munu lögfesta, að öllum líkindum í ár, hefur athyglin meðal annars beinzt að mjög alvarlegu ástandi neyzluvatns í fjölmörgum kaupstöðum og kauptúnum landsins. Samkvæmt nýlegri athugun sérfræðinga á ástandi í vatnsmálum hjá 58 stærri byggðakjörnum er það gott eða viðunandi á 33, slæmt á 16 stöðum og þarfnast endurbóta á öðrum 9.

Á nýlegri ráðstefnu Sambands íslenzkra sveitarfélaga um náttúruvernd bar gæði og öflun neyzluvatns mjög á góma. Fram kom í fróðlegu erindi Jóns Jóns-

sonar jarðfræðings, að tiltölulega er auðvelt að ná góðu neyzluvatni á grágrýtissvæðinu, sem liggur nokkurn veginn frá Suðvesturlandi til Norðausturlands. Hins vegar er það víða miklum erfiðleikum háð á blágrýtissvæðinu á Austur- og Suðausturlandi, Vestfjörðum og miklum hluta Norðurlands. Jarðfræðingurinn sagði, að von um neyzluvatnsnám á því svæði væri „einkum bundin við staði, þar sem færa má sönnur á tilvist meiri háttar sprungukerfis. Varla er þetta hugsanlegt án meiri háttar jarðfræðirannsókna".

Í framhaldi af málmleit þeirri, sem Rannsóknaráð ríkisins beitti sér fyrir á Suðausturlandi með aðstoð frá Sameinuðu þjóðunum, var með samþykki iðnaðarráðuneytisins komið á fót svonefndri jarðkönnunardeild hjá Orkustofnun. Með stofnun þessarar deildar er hugmyndin sú að leysa mjög brýna þörf margra aðila í landinu fyrir hagnýtar jarðfræðirannsóknir til undirbúnings fyrir margs konar framkvæmdir, eins og t. d. á sviði vegagerðar, hafnargerðar og ýmiss konar annarrar mannvirkjagerðar. Hingað til hefur yfirleitt orðið að leita til einstakra jarðfræðinga, sem slík verkefni hafa tekið að sér að meira eða minna leyti í hjáverkum.

Gert hefur verið ráð fyrir því, að jarðkönnunardeildin taki að sér ýmiss konar jarðfræðileg verkefni fyrir framkvæmdaaðila samkvæmt sérstökum samningi við þá og gegn greiðslu. Hins vegar verður deildin að sjálfsögðu einnig að sinna jarðfræðilegum grundvallarrannsóknum á eigin vegum til söfnunar nauðsynlegra undirstöðuupplýsinga fyrir hin hagnýtu verkefni.

Í samráði við sérfræðinga á sviði fiskiðnaðar var ákveðið að leggja í upphafi megináherzlu á jarðfræðirannsóknir á blágrýtissvæðinu með neyzluvatnsöflun í huga. Telja sérfræðingarnir allir þetta mjög aðkallandi verkefni, ekki sízt fyrir fiskiðnaðinn á þessum svæðum. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að sveitarfélag á viðkomandi stað sjái um sjálfa öflun neyzluvatnsins, en víðast er ekki sú jarðfræðileg þekking fyrir hendi, að slíkt sé unnt með góðu móti."

Á síðasta þingi lagði flutningsmaður jafnframt fram breytingartillögu við frumvarp til laga um lán vegna framkvæmdaáætlunar, þar sem gerð var tilraun til þess að fá veitta 1 millj. kr. til neyzluvatnsleitar. Sú breytingartillaga við frumvarpið var felld með þeim rökum hæstvirts þáverandi fjármálaráðherra, að vafasamt væri, hvort hinu opinbera væri heimilt að taka að sér rannsóknir vegna neyzluvatnsleitar.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að taka af allan vafa um heimild hins opinbera í þessu sambandi. Jafnframt er með frumvarpinu stefnt að því að staðfesta með lögum það, sem í raun er orðin staðreynd við Orkustofnun, að stofnuninni sé heimilt að taka að sér almennar hagnýtar jarðfræðirannsóknir.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að jarðfræðirannsóknir, sem áður voru dreifðar hjá Náttúrugripasafni Íslands, við Rannsóknastofnun iðnaðarins og hjá Orkustofnun, hafa smám saman færzt, annars vegar til Háskóla Íslands, en hins vegar til Orkustofnunar. Sú aðgreining hefur jafnframt orðið, að Háskóli Íslands sinnir fyrst og fremst svonefndum undirstöðurannsóknum á þessu sviði, en Orkustofnun hefur í vaxandi mæli tekið að sér ýmis hagnýt verkefni. Þetta er ekki óeðlilegt. Við Orkustofnun er mestur fjöldi jarðfræðinga hér á landi, sem hefur að sjálfsögðu sinnt ýmsum verkefnum í sambandi við nýtingu vatnsafls og jarðhita. Slík verkefni eru hins vegar náskyld ýmsum öðrum jarðfræðirannsóknum til undirbúnings mannvirkjagerð.

Með tilliti til þess, að skipulögð neyzluvatnsleit og rannsóknir því til undirbúnings eru orðnar mjög aðkallandi, þótti hins vegar rétt að geta sérstaklega um þetta verkefni. Ástandið á þessu sviði er vægast sagt alvarlegt víða um land, eins og fram kemur að framan. Þetta verður að lagfæra án tafar, ekki sízt á fiskvinnslustöðvum. Nú má telja ljóst orðið, að frumvarp það, sem legið hefur fyrir Bandaríkjaþingi um meðferð fiskafurða, mun verða að lögum á þessu ári. Þá er okkur Íslendingum ekki lengur til setunnar boðið,

Nd. 152. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Ytri-Bug í Fróðárhreppi á Snæfellsnesi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur sent frumvarpið til umsagnar jarðeignadeild ríkisins, landnámsstjóra og hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps. Mæla allir þessir aðilar með samþykkt frumvarpsins.

Þegar Alþingi hefur heimilað sölu ríkisjarða undanfarin ár, hefur ávallt verið áskilinn forkaupsréttur. Þykir nefndinni rétt, að svo verði og um þessa jörð og verði kaupendum óheimilt að selja jörðina eða hluta hennar öðrum en ríkissjóði eða næstu sveitarfélögum, þ. e. Fróðárhreppi eða Ólafsvíkurhreppi.

Nefndin mælir því með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Kaupendum er óheimilt að selja jörðina eða hluta hennar öðrum en ríkissjóði eða næstu sveitarfélögum.

Alþingi, 7. des. 1971.

Stefán Valgeirsson, form.	Eðvarð Sigurðsson, fundaskr.	Benedikt Gröndal. frsm.
Ágúst Þorvaldsson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Pálmi Jónsson.

Ed. 153. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til laga um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft til athugunar frv. til laga um Framkvæmdastofnun ríkisins. Forstjóri Efnahagsstofnunarinnar, Bjarni Bragi Jónsson, og Jón Sigurðsson hagrannsóknastjóri hafa mætt á nefndarfundi og gert grein fyrir sjónarmiðum sínum og svarað fyrirspurnum. Einnig hafa seðlabankastjórarnir Jóhannes Nordal og Davíð Ólafsson komið á fund hjá nefndinni og veitt ýmsar gagnlegar upplýsingar og ábendingar.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt með breytingum, sem hann flytur tillögur um á sérstöku þingskjali. Einn nefndarmanna ritar þó undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 7. nóv. 1971.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr.	Jón Árm. Héðinsson, með fyrirvara.
Björn Jónsson.	Páll Þorsteinsson.	

Ed. 154. Breytingartillögur [86. mál]

við frv. til laga um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin skipar þriggja manna framkvæmdaráð, er annast daglega stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Framkvæmdaráð má leysa frá störfum með mánaðarfyrirvara, og eiga þá framkvæmdaráðsmenn rétt til óskertra launa í þrjá mánuði.
   Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör framkvæmdaráðs, forstöðumanna deilda og annarra starfsmanna.
2. Við 5. gr. 4. tl. orðist svo:
   4) að ráða stofnuninni starfsfólk innan ramma fjárhagsáætlunarinnar, að fengnum tillögum forstöðumanna deilda, sbr. þó 3. gr. 1. tl.
3. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Áætlanir skulu sendar ríkisstjórninni til samþykktar, og gerir hún Alþingi grein fyrir þeim. Ríkisstjórnin skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins.
4. Við 12. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Lánastofnanir og opinberir sjóðir veita Framkvæmdastofnuninni yfirlit um lánveitingar til fjárfestingar og framkvæmda eftir nánari reglum, sem stjórn Framkvæmdastofnunarinnar setur. Stjórn stofnunarinnar getur að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar. Skulu þá lánastofnanir og opinberir sjóðir haga lánveitingum í samræmi við það. Engri stofnun er þó skylt að veita lán, sem hún telur ekki eðlilega tryggð.
5. Við 13. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Lánadeildin annast rannsóknir á arðsemi og þjóðhagslegu gildi nýrra atvinnugreina og fyrirtækja, sem fyrirhugað er að setja á stofn, í samráði við hagdeildir bankanna, og einnig rannsóknir á stöðu starfandi fyrirtækja, sem þarfnast endurskipulagningar og nýrrar fjármögnunar. Um athuganir á tæknilegum forsendum nýrra atvinnugreina skal leita umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins og viðkomandi rannsóknarstofnana.
6. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
   Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland), sem stofnaður var með lögum nr. 66 13. maí 1966, er eign ríkisins. Tekur Framkvæmdastofnun ríkisins við stjórn hans, sbr. 5. tl. 3. gr., svo og umsjá allri og rekstri.
7. Við 19. gr. 1. mgr. falli niður.
8. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er stjórn Framkvæmdastofnunarinnar að veita fé til rannsókna á nýjungum í atvinnulífi. Um slíkar styrkveitingar skal leita umsagnar viðkomandi rannsóknarstofnana eða Rannsóknaráðs ríkisins, eftir því sem við á. Einnig má verja fé til undirbúnings nýrra fyrirtækja, sem stofnunin hyggst beita sér fyrir samkvæmt síðari málsgrein 13. gr.
9. Við 29. gr. Greinin orðist svo:
   Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 8. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum.

10. Við 31. gr. Greinin orðist svo:
Stjórn Byggðasjóðs er heimilt að greiða landshlutasamtökum sveitarfélaga af fé sjóðsins sem svarar ¾ — þrem fjórðu hlutum — af árslaunum starfsmanns, að því tilskildu, að hann vinni að undirbúningi og gerð áætlana fyrir viðkomandi landshluta í samvinnu við áætlanadeild.
11. Við 38. gr. Greinin orðist svo:
Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar annast úrlausn þeirra verkefna, sem í öðrum lögum eru falin Efnahagsstofnuninni.
Forstöðumaður hagrannsóknadeildar eða fulltrúi hans hefur með höndum starf oddamanns í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 60 1964.
Nánari ákvæði um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

Ed. 155. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til laga um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Eins og frumvarp um Framkvæmdastofnun ríkisins liggur fyrir á þskj. 96 ásamt breytingartillögum meiri hl. fjárhagsnefndar á þskj. 154 er ljóst, að stefnt er að meiri afskiptum stjórnvalda af athafnalífinu og pólitískri íhlutun en kunnugt er um í nokkru vestrænu ríki. Með frumvarpinu er ekki stefnt að því að taka upp hagnýta áætlunargerð, hagrannsóknir og stjórn fjárfestingarmála, eins og í veðri er látið vaka. Fyrrverandi ríkisstjórn tók þau vinnubrögð upp í stjórn þjóðarbúskaparins, og síðasta endurskipulagning á þessu sviði var gerð með lögum nr. 66/1966, um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð, og með lögum nr. 69/1966, um Atvinnujöfnunarsjóð.

Á það er lögð rík áherzla í athugasemdum við frumvarpið, að með þeirri nýju skipan, sem þar er gert ráð fyrir, sé stefnt að betri samræmingu og samstarfi aðila og stofnana en áður hefur verið. Sannleikurinn er þó sá, að stefnt er í gagnstæða átt að mörgu leyti. Í stjórn Efnahagsstofnunarinnar sitja nú fulltrúar frá Hagstofu Íslands, fjármálaráðuneytinu, Seðlabanka Íslands og Framkvæmdasjóði. Þessi skipan stjórnarinnar hefur tryggt náið samstarf þessara aðila í áætlunar- og skýrslugerð, sem bæði Efnahagsstofnunin og þessir aðilar hafa unnið að. Í gegnum Hagráð hefur Efnahagsstofnunin haft beint samráð við fulltrúa atvinnugreina. Þá hefur Efnahagsstofnunin skipað oddamann í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins og formann stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og átt fulltrúa í Rannsóknaráði ríkisins. Allt þetta átti nú að falla niður, án þess að nokkurt annað formlegt samband kæmi í staðinn, þótt breytingartillögur meiri hl. bæti þar nokkuð um.

Framkvæmdastofnunin er samkvæmt frumvarpinu þrjár deildir. Tvær þeirra, hagrannsóknadeild og áætlanadeild, eru nú innan sömu stofnunar, Efnahagsstofnunarinnar. Hin þriðja, lánadeild, felur í sér sameiningu tveggja sjóða, Framkvæmdasjóðs og Atvinnujöfnunarsjóðs, sem staðið hafa í nánu sambandi við Efnahagsstofnunina og Seðlabankann, m. a. með því móti, að Framkvæmdasjóður hefur átt fulltrúa í stjórn Efnahagsstofnunarinnar. Um aukið samband eða samvinnu verður því ekki að ræða vegna tilkomu hinnar nýju stofnunar. Á hinn bóginn er skorið á tengsl, sem nú eru fyrir hendi, bæði við Seðlabanka, Hagráð, fjármálaráðuneyti, Rannsóknaráð og samtök atvinnugreina. Ákvæði, sem frumvarpið hefur að geyma um samvinnu lánastofnana í 14. og 15. gr., fela ekki annað í sér en þegar eru starfsvenjur þessara stofnana. Ákvæði 35. gr., sem miðar að því að komast hjá tvíverknaði í upplýsinga-

söfnun, er út í bláinn, þar sem hlutaðeigandi stofnanir gæta þess vandlega, að um tvíverknað sé ekki að ræða, og engin dæmi mun að finna um slíkt.

Loks má á það benda, að skipulag Framkvæmdastofnunar ríkisins torveldar allt samstarf við aðra aðila vegna pólitískrar uppbyggingar hennar. Minni hl. fjárhagsnefndar leggur því til, að frumvarpið verði fellt. Ef svo fer ekki, vill hann þó freista þess að sníða af frumvarpinu verstu vankantana með þeim breytingartillögum, sem hann flytur á sérstöku þingskjali.

Í frv. felst aðeins ein meginbreyting frá því kerfi um hagrannsóknir, áætlunargerð og stjórn fjárfestingarmála, sem nú ríkir. Í stað Efnahagsstofnunarinnar, sem lýtur stjórn embættismanna undir beinni yfirstjórn forsætisráðherra og í nánum tengslum við aðra ráðherra, á að setja á laggirnar Framkvæmdastofnun ríkisins. Verður hún geysilegt bákn, sem skal lúta daglegri stjórn þriggja pólitískra eftirlitsmanna stjórnarflokkanna, sem hlotið hafa heitið „kommissarar“ manna á meðal að austrænni fyrirmynd. Til marks um það ofurvald, sem þessum pólitísku „kommissörum“ er veitt í frumvarpinu, er, að verksvið þeirra er ekki skilgreint til neinnar hlítar, og ekki verður annað séð en þeim sé einum ætlað að gefa umsagnir um einstakar lánsumsóknir frá einkaaðilum eða sveitarfélögum og fái þannig vald til að „raða“ umsóknum að vild. Geta þeir þannig í framkvæmdinni haft sömu óheillaáhrifin á athafnalífið í landinu og lamandi haftakerfi hefur áður haft. Ef ekki er verið að sækjast eftir slíkum pólitískum afskiptum af athafnalífinu, væru hinir pólitísku „kommissarar“ með öllu óþarfir. Af þeim ástæðum er lagt til á þskj. 156, að í stað þeirra fari forstöðumenn deilda með daglega stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, enda er það eðlilegast, að sérmenntaðir menn og hlutlausir hafi það starf með höndum, þar sem pólitísk afskipti af útlánum til fjárfestingar í atvinnulífinu eru óæskileg. Þar á að leggja hlutlaust hagkvæmnismat til grundvallar.

Fyrir alllöngu var ríkisstjórnum hér á landi ljóst, að til þyrfti að vera aðili, sem hefði á hendi rannsókn á þjóðarbúskapnum og væri ríkisstjórninni til ráðuneytis í efnahagsmálum. Í fyrstu var reynt að leysa vandann með því að kalla til sérfræðinga, sem störfuðu takmarkaðan tíma að athugunum eða tillögugerð á þessu sviði. Þannig kvöddu ríkisstjórnir Hermanns Jónassonar 1934—1939 og 1956—1958 til erlenda sérfræðinga í þessu skyni.

Á síðari árum var þessari starfsemi komið fyrir í föstu formi hjá ákveðinni stofnun, og var það gert fyrst með tilkomu Efnahagsmálaráðuneytisins 1959 og síðar Efnahagsstofnunarinnar 1962. Í 13. gr. núgildandi laga um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð eru ákvæði um hagrannsóknadeild, sem annist hagfræðilegar athuganir fyrir ríkisstjórnina, Seðlabankann og aðra opinbera aðila, eftir því sem um semst. Jafnframt er kveðið svo á, að deildin sé ríkisstjórninni til ráðuneytis í efnahagsmálum. Í frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins er hagrannsóknadeildin fjarlægð ríkisstjórninni. Henni ber ekki skylda til að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í efnahagsmálum, og hún á ekki að hafa frumkvæði að athugunum fyrir ríkisstjórnina, heldur framkvæma þær eftir því, sem um er beðið. Hún á að vera hluti stofnunar, sem lýtur annarri stjórn en ríkisstjórnarinnar. Þess vegna verður ekki um náið samband milli ríkisstjórnarinnar og hagrannsóknadeildar að ræða, sem er forsenda góðs ráðuneytis í efnahagsmálum. Sú þjónusta, sem hagrannsóknadeildin á að inna af hendi, er yfirleitt framkvæmd í nálægum löndum af deildum í fjármálaráðuneytinu, t. d. í Noregi, Svíþjóð og Englandi, eða af sérstökum stofnunum, eins og í Danmörku og var um skeið í Svíþjóð. Í Bandaríkjunum gegnir þriggja manna ráð sérfræðinga, sem heyrir beint undir forsetann, þessu sama hlutverki. Hér á landi hefur Efnahagsstofnunin annazt þetta hlutverk, en jafnframt verið hlutlaus upplýsingasafnari og miðlari, sem allir aðilar hafa getað treyst. Óþarft er að tíunda mikilvægi slíkrar stofnunar hér á landi. Því er lagt til með hliðsjón af framansögðu, að Efnahagsstofnunin starfi áfram að öðru leyti en því, að áætlunargerð falli undir verksvið Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ef sú

tillaga verður samþykkt við 2. umræðu, munu þar af leiðandi breytingartillögur verða fluttar við lög nr. 66/1966 og við frv. við 3. umræðu.

Jafnframt er lagt til, að Hagráð starfi áfram. Þar koma saman fulltrúar stjórnmálaflokka, atvinnuvega, launþega og vinnuveitenda til þess að bera saman ráð sín. Efnahagsstofnunin hefur sem ópólitískur aðili lagt fyrir Hagráð ýtarlegar skýrslur um ástand og horfur í þjóðarbúskapnum hverju sinni. Þar hefur því verið vettvangur upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta fyrrgreindra aðila, þar sem margt gagnlegt hefur komið fram. Frekar sýnist því ástæða til að efla Hagráð og lagfæra þá annmarka, sem fram hafa komið í starfsemi þess, en alls ekki að leggja það niður.

Frumvarpið um Framkvæmdastofnun ríkisins fjallar að miklu leyti um áætlunargerð. Í athugasemdum við frumvarpið er talað um eflingu atvinnuveganna „með skipulegum áætlunarvinnubrögðum“ og sagt, að stefnt sé að því, „að íslenzkur þjóðarbúskapur þróist í framtíðinni með skipulegum hætti“. Í ræðum fulltrúa ríkisstjórnarinnar og í greinum stuðningsblaða hennar hefur einnig mikið verið um áætlanir og áætlunargerð talað sem eins konar allra meina bót. Í frumvarpinu sjálfu og athugasemdum við það er þó hvergi að finna neina skilgreiningu á því, hvað áætlunargerð sé né hvernig eigi að beita henni. Enn síður er slíkar upplýsingar að finna í áðurnefndum ræðum og blaðagreinum. Þó er hér síður en svo um einfalt mál að ræða, heldur óvenju flókið. Ekki virðist óeðlilegt að ætlast til þess, að þeir, sem allan vanda telja sig geta leyst á grundvelli áætlana og áætlunargerðar, geri skilmerkilega grein fyrir, hvað í þessu felist.

Áætlunargerð var mjög rædd hér á landi á árunum milli 1930 og 1940. Eftir styrjöldina, eða á árunum 1945—50, hafði ríkisvaldið mikil afskipti af starfsemi hagkerfisins til þess að laga það að nýjum og erfiðum aðstæðum eftir styrjöldina. Á hvorugu þessara tímabila var þó gerð alvarleg tilraun til áætlunargerðar, enda má telja, að skortur á hagrænum upplýsingum og reyndum sérfræðingum hafi útilokað þetta með öllu. Á árunum 1950—1960 beindist athyglin hér á landi sífellt að aðkallandi efnahagsvandamálum og voru ekki gerðar tilraunir til að vinna að áætlunargerð. Ríkisstjórn Hermanns Jónassonar hafði að vísu ákveðið að hefja undirbúning áætlunargerðar og sett nefnd manna til að starfa að því verkefni á árinu 1958, en vegna vaxandi sundurþykkis innan ríkisstjórnarinnar tók sú nefnd aldrei til starfa. Allt, sem unnið hefur verið að áætlunargerð hér á landi, hefur því verið unnið á áratugnum 1960—1970, á valdatíma fyrrverandi ríkisstjórnar.

Þetta starf var fólgið í gerð þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar fyrir árin 1963—1966, er fór fram á árunum 1961—1962, gerð árlegra framkvæmda- og fjáröflunaráætlana fyrir opinberar framkvæmdir og fjárfestingarlánasjóði frá og með árinu 1963, gerð langtímaáætlana um samgöngumál og menntamál á vegum Efnahagsstofnunarinnar og hlutaðeigandi ráðuneyta, gerð byggðaáætlana fyrir Vestfirði, Norðurland og Austfirði og gerð athugana og áætlana um þróun einstakra atvinnugreina á vegum Efnahagsstofnunarinnar og hlutaðeigandi ráðuneyta, einkum um þróun iðnaðarins í sambandi við inngöngu Íslands í EFTA. Jafnframt var reynt að gera sér sem gleggsta grein fyrir eðli áætlunargerðar og hvernig unnt væri og skynsamlegt að beita áætlunargerð við íslenzkar aðstæður. Kemur þetta fram í fyrsta kafla Þjóðhags- og framkvæmdaáætlunarinnar fyrir árin 1963—1966 og í þeirri ræðu, sem þáverandi forsætisráðherra, Ólafur Thors, flutti á Alþingi, þegar sú áætlun var lögð fram. Í skýrslu sinni um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1967, er flutt var í sameinuðu Alþingi 7. apríl 1967, gerði Magnús Jónsson, þáverandi fjármálaráðherra, grein fyrir þróuninni á áætlunartímabilinu 1963—66, jafnframt lýsti hann viðhorfum ríkisstjórnarinnar til áætlunargerðar almennt. Á þessu ári, 1967, fóru einnig fram á vegum Efnahagsstofnunarinnar ýtarlegar athuganir á því, hvernig heppilegast væri að vinna að áætlunargerð hér á landi. Í því skyni kom hingað í heimsókn erlendur sérfræðingur í áætlunargerð, Albert Waterston frá Alþjóðabankanum í Washington. Voru á því ári einnig haldnar ráðstefnur

um áætlunargerð og umræður um þetta efni fóru fram í Hagráði. Niðurstöður þessara athugana birtust í skýrslu Waterstons: „Tillögur um hagnýta áætlunargerð á Íslandi", frá 20. nóvember 1967 og í „Áliti og tillögum um áætlunargerð", sem stjórn Efnahagsstofnunarinnar gekk frá 26. marz 1968. Voru helztu niðurstöður athugananna þær, að sú áætlunargerð, sem reynzt hefði hagnýtust bæði hér á landi og í öðrum löndum, sé, auk fjárlagagerðar, annars vegar gerð almennra þjóðhagsáætlana og áætlana um opinberar framkvæmdir til eins eða tveggja ára, hins vegar gerð áætlana um einstakar greinar atvinnulífs og opinberra framkvæmda og þjónustu til langs tíma, þ. e. yfirleitt fimm til tíu ára. Jafnframt þyrftu áætlanirnar til langs tíma um einstakar greinar framkvæmda og atvinnulífs að styðjast við almennt yfirlit um þróun efnahagsmála á því tímabili, sem þær fjölluðu um, og tengjast fjárlögum og árlegum framkvæmdaáætlunum. Báðar þessar skýrslur voru ræddar í Hagráði 9. apríl 1968 og lagðar fram á Alþingi ásamt skýrslu fjármálaráðherra um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1968 í sameinuðu Alþingi 18. apríl það ár.

Á þeim rúmu þremur árum, sem liðin eru síðan þessar athuganir voru gerðar, hefur sífellt verið unnið að áætlunargerð í samráði við þá stefnu, sem mörkuð var. Hinir miklu efnahagsörðugleikar áranna 1968—69 drógu þó nokkuð úr þessu starfi, þar sem einbeita þurfti sér að bráðum aðgerðum til að sigrast á þeim erfiðleikum. Á þessu tímabili hefur verið lokið við gerð almennrar og yfirgripsmikillar samgönguáætlunar, er m. a. var undanfari hraðbrautagerðar, haldið hefur verið áfram áætlunargerð á sviði menntamála, sem nú fer að mestu fram í menntamálaráðuneytinu sjálfu, lokið hefur verið áætlun um þróun Háskóla Íslands, lokið hefur verið áætlun um þróun iðnaðarins á næstu 10 árum á vegum iðnaðarráðuneytisins og í samvinnu við Efnahagsstofnunina, lokið hefur verið víðtækri upplýsingasöfnun og athugun, er miðar að endurskoðun stefnunnar í landbúnaðarmálum, gengið hefur verið frá Norðurlandsáætlun og samgönguáætlun fyrir Austfirði og starf hafið að nýju við Vestfjarðaáætlun. Þá hafa miklar framfarir átt sér stað í undirbúningi opinberra framkvæmda, eftir að lög um það efni höfðu verið sett. Síðast, en ekki sízt hafa lánastofnanir, bæði sjóðir og bankar, tekið upp ný vinnubrögð við meðferð og undirbúning lánsumsókna, er fela í sér miklu víðtækari og nákvæmari áætlunargerð um rekstur fyrirtækja og undirbúning framkvæmda en áður tíðkaðist. Allt eru þetta einmitt þau atriði, sem mest áherzla var lögð á í áðurnefndum skýrslum.

Á því leikur því ekki vafi, að á undanförnum 10 árum og ekki sízt s. l. þrjú ár hafa orðið miklar framfarir í áætlunargerð hér á landi. Þær framfarir eru byggðar á traustum grunni, þar sem þær felast í því, að margir aðilar, bæði opinberir aðilar, lánastofnanir og fyrirtæki, hafa tekið að beita áætlunargerð. Jafnframt hafa ráðuneyti og Efnahagsstofnunin mótað áætlanir sem almennt yfirlit um stefnu og þróun, sem orðið hefur hlutaðeigandi stjórnvöldum, stofnunum, atvinnugreinum og fyrirtækjum leiðarvísir, án þess að þurft hafi að beita gerræðisfullu valdboði.

Því miður eru ekki horfur á, að það frumvarp, sem hér liggur fyrir, muni stuðla að áframhaldandi þróun heilbrigðrar og hagnýtrar áætlunargerðar á Íslandi. Ber margt til þess. Í fyrsta lagi eru hugmyndir þær um áætlunargerð, sem fram koma í frumvarpinu og í umsögnum þeirra manna, er að því standa, óskilmerkilegar, óákveðnar og beinlínis mótsagnakenndar. Í öðru lagi hlýtur það skipulag og stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að torvelda samvinnu um áætlunargerð við ráðuneyti og samtök atvinnugreina í stað þess að auðvelda hana. Í þriðja lagi stefnir frumvarpið að því, að áætlunargerð færist sem mest til einnar stofnunar, sem ráði yfir víðtæku og allt að gerræðisfullu valdi, í stað þess, að áætlunargerðin fari sem mest fram hjá einstökum ráðuneytum, opinberum stofnunum, lánastofnunum, samtökum og fyrirtækjum.

Í 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því, að Framkvæmdastofnunin

geti með valdboði skyldað allar lánastofnanir og opinbera sjóði til þess að lána ótilgreindar upphæðir til hvers konar ótilgreindra framkvæmda. Með þessu er dregið saman í hendur hinna pólitísku „kommissara“ og ríkisstjórnarinnar slíkt fjármálalegt ofurvald, að það á sér enga hliðstæðu nema í einræðisríkjum. Þetta er andstætt öllum fyrri yfirlýsingum stjórnarflokkanna um dreifingu valdsins og aukin áhrif almennings og byggðarlaganna. Í 1. mgr. 12. gr. er á hinn bóginn ákvæði um, að hið opinbera samræmi útlán allra opinberra stofnlánasjóða. Minni hlutinn telur rétt, að það verði gert hér eftir, eins og verið hefur á síðustu árum, með samningum við viðkomandi lánastofnanir. Því leggur minni hlutinn til, að 3. mgr. 12. gr. verði felld úr frv.

Í frv. er lagt til, að breytt sé um nafn á Atvinnujöfnunarsjóði og hann kallaður Byggðasjóður. Sjóðurinn á m. a. að láta gera og framkvæma byggðaáætlanir, eins og tekið var upp í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar, og stuðla að eðlilegri byggðaþróun. Gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að stjórn Byggðasjóðs verði sú sama og Framkvæmdastofnunar ríkisins með þeim annmörkum, sem á því eru vegna áhrifa hinna pólitísku „kommissara“. Einsýnt er, að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar mun hafa ærnu hlutverki að gegna, þar sem eru lánveitingar Framkvæmdasjóðs og hvers konar áætlunar- og skýrslugerð stofnunarinnar. Vegna mikilvægis Byggðasjóðs og framkvæmdar heilbrigðrar byggðastefnu í landinu er því rík ástæða til, að Byggðasjóður lúti sérstakri stjórn, er þá mundi verða valin með tilliti til þess sérstaka hlutverks, sem hann á að gegna. Er því lagt til í breytingartillögum á þskj. 156, að kosin verði sérstök stjórn fyrir Byggðasjóð og þannig komið til móts við byggðarlögin. Mun það og hafa vakað fyrir ríkisstjórninni við myndun hennar að hafa þennan hátt á, eins og í málefnasamningi hennar segir. Eðlilegt sýnist einnig, að stjórn Byggðasjóðs hafi samráð við landshlutasamtök sveitarfélaga við ráðstöfun fjár úr sjóðnum.

Þótt minni hl. nefndarinnar flytji þær breytingartillögur, sem hér hefur verið greint frá, er rétt að ítreka að lokum andstöðu við frv. í heild, þar sem með frv. er flutt vald, sem nú er dreift meðal einstaklinga, félagasamtaka, sveitarfélaga og stofnana víðs vegar á landinu, og fengið í hendur fámennrar, flokkspólitískrar miðstjórnar í Reykjavík.

Alþingi, 7. des. 1971.

Geir Hallgrímsson, frsm. Halldór Blöndal.

Ed. 156. Breytingartillögur [86. mál]

við frv. til laga um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (GH og HB).

1. Við 3. gr. 6. tl. fellur niður.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Forstöðumenn deilda skipa framkvæmdaráð. Skal það annast daglega stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins.
3. Við 6. gr. Greinin ásamt kaflafyrirsögn fellur niður.
4. Við 12. gr. 3. mgr. fellur niður.
5. Við 26. gr. Greinin orðist svo:
   Byggðasjóður er eign ríkisins og starfar sem hluti af Framkvæmdastofnun ríkisins og lýtur sérstakri 7 manna stjórn, kjörinni hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum kosningum til Alþingis.

6. Við 32. gr. Við greinina bætist ný mgr.:
Stjórn Byggðasjóðs skal hafa samráð við landshlutasamtök sveitarfélaga við ráðstöfun fjár úr sjóðnum.

Nd. 157. Frumvarp til laga [157. mál]

um vörugjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Enginn má framleiða vöru í söluskyni, sem gjaldskyld er samkvæmt lögum þessum, nema hann hafi áður fengið til þess leyfisbréf hjá tollstjóra í því umdæmi, sem framleiðslan fer fram.

Fyrir leyfisbréf skal greiða 10 000 kr. til ríkissjóðs. Leyfisbréf, er heimilar vörugerð samkvæmt lögum þessum, skal koma í stað iðjuleyfis samkvæmt lögum nr. 18/1927, um iðju og iðnað, og ákvæði 13. tl. 29. gr. laga nr. 104/1965, um aukatekjur ríkissjóðs.

Leyfisbréf til vörugerðar gildir í 5 ár frá og með útgáfudegi. Fyrir endurnýjun leyfisbréfs skal gjalda 5 000 kr. í ríkissjóð.

2. gr.

Af vörum þeim, sem inn er fluttar eða framleiddar eru innanlands og flokkast undir tollskrárnúmer þau, sem talin eru í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða vörugjald til ríkissjóðs, sem hér segir:

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Gjaldeining	Vörugjald í kr.
17.04	Sykurvörur, sem kakaó er ekki í:		
01	Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur	1 kg	45.60
03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur	1 kg	45.60
04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	1 kg	45.60
05	Karamellur	1 kg	45.60
09	Aðrar	1 kg	45.60
18.06	Súkkulaði og aðrar neyzluvörur, sem í er kakaó:		
úr 18.06.09	Súkkulaðiís og ís húðaður með súkkulaði	—	0.00
úr 18.06.09	Suðusúkkulaði, þ. e. hreint súkkulaði, sem í er einungis kakaóbaunir, kakaósmjör og sykur, með hámarksfeiti 30%. Lágmarksstærð í smásöluumbúðum 100 grömm	1 kg	20.80
úr 18.06.09	Annað	1 kg	45.60
22.01.01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	1 l	6.20
22.02.00	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telst til nr. 20.07	1 l	6.00
22.03.00	Öl gert úr malti:		
úr 22.03.00	Maltöl og annað yfirgerjað næringaröl, sem inniheldur minnst 8% af maltextrakti og minna en 2% alkóhólmagn miðað við rúmmál	1 l	3.80
úr 22.03.00	Annað	1 l	6.80

3. gr.

Vörugjald skv. 2. gr. skal greiða eftir magni vöru, að öllum umbúðum frátöldum, en eftir rúmmáli, sé um vökva að ræða. Gjald reiknast af hverri heilli gjaldeiningu.

4. gr.

Framleiðandi gjaldskyldrar innlendrar vöru skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi tollstjóra, áður en vara er afhent af framleiðslustað eða seld.

5. gr.

Vörugjald af innfluttum vörum skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau gjöld. Að þessu og öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 1/1970, um tollskrá o. fl., og ákvæði laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, eftir því sem við á, um vörugjald af innfluttum vörum.

6. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að endurgreiða gjald, sem greitt hefur verið samkvæmt lögum þessum af vörum, sem fluttar hafa verið til útlanda til sölu þar eða endursendar, ef útflutningur varanna fer eftir reglum tollalaga, sbr. ákvæði 11. tl. 3. gr. laga nr. 1/1970, um tollskrá o. fl., og ákvæði 57. gr. laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður eða endurgreiða gjald, sem greiða ber samkvæmt lögum þessum, af vörum, sem seldar eru úr verzlunum, sem eingöngu selja til farþega í ferðum milli landa.

7. gr.

Fjármálaráðherra sker úr, verði ágreiningur um, hvaða vörur séu gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum.

Fjármálaráðherra setur reglugerð um innlenda vörugerð, um hús, rúm og búnað, þar sem vörugerð fer fram, um geymslu á hráefnum og tilbúnum óafhentum vörum, um gerð og merkingu umbúða, um afhendingu og sölu varanna, um bókhald vörugerðar og annað það, er þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtuna.

Þá skal ákveða með reglugerð, hvernig auðkenna skuli vörureikninga þá, er fylgja gjaldskyldri vöru framleiðanda eða umboðssala, svo og hvernig slík vara skuli auðkennd framleiðanda og innflytjanda, þegar varan er seld í smásölu.

8. gr.

Heimilt skal tollyfirvaldi eða öðrum aðila í umboði fjármálaráðuneytisins að kanna birgðir vörugjaldsskyldra vara verzlana og annarra sölustaða, sem selja gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum til neytenda. Á slíkum stöðum skulu jafnan vera fyrir hendi auðkenndir innkaupsreikningar yfir allar innlendar vörugjaldsskyldar vörur, sem á boðstólum eru, og skulu eftirlitsmenn hafa aðgang að þeim, hvenær sem er.

9. gr.

Óheimilt er að taka við innlendum framleiðsluvörum, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum og ætlaðar eru til endursölu, nema þeim fylgi auðkenndur vörureikningur í samræmi við ákvæði reglugerðar, sem fjármálaráðuneytið setur. Þá er og óheimilt að taka við innfluttum vörugjaldsskyldum vörum, nema smásöluumbúðir þeirra séu auðkenndar innflytjanda í samræmi við ákvæði sömu reglugerðar.

Ef aðili verður uppvís að því að taka á móti vörugjaldsskyldri vöru á vörureikningi, sem ekki er auðkenndur samkvæmt framansögðu, eða án vörureiknings, eða án auðkennis innflytjanda á smásöluumbúðum, skal hann ábyrgjast greiðslu gjaldsins.

Að öðru leyti skal farið með mál hans skv. 14. gr. þessara laga.

10. gr.

Sé gjald af innlendri framleiðslu ekki innt af hendi á réttum tíma, getur tollstjóri látið lögreglu stöðva atvinnurekstur viðkomanda, þar til full skil eru gerð,

með því m. a. að setja verkstofur hans, tæki og vörur undir innsigli. Þó skal tollstjóri eigi láta stöðva framleiðslu á þeirri vöru, sem unnið er að við lokun, ef hann telur hættu á, að birgðir hálfunninna vara, vélar eða verkfæri skemmist, verði vörugerð eigi lokið. Gjaldskyldar vörur framleiðanda og birgðir efnis í þær skulu vera að veði fyrir gjaldinu, sektum og málskostnaði. Til lúkningar gjaldi, sektum og málskostnaði getur tollstjóri án undangengins lögtaks eða fjárnáms selt slíkar birgðir, sem fyrirfinnast, á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara.

11. gr.

Til loka apríl 1972 skal ríkissjóður greiða framlag til Styrktarsjóðs fatlaðra, sem er í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, er nemur 4.00 kr. af hverju kílógrammi innlendrar framleiðslu, sem fellur undir tollskrárnúmer 17.04.01, 17.04.03, 17.04.04, 17.04.05 og 17.04.09, og enn fremur af innlendri framleiðslu þeirra vara, er falla undir tollskrárnúmer 18.06.09 og gjaldskyldar eru skv. 2. gr., annarri en suðusúkkulaði í 100 g umbúðum og stærri, sbr. sömu gr.

12. gr.

Til loka júní 1976 skal ríkissjóður greiða framlag til Styrktarsjóðs vangefinna, sem er í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, er nemur 1.95 kr. af hverjum lítra innlendrar framleiðslu, sem fellur undir tollskrárnúmer 22.01.01, 22.02.00 og 22.03.00.

Framlagi ríkissjóðs skal varið til að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

13. gr.

Ríkissjóður greiðir eigi framlag skv. ákvæðum 11. og 12. gr. af framleiðslu, sem flutt er úr landi eða seld er úr verzlunum, sem eingöngu selja til farþega í ferðum milli landa, sbr. ákvæði 6. gr.

14. gr.

Ítrekað brot gegn lögum þessum varðar missi leyfisbréfs um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, eftir ákvörðun fjármálaráðherra hverju sinni.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal með farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sektir renna í ríkissjóð.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 60 30. des. 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, lög nr. 78 1. júlí 1966, um aðstoð við vangefið fólk og samtök hjarta- og æðaverndarfélaga, svo og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 25 16. apríl 1962, um aðstoð til fatlaðra, og 2. og 3. gr. sömu laga, svo og lög nr. 9 25. marz 1965, um breytingu á sömu lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Framleiðendur vörugjaldsskyldrar vöru mega stunda framleiðslu samkvæmt leyfum, er gild voru skv. ákvæðum laga nr. 60/1939, í 5 ár frá og með gildistöku þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Megintilgangur frumvarps þessa er, að gjald það, sem lagt hefur verið á nokkrar vörutegundir framleiddar hérlendis skv. lögum nr. 60/1939, verði einnig lagt á sams konar vörur innfluttar.

Hingað til hefur það ekki valdið neinu verulegu misræmi, þó að gjald þetta næði ekki til innfluttra vara, því að um innflutning þeirra hefur tæpast verið að ræða,

vegna innflutningshamla og hárra tolla. Nú er hins vegar breyting í nánd, að því er snertir innflutning þýðingarmikilla vörutegunda, sem falla undir þessa gjaldtöku, þar sem eru þau ákvæði samkomulags Íslands um aðild að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA), að innflutningshömlur á sælgæti skuli afnema í áföngum á árunum 1972—1975 og jafnframt að lækka skuli tolla á innflutningi sælgætis frá aðildarríkjum EFTA í áföngum á tímabilinu 1970—1980. Af þessu leiðir, að til að skapa jafnræði milli innfluttra og innlendra vara, að því er þessar álögur snertir, verður að breyta núgildandi lögum nr. 60/1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, þannig, að nefnt gjald (í þessu frumvarpi nefnt vörugjald) verði einnig lagt á innfluttar vörur, eins og lagt er til í þessu frumvarpi.

Athugasemdir um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 60/1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, skal gjalda 100 kr. til bæjar- eða sveitarsjóðs fyrir leyfisbréf, auk gjalds fyrir iðjuleyfi skv. lögum nr. 18/1927, en það gjald er nú 2000 kr. og rennur til ríkissjóðs.

Lagt er til, að gjald fyrir leyfisbréf til tollvörugerðar verði nú ákveðið 10 000 kr., og að eigi verði annars leyfis krafizt til slíks iðjurekstrar. Nauðsynlegt þykir að draga úr því, að um leyfi til tollvörugerðar sæki aðrir en þeir, sem raunverulega áforma tollvörugerð sem atvinnurekstur.

Nú munu um 70 aðilar í Reykjavík hafa leyfi til tollvörugerðar. Aðeins 17 þessara aðila reka tollvörugerð reglulega, en nokkrir öðru hvoru. Engu að síður er ljóst, að mikill meiri hluti leyfanna liggur ónotaður. Það er til mikils hagræðis fyrir tollyfirvöld að vita gjörla, hverjir hafa leyfi í höndum og nota þau til að stunda framleiðslu. Hér er því lagt til, að leyfi til tollvörugerðar verði endurnýjuð reglulega og þá gegn 5000 kr. gjaldi til ríkissjóðs.

Um 2. gr.

Það nýmæli er tekið upp í frumvarpið samkvæmt framanrituðu, að vörugjald skuli einnig innheimt af innfluttum gjaldskyldum vörum, jafnóðum og innflutningur þeirra verður gefinn frjáls.

Til þess að tryggja samræmi í sköttun innlendrar framleiðslu og innflutnings er lagt til, að skattskyldar vörur verði flokkaðar samkvæmt tollskrárnúmerum, í stað þess að bera heiti svo sem „kókosbollur“ og „rjómalengjur“, sem mjög er óljóst, hvað í raun og veru þýða.

Lagt er til, að hætt verði að innheimta framleiðslugjöld af kaffibæti og kaffilíki. Gjöld þessi hafa verið 1.80 kr. af hverju kílógrammi, en framleitt magn hefur farið hraðminnkandi ár frá ári. Enn fremur af sykri, sírópi og melassa í tollskrárnúmeri 17.05.00 og ávaxta- og grænmetissafa í tollskrárnúmeri 20.07.01 og 09, en framleiðslugjöld af þessum tveimur vöruflokkum hafa verið hverfandi.

Ákvæði 2. gr. laga nr. 60/1939 um framleiðslugjöld af vindlum og vindlingum eru ekki tekin upp í frumvarpið. Þar sem einkasala er á tóbaksvörum í landinu, þykir ekki ástæða til að skattleggja sérstaklega framleiðslu á tóbaksvörum, ef til framleiðslu þeirra kæmi hér á landi.

Að frátöldum þeim vörutegundum, sem hér hefur verið minnzt á, er lagt til, að framleiðslugjaldið verði innheimt af sömu vörum og skattur er lagður á skv. 2. gr. laga nr. 60/1939.

Fram til þessa hefur verið innheimt þrenns konar framleiðslugjald: Gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. lög nr. 60/1939, gjald til Styrktarsjóðs fatlaðra, sbr. lög nr. 25/1962, um aðstoð til fatlaðra, og lög nr. 9/1965, um breytingu á þeim lögum, svo og gjald til Styrktarsjóðs vangefinna og Hjartaverndar, samtaka hjarta- og æðaverndarfélaga á Íslandi, sbr. lög nr. 78/1966, um aðstoð við vangefið fólk

og samtök hjarta- og æðaverndarfélaga. Hér er lagt til, að gjöld þessi verði sameinuð í eitt með því að leggja saman upphæðir þeirra gjalda, er lögð hafa verið á hverja magneiningu.

Lagt er til, að allar tekjur skv. 2. gr. renni til ríkissjóðs.

Verði frumvarp þetta að lögum, hefur heilbrigðismálaráðherra ákveðið að nema úr gildi reglugerð nr. 67/1940, um matvælaeftirlitsgjald.

Um 3. gr.

Framleiðslugjöld hafa jafnan verið greidd eftir magni vöru. Magn innlendrar framleiðslu hefur jafnan verið reiknað án umbúða. Augljósir annmarkar eru á því að breyta þeirri framkvæmd og er því lagt til, að svo skuli enn gert.

Um 4. og 5. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Skv. ákvæðum 4. gr. laga nr. 60/1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, er heimilt að endurgreiða af útflutningi álögð gjöld samkvæmt lögunum. Er það heimildarákvæði óbreytt í þessum lögum.

Nýmæli er hins vegar 2. mgr. 6. gr. Þykir rétt að aðilar, sem selja vörur til farþega í millilandaflugi, njóti sömu undanþágu um endurgreiðslu á vörugjaldi og þeir aðilar, sem selja beint til útlanda.

Um 7. gr.

Ákvæði greinarinnar eru að mestu samhljóða ákvæðum 6. gr. laga nr. 60/1939. Nýmæli er sú tillaga, að ákveða skuli með reglugerð, hvernig innflutt framleiðsla skuli auðkennd í smásölu. Í reglugerð nr. 41/1968 eru fyrirmæli til innlendra framleiðenda um að auðkenna framleiðslu sína og þykir því ekki óeðlilegt, að slík fyrirmæli verði einnig sett innflytjendum vöru, sem framleiðslugjald ber að greiða af.

Um 8. gr.

Álagning og innheimta vörugjalds, eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir, er erfið með viðhlítandi öryggi. Frumvarpsgreinin felur í sér nauðsynlegar lagaheimildir til að halda uppi eftirliti með því, að verzlanir og aðrir sölustaðir hafi ekki á boðstólum vörur, sem gjald hefur ekki verið greitt af.

Um 9. gr.

Reynslan hefur sýnt, að eftirlit með innheimtu gjaldsins hefur ekki verið eins árangursríkt og æskilegt má telja, þar eð ekki hefur verið hægt að sækja til ábyrgðar þá aðila, sem taka á móti vörum, vitandi það, að vörunni hefur verið skotið undan vörugjaldi.

Greinin felur þannig í sér tilraun til öruggari innheimtu gjaldsins en verið hefur.

Um 10. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr. 60/1939.

Framkvæmd á innheimtu vörugjalds í Reykjavík hefur árum saman verið í samræmi við efni greinarinnar og þykir rétt, að ótvíræð lagaheimild sé að baki þeirri framkvæmd.

Um 11. gr.

Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir, að Styrktarsjóður fatlaðra, sbr. lög nr. 25/1962 og lög nr. 9/1965 um breyting á þeim lögum, haldi tekjum sínum óskertum til þess tíma, er ákvæði fyrrgreindra laga segja til um, eða til marzloka 1972. Frá þeim tíma er gert ráð fyrir, að horfið verði frá núverandi skipan og fjárþörfum sjóðsins mætt með fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni.

Um 12. gr.

Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir, að Styrktarsjóður vangefinna, sbr. lög nr. 78/1966, haldi tekjum sínum óskertum til þess tíma, er ákvæði fyrrgreindra laga segja til um eða til júníloka 1976. Frá þeim tíma er gert ráð fyrir, að horfið verði frá núverandi skipan og fjárþörfum sjóðsins mætt með fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni.

Gert er jafnframt ráð fyrir, að tekjur þær, sem Hjartavernd, samtök hjarta- og æðaverndarfélaga hafa haft af seldum öl- og gosdrykkjaflöskum verði afnumdar, en á móti komi sérstakar fjárveitingar á fjárlögum hverju sinni, sbr. frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1972.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Sjá athugasemdir við 11. og 12. gr.

Nd. 158. Lög [19. mál]

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Afgreidd frá Nd. 8. des.)

Samhljóða þskj. 77.

Ed. 159. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51/1956, um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. des. 1971.

Ragnar Arnalds, form.	Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr., frsm.	Jón Árm. Héðinsson.
Halldór Blöndal.	Geir Hallgrímsson.	Björn Jónsson.
	Páll Þorsteinsson.	

Ed. 160. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til laga um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt.

Alþingi, 8. des. 1971.

Ragnar Arnalds, form.	Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson. frsm.
Halldór Blöndal.	Geir Hallgrímsson.	Björn Jónsson.
	Jón. Árm. Héðinsson.	

Ed. 161. Breytingartillaga [86. mál]

við brtt. á þskj. 156 [Framkvæmdastofnun ríkisins].

Frá Ragnari Arnalds.

Við 6. tl. Liðurinn orðist svo:
Við 32. gr. Við greinina bætist ný mgr.:
Stjórn Byggðasjóðs skal leita umsagnar viðkomandi landshlutasamtaka sveitarfélaga við ráðstöfun fjár úr sjóðnum, eftir því sem við verður komið.

Ed. 162. Breytingartillaga [86. mál]

við frv. til laga um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá Geir Hallgrímssyni.

Við 32. gr. Við greinina bætist ný mgr.:
Stjórn Byggðasjóðs skal hafa samráð við viðkomandi landshlutasamtök sveitarfélaga við ráðstöfun fjár úr sjóðnum.

Ed. 163. Frumvarp til laga [122. mál]

um aðstoð ríkisins við kaup og rekstur á snjóbílum, þar sem þeirra er þörf vegna heilbrigðisþjónustu.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

Í héruðum, þar sem læknislaust er eða heilbrigðisþjónusta er látin öðrum héruðum í té og samgöngur teppast um lengri eða skemmri tíma vegna snjóa, veitir ríkið aðstoð við kaup og rekstur snjóbíla, eins og segir í lögum þessum. Ríkið veitir sömu aðstoð, ef þörf þykir vera fyrir snjóbíl vegna heilbrigðisþjónustu innan héraðs, þar sem læknir situr.

2. gr.

Framlag ríkisins skal nema allt að 40 af hundraði til kaupa og 50 af hundraði til rekstrar hvers snjóbíls. Framlag til rekstrar skal þó aldrei vera meira en rekstrarhalli, enda er gert ráð fyrir því, að eðlilegt gjald sé tekið af farþegum og fyrir annan flutning.

Fé til þessa skal veitt á fjárlögum.

3. gr.

Vegagerð ríkisins skal athuga, hvort snjóbílum verði við komið. Jafnframt er heimilt að greiða úr vegasjóði kostnað við lagfæringar á akstursleiðum í því skyni að gera fært fyrir snjóbíla á vetrum og einnig kostnað við að merkja akstursleiðir, þar sem þörf krefur.

4. gr.

Beiðnir um fjárhagsaðstoð samkvæmt lögum þessum skulu sendar samgönguráðuneytinu, sem metur þá þörf, sem talin er vera fyrir hendi á hverjum stað. Sé um kaup á snjóbíl að ræða, skal ráðuneytið leita umsagnar landlæknis. Mat ráðuneytisins skal fylgja umsókn um fjárveitingu.

5. gr.

Framlag til rekstrar snjóbíla greiðist hvert ár eftir á, þá er samgönguráðuneytið hefur fengið rekstrarskýrslur, sem því skulu sendar árlega.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í sumum af hinum mörgu læknislausu héruðum landsins hafa snjóbílar rutt sér til rúms á vetrum, þar sem samgöngur eru erfiðar vegna snjóa iðulega um langan tíma. Hafa þessi tæki reynzt mikil samgöngubót, þar sem aðstaða er sæmileg fyrir notkun þeirra. Sérstaklega hafa snjóbílarnir reynzt mikilvægir þar, sem læknislaust er, bæði til flutnings á læknum og sjúklingum.

Ekki verður um það deilt, að ríkinu ber skylda til þess að gera allt, sem í þess valdi stendur, til þess að bæta heilbrigðisþjónustu, þar sem læknislaust er, enda hefur verið leitað margra ráða til þess. Meðal annars hafa kaup og rekstur snjóbíla verið styrkt. Það er að sjálfsögðu góðra gjalda vert, en flutningsmenn þessa frumvarps telja engu að síður æskilegra að binda þessa mikilvægu aðstoð í lögum.

Gert er ráð fyrir í 1. gr. frumvarpsins, að veittur sé styrkur til kaupa og rekstrar á snjóbílum til þeirra læknishéraða, þar sem læknislaust er, og enn fremur til þeirra héraða, þar sem læknir situr, ef hentugra þætti að reka snjóbíl í þeim héruðum til þjónustu við læknislaus héruð. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að veitt sé sama aðstoð til kaupa og rekstrar á snjóbíl innan héraðs, ef nauðsynlegt þykir til þess að nýta þá læknaþjónustu, sem þar er fyrir hendi.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um, hve há framlög ríkisins samkvæmt lögunum skuli vera.

Þess verður einnig að gæta, að víða hagar þannig til, að snjóbílum verður illa við komið án lagfæringar á akstursleiðum. Oft getur verið um smávægilega hindrun að ræða. Því er í 3. gr. frumvarpsins sú skylda lögð á herðar vegagerð ríkisins að kanna aðstæður og lagfæra þar, sem því verður við komið.

Í 4. gr. laganna er gert ráð fyrir því, að samgönguráðuneytið meti, hvort þörf fyrir snjóbíl sé svo brýn, að rétt sé, að ríkið hlaupi undir bagga. Þar sem aðstoð ríkisins er bundin því, að snjóbílarnir séu notaðir í því skyni að bæta læknaþjónustu og gera hana öruggari, þá þykir eðlilegt, að ráðuneytið leiti umsagnar landlæknis.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir því, að samgönguráðuneytinu sé falið að fylgjast með rekstri snjóbílanna, því að aðstoð til rekstrar fer að nokkru eftir því, hvernig rekstur-inn gengur, sbr. 2. gr. Þá er gert ráð fyrir því, að rekstrarstyrkur sé greiddur árlega eftir á, þegar fyrir liggja skýslur um, hvernig hefur gengið árið á undan.

Ed. 164. Breytingartillaga [86. mál]

við skrifl. brtt. (þskj. 162) [Framkvæmdastofnun ríkisins].

Frá Ragnari Arnalds.

Mgr. orðist svo:

Stjórn Byggðasjóðs skal hafa samráð við viðkomandi landshlutasamtök sveitar-félaga við ráðstöfun fjár úr sjóðnum, eftir því sem við verður komið.

Ed. 165. Frumvarp til laga [86. mál]

um Framkvæmdastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. des.)

Samhljóða þskj. 96 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórnin skipar þriggja manna framkvæmdaráð, er annast daglega stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Framkvæmdaráð má leysa frá störfum með mánað-arfyrirvara, og eiga þá framkvæmdaráðsmenn rétt til óskertra launa í þrjá mánuði.

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör framkvæmdaráðs, forstöðumanna deilda og annarra starfsmanna.

5. gr. hljóðar svo:

Verkefni framkvæmdaráðs eru m. a.:

1) að láta gera áætlanir á vegum stofnunarinnar og leggja þær fyrir stjórn hennar;
2) að gera tillögur til stjórnarinnar um rekstraráætlanir og starfsáætlanir fyrir stofnunina;
3) að gera tillögur um árlega heildaráætlun fyrir Framkvæmdasjóð og Byggðasjóð svo og um einstakar lánveitingar úr þeim;
4) að ráða stofnuninni starfsfólk innan ramma fjárhagsáætlunarinnar, að fengn-um tillögum forstöðumanna deilda, sbr. þó 3. gr. 1. tl.

11. gr. hljóðar svo:

Áætlanir skulu sendar ríkisstjórninni til samþykktar, og gerir hún Alþingi grein fyrir þeim. Ríkisstjórnin skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Fram-kvæmdastofnunar ríkisins.

Framkvæmdastofnunin fylgist með framkvæmd þeirra áætlana, sem ríkisstjórn-in hefur samþykkt. Áætlanir til lengri tíma en eins árs skal stofnunin endurskoða, eftir því sem tilefni gefst.

12. gr. hljóðar svo:

Lánadeild vinnur að því að samræma útlán allra opinberra stofnlánasjóða og að skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda með sérstöku tilliti til þeirra fram-kvæmda, sem forgang þurfa að hafa samkvæmt áætlunum stofnunarinnar.

Hún fylgist með fjárhag allra opinberra fjárfestingarsjóða og gerir tillögur um fjáröflun til þeirra, eftir því sem þörf krefur.

Lánastofnanir og opinberir sjóðir veita Framkvæmdastofnuninni almennt yfirlit um lánveitingar til fjárfestingar og framkvæmda eftir nánari reglum, sem stjórn Framkvæmdastofnunarinnar setur. Stjórn stofnunarinnar getur að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar. Skulu þá lánastofnanir og opinberir sjóðir haga lánveitingum í samræmi við það. Engri stofnun er þó skylt að veita lán, sem hún telur ekki eðlilega tryggð.

13. gr. hljóðar svo:

Lánadeildin annast rannsóknir á arðsemi og þjóðhagslegu gildi nýrra atvinnugreina og fyrirtækja, sem fyrirhugað er að setja á stofn, í samráði við hagdeildir bankanna, og einnig rannsóknir á stöðu starfandi fyrirtækja, sem þarfnast endurskipulagningar og nýrrar fjármögnunar. Um athuganir á tæknilegum forsendum nýrra atvinnugreina skal leita umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins og viðkomandi rannsóknarstofnana.

Lánadeildin getur átt frumkvæði að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar. Lætur hún þá vinna nauðsynleg áætlunar- og undirbúningsstörf og leitar síðan samvinnu við aðra aðila um að koma fyrirtækinu á fót.

18. gr. hljóðar svo:

Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland), sem stofnaður var með lögum nr. 66 13. maí 1966, er eign ríkisins. Tekur Framkvæmdastofnun ríkisins við stjórn hans, sbr. 5. tl. 3. gr., svo og umsjá allri og rekstri.

19. gr. hljóðar svo:

Mótvirðisfé í vörzlu sjóðsins skal, ásamt vöxtum af því, lána að hálfu til framkvæmda í þágu landbúnaðarins og að hálfu til annarrar starfsemi Framkvæmdasjóðs. Höfuðstóll Mótvirðissjóðs, eins og hann er á hverjum tíma, skal færður sérstaklega skuldamegin á efnahagsreikningi Framkvæmdasjóðs.

24. gr. hljóðar svo:

Heimilt er stjórn Framkvæmdastofnunarinnar að veita fé til rannsókna á nýjungum í atvinnulífi. Um slíkar styrkveitingar skal leita umsagnar viðkomandi rannsóknarstofnana eða Rannsóknaráðs ríkisins, eftir því sem við á. Einnig má verja fé til undirbúnings nýrra fyrirtækja, sem stofnunin hyggst beita sér fyrir samkvæmt síðari málsgrein 13. gr.

29. gr. hljóðar svo:

Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 8. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum.

31. gr. hljóðar svo:

Stjórn Byggðasjóðs er heimilt að greiða landshlutasamtökum sveitarfélaga af fé sjóðsins sem svarar ¾ — þrem fjórðu hlutum — af árslaunum starfsmanns, að því tilskildu, að hann vinni að undirbúningi og gerð áætlana fyrir viðkomandi landshluta í samvinnu við áætlanadeild.

32. gr. hljóðar svo:

Framkvæmdaráð gerir árlegar áætlanir um heildarútlán Byggðasjóðs á komandi ári og gerir frumvarp að slíkri áætlun á grundvelli landshlutaáætlana og leggur

fyrir stjórnina. Þá tekur stjórnin einnig ákvörðun um einstakar lánveitingar og kveður á um tryggingu fyrir láni, vexti og afborgunarskilmála hverju sinni.

Stjórn Byggðasjóðs skal hafa samráð við viðkomandi landshlutasamtök sveitarfélaga við ráðstöfun fjár úr sjóðnum, eftir því sem við verður komið.

38. gr. hljóðar svo:

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar annast úrlausn þeirra verkefna, sem í öðrum lögum eru falin Efnahagsstofnuninni.

Forstöðumaður hagrannsóknadeildar eða fulltrúi hans hefur með höndum starf oddamanns í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 60 1964.

Nánari ákvæði um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

Sþ. 166. Tillaga til þingsályktunar [123. mál]

um endurgreiðslu söluskatts til rithöfunda.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Bjarni Guðnason, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að andvirði söluskatts af bókum renni til rithöfunda og höfunda fræðirita sem viðbótarritlaun.

Greinargerð.

Rithöfundar hafa löngum barizt fyrir viðurkenningu á rétti sínum til sómasamlegrar greiðslu fyrir ritstörf sín. Kröfur rithöfunda geta tæpast talizt óhóflegar, þar eð þær miðast einvörðungu við það, að rithöfundar geti gefið sig óskipta að samningu bóka, án þess að þurfa jafnframt að eyða starfsorku sinni og tíma í önnur störf sér til lífsbjargar. Æ fleiri viðurkenna þá staðreynd í orði, að ritstörf verði ekki stunduð sem listgrein, nema þau njóti skilnings og viðurkenningar sem fullt starf. Samt hefur sorglega lítið þokazt áleiðis í hagsmunabaráttu rithöfunda, og nú er svo komið málum, að Íslendingar — hin forna bókaþjóð — verða að horfast í augu við það, að rithöfundar þeirra búa við verri kjör en þekkjast annars staðar á Norðurlöndum.

Útgáfukostnaður meðalbókar (um 250 bls.) mun áætlaður 1 millj. króna. Af þessum heildarútgjöldum kemur í hæsta lagi 1/10 í hlut rithöfundarins. Algengust ritlaun eru frá 70—100 þús. kr. Einstaka rithöfundar fá rúmlega 100 þús., margir minna en 70 þús. Rithöfundurinn ber því minnst úr býtum allra þeirra, sem við verk hans eru riðnir, enda þótt starf hans hljóti að teljast undirstaða allra annarra bókagerðarstarfsgreina.

Ef ríkið viðurkennir á annað borð hlut skálda og rithöfunda í íslenzku menningarlífi, hlýtur það að hlaupa hér undir bagga. Stuðningur ríkisins við rithöfunda er sáralítill. Á fjárlögum þessa árs voru rúmlega 8 millj. kr. veittar til listamannalauna, heiðurslauna og starfsstyrkja. Þessi upphæð skiptist milli hinna ýmsu listgreina, og því rennur ekki nema hluti hennar til rithöfunda. Þá má og benda á, að hluti þessa framlags rennur í ríkissjóð aftur sem skatttekjur. Til samanburðar við framlag ríkisins til rithöfunda má geta þess, að framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands er áætlað tæpar 16 millj. og kostnaður við rekstur Þjóðleikhúss tæpar 35 millj. króna á fjárlagafrumvarpi næsta árs, en vera má, að þessar síðastnefndu tölur breytist eitthvað við afgreiðslu fjárlagafrv.

Auk annars óbeins hagnaðar ríkisins af störfum rithöfunda, svo sem skatttekna af starfslaunum allra, sem verk íslenzkra höfunda leggja beinan grundvöll að, fær

ríkið 11% í söluskatt af hverri seldri bók. Þessi upphæð nam á s. l. ári rúml. 19 millj. kr. af innlendum bókum. Þessi upphæð er að meginhluta arður af störfum íslenzkra höfunda, og rithöfundar telja óeðlilegt, að ríkið hagnist á þennan hátt á bóksölu, meðan svo er ástatt, að nær ógerningur er fyrir þá sjálfa að gefa sig að ritstörfum.

Flm. þessarar þáltill. leggja því til, að söluskattur af bókum renni til höfundanna sjálfra sem viðbótarritlaun. Þessara viðbótarritlauna skulu einnig njóta höfundar þeirra fræðirita, sem til menningarauka horfa fyrir þjóðina, enda eru ritlaun fyrir slíkar bækur engu hærri en fyrir skáldverk. Ber að líta á slíka greiðslu í formi viðbótarritlauna sem framlag, er muni skila sér margfaldlega í öflugu bókmennta- og menningarstarfi.

Menntamálaráðuneytið setji reglugerð um þann hátt, er hafður yrði á um slíkar viðbótargreiðslur til bókahöfunda.

Þess má geta, að í lögum um söluskatt felst viðurkenning á því, að ríkið skuli ekki hagnast á starfi listamanna með þessum hætti, þar eð sala listamanna á eigin verkum er undanþegin söluskattsskyldu. Sambandi bókahöfunda og lesenda er vart unnt að halda uppi milliliðalaust. En með því að fara þá leið, sem hér er lagt til, gæti ríkið að nokkru komið til móts við rithöfunda á sama hátt og það gerir nú við t. d. myndlistarmenn, sem aðstöðu hafa til að selja verk sín sjálfir.

Ed. 167. Frumvarp til laga [124. mál]

um Tækniskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Tækniskóli Íslands starfar í Reykjavík. Meginmarkmið skólans skal vera að veita nemendum tæknilega og almenna menntun, sem geri þá hæfa til að takast sjálfstætt á hendur tæknileg störf og ábyrgðarstöður í þágu atvinnuvega þjóðarinnar. Skal jafnan tekið mið af þróun tæknimenntunar meðal nágrannaþjóða.

Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans og skipar rektor og kennara, svo og skólanefnd.

3. gr.

Rektor skólans hefur yfirumsjón með kennslu og annarri starfsemi skólans. Hann annast daglegan rekstur skólans, hefur á hendi reikningshald og umsjón með byggingum og öðrum eignum skólans. Enn fremur ræður hann, með samþykki ráðuneytisins, starfsfólk skólans annað en fastráðna kennara.

Kennarar og starfsmenn taka laun samkvæmt kjarasamningum.

4. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans, sem hafa lokið tæknifræðiprófi eða háskólaprófi í aðalkennslugrein sinni.

5. gr.

Námstími í skólanum skal ákveðinn í reglugerð.

6. gr.

Heimilt er, að skólinn starfi í deildum, og skal deildaskipun ákveðin í reglugerð. Nú er skólanum skipt í deildir, og skal þá heimilt að skipa deildarstjóra úr hópi kennara hlutaðeigandi deildar.

7. gr.

Heimilt er skólanum að veita nemendum, sem fullnægja bóklegum og verklegum inngönguskilyrðum, allt að tveggja ára undirbúningsmenntun undir tæknifræðinám, og skal fyrra ár þess náms fara fram í undirbúningsdeild, en hið síðara í raungreinadeild. Hlutverk þessara deilda er að veita þekkingu og leikni í undirstöðuatriðum tæknifræðináms, einkum í stærðfræði og eðlisfræði.

Heimilt er að starfrækja undirbúningsdeild skólans á Akureyri, Ísafirði og á öðrum þeim stöðum, þar sem slíkt þykir henta. Verði að því stefnt, að á Akureyri rísi sjálfstæður tækniskóli.

8. gr.

Inngöngu í undirbúningsdeild skólans skal veita þeim nemendum, sem staðizt hafa sveinspróf í viðeigandi iðngrein. Enn fremur geta fengið inngöngu í undirbúningsdeild þeir, sem staðizt hafa gagnfræðapróf eða landspróf miðskóla og fullnægja ákvæðum reglugerðar um verklega þjálfun, sbr. 3. mgr.

Heimilt er að láta umsækjendur þreyta sérstakt inntökupróf, sem sker úr um aðgang nemenda að undirbúningsdeild.

Ákvæði um verkskólun og verklega þjálfun, sem krafizt er til inngöngu í skólann, skal setja í reglugerð.

9. gr.

Rétt til að hefja tæknifræðinám í skólanum hafa þeir nemendur, sem staðizt hafa próf frá raungreinadeild skólans eða lokið stúdentsprófi frá stærðfræðideild menntaskóla ásamt viðhlítandi verklegri þjálfun, sbr. 8. gr., svo og þeir nemendur, sem standast inntökupróf skólans.

10. gr.

Við skólann starfar 5 manna skólanefnd, skipuð af menntamálaráðuneytinu til fjögurra ára í senn. Alþýðusamband Íslands, Landssamband iðnaðarmanna, Félag íslenzkra iðnrekenda og Tæknifræðingafélag Íslands tilnefna hvert um sig einn mann í nefndina og annan til vara, en ráðuneytið skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar. Rektor situr fundi skólanefndar.

11. gr.

Hlutverk skólanefndar er að vera rektor til ráðuneytis um mikilvæg atriði varðandi stjórn skólans, fylgjast með erlendri reynslu og þróun á sviði tæknimenntunar, gera tillögur um stefnumörkun í málefnum skólans, stuðla að sem nánustum tengslum hans við atvinnulífið og loks að gera tillögur um breytingar á reglugerð skólans.

12 gr.

Menntamálaráðuneytið setur skólanum, að höfðu samráði við rektor og skólanefnd, reglugerð um framkvæmd þessara laga, og skal þar m. a. kveðið á um þessi atriði:

1. Skipan skólastjórnar.
2. Starf og hlutverk skólanefndar, skólastjórnar, rektors, deildarstjóra og fastráðinna kennara.
3. Deildir skólans og sérgreinir tæknifræðináms (sbr. 6. og 9. gr.).
4. Inntökuskilyrði, bókleg og verkleg (sbr. 8. gr.).
5. Námstíma, þ. á m. lengd skólaárs og námsáfanga (sbr. 5. gr.).
6. Próf, þ. á m. lokapróf, tilhögun prófa, einkunnakröfur, endurtekningu prófa og haustpróf.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Eru með þeim numin úr gildi lög nr. 25/1963, um Tækniskóla Íslands, og önnur ákvæði, er fara í bág við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, er menntamálaráðuneytið skipaði í júní 1971 til þess að endurskoða lög og reglugerðir um Tækniskóla Íslands. Frumvarpinu fylgdi frá nefndinni svofelld greinargerð:

„Hinn 25. júní 1971 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, nefnd til þess að endurskoða lög og reglugerðir um Tækniskóla Íslands. Í nefndina voru skipaðir: Andri Ísaksson, deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins, formaður, Bjarni Kristjánsson, skólastjóri Tækniskóla Íslands, og Jón Sveinsson, tæknifræðingur, skv. tilnefningu Tæknifræðingafélags Íslands.

Í skipunarbréfi nefndarmanna var erindi nefndarinnar skýrgreint sem hér segir: „Nefndin skal hlutast til um, að í frumvarpi til laga og/eða reglugerðar um skólann verði ákvæði, er tryggi, að nemendur hans fái jafngóða menntun og nemendur viðurkenndra tæknifræðiskóla í nágrannalöndunum, að því er varðar kennslumagn, kennslu- og námstímalengd og annað, er máli skiptir í því efni. Enn fremur skal í lagafrumvarpinu gert ráð fyrir, að skipuð verði skólanefnd við skólann, þar sem eigi m. a. sæti fulltrúi frá Tæknifræðingafélagi Íslands og atvinnuvegunum.“ Í skipunarbréfinu var þess jafnframt óskað, að nefndin stefndi að því að ljúka störfum fyrir 1. október 1971.

Nefndin mat það svo, að á þeim stutta tíma, sem óskað var að hún lyki verkefni sínu á, væri ekki unnt að koma við jafnumfangsmikilli og nákvæmri athugun og þyrfti til að gera samanburð á tækni- og tæknifræðinámi í nágrannalöndunum og á Íslandi. Með hliðsjón af þessu varð samkomulag um það í nefndinni, að hún skyldi einbeita sér að því að endurskoða lög nr. 25/1963 um Tækniskóla Íslands með því að semja frumvarp, sem fæli í sér ákvæði um skipun og starfssvið skólanefndar við Tækniskólann, er m. a. skyldi ætlað það hlutverk að fylgjast með erlendri reynslu og þróun á sviði tæknimenntunar og gera tillögur um breytingar á reglugerð Tækniskólans.

Nefndin leyfir sér loks að benda á það, að frekari athugun á framtíðarstöðu Tækniskóla Íslands í skólakerfinu er æskilegt að fela sérstakri nefnd, er skipuð yrði í samræmi við tillögur verk- og tæknimenntunarnefndar (sjá álitsgerð hennar, „Um nýskipan verk- og tæknimenntunar á Íslandi“, Menntamálaráðuneytið, skólarannsóknadeild, júní 1971, bls. 26, 4. lið), en í því nefndaráliti er lagt til, að þriggja til fjögurra manna nefnd verði skipuð til að endurskoða lög nr. 25/1963 um Tækniskóla Íslands og lög nr. 89/1970 um Háskóla Íslands, svo og til að semja lagafrumvörp um tæknihaskóla og tæknaskóla.

Nefndin hélt alls 7 fundi, og var hinn fyrsti haldinn 24. ágúst, en hinn síðasti 4. október 1971.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Inngangsákvæði gildandi laga, sem er heimildarákvæði um „að stofna í Reykjavík skóla, sem nefnist Tækniskóli Íslands,“ er hér breytt til samræmis við ríkjandi staðreynd. Jafnframt er bætt við ákvæði um, að í starfi skólans skuli jafnan tekið mið af þróun tæknimenntunar meðal nágrannaþjóða, sbr. erindisbréf nefndarinnar og athugasemdir við 11. gr.

Um 2. gr.

Hér er bætt við ákvæði um, að menntamálaráðuneytið skipi **skólanefnd** við skólann. Starfsheiti stjórnanda skólans er breytt í **rektor** (hefur verið skólastjóri),

og er þetta í samræmi við ríkjandi venju, bæði hérlendis og í nágrannalöndum, fyrir það skólastig, sem Tækniskóli Íslands starfar á.

Um 3. gr.

Hér er það smávægileg breyting til aukins skýrleika, að við setninguna: „Enn fremur ræður hann (þ. e. rektor), (....) starfsfólk skólans“ bætast orðin: **annað en fastráðna kennara.** Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Um 4. gr.

Í stað orðalagsins: „hafa lokið prófi frá viðurkenndum tækniskóla“ er hér sagt: hafa lokið **tæknifræðiprófi.** Þar sem starfsheitið tæknifræðingur er lögverndað, þótti þetta orðalag eðlilegra. Jafnframt var fellt niður ákvæði um, að kennsluskylda kennara skyldi ákveðin í reglugerð, en hún er nú ákvörðuð með kjarasamningum eða dómi kjaradóms.

Um 5.—6. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 7. gr.

Skipulag Tækniskóla Íslands er nú þannig, að skólinn veitir inngöngu iðnsveinum og auk þess gagnfræðingum og landsprófsmönnum, sem fullnægja skilyrðum skólans um verklega þjálfun. Þeir nemendur, sem stefna að tæknifræðiprófi, hefja námið í eins árs undirbúningsdeild, halda síðan áfram í eins árs raungreinadeild, og standist þeir kröfur þessa aðfaranáms, hefja þeir þriggja ára eiginlegt tæknifræðinám. Fyrri mgr. greinarinnar er breytt til samræmis við þessa námsskipan, en í gildandi lögum er aðeins rætt um undirbúningsdeild og ekki tilgreint, hversu langt námið í henni er. Við síðari mgr. er bætt ákvæði um undirbúningsdeild á Ísafirði, en slík deild hefur nú verið starfrækt þar í nokkur ár.

Um 8. gr.

Ákvæði um próf þeirra, sem geta fengið inngöngu í undirbúningsdeild skólans, eru gerð skýrari í 1. mgr. en þau eru í gildandi lögum, sbr. einnig athugasemdir við 7. gr. Auk þess er bætt við nýrri mgr. þess efnis, að ákvæði um verkskólun og verklega þjálfun, sem krafizt er til inngöngu í skólann, skuli setja í reglugerð.

Um 9. gr.

Reynt er að gera ákvæði þessarar greinar skýrari með því að taka fram, hvaða leiðir geti legið að tæknifræðinámi í Tækniskóla Íslands, þ. e. a. s.:

a. próf frá raungreinadeild skólans;
b. stúdentspróf stærðfræðideildar menntaskóla ásamt viðhlítandi verklegri þjálfun, sem reglugerð ákvarði;
c. inntökupróf.

Um 10. gr.

Hér er um nýja grein að ræða, er fjallar um skipun skólanefndar við Tækniskólann. Nefndarmenn voru sammála um að líta á 5 manns sem eðlilega hámarksstærð skólanefndar við slíkan skóla, og í samræmi við það er hér gert ráð fyrir því, að skipuð verði skólanefnd, sem í eigi sæti formaður, skipaður af menntamálaráðuneytinu án tilnefningar, og auk þess fulltrúar þeirra fjögurra landssamtaka, sem eðlilegast sýndist, að fengju fulltrúa í slíka nefnd. Samtök þessi eru:

1) **Tæknifræðingafélag Íslands,** sem sjálfsagt virðist að eigi sæti í skólanefnd, sbr. einnig fyrirmæli þar að lútandi í skipunarbréfi nefndarinnar, sem samdi frumvarpið.
2) **Félag íslenzkra iðnrekenda.** Það eru þau samtök einkaaðila, sem flestum tæknifræðingum veita atvinnu, sbr. töfluna hér fyrir aftan.

3) **Landssamband iðnaðarmanna.** 60—70% þeirra, sem hefja nám í Tækniskólanum, eru iðnsveinar, enda var skólinn stofnaður fyrst og fremst með framhaldsmenntunarþarfir iðnaðarmanna í huga. Sýnist því eðlilegt, að landssamtök þeirra stétta eigi aðild að skólanefnd.
4) **Alþýðusamband Íslands,** sem almennur samnefnari launþegasamtakanna í landinu og menntamálastefnu þeirra.

Greinin gerir ráð fyrir því, að skólanefnd Tækniskóla Íslands verði skipuð af menntamálaráðuneytinu til fjögurra ára í senn og að jafnframt hverjum aðalmanni verði skipaður varamaður í nefndina.

Samkvæmt könnun, sem stjórn Tæknifræðingafélags Íslands gerði að beiðni nefndarinnar, skiptast þeir meðlimir félagsins, sem voru starfandi hér á landi um s. l. áramót, þannig milli atvinnurekendahópa:

Opinberir aðilar	71	manns	eða	36%
Félag íslenzkra iðnrekenda	54	—	—	27%
Vinnuveitendasamband Íslands	23	—	—	12%
Vinna á verkfræðistofum	20	—	—	10%
Samband íslenzkra samvinnufélaga	11	—	—	6%
Með sjálfstæðan atvinnurekstur	17	—	—	9%
Alls	196	manns	eða	100%

Lokaákvæði greinarinnar er ætlað að tryggja sem bezt samráð og samstarf milli skólastjórnar og skólanefndar.

Um 11. gr.

Hér er hlutverk og starfssvið skólanefndar skýrgreint, og virðast þau ákvæði ekki þarfnast skýringa. Vert er þó að benda sérstaklega á það hlutverk skólanefndarinnar að fylgjast með þróun tæknimenntunar erlendis og gera tillögur um stefnumörkun í málefnum skólans og breytingar á reglugerð hans. Með þessum hætti telur nefndin, sem samdi frumvarpið, eðlilegast að athugað verði um jöfn gæði tæknifræðimenntunar á Íslandi og í nágrannalöndum.

Um 12. gr.

Verði frumvarp þetta að lögum, þarf að setja nýja reglugerð um Tækniskóla Íslands, er komi í stað þeirra tveggja reglugerða, sem nú gilda um starfsemi skólans, þ. e. 1) reglugerð um undirbúningsdeild undir tæknínám og 2) reglugerð um Tækniskóla Íslands, báðar útgefnar 22. ágúst 1964. Í greininni eru talin upp helztu atriði, sem nauðsynlegt er að setja ákvæði um í hina nýju reglugerð.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“

Sþ. 168. Fyrirspurn [125. mál]

til félagsmálaráðherra um greiðslu vinnulauna eftir gjaldþrot.

Frá Jóni Snorra Þorleifssyni.

Hvað líður undirbúningi á framkvæmd þess fyrirheitis í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar að tryggja með löggjöf, að vinnulaun fáist greidd þrátt fyrir gjaldþrot atvinnurekenda?

Nd. 169. Breytingartillaga [119. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

Við 1. gr. Í stað orðanna „3 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja“ komi: 2 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Kvenfélagasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Nd. 170. Frumvarp til laga [126. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

2. málsgr. 6. gr. orðist svo:

Rísi ágreiningur um bætur, leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Þeim úrskurði má áfrýja til tryggingadóms.

2. gr.

14. gr. orðist svo:

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 17 ára, sem lögheimili eiga hér á landi, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi. Séu báðir foreldrar látnir eða ófærir um að inna framfærsluskyldu sína af hendi, skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.

Sömu réttarstöðu hafa kjörbörn og stjúpbörn, þegar eins stendur á. Þó skal ekki greiddur barnalífeyrir vegna fráfalls eða örorku stjúpföður, ef barnið á framfærsluskyldan föður á lífi. Eigi skal heldur greiða barnalífeyri vegna fráfalls eða örorku ættleiðanda, nema barnið hafi verið á framfæri hans a. m. k. tvö síðustu árin, áður en lífeyrisréttur gat stofnazt. Heimilt er tryggingaráði að stytta þennan frest, ef sýnt þykir, að ættleiðingin standi ekki í sambandi við væntanlegan bótarétt.

Tryggingaráð getur ákveðið að greiða barnalífeyri með barni ellilífeyrisþega svo og með barni manns, sem sætir gæzlu- eða refsivist, enda hafi vistin varað a. m. k. þrjá mánuði.

Ef ekki reynist gerlegt að feðra barn, er heimilt að greiða með því barnalífeyri. Með umsókn um lífeyri fyrir ófeðrað barn skulu fylgja málsskjöl varðandi faðernismálið, og skal tryggingaráð meta, hvort þau skjöl eru fullnægjandi til þess að greiðsla sé heimiluð.

Barnalífeyrir greiðist foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum, er annast framfærslu þeirra að fullu.

Árlegur lífeyrir með hverju barni skal vera kr. 36 108.00. Ekki skal greiða barnalífeyri vegna þeirra barna, er njóta örorkulífeyris.

3. gr.

17. gr. orðist svo:

Hver, sem á lögheimili hér á landi og verður ekkja eða ekkill innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í 6 mánuði eftir lát maka, kr. 7 368.00 á mánuði.

Hafi bótaþegi barn yngra en 17 ára á framfæri sínu, á hann rétt á bótum í 12 mánuði til viðbótar, kr. 5 525.00 á mánuði.

4. gr.

19. gr. orðist svo:

Nú eru tekjur elli- eða örorkulífeyrisþega lægri en kr. 120 000.00 á ári, og skal þá hækka lífeyri hans um það, sem á vantar þá fjárhæð. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

Heimilt er að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komizt af án þess. Við ákvörðun um hækkun lífeyris samkvæmt 1. og 2. málsgrein hér að framan skulu umsóknir um hækkun rökstuddar t. d. með skattaframtölum. Enn fremur skal höfð hliðsjón af því, hvort eignum bótaþega hefur verið ráðstafað með þeim hætti, að það valdi synjun hækkunar.

Að fengnum tillögum tryggingaráðs setur ráðherra reglugerð um framkvæmd lífeyrishækkunar samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Í b-lið 29. gr. falli burtu orðin „hjá meistara".

6. gr.

Í stað orðanna „3. málsgr. 29. greinar" í 30. gr. c-lið komi: 4. málsgr. 29. greinar.

7. gr.

Upphaf 3. málsgr. 33. gr. orðist svo:

Dagpeningar eru kr. 317.00 á dag fyrir hvern einstakling og kr. 75.00 fyrir hvert barn á framfæri . . .

8. gr.

4. málsgr. 44. gr. orðist svo:

Sjúkradagpeningar skulu ekki vera hærri en slysadagpeningar samkvæmt 33. grein og ekki lægri en kr. 251.00 á dag fyrir einstakling 17 ára og eldri og kr. 75.00 fyrir hvert barn á framfæri, þar með talin börn utan heimilis, sem umsækjandi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

9. gr.

Á eftir orðunum „ella allt að ⅔ hlutum" í 6. málsgrein 44. gr. komi: Lækkunin tekur þó ekki til sjúkradagpeninga vegna barna sjúklings.

Niðurlagsorð 6. málsgr.: „Dagpeningar húsmóður" o. s. frv., falli niður.

10. gr.

Við 54. gr. bætist:

Starfsfólk sjúkrasamlaga, Tryggingastofnunarinnar og umboðsmenn hennar skulu kynna sér til hlítar aðstæður umsækjenda og bótaþega og gera þeim grein fyrir ýtrasta rétti þeirra samkv. lögum þessum, reglugerðum og starfsreglum stofnananna.

11. gr.

78. gr. orðist svo:

Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, og skal ráðherra þá innan 6 mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum og greiðslum samkvæmt 73. gr. í samræmi við það. Fjölskyldubætur eru undanþegnar þessu ákvæði, en um hækkun þeirra fer eftir ákvörðun ríkisstjórnar hverju sinni.

12. gr.

Í stað núverandi 80. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Starfa skal tryggingadómur. Í tryggingadómi eiga sæti 3 menn, skipaðir af hæstarétti til fjögurra ára í senn, læknir, tryggingafræðingur og lögfræðingur og er hann formaður dómsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Tryggingadómur sker úr ágreiningi um bótarétt milli einstaklinga og Tryggingastofnunar ríkisins eða sjúkrasamlaga. Tryggingadómur setur sér sjálfur starfsreglur.

13. gr.

Núverandi 80. gr. verður 81. gr.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um almannatryggingar, nr. 67/1971, sem samþykkt voru á Alþingi á síðastliðnu vori, áttu að taka gildi hinn 1. janúar næstkomandi.

Er núverandi ríkisstjórn tók við völdum hinn 15. júlí, var eitt af atriðum málefnasamnings hennar að flýta gildistöku bótaákvæða lífeyristryggingakafla frumvarpsins, og voru gefin út bráðabirgðalög þar að lútandi hinn 19. júlí 1971. Bótahækkanir voru greiddar frá 1. ágúst.

Í samræmi við málefnasamning ríkisstjórnarinnar skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd hinn 9. ágúst, sem fékk það hlutverk að „endurskoða allt almannatryggingakerfið, m. a. með það fyrir augum, að greiðslur almannatrygginga til aldraðs fólks og öryrkja verði hækkaðar að því marki, að þær nægi til framfæris þeim bótaþegum, sem ekki styðjast við aðrar tekjur.“

Í nefndinni eiga sæti:

Geir Gunnarsson, alþingismaður, formaður, Adda Bára Sigfúsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra, Halldór S. Magnússon, viðskiptafræðingur, Tómas Karlsson, ritstjóri, og Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri. Ritari nefndarinnar er Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri, en Þórir Bergsson, tryggingafræðingur, hefur verið nefndinni til ráðuneytis.

Nefndin hefur ekki lokið heildarendurskoðun tryggingakerfisins á þeim skamma tíma, sem hún hefur starfað, en til þess að koma strax nokkuð til móts við markmið sitt hefur hún samið það frumvarp til laga um breytingu á almannatryggingalögunum, sem hér liggur fyrir.

Meginbreyting frumvarpsins felst í 4. grein þess, þar sem tekjulágmark bótaþega er hækkað í kr. 120 000.00.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Breytingin kemur til vegna nýrra ákvæða um tryggingadóm.

Um 2. gr.

Með greininni er um að ræða rýmkun á ákvæðum um barnalífeyrisgreiðslur. Þannig verður samkvæmt greininni greiddur barnalífeyrir með barni móður, sem er örorkulífeyrisþegi. Einnig er kveðið á um, að ákvæði, sem áður voru heimildarákvæði, verði skylda, svo sem tvöfaldur barnalífeyrir til munaðarlausra barna og þegar báðir foreldrar eru ófærir að inna af hendi framfærsluskyldu.

Þá eru tekin upp heimildarákvæði um greiðslu barnalífeyris vegna barna þeirra manna, er sæta gæzlu eða refsivist svo og þeirra barna, er ekki hefur tekizt að feðra.

Um 3. gr.

Breytingin miðar að því að gera rétt karla og kvenna hinn sama við fráfall maka.

Um 4. gr.

Lágmarksframfærslueyrir hækkar samkvæmt þessari grein úr kr. 84 000.00 í kr. 120 000.00 á ári og hjónalífeyrir hlutfallslega.

Gert er ráð fyrir, að hlutfallsgreiðslur sveitarfélaga í bótahækkun falli niður.

Um 5. gr.

Breytingin er til samræmis við ákvæði iðnfræðslulaga.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Breytingin miðar að því, að allir einstaklingar njóti sömu slysadagpeninga og að bótamismunur verði eingöngu eftir barnafjölda á framfæri.

Uppbæð bóta fyrir hvert barn hækkar jafnframt úr kr. 36.00 í kr. 75.00 á dag.

Um 8. gr.

Breytingin er hliðstæð samsvarandi breytingu í 7. grein.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin er sett til að leggja áherzlu á skyldu starfsliðs þess, er bótaþegar þurfa að leita til, og leggja þannig áherzlu á starfsþjálfun starfsfólksins.

Um 11. gr.

Sú breyting er hér gerð, að hækkun fjölskyldubóta verður ákvörðunarefni ríkisstjórnar í stað þess að fylgja sömu skylduhækkun og aðrar bætur. Þetta er gert með hliðsjón af því, að bætur þessar eru um margt ólíkar öðrum bótum. Enn fremur er sú breyting gerð að miða hækkun hreinna tryggingabóta við almennt verkamannakaup í stað fiskvinnukaups.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að setja á stofn sérstakan, sjálfstæðan tryggingadóm, sem einstaklingar geta skotið bótaréttarmálum til. Slíkur dómur ætti að tryggja rétt bótaþega og samræmi úrskurða í bótamálum.

Dómurinn dregur að engu leyti úr rétti til að leita réttar við hina almennu dómstóla.

Um 13. og 14. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Kostnaður vegna þeirra breytinga, er frumvarpið hefur í för með sér, hefur verið kannaður og er talinn vera þannig:

Vegna lífeyristrygginga	296.0	millj. kr.
Vegna slysatrygginga	3.4	— —
Vegna sjúkratrygginga	11.8	— —

Framlag ríkissjóðs til lífeyristrygginga þarf því að hækka um 106.6 millj. kr. og sjúkratrygginga um 6.7 millj. kr. frá fjárlagafrumvarpi 1972.

Fylgiskjal.

Áætluð kostnaðaraukning vegna áformaðra breytinga á lögum nr. 67 20. apríl 1971. 14. gr. Barnalífeyrir.

Ekki liggja fyrir gögn til þess að reikna út væntanlegan kostnað af áformuðum breytingum á þessari grein með nokkurri nákvæmni. Barnalífeyrir til barna móður, sem er örorkulífeyrisþegi, hefur ekki áður verið greiddur, nema um sé að ræða einstæða móður. Barnalífeyrir var árið 1970 greiddur til 795 barna öryrkja, og eru það mun færri börn en verið hefur á árunum þar á undan. 1969 voru þau 913, 1968 var greiddur barnalífeyrir til 901 barns öryrkja og 1967 til 905. Aldurstakmörkin hafa nú verið hækkuð úr 16 ára í 17 ára og veldur það nokkurri fjölgun.

Sé gert ráð fyrir, að örorka sé svipað algeng meðal kvenna og karla, en um það vantar gögn, má áætla kostnaðaraukninguna vegna barna móður, sem er örorkulífeyrisþegi, nema um **30.5 millj. kr.** árið 1972 samkvæmt núgildandi bótaupphæðum, 36 108 kr. á ári. Kostnaður vegna annarra breytinga á þessari grein hefur ekki verið athugaður, en að nokkru leyti eru það heimildarbætur, sem nú er lagt til að verði lögfestar.

Kostnaður vegna sömu bóta til ekkla og ekkjur njóta samkvæmt 17. gr. laga nr. 67/1971.

Með tilliti til upplýsinga í Hagtíðindum um fólksfjölda og dánartölur er fjöldi ekkla á aldrinum 20—67 ára áætlaður 60% af fjölda ekkna á þessum aldri. Ekki er þessi áætlun þó nákvæm, þar sem algjörlega vantar upplýsingar um aldursmun hjóna í mismunandi aldursflokkum. Í fjárhagsáætlun Tryggingastofnunarinnar fyrir 1972 voru bætur til ekkna áætlaðar 13.1 millj. kr. samkvæmt þessari grein, og áætlast því bætur til ekkla nema **7.9 millj. kr.** árið 1972 miðað við núverandi bótaupphæðir.

19 gr. Kostnaðaraukning vegna hækkunar lágmarkstekna

úr 84 000 í 120 000 kr. fyrir einstaklinga og mótsvarandi fyrir hjón er áætluð vegna ellilífeyrisþega samkvæmt skattskrám 1970 verða um **201.4 millj. kr.** árið 1972. Af þeirri reynslu, sem fengin er af kostnaði vegna lágmarkstekna, má gera ráð fyrir, að 20% bótanna fari til öryrkja, og áætlast því kostnaðaraukningin vegna þeirra nema um **50.4 millj. kr.**

33. gr. Sjúkradagpeningar slysatryggingadeildar.

Greiðslur vegna sjúkradagpeninga slysatryggingadeildar eru ekki sundurliðaðar eftir einstaklingum, fjölskyldufeðrum og börnum. Sé hins vegar gengið út frá, að skipting útgjalda sé svipuð og hún reyndist vera hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur við athugun á útgjöldum ársins 1958, má áætla, að hækkun slysadagpeninga einstaklinga nemi um **1.7 millj. kr.** og hækkunin vegna barna **1.6 millj. kr.** eða samtals **3.3 millj. kr.**

Sjúkradagpeningar samkvæmt 44. grein.

Gengið er út frá, að dagpeningar skiptist milli einstaklinga, kvæntra og barna í sömu hlutföllum og við athugun Sjúkrasamlags Reykjavíkur 1958. (Sundurliðun er ekki gerð í bókhaldi sjúkrasamlaganna).

Kostnaðaraukning yrði þá vegna einstaklinga **5.2 millj. kr.** og vegna barna **6.4 millj. kr.** eða samtals **11.6 millj. kr.**

Áætlun þessa verður að taka með mikilli varfærni, þar sem skiptingin milli hópa með mismunandi upphæðir dagpeninga getur hafa breytzt verulega á þeim tíma, sem liðinn er, frá því athugunin á því fór fram.

Kostnaðaraukningin áætlast því samkvæmt ofanrituðu:

Lífeyrisdeild	290.2 millj. kr.	
Til varasjóðs 2%	5.8 — —	
		296.0 millj. kr.
Slysadeild	3.3 millj. kr.	
Til varasjóðs 2%	0.1 — —	
		3.4 — —
Sjúkradeild	11.6 millj. kr.	
Til varasjóðs 2%	0.2 — —	
		11.8 — —
	Samtals	311.2 millj. kr.

Nd. 171. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

2. og 3. mgr. 3. gr. orðist svo:

Nú vinnur gift kona, sem er samvistum við mann sinn, fyrir skattskyldum tekjum, og eiga þá hjónin rétt á því, að dregin séu 50% frá þeim tekjum hennar, áður en skattgjald er lagt á tekjur þeirra hjónanna, enda sé teknanna ekki aflað hjá fyrirtæki eða félagi, sem hjónin, annað hvort eða bæði, eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti, sbr. 3. mgr. Nú telja hjón sér hagfelldara, að tekjur konunnar séu sérstaklega skattlagðar, og geta þau þá krafizt þess, að skattur sé á þau lagður sitt í hvoru lagi. Ómagafrádráttur allur skiptist þá til helminga á milli hjónanna. Annar frádráttur en persónuleg gjöld konunnar telst við útreikninginn hjá eiginmanninum.

Þegar gift kona vinnur við fyrirtæki eða félag, sem hjónin, annað hvort eða bæði, eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti, á hún rétt á því, að helmingur launa hennar eða áætlaðs hluta hennar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna, miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna, verði dreginn frá sameiginlegum tekjum hjónanna. Aldrei skal þó koma hærri fjárhæð til frádráttar af þessum sökum en nemur ¼ hluta persónufrádráttar hjóna samkvæmt B-lið 1. mgr. 16. gr., sbr. 53. gr.

2. gr.

C-liður 1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, enda séu þau skráð í firmaskrá og hafi við síðustu álagningu verið sjálfstæðir skattþegnar. Hjón ein sér eða með ófjárráða börnum sínum geta ekki myndað sameignarfélag, er sé sjálfstæður skattþegn. Við skráningu sameignarfélags skal tekið fram, hvort félagið skuli vera sjálfstæður skattþegn. Óskráð sameignarfélög, sem við síðustu álagningu fyrir gildistöku þessara laga voru sjálfstæðir skattþegnar, skulu teljast það framvegis.

Á önnur sameignarfélög skal ekki lagður skattur sem sjálfstæða skattþegna. Eignum og tekjum slíkra félaga skal skipt milli félagsaðila í samræmi við félagssamning þeirra og þær skattlagðar með öðrum eignum og tekjum félagsaðilanna.

Eigendum sameignarfélags, sem verið hefur sjálfstæður skattþegn, er heimilt að breyta um og skipta tekjum þess og eignum milli sín til skattlagningar, sbr. 2. mgr. þessa stafliðs. Slíkt félag getur eigi orðið sjálfstæður skattþegn síðar né heldur sameignarfélög, sem ekki urðu það við skráningu eða voru það ekki við síðustu álagningu.

3. gr.

1. Síðasti málsliður A-liðs 1. mgr. 7. gr. orðist svo:

   Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði, afnot bifreiða og hver önnur hlunnindi, sem látin eru í té og jafna má til kaupgreiðslu.

2. 1. mgr. D-liðs 1. mgr. 7. gr. orðist svo:

   Vextir eða arður af hlutabréfum, skuldabréfum og öðrum innlendum og erlendum verðbréfum, svo og vextir af sparisjóðsinnstæðum, útistandandi skuldum og öðrum arðberandi kröfum. Undanþegnir skattskyldu eru þó vextir af skattfrjálsum sparisjóðsinnlánum samkvæmt 21. gr. og vextir af stofnsjóðsinnstæðum í samvinnufélögum.

3. 3. mgr. D-liðs 1. mgr. 7. gr. falli niður.
4. Á eftir 3. mgr. E-liðs 1. mgr. 7. gr. komi ný málsgrein, 4. málsgrein, og breytist málsgreinatalan samkvæmt því. Málsgreinin verði svo hljóðandi:

Selji skattþegn íbúðarhúsnæði, sem verið hefur íbúðarhæft í eigu hans skemur en þrjú ár, en kaupi annað íbúðarhúsnæði innan árs eða byggi hús til íbúðar, áður en þrjú ár eru liðin frá söludegi, skal ágóði af sölunni ekki talinn til skattskyldra tekna, ef hið keypta íbúðarhúsnæði eða nýreista hús er að rúmmáli jafnstórt eða stærra en hið selda. Ef það er minna að rúmmáli, skal ágóði af sölunni teljast hlutfallslega til skattskyldra tekna. Við kaup og sölu skulu tímamörk miðuð við dagsetningu kaupsamnings, en við nýbyggingu, að húsið sé íbúðarhæft. Ákvæði þessi raska ekki fyrirmælum laganna um skattskyldu, þegar eigin vinna, sem ekki hefur verið skattlögð, fæst greidd í söluverði íbúðarhúsnæðis.

4. gr.

9. gr. orðist svo:

Ef félag, sem er sjálfstæður skattaðili og hefur varasjóð, myndaðan af skattfrjálsum framlögum, ráðstafar honum til annars en þess að mæta rekstrarhalla fyrirtækisins, skal telja þá fjárhæð að viðbættum tuttugu af hundraði (20%) til skattskyldra tekna á því ári. Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs samkvæmt framansögðu, ef félag ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

A. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru viðkomandi rekstri félagsins.
B. Veitir hluthöfum, eigendum sameignarfélags eða öðrum nokkur fríðindi beint eða óbeint umfram venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur og arðsúthlutun eða úttekt af höfuðstól í sameignarfélagi, sem sé meiri en svari til 10% ársvaxta af bókfærðu eigin fé félagsins.
C. Kaupir eign óeðlilega háu verði að dómi skattayfirvalds. Skal þá meta, hvert verð geti talizt hæfilegt. Mismun hins raunverulega kaupverðs og matsverðs telst ráðstafað úr varasjóði og úthlutun arðs úr félaginu, ef keypt hefur verið af hluthafa.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð samkvæmt 2. mgr. 17. gr., ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í A—C-liðum þessarar greinar, og fellur það þá til skattgreiðslu samkv. ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins.

Nú hrökkva hreinar árstekjur félags að viðbættri þeirri hreinni eign, sem félagið á umfram varasjóð og hlutafé, eigi fyrir skatt- og útsvarsgreiðslum og því varasjóðstillagi, sem undanþegið er skattgreiðslu skv. lögum þessum, og er þá heimilt að taka þá fjárhæð, sem á vantar, úr varasjóði.

Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru stofnaðir með skattfrjálsum framlögum, má ekki telja sem varasjóð.

5. gr.

B-liður 12. gr. falli niður, og breytist stafliðaröð samkvæmt því.

6. gr.

1. Í 4. tl. A-liðs 15. gr. falli niður orðið „viðskiptavildar".
2. Síðari málsliður 1. mgr. B-liðs 15. gr. falli niður.
3. 1. málsliður 3. tölul. C-liðs 15. gr. orðist svo:

Bygginga og annarra mannvirkja en íbúðarhúsnæðis.

4. Á eftir 5. mgr. C-liðs 15. gr. komi ný málsgrein, sem verður 6. málsgrein, og breytist málsgreinatalan samkvæmt því. Málsgreinin er svo hljóðandi:
   Verði almennar verðbreytingar til hækkunar á eignum þeim, sem taldar eru í 1. og 2. tl. A-liðs 1. mgr. hér að framan, er skattþegni heimilt að fyrna slíkar eignir sérstakri, óbeinni fyrningu, sem reiknuð skal af krónutölu þeirra fyrninga, sem hann notar á árinu með heimild í 1.—3. tl. C-liðs þessarar greinar. Skulu þær ákveðnar eftir verðhækkunarstuðli, sem svari til hinna almennu verðbreytinga, er átt hafa sér stað á skattárinu. Við ákvörðun verðhækkunarstuðuls fyrir húseignir skal hafa til hliðsjónar breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Verðhækkunarstuðull fyrir fyrnanlegar eignir í atvinnurekstri samkvæmt 1. tl. A-liðs greinarinnar skal einkum miða við verðbreytingar á þeim eignum, sem fluttar eru til landsins. Heimilt er að ákveða mismunandi verðhækkunarstuðla fyrir mismunandi tegundir eigna. Verðhækkunarstuðlar skulu ákveðnir af fjármálaráðuneytinu í samráði við Hagstofu Íslands. Þeir skulu birtir að liðnu hverju skattári, svo fljótt sem verða má.
5. 1. mgr. D-liðs 15. gr. orðist svo:
   Til viðbótar þeirri föstu fyrningu, sem um ræðir í C-lið, er heimilt að fyrna eignir þær, er getur í 1.—3. tl. C-liðs, aðrar en íbúðar- og skrifstofuhúsnæði, með sérstakri fyrningu, er nemi að hámarki 30% af heildarfyrningarverði þeirra, að frádreginni hækkun vegna endurmats skv. ákvæðum til bráðabirgða I. Eigandi ræður, hvenær hann notar heimild þessa, en aldrei má hann nota meira en fimmta hluta hámarksfyrningar á einu ári.
6. 2. mgr. D-liðs 15. gr. falli niður.
7. 3. mgr. D-liðs 15. gr. orðist svo:
   Eigi má mynda rekstrarhalla vegna fyrningar samkvæmt 1. mgr. og ekki nota þessar fyrningar til að fresta yfirfærslu tapa frá fyrri árum.
8. 5., 6. og 7. málsliður 5. mgr. D-liðs 15. gr. falli niður.
9. 1. mgr. E-liðs 15. gr. orðist svo:
   Fyrningarverð íbúðarhúsnæðis skal vera jafnt fasteignamatsverði.

7. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar skv. lögum þessum, skal draga sem hér segir:

A. Fyrir einstaklinga 140 000 kr.
B. Fyrir hjón 220 000 kr., telji þau fram sitt í hvoru lagi 110 000 kr. hjá hvoru.
C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á, 30 000 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með.

Ef foreldrar búa saman ógift, skal frádráttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal frádráttur einnig skiptast til helminga milli þeirra. Meðlagsgreiðsla skal ekki talin til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og ekki til frádráttar hjá því foreldri, sem innir hana af hendi.

Ef einstætt foreldri (stjúpforeldri, kjörforeldri, fósturforeldri) heldur heimili og framfærir þar börn sín, má það draga frá skattskyldum tekjum auk frádráttar skv. 1. mgr. upphæð, er nemur 47 500 kr., að viðbættum 5 800 kr. fyrir hvert barn.

Frá tekjum þeirra, sem eru á framfæri í foreldrahúsum eða við nám, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar, eftir nánari ákvörðun skattyfirvalda.

Um heimild skattstjóra til að veita aukinn frádrátt og lækka tekjuskatt fer eftir því, sem segir í 52. gr.

8. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Félög þau, sem um ræðir í A-lið 1. mgr. 5. gr., mega draga frá hreinum tekjum sínum útborgaðan arð allt að 10% af nafnverði hlutafjár eða stofnfjár.

Ef nokkuð af hreinum tekjum félaga samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, svo og félaga samkvæmt B-, C-, D- og E-liðum 5. gr., er lagt í varasjóð, er sú upphæð undanþegin tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattgjaldstekna, þó eigi hærri fjárhæð en nemur ¼ hluta af hreinum tekjum félags, eftir að frá hafa verið dregnar þær fjárhæðir, sem um ræðir í 1., 3. og 4. mgr. þessarar greinar, en áður en tekjuskattur og tekjuútsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjum.

Félög þau, sem um ræðir í B-lið 1. mgr. 5. gr., mega draga frá hreinum tekjum sínum, sem myndast vegna viðskipta við félagsmenn, það fé, sem þau greiða félagsmönnum sínum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði samkvæmt lögum nr. 46 13. júní 1937, í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu, sbr. 5. mgr. Vexti af stofnsjóðsinnstæðum skal samkvæmt 11. gr. draga frá skattskyldum tekjum allt að því hámarki, sem ákveðið er í fyrrgreindum lögum um samvinnufélög, 3. gr. 7. tl.

Félög, sem hafa það að meginmarkmiði sínu að vinna úr eða selja afurðir félagsmanna sinna, eða að því leyti sem félög annast slíka starfsemi, mega þau draga frá hreinum tekjum sínum, sem myndast vegna viðskipta við félagsmenn, það fé, sem þau úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Fé, sem þannig er úthlutað, telst ekki til skattskyldra tekna hjá félaginu, en til tekna hjá einstökum félagsmönnum.

Hafi félög þau, sem um ræðir í 3. mgr. þessarar greinar, viðskipti við aðra en félagsmenn sína, eru allar hreinar tekjur af viðskiptunum skattskyldar hjá félögunum. Við ákvörðun skattgjaldstekna er þessum félögum þó jafnan heimilt að draga frá arð af viðskiptum við félagsmenn sína á skattárinu, er nemi allt að ⅔ hlutum hreinna tekna. Í smásöluverzlun skal þó slíkur afsláttur aldrei nema meira en 6% af viðskiptum félagsmanns.

Innlend vátryggingarfélög mega draga frá tekjum sínum það fé, er þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldur sínar við vátryggingartaka eða vátryggða.

Við ákvörðun hreinna tekna samkvæmt 1.—4. mgr. þessarar greinar skal eigi telja með skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 9. gr., og frá skal draga yfirfæranleg töp frá fyrri árum, sbr. 2. mgr. B-liðs 11. gr., og frádrátt samkvæmt 6. mgr. þessarar greinar.

Eigi má mynda yfirfæranlegt rekstrartap með greiðslum þeim eða framlögum, sem um ræðir í 1.—4. mgr. þessarar greinar.

9. gr.

1. B-liður 22. gr. orðist svo:
   Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir og með verðlagi, er ríkisskattstjóri ákveður til 1 árs í senn.
2. Aftan við D-lið 22. gr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
   Hafi skattþegn fyrir gildistöku laga þessara eigi notað svo háan frádráttarhundraðshluta, má hann þó eigi hækka frádráttinn meira árlega en svo, að hámark náist í fjórum jöfnum áföngum.
3. 2. málsliður 1. mgr. E-liðs 22. gr. falli niður.

10. gr.

25. gr. orðist svo:

I. Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:
   Af fyrstu 50 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 25%. Af því, sem fram yfir er, greiðast 45%.

II. Skattgjald þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í 5. gr., skal vera 53% af skattgjaldstekjum.
III. Tekjuskatt, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu.

11. gr.

26. gr. orðist svo:

1. Eignarskattur þeirra manna, sem eignarskattsskyldir eru skv. lögum þessum, reiknast þannig:
   Af fyrstu 1 000 000.00 kr. skattgjaldseign greiðist enginn skattur.
   Af næstu 1 000 000.00 kr. skattgjaldseign greiðist 0.4%.
   Af þeirri skattgjaldseign, sem þar er umfram, greiðist 0.8%.
2. Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., skal vera 1.2% af skattgjaldseign.
3. Eignarskatt, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu.

12. gr.

32. gr. orðist svo:

Í ríkisskattanefnd eiga sæti þrír menn og þrír til vara. Fjármálaráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar. Skulu þeir fullnægja skilyrðum til að vera skipaðir héraðsdómarar, hafa lokið prófi í hagfræði eða viðskiptafræði, vera löggiltir endurskoðendur eða hafa aflað sér sérþekkingar á skattalöggjöf og framkvæmd hennar. Aðra nefndarmenn og varamenn skipar ráðherra til fjögurra ára úr hópi sex manna, sem Hæstiréttur tilnefnir sem hæfa til starfsins.

Þrír menn skulu úrskurða í hverju máli. Skal það vera formaður nefndarinnar eða varaformaður, ásamt tveimur nefndarmönnum eða varamönnum, eftir ákvörðun nefndarformanns hverju sinni.

Ríkisskattanefnd skal vera óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum út af álagningu skatta, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Í nefndina má ekki skipa menn, sem gegna ábyrgðar- eða trúnaðarstöðum við stjórn samtaka atvinnurekenda, stéttarfélaga eða á sviði fjármála og skattheimtu hjá ríki og sveitarfélögum.

13. gr.

Síðasti málsliður 33. gr. fellur niður.

14. gr.

41. gr. orðist svo:

Úrskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattanefndar. Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera 21 dagur frá uppkvaðningu úrskurðar skattstjóra.

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta úrskurðum skattstjóra til ríkisskattanefndar á næstu þremur mánuðum eftir dagsetningu úrskurðar skattstjóra. Kærur skulu vera skriflegar og studdar þeim gögnum, sem kærandi telur nauðsynleg.

Ríkisskattstjóri skal koma fram fyrir hönd fjármálaráðherra gagnvart ríkisskattanefnd. Hann skal rökstyðja kröfur sínar og rita greinargerð í málum að því marki, sem hann telur ástæðu til.

Hafi ríkisskattstjóri kært úrskurð skattstjóra, sbr. 2. mgr., skal ríkisskattanefnd senda skattþegni afrit kæru og gefa honum kost á, innan hæfilegs frests, að koma fram með andsvör sín og gögn.

Ríkisskattanefnd skal hafa lagt úrskurði á allar kærur sex mánuðum eftir að þær bárust nefndinni. Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir þannig, að aðilar megi sjá, á hvaða kæruatriðum og skattheimildum álagning sé byggð. Úrslit skal tilkynna ríkisskattstjóra, innheimtumanni skattsins og gjaldþegni þegar í stað.

Skattþegni er heimilt að krefjast þess, að hann eða umboðsmaður hans með skriflegu umboði fái að flytja mál sitt fyrir ríkisskattanefnd. Ríkisskattanefnd getur

einnig ákveðið sérstakan málflutning, ef mál er flókið eða hefur að geyma vandasöm, lögfræðileg úrlausnarefni. Málflutningur má vera munnlegur, ef ríkisskattanefnd leyfir. Um málflutning skulu gilda almennar reglur um málflutning fyrir héraðsdómi, eftir því sem við á. Úrskurðir í þessum málum skulu vera rökstuddir, og er nefndin ekki bundin við þau tímatakmörk um afgreiðslu máls, sem sett eru í næstu málsgrein hér á undan.

Nú telur nefndin mál ekki nægilega upplýst, og getur hún þá beint til málsaðila að afla frekari gagna eða upplýsinga máli til skýringar.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð. Ágreining um skattskyldu má bera undir dómstóla.

Ríkisskattanefnd skal úrskurða kærur um gjöld, sem skattstjórar leggja á samkvæmt ákvæðum laga um þau efni. Gilda ákvæði þau, sem að framan eru rakin, um slíkar kærur, eftir því sem við á. Ríkisskattstjóri skal koma fram gagnvart ríkisskattanefnd fyrir hönd gjaldkrefjenda.

15. gr.

42. gr. orðist svo:

Ríkisskattstjóri skal auk þess, sem annars staðar er ákveðið í lögum þessum um störf hans, hafa eftirlit með störfum skattstjóra og gæta þess, að samræmi sé í störfum þeirra og skattaákvörðunum. Hann skal setja þeim starfsreglur og verklagsreglur og kynna þeim dóma og úrskurði, sem þýðingu hafa. Hann skal hafa á hendi framkvæmd tvísköttunarsamninga við önnur ríki, sbr. 4. mgr. 2. gr.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum rannsakað hvert það atriði, er varðar framkvæmd laga þessara svo og annarra laga um skatta og gjöld, sem álögð eru af skattstjórum. Getur hann í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra, lánastofnunum og öðrum þeim, er í 36. gr. greinir.

Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild, er hafi með höndum rannsóknir samkvæmt lögum þessum, sbr. 4. mgr. 36. gr. og 2. mgr. þessarar greinar. Forstöðumaður deildarinnar, skattrannsóknarstjóri, stýrir rannsóknarstarfi hennar í samráði við ríkisskattstjóra.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um skattákvörðun samkvæmt lögum þessum, enda séu uppfyllt skilyrði 38. gr., ef um hækkun er að ræða, eða öðrum lögum um skatta og gjöld, sem lögð eru á af skattstjórum, og getur hann þá gert gjaldþegni skatt að nýju. Heimilt er gjaldanda að kæra slíka álagningu til ríkisskattanefndar eftir reglum 41. gr.

16. gr.

45. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra hefur eftirlit með því, að skattstjórar, ríkisskattstjóri og ríkisskattanefnd ræki skyldur sínar. Hann hefur rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og krefja skattstjóra og ríkisskattstjóra skýringa á öllu því, er framkvæmd laga þessara varðar.

17. gr.

6. mgr. 48. gr. orðist svo:

Nefnd, sem í eiga sæti þrír menn, formaður ríkisskattanefndar og tveir lögfræðingar, sem fullnægja skilyrðum til að vera skipaðir héraðsdómarar og fjármálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn, skal ákveða sektir samkvæmt 1., 3. og 4. mgr. þessarar greinar, nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski, að máli verði vísað til dómstóla. Formaður ríkisskattanefndar skal vera formaður nefndarinnar. Ríkisskattstjóri skal koma fram fyrir hönd fjármálaráðherra. Nefnd þessi getur og ákveðið sektir vegna annarra gjalda, sem skattstjórar leggja á, nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski þess, að máli verði vísað til dómstóla.

Um meðferð mála skal farið eftir 41. gr., eftir því sem við á.

18. gr.

49. gr. orðist svo:

Skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra, ríkisskattanefnd og nefnd samkvæmt 6. mgr. 48. gr. er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

Hið sama gildir um þá, er veita aðilum samkvæmt 1. mgr. aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

19. gr.

Í 53. gr. komi í stað orðanna „árið 1972“ orðin: árið 1973.

20. gr.

1. mgr. 55. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, svo sem nánar um ákvörðun tekna og eigna, störf skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra, ríkisskattanefndar og nefndar samkvæmt 6. mgr. 48. gr.

21. gr.

1. Ákvæði til bráðabirgða I og II falli niður.
2. Ákvæði til bráðabirgða III verði ákvæði til bráðabirgða I og orðist svo:

Heimilt er atvinnufyrirtækjum á árunum 1971—1972 að endurmeta fyrnanlegar eignir sínar, samkvæmt 1. og 2. tl. 2. mgr. A-liðs 15. gr., sem þau höfðu eignazt fyrir árslok 1968 og hafa síðan átt. Endurmatsverð eigna samkvæmt 2. tl. 2. mgr. A-liðs 15. gr. skal teljast jafnt fasteignamatsverði samkvæmt fasteignamati því, sem staðfest var á árinu 1971. Endurmatshækkun fasteigna skal telja til heildarfyrningarverðs samkvæmt B-lið 15. gr.

Heimild til endurmatshækkunar lausafjár samkvæmt 1. tl. A-liðs 15. gr. tekur til lausafjár, sem atvinnufyrirtæki hafa eignazt á árunum 1960 til 1968 að báðum árum meðtöldum. Skip, sem verið hafa í eigu skattþegns síðan fyrir 1960, er heimilt að endurmeta eftir sömu reglum. Aldrei má endurmatshækkun að viðbættu bókfærðu verði eignar vera hærra en sennilegt gangverð hennar. Endurmatshækkun má að hámarki vera 20% — tuttugu af hundraði — af upphaflegu kaup- eða kostnaðarverði viðkomandi eignar, og skal afskrifa hana á 5 árum, nema raunverulegur endingartími eignarinnar sé skemmri. Þá skal afskrifa hana á þeim tíma.

Hækkun bókfærðs verðs eigna samkvæmt mati þessu telst ekki til skattskyldra tekna. Þeir, sem óska eftir að endurmeta lausafé sitt, skulu senda skattstjóra greinargerð um matið ásamt nauðsynlegum gögnum. Skal þar m. a. sérgreina þær eignir, sem endurmeta skal. Skattstjóri skal úrskurða matið án ástæðulausrar tafar. Skattþegn, sem ekki vill sætta sig við úrskurð skattstjóra, getur skotið máli sínu til ríkisskattstjóra, sem kveður upp fullnaðarúrskurð.

Fjármálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd matsins.

3. Ákvæði til bráðabirgða V og VI falli niður.
4. Ákvæði til bráðabirgða IV verði II og ákvæði til bráðabirgða VII verði III.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1971.

Ákvæði 12. gr. um nýja skipan ríkisskattanefndar, 3. mgr. 14. gr. og ákvæði 17. gr. skulu þó eigi taka gildi fyrr en 1. október 1972, og skal ríkisskattanefnd samkvæmt lögum nr. 68/1971 og nefnd samkvæmt 48. gr. þeirra laga starfa og halda óbreyttum heimildum sínum til þess tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fyrir Alþingi, er liður í meiri háttar stefnubreytingu í tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga, sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir. Þótt sú breyting krefjist breytinga á fleiri lögum en lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þykir hlýða að gera hér grein fyrir megindráttum þeirrar stefnu, sem hér er mörkuð.

Í málefnasamningi aðildarflokka að núverandi ríkisstjórn eru nokkur ákvæði um skattamál. Þar segir m. a.:

„Endurskoða ber skiptingu verkefna og valds á milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka á sjálfsforræði byggðarlaga."

„Ríkisstjórnin hefur sett sér þessi höfuðmarkmið ...:

Að endurskoða tekjuöflunarleiðir hins opinbera með það fyrir augum, að skattabyrðinni verði dreift réttlátlegar en nú er gert. Slík endurskoðun skattakerfisins haldist í hendur við endurskoðun tryggingalöggjafar, í því skyni að öllum þjóðfélagsþegnum verði tryggðar lífvænlegar lágmarkstekjur. Tekjur, sem einungis hrökkva fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, verði ekki skattlagðar. Skatteftirlit verði hert, þannig að réttlát skattaframkvæmd verði tryggð betur en nú er. Stefnt verði að því, að persónuskattar eins og til almannatrygginga verði felldir niður, en teknanna aflað með öðrum hætti."

Undirbúningsstarf að þeirri stefnumótun, sem málefnasamningurinn með þessum hætti gerir ráð fyrir, er fyrir alllöngu hafið og er að mestu leyti í miðjum klíðum. Hins vegar hefur ríkisstjórnin lagt áherzlu á, að ýmis meginatriði þeirrar löggjafar, sem hér um ræðir, verði tekin til endurskoðunar þegar í stað og lögfest, þótt endanleg gerð slíkrar löggjafar bíði næsta þings.

Meginatriði þeirrar stefnubreytingar, sem hér er verið að gera, eru þessi:

1. Haldið er áfram þeirri stefnu, sem mörkuð var fyrr á þessu ári með niðurfellingu námsbókagjalds, og felldir niður aðrir persónuskattar, þ. e. gjöld einstaklinga til almannatrygginga og sjúkrasamlaga.
2. Lágmarkslaun fyrir elli- og örorkulífeyrisþega verði tryggð.
3. Veruleg skattalækkun er gerð hjá þeim tekjulægri.
4. Skattkerfi eru gerð einfaldari en verið hefur, m. a. með niðurfellingu skatta til sveitarfélaga.
5. Skipting greiðslubyrði milli ríkis og sveitarfélaga verður ákveðnari og einfaldari en verið hefur eftir þessa breytingu, þar sem ríkið tekur nú að sér að fjármagna svo til allt tryggingakerfið og kosta löggæzlu í landinu. Þetta hefur verið baráttumál sveitarfélaganna og talið eðlilegt, að fjármögnunin væri ríkismegin, enda ræður ríkisstjórnin stefnunni í útgjaldaaukningu í sambandi við þessi verkefni með lagabreytingum í sambandi við tryggingakerfið, sem hefur valdið síhækkandi kostnaði á síðari árum.

Verða þessum atriðum hér á eftir gerð nánari skil.

A. Í skiptum ríkis og sveitarfélaga er gert ráð fyrir þeirri breytingu viðfangsefna og tekjustofna, að ríkissjóður taki við greiðslu alls löggæzlukostnaðar, alls hluta sveitarfélaga í lífeyristryggingum almannatrygginga og helmings útgjalda sveitarfélaga til sjúkratrygginga. Með þessum hætti er meginþunga þeirra útgjalda, sem sveitarfélögin geta lítið eða ekki haft stjórn á, létt af þeim og þau flutt yfir á ríkissjóð.

Um leið er gert ráð fyrir þeirri breytingu á tekjustofnum sveitarfélaga, að aðstöðugjald falli niður að hálfu árið 1972, eignarútsvör falli niður svo og stighækkandi tekjuútsvör einstaklinga og öll útsvör félaga.

Í stað þessara tekjustofna komi fasteignaskattur, verulega hærri en hann nú er, einkum á atvinnurekstrarhúsnæði, og tekjuútsvar á einstaklinga, sem leggist sem flatur skattur, tiltölulega lágt hlutfall, á brúttótekjur einstaklinga, sérstak-

lega skýrgreindar. Með þessum hætti er tekjuöflunarkerfi sveitarfélaga gert tiltölulega einfalt og aðskilið frá tekjuöflun ríkisins, þótt tekjuframtal til ríkisins nýtist til álagningar útsvarsins.

Með mörkun þessarar stefnu gagnvart sveitarfélögum hefur verið lögð áherzla á, að sveitarfélögunum séu fengnir tekjustofnar, sem eru öruggir og auðveldir til ákvörðunar fyrir fram. Skattlagningarvaldið er í höndum ríkisins og því eðli málsins samkvæmt, að áhætta sé meiri þess megin.

Þá er það fyrst og fremst í verkahring ríkisins að ákveða og annast tekjujöfnun eða tekjutilfærslur milli borgaranna, svo sem gert er með almannatryggingum, niðurgreiðslum o. fl. Sama máli gegnir um almenna fjármálastefnu og hagstjórn. Þess vegna er rökrétt, að allir stighækkandi skattar og skattlagning atvinnurekstrar sé sem mest í höndum ríkisins, enda er afkoma atvinnurekstrar að verulegu leyti háð opinberum ákvörðunum, s. s. t. d. verðlagsákvörðunum, gengisskráningu o. fl. Hefur þótt eðlilegt að leggja þessi meginsjónarmið til grundvallar við skiptingu tekjustofnanna.

B. Í skiptum sjúkratryggingakerfisins við félaga í sjúkrasamlögum er gert ráð fyrir niðurfellingu sjúkrasamlagsgjalda frá 1. janúar 1972 að telja.

C. Í skiptum ríkisins við skattþegnana er gert ráð fyrir verulegum breytingum til viðbótar þeim, sem raktar hafa verið.

Gert er ráð fyrir niðurfellingu almannatryggingagjalds frá 1. janúar 1972 að telja.

Gert er ráð fyrir nokkurri hækkun persónufrádráttar, einkum hjóna og barna, frá því, sem nú gildir.

Gert er ráð fyrir hækkun skattstiga tekjuskatts frá því, sem verið hefur, m. a. með hliðsjón af niðurfellingu tekjuútsvara skv. gildandi lögum. Er þrátt fyrir það að því stefnt með breytingunni að lækka skatta á lágtekjufólki verulega með niðurfellingu almannatryggingagjalds og sjúkrasamlagsgjalds.

D. Í greinargerð með frumvarpi um breyting á almannatryggingalögum er gerð grein fyrir lagabreytingum, sem verður að líta á sem hluta þeirra aðgerða, sem hér eru kynntar.

E. Loks er gert ráð fyrir allveigamiklum breytingum öðrum en þegar hefur verið rætt um á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt, eins og þetta frumvarp ber með sér. Að talsverðu leyti er hér verið að breyta þeim lögum, sem samþykkt voru um þetta efni á Alþingi s. l. vor, að því marki sem sú breyting fellur ekki að sjónarmiðum núverandi stjórnarflokka. Auk þess felur frumvarpið í sér ýmsar aðrar breytingar á gildandi lögum, sem nánar verður gerð grein fyrir.

Rétt er að ítreka það, sem áður sagði, að endurskoðun þessara laga er í miðjum klíðum í höndum sérstaklega skipaðrar nefndar, og er þess vænzt, að efnislegri og formlegri endurskoðun þeirra geti orðið að fullu lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Nefndin hefur aðstoðað við samningu þessa frumvarps, en í henni eiga sæti Björn Jónsson, alþingismaður, Guðmundur Skaftason, hrl., Gunnar Reynir Magnússon, löggiltur endurskoðandi, Magni Guðmundsson, hagfræðingur og Jón Sigurðsson, ráðuneytisstjóri, sem er formaður nefndarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir, að kona geti talizt vinna úti og notið fulls helmingsfrádráttar launatekna, ef hún vinnur hjá félagi, sem fjölskyldan á og/eða rekur að verulegu leyti. Því er lagt til, að sú breyting verði gerð á 2. mgr. 3. gr. laganna, að skotið verði inn orðunum „eða félagi“, og verður þá ákvæðið „enda sé teknanna ekki aflað hjá fyrirtæki eða félagi, sem hjónin, annað hvort eða bæði, eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti, sbr. 3. mgr.“ Er gert ráð

fyrir, að um frádrátt frá vinnutekjum giftrar konu, þegar svo stendur á sem hér segir, fari eftir reglunni í 3. mgr. greinarinnar. Er því einnig lagt til, að orðalagi hennar verði breytt til samræmis við 2. mgr. Nauðsynlegt þykir að gera orðalag greinarinnar skýrara en verið hefur, auk þess sem þessi breyting mun vera í samræmi við upphaflegan tilgang hennar.

Um 2. gr.

Í gildandi lögum eru allflókin ákvæði um þau sameignarfélög, sem skattlögð eru sem sjálfstæðir gjaldendur. Ákvæði þessi voru lögfest á s. l. vori. Hafa þau því ekki komið til framkvæmda enn þá í reynd. Í stórum dráttum má segja, að ákvæði þessi séu þess efnis, að skattréttarleg staða sameignarfélags, sem er skattlagt sjálfstætt, sé gerð sem líkust stöðu hlutafélags. Þannig eru hlutafélagareglurnar látnar gilda t. d. um slit á sameignarfélagi, 7. gr. E-liður 1. mgr. Að sumu leyti eru slík sameignarfélög lakar sett en hlutafélög. Þannig er hlutafélagi heimilt að gefa út skattfrjáls jöfnunarhlutabréf innan vissra marka, en engin hliðstæð heimild er til endurmats á stofnfé í sameignarfélagi. Hefur þetta sérstaka þýðingu í sambandi við tvísköttun við slit þessara félaga. Þessar reglur verða hvorki taldar heppilegar né sanngjarnar og því ekki til frambúðar. Er því lagt til, að þeim verði breytt, áður en farið er að framkvæma þær. Þegar frá líður, mundu þær stuðla að því, að fjölda smáfyrirtækja, sem sameignarfélagsformið hentar vel, yrði breytt í hlutafélög. Er sízt ástæða til að stuðla að fjölgun smáhlutafélaga í landinu. Í þessu sambandi ber einnig að minnast þess, að sameignarfélagsmaðurinn ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum, sem félag hans stofnar til, og er það óefað mikil trygging lánstraustinu almennt að hafa þann hátt á. Það er vafalaust að verða allverulegt vandamál í dag, hversu almenni kröfuhafinn skv. skiptalögum er illa settur, bæði vegna þess, hversu auðvelt er fyrir eigendur fyrirtækja að takmarka ábyrgð sína á atvinnurekstrinum í hlutafélagaformi, og einnig vegna þess, hversu mörgum kröfum er ýmist veittur forgangs- eða lögveðréttur.

Þegar þetta er haft í huga, er talið hyggilegra að breyta ákvæðunum um skattlagningu sameignarfélaga í svipað horf og þau voru fyrir skattalagabreytinguna á s. l. vori, en nánar verði ákveðið, hvenær sameignarfélög skulu teljast sjálfstæðir skattaðilar. Efnislega eru ákvæðin á þessa leið:

Félagið verður að vera skráð í firmaskrá. Félög, sem við síðustu álagningu voru sjálfstæðir skattaðilar, skulu vera það framvegis. Tekjum og eignum annarra sameignarfélaga skal skipta milli eigenda til skattlagningar. Eigendum sameignarfélags er heimilt að breyta einu sinni til um skattlagningu með því að leggja félag niður sem sjálfstæðan gjaldanda, en félag, sem skipt hefur tekjum sínum eða eignum milli eigenda, getur ekki orðið sjálfstæður skattþegn síðar.

Um 3. gr.

Hér eru gerðar tillögur um nokkrar breytingar á 7. gr. laganna um tekjuskatt og eignarskatt. Í 1. tl. greinarinnar er sett nýtt og ákveðnara orðalag en fyrir er, í því skyni að leggja áherzlu á skattlagningu ýmissa hlunninda, sem starfsfólk og eigendur kunna að hafa hjá fyrirtækjum. Ákvæðin í 2. tl. um skattfrelsi vaxta af innstæðum félagsmanna í stofnsjóðum samvinnufélaga eru flutt úr B-lið 12. gr. laganna og látin hér koma við hliðina á ákvæðum um skattfrelsi vaxta af sparifjárinnlánum. Þetta þykir rökréttara, þar sem í báðum tilfellum er um að ræða vexti af peningakröfum. Í 4. tl. eru tekin inn svipuð ákvæði og áður voru í E-lið 7. gr. laganna nr. 90/1965, um tekjuskatt og eignarskatt, um skattlagningu vegna sölu íbúðarhúsnæðis. Þykir ekki hjá þessu komizt vegna hinna miklu verðhækkana, sem orðið hafa á íbúðarhúsnæði síðustu misseri. Ákvæði þessi eru þó þrengri en áður var vegna þess, að þau taka aðeins til íbúðarhúsnæðis, en giltu áður um fasteignir

almennt. Hér er einnig sú breyting gerð, að við útreikning söluágóða ber að miða við rúmmál eignanna, en ekki fasteignamatsverð eins og áður var.

Um 4. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa. Hún er tekin úr lögum nr. 90/1965. Breyting hefur verið gerð á B-lið greinarinnar í því skyni að takmarka meira en áður var úttekt af höfuðstól í sameignarfélagi, sem safnar skattfrjálsum varasjóði. Úr C-lið hefur enn fremur verið fellt niður ákvæði um skuldabréfakaup.

Um 5. gr.

Í B-lið 12. gr. laganna um tekjuskatt og eignarskatt er ákvæði þess efnis, að frá tekjum skuli draga arð af hlutabréfum í eigu innlendra manna allt að kr. 60 000 hjá hjónum og kr. 30 000 hjá einstaklingi, en aldrei þó fjárhæð, er nemi meiru en 10% af hlutafjáreign skattþegns í hverju einstöku hlutafélagi. Gerð er tillaga um að fella niður þetta ákvæði.

Um 6. gr.

Hér er lagt til, að ýmsar breytingar verði gerðar á 15. gr. laganna. Í fyrsta lagi er lagt til, að felld verði niður heimild til að afskrifa viðskiptavild, „goodwill". Enn fremur er lagt til, að allt íbúðarhúsnæði skuli afskrifað af fasteignamatsverði með hundraðstölu, sem sett verði í reglugerð, eins og verið hefur. Þá er lagt til, að á eftir 5. mgr. C-liðs 15. gr. komi ný málsgrein, sem hafi að geyma heimild til að afskrifa vissa fastafjármuni í atvinnurekstri með sérstakri óbeinni fyrningu vegna almennra verðbreytinga, sem eiga sér stað.

Með fyrningu eigna er að því stefnt, að í atvinnurekstri safnist fé til endurnýjunar þeirra eigna, sem fyrndar hafa verið. Vegna gengisfellinga og verðbólgu hafa fyrirtæki oft staðið uppi algjörlega fjárvana, þegar að því kom að endurnýja eignirnar, vegna þess að fyrningar voru reiknaðar af upphaflegu kostnaðarverði þeirra. Með sérstökum endurmötum á eignum til afskrifta í skatti hefur verið gerð tilraun til að bæta úr þessu. Slíkt endurmat var heimilað á árunum 1962—1963 og sérstakt álag á afskriftir á skattárunum 1969 og 1970 auk sérstakrar endurmatsheimildar í gildandi lögum. Mun einfaldara þykir að hafa í lögum afskriftaheimild vegna almennra verðbreytinga, eins og hér er lagt til. Ekki eru sjáanleg nein vandkvæði á að ákveða verðhækkunarstuðlana umfram það, sem almennt á sér stað um vísitölur. Það athugast, að þessi fyrningaraðferð nær því sjaldnast að vera afskrift miðað við endurkaupsverð. Telja má þessari aðferð til gildis, að hún stuðlar að því, að afskrifað verði meira í samræmi við raunverulegan endingartíma eignanna en átt hefur sér stað að undanförnu. Sá, sem notar löglegar afskriftarheimildir til hins ýtrasta, glatar möguleikum til þessara afskrifta að nokkru, þar sem heimildin er bundin við afskriftir skv. C-lið 15. gr. laganna.

Lagt er til, að heimildir til aukafyrninga skv. D-lið 15. gr. verði þrengdar nokkuð frá því, sem nú er. Þannig verði tekið undan aukafyrningum allt íbúðar- og skrifstofuhúsnæði, endurmatshækkun á eignum samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða III, og lagt er til, að eigi megi nota meira á einu ári en fimmtung hámarksfyrningar.

Um 7. gr.

Hér eru gerðar tillögur um breytingar persónufrádráttar frá 16. gr. gildandi laga. Í stað 134 þús. kr. persónufrádráttar einstaklings komi 140 þús. krónur. Í stað 188 þús. kr. frádráttar hjá hjónum er gert ráð fyrir 220 þús. kr. Í stað 27 þús. króna fyrir hvert barn er gerð tillaga um 30 þús. kr.

Þess ber að geta, að fjárlagafrumvarp fyrir 1972 var samið miðað við 6.5% hækkun persónufrádráttar með hækkun skattvísitölu, sem svarar til tæplega 201 þús. kr. frádráttar fyrir hjón. Eru aðrir frádráttarliðir hækkaðir sem næst sem

þessu hlutfalli nemur. Sérstakur frádráttur einstæðs foreldris er hækkaður eins og hjá hjónum.

Niður er fellt ákvæði um sérstakan hækkaðan persónufrádrátt fólks 67 ára og eldra, sbr. 5. mgr. 16. gr. laga nr. 68/1971.

Um 8. gr.

Hér er lagt til, að arðjöfnunarsjóðsfyrirkomulag, sem leitt var í lög á s. l. vori, verði fellt niður og greinin verði í aðalatriðum eins og hún var í lögum nr. 90/1965. Í greininni er nýmæli um uppgjör á skattgjaldstekjum samvinnufélaga, sem ekki stafa frá þeim þáttum starfseminnar, er lúta að afurðasölu félagsmanna, þ. e. uppbótum til þeirra á innlagðar afurðir. Gildandi reglur í skattalögum mæla svo fyrir, að hreinar tekjur af viðskiptum félagsmanna sé heimilt að endurgreiða sem afslátt af viðskiptum þeirra, enda skylt skv. lögum um samvinnufélög. Reglur þessar um skiptingu „tekjuafgangs" eftir viðskiptum félagsmanna og utanfélagsmanna eru gamlar í lögum. Þær eru miðaðar við ástand, þegar samvinnufélögin höfðu með höndum mun fábrotnari starfsemi en nú á sér stað. Eins og starfsemi þeirra er nú háttað, eru þessar reglur mjög erfiðar og fyrirhafnarsamar í framkvæmd. Auk þess hafa þær að geyma nær óviðunandi réttaróvissu fyrir félögin vegna þeirrar breytingar, sem á þeim var gerð á s. l. vori. Hér er lagt til, að lögfest verði sérstök meðaltalsregla um uppgjör á skattgjaldstekjum þessara félaga þess efnis, að þau megi aldrei endurgreiða meira en ⅔ hluta hreinna tekna sinna, eins og þær eru skilgreindar í þessari grein. Enn fremur er lagt til, að afsláttur til einstaks félagsmanns megi ekki vera hærri en 6% af viðskiptum hans á skattárinu.

Um 9. gr.

Hér er lagt til, að eftirleiðis ákveði ríkisskattstjóri skattmat búpenings í stað ríkisskattanefndar áður. Leiðir þetta af þeirri breytingu, sem lagt er til, að gerð verði á nefndinni og hlutverki hennar. Skattmat búpenings og meðferð þess við kaup og sölu getur leitt til niðurstöðu, sem ekki verður talin eðlileg. Því er hér um að ræða atriði, sem bíða verður framhalds endurskoðunar laganna.

Þá er gerð tillaga um takmörkun á aukinni afskrift vörubirgða hjá þeim skattþegnum, sem kynnu að hafa áður notað lægri afskrift en heimilað er í greininni.

Um 10. gr.

Hér eru gerðar tillögur um nýja skattstiga með breytingu á 25. gr. gildandi laga.

Í stað núgildandi þriggja þrepa skattstiga einstaklinga, 9, 18 og 27%, og samsvarandi stiga í stighækkandi tekjuútsvörum hjá sveitarfélögum kemur tveggja þrepa stigi, 25% af fyrstu 50 þús. kr. skattgjaldstekjum, en 45% eftir það. Skv. þessu greiða hjón með 3 börn yngri en 16 ára engan skatt af 310 þús. kr. nettótekjum til skatts, en 12 500 kr. í skatt af 50 þús. kr. viðbótartekjum. Af tekjum þar umfram greiðast 45%.

Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir greiðslu brúttóskatts til sveitarfélags og fasteignaskatti, ef menn eiga fasteign.

Þá er í greininni, II. lið, gert ráð fyrir hækkun tekjuskatts félaga úr 20% í 53%. Aðallega er hér um að ræða tilflutning útsvarsstigans, sem verið hefur 30%, en að auki ber að hafa gát á niðurfellingu útsvarsins og þar með frádráttarhæfni þess. Sú breyting veldur virkri hækkun skatts.

Um 11. gr.

Greinin felur í sér tillögu um breytta skattstiga eignarskatts. Lög þau, sem samþykkt voru s. l. vor, gerðu ráð fyrir 3 m.kr. skattfrjálsri eign, 3 m.kr. skattlögðum með 0.3% og eign fyrir ofan 6 m.kr. nettó skattlagðri með 0.6%.

Hér er lagt til, að skattlaust mark einstaklings verði 1 m.kr., síðan greiðist 0.4% upp í 2 m.kr. nettóeign, en 0.8% þar fyrir ofan. Eignarskattur félaga verði hins vegar 1.2% af skattgjaldseign. Hafa ber í huga í þessu sambandi, að eignarútsvar fellur niður bæði hjá einstaklingum og félögum, en á hinn bóginn reiknast fasteignir nú á nýju fasteignamatsverði.

Um 12. gr.

Eftir núgildandi skipan hefur ríkisskattanefndin með höndum þrenns konar hlutverk. Hún úrskurðar skattkærur, leggur á skatta í ýmsum „eftirreiknings"-málum, en þær álagningar úrskurðar hún síðan aftur, ef þær eru kærðar. Hér er til dæmis um að ræða nær öll mál, sem koma frá skattrannsóknadeildinni. Enn fremur ákveður hún ýmis skattmöt, t. d. mat á búpeningi, skattmat tekna af landbúnaði, hlunnindamöt ýmiss konar, svo sem t. d. möt á fæði og húsnæði, fatnaði, mat á eigin húsaleigu og námskostnaði.

Hér er lagt til í fyrsta lagi, að skýrt verði skilið á milli álagningarstigsins og kærustigsins í skattamálum. Álagningin verði í höndum skattstjóra og ríkisskattstjóra. Skattstjórar annist frumálagningu og gerð skattskrár. „Eftirreiknings"-heimildin sé bæði í höndum skattstjóra og ríkisskattstjóra, þ. e. þegar breyta þarf skatti gjaldanda eftir að skattskrá hefur verið lögð fram. Ríkisskattanefndin verði aðeins kærustig og hafi engin önnur hlutverk með höndum. Matsgerðir þær, sem hún hefur annazt, er eðlilegt, að faldar verði embætti ríkisskattstjóra. Honum er einnig ætlað að koma fram gagnvart nefndinni sem umboðsmaður ríkis og sveitarfélaga.

Lagt er til, að í ríkisskattanefnd eigi sæti 3 menn og 3 til vara. Formaður og varamaður hans verði skipaðir af ráðherra án tilnefningar, en tvo aðra nefndarmenn og tvo varamenn þeirra skipi ráðherra úr hópi 6 manna, sem Hæstiréttur metur hæfa til starfsins og tilnefnir. Gert er ráð fyrir, að nefndin geti að talsverðu marki unnið í tvennu lagi undir stjórn formanns og varaformanns, eftir því sem þörf gerist, til að auka afköst, svo sem tíðkazt hefur.

Þá er í greininni nýmæli, sem ætlað er að miða að því, að ríkisskattanefndin verði sem óháðastur úrskurðaraðili. Í henni mega ekki eiga sæti menn, sem of tengdir eru ríki og sveitarfélögum, samtökum atvinnurekenda eða stéttarfélaga. Er þetta ákvæði sett til að tryggja henni það traust almennings, sem hverjum dómstóli er nauðsynlegt.

Um 13. gr.

Ákvæðið er óþarft eftir breytingar á 32. gr. laganna, sbr. 12. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Breytingar þær, sem lagt er til, að gerðar verði með þessari grein, leiðir flestar af breytingu á skipan og starfssviði ríkisskattanefndar.

Í skattalögin hefur nýlega verið bætt ákvæðum um, að úrskurðir bæði skattstjóra og ríkisskattanefndar skuli vera rökstuddir. Algjörlega er óljóst, hvað í þessu felst. Mætti hugsa sér, að hér væri gerð krafa um, að úrskurðirnir væru rökstuddir á sama hátt og t. d. dómar í einkamálum skv. réttarfarslögum. Sú krafa á hendur úrskurðar- og álagningaraðilum er þó, þegar nánar er að gáð, óframkvæmanleg vegna hins mikla kærufjölda, nema með stórkostlega auknum vinnukrafti við úrskurðina. Þessi krafa um rökstuðning hefur án efa stórseinkað afgreiðslu á kærum t. d. frá ríkisskattanefnd, þannig að til verulegs baga er orðið fyrir gjaldendur. Í þessari grein er reynt að skýra nánar, hvað í kröfunni um rökstuðning felst. Þegar um mál er að ræða, sem sætir venjulegri kærumeðferð, þá er eigi gerð krafa um frekari rökstuðning en svo, að gjaldanda megi vera ljóst af úrskurði ríkisskattanefndar og með athugun á gögnum málsins, á hvaða kæruatriðum álagning er reist og hvaða skattheimildum, eftir því sem við verður komið. Er ekki ætlazt til, að úrskurðurinn þurfi að geyma lýsingu á málavöxtum eða kröfugerð aðila, enda eiga framtöl og kærur og önnur gögn málsins að hafa að geyma þær upplýsingar. Þegar

aftur á móti um er að ræða sérstaka meðferð á kærumálum, sem gert er ráð fyrir í 6. mgr. greinarinnar, er eðlilegt að gera nokkru meiri kröfur til rökstuðnings í úrskurði.

Um 15. gr.

Breytingar á þessari grein leiðir nær algerlega af breyttri skipan ríkisskattanefndar skv. 32. gr., eins og lagt er til að hún verði í 13. gr. frumvarpsins. Fyrir fram tilkynningarskylda skv. 4. mgr. greinarinnar er þó niður felld í greininni.

Um 16., 17. og 18. gr.

Hér eru eingöngu samræmisbreytingar og þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Breytingin felur í sér, að fjárhæðir í lögunum, sem breytast með skattvísitölu skv. 53. gr., skuli teljast grunnupphæðir og því ekki breytast með skattvísitölu fyrr en í fyrsta lagi á árinu 1973.

Um 20. gr.

Greinin felur einungis í sér samræmisbreytingar á 55. gr. laganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Greinin gerir ráð fyrir mikilli breytingu á ákvæðum til bráðabirgða III, sem samþykkt voru á s. l. vori, en þau fjalla um endurmat bókfærðs verðs eigna.

Tillagan, sem hér er gerð, felur einnig í sér endurmat, en einfaldara mat, auk þess sem því eru meiri skorður settar.

Almenna reglan er sú, að fasteignir skuli endurmetast til nýs fasteignamats með tilteknum takmörkunum, en endurmat lausafjár takmarkist við lausafé, sem aðili hefur eignazt 1960—1968. Mat má fara upp í gangverð, en hækkun takmarkast þó við 20% af upphaflegu kostnaðarverði. Gert er ráð fyrir afskrift endurmatsins á 5 árum sem aðalreglu.

Um 22. gr.

Greinin geymir eingöngu gildistöku- og niðurfellingarákvæði og þarfnast því ekki skýringa. Gert er ráð fyrir nokkru svigrúmi til að innleiða nýja skipan ríkisskattanefndar eða til 1. október 1972.

Það má ítreka hér, sem fram kemur í almennri greinargerð hér að framan, að þess er vænzt, að nýtt, fullgert frumvarp um tekjuskatt og eignarskatt verði lagt fyrir Alþingi á næsta hausti.

Ed. 172. Fyrirspurn [128. mál]

til samgönguráðherra um ákvarðanir byggingarnefndar strandferðaskipa varðandi smíði strandferðaskipsins Heklu.

Frá Tómasi Karlssyni.

1. Hvaða röksemdir eða ástæður lágu til þess, að byggingarnefndin vék frá upphaflegum smíðaáformum um Heklu og keypti aðra og óhagkvæmari gerð skipsskrúfu, sem hafði í för með sér, að breyta þurfti byggingu skipsins og veikja styrktarbönd að aftan, auk þess sem setja varð stórt kasthjól á vélarás?
2. Hvers vegna var sú ákvörðun tekin að kaupa ljósavélar skipsins frá 3 framleiðendum í stað þess að kaupa þær í einu lagi?
3. Hvers vegna var ekki gengið tryggilega frá samningum um fullar bætur vegna galla við kaup á ljósavélum skipsins, þótt seljendur væru þrír?

4. Hvernig er háttað ábyrgð slíkra byggingarnefnda, og ber Slippstöðinni hf. á Akureyri að taka á sig tjón og aukakostnað, sem af ákvörðunum byggingarnefndar hefur leitt? Hvernig hefur þeim kostnaði, sem hlotizt hefur af göllum. er fram hafa komið á Heklu, verið skipt?

Ed. 173. Lög [2. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1956, um ríkisútgáfu námsbóka.

(Afgreidd frá Ed. 10. des.)

Samhljóða þskj. 2.

Sþ. 174. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1972.

Frá fjárveitinganefnd.

		Þús. kr.
1.	Við 4. gr. 1 00 101 0 27 Embætti forseta Íslands, viðhald.	
	Fyrir „850“ kemur	2 350
2.	Við 4. gr. 1 01 101 04 Þjóðhátíð 1974.	
	Fyrir „750“ kemur	1 250
3.	Við 4. gr. 1 01 101 Nýr liður:	
	08 Breytingar á Arnarhvoli	3 000
4.	Við 4. gr. 1 01 Nýr liður:	
	171 Framlag til Byggðasjóðs:	
	0 90 Yfirfærslur:	
	0 91 Til fyrirtækja í B-hluta 146 085	
	Gjöld samtals	146 085
5.	Við 4. gr. 1 01 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.	
	a. Við 0 10 Laun.	
	Fyrir „339“ kemur	415
	b. Við 0 20 Önnur rekstrargjöld.	
	Fyrir „532“ kemur	618
	c. Við 0 27 Viðhald.	
	Fyrir „522“ kemur	560
	d. Við 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „1 750“ kemur	3 750
	e. Við 1 00 Tekjur.	
	Fyrir „200“ kemur	300
6.	Við 4. gr. 1 02 101 04 Til kennaranámskeiða.	
	Fyrir „3 514“ kemur	5 014
7.	Við 4. gr. 1 02 201 Háskóli Íslands.	
	a. Við 08 Heimspekideild.	
	Fyrir „20 682“ kemur	21 812
	b. Við 15 Til byggingaframkvæmda og tækjakaupa.	
	Fyrir „36 700“ kemur	39 467
8.	Við 4. gr. 1 02 205 0 80 Handritastofnun Íslands, gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „3 000“ kemur	8 000

		Þús. kr.
9.	Við 4. gr. 1 02 561 0 10 Myndlista- og handíðaskólinn, laun.	
	Fyrir „4 654“ kemur	4 779
10.	Við 4. gr. 1 02 581 02 Til Samvinnuskólans.	
	Fyrir „1 900“ kemur	2 600
11.	Við 4. gr. 1 02 581 03 Til bréfaskóla SÍS og ASÍ.	
	Fyrir „200“ kemur	300
12.	Við 4. gr. 1 02 761 02 Barna- og gagnfræðastigsskólar, aksturskostnaður.	
	Fyrir „10 000“ kemur	33 000
13.	Við 4. gr. 1 02 762. Liðurinn orðast svo:	
	Framlög til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra.	
	0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	394 360
	Gjöld samtals	394 360

Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

1. Framlög til skólaframkvæmda samkvæmt lögum nr. 41/1955:

1.	Reykjavík	17 157
2.	Mosfellssveit, barnaskóli	1 057
3.	Leirá	647
4.	Akranes, íþróttahús	1 546
5.	Kleppjárnsreykir, skóli	265
6.	Varmaland	278
7.	Lýsuhóll	300
8.	Hellissandur, íþróttahús	200
9.	Ólafsvík, íþróttahús	1 792
10.	Grundarfjörður, íbúð	278
11.	Hnífsdalur, íbúð	250
12.	Ísafjörður	2 080
13.	Klúka í Bjarnarfirði	1 704
14.	Hólmavík	1 258
15.	Þverárskóli, V-Hún.	1 731
16.	Reykir, A-Hún. (Húnavellir)	2 762
17.	Sauðárkrókur, sundlaug	816
18.	Varmahlíð	180
19.	Svarfaðardalur	1 300
20.	Árskógsströnd	383
21.	Svalbarðsströnd, skóli	507
22.	Svalbarðsströnd, íbúð	251
23.	Reykjadalur	856
24.	Laugar, héraðsskóli	550
25.	Vopnafjörður, skóli	276
26.	Vopnafjörður, íbúð	251
27.	Seyðisfjörður, íbúð	150
28.	Hallormsstaður	600
29.	Norðfjarðarhreppur	942
30.	Fáskrúðsfjörður, sveitin	205
31.	Kirkjubæjarklaustur	10 152
32.	Hvamms- og Dyrhólaskóli	271
33.	Hella	604
34.	Hvolsvöllur	476
35.	Hraungerðisskóli	1 026
36.	Flúðir, Hrunamannahreppi	2 000
37.	Selfoss	889

			Þús. kr.
38.	Hveragerði	1 042	
39.	Þorlákshöfn, skóli	180	
40.	Þorlákshöfn, íbúð	180	
41.	Grindavík, íbúð	300	
42.	Grindavík, gagnfræðaskóli	1 063	
43.	Keflavík, gagnfræðaskóli	1 233	
44.	Keflavík, barnaskóli	494	
45.	Njarðvík, íþróttahús	1 718	
46.	Vatnsleysuströnd, íbúð	182	
47.	Hafnarfjörður, íþróttahús	2 300	
48.	Garðahreppur	1 040	
49.	Kópavogur	5 923	
50.	Seltjarnarnes	400	
51.	Ýmsir skólar	300	
			72 345

2. Framlög til skólabygginga samkvæmt lögum nr. 49/1967, framhaldsfjárveitingar:

1.	Reykjavík:		
	a. Árbæjarskóli	6 217	
	b. Hvassaleitisskóli	2 500	
	c. Fellaskóli í Breiðholti	18 391	
2.	Varmá	9 027	
3.	Akranes	2 000	
4.	Leirá, íbúðir	1 706	
5.	Kleppjárnsreykir	1 278	
6.	Grundarfjörður, 2. áf.	1 863	
7.	Búðardalur, skólastjóraíbúð	1 064	
8.	Laugar í Dalasýslu	9 970	
9.	Reykhólar	9 710	
10.	Barðastrandarhreppur, skólastjórabústaður	856	
11.	Súgandafjörður	1 569	
12.	Bolungarvík, sundlaug, 1. áf.	4 535	
13.	Reykjanes	1 700	
14.	Reykir í Miðfirði (Laugarbakki)	10 083	
15.	Blönduós	2 340	
16.	Lýtingsstaðahreppur	300	
17.	Sauðárkrókur	1 752	
18.	Sólgarðar í Fljótum	991	
19.	Ólafsfjörður	4 303	
20.	Hrísey	837	
21.	Árskógshreppur, íbúð	917	
22.	Þelamörk, 2. áf.	9 761	
23.	Hrafnagil	12 878	
24.	Akureyri	6 945	
25.	Laugar, íþróttahús	1 966	
26.	Hafralækur	10 976	
27.	Stóru-Tjarnir	12 798	
28.	Húsavík	5 120	
29.	Lundur í Axarfirði, íbúð	900	
30.	Eiðaskóli	293	
31.	Egilsstaðir	4 146	
32.	Neskaupstaður	1 000	

			Þús. kr.
33.	Búðir, Fáskrúðsfirði	3 992	
34.	Hafnahreppur	5 212	
35.	Nesjaskóli	9 443	
36.	Fljótshlíð, íbúðir	45	
37.	Vestmannaeyjar	1 955	
38.	Hvolhreppur, íbúðir	912	
39.	Gnúpverjahreppur	900	
40.	Keflavík	3 093	
41.	Krýsuvíkurskóli	3 525	
42.	Hafnarfjörður (Víðistaðaskóli), 1. áf.	4 120	
43.	Hafnarfjörður (Víðistaðaskóli), 2. áf.	1 835	
44.	Hafnarfjörður (Flensborg)	6 888	
45.	Bessastaðahreppur	300	
46.	Kópavogur (Þinghólsskóli)	2 200	
47.	Kópavogur (Digranesskóli)	858	
			205 970

3. Framlög til skólabygginga, sem hefja framkvæmdir á árinu 1972:

1.	Reykjavík:	
	a. Fossvogsskóli, 1. áf.	2 493
	b. Hlíðaskóli, 4. áf.	2 754
	c. Árbæjarskóli, 3. áf.	5 247
	d. Höfðaskóli	8 249
	e. Réttarholtsskóli, 5. áf.	1 965
	f. Hagaskóli	4 095
2.	Kléberg	300
3.	Leirárskóli, sundlaug	450
4.	Varmaland, íþróttahús	2 392
5.	Varmaland, kennarabúst.	700
6.	Borgarnes, íþróttahús	1 944
7.	Laugargerði, íbúðir	1 960
8.	Patreksfjörður	2 534
9.	Ísafjörður	2 500
10.	Strandasýsla	2 000
11.	Staðarhreppur	700
12.	Hvammstangi	1 043
13.	Húnavellir, sundlaug	337
14.	Skagafjarðarsýsla	26 000
15.	Dalvík, sundlaug	550
16.	Dalvík, heimavist	2 000
17.	Svarfaðardalur, íbúð	480
18.	Hrísey	1 000
19.	Skútustaðahreppur	500
20.	Norður-Þingeyjarsýsla	5 000
21.	Skúlagarður	300
22.	Lundur, Axarfirði (sundlaug)	550
23.	Múlasýslur	2 000
24.	Borgarfjarðarhreppur	400
25.	Neskaupstaður	400
26.	Reyðarfjörður	2 000
27.	Djúpivogur, íþróttahús	1 065
28.	Djúpivogur, skóli, 2. áf.	500
29.	Fljótshlíð	1 200

			Þús. kr.
30.	Vestmannaeyjar	2 621	
31.	Skeiðahreppur, sundlaug	975	
32.	Selfoss (gagnfræðaskóli)	4 000	
33.	Biskupstungur, sundlaug	975	
34.	Hella, íþróttahús	500	
35.	Garðahreppur	2 893	
36.	Kópavogsskóli	2 013	
37.	Seltjarnarnes	7 460	
			107 045
4.	Undirbúningsframkvæmdir vegna skólabygginga:		
1.	Reykjavík, tilraunaskóli	500	
2.	Reykjavík, Laugalækjarskóli	300	
3.	Reykjavík, Hvassaleitisskóli, 3. áf.	500	
4.	Kleppjárnsreykir	300	
5.	Laugagerði, íþróttahús	300	
6.	Hellissandur	300	
7.	Grundarfjörður	150	
8.	Búðardalur	200	
9.	Þingeyri	200	
10.	Mýrahreppur	400	
11.	Flateyri	200	
12.	Súðavík	250	
13.	Húnavellir	500	
14.	Hrafnagil	300	
15.	Svalbarðs- og Sauðanesskólahverfi	200	
16.	Seyðisfjörður	300	
17.	Egilsstaðir	300	
18.	Vík í Mýrdal	300	
19.	Djúpárhreppur	300	
20.	Vestmannaeyjar	300	
21.	Flúðir	300	
22.	Eyrarbakki	300	
23.	Ljósafoss	300	
24.	Hveragerði	300	
25.	Þorlákshöfn	300	
26.	Sandgerði	300	
27.	Njarðvík, íþróttahús, 2. áf.	300	
28.	Kópavogur, íþróttahús	500	
29.	Kópavogur, Þinghólsskóli, 2. áf.	300	
			9 000
			394 360

14. Við 4. gr. 1 02 872 Lánasjóður íslenzkra námsmanna.
Fyrir „104 000“ kemur 190 000

15. Við 4. gr. 1 02 882 Styrkur til myndlistarskóla.
a. Við 02 Reykjavík.
Fyrir „170“ kemur 250
b. Við 03 Vestmannaeyjar.
Fyrir „20“ kemur 40
c. Við 04 Neskaupstaður.
Fyrir „20“ kemur 40

16. Við 4. gr. 1 02 901 0 20 Landsbókasafnið, önnur rekstrargjöld.
Fyrir „1 325“ kemur 1 710

		Þús. kr.
17.	Við 4. gr. 1 02 902 Þjóðminjasafn.	
	a. Við 0 10 Laun.	
	Fyrir „6 436“ kemur	6 836
	b. Við 0 20 Önnur rekstrargjöld.	
	Fyrir „2 134“ kemur	2 334
	c. Við 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „300“ kemur	410
	d. Við 0 92 Til sveitarfélaga.	
	Fyrir „850“ kemur	1 190
18.	Við 4. gr. 1 02 906 0 10 Listasafn Einars Jónssonar, laun.	
	Fyrir „388“ kemur	508
19.	Við 4. gr. 1 02 907 0 80 Listasafn Íslands, gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „70“ kemur	770
20.	Við 4. gr. 931 Náttúruverndarráð.	
	a. Við 0 10 Laun.	
	Fyrir „446“ kemur	946
	b. Við 02 Önnur rekstrargjöld.	
	Fyrir „765“ kemur	1 065
	c. Nýr liður:	
	0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	1 000
21.	Við 4. gr. 1 02 981.	
	a. Við 02 Til bæjar- og héraðsbókasafna.	
	Fyrir „5 300“ kemur	5 000
	b. Við 03 Til sveitarbókasafna og lestrarfélaga.	
	Fyrir „1 000“ kemur	1 300
	c. Við 06 Til Rithöfundasjóðs Íslands.	
	Fyrir „455“ kemur	660
22.	Við 4. gr. 1 02 982. Nýir liðir:	
	a. 05 Til Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar vegna stofnkostnaðar	400
	b. 06 Til tónlistarskóla Kópavogs vegna stofnkostnaðar	250
23.	Við 4. gr. 1 02 982 08 Leiklistarstarfsemi.	
	Fyrir „1 400“ kemur	2 200
24.	Við 4. gr. 1 02 982 12 Til listasafna.	
	Fyrir „325“ kemur	625
25.	Við 4. gr. 1 02 982 18 Starfslaun listamanna.	
	Fyrir „674“ kemur	1 500
26.	Við 4. gr. 1 02 982 19 Listamannalaun.	
	Fyrir „5 630“ kemur	5 800
27.	Við 4. gr. 1 02 983. Nýr liður:	
	05 Til Hins íslenzka mannfræðifélags til mannfræðirannsókna í samvinnu við Háskóla Íslands	500
28.	Við 4. gr. 1 02 984 03 Til Norræna félagsins.	
	Fyrir „300“ kemur	400
29.	Við 4. gr. 1 02 988 02 Æskulýðsráð ríkisins.	
	Fyrir „100“ kemur	700
30.	Við 4. gr. 1 02 988 06 Æskulýðssamband Íslands.	
	Fyrir „130“ kemur	175
31.	Við 4. gr. 1 02 988 13 Samtök ísl. kennaraskólanema.	
	Fyrir „30“ kemur	45
32.	Við 4. gr. 1 02 999 03 Minningarlundir og skrúðgarðar.	
	Fyrir „150“ kemur	200

		Þús. kr.
33.	Við 4. gr. 1 02 999.	
	a. Við 04 Náttúrugripasafn Akureyrar.	
	Fyrir „75“ kemur	100
	b. Við 05 Náttúrugripasafn Neskaupstaðar.	
	Fyrir „75“ kemur	100
	c. Við 06 Náttúrugripasafn Vestmannaeyja.	
	Fyrir „75“ kemur	100
34.	Við 4. gr. 1 02 999 08 Sædýrasafnið, Hafnarfirði.	
	Fyrir „250“ kemur	300
35.	Við 4. gr. 1 02 999 12 Til Bandalags ísl. leikfélaga.	
	Fyrir „350“ kemur	400
36.	Við 4. gr. 1 02 999 14 Til Leikfélags Reykjavíkur.	
	Fyrir „1 500“ kemur	2 500
37.	Við 4. gr. 1 02 999 21 Til Skáksambands Íslands.	
	Fyrir „320“ kemur	400
38.	Við 4. gr. 1 02 999 22 Styrkur vegna alþjóðaskákmóts.	
	Fyrir „100“ kemur	150
39.	Við 4. gr. 1 02 999 28 Dagheimili, byggingarstyrkir.	
	Fyrir „600“ kemur	800
	Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:	
	Dagheimili, byggingarstyrkir (02 999 28).	
	1. Akranes 75	
	2. Eskifjörður 75	
	3. Hafnarfjörður 75	
	4. Ísafjörður 75	
	5. Keflavík 75	
	6. Kumbaravogur 125	
	7. Neskaupstaður 75	
	8. Selfoss 75	
	9. Ytri-Njarðvík 75	
		800
40.	Við 4. gr. 1 02 999 33. Liðurinn orðist svo:	
	Til Kvenfélagasambands Íslands	1 000
41.	Við 4. gr. 1 02 999 34. Liðurinn fellur niður.	
42.	Við 4. gr. 1 02 999 35 Kvenréttindafélag Íslands.	
	Fyrir „50“ kemur	125
43.	Við 4. gr. 1 02 999 39 Sumardvalarheimili, dagheimili o. fl.	
	Fyrir „900“ kemur	1 500
44.	Við 4. gr. 1 02 999 42. Liðurinn orðast svo:	
	Til greiðslu á þremur kennaralaunum við stofnanir vangefinna	1 130
45.	Við 4. gr. 1 02 999 48 Til Hagsmunasamtaka einstæðra foreldra.	
	Fyrir „50“ kemur	100
46.	Við 4. gr. 1 02 999. Nýir liðir:	
	a. 56 Fóstrufélag Íslands vegna norræns fóstrumóts	150
	b. 57 Til minnisvarða um Ara fróða	35
	c. 58 Til minnisvarða um Guðmund góða	35
	d. 59 Til minnisvarða um Jón Eiríksson konferenzráð	35
	e. 60 Heimildarkvikmynd um atvinnuþróun á Suðurlandi	75
	f. 61 Heimildarkvikmynd um sjómennsku	250
	g. 62 Til Haralds Ágústssonar til kaupa á skurðarhníf til viðargreininga	60
	h. 63 Til sumarskóla í Edinborg	100

		Þús. kr.
	i. 64 Til íslenzks dýrasafns, enda verði sett stofnskrá um safnið, staðfest af menntamálaráðuneytinu	100
	j. 65 Til Öldutúnsskólakórs vegna söngmóts í Túnis	100
47.	Við 4. gr. 1 03 101 06 Til kaupa á Iceland Review. Fyrir „374“ kemur	450
48.	Við 4. gr. 1 03 401. Nýir liðir:	
	35 Aðstoð við þróunarlöndin	1 500
	36 Tillag til Bernarsambandsins	125
	37 Tillag til International Criminal Police Organization (INTERPOL)	70
49.	Við 4. gr. 1 04 235 Landgræðsla.	
	a. Við 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „16 111“ kemur	13 911
	b. Nýr liður:	
	0 90 Yfirfærslur:	
	0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka	3 000
50.	Við 4. gr. 1 04 272 Vélasjóður. Fyrir „1 060“ kemur	560
51.	Við 4. gr. 1 04 286 04 Landþurrkun. Fyrir „400“ kemur	500
	Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið: Landþurrkun (04 286 04).	
	1. Í Austur-Landeyjum 50	
	2. Í Vestur-Landeyjum 80	
	3. Neðan Þverár í Rangárvallahreppi 80	
	4. Í Út-Hjaltastaðaþinghá 80	
	5. Háfsósar 100	
	6. Holtsós 50	
	7. Í Leiðvallahreppi 60	
		500
52.	Við 4. gr. 1 04 286. Nýr liður:	
	11 Veðdeild Búnaðarbankans	3 000
53.	Við 4. gr. 1 04 286. Nýr liður:	
	17 Til súgþurrkunar	2 500
54.	Við 4. gr. 1 04 299 04 Til Landssambands ísl. hestamannafélaga. Fyrir „50“ kemur	125
55.	Við 4. gr. 1 04 299 05 Til Landssambands ísl. hestamannafélaga til leiðbeininga um hestamennsku. Fyrir „100“ kemur	125
56.	Við 4. gr. 1 04 299 13 Efnarannsóknastofa Norðurlands. Fyrir „400“ kemur	500
57.	Við 4. gr. 1 04 299 14 Til rannsóknastöðvarinnar Kötlu. Fyrir „25“ kemur	100
58.	Við 4. gr. 1 04 299. Nýr liður:	
	19 Til norræns dýralæknamóts	50
59.	Við 4. gr. 1 04 503 0 80 Garðyrkjuskólinn á Reykjum, gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „3 300“ kemur	3 800
60.	Við 4. gr. 1 05 202 Hafrannsóknastofnun.	
	a. Við 03 Sjórannsóknadeild. Fyrir „4 446“ kemur	5 946
	b. Nýr liður:	
	09 Hafþór	12 000

		Þús. kr.
	c. Við 11 Leiguskip.	
	Fyrir „6 931“ kemur	5 431
61.	Við 4. gr. 1 05 203. Nýr liður:	
	04 Rannsóknarstofa í Vestmannaeyjum	1 000
62.	Við 4. gr. 1 05 272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegs.	
	Fyrir „4 950“ kemur	6 450
63.	Við 4. gr. 1 06 211 0 80 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta, gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „2 660“ kemur	4 120
64.	Við 4. gr. 1 06 213 0 10 Sýslumaðurinn í Borgarnesi, laun.	
	Fyrir „2 569“ kemur	2 931
65.	Við 4. gr. 1 06 241 0 27 Hegningarhúsið í Reykjavík, viðhald.	
	Fyrir „200“ kemur	700
66.	Við 4. gr. 1 06 242 0 27 Vinnuhælið á Litla-Hrauni, viðhald.	
	Fyrir „200“ kemur	370
67.	Við 4. gr. 1 06 251 09 Til aukinnar landhelgisgæzlu eftir 1. sept. 1972.	
	Fyrir „15 000“ kemur	20 000
68.	Við 4. gr. 1 06 282 05 Sérstök löggæzla.	
	Fyrir „1 900“ kemur	2 600
69.	Við 4. gr. 1 06 283 03 Bygging fangahúsa.	
	Fyrir „2 400“ kemur	2 800
70.	Við 4. gr. 1 06 301 11 Þjóðkirkjan, æskulýðsstörf.	
	Fyrir „1 729“ kemur	1 829
71.	Við 4. gr. 1 06 301. Nýir liðir:	
	a. 31 Til Kirkjuvogskirkju	150
	b. 32 Til Búrfellskirkju í Grímsnesi	50
	c. 33 Til minningarkapellu um séra Jón Steingrímsson	250
	d. 34 Til Auðkúlukirkju	75
72.	Við 4. gr. 1 07 399 02 Vatnsveitur, skv. lögum.	
	Fyrir „10 000“ kemur	17 500
73.	Við 4. gr. 1 07 399. Nýr liður:	
	03 Vatnsveitur aðrar	160
74.	Við 4. gr. 1 07 973 Framlag til atvinnujöfnunarsjóðs. Liðurinn fellur niður.	
75.	Við 4. gr. 1 07 981. Í stað 06 og 10 kemur:	
	06 Bygging orlofsheimila verkalýðssamtakanna	4 000
	07 Til Alþýðusambands Íslands	1 900
	08 Til Alþýðusambands Íslands, til orlofsstarfsemi	1 000
76.	Við 4. gr. 1 07 981 11 Til Iðnnemasambands Íslands.	
	Fyrir „125“ kemur	230
77.	Við 4. gr. 1 07 999 04 Félagið Heyrnarhjálp.	
	Fyrir „110“ kemur	300
78.	Við 4. gr. 1 07 999. Nýr liður:	
	18 Til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra vegna sérnáms í stjórn og kennslu við leikskóla	50
79.	Við 4. gr. 1 07 999 21 Neytendasamtökin.	
	Fyrir „125“ kemur	250
80.	Við 4. gr. 1 07 999 22 Orlofssjóður húsmæðra.	
	Fyrir „1 000“ kemur	1 400
81.	Við 4. gr. 1 07 999 29 Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra.	
	Fyrir „50“ kemur	100

		Þús. kr.	
82.	Við 4. gr. 1 07 999. Nýir liðir:		
	a. 30 Orlofsheimili húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Keflavík	200	
	b. 31 Geðverndarfélag Íslands, byggingarstyrkur	2 000	
	c. 32 Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, byggingarstyrkur	2 000	
	d. 33 Styrktarsjóður lamaðra og fatlaðra, byggingarstyrkur	500	
83.	Við 4. gr. 1 08 381 03 Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknabústaða.		
	Fyrir „88 00“ kemur		149 578
	Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:		
	Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknabústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa (08 381 03).		
	a. Til sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og heilsuverndarstöðva:		
	1. Reykjavík	26 000	
	2. Akranes	9 330	
	3. Akranes, röntgen	360	
	4. Borgarnes, læknamiðstöð	11 000	
	5. Flateyri, röntgen	200	
	6. Suðureyri	30	
	7. Ísafjörður, læknamiðstöð	8 000	
	8. Patreksfjörður, læknamiðstöð	6 000	
	9. Siglufjörður	1 810	
	10. Siglufjörður, röntgen	500	
	11. Ólafsfjörður	1 500	
	12. Dalvík, læknamiðstöð o. fl.	4 000	
	13. Akureyri	10 000	
	14. Akureyri, þvottahús	900	
	15. Húsavík	7 000	
	16. Egilsstaðir, skýli	540	
	17. Egilsstaðir, læknamiðstöð	8 000	
	18. Vopnafjörður	500	
	19. Neskaupstaður	8 000	
	20. Höfn í Hornafirði, læknamiðstöð o. fl.	500	
	21. Vestmannaeyjar	20 000	
	22. Selfoss	10 000	
	23. Selfoss, heilsuverndarstöð	230	
	24. Keflavík	1 800	
	25. Keflavík, röntgen	450	
	26. Hafnarfjörður, Sólvangur	2 000	
	27. Kópavogur, heilsuverndarstöð	100	
			138 750
	b. Til læknabústaða:		
	1. Álafoss	500	
	2. Ólafsvík	900	
	3. Stykkishólmur	400	
	4. Búðardalur	40	
	5. Reykhólar	80	
	6. Patreksfjörður	400	
	7. Þingeyri	108	
	8. Flateyri	240	
	9. Ísafjörður, héraðslæknisbústaður	350	
	10. Hólmavík	1 500	
	11. Hvammstangi	212	

			Þús. kr.
12.	Skagaströnd	145	
13.	Sauðárkrókur	700	
14.	Ólafsfjörður	317	
15.	Dalvík	1 000	
16.	A.-Egilsstaðir	420	
17.	Fáskrúðsfjörður	667	
18.	Vík	350	
19.	Selfoss, héraðslæknisbústaður	44	
20.	Selfoss, sjúkrahúslæknisbústaður	294	
21.	Laugarás	1 667	
22.	Vestmannaeyjar, héraðslæknisbústaður	294	
23.	Vestmannaeyjar, sjúkrahúslæknisbústaður	200	
			10 828
			149 578

84. Við 4. gr. 1 08 399 15 Til að bæta héraðslæknisþjónustu.
Fyrir „1 000“ kemur 2 000

85. Við 4. gr. 1 08 399. Nýr liður:
19 Námskeið heilbrigðisstétta 1 500

86. Við 4. gr. 1 08 399 21 Elliheimili.
Fyrir „1 440“ kemur 2 040

87. Við 4. gr. 1 08 399. Nýr liður:
22 Til heilsuhælis á Norðurlandi 100

88. Við 4. gr. 1 08 399. Nýr liður:
23 Til norræns tannlæknamóts 100

89. Við 4. gr. 1 08 471 04 Vernd.
Fyrir „150“ kemur 250

90. Við 4. gr. 1 08 481 02 Áfengisvarnir.
Fyrir „2 863“ kemur 3 163

91. Við 4. gr. 1 08 481 05 Stórstúka Íslands.
Fyrir „630“ kemur 900

92. Við 4. gr. 1 09 201 0 10 Embætti ríkisskattstjóra, laun.
Fyrir „14 410“ kemur 16 368

93. Við 4. gr. 1 09 383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn.
Fyrir „9 263“ kemur 8 988
Sundurliðun á sérstöku yfirliti breytist þannig:
a. Niður falla þessir liðir:
1. Anna Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir.
2. Benjamín Sigvaldason, fyrrv. kjötmatsmaður.
3. Eiríkur Albertsson, fyrrv. sóknarprestur.
4. Fríða Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir.
5. Guðmundur B. Árnason, fyrrv. bréfberi.
6. Gunnar Jóhannsson, fyrrv. alþingismaður.
7. Gunnlaugur Jóhannesson, fyrrv. vitavörður.
8. Jón Guðmundsson, fyrrv. skrifstofustjóri.
9. Jón G. Jónsson.
10. Jón Stefánsson.
11. Jón Sumarliðason.
12. Kjartan Ólafsson.
13. Kristín L. Sigurðardóttir, fyrrv. alþingismaður.
14. Kristinn Kristjánsson, Nýhöfn.
15. Lúðvík R. Kemp.
16. Oddný Högnadóttir, fyrrv. ráðskona.

17. Páll Ólafsson, fyrrv. ræðismaður.
18. Sigtryggur Jónsson, fyrrv. hreppstjóri.
19. Sigurborg Kristjánsdóttir, fyrrv. kennari.
20. Sigursteinn Steinþórsson.
21. Tryggvi Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður.
22. Þorlákur Stefánsson.
23. Þorleifur Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður.
24. Þorsteinn Gíslason, fyrrv. fiskmatsmaður.

b. Við bætast í stafrófsröð:

	Kr.
1. Aðalsteinn Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	52 000
2. Ágúst Ólafsson, fyrrv. rafvirki	52 000
3. Ármann Kristjánsson, fyrrv. kennari	40 000
4. Baldur Guðbrandsson, fyrrv. fiskmatsmaður	35 000
5. Björn Björnsson, bókbindari	40 000
6. Dýrfinna Oddfreðsdóttir, fyrrv. ráðskona	48 000
7. Einar Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsmaður	35 000
8. Guðbjörg Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	25 000
9. Gunnhildur Sigurðardóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	35 000
10. Gunnar Ásgrímsson, fyrrv. fiskmatsmaður	35 000
11. Hermann Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	35 000
12. Hinrik Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsmaður	35 000
13. Hjörtur Ögmundsson, fyrrv. hreppstjóri	40 000
14. Höskuldur Einarsson, fyrrv. hreppstjóri	40 000
15. Jón Jónasson, fyrrv. póstur	28 000
16. Jón Sigurðsson, fyrrv. fiskmatsmaður	35 000
17. Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	35 000
18. Jóninna Sveinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	30 000
19. Magnús Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	35 000
20. Nína Sveinsdóttir, fyrrv. leikkona	45 000
21. Ólafur Björnsson, fyrrv. póstur	28 000
22. Signý Gunnarsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	28 000
23. Skúli Skúlason frá Odda	100 000
24. Stefán Ólafsson, fyrrv. þingvörður	30 000
25. Sölvi Ásgeirsson, fyrrv. fiskmatsmaður	45 000
26. Þórður Guðmundsson, fyrrv. skipstjóri	60 000
	1 046 000

c. Eftirfarandi liðir breytast:

1. Guðmundur Jónsson. Fyrir „68 956“ kemur	80 000
2. Jón G. Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður. Fyrir „20 685“ kemur	40 000
3. Í stað Matthías Oddsson kemur: Guðlaugur Oddsson.	
4. Þorleifur Jónsson. Fyrir „68 956“ kemur	80 000

94. Við 4. gr. 1 09 384. Liðurinn orðast svo:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur.		
0 10 Laun	5 734	
Gjöld samtals		5 734

Sundurliðun á sérstöku yfirliti breytist þannig: Kr.

a. Niður falla þessir liðir:
Björg Jónasdóttir.
Erla Stefánsson.
Guðbjörg Kristjánsdóttir.
Guðlaug Magnúsdóttir.
Guðlaug Þorgilsdóttir.
Guðríður Sigurðardóttir.
Guðrún Guðnadóttir.
Hildur Sívertsen.
Kolbrún Jónsdóttir.
Kristjana Bjarnadóttir.
Kristjana G. Einarsdóttir.
Ragnheiður Hafstein.
Sigríður Bjarnason.
Sigurlaug Sigurðardóttir.
Jóhanna Margrét Árnadóttir.
Annað.

b. Við bætast í stafrófsröð:

1.	Björg Þórðardóttir	35 000
2.	Elínborg Bogadóttir	50 000
3.	Elísabet Kemp	45 000
4.	Hulda Davíðsdóttir	50 000
5.	Kristjana Þorvarðardóttir	25 000
6.	Sesselja Benediktsdóttir	40 000
7.	Sigrún Guðmundsdóttir	80 000
8.	Steinþóra Einarsdóttir	50 000

c. Eftirfarandi liðir breytast:

1.	Guðbjörg Guðmundsdóttir. Fyrir „38 478“ kemur	45 000
2.	Katrín Ingibergsdóttir. Fyrir „37 706“ kemur	50 000

		Þús. kr.
95.	Við 4. gr. 1 09 991 3 00 Ýmis lán ríkissjóðs, lánahreyfingar út. Fyrir „215 075“ kemur	225 975
96.	Við 4. gr. 1 09 999. Nýr liður: 11 Lífeyrissjóður bænda	10 000
97.	Við 4. gr. 1 10 211 0 80 Vegagerð, gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „363 700“ kemur	416 700
98.	Við 4. gr. 1 10 333 03 Hafnarmannvirki og lendingarbætur. Fyrir „99 365“ kemur	161 800

Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:
Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 03).

1.	Akranes	8 500
2.	Arnarstapi	1 500
3.	Ólafsvík	8 500
4.	Suðureyri	4 000
5.	Bolungarvík	12 000
6.	Hnífsdalur	4 900
7.	Ísafjörður	8 000
8.	Súðavík	5 000
9.	Hvammstangi	1 100
10.	Blönduós	300

			Þús. kr.
11.	Skagaströnd	2 900	
12.	Siglufjörður	2 000	
13.	Ólafsfjörður	4 800	
14.	Dalvík	1 500	
15.	Árskógssandur	1 400	
16.	Hrísey	1 000	
17.	Grímsey	6 800	
18.	Grenivík	750	
19.	Akureyri	6 500	
20.	Akureyri, dráttarbraut	1 600	
21.	Þórshöfn	6 000	
22.	Borgarfjörður	4 500	
23.	Neskaupstaður	7 000	
24.	Eskifjörður	1 000	
25.	Fáskrúðsfjörður	3 000	
26.	Stöðvarfjörður	450	
27.	Breiðdalsvík	8 000	
28.	Djúpivogur	5 500	
29.	Höfn í Hornafirði	4 000	
30.	Vestmannaeyjar	8 000	
31.	Stokkseyri	6 000	
32.	Eyrarbakki	5 000	
33.	Grindavík	10 000	
34.	Gerðar	1 000	
35.	Vogar	1 500	
36.	Hafnarfjörður	5 800	
37.	Hafnarfjörður, dráttarbraut	2 000	
			161 800

99. Við 4. gr. 1 10 333 04 Ferjubryggjur.

	Fyrir „3 281“ kemur		3 350
	Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:		
	Ferjubryggjur (10 333 04).		
1.	Búðardalur	600	
2.	Bæir á Snæfjallaströnd	450	
3.	Eyri í Mjóafirði	300	
4.	Flatey á Breiðafirði	400	
5.	Gemlufall	200	
6.	Kleifarstaðir	200	
7.	Æðey	200	
8.	Vigur	1 000	
		3 350	

100. Við 4. gr. 1 10 333 07 Hafnabótasjóður.

	Fyrir „17 000“ kemur		22 000

101. Við 4. gr. 1 10 333 08 Sjóvarnargarðar.

	Fyrir „2 300“ kemur		4 600
	Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:		
	Sjóvarnargarðar (10 333 08).		
1.	Akranes	200	
2.	Álftanes	500	
3.	Bessastaðir	150	
4.	Borgarfjörður eystri	50	
5.	Borgarnes	50	

			Þús. kr.
6.	Búðardalur	100	
7.	Eyrarbakki	300	
8.	Flateyri	250	
9.	Garðskagi	200	
10.	Gerðar í Garði	100	
11.	Grenivík	50	
12.	Grótta	150	
13.	Höfn í Hornafirði	150	
14.	Innri-Akraneshreppur	50	
15.	Melar í Leirársveit	50	
16.	Miðneshreppur	150	
17.	Patreksfjörður	100	
18.	Sauðárkrókur	1 250	
19.	Seltjarnarnes	100	
20.	Vestmannaeyjar	100	
21.	Þórshöfn	200	
			4 250
102.	Við 4. gr. 1 10 471 Flugmálastjórn. Fyrir „170 351“ kemur		205 651
103.	Við 4. gr. 1 11 299 08 Til útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins. Fyrir „3 000“ kemur		4 000
104.	Við 4. gr. 1 11 299 04 Landssamband iðnaðarmanna. Fyrir „600“ kemur		700
105.	Við 4. gr. 1 11 Nýr liður: 332 Jarðvarmaveitur ríkisins: 0 90 Yfirfærslur: 0 91 Til fyrirtækja í B-hluta		10 000

Sþ. 175. Tillaga til þingsályktunar [129. mál]

um 10 ára áætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins samkvæmt vegalögum.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Björn Jónsson, Skúli Alexandersson, Ásgeir Bjarnason, Björn Pálsson, Ágúst Þorvaldsson, Ingvar Gíslason, Karvel Pálmason, Stefán Valgeirsson, Steingrímur Hermannsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Vegagerð ríkisins að láta á árinu 1972 gera sundurliðaða kostnaðaráætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins á árunum 1973—82, eða á skemmri tíma, ef fært þætti, enda sé í áætluninni miðað við þá gerð vega, sem stefna ber að samkv. 12. og 13. gr. vegalaga nr. 71 30. des. 1963, sbr. l. nr. 98 1970. Jafnframt lýsir Alþingi yfir þeim vilja sínum, að eftir að gerð 10 ára áætlunarinnar er lokið, skuli gerð og viðhald þjóðvega þannig fjármagnað, að tekin verði ríkislán til að byggja upp hraðbrautirnar og þær þjóðbrautir, sem mest umferðarálag er á, en kostnaður við uppbyggingu annarra þjóðvega svo og viðhald og stjórn vegamála greitt úr vegasjóði, þ. e. af fé því, sem innheimt er til vegagerðar samkv. vegalögum. Framkvæmdaröð í áætluninni verði við það miðuð, að landsbyggð haldist og eflist, svo og æskilegt jafnvægi milli landshlutanna, og að sem fyrst verði dregið úr þeim kostnaði við bifreiðarekstur landsmanna í heild, sem ástand veganna hefur áhrif á. Kostnaður við áætlunargerðina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þó að miklar framfarir hafi orðið hér á landi í seinni tíð á ýmsum sviðum, er Ísland enn þá vanþróað land í vegamálum. Landið er stórt og vegalengdir miklar miðað við fólksfjölda, og síðasta áratuginn a. m. k. hefur ekki verið fylgt þeirri stefnu að verja öllum tekjum af umferðinni til þess að koma vegakerfinu í nútímahorf. Vegasjóður fær að vísu í sinn hlut síðan 1963 tekjurnar af benzínskatti, bifreiðaskatti og gúmmígjaldi, en innflutningsgjöld af bifreiðum og bifreiðavörum svo og leyfisgjöld hafa runnið í ríkissjóð. Samkvæmt upplýsingum, sem fram hafa komið frá Félagi ísl. bifreiðaeigenda og á Alþingi, er gert ráð fyrir því, að þessar tekjur af umferðinni, sem runnið hafa í ríkissjóð, hafi á síðasta áratug numið 4—5 þús. millj. kr. samtals, og telja ýmsir, að því fé hefði átt að verja til vegagerðar. Ekki er þess að vænta, að ríkissjóður geti endurgreitt þessa upphæð með skjótum hætti eða að fjármálastjórn ríkisins sé reiðubúin til að afhenda vegasjóði umrædd tolla- og leyfisgjöld þegar á næstunni, enda kann það að vera einhverjum vandkvæðum bundið í framkvæmd að greina á milli tolla í þessu sambandi. Hitt mun fremur framkvæmanlegt, að ríkissjóður taki að sér tiltekinn hluta af vegakerfinu, afli lánsfjár til langs tíma til framkvæmdanna, standi síðan straum af afborgunum og vöxtum framvegis og greiði þannig á nokkuð löngum tíma meira eða minna af „skuld" sinni við „umferðina", svo og það, sem í hans hlut kemur af gjöldum af umferðinni. Ætti þá ríkissjóður að taka að sér þann hluta vegakerfisins, sem er talið að hægt sé að fá lán til erlendis — þó að nokkuð af fénu fáist vonandi innanlands —, og er þar samkvæmt upplýsingum stjórnvalda einkum um hraðbrautirnar að ræða, en lántökumöguleikarnir byggjast á því, að talið er af sérfróðum mönnum erlendum og innlendum, að fjármagn, sem lagt sé í hraðbrautirnar, skili álitlegum hagnaði, þegar tekinn er með í reikninginn sá sparnaður í viðhaldi og rekstri bifreiða, sem uppbygging hraðbrauta með endingargóðu slitlagi mundi hafa í för með sér.

Samkvæmt skýrslum Vegagerðar ríkisins var flokkun og lengd þjóðveganna sem hér segir í árslok 1969:

Hraðbrautir	324.4 km
Þjóðbrautir	2756.3 —
Landsbrautir	5621.0 —
Þjóðvegir í þéttbýli	97.8 —
Samtals	8799.5 km

Þjóðvegir í þéttbýli skiptast milli aðalflokkanna þriggja. Til þeirra er varið tilteknum hluta af tekjum vegasjóðs samkvæmt V. kafla vegalaganna frá 1963. Samanlögð lengd sýsluvega var í árslok 1969 2571 km, og fá sýsluvegasjóðir tekjur í héruðum, en einnig samkvæmt IV. kafla vegalaganna frá 1963, sbr. lög nr. 98 frá 1970.

Nauðsyn ber til að gera sér grein fyrir því, hve stórt það viðfangsefni er, sem þjóðin tekur sér fyrir hendur, ef hún færist það í fang að koma þjóðvegakerfinu í heild í viðunandi horf og þar með gera þá hringbraut um landið, sem að jafnaði mætti teljast fær árið um kring. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir, að þetta viðfangsefni verði leyst af hendi á 10 árum og sá árafjöldi verði lagður til grundvallar við áætlunargerð, sem ríkisstjórnin feli Vegagerð ríkisins að framkvæma, þannig að áætlunargerðinni verði lokið á næsta ári. Áætlunin ætti því samkvæmt tillögunni að fjalla um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins á árunum 1973—1982, að báðum meðtöldum, og er nánar um það fjallað í tillögunni, hvaða gerð vega skuli miða við. Sýnist þá rétt að miða við þá gerð vega, sem gert er ráð fyrir í gildandi vegalögum og reglugerðum samkvæmt þeim lögum.

Tillagan fjallar einnig um það, sem fyrr var að vikið í þessari greinargerð, að ríkissjóður taki að sér hluta vegakerfisins. Er þar gert ráð fyrir viljayfirlýsingu

Alþingis um fjármögnun 10 ára áætlunarinnar, þannig að fjár til hraðbrautanna verði aflað með töku lána til langs tíma, sem ríkissjóður, en ekki vegasjóður, standi straum af. Rétt þykir að athuguðu máli, að ríkislán verði einnig tekin til þeirra þjóðbrauta, þar sem umferðarálag er mest, og yrðu mörkin þá væntanlega nánar tiltekin í áætluninni. Eru þá m. a. hafðir í huga vegir, sem nefna má „framleiðsluvegi". Mikill hluti þjóðbrautanna og landsbrautirnar mundu þá koma í hlut vegasjóðs, svo og vegaviðhaldið og stjórn vegamála. Varðandi það, sem sagt er í tillögunni um röðun vega í áætlun, má m. a. telja eðlilegt, að sérstakt tillit verði tekið til landshluta, þar sem algengt er, að þjóðvegir teppist af snjó eða miklu fé þarf nú að verja til snjómoksturs flest ár.

Um það er erfitt að spá nú, hver muni verða heildarupphæð slíkra tíu ára áætlana sem hér er um að ræða í krónum talin, enda er verðlag óstöðugt hér á landi. Í fyrra var af fróðum mönnum gizkað á 8—10 milljarða á opinberum fundi, miðað við nokkrar tilgreindar forsendur og núverandi verðlag. Ætla má, að sú upphæð reynist fremur of lág en of há. En geta má þess til samanburðar, að niðurstöðutala fjárlagafrumvarpsins, sem nú liggur fyrir, er rúmlega 14 milljarðar króna, og er vegasjóðurinn (nál. 900 milljónir) í þeirri tölu.

Tillaga svipaðs efnis var flutt á Alþingi 1967 og 1970 og náði þá ekki fram að ganga. En fyrr eða síðar verður Alþingi og þjóðin að horfast í augu við það viðfangsefni, sem fram undan er í vegamálum, og gera upp við sig, hvað viðunandi sé og fært í þessum efnum.

Nd. 176. Breytingartillögur [86. mál]

við frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Við 29. gr. Aftan við greinina bætist:
   og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði.
2. Við 33. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:
   Þegar samkomulag verður um það milli ríkisstjórnarinnar og landshlutasamtaka sveitarfélaga, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að Byggðasjóður skuli lúta sérstakri stjórn. Skal sú sjóðsstjórn þá skipuð af ríkisstjórninni eftir tilnefningu landshlutasamtakanna að einhverju eða öllu leyti.
   Verði Byggðasjóði skipuð sérstök stjórn samkv. 1. málsgr., er henni jafnframt veitt sú heimild til lántöku, sem Framkvæmdastofnuninni er veitt samkv. 33. gr.

Sþ. 177. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1972.

Frá fjárveitinganefnd.

		Þús. kr.
1.	Við 4. gr. 1 02 232. Nýr liður:	
	05 Til hlutdeildar í sérfræðikostnaði við jarðefnaleit hér á landi árið 1970 á vegum Tækniaðstoðar Sameinuðu þjóðanna	198
2.	Við 4. gr. 1 02 501 0 80 Tækniskólinn, gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „70" kemur	770

			Þús. kr.
3.	Við 4. gr. 1 02 516 0 80 Iðnskólar, gjaldfærður stofnkostnaður.		
	Fyrir „13 134“ kemur		25 200
	Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:		
	Iðnskólar (02 516).		
	Reykjavík	9 000	
	Ísafjörður	600	
	Sauðárkrókur	300	
	Akureyri	7 500	
	Neskaupstaður	600	
	Vestmannaeyjar	1 000	
	Selfoss	200	
	Keflavík	3 000	
	Hafnarfjörður	3 000	
		25 200	
4.	Við 4. gr. 1 02 Nýr liður:		
	518 Fiskvinnsluskólinn:		
	0 10 Laun	2 000	
	0 20 Önnur rekstrargjöld	1 000	
	0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	100	
	Gjöld samtals		3 100
5.	Við 4. gr. 1 02 521 0 80 Hjúkrunarskóli Íslands, gjaldfærður stofnkostnaður.		
	Fyrir „100“ kemur		1 000
6.	Við 4. gr. 1 02 553 0 80 Húsmæðraskólar, gjaldfærður stofnkostnaður.		
	Fyrir „8 823“ kemur		6 500
	Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:		
	Húsmæðraskólar (02 553).		
	Staðarfell	3 000	
	Blönduós	500	
	Laugarvatn	3 000	
		6 500	
7.	Við 4. gr. 1 02 571 0 91 Sjómannaskólahúsið, til fyrirtækja í B-hluta.		
	Fyrir „7 900“ kemur		9 900
8.	Við 4. gr. 1 02 608 0 80 Héraðsskólar, gjaldfærður stofnkostnaður.		
	Fyrir „24 670“ kemur		45 450
	Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:		
	Héraðsskólar (02 608).		
	Reykholt, 1. áf.	15 000	
	Núpur	8 500	
	Reykjanes	6 600	
	Reykir í Hrútafirði	5 000	
	Eiðar	6 650	
	Skógar	2 700	
	Laugarvatn	1 000	
		45 450	
9.	Við 4. gr. 1 02 761 Barna- og gagnfræðastigsskólar.		
	a. Við 03 Viðhaldskostnaður skólafasteigna.		
	Fyrir „25 161“ kemur		30 961
	b. Við 04 Viðhaldskostnaður skólastofubúnaðar.		
	Fyrir „18 111“ kemur		22 311

			Þús. kr.
10.	Við 4. gr. 1 02 881 09 Styrkur til útgáfustarfa.		
	Fyrir „3 150“ kemur		3 550
11.	Við 4. gr. 1 02. Nýr liður:		
	908 Kjarvalshús:		
	0 10 Laun	120	
	0 20 Önnur rekstrargjöld	110	
	0 27 Viðhald	100	
	0 70 Vextir	284	
	0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	50	
	Gjöld samtals		664
	3 00 Lánahreyfingar út		315
12.	Við 4. gr. 1 02 988.		
	a. Við 08 Æskulýðsnefnd A.-Húnavatnssýslu.		
	Fyrir „25“ kemur		50
	b. Við 09 Æskulýðsnefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.		
	Fyrir „25“ kemur		50
	c. Við 10 Æskulýðsnefnd Eyjafjarðarsýslu.		
	Fyrir „25“ kemur		50
13.	Við 4. gr. 1 02 999 47 Til félagsstarfsemi American Field Service.		
	Fyrir „50“ kemur		125
14.	Við 4. gr. 1 02 999. Nýr liður:		
	Rithöfundasamband Íslands vegna móts barna- og unglingabókahöfunda.		75
15.	Við 4. gr. 1 03 401 Nýr liður:		
	38 Tillag til International Development Agency (IDA)		16 400
16.	Við 4. gr. 1 04 286 03 Fyrirhleðslur.		
	Fyrir „5 000“ kemur		9 890
	Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:		
	Fyrirhleðslur (04 286 03).		
	a. Til fyrirhleðslna:		
	1. Þverá og Markarfljót (viðhald)	900	
	2. Markarfljót (nýb.)	300	
	3. Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará	200	
	4. Keldnaá í Fljótsdal	20	
	5. Jökulsá í Lóni	370	
	6. Kalmanstunga—Húsafell	300	
	7. Hólmsá á Mýrum við Fláajökul	50	
			2 140
	b. Til fyrirhleðslna gegn ¼ kostnaðar annars staðar að:		
	1. Djúpós og Hólsárbakkar	250	
			250
	c. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar að:		
	1. Sandá í Kjós	40	
	2. Laxá hjá Vindási	40	
	3. Laxá í Leirársveit	20	
	4. Leirá í Leirársveit	40	
	5. Hvítá, við Þræley	100	
	6. Hvítá í Hvítársíðu	60	
	7. Norðurá í Norðurárdal, skilyrði um stofnun vatnafélags	240	
	8. Hjá Kálfárvöllum, Staðarsveit	30	
	9. Hörðudalsá neðan Hörðubóls	80	
	10. Miðá hjá Hundadal og Kvisthaga	40	

		Þús. kr.
11.	Reykjadalsá hjá Fellsenda	50
12.	Tunguá í Dalasýslu	30
13.	Haukadalsá	40
14.	Múlaá í Nauteyrarhreppi	30
15.	Vatnsdalsá frá Grímsstöðum að Hofi	170
16.	Vatnsdalsá hjá Bakka og Kornsá	40
17.	Giljá	50
18.	Svartá hjá Barkarstöðum	20
19.	Svartá hjá Botnastöðum	20
20.	Svartá hjá Leifsstöðum	20
21.	Víðimýrará hjá Reykjarhóli	50
22.	Héraðsvötn	500
23.	Héraðsvötn, Vindheimagarður	150
24.	Svarfaðardalsá hjá Grund	50
25.	Hörgá í Hörgárdal, skilyrði um stofnun vatnafélags	100
26.	Skálará í Út-Kinn	60
27.	Jökulsá á Dal	1 300
28.	Jökulsá í Fljótsdal	200
29.	Geitdalsá í Skriðdal	40
30.	Norðfjarðará hjá Skorrastöðum	50
31.	Norðurdalsá í Breiðdal	150
32.	Geithellnaá	100
33.	Hofsá í Álftafirði	250
34.	Selá í Álftafirði	30
35.	Karlsá í Lóni	80
36.	Hornafjarðarfljót	500
37.	Hólmsá á Mýrum við Borg	30
38.	Kolgríma	500
39.	Staðará hjá Kálfafellsstað	70
40.	Aurá hjá Núpsstað	50
41.	Laxá hjá Blómsturvöllum	50
42.	Djúpá hjá Maríubakka	400
43.	Geirlandsá	70
44.	Eldvatn hjá Hnausum	30
45.	Langholtsskurður hjá Langholti	30
46.	Kúðafljót	80
47.	Skálm hjá Skálmarbæ	40
48.	Klifandi, skilyrði um stofnun vatnafélags	200
49.	Kaldaklifsá neðan þjóðvegar	60
50.	Bakkakotsá	100
51.	Svaðbælisá	100
52.	Miðskálaá og Írá	80
53.	Holtsá	200
54.	Markarfljót við Merkurengjar	90
55.	Grjótalækur	20
56.	Fiská hjá Árgilsstöðum	30
57.	Stóra-Laxá hjá Sólheimum	50
58.	Stóra-Laxá hjá Hlíð	50
59.	Stóra-Laxá hjá Sóleyjarbakka	50
60.	Litla-Laxá hjá Berghyl	50
61.	Litla-Laxá hjá Skyggni	10
62.	Hvítá hjá Auðsholti	50

			Þús. kr.
63.	Ölfusá hjá Kaldaðarnesi	120	
64.	Ölfusá hjá Eyrarbakka	120	
			7 500
			9 890

17. Við 4. gr. 1 04 286 13 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.
Fyrir „275 000“ kemur 323 000
18. Við 4. gr. 1 04. Nýr liður:
504 Bændaskóli á Suðurlandi.
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður 700
Gjöld samtals 700
19. Við 4. gr. 1 08 399 27 Sjúkraflug.
Fyrir „750“ kemur 950
20. Við 4. gr. 1 10 211 0 94 Vegagerð, til einstaklinga, heimila og samtaka.
Fyrir „2 229“ kemur 2 629

Sþ. 178. Tillaga til þingsályktunar [130. mál]

um endurskoðun á gjaldskrá Landssímans.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Ásgeir Bjarnason, Matthías Bjarnason, Helgi F. Seljan, Halldór Blöndal, Axel Jónsson, Björn Fr. Björnsson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða gjaldskrá Landssímans þannig, að mismunur á gjaldi eftir fjarlægð verði minnkaður verulega og fyrir símtöl innan hvers svæðis verði krafizt eins gjalds og sé það hið sama innan allra svæða landsins.

Greinargerð.

Með útbreiðslu á sjálfvirku símakerfi hefur landinu verið skipt í 9 svæði. Hefur hvert svæði hlotið sérstakt svæðisnúmer, frá 91 til 99. Fyrir símtöl innan hinna 9 svæða gilda hins vegar mismunandi gjaldskrár.

Á Reykjavíkursvæðinu geta símnotendur hringt í öll númer í Reykjavík, Kópavogi, Garðahreppi, Bessastaðahreppi og Hafnarfirði á einu og lægsta gjaldi. Munu það vera nálægt 40 000 númer. Auk þess eru á þessu svæði flestar opinberar stofnanir og fyrirtæki, sem allur þorri landsmanna þarf að leita til.

Innan annarra svæða gildir allt önnur regla. Þar er gjald mjög breytilegt innan eins og sama svæðis. Víða getur símnotandi aðeins hringt í fáeina tugi númera á lægsta gjaldi, en verður víðast að greiða hærra gjald, þegar er hann hringir í næstu sveit.

Ört hækkandi gjald með fjarlægð veldur einnig íbúum dreifbýlisins miklum útgjöldum. Þeir þurfa að sjálfsögðu ekki síður að leita símleiðis til opinberra stofnana og fyrirtækja í Reykjavík en íbúar þess svæðis. Hins vegar er ljóst, að fyrir hina fyrrnefndu er slíkt langtum kostnaðarmeira en fyrir íbúa Reykjavíkursvæðisins.

Af því, sem hér hefur verið rakið, má ljóst vera, að landsmenn búa við afar mikinn ójöfnuð sem símnotendur. Markmiðið með þessari þingsályktunartillögu er að lagfæra þennan ójöfnuð að nokkru leyti. Er lagt til, að fjarlægðamismunun verði minnkuð verulega og innan sérhvers svæðis verði látið gilda eitt gjald fyrir símtöl um svæðið allt án tillits til fjarlægðar. Sömuleiðis er lögð á það áherzla, að gjald þetta verði hið sama fyrir öll svæðin.

Nd. 179. Frumvarp til laga [131. mál]

um breyting á lögum nr. 21 frá 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Flm.: Gils Guðmundsson, Guðlaugur Gíslason, Ingvar Gíslason, Karvel Pálmason.

1. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1971“ í 8. gr. laganna komi: til ársloka 1972.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt niðurlagsákvæði laga nr. 21/1969, um breyt. á lögum nr. 62/1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, gilda ákvæði 2. og 3. gr. laganna, er kveða á um heimildir til togveiða innan fiskveiðilandhelginnar, ekki lengur en til ársloka þessa árs. Af þessum sökum ákvað sjávarútvegsráðuneytið að skipa fimm manna nefnd samkvæmt tilnefningu stjórnmálaflokkanna til þess að gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á nefndum lagaákvæðum.

Í nefndina voru skipaðir Guðlaugur Gíslason, Ingvar Gíslason, Jón Árm. Héðinsson, Karvel Pálmason og Gils Guðmundsson, sem jafnframt var formaður. Nefndin ræddi við allmarga aðila og sneri sér bréflega til þeirra félagssamtaka, sem málið snertir mest, heildarsamtaka útvegsmanna og sjómanna, og reyndi á þann hátt að afla sér sem gleggstra upplýsinga um vilja þeirra.

Nefndin telur, að könnun hafi leitt í ljós, að fyrir því sé mjög almennur vilji að framlengja gildandi togveiðiheimildir lítt eða ekki breyttar um eins árs skeið, þ. e. til ársloka 1972.

Jafnframt leggur nefndin á það áherzlu — með sérstöku tilliti til fyrirhugaðrar útfærslu fiskveiðilögsögunnar — að þegar á næsta ári fari fram gagnger heildarendurskoðun á allri þeirri löggjöf, sem tekur til hagnýtingar og verndar íslenzkra fiskistofna innan fiskveiðilandhelgi.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við sjávarútvegsráðherra. Flm. eru allir þeir nefndarmenn, sem sæti eiga í neðri deild Alþingis. Fimmti nefndarmaðurinn, Jón Árm. Héðinsson, sem á sæti í efri deild, er samþykkur flutningi þessa frumvarps.

Sþ. 180. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1972.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Eins og fram kemur á þskj. 174 og 177, flytur fjárveitinganefnd sameiginlega breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið. Er það með sama hætti og átt hefur sér stað á undanförnum árum. Það skal þó tekið fram, að undirritaðir nefndarmenn áskilja sér rétt til að hafa óbundnar hendur um fylgi við tillögurnar í heild og hverja einstaka þeirra.

Enda þótt fjárlagafrumvarp það, sem hæstv. ríkisstjórn lagði fyrir Alþingi á fyrstu dögum þingsins, sé að upphæð um 3 milljörðum króna hærra en fjárlög yfirstandandi árs, var þegar í upphafi augljóst, að enn vantaði stórar fjárupphæðir á gjaldabálk fjárlagafrumvarpsins, svo að séð yrði á viðunandi hátt fyrir lágmarksfjárveitingum til hinna ýmsu málaflokka.

Nú hefur fjárveitinganefnd lagt fram breytingartillögur sínar við frumvarpið, sem hún flytur við þessa umræðu málsins. Fela þær í sér stóraukin útgjöld, eða samtals um 764 millj. króna. Nemur þá heildarhækkun frá gildandi fjárlögum 3711 millj. kr. Er það algert met í hækkun fjárlaga á einu ári.

Hér verður þó ekki látið staðar numið. Enn liggur hjá nefndinni fjöldi erinda, sem hún á óafgreidd, og að minnsta kosti sum þeirra eru þess eðlis, að ekki verður hjá því komizt að veita þar nokkra úrlausn.

Til viðbótar þessu er svo um að ræða upphæðir, sem skipta hundruðum milljóna króna, eftir því sem séð verður, en þar mun framlag til almannatrygginga nema hæstri upphæð.

1. minni hluta fjárveitinganefndar er ljóst, að enn vantar mikið á, að unnt sé að gera sér grein fyrir því, hverjar verða munu hinar endanlegu niðurstöðutölur fjárlagafrumvarpsins, að því er varðar gjaldahlið þess. Enn síður liggja fyrir upplýsingar um það, hvernig ríkisstjórnin hyggst afla þess fjár, sem á vantar, til þess að endar nái saman og frumvarpið verði afgreitt greiðsluhallalaust. En það vill 1. minni hl. nefndarinnar taka skýrt fram, að hann telur með öllu óverjandi, ef til þess kæmi í slíku góðæri sem íslenzka þjóðin á nú við að búa, að fjárlög yrðu afgreidd með tekjuhalla.

Eftir þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, bendir allt til þess, að tekjur ríkissjóðs á yfirstandandi ári verði allt að 1200—1300 millj. kr. hærri en þær eru áætlaðar í fjárlögum. Í slíku árferði væri ekki óeðlilegt að álykta, að staða ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands væri mjög hagstæð. Þessu mun þó því miður ekki þannig farið. Ef borin er saman staða ríkissjóðs á viðskiptareikningi hans við Seðlabankann hinn 1. desember 1970 og 1. desember s. l., kemur í ljós, að skuld ríkissjóðs við bankann var hinn 1. des. 1970 um 316 millj. kr., en mun hins vegar hafa verið um 629 millj. kr. 1. des. s. l. Ríkissjóður hefur því þrátt fyrir góðærið og hinar óvenjumiklu umframtekjur hlaðið upp nýjum skuldum við Seðlabankann, sem nema rúmlega 300 millj. kr.

Hitt er svo annað mál, og það ber ríkisstjórninni að viðurkenna, að viðskilnaður fyrrv. ríkisstjórnar var með þeim hætti, að engin ný ríkisstjórn hefur tekið við blómlegra þjóðarbúi, enda gat hún viðstöðulaust og að því er virtist án umhugsunar ausið hundruðum milljóna króna úr ríkissjóði til þess m. a. að sýna þjóðinni, að nú væru stjórnmálaflokkar setztir að völdum, sem ætluðu að standa við kosningaloforðin.

Þessi staða ríkissjóðs leyfði stjórninni m. a. að halda áfram verðstöðvuninni til áramóta og láta einnig koma til framkvæmda lög um auknar lífeyris- og örorkubætur, sem samþykkt voru á síðasta Alþingi, en áttu annars að koma til framkvæmda um næstu áramót. Hvor tveggja þessara málaflokka átti fyllsta rétt á sér, og ber að fagna því, að fjárhagsleg staða ríkissjóðs var með þeim hætti, að þetta var framkvæmanlegt.

Til viðbótar hinni hagstæðu þróun ríkissjóðs inn á við er svo þess að geta, að gjaldeyrisvarasjóðurinn, sem var að fullu uppurinn í lok vinstristjórnartímabilsins á árinu 1958, var nú um 4000 millj. kr., eða einhver sá öflugasti, sem dæmi eru til um.

Á undanförnum árum, þegar fjárlög hafa verið til umræðu á hinu háa Alþingi, hefur það ósjaldan komið fyrir, að stjórnarandstaðan hafi gagnrýnt fyrrv. ríkisstjórn fyrir síhækkandi fjárlög og útþenslu í ríkiskerfinu, sem væri einn skýrasti votturinn um vaxandi verðbólgu og ranga efnahagsstefnu. Það væri því eðlilegt, að núverandi ríkisstjórn, um leið og hún sendir frá sér sitt fyrsta fjárlagafrumvarp, gerði einhverja tilraun til þess að vera sjálfri sér samkvæm í þessum efnum.

Hver er svo staðreyndin?

Aldrei fyrr hafa slíkar hækkanir á fjárlagafrumvarpi milli ára átt sér stað. En þar við bætist, að hæstv. fjármálaráðherra viðurkenndi við framsögu fyrir frum-

varpinu, að ýmislegt vantaði enn á, að allir útgjaldaliðir væru komnir fram, og yrði það leiðrétt í meðförum fjárveitinganefndar á frumvarpinu.

Varðandi útþensluna í ríkiskerfinu er því til að svara, að þar virðist allt stefna í eina átt: gerviráðherrum er hrúgað upp, og varla leið sá dagur á fyrstu mánuðum ríkisstjórnarinnar, að ekki fréttist um einhverja nýja fyrirhugaða ríkisstofnun eða nefnd, sem búið var að setja á laggirnar, skipaða pólitískum gæðingum.

Allt virðist því bera að sama brunni og hjá hinni fyrri Vinstristjórn: ábyrgðarleysi og ráðleysi í efnahagsmálum og stóraukin afskipti hins opinbera á athafnasviðinu.

Á hinu fyrra tímabili Vinstristjórnar hér á landi var það ógæfa þjóðarinnar, að til forustu völdust menn, sem höfðu ekki yfirsýn yfir málin. Í einstöku góðæri sigldu þeir þjóðarskútunni í strand og hrökluðust síðan frá völdum. Við blasti algjört gjaldeyrishrun, og hengiflug óðaverðbólgu var á næsta leiti, eins og forsætisráðherra þeirra sagði.

Það kom því í hlut Viðreisnarstjórnarinnar að veita þjóðinni þá stjórnarforustu, sem dugði, — rétta við og endurheimta glatað lánstraust erlendis og byggja upp á ný varanlega gjaldeyrissjóði.

Fyrir nokkrum árum var sá háttur upp tekinn að ósk fyrrverandi fjármálaráðherra, Magnúsar Jónssonar, að kosin var innan fjárveitinganefndar undirnefnd, skipuð einum fulltrúa frá hverjum stjórnmálaflokki, sem sæti átti í nefndinni. Skyldi undirnefndin kynna sér á milli þinga ýmsa málaflokka og fá upplýsingar hjá forstjórum ríkisstofnana um rekstur stofnananna og annað, sem máli skipti í sambandi við rekstur þjóðarbúsins. Eins og fram hefur komið í nefnarálitum frá fyrri árum, er það álit þingmanna úr öllum flokkum, að slík vinnubrögð séu æskileg og geti haft verulega þýðingu við sjálfa fjárlagagerðina.

Að þessu sinni var óskað eftir því við stjórnmálaflokkana, að þessi skipan mætti halda áfram, og tilnefndi hver flokkur sinn fulltrúa í nefndina. Þrátt fyrir það leið þó allt sumarið, fram á haust, að nefndin var ekki kölluð saman og ekkert samráð haft við nefndarmenn, a. m. k. frá stjórnarandstöðuflokkunum, um þau verkefni, sem fram undan voru.

Ríkisstjórnin hefur boðað gagngerar breytingar á skattaálögum og öðrum tekjustofnum ríkissjóðs, sem fela munu í sér stórfelldar álögur á þjóðina, og var því brýn nauðsyn að kynna þessar fyrirhuguðu breytingar fyrir fjárveitinganefnd og Alþingi, áður en fjárlagafrumvarpið var afgreitt í nefndinni til 2. umræðu.

Þar sem algjör óvissa ríkir enn um breytingar á tekjuhlið frumvarpsins og þá stefnu, sem ríkisstjórnin hyggst marka í skattamálum, munum við ekki flytja breytingartillögur við frumvarpið við þessa umræðu umfram það, sem fram kemur í breytingartillögum nefndarinnar á fyrrnefndum þingskjölum.

Alþingi, 12. des. 1971.

Jón Árnason, frsm. Matthías Bjarnason. Steinþór Gestsson.

Sþ. 181. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga árið 1972.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Eins og venja hefur verið undanfarin ár, ber fjvn. sameiginlega fram margar breytingartillögur. Aðild að þeim byggist á þeirri venju í fjvn., að formaður leggur til, að nefndin fallist á flutning þeirra. Þetta gildir um afgreiðslu tillagna eða erinda, hvort sem um hækkun eða lækkun er að ræða. Einstakir nefndarmenn geta þó haft

áhrif á stærð talna við þessa afgreiðslu. Aðild að meirihlutatillögunum bindur því engan veginn minni hluta um flutning eða stuðning annarra tillagna.

Þær tillögur, sem þannig hafa verið afgreiddar nú á þessu þingi fram til dagsins í dag, hafa leitt af sér hækkun útgjalda á fjárlagafrv. um 763 800 000 kr.

Fjvn. kom fyrst saman til fundar 19. okt. s. l. og hefur haldið 36 sameiginlega fundi. Auk þess hafa undirnefndir starfað, en enga aðild að slíku starfi hefur undirritaður átt. Frá þessum undirnefndum hafa komið ákveðnar tillögur, sem hafa síðan fengið afgreiðslu, eins og að framan greinir, á sameiginlegum fundi fjvn.

Á marga fundi hjá fjvn. komu forstöðumenn ríkisstofnana og gerðu grein fyrir fjármagnsþörf viðkomandi stofnunar og stundum rekstri. Er þetta vinnufyrirkomulag og móttaka erinda harla úreltur háttur, sem hefur þó staðið lengi. Ríkisstofnanir verða að senda inn í viðkomandi ráðuneyti tillögur sínar til fjárveitinga með greinargerð. Þar er stundum fjallað um erindin, sem síðar eiga að ganga til fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar, er rannsakar málið sérstaklega og metur beiðnina. Ef eðlilega er unnið í sjálfu ráðuneytinu, þarf þetta ekki að vefjast vikum saman fyrir mönnum, heldur fara með jöfnum hraða áleiðis í gerð fjárlagafrv. og þar með inn í Alþingi.

Í athugasemdum með frv. segir á bls. 141: „Þegar ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar kom til valda um miðjan júlí s. l., höfðu flest ráðuneyti skilað fjárlaga- og hagsýslustofnuninni tillögum sínum vegna fjárlagagerðar fyrir árið 1972. Af eðlilegum ástæðum óskuðu hinir nýju ráðherrar eftir því að kynna sér tillögur ráðuneyta sinna og breyta þar um, eftir því sem nauðsyn bar til og mögulegt var að þeirra dómi. Af þessum ástæðum var tími til að vinna að gerð fjárlagafrumvarpsins skemmri heldur en áður mun hafa verið og æskilegt er. Þó tókst að vinna það verk svo tímanlega, að framkvæmanlegt er að leggja fjárlagafrumvarpið fyrir þegar í upphafi þings, svo sem venja hefur verið og vera á.

Enda þótt útgjöld þessa fjárlagafrumvarps hækki verulega frá síðustu fjárlögum, skal það tekið fram, að mjög fast var haldið á því, að aukin útgjöld vegna útþenslu ættu sér ekki stað í ríkiskerfinu, nema þar sem brýna nauðsyn bar til að halda eðlilegri þjónustu og starfsháttum. Það leiddi til þess, að hafnað var mörgum tillögum ráðuneytanna, jafnvel þótt sumar þeirra ættu nokkurn rétt á sér.“

Nú hefur hæstvirt ríkisstjórn setið í næstum 5 mánuði, og varla verður lengur unnt að bera fyrir sig sífellt tímaleysi um tillögugerð og afgreiðslu mála. En það er staðreynd, að nú við 2. umræðu fjárlaga vantar mjög veigamiklar upplýsingar um stóra og mikilvæga málaflokka, svo sem um almannatryggingarnar, niðurgreiðslu vöruverðs, vinnulaunahækkun, afkomu ríkissjóðs 1971, stöðu ríkissjóðs við Seðlabankann og greinargerð um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1972. Eins og ljóst má vera af þessu, er augljóst, að hér eru einstæð vinnubrögð við afgreiðslu fjárlaga, og munu þess engin dæmi, að slíkt hafi viðgengizt áður. Margrætt og boðað er, að skattafrv. muni koma fram, sem eigi að vera grundvöllur að nýju skattakerfi, gjörbreyttu frá því, sem verið hefur um árabil. Við í stjórnarandstöðunni höfum ekki minnstu hugmynd um þennan þátt og hvað ríkisstjórnin hyggst fyrir í tekjuöflun á árinu 1972. Það eitt er ljóst, að nauðsynlegt verður að tryggja með einhverju móti stórauknar tekjur, og má vænta þess, að sú upphæð þurfi að vera um 2 milljarðar alls. Þessi staðreynd ber ljóst vitni um þá óðaverðbólgu, sem fram undan er. Með hækkun á víni og tóbaki, sem kemur af fullum krafti beint inn í vísitöluna, mun verðbólgan m. a. fá aukinn byr. Þetta eina dæmi nægir til þess að sýna, hversu stjórnlaust verðlagið verður á næstu mánuðum. Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar segir þó: „Hún mun leitast við að tryggja, að hækkun verðlags hér á landi verði ekki meiri en í helztu nágranna- og viðskiptalöndum. Í því skyni mun hún beita aðgerðum í peninga- og fjárfestingarmálum og ströngu verðlagseftirliti.“ Þrátt fyrir þessi ákvæði í samningnum góða, hefur það kvisazt út, að verðlag muni stórhækka og viðskiptaráðherra hafi gengið að ýmsum hækkunum vegna samninganna. Ekkert bólar á endurskipulagningu í verðlagseftirlitinu né sérstökum ráðstöfunum

til hemlunar á verðlagi, ef frá er talið 200 millj. kr. sparibréfalánið, sem „rann út“ eins og heitar lummur á hálfum fyrsta söludeginum. Þessi verðlagsþróun mun fyrr eða síðar leiða af sér öngþveiti hér á landi í atvinnumálum, og mörg fyrirtæki munu fljótlega eiga fullt í fangi að verjast áföllum og rekstrarstöðvun. Framkvæmdastofnun ríkisins mun ekki vega upp á móti þessum áföllum, þegar þau skella yfir.

Við öll hugsanleg tækifæri á Alþingi og utan þess var fyrrverandi ríkisstjórn Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins ásökuð um aulahátt í verðlagsmálum og linleskju við verðbólguna. Þetta undirstrikuðu núverandi fjármálaráðherra Halldór E. Sigurðsson og núverandi formaður fjárveitinganefndar Geir Gunnarsson með svofelldum orðum í nefndaráliti sínu við 2. umræðu fjárlaga, dags. 7. des. 1970: „Verðbólgan gleypir hvern milljarðinn eftir annan í sína óseðjandi hít. Áhrifa hennar gætir alls staðar. Allar áætlanir verða haldlitlar vegna áhrifa hennar.“ Og síðar: „Fjárlagafrv. fyrir árið 1971 er undirlagt af áhrifum verðbólgunnar eins og sjúklingur af skæðum sjúkdómi.“

Þetta eru harðar ásakanir. En hvernig stendur núverandi ríkisstjórn að gerð fjárlaga? Það er skemmst af að segja, að þau vinnubrögð eru óverjandi með öllu og sýna vítavert ábyrgðarleysi eða þá opinberun á innbyrðis átökum milli stjórnarflokkanna um fjárlögin og stefnuna í skattamálunum. Enginn tími mun vera til þess að koma nýjum skattalögum í gegnum þingið fyrir jólin. Við verðum að fjalla um fjárlagafrv. að langmestu leyti án þess að vita, með hvaða hætti tekjustofnarnir verða á árinu 1972. Hér er hreinlega treyst á eins gott árferði og hugsanlegt er og að innflutningur allur verði í hámarki, jafnframt því að útflutningur landsmanna gangi afburða vel og á háu verði. Ég tel, að Alþingi sé sýnd óvirðing með svona vinnubrögðum. Rétt er að taka fram, að fulltrúar ríkisstjórnarinnar í fjvn. hafa á allan hátt reynt að greiða úr þeim erfiðleikum við afgreiðslu mála í fjvn., sem stafa af þessari óvissu um tekjuöflunina.

Lokaafgreiðsla fjárlaga verður með einstæðum hætti, eins og áður er vikið að. Þingmenn munu aðeins sjá nýju skattafrv. og verða síðan að samþykkja fjárlögin, byggjandi á þeim „anda“, sem í frv. felst. Þessi „andatrúar“-stefna er óviðunandi og getur ekki skapað jafnvægi og traust meðal þjóðarinnar. Öllum á að vera ljóst, að skattamálin eru erfið viðfangs og tekjuöflun ríkisins snertir svo að segja hverja fjölskyldu í landinu. Því þarf að vanda vel til þeirra verka, ella verður álagið ósanngjarnt og kemur afar misjafnt niður. Ríkisstjórnin hefur langt mál um þetta í málefnasamningi sínum, og verður fróðlegt að sjá, hvernig til tekst.

Nátengd skattalagabreytingum er ákvörðun tryggingabóta. Nú voru miklar umbætur á lögunum um almannatryggingar samþykktar á síðasta Alþingi, í vor. Gildistöku þessara laga var flýtt um 5 mánuði, og reyndist það vel unnt vegna góðs viðskilnaðar hjá fyrrverandi ríkisstjórn. Nú eru boðaðar verulegar breytingar á bótum almannatrygginga, en þær eru ekki kunnar utan stjórnarliðsins enn þá. Þetta er einn vottur þess, hversu allt er aftarlega á merinni í þeim herbúðum. Allir flokkar á Alþingi hafa marglýst yfir vilja sínum til eflingar þessum málaflokkum, og um það ætti að nást góð samstaða.

Ekkert liggur fyrir um, hvað ríkisstjórnin hugsar sér í niðurgreiðslum á innlendum vörum, einkum landbúnaðarvörum, á árinu 1972. Þetta skiptir þó afar miklu máli. Í frv. eru áætlaðar 1 635 400 000 kr. í niðurgreiðslur. Ef halda á verðlagi sæmilega í skefjum, verður að auka þessar greiðslur verulega, ella fer verðbólgan á fulla ferð. Það eitt er ákveðið að auka útflutningsuppbætur um 48 millj. kr., úr 275 millj. í 323 milljónir. Aðspurður sagði form. fjvn., að þetta byggðist á „mati“ um útflutning, en ekki var það mat nánar skýrt. Þetta virðist undarlegt, þegar margsinnis hefur verið sagt frá því, að bændur hafi sett nú á meiri bústofn en oftast áður vegna góðs árferðis. Hvað mundi ske, ef árferðið væri undir meðaltali? Óhjákvæmilegt er að taka þessi útflutningsmál á vissum landbúnaðarafurðum til gagngerðrar endurskoðunar og upplýsa fyrir alþjóð, með hvaða hætti er unnt að verja greiðslum til

bænda á heppilegri hátt en hér á sér stað. Við erum með þessu móti að framleiða ódýrar neyzluvörur fyrir útlendinga, á sama tíma og margir framleiðendur hér heima í bændastétt hafa mjög rýra afkomu. Þetta kerfi ber dauðann í sér, og má ekki halda áfram við svo búið. Það er öllum fyrir beztu.

Ég tel ekki ástæðu til að taka hér fyrir vissa málaflokka, sem fjvn. hefur tekið til meðferðar og afgreitt. Það mun koma fram í áliti meiri hl. nefndarinnar. Nú eins og alltaf áður hafa háar umsóknir legið fyrir í krónutölum, sem óhjákvæmilegt hefur reynzt að skera niður. Engu að síður hefur nefndin hækkað útgjöld á þessu stigi um 763 millj., og enn mun veruleg hækkun vera óhjákvæmileg. Þessum útgjöldum er þegar ráðstafað á vissa liði og verða ekki hreyfð þaðan. Ekki liggur fyrir neitt um, hvað ríkissjóður verður að taka á sig í nýjum útgjöldum vegna beinna launahækkana á komandi ári. Ef til vill verður ekki unnt að áætla það nærri strax. Hitt er augljóst, að hér verður um hundruð milljóna að ræða, sem munu koma mjög misjafnt niður á hin einstöku ráðuneyti og ríkisstofnanir. Auk þessu eru sterk rök fyrir auknu starfsliði hjá mörgum stofnunum, sem fyrr eða síðar verður að samþykkja, t. d. hjá sjúkrahúsunum í heild. Aukinn fjöldi nemenda mun kalla fram verulega aukningu á kennaraliði. Og síðast, en ekki sízt mun vinnutímastyttingin kalla á aukið starfslið eða mikla yfirvinnu. Vegna alls þessa eru stóraukin útgjöld auðsæ.

Mjög hefur verið rætt um aukinn sparnað og aukna hagræðingu í ríkiskerfinu. Nokkuð er unnið að þessu, en hér miðar hægt. Ekki hef ég séð neitt raunhæft enn þá til úrbóta, en hér er um geysimikilvægt atriði að ræða, sem taka verður föstum tökum. Ríkissjóður er langstærsti atvinnurekandinn í landinu, og þar verður að gæta aðhalds og skipulags, svo að ekki fari stórfé í súginn. Nokkrar endurbætur hafa þó verið gerðar, sem þakka ber, svo sem í rekstri bíla á vegum ríkissjóðs. En betur má, ef duga skal.

Í nefndaráliti minni hl. fjvn., dags. 7. des. 1970, sem þeir undirrita Geir Gunnarsson, Ingvar Gíslason og Ágúst Þorvaldsson, en allir þessir menn eru nú í fjárveitinganefnd og bera ábyrgð á stjórnarstefnunni, segir í lokaorðum, að þjóðin verði að beita sér í baráttunni gegn verðbólgunni með allri orku sinni og sigra, ella er efnahag hennar stefnt í voða. Þetta er rétt. En þessi orð gilda einnig í dag, eins og fyrir síðustu kosningar. Afgreiðsla fjárlaga, sem auka ríkisútgjöld um meira en þriðjung á milli ára, mun valda hér óðaverðbólgu, eins og nú er ástatt um þenslu og spennu í verðlags- og launamálum. Óverjandi er með öllu að hafa fjárlögin með halla við slíkar kringumstæður. Svo mikið álag er nú sett á ríkissjóð, að skattpíning virðist vera í aðsigi fyrir allan almenning. Lofað hefur verið stórframlögum til vissra þátta atvinnulífsins, án þess að áður færi fram gagnger athugun á arðsemi vinnslunnar. Hjá þjóð, sem hefur úr takmörkuðu fjármagni að spila, verður að fara saman sjónarmið atvinnuþátta og arðsemi. Við verðum að minnast þess, að um 4500 sjómenn draga afla landsmanna að landi, og takmarkað er, hvað unnt er að leggja á herðar þeirra. Frumframleiðslan til lands og sjávar verður að hafa viðunandi kjör. Það mun verða þjóðinni farsælast, þegar til lengdar lætur.

Alþingi, 12. des. 1971.

Jón Árm. Héðinsson.

Sþ. 182. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga árið 1972.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1972 var vísað til fjárveitinganefndar hinn 26. okt. s. l., og hefur nefndin haldið 36 fundi, auk þess að undirnefndir hafa starfað

að athugun og tillögugerð varðandi hafnamál, skólabyggingamál, fyrirhleðslur og lífeyrisgreiðslur.

Nefndinni hafa borizt um 550 erindi og hafa fjölmörg þeirra hlotið afgreiðslu nefndarinnar, en önnur bíða frekari athugunar milli 2. og 3. umræðu.

Nefndin hefur lagt kapp á að ljúka fyrir 2. umræðu tillögugerð varðandi heildarfjárveitingar til stærstu framkvæmdaliða og skiptingu þeirra, svo sem til hafnarframkvæmda, skólamannvirkja, sjúkrahúsabygginga og fyrirhleðslna, svo og skiptingu eftirlaunagreiðslna og styrktarfjár. Þetta hefur tekizt að þessu sinni. En ástæðurnar til þess, að jafnan er erfitt að ná því marki, eru þær, hve seint erindi berast til nefndarinnar og hve lengi stendur á gögnum frá viðkomandi ráðuneytum. Má t. d. geta þess, að um 100 erindi bárust nefndinni í desembermánuði, mörg um hin veigamestu mál. Er ljóst, að eigi að fást viðunandi starfsaðstaða fyrir nefndina, verður að setja einhver tímamörk á móttöku erinda, svo að ráðuneyti og fjárveitinganefnd fái ráðrúm til að vinna að athugun þeirra og að fjárlagagerð almennt með eðlilegum hætti.

Það er skoðun meiri hluta nefndarinnar, að á undanförnum árum hafi þáttur hinna nauðsynlegustu samfélagslegra framkvæmda verið of naumur við afgreiðslu fjárlaga, svo og hafi langtum of lítið verið sinnt félagslegum málefnum hins opinbera og stuðningi við hin ýmsu félagssamtök almennings. Afgreiðsla fjárlagafrumvarpsins nú markast af því, að hér verði veruleg breyting á. Annars vegar eru stórhækkaðar fjárveitingar til verklegra framkvæmda og tryggingarmála, og á hinn bóginn bera tillögur nefndarinnar það með sér, að leitazt hefur verið við í ríkara mæli en áður hefur verið gert að koma til móts við óskir hinna fjölmörgu félagssamtaka, sem sótt hafa um fjárhagslegan stuðning við starfsemi sína.

Að nokkru leyti koma breytingar til úrbóta í þessum efnum fram í fjárlagafrumvarpinu sjálfu, en aðalbreytingin kemur nú fram.

Að samþykktum þeim breytingartillögum, sem fluttar eru á þskj. 174 og 177, hafa t. d. eftirtaldar hækkanir orðið á fjárveitingum úr ríkissjóði til helztu þátta verklegra framkvæmda frá núgildandi fjárlögum:

	Hækkun í þús. kr.	Hækkun í %
Menntaskólar	7 200	12%
Kennaraskóli	8 200	103%
Iðnskólar	12 066	90%
Sjómannaskóli	2 000	25%
Héraðsskólar	20 780	80%
Bænda- og garðyrkjuskólar	11 700	109%
Íþróttasjóður	8 000	160%
Barna- og gagnfræðaskólar	106 269	37%
Sjúkrahúsbyggingar ásamt gæzluvistarsjóði	110 363	62%
Hafnarmannvirki og lendingarbætur	62 435	63%
Hafnabótasjóður	5 000	29%
Flugvellir og flugöryggisþjónusta	44 000	142%
Rafvæðing í sveitum	18 000	56%
Framlög til fjárfestingarsjóða og fjárfestingarstyrkir	218 283	25%
Vegasjóður	53 000	113%

Hinar naumu fjárveitingar til ýmissa veigamestu þátta verklegra framkvæmda á fjárlögum undanfarin ár hafa leitt til stórfelldrar skuldaaukningar ríkissjóðs á ýmsum sviðum, þar sem sveitarfélög og félagssamtök hafa ekki fengið greiddan lögbundinn hluta ríkissjóðs í framkvæmdum.

Þessi skuldasöfnun ríkissjóðs veldur því, að erfiðara er en ella væri að nýta hinar nýju og ríflegri fjárveitingar á næsta ári að öllu leyti til þeirra nauðsynlegu framkvæmda, sem fólk um land allt bíður eftir. T. d. má nefna, að áætlað er, að um næstu áramót verði inneignir hafnasjóða hjá ríkissjóði rúml. 80 millj. kr. Þó að

unnt reynist að velta einhverju af þessum skuldum áfram, er ljóst, að of mikill hluti af þeirri 62 millj. kr. hækkun, sem nú verður á einu ári á ríkisframlagi til hafnaframkvæmda, fer til þess að greiða niður þá stórfelldu skuldasúpu, sem við er tekið.

Þá má geta þess, að ógreiddur hluti ríkissjóðs vegna íþróttamannvirkja nemur nú nálega 75 millj. kr. vegna allt of knappra fjárveitinga á undanförnum árum. Fjárveiting til íþróttasjóðs hefur nú verið hækkuð um 160%, og er það upphaf þess, að þróuninni verði loks snúið við og skuldir ríkissjóðs við sveitarfélög og íþróttasamtök vegna þessara framkvæmda taki að lækka ár frá ári, í stað þess að hlaðast upp, eins og látlaust hefur átt sér stað undanfarin ár.

Gert er enn fremur ráð fyrir að hefja á næsta ári úrbætur vegna stórfelldrar vanrækslu í flugvalla- og flugöryggismálum með hækkun fjárveitinga úr 31 millj. kr. á núgildandi fjárlögum í 75 millj. kr.

Á undanförnum árum hefur svo lítt verið sinnt óskum forráðamanna ríkisspítalanna um ráðningu starfsliðs, að mjög hefur háð starfsemi viðkomandi stofnana. Það er stefna núv. stjórnarflokka að bæta úr í þessum efnum stig af stigi. Er ætlunin, að á fjárlögum ársins 1972 verði heimiluð aukning starfsliðs í þeim mæli, að nemur um 20 millj. kr. á ársgrundvelli, þar af á Kleppsspítala um 12 millj. kr.

Af þessum kostnaði er gert ráð fyrir, að til falli um 13 millj. kr. samtals á næsta ári. Tillögur þessa efnis eru í undirbúningi og verða lagðar fram fyrir 3. umræðu. Jafnframt er í fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir 4.5 millj. kr. fjárveitingu til undirbúnings að byggingu geðdeildar við Landsspítalann.

Í fjárlagafrv. er framlag ríkissjóðs til almannatrygginga 573.7 millj. kr. hærra en í núgildandi fjárlögum, og gera má ráð fyrir, að við 3. umræðu hækki þessi upphæð enn mjög verulega vegna væntanlegs frumvarps um bótahækkanir og ákvarðana stjórnvalda um hækkanir bóta til samræmis við nýgerða kjarasamninga.

Nú fyrir 2. umræðu hafa verið afgreiddir allir helztu framkvæmdaliðir frumvarpsins með verulegum hækkunum, en allar tillögur á þskj. 174 og 177 fela í sér hækkun á gjaldahlið frv. um 763.8 millj. kr., og svo sem fyrr segir er væntanleg við 3. umræðu hækkun á framlagi til almannatrygginga. Ljóst er, að í tekjuhlið frv. er áætlun um upphæðir einstakra tekjustofna of lág, þegar tekið er tillit til hreyfinga í kaupgjaldsmálum, síðan frv. var samið, svo og breytinga á útsöluverði áfengis og tóbaks.

Meiri hluti nefndarinnar gerir þó ekki á þessu stigi tillögur um breytingu á tekjuhlið frv., en stjórnskipuð nefnd hefur undanfarna mánuði unnið að endurskoðun tekjuöflunarkerfis ríkisins, og væntanleg eru af hálfu ríkisstjórnarinnar frv. um tekjuöflunarmál, sem breytingartillögur við tekjuhlið frumvarpsins verða byggðar á við endanlega afgreiðslu.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, en flytur sameiginlega breytingartillögur á þskj. 174 og 177. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og fulltrúi Alþýðuflokksins í nefndinni vilja þó taka fram, að þeir hafi óbundnar hendur um fylgi við einstakar breytingartillögur nefndarinnar, og áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma. Þeir munu því leggja fram sérálit.

Um breytingartillögur nefndarinnar skal þetta tekið fram:

Um 1 00 Æðsta stjórn ríkisins.

Embætti forseta Íslands, fjárveiting til viðhalds fasteignar hækkar um 1.5 millj. kr.

Um 1 01 Forsætisráðuneytið.

Liðurinn Þjóðhátíð 1974 hækkar um 750 þús. kr. vegna verðlaunaveitinga o. fl. — Nýr liður, breytingar á Arnarhvoli vegna flutninga, 3 millj. kr. — Nýr liður, framlag til Byggðasjóðs 146 085 000 kr. Samkv. frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins er Byggðasjóði ætlað að taka við hlutverki Atvinnujöfnunarsjóðs, og flytjast því

tekjur þess sjóðs af álgjaldi, 46 millj. og 85 þús. kr., og 15 millj. kr. beint framlag ríkisins yfir á Byggðasjóð. Auk þess bætist við nýtt framlag úr ríkissjóði, 85 millj., til þess að beint framlag ríkisins verði samtals 100 millj. kr., eins og ráðgert er í lagafrv. — Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, liðurinn hækkar um 2.1 millj. kr. vegna framkvæmda í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar.

Um 1 02 Menntamálaráðuneytið.

Fjárveiting til kennaranámskeiða hækkar um 1500 þús. kr. vegna aukinnar þátttöku kennara. — Háskóli Íslands: Til heimspekideildar nemur hækkunin 1 millj. 130 þús. og til byggingarframkvæmda og tækjakaupa 2 millj. 767 þús. — Fjárveiting til Handritastofnunar Íslands hækkar um 5 millj. kr., aðallega vegna kaupa á bókasafni Þorsteins M. Jónssonar (að hluta). — Inn kemur nýr liður, fjárveiting að upphæð 198 þús. kr. til hlutdeildar Íslands í sérfræðikostnaði við jarðefnaleit hér á landi árið 1970 á vegum Tækniaðstoðar Sameinuðu þjóðanna. — Tækniskólinn, gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 700 þús. kr. vegna athugana í sambandi við byggingarmál skólans. — Iðnskólar, fjárveiting hækkar um 12 millj. 66 þús. Sundurliðun kemur fram á sérstöku yfirliti á þskj. 177. — Nýr liður, Fiskvinnsluskólinn 3.1 millj. Áætlun lá ekki fyrir við gerð fjárlagafrv. — Hjúkrunarskóli Íslands, hækkun á gjaldfærðum stofnkostnaði 900 þús. kr. vegna kaupa á kennslutækjum, húsbúnaði og breytinga á húsnæði. — Húsmæðraskólar, gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 2 millj. 323 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 177. — Myndlista- og handíðaskólinn, laun hækka um 125 þús. kr. vegna ráðningar húsvarðar. — Sjómannaskólahúsið, til byggingarframkvæmda hækkun um 2 millj., til þess að unnt sé að ljúka tilteknum áfanga. — Framlag til Samvinnuskólans hækkar um 700 þús. kr. — Framlag til bréfaskóla SÍS og ASÍ hækkar um 100 þús. kr. — Héraðsskólar, gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 20 millj. 780 þús. kr. Þar af er hækkun vegna Reykholts 9.5 millj. Sundurliðun kemur fram á þskj. 177. — Liðurinn barna- og unglingastigsskólar, aksturskostnaður hækkar um 23 millj., m. a. vegna vanáætlunar á núgildandi fjárlögum. — Barna- og unglingastigsskólar, viðhaldskostnaður skólafasteigna hækkar um 5.8 millj. og viðhaldskostnaður skólastofubúnaðar um 4 millj. 200 þús. — Framlag til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra hækkar um 98 millj. 960 þús. Sundurliðun kemur fram á þskj. 174. — Lánasjóður ísl. námsmanna, framlag hækkar um 86 millj. kr., og er heildarframlag miðað við áætlun stjórnar sjóðsins.

Styrkur til útgáfustarfsemi hækkar um 400 þús. kr., og er þá m. a. gert ráð fyrir, að eftirtaldir aðilar hljóti styrk sem hér segir:

Sögufélag Eyfirðinga 50 þús.
Kaldalónsútgáfan 100 þús.
Hið ísl. bókmenntafélag 375 þús.
Æskulýðssamband Íslands, vegna námskynningarhandbókar 40 þús.
Jón Gíslason, til að kanna sögu sunnlenzka hreppafyrirkomulagsins 15 þús.
Hið ísl. þjóðvinafélag 200 þús.
Ingvar Brynjólfsson, vegna ísl.-þýzkrar orðabókar 75 þús.
Sögunefnd Þingeyinga 50 þús.
Einar Ól. Sveinsson 100 þús.
Ólafur Ragnar Grímsson, til söfnunar samtímaheimilda um íslenzk stjórnmál 150 þús.
Til útgáfu sögu Eskifjarðar 50 þús.
Þjóðfræðafélag Íslendinga til skráningar á íslenzkum þjóðlögum 35 þús.

Styrkur til myndlistarskóla hækkar um 120 þús., þ. e. styrkur til myndlistarskólans í Reykjavík um 80 þús., í Vestmannaeyjum um 20 þús., í Neskaupstað um 20 þús.

Framlag til Landsbókasafns hækkar um 385 þús., þar af launaliður um 100 þús. kr. til að ljúka allsherjarskrá um íslenzk tímarit, og liðurinn önnur rekstrargjöld hækk-

ar um 285 þús. vegna útgáfu íslenzkrar bókaskrár, áfangans 1534—1844. — Þjóðminjasafn, liðurinn hækkar í heild um 1050 þús., þar af laun og önnur rekstrargjöld um 600 þús. vegna Örnefnastofnunar og gjaldfærður stofnkostnaður um 110 þús. kr. vegna kaupa og viðgerða á báti þeim, sem Hannes Hafstein notaði árið 1899 við tilraun til handtöku brezks landhelgisbrjóts á Dýrafirði. — Framlag til Listasafns Einars Jónssonar hækkar um 120 þús. kr. vegna launa forstöðumanns. — Listasafn Íslands, gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 700 þús. kr., vegna þess að niður fellur framlag frá Menningarsjóði. — Kjarvalshúsið, gert er ráð fyrir framlagi, 979 þús. kr. Menntamálaráðuneytið tók við rekstri þess 1. okt. s. l. Gert er ráð fyrir, að Listasafnið hafi not af húsinu. Enn fremur má taka fram, að lánahreyfingar út nema 315 þús. kr.

Framlag til náttúruverndarráðs hækkar samtals um 1.8 millj. kr., en tillögur frá ráðinu höfðu ekki borizt við gerð fjárlagafrv.

Í liðnum almenningsbókasöfn eru 300 þús. kr. færðar af bæjar- og héraðsbókasöfnum á liðinn til sveitarbókasafna og lestrarfélaga samkv. ósk bókafulltrúa ríkisins. Enn fremur er framlag til Rithöfundasjóðs Íslands hækkað um 205 þús. kr., og er framlagið þá í samræmi við gildandi lög.

Nýr liður, til Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, að upphæð 400 þús., vegna stofnkostnaðar, fyrsta greiðsla af þremur, en skólinn hefur fest kaup á húsinu nr. 7 við Hellusund í Reykjavík. Í öðru lagi eru veittar 250 þús. kr. til Tónlistarskóla Kópavogs til að standa straum af ýmissi sérsmíði vegna innréttingar á húsnæði, sem skólinn hefur tekið á leigu til 10 ára.

Framlag til leiklistarstarfsemi hækkar um 800 þús. kr. — Liðurinn til listasafna hækkar um 300 þús. kr., þar af til Listasafns ASÍ um 200 þús. — Starfslaun listamanna hækka um 826 þús. Upphæð þessari er úthlutað af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar. — Liðurinn listamannalaun hækkar um 1 millj. 700 þús. Á þskj. 174 er villa, sem verður leiðrétt.

Nýr liður, til Hins ísl. mannfræðifélags til mannfræðirannsókna í samvinnu við Háskóla Íslands 500 þús. kr. Auk þess er gert ráð fyrir, að Jens Pálssyni mannfræðingi verði veittar 150 þús. kr. af liðnum til náms- og fræðimanna. — Starfsstyrkur til Norræna félagsins hækkar um 100 þús. kr. — Æskulýðsráð ríkisins hækkar um 600 þús. kr., en laun æskulýðsfulltrúa ríkisins eru færð á aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins. — Framlag til Æskulýðssambands Íslands hækkar um 45 þús. kr. — Framlag til Æskulýðsnefnda Austur-Húnavatnssýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu hækkar um 25 þús. kr. til hverrar um sig. — Framlag til Sambands ísl. kennaraskólanema hækkar um 15 þús. kr.

Liðurinn minningarlundir og skrúðgarðar hækkar um 50 þús. kr. — Þrjú náttúrugripasöfn, á Akureyri, í Neskaupstað og í Vestmannaeyjum, fá 25 þús. kr. hækkun hvert. — Rekstrarstyrkur til Sædýrasafnsins í Hafnarfirði hækkar um 50 þús. kr. — Framlag til Bandalags ísl. leikfélaga hækkar um 50 þús. kr. — Styrkur til Leikfélags Reykjavíkur hækkar um 1 millj. kr., og er upphæðin einkum ætluð til að bæta kjör lausráðinna leikara. — Styrkur til Skáksambands Íslands hækkar um 80 þús. kr., en áætlað er að hefja sérstaka deildakeppni í skák á Íslandi. — Styrkur til Taflfélags Reykjavíkur og Skáksambands Íslands vegna alþjóðaskákmóta hækkar um 50 þús. kr., en næsta alþjóðaskákmót á Íslandi verður haldið í febrúar n. k.

Dagheimili, byggingarstyrkir hækka um 200 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 174. Áformað er, að sett verði sérstök lög um stuðning ríkisins við rekstur og byggingu dagheimila. — Styrkur til Kvenfélagasambands Íslands hefur verið á tveimur liðum, en er nú sameinaður og hækkar um 200 þús. kr. — Styrkur til Kvenréttindafélags Íslands er hækkaður um 75 þús. kr. — Framlag til sumardvalarheimila, dagheimila o. fl. hækkar um 600 þús. kr. — Framlag til félagssamtakanna American Field Service hækkar um 25 þús. kr. 75 þús. kr. hækkun á þessum lið, sem tilgreind er á þskj. 174, er villa, sem verður leiðrétt. — Styrkur til hagsmunasamtaka einstæðra foreldra hækkar um 50 þús. kr. Samtökin njóta jafnframt styrks frá Reykjavíkurborg.

Nýir liðir: Til Fóstrufélags Íslands vegna norræns fóstrumóts, sem halda á í Reykjavík á n. k. sumri, 150 þús. kr. — Til minnisvarða Ara fróða 35 þús. kr. — Til minnisvarða um Guðmund góða 35 þús. — Til minnisvarða Jón Eiríkssonar konferenzráðs 35 þús. Síðasttaldir þrír liðir eru óbreyttir frá núgildandi fjárlögum. — Veittar eru 75 þús. kr. til heimildarkvikmyndar um atvinnuþróun á Suðurlandi. — Veittar eru 250 þús. kr. til töku heimildarkvikmyndar um sjómennsku á vegum sjávarútvegsráðuneytisins og e. t. v. fleiri aðila. — Veittar eru 60 þús. kr. til Haralds Ágústssonar til kaupa á sérstökum skurðarhníf til viðargreininga, en þess má geta, að Haraldur hefur ánafnað Háskóla Íslands safn sitt af viðarsýnishornum. — Veittar eru 100 þús. kr. til starfsemi sumarskóla í Edinborg, þar sem fjallað verður um íslenzk fræði, en fé þessu verður einkum varið til að fá fyrirlesara frá Íslandi til skólans. — Þá er tekið upp að nýju framlag til íslenzks dýrasafns, 100 þús. kr., með sömu skilyrðum og áður, að sett verði stofnskrá um safnið, staðfest af menntamálaráðuneytinu. — Kór Öldutúnsskóla í Hafnarfirði eru veittar 100 þús. kr. til að taka þátt í söngmóti, sem halda á í Túnis í júlí 1972, en alþjóðleg félagssamtök tónlistaruppalenda innan UNESCO hafa boðið kórnum að koma fram á mótinu. — Rithöfundasambandi Íslands eru veittar 75 þús. kr. vegna móts barna- og unglingabókahöfunda, sem haldið verður í Reykjavík á n. k. sumri.

1 03 Utanríkisráðuneytið.

Á fjárlagafrv. hefur verið felldur niður útgáfustyrkur til Iceland Review að upphæð 80 þús. kr. Gerð er till. um, að liðurinn til kaupa á Iceland Review verði hækkaður um 76 þús. kr. og nemi þá upphæðin 450 þús. kr. — Nýr liður, aðstoð við þróunarlönd 1.5 millj., verður fénu varið til greiðslu kostnaðar við þátttöku Íslands í norrænu samstarfi um aðstoð við þróunarlöndin. — Veitt er framlag til greiðslu árgjalds Íslands til Bernarsambandsins, 125 þús. kr. — Veittar eru 70 þús. kr. vegna umsóknar Íslands um aðild að INTERPOL. — Nýr liður, tillag Íslands til IDA, 16.4 millj. kr. Hér er um að ræða tillag Íslands til alþjóðaþróunarstofnunarinnar, en tillagið greiðist á þremur árum, nú í annað sinn.

1 04 Landbúnaðarráðuneytið.

Sú till. er gerð um breyt. á framlögum til Landgræðslunnar og uppstillingu liða, að framlag af fé Landgræðslunnar, sem veitt hefur verið til landgræðslustarfsemi á vegum Landverndar og nam á yfirstandandi ári 2.8 millj., er hækkað í 3 millj. og sérgreint á liðnum. Auk þess er fjárveiting vegna gjaldfærðs stofnkostnaðar Landgræðslunnar sjálfrar hækkuð um 600 þús. kr. — Liðurinn Vélasjóður lækkar um 500 þús. kr. og verður þá 560 þús. — Liðurinn fyrirhleðslur hækkar um 4 millj. 890 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 177. — Liðurinn landþurrkun hækkar um 100 þús. kr. og verður alls 500 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 174. — Liðurinn uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hækkar um 48 millj. og nemur þá alls 323 millj. Er þessi hækkun samkv. nýjustu áætlun. — Nýr liður, Veðdeild Búnaðarbankans 3 millj. kr., en deildin er mjög fjárvana. — Inn er tekinn nýr liður, til súgþurrkunar, að upphæð 2.5 millj. kr. — Framlag til Landssambands ísl. hestamannafélaga hækkar um 75 þús. og verður þá alls 125 þús. kr. — Sérstakt framlag til sama aðila til leiðbeininga um hestamennsku hækkar um 25 þús. kr. og verður þá alls 125 þús. kr. — Framlag til Efnarannsóknastofu Norðurlands hækkar um 100 þús. kr. og verður þá alls 500 þús. kr. — Framlag til rannsóknastöðvarinnar Kötlu hækkar um 75 þús. kr. — Nýr liður, 50 þús. kr. til norræns dýralæknamóts, sem halda á í Reykjavík í ágúst 1974. — Liðurinn Garðyrkjuskólinn á Reykjum, gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 500 þús. kr. — Nýr liður, bændaskóli á Suðurlandi, gjaldfærður stofnkostnaður 700 þús. kr. vegna undirbúningsathugana í sambandi við stofnun skólans.

1 05 Sjávarútvegsráðuneytið.

Hafrannsóknastofnunin: Gert er ráð fyrir ráðningu eins sérfræðings og þriggja aðstoðarmanna, og hækkar því framlag til sjórannsóknadeildarinnar um 1500 þús.

kr. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að Hafþór verði rekinn allt næsta ár, en framlag til leiguskipa lækki sem nemur 1500 þús. kr. Heildarhækkunin verður því 12 millj. til stofnunarinnar. — Nýr liður, Rannsóknarstofa í Vestmannaeyjum, að upphæð 1 millj. kr., til að greiða kostnað við rannsóknarstofu fyrir fiskiðnaðinn í Vestmannaeyjum. — Liðurinn bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins hækkar um 1500 þús. kr. vegna kaupa á kvikasilfurstæki til mengunarrannsókna. Tækið verður notað sameiginlega af Hafrannsóknastofnuninni og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, auk þess sem það verður leigt út til annarra rannsókna, t. d. megunarrannsókna við Mývatn.

1 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Liðurinn embætti sýslumanna og bæjarfógeta, gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 1460 þús. vegna byggingar embættisbústaða og skrifstofuhúsnæðis sýslumanna og bæjarfógeta. — Liðurinn sýslumaðurinn í Borgarnesi, launaliður hækkar um 362 þús. kr., vegna launa til eins starfsmanns við embættið 262 þús., og önnur hækkun er 100 þús. kr. — Liðurinn Hegningarhúsið í Reykjavík, viðhaldskostnaður hækkar um 500 þús. kr. — Liðurinn Vinnuhælið á Litla-Hrauni, viðhaldskostnaður hækkar um 170 þús. kr. — Liðurinn til aukinnar landhelgisgæzlu eftir 1. sept. 1972 hækkar um 5 millj. kr. og verður þá alls 20 millj. kr. — Liðurinn sérstök löggæzla hækkar um 700 þús. kr. til að standa straum af löggæzlu vegna fíkniefna. — Liðurinn bygging fangahúsa hækkar um 400 þús. kr. vegna byggingar fangageymslu á Akranesi. — Liðurinn þjóðkirkjan, æskulýðsstarf hækkar um 100 þús. kr. — Nýir liðir: Til Kirkjuvogskirkju 150 þús. kr., styrkur til viðgerðar og varðveizlu kirkjunnar. — Til Búrfellskirkju í Grímsnesi 50 þús. kr. vegna endurbóta á kirkjunni, sem fram fóru á árunum 1967—1970. — Til minningarkapellu um séra Jón Steingrímsson 250 þús. kr. — Til Auðkúlukirkju 75 þús. kr. vegna endurbyggingar.

1 07 Félagsmálaráðuneytið.

Liðurinn vatnsveitur samkv. lögum hækkar um 7.5 millj., og er þá gert ráð fyrir því, að af heildarfjárhæðinni renni 7.5 millj. kr. til Vestmannaeyja og 700 þús. til Vestur-Landeyja. — Nýr liður, vatnsveitur aðrar, nemur 160 þús. kr.

Framlag til Atvinnujöfnunarsjóðs er fellt niður í samræmi við skýringar um framlag til Byggðasjóðs.

Liðurinn til Alþýðusambands Íslands hækkar um 1 600 þús. kr., og er framlagið ætlað til menningar- og fræðslustarfsemi. — Nýr liður: Til Alþýðusambands Íslands til orlofsstarfsemi 1 900 þús. kr., en Alþýðusambandið hefur í hyggju að gera sérstakar ráðstafanir í sambandi við skipulagningu vetrarorlofs og til að auðvelda verkafólki með öðrum hætti að taka orlof. — Styrkur til Iðnnemasambands Íslands hækkar um 105 þús. kr., og er annars vegar um að ræða greiðslu lögfræðilegrar aðstoðar til eftirlits vegna meintra brota á iðnnámssamningum, 35 þús. kr., og hins vegar aukinn rekstrarstyrk.

Félagið Heyrnarhjálp, styrkurinn hækkar um 190 þús., en félagið kostar m. a. ferðir sérþjálfaðs manns ásamt aðstoðarstúlku um byggðir landsins til heyrnarmælinga, leiðbeiningarstarfs um val og notkun heyrnartækja og annarra hjálpartækja fyrir heyrnardaufa. — Nýr liður: Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra er veittur 50 þús. kr. styrkur til að kosta sérnám fóstru erlendis í stjórnun og kennslu við fyrirhugaðan forskóla og leikskóla fyrir fötluð börn. — Styrkur til Neytendasamtakanna hækkar um 125 þús. kr. — Framlag til Orlofssjóðs húsmæðra hækkar um 400 þús. kr. — Framlag til Foreldra- og styrktarfélags heyrnardaufra vegna útgáfu sérstakrar orðabókar hækkar um 50 þús. kr. — Nýir liðir: Orlofsheimili húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Keflavík 200 þús. kr., jafnhátt framlag og á núgildandi fjárlögum. — Byggingarstyrkur til Geðverndarfélags Íslands 2 000 þús. kr., jafnhár og á núgildandi fjárlögum. — Byggingarstyrkur til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra er 500 þús. kr. hærri en á núgildandi fjárlögum. — Byggingarstyrkur til Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra er jafnhár og á núgildandi fjárlögum.

1 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Framlag til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknabústaða hækkar um 61 millj. 578 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 174. — Liðurinn til að bæta héraðslæknisþjónustu hækkar um 1 millj. kr. vegna kaupa á bifreiðum, sem notaðar verða í læknislausum héruðum, þar sem fengnir eru læknar til að gegna störfum um stundarsakir. — Framlag til sjúkraflugs hækkar um 200 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir því, að flugfélagið Ernir h. f. fái 100 þús. kr. hækkun og Flugleiðir fái styrk að upphæð 100 þús. kr. — Nýr liður: Námskeið heilbrigðisstétta 1 millj. 500 þús. kr. Námskeið þetta er fólgið í því að þjálfa ljósmæður til almennra hjúkrunarstarfa vegna skorts á hjúkrunarfólki.

Framlag til elliheimila hækkar um 600 þús., sem er aukinn rekstrarstyrkur. — Nýr liður: Til heilsuhælis á Norðurlandi 100 þús. kr. Upphæðin er veitt til athugana í sambandi við hugmyndir um byggingu heilsuhælis á vegum náttúrulækningafélaga á Norðurlandi. — Veittar eru 100 þús. kr. til þings norrænna tannlækna, sem halda á hér á landi í júní 1972. — Framlag til félagssamtakanna Verndar hækkar um 100 þús. kr. Samtökin njóta enn fremur styrks frá Reykjavíkurborg og framlaga frá styrktarfélögum. — Framlag til áfengisvarna hækkar um 300 þús. kr., áætlun lá ekki fyrir við gerð fjárlagafrumvarps. — Framlag til Stórstúku Íslands hækkar um 270 þús. kr.

1 09 Fjármálaráðuneytið.

Liðurinn embætti ríkisskattstjóra, laun hækka um 1958 þús. kr., en hækkun þessi stafar af fjölgun starfsmanna rannsóknardeildar.

Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn, liðurinn lækkar um 275 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 174. — Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur, liðurinn lækkar um 429 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 174.

Ýmis lán ríkissjóðs, lánahreyfingar út. Liðurinn hækkar um 10 millj. og 900 þús. vegna kaupa á jarðhitaréttindum í Námaskarði við Mývatn. — Nýr liður: Lífeyrissjóður bænda 10 millj. kr., sem er greiðsla á iðgjaldi neytenda.

1 10 Samgönguráðuneytið.

Vegagerð, gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 53 millj. kr., og er þar um að ræða hækkun á framlagi ríkisins til vegagerðar. — Vegagerð, til einstaklinga, heimila og samtaka, liðurinn hækkar um 400 þús. kr., og er þar um að ræða hækkun á framlagi til að halda uppi gistingu og byggð og þá fyrst og fremst til Bjarkarlundar og Flókalundar.

Hafnarmannvirki og lendingarbætur, liðurinn hækkar um 62 millj. og 435 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 174. — Ferjubryggjur, liðurinn hækkar um 69 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 174. — Framlag til Hafnabótasjóðs hækkar um 5 millj. kr. — Sjóvarnargarðar, liðurinn hækkar um 2 millj. og 300 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 174.

Framlag til flugmálastjórnar hækkar um 35 millj. og 300 þús., þar af er aukinn rekstur 10.3 millj., en 25 millj. kr. renna til flugvallagerða og flugöryggismála.

1 11 Iðnaðarráðuneytið.

Framlag til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins hækkar um 1 millj. kr. Rekstrarstyrkur til Landssambands iðnaðarmanna hækkar um 100 þús. kr. — Nýr liður: 10 millj. kr. til jarðvarmaveitna ríkisins vegna halla á raforkuvinnslu í Námaskarði.

Alþingi, 12. des. 1971.

Geir Gunnarsson, form., frsm.
Ingvar Gíslason, fundaskr.
Karvel Pálmason.
Ágúst Þorvaldsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.

Sþ. 183. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1972 og við brtt. á þskj. 174 og 177.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni, Pétri Péturssyni og Stefáni Gunnlaugssyni.

		Þús. kr.
1.	Við brtt. 177,4. (Við 4. gr. 1 02 518 Fiskvinnsluskólinn 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður). Fyrir „100“ kemur	5 000
2.	Við 4. gr. 1 02 761. Nýr liður: 10 Til sálfræðiþjónustu í barna- og gagnfræðaskólum	2 000
3.	Við 4. gr. 1 02 981 02 Til bæjar- og héraðsbókasafna. Fyrir „5 300“ kemur	7 500
4.	Við 4. gr. 1 02 981 03 Til sveitarbókasafna og lestrarfélaga. Fyrir „1 000“ kemur	2 000
5.	Við 4. gr. 1 02 981 04 Til bókasafna í heimavistarskólum og opinberum stofnunum. Fyrir „300“ kemur	600
6.	Við 4. gr. 1 02 982 17 Heiðurslaun listamanna samkv. ákvörðun Alþingis. Fyrir „1 925“ kemur	2 500
7.	Við 4. gr. 1 02 982 18 Starfslaun listamanna. Fyrir „674“ kemur	2 000
8.	Við 4. gr. 1 02 982. Nýr liður: 20 Til Leikfélags Reykjavíkur sem framlag í byggingarsjóð	2 000
9.	Við 4. gr. 1 02 983 03 Vísinda- og fræðimenn. Fyrir „580“ kemur	1 000
10.	Við 4. gr. 1 02 986. Nýr liður: 07 Sérstakur stuðningur við íþróttastarfsemina í landinu, sem sé varið í samráði við ÍSÍ og UMFÍ	5 000
11.	Við 4. gr. 1 05 202. Nýir liðir:	
	a. 12 Humar- og rækjuleit	3 000
	b. 13 Fiskileit og veiðarfæratilraunir	3 000
	c. 14 Til rannsókna á skelfisk- og krabbadýramiðum	5 000
12.	Við 4. gr. 1 11 299. Nýr liður: 10 Til námskeiða og verkþjálfunar iðnverkafólks	1 000

Sþ. 184. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1972 og við brtt. á þskj. 174 og 177.

		Þús. kr.
I.	Frá *Guðlaugi Gíslasyni.*	
	Við brtt. 174,13. (Við 4. gr. 1 02 762, 2.37). Nýr liður: Vestmannaeyjar, sundlaug	3 000
II.	Frá *fjárveitinganefnd.*	
	Við brtt. 174,26. (Við 4. gr. 1 02 982 19 Listamannalaun). Fyrir „5 800“ kemur (leiðrétting)	7 330
III.	Frá *Guðlaugi Gíslasyni.*	
	Við 4. gr. 1 02 999 06 Náttúrugripasafn Vestmannaeyja. Fyrir „75“ kemur	300

IV. Frá *Svövu Jakobsdóttur.*
Við brtt. 174,43. (Við 4. gr. 1 02 999 39 Sumardvalarheimili, dagheimili o. fl.).
Fyrir „1 500“ kemur 2 500

V. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við brtt. 177,13. (Við 4. gr. 1 02 999 47 Til félagsstarfsemi American Field Service).
Fyrir „125“ kemur (leiðrétting) 75

VI. Frá *Guðlaugi Gíslasyni.*
Við 4. gr. 1 02 999. Nýr liður:
67 Til Styrktarsjóðs nemenda við Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum 200

VII. Frá *Pétri Péturssyni.*
Við 4. gr. 1 11 299 08 Til útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.
Fyrir „3 000“ kemur 6 000

VIII. Frá *Guðlaugi Gíslasyni.*
Við 6. gr. XXVII. Nýr liður:
Að ábyrgjast andvirði allt að 1.3 millj. Bandaríkjadollara vegna kaupa á svifskipi til flutninga milli Vestmannaeyja og meginlandsins.

IX. Frá *Svövu Jakobsdóttur.*
Við 6. gr. XXVII. Nýr liður:
Að innheimta ekki aðflutningsgjöld af tækjum í sambandi við notkun lyfja fyrir sykursjúka eða nauðsynlegum fæðutegundum fyrir slíka sjúklinga, samkvæmt nánari ákvæðum fjármálaráðuneytisins.

Ed. 185. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á lögum nr. 54 27. apríl 1967 um Jarðeignasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Aftan við 4. tölul. 1. gr. bætist 5. töluliður, svo hljóðandi:
Jörð, sem eigandi hefur ekki tök á að sitja lengur vegna áhvílandi skulda, enda sé tryggt, að jörðin byggist samkvæmt lögum nr. 102 21. desember 1962, um ættaróðul og erfðaábúð.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:
Við ákvörðun kaupverðs skv. 1. gr. skal af hálfu kaupanda höfð hliðsjón af gangverði hliðstæðra jarða, sé þess kostur, og fjármunum þeim, sem eigandi hefur lagt í jörðina.

Náist ekki samkomulag um kaupverð, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats á jörðinni, skv. ákvæðum 8. gr.

3. gr.

Við 6. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ábúendur jarða, sem selt hafa Jarðeignasjóði jarðir sínar, skv. 5. tölulið 1. gr., skulu jafnan eiga þess kost að kaupa þær aftur fyrir það verð, er um semst.

Náist ekki samkomulag um verð milli Jarðeignasjóðs og kaupanda, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats nefndar þeirrar, sem starfar samkvæmt 8. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að undanförnu hefur á vegum landbúnaðarráðuneytisins verið unnið að athugun á því, hvaða ráðstafanir komi til greina til aðstoðar þeim bændum, sem verst eru staddir fjárhagslega.

Verkið er unnið í framhaldi af störfum nefndar, sem skipuð var 19. marz 1971 og lauk störfum í septembermánuði s. l.

Við þessar athuganir hefur það orðið niðurstaðan, að hagur nokkurra bænda er þannig kominn, að fyrirgreiðsla í formi lána eða þeirra óafturkræfu framlaga, sem kostur verður gefinn á, leysir ekki fjárhagserfiðleika þeirra.

Samt er talin ástæða til að leita lausnar á vanda þessara bænda, þeirra sjálfra vegna, vegna fólks þeirra og byggðarlaganna, sem þeir sitja í.

Helzt virðist til ráða að gefa bændum þeim, sem hlut eiga að máli, kost á, að ríkissjóður kaupi jarðir þeirra, enda sitji þeir þær áfram, en tryggja þeim jafnframt rétt til að kaupa jarðir sínar aftur, ef fjárhagur þeirra batnar. Fordæmi er fyrir, að Alþingi hafi veitt hliðstæða heimild áður með lögum nr. 92 23. júní 1936.

Tekið skal fram, að lögin um Jarðeignasjóð, auk laga um ábúð jarða og fleiri laga, er varða landbúnað og búsetu í dreifbýli, eru nú í endurskoðun.

Hugmynd þeirrar nefndar, sem að því verki vinnur, er, í samráði við landbúnaðarráðherra, að gera tillögur um, að heimild ríkissjóðs til jarðakaupa verði rýmkuð, en þess er ekki að vænta, að tillögur í frumvarpsformi þar að lútandi verði tilbúnar fyrr en á árinu 1972.

Vandamál þeirra bænda, sem verst eru staddir, þola ekki að bíða eftir endanlegri afgreiðslu á þeim tillögum.

Þess vegna er lagafrumvarp þetta flutt sem breyting við lög nr. 54 27. apríl 1967, um Jarðeignasjóð ríkisins, þannig að ríkissjóði verði nú þegar veitt rýmkuð heimild til jarðakaupa.

Athugasemdir við einstakar greinar.

1. og 3. gr. þurfa ekki frekari skýringa við umfram það, sem að framan segir.

Um 2. gr.

Skv. 4. gr. laganna, eins og þau nú eru, er skylt að láta meta hverja jörð, sem Jarðeignasjóður kaupir.

Rétt þykir að heimila, að kaupum megi ljúka, án þess að jarðirnar séu metnar skv. núgildandi fyrirmælum. Getur slíkt orðið til flýtisauka við afgreiðslu á kaupum og sparnaðar.

Ed. 186. Frumvarp til laga [133. mál]

um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Tekjustofnar sveitarfélaga eru þessir:

a. Fasteignaskattur.
b. Framlög úr Jöfnunarsjóði.
c. Útsvör.

Fer um tekjustofna þessa samkvæmt því, er lög þessi ákveða.

2. gr.

Auk tekna samkvæmt 1. gr. hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum, sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum o. fl., enn fremur ýmsar aðrar tekjur, svo sem leyfisgjöld o. fl., allt eftir því, sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

II. KAFLI
Um fasteignaskatt.

3. gr.

Á allar fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati, sbr. þó 5. gr., skal árlega leggja skatt til sveitarfélags, þar sem fasteign er.

Skattur þessi skal miðaður við fasteignamat og vera svo sem hér segir:

a. ½% af fasteignamati íbúða og íbúðarhúsa ásamt lóðarréttindum, erfðafestulanda og jarðeigna, sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, útihúsa og mannvirkja á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði.
b. 1% af öllum öðrum fasteignum, sem metnar eru í fasteignamati.

Heimilt er sveitarstjórn að innheimta álag á fasteignaskatt samkvæmt öðrum hvorum eða báðum stafliðum 2. málsgreinar þessarar greinar. Álag má ekki hærra vera en 50% og þarf ekki að vera jafnhátt samkvæmt báðum stafliðum.

4. gr.

Sveitarstjórn annast álagningu og innheimtu skattsins, sem reiknast af heilum þúsundum matsverðs, og skal sleppa því, sem umfram er.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn, og sker þá yfirfasteignamatsnefnd ríkisins úr. Úrskurði nefndarinnar má skjóta til dómstólanna.

Gjalddagi skattsins er 15. janúar, en heimilt er sveitarstjórn að ákveða, að skatturinn greiðist að hálfu þá og að hálfu síðar á árinu.

5. gr.

Undanþegin fasteignaskatti eru sjúkrahús, kirkjur, skólar, íþróttahús, endurhæfingarstöðvar, barnaheimili, félagsheimili og samkomuhús, sem ekki eru rekin í

ágóðaskyni, öryrkja- og elliheimili og heilsuhæli, þó ekki húsnæði slíkra stofnana, sem notað er til atvinnurekstrar, bókasöfn og önnur safnhús, svo og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir um lóðir slíkra húsa.

Nú eru hús þau, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, jafnframt notuð til annars en að framan greinir, svo sem til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og greiðist skatturinn þá hlutfallslega miðað við slík afnot.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt, sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða, enda hafi þeir sent sveitarstjórn skriflega beiðni um slíka ívilnun ásamt afriti af síðasta skattframtali sínu. Sama gildir um slíka lífeyrisþega, sem ekki hafa verulegar tekjur umfram elli- og örorkulífeyri.

6. gr.

Nú er afnotum fasteignar, sem metin er sem ein heild, þann veg háttað, að greiða ber fasteignaskatt af henni samkvæmt báðum gjaldflokkum 2. mgr. 3. gr., og skulu þá þeir, sem annast mat nýbygginga og endurbóta fasteigna, ákveða hlutfallslega skiptingu matsverðs slíkra eigna eftir afnotum.

7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

III. KAFLI
Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

8. gr.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs er:

a. Að greiða framlag til sveitarfélaganna samkvæmt ákvæðum þessa kafla.
b. Að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga.
c. Að leggja út greiðslur þær milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkvæmt framfærslulögum, þar til þær hafa verið endurgreiddar af því sveitarfélagi, sem þær voru inntar af hendi fyrir.
d. Að greiða aukaframlag, sbr. 15. gr.
e. Að greiða fólksfækkunarframlag, sbr. 16. gr.
f. Að greiða allt að 2% af tekjum sjóðsins til Sambands íslenzkra sveitarfélaga og samtaka sveitarfélaga í einstökum landshlutum, samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.
g. Að greiða árlega 15 milljónir króna til Lánasjóðs sveitarfélaga, sbr. lög nr. 35/1966.
h. Að greiða útgjöld samkvæmt lögum nr. 54 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

9. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

a. Framlag úr ríkissjóði, sem nemur 8% af söluskatti þeim, sem innheimtur er í ríkissjóð skv. lögum nr. 10/1960, um söluskatt, svo og 5% af verðtollstekjum ríkissjóðs, samkvæmt lögum nr. 1/1970, um tollskrá o. fl.
   Framlagið greiðist Jöfnunarsjóði ársfjórðungslega eftir á.
b. Landsútsvör samkvæmt 10.—12. gr. laga þessara.

10. gr.

Landsútsvör greiða:

a. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og Sölunefnd varnarliðseigna.
b. Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðja ríkisins.
c. Síldarverksmiðjur ríkisins, Landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
d. Olíufélög, sem flytja inn olíur, olíuvörur og annast sölu þeirra og dreifingu innanlands.

11. gr.

Fjárhæð landsútsvara skal vera sem hér segir:

a. 5% af hagnaði ríkisfyrirtækja, samkvæmt 10. gr. a.
b. 2% af heildarsölu stofnana þeirra, sem um getur í 10. gr. b.
c. 10% af tekjum stofnana þeirra, sem um ræðir í 10. gr. c, sbr. 23. gr. laga þessara.
d. 1⅓% af heildarsölu olíufélaga, sbr. 10. gr. d.

12. gr.

Skattstjórinn í Reykjavík annast álagningu landsútsvara samkv. 10.—11. gr.

Félagsmálaráðuneytið innheimtir landsútsvörin, samkv. gjaldskrá, sem skattstjórinn í Reykjavík lætur ráðuneytinu í té.

13. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs, sbr. 9. gr., að frádregnum útgjöldum samkvæmt stafliðum b og d—h í 8. gr., koma til úthlutunar til sveitarfélaganna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess. Öðru úthlutunarfé skal skipt á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. desember árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum og útsvörum gjaldársins, sbr. þó 8. gr. d.

14. gr.

Framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna samkvæmt 13. gr. skal greitt þrisvar sinnum á ári, fyrir 30. apríl, 30. september og 31. desember.

Nú kemst sveitarfélag eftir setningu laga þessara í vanskil með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða, og er ráðuneytinu þá heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi af framlagi til sveitarfélagsins, eftir því sem til vinnst.

15. gr.

Aukaframlag skal greiða til þeirra sveitarfélaga, sem að dómi félagsmálaráðuneytisins skortir tekjur til greiðslu lögboðinna gjalda eða óhjákvæmilegra útgjalda, enda hafi þau lagt á fullt útsvar samkv. 25. gr. Heimilt er ráðuneytinu að krefjast þess, að þau sveitarfélög, sem slíkrar aðstoðar njóta, innheimti fasteignaskatt með álagi samkv. 3. mgr. 3. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal hlutast til um ýtarlega athugun á fjárreiðum og álagningarreglum sveitarfélags, sem þarfnast aukaframlags.

Slíkt aukaframlag skal eigi veita fyrr en að lokinni athugun og eftir að teknar hafa verið til greina þær aðfinnslur, sem athugunin hefur gefið tilefni til.

Um greiðslu aukaframlags gildir ákvæði 2. mgr. 14. gr.

Til þess að mæta útgjöldum samkvæmt grein þessari eru vaxtatekjur sjóðsins og fé það, sem ekki kemur til úthlutunar vegna ákvæðisins um 60% hámarkið, sbr. 2. mgr. 13. gr. Auk þess skal draga frá úthlutunarfé, sbr. 1. mgr. 13. gr., 5% af tekjum Jöfnunarsjóðs í þessu skyni.

16. gr.

Nú hefur fólksfækkun orðið í sveitarfélagi næstliðið ár, og skal þá viðkomandi sveitarfélag fá sérstakt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði, sbr. e-lið 8. gr., enda sendi sveitarstjórn sjóðnum kröfu um það fyrir 15. júlí ár hvert. Framlagið skal vera meðalútsvar á íbúa í landinu í heild næstliðið ár margfaldað með íbúafækkunartölunni.

17. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs. Skal sjóðurinn vera í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, sem annast bókhald hans, úthlutun framlaga, greiðslur samkv. 8. gr., svo og afgreiðslur á vegum sjóðsins.

18. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

19. gr.

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs, sem endurskoðaður skal af ríkisendurskoðuninni.

Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

20. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, þar á meðal um álagningu, áfrýjun úrskurða, gjalddaga og innheimtu landsútsvara, samkv. 9.—12. gr.

IV. KAFLI

Um útsvör.

21. gr.

Hver maður skal greiða útsvar til þess sveitarfélags, sem hann átti lögheimili í næstliðinn 1. desember samkvæmt þjóðskrá, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

22. gr.

Útsvarsskyldir eru þeir, sem um ræðir í 1.—4. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. og lög nr. 22 9. marz 1956, um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga, gjaldenda, sem eru á förum úr landi o. fl.

23. gr.

Útsvar skal leggja á tekjur þær, sem taldar eru í 7. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. þó 10. gr. þeirra laga.

Frá tekjum þessum skal draga gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. A-lið, B-lið 1. mgr. og C-lið, sbr. 15. gr. laga nr. 68/1971, hjá þeim, sem atvinnu reka eða sjálfstæða starfsemi í eigin nafni, þó ekki útleigu íbúðarhúsnæðis. Frádráttur samkvæmt þessum staflið skal þó aldrei hærri vera hjá gjaldanda en tekjur hans af atvinnurekstri og starfsemi.

Hafi gjaldandi tekjur af eignum, án þess að talið verði, að um atvinnurekstur sé að ræða, þar með talin útleiga íbúðarhúsnæðis, skal draga frá tekjum af þeim bein útgjöld þeirra vegna, þó ekki vaxtagjöld. Frá tekjum af íbúðarhúsnæði, sem gjaldandi notar sjálfur eða lætur öðrum í té án eðlilegs endurgjalds, skal engan frádrátt leyfa.

Nú vinnur einstaklingur eða hjón, annað hvort eða bæði, eða ófjárráða börn þessara aðila, við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, og skal þá skattstofn sem brúttótekjur þar af aldrei ákveðinn lægri í heild en ætla má, að laun þessara aðila, miðað við vinnuframlag þeirra, hefðu orðið, ef þeir hefðu unnið starfið í þágu annars aðila.

Heimilt er sveitarstjórn að undanþiggja bætur samkvæmt II. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, útsvarsálagningu að nokkru eða öllu leyti.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

24. gr.

Skattstjórar annast álagningu útsvara.

Ákvæði V.—VIII. kafla laga nr. 68/1971 gilda, eftir því sem við á, um útsvör, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

25. gr.

Útsvar skal vera 10% af tekjum næstliðins almanaksárs, sbr. 23. gr.

Álagningarprósenta útsvara þeirra gjaldenda, sem hafa lægri útsvarsskyldar tekjur en 450 000 krónur, skal lækka um 0.2 fyrir hvern heilan tug þúsunda, sem þær eru lægri en 450 000 krónur, en skal þó aldrei lægri vera en 5%.

Útsvar gjaldanda, sem hefur á framfæri sínu fleiri börn en þrjú innan 16 ára aldurs, skal lækka um 2 000 krónur fyrir hvert barn umfram þrjú.

26. gr.

Nú kemur í ljós, að útsvör samkvæmt 25. gr. reynast hærri en fjárhagsáætlunin segir til um, og skal þá lækka hvert útsvar að réttri tiltölu, unz hinni áætluðu upphæð, að viðbættum 5—10%, er náð.

Fella skal niður útsvör, sem eru kr. 2 500.00 og lægri.

Útsvar skal á lagt í heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en 100 krónum skal sleppt.

27. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka útsvar gjaldanda:

a. sem hefur á framfæri sínu fleiri börn en þrjú innan 16 ára aldurs, um allt að 2000 krónum fyrir hvert barn umfram þrjú, ef útsvar hans er lægra en 30 000 krónur;
b. sem stundar nám í skóla sex mánuði eða lengur á ári;
c. sem eldri er en 67 ára;
d. af ástæðum, sem upp eru taldar í 1.—4. tölulið 52. gr. laga nr. 68/1971.

28. gr.

Skattstjóri skal hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórn við rannsókn og úrskurðun framtala til útsvarsálagningar. Sama gildir um áætlun tekna þeirra, sem ekki hafa skilað framtali innan lögboðins frests.

Sveitarstjórn ákveður, hvernig beita skuli ákvæðum 5. mgr. 23. gr. og 27. gr. um lækkun útsvara, og tilkynnir skattstjóra þar um fyrir 15. febrúar.

Skattstjóri eða umboðsmaður hans skal veita sveitarstjórnum aðgang að skattframtölum.

Sveitarstjórn getur falið einum eða fleiri mönnum að annast störf þau, sem um ræðir í grein þessari.

Þeim, sem annast störf þessi, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi gjaldþegna.

Skattstjóri semur skrá um útsvör í hverju sveitarfélagi í skattumdæmi sínu, þegar hann hefur lokið álagningu útsvaranna. Skrá þessa skal hann síðan senda hlut-

aðeigandi sveitarstjórn eigi síðar en 20. júní ár hvert. Sveitarstjórn annast innheimtu útsvara.

29. gr.

Gjalddagar útsvara skulu vera tveir. Annan helming útsvara skal greiða fyrir 15. júlí, en hinn helminginn fyrir 15. október.

Sveitarstjórn getur þó ákveðið aðra gjalddaga á útsvörum eftir þessum reglum:

a. Með fimm jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, má innheimta til greiðslu upp í útsvar yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, jafnháa allt að helmingi þess útsvars, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Sveitarstjórn setur nánari reglur um þessar greiðslur fyrir 15. janúar ár hvert og auglýsi þær á þann hátt, er venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað. — Nú hafa tekjur gjaldanda á útsvarsárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægra útsvar verði lagt á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á útsvarsgreiðslum samkvæmt þessum staflið. Sveitarstjórn eða nefnd, sbr. 4. mgr. 28. gr., ákveður lækkunina. Nú verður ljóst, þegar álagningu útsvara lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagt útsvar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem féð var í vörzlu sveitarsjóðs.

b. Álagt útsvar að frádregnu því, sem greiða ber samkvæmt a-lið, ber gjaldanda að greiða með allt að fimm jöfnum greiðslum á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. desember eftir ákvörðun sveitarstjórnar, 1. ágúst, 1. sept., 1. okt., 1. nóv. og 1. des.

c. Allar greiðslur samkvæmt þessari grein skulu inntar af höndum í heilum tug króna, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

d. Vangreiðsla á útsvarshluta samkvæmt þessari grein veldur því, að allt útsvar gjaldandans á gjaldárinu fellur í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar, eftir að álagningu er lokið.

30. gr.

a. Kaupgreiðendur ábyrgjast, að útsvarsgjaldendur, sem þeir greiða kaup, standi skil á útsvari sínu, álögðu á gjaldárinu, á gjalddögum, sem ákveðnir verða samkvæmt 29. gr., eða þegar kaup fellur til útborgunar eftir gjalddaga, og er kaupgreiðanda rétt og skylt að halda eftir af kaupinu til útsvarsgreiðslunnar, enda hafi áður komið fram krafa frá sveitarstjórn til kaupgreiðanda um, að hann haldi eftir af kaupinu fyrir útsvarsgreiðslunni.

b. Vilji sveitarstjórn haga innheimtunni á þann veg, sem segir í a-lið, skal hún senda hverjum kaupgreiðanda í tæka tíð tilkynningu um útsvör þeirra gjaldenda, sem kaupgreiðandi hefur í þjónustu sinni og ætlazt er til, að kaupgreiðandi greiði, og senda jafnframt þríritaða kvittanaeyðublaðabók, er sýni glöggt, að um útsvarsgreiðslur sé að ræða. Skal kaupgreiðandi láta útsvarsgreiðanda í té slíka kvittun í hvert sinn, er hann greiðir upp í útsvar sitt. Samriti af kvittuninni ber kaupgreiðanda að skila, um leið og hann afhendir útsvarsgreiðsluna til sveitarsjóðs.

c. Orðið kaup tekur til hvers konar kaups, launa, aflahlutar eða annarrar þóknunar, þ. á m. eftirlauna, hvort sem greitt er samkvæmt vinnusamningi, ákvæðisvinnusamningi eða öðrum samningum eða ákvörðunum.

d. Kaupgreiðandi telst sérhver sá, sem innir framangreindar greiðslur af hendi, hvort heldur fyrir sjálfan sig eða aðra, þ. á m. kaupgreiðslustöðvar. Taki hlutarmaður aflahlut sinn og selji öðrum, telst kaupandinn kaupgreiðandi.

e. Sveitarstjórn getur og gert kröfu um, að kaupgreiðendur haldi eftir af kaupi kaupþega til greiðslu á eldri útsvarsskuldum ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

f. Til lúkningar greiðslum samkvæmt e-lið skal þó ekki haldið eftir meira en

⅕ hluta af því kaupi, sem til útborgunar á að koma hverju sinni, hjá útsvarsgjaldanda, sem á fyrir heimili að sjá, en ella ⅓. Ekki má krefja útsvarshluta af manni samkvæmt e- og f-liðum, ef kaup hans fullnægir ekki brýnustu lífsþörfum hans, að dómi framfærslunefndar.

g. Allir kaupgreiðendur skulu, þegar sveitarstjórn krefst þess, skyldir til að láta henni í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því sem sveitarstjórn óskar, um nöfn starfsmanna, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag og ár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig kaup er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem sveitarstjórn óskar að fá vitneskju um vegna innheimtu útsvara af kaupi. Sveitarstjórn getur krafið um framangreindar skýrslur með munnlegri kröfu eða skriflegri svo og með almennri auglýsingu, og setur sveitarstjórn kaupgreiðendum frest til að skila skýrslum.

h. Allir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkafólks, skulu að kröfu sveitarstjórnar skyldir til að senda henni kaupskrár sínar eða afrit af þeim það snemma, að unnt sé að gera kröfu um útsvarsgreiðslur þeirra, er við kaupi eiga að taka, áður en til útborgunar kemur.

i. Kaupgreiðandi, sem skyldur er að halda eftir af kaupi samkvæmt því, er í grein þessari segir, skal við hverja útborgun, þar með taldar hvers konar greiðslur upp í kaup, draga af kaupi útsvarsgjaldanda fjárhæð, er nægir, til greiðslu samkvæmt a-lið og heimilt að draga af kaupi samkvæmt e- og f-liðum, svo og 10% af kaupi daglaunafólks, þó ekki af lægri kaupupphæð en 1000 krónum, og skila sveitarstjórn því, sem þannig er haldið eftir, innan tveggja virkra daga frá útborgunardegi, og er sú greiðsla bindandi fyrir útsvarsgjaldandann. Nú er kaup greitt að einhverju leyti í öðru en peningum, svo sem með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og skulu þá þessi hlunnindi talin með kaupgreiðslu á því verði, sem þau eru almennt metin til skatts á hverjum stað.

j. Nú hættir útsvarsgjaldandi að taka kaup hjá kaupgreiðanda, er krafinn hefur verið um greiðslu upp í útsvar hans, áður en umkrafin útsvarsskuld er að fullu greidd, og skal kaupgreiðandi þá tafarlaust tilkynna sveitarstjórn brottför útsvarsgreiðanda.

k. Útsvarsgjaldandi og kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafizt hefur verið útsvarsgreiðslu af kaupi gjaldanda.

l. Ef kaupgreiðandi:
   1. vanrækir að láta sveitarstjórn í té umkrafðar skýrslur og upplýsingar um útsvarsgjaldendur innan tiltekins frests,
   2. greiðir útsvarsgjaldanda kaup án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem skylt er samkvæmt þessari grein,
   3. skilar eigi til sveitarstjórnar eða umboðsmanna hennar, svo sem hér segir í i- og j-liðum,
   4. tilkynnir ekki brottför útsvarsgreiðanda, svo sem segir í j-lið,

   þá ábyrgist hann sem geymslufé þá fjárhæð, sem var haldið eftir hjá útsvarsgjaldanda upp í skuld hans, en sem eigin útsvarsskuld það, sem halda hefði mátt eftir, ef kaupgreiðandi hefði ekki vanrækt skyldur þær, sem honum bar að rækja samkvæmt þessari grein. Má gera lögtak hjá kaupgreiðanda til tryggingar þessum skuldum eftir sömu reglum og gera hefði mátt lögtak hjá útsvarsgjaldanda sjálfum.

m. Útsvarsgjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til kaupgreiðanda samkvæmt þessari grein, á rétt til endurgreiðslu beint úr sveitarsjóði, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt sveitarsjóðnum útsvarið eða ekki.

n. Sveitarstjórn setur nánari reglur um innheimtu útsvara eftir þessari grein.

31. gr.

Á sama hátt og með sömu viðurlögum og í 30. gr. segir getur sveitarstjórn eða innheimtumaður, er hún setur fyrir sig, krafizt útsvarsgreiðslu af kaupi gjald-

þegns hjá kaupgreiðanda í öðru sveitarfélagi svo og skýrslna um starfsmenn, sbr. g- og h-liði, þó ekki með almennri auglýsingu.

32. gr.

Hjón bera ábyrgð á útsvarsgreiðslu hvors annars, enda búi þau saman, þegar álagning fer fram.

33. gr.

Sama rétt og gjaldendur hafa til þess að kæra út af útsvari til skattstjóra og áfrýja úrskurðum til ríkisskattanefndar hafa og sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli.

34. gr.

Nú þykir sýnt, að innheimtar tekjur hrökkvi ekki til greiðslu gjalda á reikningsárinu, og getur þá sveitarstjórn ákveðið hækkun álagðra útsvara, sem svarar því, sem á vantar, þannig að öll útsvör verði hækkuð eftir ákveðnu hundraðshlutfalli.

Álögð útsvör, að viðbættri hækkun, mega ekki hærri vera en fyrir er mælt í 25. gr.

35. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að nota heimild í 34. gr. um hækkun útsvara, og skal hún þá auglýsa þá ákvörðun sína í blöðum á staðnum eða með öðrum hætti. Viðbótargjöld þessi falla í gjalddaga viku eftir birtingu auglýsingarinnar.

36. gr.

Ef gjöld samkvæmt lögum þessum eru ekki greidd, áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða sveitarsjóði dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem líður þar fram yfir frá gjalddaga, unz gjaldið er greitt.

37. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum svo og dráttarvexti má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.

38. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að breyta gjalddögum þeirra gjalda, sem renna eiga í sveitarsjóð, til samræmis við gjalddaga útsvara.

39. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á útsvörum þeirra erlendra og íslenzkra aðila, sem eftir gildandi útsvarslögum ríkjanna eiga að greiða útsvar af sömu tekjum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

40. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði með reglugerð um framkvæmd laga þessara.

41. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972 og koma til framkvæmda við álagningu útsvara og innheimtu fasteignaskatts á árinu 1972. Jafnframt eru úr gildi numin

lög nr. 51 10. júní 1964, sbr. þó 1. tl. ákvæða til bráðabirgða, lög nr. 67 23. desember 1964, lög nr. 67 21. maí 1965, lög nr. 43 6. maí 1966, lög nr. 59 16. apríl 1968 og lög nr. 69 12. maí 1970.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Á árinu 1972 má leggja á aðstöðugjald, samkvæmt III. kafla laga nr. 51/1964, þó þannig, að það skal ekki hærra vera í hverju sveitarfélagi en nemi helmingi þess hundraðshluta, sem þar var á lagður sem aðstöðugjald á árinu 1971.

2. Á árinu 1972 er félagsmálaráðuneytinu heimilt að veita sveitarfélögum sérstakt aukaframlag, ef í ljós kemur, að ákvæði laga þessara reynast þeim óhagstæðari en lög nr. 51/1964. Slíkt framlag skal þó aðeins veita, ef hlutaðeigandi sveitarfélag innheimtir fasteignaskatt með fullu álagi, sbr. 3. mgr. 3. gr., leggi á útsvar án afsláttar samkv. 26. gr. og fullt aðstöðugjald samkvæmt 1. tl. þessara ákvæða til bráðabirgða.

Heimilt er að endurgreiða Jöfnunarsjóði úr ríkissjóði framlög, sem veitt eru samkvæmt þessu ákvæði.

3. Gjalddagi fasteignaskatts á árinu 1972 skal vera 15. marz, sbr. þó 4. gr. i. f. Hafi sveitarstjórn þá innheimt fasteignaskatt, skv. lögum nr. 51/1964, skal endurgreiða gjaldendum það, sem ofgreitt kann að vera.

4. Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða breytingu á hinu nýja fasteignamati til samræmis við verðlag í árslok 1971.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem félagsmálaráðherra skipaði með bréfi, dags. 16. ágúst 1971, til að endurskoða gildandi löggjöf um tekjustofna sveitarfélaga. Í nefndinni eiga sæti Alexander Stefánsson, oddviti, Jóhann Hermannsson, bæjarfulltrúi, Ólafur Jónsson, framkvæmdastjóri, Steinunn Finnbogadóttir, borgarfulltrúi og Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Ríkisstjórnin hefur gert nokkrar breytingar á frumvarpi nefndarinnar.

Helztu breytingar frá gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem felast í frumvarpinu, eru þessar:

1. Í stað stighækkandi tekjuútsvars komi ákveðinn hundraðshluti af tekjum, sbr. 23. gr. frumvarpsins, sem nema skal 10%. Þó er gert frávik til lækkunar á lægri tekjum en 450 000 krónum, en útsvarsprósenta skal þó ekki lægri vera en 5. Einnig er gert ráð fyrir sérstakri lækkun hjá gjaldendum með fleiri en þrjú börn. Útsvör verði ekki lögð á félög. Þá er lagt til, að eignaútsvör verði felld niður, svo og ákvæðin um skiptingu einstakra útsvara á milli sveitarfélaga. Ýmis vandkvæði hafa jafnan verið í sambandi við framkvæmd ákvæðanna um útsvarsskipti. Ásókn um slík skipti verður tiltölulega lítil, ef frumvarp þetta verður að lögum, þar eð útsvör verða ekki lögð á félög.

2. Fasteignaskattar af íbúðarhúsnæði og fasteignum tengdum landbúnaði verði ½%, en 1% af öðrum fasteignum með heimild handa sveitarfélögum að hækka skattinn um allt að 50%.

3. Gert er ráð fyrir, að eignaútsvör og aðstöðugjöld falli niður. Þó er lagt til, að heimilt verði að leggja á aðstöðugjald á árinu 1972, sem þó má ekki hærra vera í hverju sveitarfélagi en nemi helmingi þess hundraðshluta, sem þar var á lagður á árinu 1971, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

4. Lagt er til, að Jöfnunarsjóður veiti samtökum sveitarfélaga í einstökum landshlutum framlag eftir nánari ákvörðun ráðherra og megi verja í því skyni og í framlag til Sambands íslenzkra sveitarfélaga samtals allt að 2% af árlegum tekjum Jöfnunarsjóðs.

5. Í sambandi við aukaframlög til þeirra sveitarfélaga, sem skortir tekjur til greiðslu óhjákvæmilegra gjalda, er lagt til, að slík framlög megi veita, þó að hlutaðeigandi sveitarfélög hafi ekki innheimt fasteignaskatta með álagi. Hins vegar er gert ráð fyrir heimild ráðuneytisins til að krefjast þess, að þau sveitarfélög, sem slíkrar aðstoðar njóta, innheimti fasteignaskatt með fullu álagi.

Gert er ráð fyrir, að við gildistöku frumvarpsins verði eftirtaldar breytingar gerðar:

1. Framlag sveitarfélaga til lífeyristrygginga verði fellt niður.
2. Framlag sveitarfélaga til sjúkratrygginga verði lækkað um helming.
3. Kostnaði sveitarfélaga vegna löggæzlu verði af þeim létt.
4. Persónuiðgjöld til lífeyristrygginga almannatrygginga verði felld niður.
5. Iðgjöld hinna tryggðu til sjúkrasamlaga verði felld niður.

Samkvæmt framanrituðu má ætla, að tekjuöflun sveitarfélaganna sé vel borgið. Einkum er það mikilsvert, að tekjustofnar þeir, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, eru ekki eins háðir sveiflum og stighækkandi tekjuútsvör eru. Gera má þó ráð fyrir því, að einstök, að vísu mjög fá sveitarfélög fái e. t. v. ekki eins hagstæða tekjuöflun á næsta ári og þau fengu a. m. k. miðað við árið 1971, en í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir sérstöku aukaframlagi, þegar svo stendur á. Mörg sveitarfélög munu hins vegar veita meiri eða minni afslátt samkvæmt 26. gr. Nokkur sveitarfélög munu e. t. v. þurfa eitthvert álag á fasteignaskatt, sbr. 3. mgr. 3. gr., til þess að ná endum saman.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1.—2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Samkvæmt gildandi lögum eru öll hús í sama gjaldflokki án tillits til afnota. Lagt er til, að íbúðir og íbúðarhús með tilheyrandi lóðarréttindum verði í lægri skattflokki en aðrar húseignir, en gert er ráð fyrir tveim skattflokkum, en nú eru skattflokkar þrír. Auk íbúðanna eru í lægri skattflokknum erfðafestulönd og jarðeignir, sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, útihús og mannvirki á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði. Lagt er til, að allar aðrar fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati, verði skattlagðar í hærri skattflokknum, sem er tvöfalt hærri en hinn skattflokkurinn.

Samkvæmt gildandi lögum getur sveitarstjórn þrefaldað fasteignaskatt með reglugerð, sem ráðherra staðfestir. Mörg sveitarfélög hafa notað þessa heimild. Lagt er til, að sveitarstjórn hafi heimild til að hækka skattinn um 50% og að ekki þurfi að leita staðfestingar ráðherra á þeirri hækkun.

Gera má ráð fyrir, að skattur samkvæmt 2. mgr. nemi á öllu landinu ca. 525 millj. króna á ári. Á árinu 1971 var fasteignaskattur alls 127.7 millj. króna.

Um 4. gr.

Þessi grein er samhljóða 4. gr. laganna að öðru leyti en því, að lagt er til, að yfirfasteignamatsnefnd skeri úr ágreiningi í stað ráðherra, eins og nú er. Gera verður ráð fyrir ágreiningsefnum vegna ákvæðis 3. gr. frumvarpsins um sköttun húseigna eftir afnotum, sem eðlilegt er að leggja undir úrskurð matsaðila. Ágreiningi um gjaldskyldu eða gjaldstofn hefur ekki verið skotið til ráðherra samkvæmt núgildandi lögum.

Um 5. gr.

Sumir eru þeirrar skoðunar, að undanþágur eigi engar að vera nema vegna erlendra sendiráða. Vissulega væri það til bóta, ef unnt væri að komast hjá þessum

undanþágum. Á það ber hins vegar að líta, að þær stofnanir, sem lagt er til, að undanþegnar verði fasteignaskatti, eru í eðli sínu ekki vænlegir skattgreiðendur. Það er því lagt til, að gildandi ákvæði verði látin standa, og bætt við nokkrum hliðstæðum stofnunum, svo sem endurhæfingarstöðvum, barnaheimilum, bókasöfnum og öðrum safnhúsum. Með öryrkjaheimilum er átt við leiguíbúðabyggingar Öryrkjabandalags Íslands.

Vegna þeirrar verulegu hækkunar á fasteignaskatti, sem óhjákvæmilega leiðir af frumvarpinu, ef að lögum verður, þótti nauðsynlegt að setja ákvæði um heimild handa sveitarstjórnum til þess að lækka eða fella niður fasteignaskatt þeirra aðila, sem um ræðir í síðustu mgr. greinarinnar, svo sem þar er lagt til. Heimild þessi er þröng, þar eð hún nær aðeins til elli- og örorkulífeyrisþega og kemur því aðeins til greina, að efnahagur þeirra og afkoma sé slík, að þeir geti ekki mætt hækkuðum útgjöldum vegna opinberra gjalda.

Um 6. gr.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir flokkun húseigna í gjaldflokka eftir afnotum, þannig að íbúðir komi í lægri gjaldflokk en aðrar húseignir, eins og áður greinir. Ef í sömu húseign, sem metin er sem ein heild, er bæði íbúðarhúsnæði og t. d. verzlun eða iðnaður, þarf að skipta matsverði eignarinnar á milli íbúðarhúsnæðis og annarra afnota í réttu hlutfalli við afnot hvors um sig. Hér er lagt til, að matsmenn þeir, sem annast mat nýbygginga og endurbóta fasteigna, ákveði þessa skiptingu.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa, sbr. 7. gr. laga nr. 51/1964.

Um 8. gr.

Grein þessi svarar til 15. gr. laga nr. 51/1964 og er samhljóða henni, að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir styrk til landshlutasamtaka sveitarfélaga, sbr. f-lið, svo sem áður greinir. Stafliðir g og h eru teknir upp í samræmi við gildandi lög.

Um 9. gr.

Ákvæði þessi eru í samræmi við gildandi lög.

Um 10. gr.

Grein þessi er samhljóða 17. gr. laga nr. 51/1964, en Viðtækjaverzlun ríkisins, sbr. b-lið, er sleppt, þar eð hún hefur verið lögð niður.

Um 11. gr.

Greinin svarar til 18. gr. laga nr. 51/1964. Lagt er til, að landsútsvör fyrirtækja, sem um ræðir í 10. gr. c, verði ákveðin eins og útsvör einstaklinga með 10% af tekjum samkvæmt 23. gr. frv.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa, sbr. 19. gr. laga nr. 51/1964.

Um 13. gr.

Ákvæði þessi eru í samræmi við gildandi lög.

Um 14. gr.

Greinin samsvarar 21. gr. laga nr. 51/1964, en lagt er til, að breytt verði greiðsludögum framlagsins. Greiðsla sú, sem innt er af hendi 15. janúar, hefur verið talin

til næstliðins almanaksárs í reikningum sjóðsins. Í samræmi við það er lagt til, að allir greiðsludagar verði fluttir fram um hálfan mánuð.

Um 15. gr.

Hér eru ákvæði um greiðslu aukaframlaga til þeirra sveitarfélaga, sem skortir tekjur til greiðslu óhjákvæmilegra útgjalda. Vísast til þess, sem áður er sagt um þessi ákvæði.

Ákvæði 2.—4. mgr. svara til 1., 2. og 4. mgr. 22. gr. laga nr. 51/1964.

Í síðustu mgr. þessarar greinar er lagt til, að fé til greiðslu aukaframlaga verði aukið úr 4% í 5% af tekjum sjóðsins.

Um 16. gr.

Ákvæðin eru samhljóða 5. gr. laga nr. 69/1970, en hér er þó lagt til, að fólksfækkunarframlag verði miðað við meðalútsvar á íbúa í landinu í heild.

Um 17.—20. gr.

Þarfnast ekki skýringa, sbr. 23.—26. gr. laga nr. 51/1964.

Um 21. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Ákvæðin um útsvarsskylduna eru ekki verulega frábrugðin gildandi lögum að öðru leyti en því, að ekki er gert ráð fyrir, að útsvör verði lögð á félög.

Um 23. gr.

Ákvæði greinarinnar eru skilgreining á því, hvaða tekjur það eru, sem útsvar verður miðað við. Aðalreglan er sú, að tekjurnar eru hinar sömu og um ræðir í 7. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt. Frá þessari aðalreglu eru mikilsverðar undantekningar. Lagt er til, að sveitarstjórn sé heimilt að ákveða, að útsvör verði ekki lögð á bætur almannatrygginga samkv. II. kafla laga nr. 67/1971. Í öðru lagi skal draga frá gjöld vegna atvinnurekstrar, svo sem nánar greinir í 11. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 68/1971, þó svo, að slíkur frádráttur skal aldrei meiri vera en nemur tekjum af atvinnurekstrinum. Í þriðja lagi er sérregla um tekjur af eignum, sem ákveður, að vaxtagjöld verði ekki frádráttarbær og að engan frádrátt skuli leyfa vegna íbúðarhúsnæðis, sem gjaldandi notar sjálfur eða lætur öðrum í té án eðlilegs endurgjalds. Loks er svo lagt til, að þegar um er að ræða eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skuli skattstofn af slíkri starfsemi aldrei ákveðinn lægri en ætla má, að laun gjaldanda hefðu orðið fyrir störf hans við starfsemina, ef hann hefði unnið þau í þjónustu annarra.

Lagt er til, að ráðherra geti sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar með reglugerð.

Um 24. gr.

Lagt er til, að skattstjórar annist álagningu útsvara, sbr. þó 28. gr., og að um hana, fresti, tilkynningar, kærur, úrskurði, áfrýjun, endurreikning, viðurlög og sektir fari eftir ákvæðum V.—VIII. kafla laga nr. 68/1971, eftir því sem við á, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum. Sem dæmi má nefna ákvæði 51. gr. laga nr. 68/1971 um, að sektir renni í ríkissjóð. Samkvæmt þessari grein frumvarpsins renna slíkar sektir í sambandi við útsvör að sjálfsögðu í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

Um 25. gr.

Í stað stighækkandi tekjuútsvars kemur ákveðinn hundraðshluti af tekjum, sbr. 23. gr., sem nema skal 10%, svo sem nánar greinir í 1. tl. almennra athugasemda við frumvarpið.

Til skýringar á 1. og 2. mgr. þessarar greinar fer hér á eftir yfirlit um útsvör gjaldenda í sveitarfélagi, sem engan afslátt gæfi, og í öðru, sem gæfi 20% afslátt, sbr. 26. gr.

Útsvarsskyldar tekjur	Útsvar án afsláttar	Útsvar með 20% afslætti
500 000 kr.	50 000 kr.	40 000 kr.
450 000 —	45 000 —	46 000 —
400 000 —	36 000 —	28 800 —
350 000 —	28 000 —	22 400 —
300 000 —	21 000 —	16 800 —
250 000 —	15 000 —	12 000 —
200 000 —	10 000 —	8 000 —
150 000 —	7 500 —	6 000 —
100 000 —	5 000 —	4 000 —
60 000 —	3 000 —	
50 000 —		

Um 26. gr.

Grein þessi svarar til 34. gr. og 35. gr. laga nr. 51/1964, en útsvar má þó ekki hækka frá ákvæðum 25. gr., og 2500 króna útsvar og lægra í öllum sveitarfélögum fellur niður.

Um 27. gr.

Heimildir til að lækka útsvör, sem um ræðir í greininni, þarfnast ekki skýringa, en geta má þess, að heimildir, sem um ræðir í d-lið greinarinnar, eru svipaðar gildandi ákvæðum, sbr. 33. gr. laga nr. 51/1964.

Um 28. gr.

Grein þessi geymir í raun og veru sama efni og er í 37.—46. gr. laga nr. 51/1964. Hér er þó ekki gert ráð fyrir, að sveitarstjórnir leggi á útsvör, svo sem heimilað er í 45. gr. laganna. Lagt er til, að skattstjórar geri það í samráði við sveitarstjórnirnar, svo sem nánar segir í greininni. Ef ágreiningur verður milli sveitarstjórnar og skattstjóra og skattstjóri ákveður gjaldstofn á annan veg en sveitarstjórn kýs, getur sveitarstjórn áfrýjað úrskurði skattstjóra til ríkisskattanefndar, sbr. 33. gr. frumvarpsins. Ýmis ákvæði í 37.—46. gr. gildandi laga eru óþörf, sbr. 24. gr. frumvarpsins.

Um 29.—32. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 47.—50. gr. gildandi laga.

Um 33.—41. gr.

Þarfnast ekki skýringa, sbr. 57., 59., 60., 62., 63., 66. og 67. gr. gildandi laga.

Geta má þess, að lagt er til, að dráttarvextir verði hækkaðir úr 1% á mánuði í 1½%. Ekki er gert ráð fyrir, að útsvör verði frádráttarbær við útsvarsálagningu, eins og nú er, en sú regla hefur verið mikils virði í sambandi við innheimtuna. Ef sveitarfélög innheimta dráttarvexti eins og lög gera ráð fyrir, mun það greiða mjög fyrir skilvísri greiðslu gjaldanna. Með hækkun dráttarvaxta, eins og lagt er til, mun innheimtan ganga betur, ef ákvæðunum um dráttarvexti er á annað borð fylgt.

Nd. 187. Frumvarp til laga [134. mál]

um breyting á lögum nr. 86 16. des. 1943, um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ársleiga eftir lóðir, sem leigðar eru til íbúðarhúsabygginga til 75 ára, skal ákveðin samkvæmt reglugerð, er borgarstjórn setur og ráðuneytið staðfestir. Leiga eftir aðrar lóðir og lönd skal ákveðin af borgarstjórn og hafnarstjórn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk Reykjavíkurborgar. Við gildistöku nýs fasteignamats um áramótin 1971 og 1972 mun leigugjald það, sem um ræðir í frumvarpi þessu, margfaldast, verði ekki gerð breyting á lagaákvæðum 2. gr. laganna. Lagt er til, að leigugjaldið verði ekki fastbundið í lögunum, hins vegar verði það ákveðið í reglugerð, sem borgarstjórn setur og ráðuneytið staðfestir. Gert er ráð fyrir, að téð reglugerð verði staðfest til þess að öðlast gildi frá 1. jan. 1972.

Nd. 188. Frumvarp til laga [40. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Ytri-Bug í Fróðárhreppi á Snæfellsnesi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. des.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja jörðina Ytri-Bug, Fróðárhreppi, Snæfellsnessýslu, þessum aðilum:

Sigurði Kristjónssyni, Snæfellsási 7, Hellissandi.
Birni Kristjónssyni, Brautarholti 8, Ólafsvík.
Einari Kristjónssyni, Ennisbraut 29, Ólafsvík.
Guðmundi Kristjónssyni, Brautarholti 14, Ólafsvík.
Úlfari Kristjónssyni, Vallholti 5, Ólafsvík.

Söluverð jarðarinnar fer eftir samkomulagi eða mati dómkvaddra manna.

Kaupendum er óheimilt að selja jörðina eða hluta hennar öðrum en ríkissjóði eða næstu sveitarfélögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 189. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til laga um vörugjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og kvatt á sinn fund Þórhall Ásgeirsson ráðuneytisstjóra, sem gaf ýmsar upplýsingar um málið.

Með frv. þessu er stefnt að því að skapa jafnræði milli innlendra vara og innfluttra, að því er þær álögur snertir, sem frv. fjallar um. En samkvæmt samkomulagi Íslands um aðild að Fríverzlunarsamtökum Evrópu verða innflutningshömlur á sælgæti afnumdar í áföngum á árunum 1972—75. Jafnframt skulu tollar á innfluttu sælgæti frá aðildarríkjum EFTA lækka, einnig í áföngum, á árunum 1970—80. Er flutningur þessa frumvarps því bein afleiðing téðra ákvæða í EFTA samkomulaginu.

Fjárhagsnefnd leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. des. 1971.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Gylfi Þ. Gíslason.
Þórarinn Þórarinsson.	Matthías Á. Mathiesen.	Matthías Bjarnason.
	Karvel Pálmason.	

Nd. 190. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Þrír nefndarmenn, GÞG, MB og MÁM, taka fram, að þeir mæli með samþykkt frumvarpsins í því trausti, að viðskiptaráðherra skipi embættismann sem formann, og MB og MÁM áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 13. des. 1971.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Karvel Pálmason.
Þórarinn Þórarinsson.	Gylfi Þ. Gíslason.	Matthías Bjarnason.
	Matthías Á. Mathiesen.	

Ed. 191. Frumvarp til laga [135. mál]

um breyting á lögum nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

Flm.: Jón Árnason.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk lánasjóðs íslenzkra námsmanna er að veita íslenzkum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, kennaradeild stúdenta, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands, fyrsta hluta Tækniskóla Íslands, íslenska stýrimannaskóla, Vélskóla Íslands, framhaldsdeild við íslenzka landbúnaðarskóla, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins, þannig: Einn samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, einn samkvæmt tilnefningu íslenzkra námsmanna erlendis, einn samkvæmt tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra, en tvo án tilnefningar, og skal annar þeirra valinn með hliðsjón af kunnugleika á námi og högum þeirra námsmanna, sem fjölmennastir eru og eigi eru stúdentar, en hinn vera formaður stjórnarinnar.

Þá tilnefnir ráðherra fulltrúa fyrir þá hópa námsmanna, sem ekki eiga sérstakan fulltrúa í stjórninni, og skal kveðja þá til funda og starfa með stjórninni, þegar fjallað er sérstaklega um málefni þessara hópa. Njóta þeir þá sömu réttinda og stjórnarmenn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu felst sú breyting á lögum um lánasjóð íslenskra námsmanna, að nemendur í íslenzkum stýrimannaskólum og Vélskóla Íslands verði meðal þeirra, sem láns og styrks geta notið úr lánasjóðnum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu þýðingarmikil störf íslenzkra sjómanna eru fyrir lífsafkomu íslenzku þjóðarinnar. Það er því augljóst mál, að miklu skiptir, að þeir, sem menntunar leita í menntastofnunum þjóðarinnar á sviði skipstjórnar og vélfræði, eigi þess kost að njóta lánsaðstoðar til náms, a. m. k. til jafns við það, sem aðrar starfsgreinar eiga við að búa.

Nauðsyn þess að opna sjómannastéttinni aðild að lánasjóði námsmanna ætti vart að valda ágreiningi. Því miður er það svo, að oftast vantar meira eða minna af lærðum skipstjórnar- og vélstjórnarmönnum og þá sérstaklega á fiskiskipaflotann. Útvegsmenn verða því í mörgum tilfellum að sækja um undanþágur til stjórnvalda, að þeir megi lögskrá réttindalausa menn á skip sín. — Þá er þess að geta, að þeir, sem gera sjómennsku að lífsstarfi, verða, áður en þeir fá inngöngu í sjómannaskóla, að hafa lokið eins konar reynslutíma á sjónum og vera lögskráðir á skip um a. m. k. tveggja ára skeið. Þegar þessu tímabili lýkur, er því oft um það að ræða, að sjómannsefnið hefur stofnað heimili, og þegar svo er ástatt, getur það í sumum tilfellum ráðið úrslitum um það, hvort viðkomandi sér sér fært að hefja námið, að hann eigi þess kost að fá hagstæð lán, meðan á námstímanum stendur.

Sú breyting, sem hér er lagt til að verði á 3. gr. laganna, er í beinu sambandi við breytt starfssvið lánasjóðsins samkvæmt 1. gr.

Sþ. 192. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1972.

	Þús. kr.
I. Frá *Gunnari Thoroddsen.*	
Við 4. gr. 1 02 982 19 Listamannalaun.	
Fyrir „5 630“ kemur	8 000
II. Frá *fjárveitinganefnd.*	
Við brtt. 174,39. (Við 4. gr. 1 02 999 28 Dagheimili, byggingastyrkir).	
Í sundurliðun bætist nýr liður (leiðrétting) á eftir 3. tölulið:	
Húsavík	75

Sþ. 193. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1972.

	Þús. kr.
I. Frá *Guðlaugi Gíslasyni.*	
Við 4. gr. 1 07 399 02. Liðurinn orðist svo:	
Vatnsveitur, skv. lögum	20 500
Þar af til Vatnsveitu Vestmannaeyja 10 500 000 kr.	
II. Frá *Friðjóni Þórðarsyni* og *Lárusi Jónssyni.*	
Við 4. gr. 1 10 651 Ferðamál.	
0 93 Til fyrirtækja og atvinnuvega.	
Fyrir „5 000“ kemur	10 000

Sþ. 194. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1972 og við brtt. á þskj. 174.

	Þús. kr.
I. Frá *Benedikt Gröndal, Jóni Árm. Héðinssyni* og *Eggert G. Þorsteinssyni.*	
1. Við 4. gr. 1 02 931 0 20 Náttúruverndarráð, önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „765“ kemur	1 500
2. Við 4. gr. 1 07 999 21 Neytendasamtökin.	
Fyrir „125“ kemur	1 000
3. Við 4. gr. 1 07 999 23 Rekstrarstyrkur sjómannaheimila.	
Fyrir „150“ kemur	800
II. Frá *Benedikt Gröndal.*	
1. Við brtt. 174,13. (Við 4. gr. 1 02 762. 1.4. Akranes, íþróttahús).	
Fyrir „1 546“ kemur	2 000
2. Við brtt. 174,13. (Við 4. gr. 1 02 762. 3.6. Borgarnes, íþróttahús).	
Fyrir „1 944“ kemur	3 000
3. Við brtt. 174,83. (Við 4. gr. 1 08 381 03 Bygging sjúkrahúsa o. fl. a. 2. Akranes).	
Fyrir „9 330“ kemur	10 600
4. Við brtt. 174,98. (Við 4. gr. 1 10 333 03 Hafnarmannvirki og lendingarbætur. 1. Akranes).	
Fyrir „8 500“ kemur	13 000
5. Við brtt. 174,101. (Við 4. gr. 1 10 333 08 Sjóvarnargarðar. 1. Akranes).	
Fyrir „200“ kemur	400
6. Við 6. gr. XXVII. Nýr liður:	
Að gera ráðstafanir til þess, að andvirði söluskatts af bókum renni til rithöfunda og höfunda fræðirita sem viðbótarritlaun.	

Sþ. 195. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1972 og við brtt. á þskj. 174.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 1 02 304 Menntaskólinn við Hamrahlíð 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „20 100“ kemur	41 100
2. Við 4. gr. 1 02 322 Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „1 000“ kemur	10 000
3. Við 4. gr. 1 02 761. Nýr liður:	
10 Til greiðslu launakostnaðar í sept.—des. 1972 vegna væntanlegra breytinga á skyldunámskerfinu, sbr. frv. til laga um grunnskóla, sem lagt var fyrir Alþingi 1970	48 000
4. Við brtt. 174,13. (Við 4. gr. 1 02 762). Aftan við sundurliðun bætist nýr töluliður, og samtala breytist samkvæmt því:	
5. Til þess að láta ákvæði skólakostnaðarlaga um greiðslu hluta ríkisins af stofnkostnaði barna- og gagnfræðaskóla koma til framkvæmda á þrem árum í stað fjögurra	70 000
5. Við 4. gr. 1 02. Nýr liður:	
873 Til þess að hefja kennslu fyrir fullorðna, er geri þeim kleift að ljúka tilteknum prófum skv. reglum, er menntamálaráðuneytið setur, og til framhaldsmenntunar á grundvelli áður tekinna prófa	25 000
6. Við brtt. 174,48. (Við 4. gr. 1 03 401 35 Aðstoð við þróunarlöndin).	
Fyrir „1 500“ kemur	20 000

Sþ. 196. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1972 og við brtt. á þskj. 174.

	Þús. kr.
I. Frá *Lárusi Jónssyni* og *Halldóri Blöndal.*	
Við brtt. 174,13. (Við 4. gr. 1 02 762. 4. 13). Nýr liður:	
Ólafsfjörður, heimavist	300
II. Frá *Stefáni Gunnlaugssyni* og *Jóni Árm. Héðinssyni.*	
Við brtt. 174,30. (Við 4. gr. 1 02 988 06 Æskulýðssamband Íslands).	
Fyrir „175“ kemur	330
III. Frá *Eggert G. Þorsteinssyni, Jóni Árm. Héðinssyni* og *Benedikt Gröndal.*	
1. Við 4. gr. 1 02 999 28 Dagheimili, byggingastyrkir.	
Fyrir „600“ kemur	1 600
2. Við 4. gr. 1 02 999 39 Sumardvalarheimili, dagheimili o. fl.	
Fyrir „900“ kemur	2 000
IV. Frá *Stefáni Gunnlaugssyni* og *Jóni Árm. Héðinssyni.*	
Við 4. gr. 1 03 101 Utanríkisráðuneytið. Nýr liður:	
09 Viðskiptaþjónusta í íslenzkum sendiráðum	5 000

V. Frá *Eggert G. Þorsteinssyni, Jóni Árm. Héðinssyni* og *Benedikt Gröndal.* Þús. kr.

Við 4. gr. 1 08 399 21. Liðurinn orðist svo:

21 Elliheimili, byggingastyrkir	10 000

Sþ. 197. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1972.

Frá Halldóri Blöndal.

Við 4. gr. 1 02 999. Nýr liður á eftir 14. lið: Þús. kr.

Leikfélag Akureyrar	750

Nd. 198. Frumvarp til laga [136. mál]

um líf- og örorkutryggingu sjómanna.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason, Sverrir Hermannsson, Matthías Á. Mathiesen, Lárus Jónsson, Guðlaugur Gíslason, Friðjón Þórðarson.

1. gr.

Allir sjómenn, sem starfa á íslenzkum fiskiskipum, sem lögskráð er á, skulu tryggðir eins og segir í lögum þessum.

2. gr.

Þeir sjómenn, sem lög þessi ná til, hvort heldur þeir eru um borð í skipi, við skipshlið eða við störf í þágu skips og útgerðar í landi, skulu tryggðir gegn öllum slysum, með þeim undantekningum, sem framkvæmdanefndin telur nauðsynlegar, til þess að unnt sé að ná tryggingu, sem hér segir:

a. Fyrir kr. 750 000.00 — sjö hundruð og fimmtíu þúsund — við dauða.
b. Fyrir kr. 1 000 000.00 — eina milljón — við varanlega 100% örorku, en við lægri varanlega örorku en 100% sami hundraðshluti af einni milljón króna eins og örorkan er metin.

Tryggingarupphæðir þær, sem um getur í þessari grein, skulu breytast 1. febrúar ár hvert í sama hlutfalli og samningsbundin kauptrygging bátasjómanna hefur breytzt á liðnu ári. Skal farið eftir meðaltali slíkra breytinga hjá félögum sjómanna.

Ef ágreiningur er innan nefndarinnar um slíka árlega breytingu, sker ráðherra úr.

Heimilt er framkvæmdanefnd að láta tryggingafjárhæðir jafnan standa á heilum tug þúsunda.

3. gr.

Trygging þessi gildir meðan viðkomandi sjómaður er lögskráður í skiprúm.

4. gr.

Tryggingarupphæð greiðist erfingjum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, en honum sjálfum eða fjárhaldsmanni, ef um örorku er að ræða.

5. gr.

Trygging þessi skerðir ekki rétt skipverja eða erfingja þeirra til samningsbundinna trygginga við útgerðarmenn eða greiðslu úr lífeyrissjóði.

6. gr.

Til þess að sjá um framkvæmd laga þessara skal sjávarútvegsráðherra skipa fimm manna framkvæmdanefnd. Skulu tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, einn samkvæmt tilnefningu Sjómannasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Sjávarútvegsráðherra skipar einn, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Skipunartími nefndarinnar er til tveggja ára í senn.

7. gr.

Trygging sú, er lög þessi kveða á um, skal boðin út í einu lagi fyrir alla, sem tryggðir eru (hóptrygging). Skal framkvæmdanefnd vinna að nauðsynlegum undirbúningi og gagnasöfnun, áður en hún býður tryggingar þessar út.

Þá skal framkvæmdanefnd vinna úr tilboðum og taka ákvörðun um, hvaða tilboði skuli tekið. Hún gætir jafnframt réttar hinna tryggðu eða erfingja þeirra, og skal nefndin taka upp einstök mál, ef hún telur, að á þá sé hallað.

Heimilt er framkvæmdanefnd að gera samning um tryggingar þessar til allt að 3 ára í senn.

Samningar skulu undirritaðir af sjávarútvegsráðherra og formanni framkvæmdanefndar, fyrir hönd nefndarinnar sem tryggingartaka.

8. gr.

Iðgjaldakostnaður greiðist þannig:

a. að hálfu af útflutningsgjaldi,
b. að hálfu úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Allur kostnaður við framkvæmd laganna greiðist úr ríkissjóði.

Sjávarútvegsráðherra setur í reglugerð ákvæði um afgreiðslu, bókhald og aðra framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar höfð er í huga sú þróun, sem orðið hefur á síðustu áratugum í ýmsum þáttum okkar félagsmála, þar á meðal tryggingamála, er full ástæða til að gleðjast yfir þeim áföngum, sem náðst hafa.

Óhjákvæmilega hefur komið upp ýmis gagnrýni vegna framkvæmdar þessara mála. Ef tryggingamálin eru skoðuð sérstaklega, hefur gagnrýnin að mestu beinzt að of lágum bótum, og hafa stjórnvöld undanfarna áratugi óspart verið gagnrýnd vegna þessa.

Hlutur hinnar öflugu verkalýðshreyfingar okkar hefur verið stór í mótun allrar löggjafar um trygginga-, öryggis- og félagsmál almennt.

En m. a. vegna þeirrar gagnrýni, sem að framan getur, hafa félög launþega í vaxandi mæli farið þá leið að ná fram frekari tryggingum í samningum sínum. Má m. a. benda á athyglisverða samninga á síðasta áratug, sem samtök sjómanna og Iðja, félag verksmiðjufólks, gerðu við sína viðsemjendur. Þá má og benda á nýgerða samninga almennu verkalýðsfélaganna, en í þeim eru athyglisverðir áfangar í tryggingamálum fyrir þessi félög, þótt um þá hafi verið samið fyrir nokkrum árum af áðurnefndum samtökum sjómanna og iðnverkafólks.

Þrátt fyrir það, sem hér hefur verið sagt um umtalsverða áfanga í tryggingamálum, sem samtök sjómanna hafa náð fram í samningum sínum við útvegsmenn, er óhætt að fullyrða, að flestar vinnustéttir þessa lands væru löngu búnar að knýja fram með samningum — eða löggjöf — stórum hærri líf- og örorkutryggingar, ef sú staðreynd lægi fyrir, að 5 af hverju þúsundi létu árlega líf sitt í starfi.

Þetta er sorglega staðreyndin í íslenzkri sjómannastétt.

Á síðustu 11 árum hafa 254 sjómenn drukknað eða látið lífið af öðrum orsökum í starfi sínu, þrátt fyrir stórbættan öryggisútbúnað skipanna. Samkvæmt upplýsingum, sem flm. hafa aflað sér, hafa dauðaslys sjómanna skipzt þannig á þetta árabil, og er þá talið frá sjómannadegi 1960 til þess dags 1971:

1960 til 1961	23	sjómenn
1961 — 1962	36	—
1962 — 1963	23	—
1963 — 1964	26	—
1964 — 1965	19	—
1965 — 1966	13	—
1966 — 1967	20	—
1967 — 1968	16	—
1968 — 1969	31	—
1969 — 1970	21	—
1970 — 1971	26	—

eða samtals á þessu árabili 254 sjómenn.

Flm. hefur ekki tekizt að fá upplýsingar um fjölda þeirra sjómanna, sem fengið hafa varanlega örorku af slysum í starfi á þessu sama tímabili, en hitt má ljóst vera þeim, sem til þekkja, að þau eru því miður bæði of mörg og í of mörgum tilfellum orsök svo mikilla líkamsmeiðsla, að þeir, sem í hlut eiga, bíða þess aldrei bætur.

Í dag eru líf- og örorkutryggingar undirmanna á farskipum þær sömu og um getur í 2. grein þessa frumvarps.

Sömu tryggingar undirmanna á fiskiskipum eru kr. 600 000.00 við dauða og kr. 800 000.00 við 100% örorku.

Margir munu spyrja, þegar það, sem hér hefur verið sagt, er haft í huga, hvers vegna samtök sjómanna hafi ekki lagt meiri áherzlu á þessar tryggingar í samningum sínum en raun ber vitni um.

Þær kröfur hafa þó verið gerðar í öllum samningum, sem sjómenn og útgerðarmenn hafa gengið til á liðnum árum. Sú staðreynd hefur þó ætíð legið fyrir, að þegar brýnustu kröfum til lífsframfæris var náð að mati sjómanna, reyndist ekki meira til skipta, enda útgerðinni oft og tíðum skammtað af opinberum aðilum það, sem þeim sýndist að nægja mundi til að halda uppi eðlilegum rekstri. Í þetta dæmi blandast einnig skammsýni þeirra aðila, er telja hina líðandi stund það, sem lifa eigi fyrir.

Augljós er sú lífsnauðsyn íslenzku þjóðarinnar að halda uppi sjósókn og siglingum.

Bezta trygging þess, að sótzt verði eftir störfum á fiskiskipaflotanum, er góð laun, aðbúnaður og tryggingar ekki sízt.

Ein höfuðkrafa allra sjómanna er stórhækkaðar líf- og örorkutryggingar. Útgerðum og skipafélögum hafa þegar verið bundnir stórir baggar í nýgerðum samningum almennu verkalýðsfélaganna. Að líkindum verður erfitt að finna lausn þessa vandamáls, svo að báðum líki, í þeim samningum, sem fyrir dyrum standa, milli sjómanna og viðsemjenda þeirra.

Ef frv. þetta verður samþykkt, telja flm., að það muni hjálpa til við, að samningar geti tekizt milli þessara aðila. Auk þess telja flm. með hliðsjón af því, sem komið hefur fram í þessari grg., og þýðingu fiskveiða fyrir landsmenn í heild, að tímabært sé fyrir Alþingi að viðurkenna enn frekar en gert hefur verið sérstöðu sjómannastéttarinnar með samþykkt þessa frumvarps, sérstaklega þegar þess er gætt, að kostnaður sá, er um ræðir í frv., greiðist m. a. úr sjóðum, sem myndaðir eru m. a. með hluta af þeirra eigin aflafé.

Erfitt er að meta kostnað við tryggingu þessa, en sennilegt er, að hann verði rúmar 30 millj. kr. (30—35 millj.), miðað við þann fjölda dauðaslysa, sem að framan greinir, og bætur vegna þeirra og örorkubætur, sem eru u. þ. b. 34%—40% af þeim bótum.

Gera má ráð fyrir, að í framangreindu yfirliti sé um nokkur slys að ræða, sem ekki verði bætt af tryggingarfélögum (sbr. aths. við 2. gr.).

Ef miðað er við gildandi skilmála tryggingarfélaga og iðgjöld nú og iðgjöld lækkuð með tilliti til minni rekstrarkostnaðar við slíka hóptryggingu, má reikna með, að kostnaðurinn verði 25—30 millj. kr., og er þá miðað við, að trygging þessi taki til um það bil 5000 sjómanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Flutningsmenn þessa frumvarps hafa ákveðið að flytja sérstakt frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 29. marz 1961, um lögskráningu sjómanna, þannig að skylt verði að lögskrá á öll þau skip, sem eru 6 metrar eða lengri, mælt milli stafna. Er þá um sömu stærð skipa og báta að ræða sem heyrir undir lög um eftirlit með skipum. Þá munu ákvæði þessarar greinar ná til nær allra báta, sem fiskveiðar stunda hér við land. Önnur lög og samningar mæla einnig með því, að lög um lögskráningu verði gerð víðtækari en nú er.

Um 2. gr.

Í fyrstu málsgrein 2. gr. er heimild fyrir framkvæmdanefnd að gera undantekningu frá því, að tryggt sé gegn „öllum slysum", til þess að slíkar tryggingar verði keyptar svo sem frv. kveður á um.

Í almennum skilmálum fyrir slysatryggingum aðildarfélaga Sambands slysatryggjenda eru nokkur slys undanskilin bótaskyldu og eru þessi helzt:

a) Slys af völdum hernaðaraðgerða, kjarnabreytinga o. þ. h.
b) Slys, er verða í handalögmálum, undir áhrifum deyfi- og eiturlyfja eða í ölæði, nema sannað sé, að ekkert samband sé á milli ástands þessa og slyssins.
c) Slys, er verða vegna stórkostlegs gáleysis hins tryggða (og vegna ásetnings).

Heimild sú, er framkvæmdanefnd fær til að láta tryggingarfjárhæðir standa á heilum tug þúsunda, er til vinnusparnaðar.

Um 3. gr.

Skýrir sig sjálf.

Um 4. gr.

Í samningum sjómanna um líf- og örorkutryggingar er skilgreiningin „aðstandendur" látin nægja. Talið er, að sú skilgreining sé alls ekki nægilega glögg, því að ekki komi fram, hverjir „aðstandendur" séu eða hvernig fjárhæð skuli skipt milli þeirra, enda munu dæmi þess, að upp hafi komið ágreiningur um skiptingu dánarbóta.

Í 105. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 20 1954, eru ákvæði um skilgreiningu á, hverjir séu rétthafar til líftryggingarfjár. Með hliðsjón af þessu ákvæði telja flm. réttara, að um erfingja sé að ræða.

Um 5. og 6. gr.

Skýra sig sjálfar.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru skýr ákvæði þess efnis, að trygging þessi skuli boðin út í einu lagi fyrir alla sjómenn, sem undir lög þessi falla, að undangengnum undirbúningi framkvæmdanefndar.

Framkvæmdanefnd gerir samninga við tryggingafélag, og er henni einnig ætlað að taka upp einstök mál, ef nefndinni þykir hallað á hina tryggðu eða erfingja þeirra.

Ekki er talið rétt, að tryggingartímabil sé lengra en þrjú ár í senn. Þar sem hinir tryggðu taka ekki á sig neinar skuldbindingar, telja flm., að eðlilegt sé að líta á framkvæmdanefndina sem tryggingartaka.

Um 8. gr.

Lagt er til, að iðgjaldakostnaður skiptist að jöfnu og verði helmingur tekinn af útflutningsgjaldi, en hinn úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Vátryggingariðgjöld fiskiskipanna eru nú greidd með hluta af útflutningsgjaldi. Á árinu 1970 nam útflutningsgjaldið samtals kr. 401 779 932.60 og skiptist þannig það ár:

Til trygginga fiskiskipa 80%	kr.	321 423 946.60
— Fiskveiðasjóðs 12.7%	—	51 026 051.00
— Fiskimálasjóðs 3.5%	—	14 062 298.00
— L. Í. Ú. 0.5%	—	2 008 900.00
— A. S. Í. 0.167%	—	669 633.00
— F. F. S. Í. 0.167%	—	669 633.00
— S. S. Í. 0.167%	—	669 633.00
— fiskirannsókna 0.8%	—	3 214 239.00
— haf- og fiskirannsóknaskips 2.0%	—	8 035 599.00
Samtals	kr.	401 779 932.60

Augljóst er, að á muni skorta tugi milljóna króna til að anna greiðslum vegna trygginga skipanna. Ef halda á sama skipulagi sem að framan greinir, verður að hækka útflutningsgjöldin ríflega á næstunni.

Virðist eðlilegt, að nokkur hluti þessa fjár renni til frekari trygginga þeirra manna, sem á skipunum starfa, eða um það bil fimmtán milljónir kr. skv. frv. þessu.

Þá er og lagt til, að helmingur iðgjaldakostnaðar greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Í þennan sjóð hefur mikið fé safnazt á síðustu árum. Í hann greiða útgerðarmenn sem aðrir vinnuveitendur, ásamt velflestum sveitarfélögum.

Flest byggðarlög hér á landi eiga allt sitt undir því, að þaðan sé stunduð útgerð og fiskveiðar. Afli fiskimanna okkar er grundvöllur þessa atvinnuvegar, og svo mun verða framvegis.

Sþ. 199. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1972 og við brtt. á þskj. 174 og 196.

	Þús. kr.
I. Frá *Ellert B. Schram.*	
1. Við brtt. 174,29. (Við 4. gr. 1 02 988 02 Æskulýðsráð ríkisins). Fyrir „700“ kemur	3 800
2. Við 1 06 255 Umferðarráð. Fyrir „2 000“ kemur	5 800
II. Frá *Pétri Sigurðssyni.*	
Við brtt. 196, V. Tillagan orðist svo: Við 4. gr. 1 08 399 21. Liðurinn orðist svo: 21 Byggingarsjóður aldraðra	10 000

Nd. 200. Frumvarp til laga [137. mál]

um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Í Reykjavík skulu vera borgardómaraembætti, borgarfógetaembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti.

Utan Reykjavíkur skulu vera embætti sýslumanna og bæjarfógeta.

Í Bolungarvík og á Keflavíkurflugvelli skulu vera embætti lögreglustjóra.

2. gr.

Undir borgardómaraembættið í Reykjavík heyra m. a. einkamál almennt, sbr. þó 4. gr., þ. á m. formennska í fasteignamálum, kvaðning mats- og skoðunarmanna í dómi og utan dóms svo og borgaraleg hjónavígsla, hjónaskilnaðarmál, úrskurðun framfærslumála og skipun opinberra starfsmanna, svo sem tíðkazt hefur.

Við borgardómaraembættið skulu vera átta til tíu borgardómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirborgardómari, sem jafnframt er forstöðumaður embættisins.

3. gr.

Undir borgarfógetaembættið í Reykjavík heyra m. a. fógetagerðir, uppboð, skiptamál, þinglýsingar, skráning firma og félaga, skráning skipa, notarialgerðir, yfirfjárráð og utankjörstaðaatkvæðagreiðsla, eins og segir í lögum.

Þinglýsing sú og aflýsing, er í 7. og 13. gr. laga nr. 30 1928 getur, eru afnumdar í Reykjavík, enda hefur greinargerð um skjal í veðmálaskrám sama gildi sem þinglýsing og aflýsing höfðu eftir nefndum lagagreinum. Gera skal vikulega skrá um öll innrituð og aflýst skjöl, og skal hún liggja frammi í skrifstofu borgarfógeta næstu viku, enda getur dómsmálaráðherra ákveðið birtingu hennar vikulega í opinberu blaði.

Við borgarfógetaembættið skulu vera fimm til sjö borgarfógetar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirborgarfógeti, sem jafnframt er forstöðumaður embættisins.

4. gr.

Undir sakadómaraembættið í Reykjavík heyra m. a. opinber mál, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 82/1961, barnsfaðernismál, uppkvaðning lögheimilisúrskurða svo og uppkvaðning meðlagsúrskurða, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhúss.

Við sakadómaraembættið skulu vera fimm til sjö sakadómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirsakadómari, sem jafnframt er forstöðumaður embættisins.

5. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík fer með lögreglustjórn, sbr. þó 4. gr., strandmál, útlendingaeftirlit, útgáfu vegabréfa og önnur þau mál, er lög ákveða.

6. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík hefur forstjórn tollgæzlu, lögskráningu skipshafna, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs og þeirra aðila, er fjármálaráðherra ákveður eða lög mæla fyrir um, að undanteknum þeim gjöldum, er sameiginlegri innheimtustofnun, sbr. lög nr. 68/1962, er falið að innheimta.

7. gr.

Utan Reykjavíkur heyra þau málefni, sem talin eru upp í 2. til 6. gr., undir embætti sýslumanna og bæjarfógeta, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Undir

embætti þessi heyra og önnur þau málefni, er ráðherra ákveður eða lög mæla fyrir um.

Við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu skulu, auk þess dómara, starfa einn til þrír dómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.

Við embætti bæjarfógetans á Akureyri og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu svo og við embætti bæjarfógetans í Kópavogi getur dómsmálaráðherra heimilað, að auk þeirra dómara starfi einn eða tveir dómarar við hvort þessara embætta.

Við embætti bæjarfógetans í Keflavík og bæjarfógetans í Vestmannaeyjum getur dómsmálaráðherra heimilað, að auk þeirra dómara starfi einn dómari við hvort þessara embætta.

Við þau bæjarfógeta- og sýslumannsembætti, er að framan getur, þar sem starfa fleiri en einn dómari, skal bæjarfógeti eða sýslumaður vera forstöðumaður viðkomandi embættis.

Þeir dómarar, sem skipaðir eru til þess að starfa við framantalin embætti sýslumanna og bæjarfógeta, skulu kallast dómarar eða héraðsdómarar við viðkomandi embætti.

8. gr.

Undir embætti lögreglustjórans í Bolungarvík heyra þau störf, sem um getur í lögum nr. 14/1934, svo og önnur þau mál, sem lög ákveða.

Undir embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli heyra þau störf, sem um getur í lögum nr. 33/1954.

9. gr.

Forstöðumenn embætta þeirra, sem nefnd eru í lögum þessum, skulu hafa yfirstjórn og ábyrgð á rekstri þeirra svo og fyrirsvar út á við.

Forstöðumenn dómaraembætta þeirra, þar sem starfa fleiri en einn dómari, skulu úthluta dómurum verkefnum og hafa umsjón með störfum þeirra, að öðru leyti en tekur til dómsstarfa. Forstöðumaður getur falið héraðsdómara meðferð stjórnvaldsmálefna eftir þörfum.

Sérhver héraðsdómari starfar sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómsmálum, sem forstöðumaður embættis hefur falið honum til meðferðar.

10. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar, að öðru leyti en lög þessi ákveða, hver störf skulu lögð undir embætti þau, er nefnd eru í lögum þessum, og setur reglugerð um samvinnu og frekari starfsskiptingu milli almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu í Reykjavík.

11. gr.

Viðey telst til umdæmis Reykjavíkur um tollgæzlu og lögreglustjórn.

12. gr.

Fjármálaráðherra setur reglur um skil á innheimtufé.

13. gr.

Heimilt er ríkissjóði að endurkrefja þær stofnanir, sem embætti sýslumanna og bæjarfógeta, samkvæmt lögum eða eftir ákvörðun ráðherra, annast þjónustu fyrir, svo sem Tryggingastofnun ríkisins, um hlutfallslegan þátt þeirra í skrifstofukostnaði hvers embættis.

Allt það fé, sem embættismenn þeir, er lög þessi taka til, hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.

14. gr.

Forseti veitir embætti þau, sem lög þessi taka til, og skulu embættismennirnir fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.

Til veitingar lögreglustjóraembættisins í Reykjavík er það enn fremur skilyrði, að aðili hafi raunhæfa þekkingu á stjórn og skipulagi lögreglumála.

15. gr.

Við framangreind dómaraembætti skulu starfa svo margir fulltrúar, er fullnægi skilyrðum 33. gr. sbr. 6. tölul. 32. gr. laga nr. 85/1936, sem þörf er á, að mati dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur veitt fulltrúum, sem ráðnir eru til starfa samkvæmt 1. mgr. og fullnægja skilyrðum laga til að hljóta skipun í fast dómarastarf, sérstaka skipun til að vinna sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómsstörfum, sem þeim eru falin.

16. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 98/1961.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við þau héraðsdómaraembætti, þar sem héraðsdómurum er fjölgað samkvæmt lögum þessum, skulu jafnmargar fulltrúastöður lagðar niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur fyrst og fremst í för með sér þá breytingu frá gildandi lögum, að gert er ráð fyrir, að við nokkur umfangsmestu embætti sýslumanna og bæjarfógeta verði skipaðir dómarar. Hingað til hafa sýslumenn og bæjarfógetar einir farið með dómsvald í héraði utan Reykjavíkur, en með þessari breytingu munu dómarar þessir að sjálfsögðu einnig fara með það vald.

Við flest embætti sýslumanna og bæjarfógeta starfa nú löglærðir fulltrúar, er hafa verið löggiltir, samkvæmt heimild í lögum, til þess að fara með og dæma mál á ábyrgð yfirmanns síns.

Við embætti sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetans í Hafnarfirði, sem er umfangsmesta dómaraembættið utan Reykjavíkur, starfa nú 7 löggiltir fulltrúar. Við embætti sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Akureyri starfa 4 löggiltir fulltrúar og við bæjarfógetaembættið í Kópavogi starfa einnig 4 löggiltir fulltrúar. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði voru 1. des. 1970 21 233 íbúar. Á Akureyri og í Eyjafjarðarsýslu voru á sama tíma 14 527 íbúar og í Kópavogi 11 125 íbúar.

Vegna fólksfjölgunar hefur fjöldi dómsmála aukizt að mun, enda er svo komið hjá þeim embættum, er hér um ræðir, að hinir reglulegu dómarar anna eigi að dæma nema mjög lítinn hluta af þeim dómsmálum, er koma til meðferðar, og hefur því sífellt stærri hluti þeirra komið í hlut fulltrúa þeirra að dæma. Það hlýtur að teljast óæskileg framvinda, þegar svo er komið, að langflestir dómar eru kveðnir upp af fulltrúum dómara.

Dómarafulltrúar hafa eindregið lýst óánægju sinni yfir því, að þeim sé ætlað í síauknum mæli að fara með og dæma mál og beri því skyldur sem dómarar, án þess að til komi þau réttindi, sem fylgja því að vera dómari.

Með lögum nr. 98 frá 1961 um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík var gerð sú breyting á þágildandi lögum, að dómurum við dómaraembættin í Reykjavík var fjölgað. Svipaðar ástæður liggja til grundvallar breytingu þeirri, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, og lágu til grundvallar breytingunum samkvæmt fyrrgreindum lögum frá 1961.

Eigi eru hér gerðar neinar breytingar á núgildandi ákvæðum um starfssvið dómarafulltrúa.

Frumvarp þetta felur eigi í sér breytingu á dómstólaskipan landsins utan Reykjavíkur, enda þótt æskilegt hefði verið að taka það mál til endurskoðunar. Ákvæði frumvarps þessa ættu þó ekki að vera því til hindrunar, að allsherjarbreyting á dómstólaskipan landsins gæti átt sér stað, ef ástæða þætti til.

Rétt þykir að fjölga dómurum við borgardómaraembættið og sakadómaraembættið í Reykjavík til samræmis við aukningu dómsmála við þessi embætti.

Hér er gert ráð fyrir, að lögin nr. 98/1961 um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík verði felld niður, en ákvæði þeirra að mestu tekin upp í frumvarp þetta með þeim breytingum, er að framan er getið og nánar er lýst hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein er í samræmi við núgildandi lög.

Um 2. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 2. gr. laga nr. 98/1961 að því viðbættu, að gert er ráð fyrir, að borgardómarar verði nú átta til tíu eftir ákvörðun dómsmálaráðherra í stað fimm til sjö samkvæmt núgildandi lögum.

Um 3. gr.

Þessi grein er að mestu í samræmi við 3. gr. laga nr. 98/1961.

Um 4. gr.

Þessi grein er að mestu í samræmi við 4. gr. laga nr. 98/1961 að því viðbættu, að gert er ráð fyrir, að sakadómarar verði nú fimm til sjö eftir ákvörðun dómsmálaráðherra í stað þess, að þeir eru samkvæmt gildandi lögum þrír til fimm.

Um 5. gr.

Þessi grein er að mestu í samræmi við 5. gr. laga nr. 98/1961. Lagt er til, að ákvæði þess efnis, að lögreglustjóri fari með heilbrigðismál, falli niður, enda er lögreglustjóri ekki lengur lögskipaður formaður heilbrigðisnefndar, sbr. lög nr. 12/1969, þótt hann eftir sem áður annist hvers konar löggæzlu á þessu sviði.

Um 6. gr.

Þessi grein er að mestu í samræmi við 6. gr. laga nr. 98/1961. Rétt þótti að breyta ákvæðum greinarinnar til samræmis við lög nr. 68/1962 um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda.

Um 7. gr.

1. mgr. er í samræmi við gildandi lög.

Að öðru leyti er í greininni ákvæði um fjölgun dómara við fimm umfangsmestu dómaraembættin utan Reykjavíkur.

Í upphafi þessara athugasemda voru talin upp þrjú af þessum dómaraembættum. Auk þeirra er gert ráð fyrir, að dómsmálaráðherra geti veitt heimild til þess, að við embætti bæjarfógetans í Keflavík og embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum starfi einn dómari við hvort embætti, og þá einkum við það miðað, að dómsýslan við þessi embætti aukist.

Til þess er ætlazt, að dómarar þeir, er starfa við embætti sýslumanna og bæjarfógeta, kallist dómarar (héraðsdómarar) við viðkomandi embætti sýslumanna eða bæjarfógeta í þeim tilvikum, er þeir t. d. gefa út stefnur, gefa út innkallanir eða þeir á annan hátt koma fram í nafni embættis síns sem dómarar.

Um 8. gr.

Þessi grein er í samræmi við gildandi lög.

Um 9. gr.

Þessi grein er að mestu í samræmi við 2., 3. og 4. gr. laga nr. 98/1961, en skýrar er kveðið á um forstöðu og ábyrgð forstöðumanns embættis.

Í 2. mgr. er þess getið, að forstöðumenn dómaraembætta þeirra, er lög þessi taka til, geti falið héraðsdómurum meðferð stjórnvaldsmálefna eftir þörfum. Ákvæði þetta er fortakslausara en samsvarandi ákvæði í 2., 3. og 4. gr. laga nr. 98/1961. Þessi ákvæði hafa verið túlkuð á þann hátt, að dómarar þessir væru ekki umboðsstarfalausir og því er hér eigi um efnislega breytingu að ræða.

Um 10. gr.

Þessi grein er eins og 7. gr. laga nr. 98/1961.

Um 11. gr.

Þessi grein er eins og 8. gr. laga nr. 98/1961.

Um 12. gr.

Þessi grein er að mestu í samræmi við 9. gr. laga nr. 98/1961.

Um 13. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir, að ríkissjóður geti endurkrafið þær stofnanir, er embætti sýslumanna og bæjarfógeta annast þjónustu fyrir.

Þær stofnanir, sem hér er átt við, eru t. d. Tryggingastofnun ríkisins, héraðssamlög og aðrar þær stofnanir, er lög mæla fyrir um eða ráðherra ákveður, að þessi embætti annist þjónustu fyrir.

Um 14. gr.

Þessi grein er í samræmi við 2. mgr. og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 98/1961.

Um 15. gr.

Þótt gert sé ráð fyrir því í greininni, að ráðherra meti fulltrúaþörf embættanna, mundi ráðning fulltrúa í föst störf hlíta sömu reglum og önnur aukning starfsliðs, þ. e. fjárveiting að vera fyrir hendi til starfsins.

Í 2. mgr. er nýmæli þess efnis, að embættisgengir fulltrúar geti hlotið sérstaka viðurkenningu ráðherra til að mega starfa sjálfstætt og á eigin ábyrgð að dómsmálaverkefnum sínum.

Um bráðabirgðaákvæðið.

Gert er ráð fyrir, að embætti dómara þeirra, er hér um ræðir, verði auglýst, svo sem önnur embætti, og hafa fulltrúar þeir, er starfa nú við viðkomandi embætti sýslumanna og bæjarfógeta, að sjálfsögðu engan forgang að þeim.

Nd. 201. Frumvarp til laga [138. mál]

um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Sýslumenn utan kaupstaða, bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur og þeir dómarar aðrir, er skipaðir eru til þess að starfa við þessi embætti, svo og sakadómarar í Reykjavík, rannsaka og fara með opinber mál fyrir dómi og kveða upp dóm í þeim.

Í umdæmum utan kaupstaða, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, innir hann af hendi sömu störf í opinberum málum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér þá einu breytingu frá gildandi lögum, að gert er ráð fyrir, að dómarar þeir, sem skipaðir verði við embætti sýslumanna og bæjarfógeta, fari með dómsvald í opinberum málum, auk þeirra dómara, er farið hafa með það samkvæmt gildandi lögum. Er þessi breyting í samræmi við frumvarp til laga um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., sem lagt er fram samtímis frumvarpi þessu.

Nd. 202. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

1. mgr. 29. gr. orðist svo:

Með dómsstörf í einkamálum, þar á meðal skipti, fógetagerðir og uppboð, fara borgardómarar og borgarfógetar í Reykjavík, en utan Reykjavíkur sýslumenn í sýslum og bæjarfógetar í kaupstöðum, svo og dómarar þeir, er skipaðir eru til þess að starfa við embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Haldast skulu gildandi ákvæði um dómendur í landamerkjamálum og öðrum fasteignamálum. Meðdómendur skipa að öðru leyti dóma eftir reglum laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér þá einu breytingu frá gildandi lögum, að gert er ráð fyrir, að dómarar, er skipaðir verði við embætti sýslumanna og bæjarfógeta, fari með dómsvald, auk þeirra dómara, er farið hafa með það samkvæmt gildandi lögum. Er þessi breyting í samræmi við frumvarp til laga um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., sem lagt er fram samtímis frumvarpi þessu.

Sþ. 203. Tillaga til þingsályktunar [140. mál]

um dreifingu menntastofnana, og eflingu Akureyrar sem miðstöðvar mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar.

Flm.: Ingvar Gíslason, Gísli Guðmundsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi lýsir yfir þeim vilja sínum, að stefnt skuli að eðlilegri dreifingu skóla og hvers kyns mennta- og menningarstofnana um landið og tillit tekið til þeirrar stefnu í framkvæmd byggðaáætlana.

Enn fremur lýsir Alþingi yfir því, að sérstaklega skuli að því stefnt, að Akureyri verði efld sem skólabær og miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á síðasta þingi og er því endurflutt nú. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Efni þingsályktunartillögu þessarar er tvíþætt. Fyrri liður hennar er almenns eðlis og felur í sér viljayfirlýsingu Alþingis um það, að stefnt skuli að eðlilegri dreifingu mennta- og menningarstofnana um landið og að tillit verði tekið til slíkrar stefnu í framkvæmd byggðaáætlana. Í öðru lagi er lagt til, að Alþingi lýsi yfir vilja sínum til þess, að Akureyri verði sérstaklega efld sem skólabær og miðstöð mennnta og vísinda utan höfuðborgarinnar.

Samanburður við þingsályktunartillögu frá 1964.

Tillaga um mjög svipað efni, en með öðru orðalagi, var flutt á þinginu 1964—1965. Flutningsmenn voru þáverandi þingmenn Framsóknarflokksins í Norðurlandskjördæmi eystra. Tillagan fékk heldur vinsamlegar viðtökur á Alþingi og vakti nokkra athygli utan þings. Þó fór svo, að tillagan var ekki samþykkt sem ályktun Alþingis, — þess var ekki kostur, — heldur var henni vísað til ríkisstjórnarinnar. Sá höfuðtilgangur lá að baki þingsályktunartillögunni frá 1964, að skólum og menntastofnunum yrði dreift um landið meira en tíðkazt hafði til þess tíma. Einnig var þá lögð höfuðáherzla á uppbyggingu Akureyrar sem æskilegrar skólamiðstöðvar öðrum stöðum fremur. Tillaga sú, sem hér liggur nú fyrir, hefur sama höfuðmarkmið og tillagan frá 1964. Á þeim er að vísu verulegur orðalagsmunur, en markmiðið má heita hið sama. Flm. telja, að ekki sé síður þörf að hreyfa þessu máli nú en var fyrir 5—6 árum, einkum vegna þess, að ekki er vitað, að ríkisstjórnin hafi gert neitt, sem máli skiptir, til þess að framfylgja þeirri stefnu, sem mörkuð var upphaflega með tillögunni frá 1964 og að formi var vísað til ríkisstjórnarinnar.

„Jafnvægi í byggð landsins".

Tillaga þessi er af flm. hálfu m. a. hugsuð sem framlag til umræðna og ákvarðana í sambandi við byggðajafnvægismál og landshlutaáætlanir. Um eitt skeið mátti segja, að áhuga- og forvígismenn um jafnvægi í byggð landsins töluðu fyrir daufum eyrum, og ekki var örgrannt um, að málstaður þeirra væri hafður í flimtingum. Nú hefur hins vegar svo til skipazt, að þetta mál hefur hlotið sérstaka viðurkenningu, sem fram kemur með einum eða öðrum hætti. Má um þetta mál nú segja, sem forðum var á orði haft, að „allir vildu Lilju kveðið hafa". Svonefndar byggða- eða landshlutaáætlanir eru einnig á dagskrá í öðrum löndum, og er þar sérstaklega að minnast forgöngu Norðmanna, sem að líkindum standa fremst á þessu sviði, enda ekki óeðlilegt miðað við landshætti. Í þessu máli hafa Íslendingar þegar lært mikið af Norðmönnum, en gætu þó betur gert að ýmsu leyti. M. a. verða menn að gera sér

fulla grein fyrir þeirri staðreynd, að þróun þjónustustarfsemi, félags- og menningarlífs verður að haldast í hendur við atvinnuuppbygginguna, ef árangur á að verða af landshlutaáætlunum. Nútímafólk, einkum uppvaxandi kynslóð, lætur sér ekki nægja trygga atvinnuafkomu. Atvinnan er að sjálfsögðu grundvöllur þess, að menn hafi í sig og á, en lífskjör sín og afkomu mælir nútímafólk ekki í atvinnumöguleikunum einum saman, heldur engu síður í hinni félags- og menningarlegu þjónustu, sem tiltæk er á hverjum stað. Nútímafólk unir ekki fásinni og einangrun né lélegri almannaþjónustu á sviði félagslífs, menntunar og heilsugæzlu.

Stefnumótun.

Með tillögu þessari vilja flm. beita sér fyrir því, að Alþingi marki ákveðna stefnu um það, að hvers kyns mennta- og menningarstofnunum sé dreift um landið, svo sem eðlilegt má teljast og nauðsyn krefur. „Mennta- og menningarstofnun“ er allvíðtækt hugtak í þessu sambandi og engin ástæða til að þrengja merkingu þess. Hér er að sjálfsögðu átt við **skóla** og aðrar fræðslustofnanir, **söfn**, s. s. bókasöfn, náttúrugripasöfn, listasöfn, minja- og þjóðfræðasöfn, **leiklistar- og tónlistarstarfsemi** og aðra **listastarfsemi**. Í ýmsum tilvikum yrði framkvæmd þess stefnuatriðis, sem fyrst getur í tillögunni og varðar almenna yfirlýsingu um dreifingu mennta- og menningarstofnana um landið, fólgin í stuðningi við stofnanir, sem þegar eru fyrir hendi, en þurfa eflingar á einn eða annan hátt. Þannig eru víða til bókasöfn, en flest þurfa þau eflingar, minjasöfn eru einnig víða, en áreiðanlega þurfa þau margs konar eflingar flest hver, og æskilegt væri, að sum minjasöfn a. m. k. efldust svo, að þau mættu með réttu kallast þjóðfræðasöfn, e. t. v. staðbundin og takmörkuð, en eigi að síður fræðilegar stofnanir, en ekki aðeins varðveizlu- og sýningastaðir.

Efling Akureyrar sem skólabæjar.

Í sambandi við umræður um Norðurlandsáætlun er talið að því stefnt að efla Akureyri að mun til mótvægis hinu sterka aðdráttarafli Reykjavíkursvæðisins. Við flutningsmenn þessarar tillögu leggjum þann skilning í fullbúna Norðurlandsáætlun, að hið opinbera — ríkisvaldið — muni ljá atbeina sinn því mikla verkefni að efla Akureyri svo að áhrifum, að hún geti í raun orðið til mótvægis áhrifamætti Reykjavíkur. Atvinnu- og menningarlegar undirstöður Akureyrarbæjar eru með þeim hætti, að þetta á að geta tekizt. Eigi að síður er efling Akureyrar í umræddum skilningi víðtækt og vandasamt verkefni. Ekki er líklegt, að það verði leyst með neinu töfraorði eða einni ráðstöfun annarri fremur. Þar þarf margt til að koma. Það þarf að efla atvinnulífið og fjölga atvinnugreinum. Það verður að efla Akureyri sem verzlunarmiðstöð og hafskipahöfn. Opinber þjónusta þarf að vera fjölbreyttari. Gera verður stórátak í heilbrigðismálum og læknisþjónustu. Mjög aðkallandi er að taka húsnæðismálin til gagngerðrar endurskoðunar, því að ónógt húsnæði stendur bænum nú þegar fyrir þrifum. Það þarf einnig — eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir — að efla Akureyri sem skólabæ og menningarmiðstöð.

Þegar rætt er um það að efla Akureyri sem skólabæ og miðstöð mennta og vísinda, þá ber að hafa í huga, að ýmsar undirstöður eru fyrir hendi til þess að byggja ofan á. Akureyri er þegar tiltölulega öflugur skólabær, m. a. vegna menntaskólans, sem þar hefur starfað í 40 ár og þó raunar lengur. Iðnskóli Akureyrar er mjög á eftir í gagnið. Undirbúningsdeild tækniskóla hefur starfað nokkur ár, og vélskólakennsla fer að nokkru fram á Akureyri. (Stýrimannakennsla er nú einnig hafin á Akureyri.) Tónlistarskóli er rekinn í bænum, og er unnið að endurbótum á húsnæði hans. Rætt hefur verið um stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri, en ýmsar hindranir hafa verið lagðar í götu þess máls, svo að ekki hefur enn orðið úr framkvæmdum. Hins vegar er ekki ástæða til að ætla annað en að garðyrkjuskóli komi á

Akureyri áður en langir tímar líða. Minna má á, að Þórarinn heitinn Björnsson skólameistari var þess fýsandi, að kennaradeild yrði stofnuð og rekin í tengslum við menntaskólann.

Ástæða er til að nefna tvo skóla, sem mjög kæmi til greina að reka á Akureyri. Annars vegar væri norðlenzkur verzlunarskóli, hins vegar fullkominn tækniskóli. Lengi hefur verið þörf verzlunarskóla á Norðurlandi, og var slíkur skóli meðal þeirra, sem flutningsmenn þingsályktunartillögunnar frá 1964 lögðu áherzlu á að rísa þyrfti og vel væri í sveit settur á Akureyri. Ekki virðist fráleitt að hugsa sér, að slíkur skóli yrði rekinn sameiginlega af norðlenzkri samvinnuhreyfingu og samtökum einkarekstrarmanna með styrk úr ríkissjóði. Raunar mætti einnig hugsa sér, að norðlenzkur verzlunarskóli hefði enn víðtækara svið, m. a. að á hans vegum starfaði félagsmáladeild, sem hefði það hlutverk, að þjálfa starfsfólk og trúnaðarmenn verkalýðs- og launþegafélaga og annarra stéttarsamtaka.

Heimilt er eftir lögum að starfrækja tækniskóla á Akureyri. Fjarri fer því, að þessarar lagaheimildar hafi verið neytt, þótt undirbúningsdeild tækniskóla hafi að vísu starfað á Akureyri um árabil. Tækniskóli Íslands, sem starfar í Reykjavík, er ung stofnun og fátæklega að honum búið, fyrst og fremst að því er tekur til húsnæðis. Fer kennsla í tækniskólanum fram á þremur stöðum í Reykjavíkurborg og fyrirsjáanlegt, að kennslustaðir munu dreifast enn frekar næsta vetur. Augljóst er, að reisa verður hús yfir Tækniskóla Íslands, ef skólinn á ekki að koðna niður vegna húsnæðisleysis og skorts á hæfilegri aðbúð. Er nærtækt að láta sér detta í hug, að Tækniskóli Íslands verði fluttur til Akureyrar og þar verði byggt myndarlega yfir skólann. Fjarri fer því, að skólinn lenti í útlegð eða einangrun á Akureyri. Akureyri er mikill iðnaðarbær og stendur Reykjavík fyllilega á sporði um fjölbreytni iðngreina og þjálfun iðnaðarfólks. Á þessa staðreynd bentu sumir þingmenn Norðlendinga, þegar tækniskólafrumvarpið var til umræðu á sínum tíma, og lögðu þá til, að skólinn yrði staðsettur á Akureyri. Því miður náði sú tillaga ekki fram að ganga, enda sætti hún andstöðu ráðamanna, þ. á m. norðlenzkra þingmanna stjórnarflokkanna. Í þessu sambandi er vert að geta þess, að á 11. þingi Fjórðungssambands Norðlendinga, sem haldið var á Sauðárkróki 22. og 23. okt. 1969, var samþykkt áskorun á „yfirvöld og Alþingi að taka til gagngerðrar athugunar, hvort eigi sé rétt að flytja Tækniskóla Íslands til Akureyrar.“ Segir enn fremur í ályktun fjórðungsþingsins, að benda megi á fordæmi annarra þjóða, sérstaklega Norðmanna, þessari ályktun til stuðnings. Taldi þingið, að flutningur Tækniskólans mundi hafa „ómetanleg áhrif til eflingar byggð á Norðurlandi“. Undir þessi ályktunarorð fjórðungsþings Norðlendinga vilja flm. taka, enda eru þau í fullu samræmi við þær skoðanir, sem þeir hafa ætíð mælt fyrir í sambandi við staðarval sérskólanna.

Því má bæta við, að fyrir nokkrum árum skipaði norska ríkisstjórnin nefnd, sem hafði það hlutverk að kanna möguleika á dreifingu ríkisstofnana þar í landi. Ein meginniðurstaða nefndarinnar var sú, að lítil sem engin vandkvæði væru á því að velja sérgreinaskólum stað utan höfuðborgarinnar. Sérgreinaskólar væru að öðru jöfnu eins vel staðsettir utan höfuðborgarinnar sem innan hennar. Hins vegar væri heppileg lausn í staðsetningarmálum skólanna að koma upp „skólamiðstöðvum“, þar sem væru fleiri skólar en einn. M. a. nýttust kennslukraftar bezt við slíkar aðstæður. Í sambandi við þingsályktunartillögu þá, sem hér er fram borin, er rétt að geta þess, að flm. hafa í huga, að Akureyri geti orðið „skólamiðstöð“ í þeirri merkingu, sem þarna er um rætt. Um áhrif skólanna á umhverfi sitt þarf ekki að deila. Þau eru mikil og margvísleg, bein og óbein.

Miðstöð mennta og vísinda.

Í þingsályktunartillögunni er svo fyrir mælt, að Akureyri verði einnig efld sem „miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar“. Í þessu felst það, að menntir ýmiss konar, ekki sízt fræði og vísindi, verði auknar svo, að Akureyri verði áður

en langir tímar líða viðurkennd sem aðsetur æðri mennta- og vísindastofnana, þar sem m. a. væru stundaðar rannsóknir og fræði á vísindalegum og akademískum grundvelli. Ókunnugir kunna e. t. v. að halda, að um þetta atriði sé á litlu að byggja. Svo er þó ekki. Gerlegt er og skynsamlegt að tengja saman hugmyndina um „skólabæ“ og „miðstöð mennta og vísinda“. Líklegt er, að skólamiðstöðin dragi að sér efnilega menntamenn og kennara, sem áhuga hefðu á að sinna vísindastörfum að nokkru með kennslu. Slíkt á að geta farið saman á Akureyri eins og annars staðar. Þá er þess að geta, að þegar er sprottinn úr grasi vísir að rannsóknastofnunum á Akureyri og nágrenni, einkum á sviði náttúrufræði og raunvísinda. Náttúrugripasafnið á Akureyri hefur á ýmsa lund eflzt mikið síðustu ár. Fuglasafn er þar gott, enda kjarni safnsins í upphafi, en grasasafnið er einnig mikið að vöxtum og mun fyllilega standast samjöfnuð við grasasöfn í Reykjavík. Grasgarðurinn á Akureyri er einstakur í sinni röð. Forstöðumaður Náttúrugripasafnsins, Helgi Hallgrímsson, er ungur vísindamaður og áhugasamur um eflingu vísindastarfsemi á Norðurlandi með aðalaðsetri á Akureyri. Helgi er búsettur á Víkurbakka á Árskógsströnd við Eyjafjörð, um það bil 25 km frá Akureyri. Keypti hann þar allvel hýsta jörð fyrir nokkrum árum og hefur unnið að því af elju og hyggindum að koma þar upp vísi að náttúrufræðilegri rannsóknarstöð. Þar hyggst hann m. a. stunda rannsóknir á sjávarlífinu við Eyjafjörð, og þegar hefur hann ásamt félaga sínum, Guðmundi Ólafssyni menntaskólakennara, fengizt við jarðvegsrannsóknir með styrk úr Vísindasjóði.

(Við þessar upplýsingar er því að bæta, að s. l. sumar, 1971, tók formlega til starfa sjálfseignarstofnunin Rannsóknastöðin KATLA á Víkurbakka. Var stöðin vígð við hátíðlega athöfn að viðstöddum innlendum og erlendum gestum.)

Fyrir nokkrum árum tók til starfa Efnarannsóknarstofa Norðurlands á Akureyri og nýtur ötullar stjórnar ungs vísindamanns, Jóhannesar Sigvaldasonar magisters. Liggur þegar gott starf eftir hann á sviði jarðvegs- og kalrannsókna á Norðurlandi.

Þess má geta, að bókasafnið á Akureyri ásamt skjalasafni (Amtsbókasafnið) hefur nýlega flutzt í mjög veglegt hús og er án efa myndarlegasta bókasafn utan Reykjavíkur. Minjasafn bæjarins er einnig merk stofnun, sem gæti orðið vísir að raunverulegu þjóðfræðasafni eða **þjóðfræðastofnun**, ef rétt væri á haldið og vilji væri fyrir hendi að koma slíkri stofnun upp.

Sú fræði- og vísindastarfsemi, sem nefnd hefur verið, er að sönnu aðeins mjór vísir þess, sem orðið gæti, ef markvíst og skipulega væri unnið að eflingu rannsókna- og vísindastarfs á Akureyri. Hins vegar er hér um grundvöll að ræða, sem byggja mætti ofan á. Í fylling tímans mun engum þykja goðgá, þótt akademísk fræðsla í meira eða minna mæli verði upp tekin á Akureyri, enda ber að stefna að henni sem sérstöku markmiði. (Þess er vert að geta, að fyrir nokkrum dögum (í des. 1971) var stofnað Vísindafélag Norðlendinga með 8—10 félagsmönnum, vísindamönnum búsettum á Akureyri.)

Nd. 204. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til laga um orlof.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 15. des. 1971.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Gylfi Þ. Gíslason.
Ólafur G. Einarsson.	Ragnhildur Helgadóttir.	Jón Skaftason.
	Stefán Valgeirsson.	

Nd. 205. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til laga um 40 stunda vinnuviku.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 15. des. 1971.

Skúli Alexandersson, form., frsm.
Bjarni Guðnason, fundaskr.
Gylfi Þ. Gíslason.
Ólafur G. Einarsson.
Ragnhildur Helgadóttir.
Jón Skaftason.
Stefán Valgeirsson.

Sþ. 206. Tillaga til þingsályktunar [141. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 21. desember 1971 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 20. janúar 1972.

Sþ. 207. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]

um eflingu ferðamála.

Flm.: Lárus Jónsson, Friðjón Þórðarson, Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða áætlun um eflingu ferðamála, sem verið hefur í undirbúningi. Í áætluninni verði stefnt að því að auka verulega ferðamannastraum til landsins og bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna, einkum úti um land í vinsælum ferðamannahéruðum og byggðarlögum, sem geta orðið ferðamannastaðir, ef skilyrði eru þar sköpuð til fyrirgreiðslu við ferðafólk. Áætlunin skal einkum ná til fjögurra þátta, sem aukið geta aðdráttarafl landsins sem ferðamannalands, þ. e. a. s. bættra skilyrða til ráðstefnuhalds, sportveiða, vetraríþróttaiðkana og leirbaða, en jafnframt til annarra þátta, sem varða þróun íslenzkra ferðamála.

Greinargerð.

Það orkar ekki tvímælis, að Ísland er þegar orðið verulegt ferðamannaland og getur orðið það í enn ríkara mæli. Gjaldeyristekjur af ferðamálum eru nú orðnar um 1000 milljónir króna á ári, sem er 7.7% af útflutningstekjum þjóðarinnar á viðmiðunarárinu, þ. e. a. s. 1970. Fjöldi erlendra ferðamanna hefur margfaldazt einkum á síðari árum, svo sem sjá má á yfirlitstöflu, sem birt er hér með þessari tillögu.

Undanfarið hefur verið skipulega unnið að uppbyggingu íslenzkra ferðamála, m. a. með stofnun Ferðamálasjóðs og tilkomu Ferðamálaráðs, auk þess sem viðleitni

opinberra aðila og áhugaaðila til eflingar ferðamála hefur stóraukizt, og hefur þessi viðleitni þegar borið þann ávöxt, sem raun ber vitni. Ljóst er þó, að enn er unnt að gera hér veruleg átök, sem aukið geta stórlega gjaldeyrisöflun þjóðarinnar og þar með rennt frekari stoðum undir alhliða efnahagslegar framfarir í landinu. Fyrrverandi ríkisstjórn lét af þessum sökum undirbúa sérstaka könnun á íslenzkum ferðamálum, sem vera skyldi grundvöllur að áætlunargerð um eflingu þeirra. Til þess að standa straum af kostnaði við þetta yfirgripsmikla verk var á sínum tíma sótt um styrk til Þróunarsjóðs S.Þ., og hefur sjóðurinn nú veitt um $ 140 000 í þessu skyni til íslenzkra yfirvalda. Flm. þessarar tillögu telja mikils um vert, að ekkert hik verði á framkvæmd þessa máls.

Tilgangur þeirra með flutningi framangreindrar tillögu er fyrst og fremst sá að vekja athygli á nauðsyn þess að hraða framkvæmd framangreindrar könnunar og að niðurstöður hennar verði þegar í stað hagnýttar til áætlunargerðar um eflingu ferðamála í landinu, sem flestum kunnáttumönnum ber saman um að sé einn þeirra þátta íslenzks atvinnulífs, sem auðvelt sé að þróa á næstunni, þannig að aukið geti verulega gjaldeyristekjur þjóðarinnar.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir fjölda erlendra ferðamanna til Íslands og innkomnar gjaldeyristekjur af þeim frá 1950.

	Fjöldi erlendra ferðamanna				Gjaldeyrist., breytil. gengi				Gjaldeyrist., fast gengi $ 1969			
	með skipum	með flugv.	samt.	árleg aukn.	alls	pr. mann	árleg aukning alls	árleg aukning pr. m.	alls	pr. mann	árleg aukning alls	árleg aukning pr. m.
	1	2	3	% 4	þús. kr. 5	kr. 6	% 7	% 8	þús. kr. 9	kr. 10	% 11	% 12
1950	1.734	2.649	4.383		845	193			4.564	1.041		
1951	2.000	2.084	4.084	— 6,8	1.073	263	27,0	36,3	5.795	1.419	27,0	36,3
1952	2.364	2.459	4.823	18,1	1.571	326	46,4	24,0	8.484	1.759	46,4	24,0
1953	1.514	4.866	6.380	32,3	2.846	446	81,2	37,0	15.370	2.409	81,2	37,0
1954	1.970	4.877	6.847	7,3	2.437	356	—14,4	—20,2	13.160	1.922	—14,4	—20,2
1955	2.377	6.730	9.107	33,0	2.208	242	— 9,4	—31,9	11.925	1.309	— 9,4	—31,9
1956	2.812	6.795	9.607	5,5	2.106	219	— 4,7	— 9,6	11.371	1.184	— 4,7	— 9,6
1957	2.272	6.507	9.279	— 3,4	4.869	525	131,2	139,4	26.295	2.834	131,2	139,4
1958	2.785	7.326	10.111	9,0	2.988	296	—38,7	—43,7	16.137	1.596	—38,7	—43,7
1959	3.275	9.021	12.296	21,6	3.042	247	1,8	—16,3	16.426	1.336	1,8	—16,3
1960	2.894	9.912	12.806	4,1	17.208	1.344	465,7	443,2	39.751	3.104	142,0	132,3
1961	2.595	11.034	13.629	6,4	25.890	1.900	50,5	41,4	53.074	3.894	33,5	25,5
1962	2.334	14.501	16.835	23,5	42.497	2.524	64,1	32,9	87.119	5.175	64,1	32,9
1963	2.524	14.836	17.360	3,1	56.326	3.245	32,5	28,5	115.468	6.651	32,5	28,5
1964	2.749	19.639	22.383	28,9	81.722	3.651	45,1	12,5	167.530	7.485	45,1	12,5
1965	4.391	24.488	28.879	29,0	82.108	2.943	0,5	—22,1	168.321	5.828	0,5	—22,1
1966	4.160	30.573	34.733	20,3	94.513	2.721	15,1	— 4,3	193.752	5.660	15,1	— 2,9
1967	3.385	34.343	37.728	8,6	97.415	2.582	3,1	— 5,1	199.701	5.293	3,1	— 6,5
1968	2.226	38.221	40.447	7,2	147.727	3.652	51,6	41,4	227.499	5.625	13,9	6,3
1969	2.083	42.016	44.099	9,0	274.372	6.222	85,7	70,4	274.372	6.222	20,6	10,6
1970	1.156	51.752	52.908	20,0	379.715	7.177	38,4	15,3	379.715	7.177	38,4	15,3

ATH. Gjaldeyristekjur — innkomnir ferðatékkar.
Tekjur vegna fríhafnarinnar í Keflavík, sem voru kr. 69 268 333.70 árið 1970 og ferðamenn með skemmtiferðaskipum ekki meðtalið.

Sþ. **208. Frumvarp til fjárlaga** [1. mál]

fyrir árið 1972.

(Eftir 2. umr. í Sþ., 15. des.)

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana.

1. gr.
Greiðsluyfirlit ríkissjóðs.

		Þús. kr.
0	Gjöld	14 709 718
1	Tekjur	14 270 013
	Gjöld umfram tekjur	**439 705**
3	Lánahreyfingar út	265 666
4	Lánahreyfingar inn	3 800
	Mismunur	**261 866**
	Greiðslujöfnuður:	
	Á rekstrarreikningi	439 705
	Á lánahreyfingum	261 866
	Greiðsluhalli	**701 571**

2. gr.

Árið 1972 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

			Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
	0 Gjöld:			
1 00	**Æðsta stjórn ríkisins**			125 806
1 01	**Forsætisráðuneytið**			177 076
	101—171	Yfirstjórn	164 535	
	901—902	Annað	12 541	
1 02	**Menntamálaráðuneytið**			2 898 450
	101	Yfirstjórn	86 193	
	201—883	Fræðslumál	2 575 083	
	901—999	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	237 174	
1 03	**Utanríkisráðuneytið**			202 869
	101—102	Yfirstjórn	32 272	
	201	Löggæzla á Keflavíkurflugvelli	40 696	
	301—312	Sendiráð	75 763	
	401	Alþjóðastofnanir	54 138	
1 04	**Landbúnaðarráðuneytið**			817 014
	101—172	Yfirstjórn	18 994	
	201—299	Búnaðarmál	754 894	
	501—503	Skólar	43 126	
1 05	**Sjávarútvegsráðuneytið**			287 313
	101	Yfirstjórn	7 829	
	201—299	Útvegsmál	266 074	
	901	Annað	13 410	
1 06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið**			695 619
	101—102	Yfirstjórn	15 280	
	201—283	Dómgæzla, lögreglumál o. fl.	577 005	
	301—373	Þjóðkirkjan	103 334	
1 07	**Félagsmálaráðuneytið**			624 330
	101	Yfirstjórn	6 483	
	271—272	Húsnæðismál	476 041	
	301—999	Önnur félagsmál	141 806	
1 08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið**			4 468 943
	101	Yfirstjórn	8 106	
	271—273	Tryggingamál	4 016 700	
	301—399	Heilbrigðismál	416 005	
	471—501	Annað	28 132	
		Flutt		10 297 420

3. gr.

Árið 1972 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

reikningur.

1 Tekjur:

			Þús. kr.	Þús. kr.
1 1		**Skattar.**		
		Beinir skattar.		
		Persónuskattar		**1 112 500**
1 11 0		Iðgjöld lífeyristrygginga:		
1 11 01		Almannatryggingagjald	654 900	
1 11 02		Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	288 800	
1 11 1		Slysa- og atvinnuleysistryggingagjöld:		
1 11 11		Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum	95 000	
Jórunn Guðjónsdóttir	50 621	
Karen Louise Jónsson	51 719	
Katrín Ingibergsdóttir	50 000	
Katrín Sveinsdóttir	62 062	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	20 685	
Kristín Helgadóttir	20 099	
Kristín Pálmadóttir	41 374	

	Kr.	Kr.
Kristín Pálsdóttir	34 478	
Kristjana Þorvarðardóttir	25 000	
Kristólína Kragh	20 685	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	27 582	
Lára Svansdóttir	20 685	
Lára M. Vigfúsdóttir	68 957	
Lelia Stefánsson	103 433	
Lilja H. Arndal	68 957	
Lilja Jörundsdóttir	41 374	
Lilja Steinsen	120 673	
Lovísa Sveinbjörnsson	137 082	
Lydia Einarsson	86 197	
Mabel Sigurjónsson	68 957	
Magdalena Ásgeirsdóttir	20 685	
Málfríður Bjarnadóttir	20 685	
Margrét Árnadóttir	51 719	
Margrét Björnsdóttir	26 308	
Margrét Eyjólfsdóttir	41 374	
Margrét Guðbrandsdóttir	62 062	
Margrét Jónasdóttir	86 197	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	83 741	
Margrét L. Lárusdóttir	20 685	
Marta Oddsdóttir	20 685	
Melitta Urbancic	32 884	
Ólafía Finnbogadóttir	20 685	
Olga E. Jónsson	39 029	
Ólöf Bjarnadóttir	54 642	
Petrína Ottesen	51 719	
Ragnheiður Konráðsdóttir	34 478	
Rósa Guðnadóttir	50 621	
Rósa Þórarinsdóttir	34 478	
Sesselja Benediktsdóttir	40 000	
Sigríður Árnadóttir	124 121	
Sigríður Árnadóttir	50 621	
Sigríður Gísladóttir	20 685	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	66 580	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	21 952	
Sigrún Guðmundsdóttir	80 000	
Sigrún Thorarensen	27 582	
Sigurbjörg Jónsdóttir	20 852	
Sigurlaug Jónsdóttir	51 719	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	39 029	
Stefanía Stefánsdóttir	42 932	
Steinunn P. Eyjólfsson	23 267	
Steinunn Tómasdóttir	34 478	
Steinþóra Einarsdóttir	50 000	
Svanborg Jónsdóttir	20 129	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	34 478	
Sveindís Hansdóttir	20 685	
Valgerður Helgadóttir	34 528	
Valgerður Ólafsdóttir	31 227	
Vigdís Guðmundsdóttir	41 374	
Þóra Magnúsdóttir	27 582	

	Kr.	Kr.
Þóra Sigfúsdóttir	20 685	
Þóra Sigurðardóttir	20 685	
Þóra Skaftason	20 685	
Þorbjörg Kjartansdóttir	51 719	
Þorbjörg Leifs	41 374	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	31 031	
Þórey Jóhannsdóttir	20 685	
Þórhildur Sveinsdóttir	20 685	
Samtals		5 733 741

10. Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 03).	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Akranes	8 500	
2. Arnarstapi	1 500	
3. Ólafsvík	8 500	
4. Suðureyri	4 000	
5. Bolungarvík	12 000	
6. Hnífsdalur	4 900	
7. Ísafjörður	8 000	
8. Súðavík	5 000	
9. Hvammstangi	1 100	
10. Blönduós	300	
11. Skagaströnd	2 900	
12. Siglufjörður	2 000	
13. Ólafsfjörður	4 800	
14. Dalvík	1 500	
15. Árskógssandur	1 400	
16. Hrísey	1 000	
17. Grímsey	6 800	
18. Grenivík	750	
19. Akureyri	6 500	
20. Akureyri, dráttarbraut	1 600	
21. Þórshöfn	6 000	
22. Borgarfjörður	4 500	
23. Neskaupstaður	7 000	
24. Eskifjörður	1 000	
25. Fáskrúðsfjörður	3 000	
26. Stöðvarfjörður	450	
27. Breiðdalsvík	8 000	
28. Djúpivogur	5 500	
29. Höfn í Hornafirði	4 000	
30. Vestmannaeyjar	8 000	
31. Stokkseyri	6 000	
32. Eyrarbakki	5 000	
33. Grindavík	10 000	
34. Gerðar	1 000	
35. Vogar	1 500	
36. Hafnarfjörður	5 800	
37. Hafnarfjörður, dráttarbraut	2 000	
		161 800

11. Ferjubryggjur (10 333 04).	
1. Búðardalur	600
2. Bæir á Snæfjallaströnd	450

	Þús. kr.	Þús. kr.
3. Eyri í Mjóafirði	300	
4. Flatey á Breiðafirði	400	
5. Gemlufall	200	
6. Kleifarstaðir	200	
7. Æðey	200	
8. Vigur	1 000	
		3 350

12. Sjóvarnargarðar (10 333 08).

1. Akranes	200	
2. Álftanes	500	
3. Bessastaðir	150	
4. Borgarfjörður eystri	50	
5. Borgarnes	50	
6. Búðardalur	100	
7. Eyrarbakki	300	
8. Flateyri	250	
9. Garðskagi	200	
10. Gerðar í Garði	100	
11. Grenivík	50	
12. Grótta	150	
13. Höfn í Hornafirði	150	
14. Innri-Akraneshreppur	50	
15. Melar í Leirársveit	50	
16. Miðneshreppur	150	
17. Patreksfjörður	100	
18. Sauðárkrókur	1 250	
19. Seltjarnarnes	100	
20. Vestmannaeyjar	100	
21. Þórshöfn	200	
		4 250

Nd. 209. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1. Við 1. gr. 1. málsliður 2. mgr. 3. gr. orðist svo:
   Nú vinna hjón, sem samvistum eru, bæði fyrir skattskyldum tekjum, og eiga þá hjónin rétt á því, að dregin séu 50% frá tekjum þess, sem lægri hefur tekjurnar, áður en skattgjald er lagt á tekjur hjónanna, enda sé teknanna ekki aflað hjá fyrirtæki eða félagi, sem hjónin annað hvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti, sbr. 3. mgr.
2. Við 3. gr. 2. tölulið. Síðari málsliður 1. mgr. D-liðs 1. mgr. 7. gr. orðist svo:
   Undanþegnir skattskyldu eru þó vextir af skattfrjálsum sparisjóðsinnlánum samkvæmt 21. gr., vextir af stofnsjóðsinnstæðum í samvinnufélögum svo og vextir og vísitöluálag opinberra vísitölutryggðra spariskírteina.
3. Við 14. gr. Við 5. mgr. bætist nýir málsliðir, er orðist svo:
   Ríkisskattanefnd skal fela ríkisskattstjóra að annast útgáfu úrskurða nefndarinnar árlega. Heimilt er að stytta úrskurði í útgáfu þessari, en tryggt skal, að úrskurðir, sem gildi hafa, komi fyrir almenningssjónir.

Nd. 210. Breytingartillögur [86. mál]

við frv. til laga um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá Gils Guðmundssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni, Karvel Pálmasyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni og Þórarni Þórarinssyni.

1. Við 6. gr. 3. málsgr. orðist svo:
   Deildin er ríkisstjórninni til ráðuneytis í efnahagsmálum og heyrir beint undir ríkisstjórnina.
2. Við 10. gr.
   a. Upphaf 1. málsgr. orðist svo:
      Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar ákveður, í samráði við ríkisstjórnina, í hvaða röð (o. s. frv.).
   b. Upphaf 2. málsgr. orðist svo:
      Við gerð atvinnumálaáætlana skal stofnunin hafa náin samráð við aðila vinnumarkaðarins. Einnig skal haft samráð við samtök og stofnanir atvinnuveganna, eftir því sem við á (o. s. frv.).
3. Við 12. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Lánastofnanir og opinberir sjóðir veita Framkvæmdastofnuninni almennt yfirlit um lánveitingar til fjárfestingar og framkvæmda eftir nánari reglum, sem stjórn Framkvæmdastofnunarinnar setur. Stjórn stofnunarinnar getur að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar og í samráði við banka og stærstu fjárfestingarsjóði sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar. Skulu þá lánastofnanir og opinberir sjóðir haga lánveitingum í samræmi við það. Engri stofnun er þó skylt að veita lán, sem hún telur ekki eðlilega tryggð.

Nd. 211. Breytingartillögur [126. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Á eftir 4. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Á eftir 2. málsgr. 26. gr. komi ný málsgrein, er verði 3. málsgrein, svo hljóðandi:
   Stundi barnið kauplaust nám eftir 16 ára aldur, a. m. k. 6 mánuði á almanaksári, skulu áfram greiddar með því fjölskyldubætur fyrir hvert almanaksár, þar til nemandinn hefur náð 21 árs aldri, nema hann hafi áður öðlazt skilyrði til þess að njóta námsaðstoðar skv. gildandi reglum hverju sinni um námsaðstoð skv. lögum um Lánasjóð íslenzkra námsmanna. Bætur greiðast í einu lagi fyrir hvert ár, þegar færðar hafa verið sönnur á 6 mánaða skólavist með a. m. k. 30 kennslustundum á viku.
2. Við 11. gr. Niður falli setningin: „Fjölskyldubætur eru undanþegnar þessu ákvæði, en um hækkun þeirra fer eftir ákvörðun ríkisstjórnar hverju sinni.“

Nd. 212. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til laga um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft til athugunar frv. til laga um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt með breytingum, sem hann flytur á sérstöku þingskjali, ásamt Gylfa Þ. Gíslasyni.

Alþingi, 16. des. 1971.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form.
Gils Guðmundsson, fundaskr.
Þórarinn Þórarinsson, frsm.
Karvel Pálmason.

Nd. 213. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til laga um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt, en tveir nefndarmenn (MB og MÁM) áskilja sér rétt til að flytja brtt.

Alþingi, 16. des. 1971.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.
Gils Guðmundsson, fundaskr.
Matthías Á. Mathiesen.
Matthías Bjarnason.
Þórarinn Þórarinsson.
Gylfi Þ. Gíslason.
Karvel Pálmason.

Nd. 214. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: sem sett verði um sérstök löggjöf.
2. Við 2. gr. 1. málsliður orðist svo:
   Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 17 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, enda eigi barnið lögheimili hér á landi, og annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft hafi átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram.
3. Við 12. gr. Greinin falli niður.
4. Við 13. gr. Greinin falli niður.
5. Við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

I. Framlög til almannatrygginga skv. lögum þessum vegna ársins 1972 falla niður sem hér segir:

A. **Vegna lífeyristrygginga:**

1. Hlutur hinna tryggðu skv. b-lið 20. gr.
2. Hlutur sveitarsjóða skv. c-lið 20. gr.

B. **Vegna sjúkratrygginga:**

Iðgjöld hinna tryggðu til sjúkratrygginga skv. 2. mgr. 48. gr. laganna.

Sérstakt framlag sveitarsjóða til sjúkratrygginga skv. 3. mgr. 49. gr. laganna skal árið 1972 vera 9.77% af tilföllnum gjöldum sjúkrasamlags, þ. á m. hlut í gjöldum héraðssamlags árið 1972. Skal hvert sveitarfélag greiða sjúkrasamlagi með jöfnum greiðslum á árinu kr. 2 125.00 fyrir hvern samlagsmann gegn uppgjöri að árinu loknu.

Ríkissjóður greiðir á árinu 1972 tekjuskerðingu almannatrygginga, sem af þessum ákvæðum leiðir.

II. Í ársbyrjun 1972 skulu stjórnir sjúkrasamlaga sjá um, að hvert samlag sé gert upp nákvæmlega miðað við 1. janúar 1972. Öll álögð en óinnheimt iðgjöld skulu færð til tekna og eignar, en tilfallin, ógreidd gjöld á þeim tíma færð til gjalda og til skuldar. Útistandandi iðgjöld skulu síðan endurmetin með hliðsjón af sennilegum vanhöldum í innheimtu, ekki minna en 15%.

Jákvæður höfuðstóll þannig reiknaður skal færast hlutaðeigandi sveitarfélögum og ríkissjóði til eignar, þannig að sveitarfélög fái 42.5%, en ríkissjóður 57.5%.

Neikvæður höfuðstóll þannig reiknaður skal hins vegar með jöfnum greiðslum 1972 og 1973 jafnaður af ríkissjóði og hlutaðeigandi sveitarsjóðum, þannig að ríkissjóður greiði 57.5%, en sveitarsjóður 42.5% mismunarins.

III. Árið 1972 skal leggja á sérstakan launaskatt, er nemi 1½%. Skattur þessi skal lagður á alla sömu aðila og lög nr. 14/1965, um launaskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra að fullu um álagningu og innheimtu þessa sérstaka skatts, svo og um aðra framkvæmd hans.

Tekjur af skatti þessum renna í ríkissjóð.

Gylfi Þ. Gíslason tók fram, að hann teldi fjölskyldubætur eiga áfram að hækka sjálfkrafa í kjölfar hækkunar á kaupgjaldi, eins og lögtekið var á síðasta Alþingi, en eigi ekki að vera úrskurðaratriði ríkisstjórnarinnar, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, og mun bera fram breytingartillögu þar að lútandi. Þá vekur hann athygli á þeirri breytingu frv. á gildandi lögum, að sjálfkrafa hækkun tryggingarbóta skuli framvegis miðast við breytingar á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, en ekki kaupi í fiskvinnu, sem mun hafa í för með sér minni hækkun bóta en ella, þar eð kaup í fiskvinnu hækkaði í síðustu kjarasamningum meir en almennt verkamannakaup. Enn fremur mun hann bera fram breytingartillögu um, að greiddar skuli áfram fjölskyldubætur vegna skólanemenda til 21 árs aldurs, nema þeir hafi áður öðlazt skilyrði til þess að njóta námsaðstoðar skv. gildandi reglum hverju sinni um námsaðstoð samkvæmt lögum um Lánasjóð íslenzkra námsmanna.

Ragnhildur Helgadóttir og Ólafur G. Einarsson taka fram, að þau telja sanngjarnt og þjóðhagslega heppilegt, að tekjur ellilífeyrisþega að vissu marki verði ekki látnar valda skerðingu á rétti til tekjutryggingar skv. 4. gr. 1. mgr.

Gylfi Þ. Gíslason, Ólafur G. Einarsson og Ragnhildur Helgadóttir taka fram, að þau telji óhjákvæmilegt að átelja, hversu seint þetta mikilvæga mál var lagt fyrir Alþingi og hversu lítinn tíma nefndin hefur þess vegna haft til athugunar á því. Einkum og sér í lagi telja þau þó ámælisvert, að nefndinni skuli hafa verið ætlað að taka afstöðu til bráðabirgðaákvæðanna um fjáröflunina á nokkrum klukkustundum. Þar er um að ræða þátt í þeirri breytingu, sem ríkisstjórnin hefur boðað sem stefnu sína varðandi tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga, en heildarafstaða til þeirra mála hefur ekki verið tekin. Hins vegar er sú hækkun tryggingarbóta, sem frv.

sjálft gerir ráð fyrir, svo mikið nauðsynjamál, að þau telja rétt, að frv. nái fram að ganga.

Alþingi, 16. des. 1971.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Stefán Valgeirsson.
Gylfi Þ. Gíslason.	Jón Skaftason.	Ragnhildur Helgadóttir.
	Ólafur G. Einarsson.	

Fylgiskjal.

Greinargerð fjármálaráðuneytisins

með ákvæðum til bráðabirgða við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Ákvæði þessi fela í sér þá stefnubreytingu á fjármögnun almannatryggingakerfisins, sem ríkisstjórnin vill beita sér fyrir þegar frá 1. janúar 1972 að telja. Enn fremur fela ákvæðin í sér nokkrar hliðarráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar þessari stefnubreytingu.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

A. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður greiði allan kostnað hinna tryggðu af lífeyristryggingum, sem fólginn hefur verið í greiðslu almannatryggingagjalda, svo og hlut sveitarsjóða í kostnaði lífeyristrygginga.

Æskilegt er, að hlutur atvinnurekenda skv. d-lið 20. gr. falli einnig niður eða færist yfir á annað og fyrirhafnarminna álagningar- og innheimtuform. Þarf slík breyting að haldast í hendur við frekari skipulagsbreytingar, sem þarfnast frekari undirbúnings. Sama á við um iðgjöld atvinnurekenda til slysatrygginga.

B. Gert er ráð fyrir, að sjúkrasamlagsiðgjöld frá og með 1. janúar 1972 falli niður. Sömuleiðis er gert ráð fyrir, að sem næst helmingur þess hluta sjúkratryggingakostnaðar, sem sveitarfélög hafa borið, sbr. 3. mgr. 49. gr. laganna, falli niður, en hlutur ríkissjóðs aukist að sama skapi.

Rök til þessarar stefnubreytingar eru tvenns konar:

1. Að því er varðar niðurfellingu almannatrygginga- og sjúkrasamlagsgjalda eru þau gjöld orðin óhæfilega há, sérstaklega fyrir tekjulága, þar eð þau hafa verið lögð á án tillits til afkomu. Að óbreyttu kerfi hefðu þessi iðgjöld fyrir hjón þurft að vera nær 22 þús. kr. samtals 1972 og nær 13—16 þús. kr. fyrir einstakling. Þykir slík skattlagning á tekjulága fjölskyldumenn og skólafólk óhæfileg.
2. Að því er varðar sveitarfélög, er verið að létta af þeim meginþunga þeirra útgjalda, sem sveitarfélögin hafa engan ákvörðunarrétt um, heldur verða að sæta ákvörðun Alþingis hverju sinni. Þykir eðlilegt í því efni, að sem mest fari saman ákvörðun um útgjöld og heimildir til skattlagningar.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Sú stefna, sem mörkuð er með ákvæðum til bráðabirgða I, felur í sér alger umskipti í kostnaðarskiptingu útgjalda vegna sjúkratrygginga. Þykir nauðsynlegt, að fram fari uppgjör á öllum sjúkrasamlögum á þessum tímamótum, til þess að eignum sjúkrasamlaga eða skuldum umfram eignir, ef það á við, verði ráðstafað til þeirra aðila, sem telja má eðlilegt að taki við eignum, ef um þær er að ræða, og beri skuldir umfram eignir, þar sem svo ber undir, skv. núgildandi kostnaðarskiptingu.

Tillögurnar miðast við, að ríkissjóður og sveitarfélög beri kostnað af kerfinu frá 1. janúar 1972 í hinum nýju hlutföllum, en höfuðstóll sjúkrasamlaganna verði nákvæmlega uppgerður miðað við þann dag og skipt milli ríkis og sveitarfélaga í núgildandi hlutföllum.

Með sama hætti er gert ráð fyrir í þessum ákvæðum, að ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarfélög jafni neikvæðan höfuðstól í eldri kostnaðarhlutföllum, þannig að sveitarfélag greiði hvort tveggja, þann hlut, sem því bar, og hlut hinna tryggðu.

Þykir með þessum hætti fást sanngjarnt uppgjör á eldri kostnaðarskiptingu samlaganna.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Ákvæðið felur eingöngu í sér framlengingu fyrir árið 1972 á sérstökum launaskatti, 1½%, sem upprunalega var álagður með lögum nr. 94 18. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, en síðar framlengdur til ársloka 1971 með bráðabirgðalögum nr. 77 21. júlí 1971, um breyting á þeim lögum.

Ber nauðsyn til að framlengja skattinn, þannig að hann komi til endurskoðunar, um leið og fjármögnun almannatrygginga verður tekin til íhugunar við frekari endurskoðun þessara laga.

Ed. 215. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 94 19. nóv. 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., sem flutt er til staðfestingar á bráðabirgðalögum, útgefnum 21. júlí 1971, og mælir hún með samþykkt þess.

Alþingi, 14. des. 1971.

Ragnar Arnalds, form.	Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr.	Björn Jónsson, frsm.
Jón Árm. Héðinsson.	Halldór Blöndal, með fyrirvara.	Geir Hallgrímsson, með fyrirvara.
	Páll Þorsteinsson.	

Ed. 216. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ásgeir Bjarnason var fjarverandi, þegar málið var afgr. í nefndinni.

Alþingi, 16. des. 1971.

Björn Jónsson, form.	Björn Fr. Björnsson, fundaskr.	Auður Auðuns, frsm.
Eggert G. Þorsteinsson.	Axel Jónsson.	Helgi Seljan.

Ed. 217. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

3. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ásgeir Bjarnason var fjarverandi, þegar málið var afgr. í nefndinni.

Alþingi, 16. des. 1971.

Björn Jónsson, form.	Björn Fr. Björnsson, fundaskr.	Auður Auðuns, frsm.
Eggert G. Þorsteinsson.	Axel Jónsson.	Helgi Seljan.

Ed. 218. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. marz 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Ásgeir Bjarnason var fjarverandi, þegar málið var afgr. í nefndinni.

Alþingi, 16. des. 1971.

Björn Jónsson, form.	Björn Fr. Björnsson, fundaskr.	Auður Auðuns, frsm.
Eggert G. Þorsteinsson.	Axel Jónsson.	Helgi Seljan.

Ed. 219. Breytingartillaga [133. mál]

við frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Tómasi Karlssyni.

Við a-lið 3. gr. bætist:
Þó skal leggja 3% af fasteignamati íbúðar í þéttbýli á þann hluta fasteignamats, sem er umfram 3 millj. kr. Einnig skal hver sjálfstæður gjaldandi, sem á tvær eða fleiri íbúðir, greiða 3% af þeim hluta samanlagðs fasteignamats íbúðarhúseigna hans, sem er hærri en 3 millj. kr.

Nd. 220. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Alþýðuflokkurinn er fylgjandi þeirri meginstefnu þessa frv. að halda áfram þeirri áætlunargerð, sem tekin hefur verið upp í vaxandi mæli á undanförnum áratug og hefur verið í höndum Efnahagsstofnunar, Framkvæmdasjóðs, Atvinnujöfnunarsjóðs og einstakra ráðuneyta. Þessi áætlunargerð hefur reynzt mjög nytsamleg. Hér hefur verið um að ræða samningu þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar fyrir þjóðarbúið í heild, árlegar áætlanir um opinberar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra, áætlun um þróun iðnaðarins, samgönguáætlun fyrir Vestfirði og Austurland og atvinnumálaáætlun fyrir Norðurland, sérstakar áætlanir á sviði menntamála og gagnasöfnun til að gera mögulega áætlun um þróun landbúnaðarins. Þá hefur Efnahagsstofnunin í samvinnu við verðlagsráð sjávarútvegsins og samtök í þeirri grein komið á fót ýtarlegu upplýsingakerfi um afkomu sjávarútvegsins, sem verið hefur og hlýtur að verða grundvöllur stefnumótunar og áætlunargerðar á því sviði. Enn fremur hefur Efnahagsstofnunin verið ríkisstjórn til ráðuneytis, og hefur það gefið mjög góða raun. Einnig hefur hún unnið að hlutlausum hagrannsóknum, sem reynzt hafa haft ómetanlega þýðingu við gerð kjarasamninga og ákvörðun fiskverðs.

Allri þessari nytsömu starfsemi á að halda áfram samkvæmt frumvarpinu. Auk þess styður Alþýðuflokkurinn þá auknu áherzlu á mikilvægi áætlunargerðar og þá samhæfingu hennar, sem í frv. felst. Að einu leyti er ríkjandi skipulag í þessum efnum enn fremur bætt, þ. e. með því að sameina Framkvæmdasjóð og Atvinnujöfnunarsjóð undir eina stjórn. Alþýðuflokkurinn styður því öll atriði frv., sem um þessi efni fjalla.

Hins vegar telur flokkurinn stjórnarfyrirkomulag stofnunarinnar mjög varhugavert, eins og það er ráðgert í frv., og raunar einsdæmi, bæði hér á landi og í nálægum löndum. Eðlilegt er, að yfirstjórn slíkrar stofnunar sé í höndum þingkjörinnar stjórnar. En frv. gerir jafnframt ráð fyrir pólitísku framkvæmdaráði, skipuðu af ríkisstjórninni, og mun það hafa úrslitavöld í stofnuninni, þar eð það á að láta gera allar áætlanir stofnunarinnar, gera tillögur um allar rekstraráætlanir og starfsáætlanir, tillögur um allar lánveitingar og meira að segja ráða starfsfólk hinna þriggja deilda stofnunarinnar. Sérfræðilegir forstöðumenn deildanna eiga að verða undirmenn þessara pólitísku fulltrúa og engan tillögurétt hafa um störf deilda sinna og ekki einu sinni að ráða starfsfólki sínu. Engin dæmi eru í íslenzku stjórnkerfi um tvöfalda pólitíska stjórn stofnunar, þ. e. pólitíska yfirstjórn, kjörna af Alþingi, og pólitíska framkvæmdastjóra, skipaða af ríkisstjórn. Hingað til hefur hið fyrra verið talið nægja, enda eðlilegt. Hið síðara er algert nýmæli og algjörlega óeðlilegt og auk þess varhugavert fordæmi. Þess vegna flyt ég breytingartillögu um, að ákvæðin um hið pólitíska framkvæmdaráð verði felld úr frv., en stofnuninni hins vegar skipaður einn framkvæmdastjóri til þess að annast daglegan rekstur og myndi hann og forstöðumenn deilda framkvæmdaráð stofnunarinnar.

Í 16. gr. er gert ráð fyrir því, að lánadeildin geti haft vörzlu og bókhald þeirra sjóða, sem eru í umsjón stofnunarinnar, og annazt afgreiðslu og innheimtu. Ef þessi heimild væri notuð, væri komið á fót nýjum banka. Mun það mál flestra, að nógu margir bankar séu í landinu. Seðlabanki Íslands annast nú rekstur Framkvæmdasjóðs og Landsbanki Íslands rekstur Atvinnujöfnunarsjóðs. Yrði að því augljós og óþarfur kostnaðarauki, ef Framkvæmdastofnunin tæki þennan rekstur að sér. Þess vegna flyt ég breytingartillögu um, að stofnunin skuli fela ríkisbönkum rekstur sjóðanna.

Þá flyt ég ásamt fjórum öðrum fjárhagsnefndarmönnum þrjár breytingartillögur á þskj. 210, en fyrir þeim beitti ég mér sérstaklega í nefndinni. Mikilvægust

er sú tillaga að gera hagrannsóknadeildina óháða pólitískri yfirstjórn stofnunarinnar og láta hana heyra beint undir ríkisstjórnina, með svipuðum hætti og Hagstofa Íslands heyrir beint undir ráðherra, en hefur ekki sérstaka stjórn. Hagrannsóknir þurfa að vera óháðar og hlutlausar og geta notið fyllsta trausts almennings, aðila vinnumarkaðsins og allra þeirra einstaklinga, fyrirtækja og samtaka í þjóðfélaginu, sem þurfa á að halda hlutlausum upplýsingum um efnahagsmál. Hagrannsóknastörf Efnahagsstofnunarinnar hafa notið sérstaks trausts allra aðila, og er bót að því, að sú starfsemi verði sem sjálfstæðust.

Alþingi, 16. des. 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 221. Breytingartillögur [86. mál]

við frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (GÞG).

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin skipar framkvæmdastjóra Framkvæmdastofnunar ríkisins, er annast daglega stjórn stofnunarinnar. Framkvæmdastjórinn og forstöðumenn deilda mynda framkvæmdaráð stofnunarinnar.
2. Við 16. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Lánadeildin skal fela starfandi ríkisbanka eða ríkisbönkum vörzlu og bókhald þeirra sjóða, sem eru í umsjá Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem og afgreiðslu lánsfjár og innheimtu.

Nd. 222. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til laga um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar á nokkrum fundum sínum. Á fundum nefndarinnar mættu fulltrúar úr stjórn Efnahagsstofnunarinnar, Seðlabanka Íslands, ríkisbankanna, Atvinnujöfnunarsjóðs, Framkvæmdasjóðs, Hagstofu Íslands og fjármálaráðuneytisins, en ekki hafði verið haft samráð né leitað umsagnar þessara aðila við undirbúning frumvarpsins.

Það er öllum ljóst, sem fylgzt hafa með gangi opinberra mála s. l. áratug, að fyrrverandi ríkisstjórn hafði í vaxandi mæli kallað til starfa á sviði efnahagsmála sérfræðinga, sem hafa haft á hendi rannsókn á þjóðarbúskapnum og verið ríkisstjórninni til ráðuneytis í efnahagsmálum.

Var starfsemi þessari komið fyrir í föstu formi hjá sérstakri stofnun frá 1962, Efnahagsstofnuninni. Sú reynsla, sem fengizt hefur af störfum Efnahagsstofnunarinnar og annarra þeirra stofnana, sem hafa verið til ráðuneytis, er sú, að engin ástæða er til breytinga þar, allra sízt slíkra breytinga, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, þ. e. til að ná pólitískum áhrifum í stjórn faglegra stofnana, sem eru eðli sínu samkvæmt ópólitískar.

Slíkar breytingar mundu torvelda mjög samstarf við aðra aðila, sem nauðsynlegt er fyrir slíka stofnun að hafa.

Undirritaðir nefndarmenn telja, að með frumvarpinu sé stefnt að óæskilegum afskiptum stjórnvalda af atvinnulífinu með beinni pólitískri íhlutun og tilkomu þriggja pólitískra manna í framkvæmdastjórn, sem hafa hlotið heitið „kommissarar".

Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði fellt. Ef svo fer ekki, viljum við freista þess að sníða af frv. verstu vankantana með breytingartillögum, sem við flytjum á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. des. 1971.

Matthías Bjarnason, frsm. Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 223. Breytingartillögur [86. mál]

við frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá Matthíasi Bjarnasyni og Matthíasi Á. Mathiesen.

1. 4. gr. orðist svo:

   Að fengnum tillögum stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar skipar ríkisstjórnin forstjóra stofnunarinnar, er hefur yfirumsjón með daglegum rekstri áætlunardeildar og lánadeildar hennar. Forstjórinn og forstöðumenn áætlunardeildar og lánadeildar mynda framkvæmdaráð.

   Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör forstjóra, forstöðumanna deilda og annarra starfsmanna.
2. 6. gr. orðist þannig:

   Forstöðumaður hagrannsóknadeildar nefndist hagrannsóknarstjóri. Starf hans skal heyra beint undir forsætisráðherra.

   Hagrannsóknadeild annast nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings áætlanagerða stofnunarinnar, svo og gagnasöfnun og skýrslugerð um framkvæmd þeirra áætlana, sem gerðar hafa verið og samþykktar af ríkisstjórninni, sbr. 11. gr.

   Hagrannsóknadeildin annast gerð þjóðhagsreikninga og almennra þjóðhagsáætlana. Skulu áætlanir gerðar til langs tíma um þróun þjóðarbúsins.

   Deildin er ríkisstjórninni til sérfræðilegs ráðuneytis í efnahagsmálum og annast hagfræðilegar athuganir fyrir ríkisstjórnina, Seðlabankann og aðra opinbera aðila, eftir því sem um semst.
3. Við 10. gr. 2. málsgr. orðist svo:

   Við gerð atvinnumálaáætlana skal stofnunin leita umsagnar aðila vinnumarkaðarins og þeirra ráðuneyta, sem fara með málefni atvinnuveganna. Einnig skal hafa samráð við samtök og stofnanir atvinnuveganna, og er heimilt að fela þessum aðilum einstaka þætti áætlunargerðarinnar.
4. Á eftir 11. gr. bætist ný grein, er verður 12. gr., svo hljóðandi:

   Forstöðumaður áætlunardeildar annast daglega stjórn deildarinnar undir yfirumsjón forstjóra. Hann undirbýr fjárhagsáætlun deildarinnar og fylgist með framkvæmd hennar. Hann gerir tillögur til framkvæmdaráðs um ráðningu starfsfólks. Hann sér um, að þær áætlanir séu undirbúnar, sem ákveðið hefur verið að gera samkvæmt 3. og 5. gr. og III. kafla, og sér um, að fylgzt sé með framkvæmd þeirra áætlana, sem samþykktar hafa verið.

5. 12. gr. (verður 13. gr.) orðist svo:
Lánastofnanir og opinberir sjóðir veita Framkvæmdastofnuninni almennt yfirlit um lánveitingar til fjárfestingar og framkvæmda eftir nánari reglum, sem stjórn Framkvæmdastofnunarinnar setur. Stjórn stofnunarinnar getur að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar og í samráði við banka og stærstu fjárfestingarsjóði sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar.
6. Við 13. gr. (verður 14. gr.). Á eftir orðunum „nýrrar fjármögnunar" komi: Skulu þær athuganir lagðar fyrir stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins.
7. Við 16. gr. (verður 17. gr.). 1. málsgrein falli niður.
8. Á eftir 17. gr. bætist ný grein, er verði 19. grein og orðist svo:
Forstöðumaður lánadeildar annast daglega stjórn deildarinnar undir yfirumsjón forstjóra. Hann undirbýr fjárhagsáætlun deildarinnar og fylgist með framkvæmd hennar. Hann gerir tillögur til framkvæmdaráðs um ráðningu starfsfólks. Hann sér um, að tæknilegar og fjárhagslegar athuganir fari fram á lánsumsóknum til Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs og að upplýsingar liggi fyrir um efnahag, fjármál og rekstur þeirra fyrirtækja, sem um lán sækja, og undirbýr í samráði við forstjóra tillögur um einstakar lánveitingar. Þá fylgist hann með, að lán séu tryggð með eðlilegum hætti, að útborgun lánsfjár fari fram í samræmi við sett skilyrði, og hefur yfirumsjón með innheimtu lána.
9. Við 26. gr. (verður 28. gr.). Í stað orðsins „Byggðasjóður" í greininni og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi: Byggðajafnvægissjóður.
10. Við 28. gr. (verður 30. gr.). 2. töluliður orðist svo:
Framlag úr ríkissjóði skal vera 2% af árlegum tekjum ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi, í fyrsta sinn af tekjum ársins 1972, sem greiðist sjóðnum í byrjun hvers mánaðar af innheimtum tekjum næsta mánaðar á undan, í fyrsta sinn í byrjun febrúarmánaðar 1972.
11. 32. gr. (verður 34. gr.) orðist svo:
Framkvæmdaráð gerir árlega frumvarp að áætlunum um heildarútlán Byggðasjóðs, m. a. á grundvelli byggðaáætlana. Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins tekur ákvörðun í samráði við ríkisstjórnina um frumvarp framkvæmdaráðs og um forgang byggðaáætlana svo og um einstakar lánveitingar Byggðasjóðs að fengnum umsögnum deildarstjóra lánadeildar, hagdeilda viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækja, viðkomandi landshlutasamtaka sveitarfélaga svo og þeirra stofnlánasjóða, sem gert er ráð fyrir að láni í viðkomandi framkvæmd.

Nd. 224. Breytingartillögur [121. mál]

við frv. til l. um vörugjald.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Fyrir „18/1927" í 2. mgr. komi: 79/1971.
2. Við 7. gr. 3. mgr. orðist svo:
Þá skal ákveða með reglugerð, hvernig auðkenna skuli vörureikninga þá, er fylgja gjaldskyldri vöru framleiðanda eða umboðssala, svo og hvort og hvernig slík vara skuli auðkennd framleiðanda og innflytjanda, þegar varan er seld í smásölu.
3. Við 9. gr. Síðari málsl. 1. mgr. orðist svo:
Þá er og óheimilt að taka við innfluttum vörugjaldsskyldum vörum, nema fullnægt hafi verið ákvæðum sömu reglugerðar um merkingu smásöluumbúða.

Nd. 225. Breytingartillaga [126. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

Aftan við frv. bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Ráðherra getur ákveðið frestun á álagningu og innheimtu vegna ársins 1972 á hlut hinna tryggðu til lífeyristrygginga skv. b-lið 20. gr., hlut sveitarsjóða skv. c-lið 20. gr., hlut atvinnurekenda skv. d-lið 20. gr. og iðgjöldum hinna tryggðu til sjúkratrygginga skv. 2. mgr. 48. gr. e. Frestunin standi þó eigi lengur en til marzloka. Þann tíma skal ríkissjóður sjá fyrir rekstrarfé til lífeyris- og sjúkratrygginga.

Nd. 226. Breytingartillaga [119. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

Frá fjárhagsnefnd.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er orðist svo:
Á eftir 20. gr. laganna komi eftirfarandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Verð á hvers konar vöru má eigi hækka frá því, sem var 1. nóvember 1970, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og mega þau ekki leyfa neina hækkun á vöruverði, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til slíkrar hækkunar skal vera háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

Hundraðshluti álagningar á vörum í heildsölu og smásölu má eigi hækka frá því, sem var 1. nóvember 1970, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, sbr. ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vinnu eða þjónustu.

Ákvæði 1. og 2. málsgr. þessarar gr. taka á hliðstæðan hátt til seldrar þjónustu og framlags, í hvaða formi sem er, þar á meðal til hvers konar þjónustu og framlags, sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra, svo og aðrir opinberir aðilar, láta í té gegn gjaldi. Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til þeirrar hækkunar húsaleigu, sem ákveðin var skv. fyrri málsgr. 6. gr. laga nr. 94/1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að öll opinber gjöld, önnur en þau, sem ákveðin eru í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, megi eigi hækka frá því, sem var á árinu 1970, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun á slíku gjaldi þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi aðila.

Ed. 227. Breytingartillaga [124. mál]

við frv. til laga um Tækniskóla Íslands.

Frá Halldóri Blöndal.

Við 7. gr. 2. mgr. orðist svo:

Heimilt er að starfrækja undirbúningsdeild skólans á Akureyri, Ísafirði og á öðrum þeim stöðum, þar sem slíkt þykir henta. Á Akureyri skal rísa sjálfstæður tækniskóli, strax og aðsókn og aðrar aðstæður leyfa, og skal nú þegar hafinn nauðsynlegur undirbúningur að stofnun skólans.

Nd. 228. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu, og um hækkun á aflahlut og breytt fiskverð.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er orðist svo:
Fyrsti málsliður 4. gr. laganna orðist svo:
Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal það til 1. febrúar 1972 greiða 16% af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) aflans til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, 13% frá og með 1. febrúar 1972 og 10% frá og með 31. október 1972.

Nd. 229. Lög [89. mál]

um orlof.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 132.

Nd. 230. Lög [90. mál]

um 40 stunda vinnuviku.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 141.

Nd. 231. Frumvarp til laga [126. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. des.)

Samhljóða þskj. 170 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

2. málsgr. 6. gr. orðist svo:
Rísi ágreiningur um bætur, leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Þeim úrskurði má áfrýja til tryggingadóms, sem sett verði um sérstök löggjöf.

2. gr. hljóðar svo:

14. gr. orðist svo:
Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 17 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, enda eigi barnið lögheimili hér á landi, og annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft hafi átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram. Séu báðir foreldrar látnir eða ófærir um að inna framfærsluskyldu sína af hendi, skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.
Sömu réttarstöðu hafa kjörbörn og stjúpbörn, þegar eins stendur á. Þó skal ekki greiddur barnalífeyrir vegna fráfalls eða örorku stjúpföður, ef barnið á framfærsluskyldan föður á lífi. Eigi skal heldur greiða barnalífeyri vegna fráfalls eða örorku ættleiðanda, nema barnið hafi verið á framfæri hans a. m. k. tvö síðustu árin, áður

en lífeyrisréttur gat stofnazt. Heimilt er tryggingaráði að stytta þennan frest, ef sýnt þykir, að ættleiðingin standi ekki í sambandi við væntanlegan bótarétt.

Tryggingaráð getur ákveðið að greiða barnalífeyri með barni ellilífeyrisþega svo og með barni manns, sem sætir gæzlu- eða refsivist, enda hafi vistin varað a. m. k. þrjá mánuði.

Ef ekki reynist gerlegt að feðra barn, er heimilt að greiða með því barnalífeyri. Með umsókn um lífeyri fyrir ófeðrað barn skulu fylgja málsskjöl varðandi faðernismálið og skal tryggingaráð meta, hvort þau skjöl eru fullnægjandi til þess að greiðsla sé heimiluð.

Barnalífeyrir greiðist foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum, er annast framfærslu þeirra að fullu.

Árlegur lífeyrir með hverju barni skal vera kr. 36 108.00. Ekki skal greiða barnalífeyri vegna þeirra barna, er njóta örorkulífeyris.

12. gr. (lokagrein) frv. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1972.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

I. Framlög til almannatrygginga skv. lögum þessum vegna ársins 1972 falla niður sem hér segir:

A. **Vegna lífeyristrygginga:**

1. Hlutur hinna tryggðu skv. b-lið 20. gr.
2. Hlutur sveitarsjóða skv. c-lið 20. gr.

B. **Vegna sjúkratrygginga:**

Iðgjöld hinna tryggðu til sjúkratrygginga skv. 2. mgr. 48. gr. laganna.

Sérstakt framlag sveitarsjóða til sjúkratrygginga skv. 3. mgr. 49. gr. laganna skal árið 1972 vera 9.77% af tilföllnum gjöldum sjúkrasamlags, þ. á m. hlut í gjöldum héraðssamlags árið 1972. Skal hvert sveitarfélag greiða sjúkrasamlagi með jöfnum greiðslum á árinu kr. 2 125.00 fyrir hvern samlagsmann gegn uppgjöri að árinu loknu.

Ríkissjóður greiðir á árinu 1972 tekjuskerðingu almannatrygginga, sem af þessum ákvæðum leiðir.

II. Í ársbyrjun 1972 skulu stjórnir sjúkrasamlaga sjá um, að hvert samlag sé gert upp nákvæmlega miðað við 1. janúar 1972. Öll álögð en óinnheimt iðgjöld skulu færð til tekna og eignar, en tilfallin, ógreidd gjöld á þeim tíma færð til gjalda og til skuldar. Útistandandi iðgjöld skulu síðan endurmetin með hliðsjón af sennilegum vanhöldum í innheimtu, ekki minna en 15%.

Jákvæður höfuðstóll þannig reiknaður skal færast hlutaðeigandi sveitarfélögum og ríkissjóði til eignar, þannig að sveitarfélög fái 42.5%, en ríkissjóður 57.5%.

Neikvæður höfuðstóll þannig reiknaður skal hins vegar með jöfnum greiðslum 1972 og 1973 jafnaður af ríkissjóði og hlutaðeigandi sveitarsjóðum, þannig að ríkissjóður greiði 57.5%, en sveitarsjóður 42.5% mismunarins.

III. Árið 1972 skal leggja á sérstakan launaskatt, er nemi 1½%. Skattur þessi skal lagður á alla sömu aðila og lög nr. 14/1965, um launaskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra að fullu um álagningu og innheimtu þessa sérstaka skatts, svo og um aðra framkvæmd hans.

Tekjur af skatti þessum renna í ríkissjóð.

Nd. 232. Breytingartillaga [126. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Við 2. gr. 2. málsliður orðist svo:
Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar, skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.

Nd. 233. Breytingartillaga [126. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Á eftir 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
Orðin „sem átt hafa sér stað eftir 1. janúar 1961“ í síðustu mgr. 11. gr. falli niður.

Ed. 234. Frumvarp til laga [126. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67 frá 20. apríl 1971.

(Eftir 3. umr. í Nd., 17. des.).

1. gr.

2. málsgr. 6. gr. orðist svo:
Rísi ágreiningur um bætur, leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Þeim úrskurði má áfrýja til tryggingadóms, sem sett verði um sérstök löggjöf.

2. gr.

Orðin, „sem átt hafa sér stað eftir 1. janúar 1961“ í síðustu mgr. 11. gr. falli niður.

3. gr.

14. gr. orðist svo:
Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 17 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, enda eigi barnið lögheimili hér á landi, og annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft hafi átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar, skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.

Sömu réttarstöðu hafa kjörbörn og stjúpbörn, þegar eins stendur á. Þó skal ekki greiddur barnalífeyrir vegna fráfalls eða örorku stjúpföður, ef barnið á framfærsluskyldan föður á lífi. Eigi skal heldur greiða barnalífeyri vegna fráfalls eða örorku ættleiðanda, nema barnið hafi verið á framfæri hans a. m. k. tvö síðustu árin, áður en lífeyrisréttur gat stofnazt. Heimilt er tryggingaráði að stytta þennan frest, ef sýnt þykir, að ættleiðingin standi ekki í sambandi við væntanlegan bótarétt.

Tryggingaráð getur ákveðið að greiða barnalífeyri með barni ellilífeyrisþega svo og með barni manns, sem sætir gæzlu- eða refsivist, enda hafi vistin varað a. m. k. þrjá mánuði.

Ef ekki reynist gerlegt að feðra barn, er heimilt að greiða með því barnalífeyri. Með umsókn um lífeyri fyrir ófeðrað barn skulu fylgja málsskjöl varðandi faðernis-

málið, og skal tryggingaráð meta, hvort þau skjöl eru fullnægjandi til þess að greiðsla sé heimiluð.

Barnalífeyrir greiðist foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum, er annast framfærslu þeirra að fullu.

Árlegur lífeyrir með hverju barni skal vera kr. 36 108.00. Ekki skal greiða barnalífeyri vegna þeirra barna, er njóta örorkulífeyris.

4. gr.

17. gr. orðist svo:

Hver, sem á lögheimili hér á landi og verður ekkja eða ekkill innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í 6 mánuði eftir lát maka, kr. 7368.00 á mánuði.

Hafi bótaþegi barn yngra en 17 ára á framfæri sínu, á hann rétt á bótum í 12 mánuði til viðbótar, kr. 5525.00 á mánuði.

5. gr.

19. gr. orðist svo:

Nú eru tekjur elli- eða örorkulífeyrisþega lægri en kr. 120 000.00 á ári, og skal þá hækka lífeyri hans um það, sem á vantar þá fjárhæð. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

Heimilt er að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komizt af án þess. Við ákvörðun um hækkun lífeyris samkvæmt 1. og 2. málsgrein hér að framan skulu umsóknir um hækkun rökstuddar t. d. með skattaframtölum. Enn fremur skal höfð hliðsjón af því, hvort eignum bótaþega hefur verið ráðstafað með þeim hætti, að það valdi synjun hækkunar.

Að fengnum tillögum tryggingaráðs setur ráðherra reglugerð um framkvæmd lífeyrishækkunar samkvæmt þessari grein.

6. gr.

Í b-lið 29. gr. falli burtu orðin „hjá meistara".

7. gr.

Í stað orðanna „3. málsgr. 29. greinar" í 30. gr. c.-lið komi: 4. málsgr. 29. greinar.

8. gr.

Upphaf 3. málsgr. 33. gr. orðist svo:

Dagpeningar eru kr. 317.00 á dag fyrir hvern einstakling og kr. 75.00 fyrir hvert barn á framfæri ...

9. gr.

4. málsgr. 44. gr. orðist svo:

Sjúkradagpeningar skulu ekki vera hærri en slysadagpeningar samkvæmt 33. grein og ekki lægri en kr. 251.00 á dag fyrir einstakling 17 ára og eldri og kr. 75.00 fyrir hvert barn á framfæri, þar með talin börn utan heimilis, sem umsækjandi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

10. gr.

Á eftir orðunum „ella allt að ⅔ hlutum" í 6. málsgr. 44. gr. komi: Lækkunin tekur þó ekki til sjúkradagpeninga vegna barna sjúklings.

Niðurlagsorð 6. málsgr.: „Dagpeningar húsmóður" o. s. frv., falli niður.

11. gr.

Við 54. gr. bætist:

Starfsfólk sjúkrasamlaga, Tryggingastofnunarinnar og umboðsmenn hennar skulu kynna sér til hlítar aðstæður umsækjenda og bótaþega og gera þeim grein fyrir ýtrasta rétti þeirra samkv. lögum þessum, reglugerðum og starfsreglum stofnananna.

12. gr.

78. gr. orðist svo:

Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, og skal ráðherra þá innan 6 mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum og greiðslum samkvæmt 73. gr. í samræmi við það. Fjölskyldubætur eru undanþegnar þessu ákvæði, en um hækkun þeirra fer eftir ákvörðun ríkisstjórnar hverju sinni.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1972.

Ákvæði til bráðabirgða.

I. Framlög til almannatrygginga skv. lögum þessum vegna ársins 1972 falla niður sem hér segir:

A. **Vegna lífeyristrygginga:**

1. Hlutur hinna tryggðu skv. b-lið 20. gr.
2. Hlutur sveitarsjóða skv. c-lið 20. gr.

B. **Vegna sjúkratrygginga:**

Iðgjöld hinna tryggðu til sjúkratrygginga skv. 2. mgr. 48. gr. laganna.

Sérstakt framlag sveitarsjóða til sjúkratrygginga skv. 3. mgr. 49. gr. laganna skal árið 1972 vera 9.77% af tilföllnum gjöldum sjúkrasamlags, þ. á m. hlut í gjöldum héraðssamlags árið 1972. Skal hvert sveitarfélag greiða sjúkrasamlagi með jöfnum greiðslum á árinu kr. 2 125.00 fyrir hvern samlagsmann gegn uppgjöri að árinu loknu.

Ríkissjóður greiðir á árinu 1972 tekjuskerðingu almannatrygginga, sem af þessum ákvæðum leiðir.

II. Í ársbyrjun 1972 skulu stjórnir sjúkrasamlaga sjá um, að hvert samlag sé gert upp nákvæmlega miðað við 1. janúar 1972. Öll álögð en óinnheimt iðgjöld skulu færð til tekna og eignar, en tilfallin, ógreidd gjöld á þeim tíma færð til gjalda og til skuldar. Útistandandi iðgjöld skulu síðan endurmetin með hliðsjón af sennilegum vanhöldum í innheimtu, ekki minna en 15%.

Jákvæður höfuðstóll þannig reiknaður skal færast hlutaðeigandi sveitarfélögum og ríkissjóði til eignar, þannig að sveitarfélög fái 42.5%, en ríkissjóður 57.5%.

Neikvæður höfuðstóll þannig reiknaður skal hins vegar með jöfnum greiðslum 1972 og 1973 jafnaður af ríkissjóði og hlutaðeigandi sveitarsjóðum, þannig að ríkissjóður greiði 57.5%, en sveitarsjóður 42.5% mismunarins.

III. Árið 1972 skal leggja á sérstakan launaskatt, er nemi 1½%. Skattur þessi skal lagður á alla sömu aðila og lög nr. 14/1965, um launaskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra að fullu um álagningu og innheimtu þessa sérstaka skatts, svo og um aðra framkvæmd hans.

Tekjur af skatti þessum renna í ríkissjóð.

Nd. 235. Frumvarp til laga [119. mál]

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. des.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með verðlagsákvarðanir fer 9 manna nefnd, verðlagsnefnd. 3 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu

Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Formaður nefndarinnar er skipaður án tilnefningar. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans. Viðskiptaráðherra skipar nefndina.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972 og gilda til 31. desember 1972.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verð á hvers konar vöru má eigi hækka frá því, sem var 1. nóvember 1970, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og mega þau ekki leyfa neina hækkun á vöruverði, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til slíkrar hækkunar skal vera háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

Hundraðshluti álagningar á vörum í heildsölu og smásölu má eigi hækka frá því, sem var 1. nóvember 1970, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, sbr. ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vinnu eða þjónustu.

Ákvæði 1. og 2. málsgr. þessarar gr. taka á hliðstæðan hátt til seldrar þjónustu og framlags, í hvaða formi sem er, þar á meðal til hvers konar þjónustu og framlags, sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra, svo og aðrir opinberir aðilar, láta í té gegn gjaldi. Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til þeirrar hækkunar á húsaleigu, sem ákveðin var skv. fyrri málsgr. 6. gr. laga nr. 94/1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að öll opinber gjöld, önnur en þau, sem ákveðin eru í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, megi eigi hækka frá því, sem var á árinu 1970, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun á slíku gjaldi þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi aðila.

Sþ. 236. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur unnið að tillögugerð um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Nefndin hefur haft samráð við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Hann hefur að venju aflað upplýsinga um rekstur einstakra flóabáta. Nefndin hefur orðið að gera nokkra hækkun á framlögum til flóabáta og vöruflutninga. Munar þar mest um framlög til 4 stærstu bátanna. Tillögur nefndarinnar eru við það miðaðar að tryggja, að haldið verði uppi nauðsynlegum samgöngum milli héraða í landinu og til einstakra byggðarlaga, þar sem örðugleikar eru á samgöngum.

Norðurlandssamgöngur.

Norðurlandsbáturinn Drangur heldur aðallega uppi vetrarferðum um farsvæði sitt. Síðan kaupstaðirnir Ólafsfjörður og Siglufjörður fengu akvegasamband, þurfa þeir aðeins á ferðum bátsins að halda að vetrarlagi. Einnig heldur þessi bátur uppi ferðum til Grímseyjar. Nefndin leggur til, að framlög til þessa báts hækki um 600 þús. kr.

Lagt er til, að styrkur til flugferða til Grímseyjar verði jafnhár og s. l. ár, 250 þús. kr. Nefndin leggur til, að veittar verði 170 þús. kr. til Strandabáts. Þessi bátur annast farþega- og póstflutninga milli Hólmavíkur, Djúpuvíkur og Gjögurs í Árneshreppi.

Lagt er til, að Hríseyjarbátur fái 175 þús. kr. og Flateyjarbátur á Skjálfanda 50 þús. kr. Enn fremur leggur nefndin til, að veittur verði styrkur til snjóbifreiðar í Dalvíkurlæknishéraði, 100 þús. kr., og til snjóbifreiðar, sem annist ferðir frá Akureyri, þegar þörf gerist, 100 þús. kr. Einnig til snjóbifreiðar í Þórshafnarlæknishéraði 100 þús. kr.

Austfjarðasamgöngur.

Lagt er til, að framlag til Mjóafjarðarbáts hækki um 50 þús. kr. Mikið gagn hefur orðið af rekstri snjóbifreiðar á Austfjörðum vegna læknisþjónustu og til reglubundinna ferða yfir snjóþunga fjallvegi. Lagt er til, að styrkur til snjóbifreiðar verði 500 þús. kr. á Fjarðarheiði, og er það 180 þús. kr. hækkun, til snjóbifreiðar á Oddsskarði 300 þús. kr. og til snjóbifreiðar á Fagradal 140 þús. kr. Stuðningur við vetrarferðir milli Stöðvarfjarðar og Egilsstaðaflugvallar er aukinn um 50 þús. kr. Framlög til snjóbifreiðar í Vopnafjarðarlæknishéraði, snjóbifreiðar læknishéraðanna á Fljótsdalshéraði og til snjóbifreiðar, er heldur uppi ferðum milli Borgarfjarðar og Egilsstaða, eiga samkvæmt till. n. að haldast óbreytt frá því, sem er á þessu ári. Sama gildir um framlög vegna vöruflutninga til Öræfa.

Suðurlandssamgöngur.

Vöruflutningar til hinna hafnlausu byggðarlaga í Skaftafellssýslu eru mjög kostnaðarsamir og hafa verið 140 kr. pr. 100 kg. Leggur n. því til, að framlög til vöruflutninga á Suðurlandi verði 1300 þús. kr., og er það 300 þús. kr. hækkun. Styrkur til vatnadreka við Skeiðará er hækkaður um 25 þús. kr. Þá er lagt til, að framlög til Vestmannaeyjabáts vegna mjólkurflutninga verði 700 þús. kr.

Faxaflóasamgöngur.

Rekstur Akraborgar, sem heldur uppi ferðum milli Akraness og Reykjavíkur, hefur reynzt fjárhagslega örðugur. Horfur eru á, að svo verði einnig á næsta ári. N. leggur til, að framlagið hækki um 900 þús. kr. Lagt er til, að styrkur til Mýrabáts verði 25 þús. kr.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Flóabáturinn Baldur h/f í Stykkishólmi á í fjárhagserfiðleikum, m. a. vegna skulda, sem á skipinu hvíla. Verkefni Baldurs verða aukin, því að fyrirhugað er, að hann haldi uppi að mestu eða öllu leyti þeim ferðum, sem Flateyjarbátur á Breiðafirði hefur áður annazt, og er framlag til hans nú fellt niður, en á þessu ári nemur það 475 þús. kr. N. telur óhjákvæmilegt að hækka framlag til Baldurs, þannig að rekstrarstyrkur nemi 5 millj. kr. og byggingarstyrkur 2 millj. kr. Er það samtals 2.3 millj. kr. hækkun. Báturinn hefði þörf fyrir meiri hækkun, og ber nauðsyn til að sjá honum fyrir meiri verkefnum. Framlag til Langeyjarbáts er lagt til að sé óbreytt. Enn fremur er lagt til, að 75 þús. kr. séu veittar til vetrarflutninga í Breiðuvíkurhreppi og 50 þús. kr. til vetrarflutninga í Haukadalshreppi.

Vestfjarðasamgöngur.

Djúpbáturinn h/f á Ísafirði heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kauptúnanna í V.-Ísafjarðarsýslu. Skipið Fagranes annast þær ferðir. N. telur rétt að hækka framlag til bátsins um 500 þús. kr. Framlag til Patreksfjarðarbáts, 35 þús. kr., er óbreytt, og sama er að segja um framlag til vetrarflutninga yfir Kleifaheiði, en

það nemur 150 þús. kr. Lagt er til, að veittar verði 200 þús. kr. til reglubundinna ferða yfir fjallveginn Hálfdán vegna mjólkurflutninga. Enn fremur er lagt til, að framlag Dýrafjarðarbáts haldist óbreytt 75 þús. kr. og að veittar verði til snjóbifreiðar í A.-Barðastrandarsýslu 100 þús. kr. og til snjóbifreiðar á Botnsheiði 300 þús. kr.

Samkvæmt þessu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1972 24 millj. 650 þús. kr., og skiptist sú upphæð þannig.

1.	Norðurlandsbátur	3 000	þús.	kr.
2.	Til Strandaferða	170	—	—
3.	Hríseyjarbátur	175	—	—
4.	Grímsey, vegna flugferða	250	—	—
5.	Flateyjarbátur á Skjálfanda	50	—	—
6.	Til snjóbifreiðar í Dalvíkurlæknishéraði	100	—	—
7.	Mjóafjarðarbátur	350	—	—
8.	Til snjóbifreiðar í Vopnafirði	100	—	—
9.	Til snjóbifreiðar á Fjarðarheiði	500	—	—
10.	Til snjóbifreiðar á Fagradal	140	—	—
11.	Til snjóbifreiðar á Oddsskarði	300	—	—
12.	Til snjóbifreiðar læknishéraðanna á Fljótsdalshéraði	100	—	—
13.	Til snjóbifreiðar milli Borgarfjarðar og Egilsstaða	100	—	—
14.	Til bifreiðar Stöðvarfjörður—Egilsstaðaflugvöllur	100	—	—
15.	Til vöruflutninga á Suðurlandi	1 300	—	—
16.	Til vöruflutninga til Öræfa	80	—	—
17.	Til vatnadreka á Skeiðará	75	—	—
18.	Til Vestmannaeyjabáts, vegna mjólkurflutninga	700	—	—
19.	H/f Skallagrímur — Akraborg	5 200	—	—
20.	Mýrabátur	25	—	—
21.	Til vetrarflutninga í Breiðuvíkurhreppi	75	—	—
22.	Stykkishólmsbáturinn Baldur	5 000	—	—
	Sami — byggingarstyrkur	2 000	—	—
23.	Langeyjarnesbátur	150	—	—
24.	Til snjóbifreiðar í A.-Barðastrandarsýslu	100	—	—
25.	Til vetrarflutninga yfir Kleifaheiði	150	—	—
26.	Patreksfjarðarbátur	35	—	—
27.	Til vetrarflutninga yfir Hálfdán	200	—	—
28.	Dýrafjarðarbátur	75	—	—
29.	Til snjóbifreiðar yfir Botnsheiði	300	—	—
30.	Djúpbátur h/f — Fagranes	3 500	—	—
31.	Til snjóbifreiðar í Þórshafnarhéraði	100	—	—
32.	Til vetrarflutninga í Haukadal	50	—	—
33.	Snjóbifreið á Akureyri	100	—	—

Alþingi, 17. des. 1971.

Björn Pálsson, form. Nd.-nefndar, frsm.
Björn Jónsson, form. Ed.-nefndar.
Garðar Sigurðsson, fundaskr. Nd.-nefndar.
Páll Þorsteinsson, fundaskr. Ed.-nefndar.
Stefán Valgeirsson.
Sverrir Hermannsson.
Pétur Pétursson.
Friðjón Þórðarson.
Helgi Seljan.
Jón Árm. Héðinsson.
Ásgeir Bjarnason.
Karvel Pálmason.
Jón Árnason.
Steinþór Gestsson.

Ed. 237. Frumvarp til laga [66. mál]

um breyting á lögum nr. 87 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. des.)

1. gr.

Síðari mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma í lögum um almannatryggingar, né heldur takmarka meðlagsskyldu barnsföður (meðlagsskylds) við lægri aldur barns en á hverjum tíma gildir um barnalífeyri skv. almannatryggingalögum.

2. gr.

Aftan við lögin bætist ný gr., svo hljóðandi:

Frá 1. janúar 1972 skal greiða barnsmeðlög, þar til barn nær þeim aldri, er á hverjum tíma gildir um greiðslu barnalífeyris skv. almannatryggingalögum, þótt í meðlagsúrskurði hafi verið ákveðið lægra aldursmark.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 238. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyting á lögum nr. 57 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. des.)

1. gr.

Aftan við lögin bætist 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (29. gr.) Ekki má ákveða lægri meðlagsgreiðslu með skilgetnu barni né takmarka meðlagsgreiðslu við lægri aldur barns en þegar um er að ræða óskilgetið barn.

b. (30. gr.) Frá 1. janúar 1972 skal greiða meðlag með skilgetnu barni, þar til það nær þeim aldri, er 29. gr. kveður á um, þótt áður hafi verið ákveðið lægra aldursmark.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 239. Frumvarp til laga [121. mál]

um vörugjald.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. des.)

Samhljóða þskj. 157 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Enginn má framleiða vöru í söluskyni, sem gjaldskyld er samkvæmt lögum þessum, nema hann hafi áður fengið til þess leyfisbréf hjá tollstjóra í því umdæmi, sem framleiðslan fer fram.

Fyrir leyfisbréf skal greiða 10 000 kr. til ríkissjóðs. Leyfisbréf, er heimilar vörugerð samkvæmt lögum þessum, skal koma í stað iðjuleyfis samkvæmt lögum nr. 79/1971, um iðju og iðnað, og ákvæða 13. tl. 29. gr. laga nr. 104/1965, um aukatekjur ríkissjóðs.

Leyfisbréf til vörugerðar gildir í 5 ár frá og með útgáfudegi. Fyrir endurnýjun leyfisbréfs skal gjalda 5 000 kr. í ríkissjóð.

7. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra sker úr, verði ágreiningur um, hvaða vörur séu gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum.

Fjármálaráðherra setur reglugerð um innlenda vörugerð, um hús, rúm og búnað, þar sem vörugerð fer fram, um geymslu á hráefnum og tilbúnum óafhentum vörum, um gerð og merkingu umbúða, um afhendingu og sölu varanna, um bókhald vörugerðar og annað það, er þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtuna.

Þá skal ákveða með reglugerð, hvernig auðkenna skuli vörureikninga þá, er fylgja gjaldskyldri vöru framleiðanda eða umboðssala, svo og hvort og hvernig slík vara skuli auðkennd framleiðanda og innflytjanda, þegar varan er seld í smásölu.

9. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að taka við innlendum framleiðsluvörum, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum og ætlaðar eru til endursölu, nema þeim fylgi auðkenndur vörureikningur í samræmi við ákvæði reglugerðar, sem fjármálaráðuneytið setur. Þá er og óheimilt að taka við innfluttum vörugjaldsskyldum vörum, nema fullnægt hafi verið ákvæðum sömu reglugerðar um merkingu smásöluumbúða.

Ef aðili verður uppvís að því að taka á móti vörugjaldsskyldri vöru á vörureikningi, sem ekki er auðkenndur samkvæmt framansögðu, eða án vörureiknings, eða án auðkennis innflytjanda á smásöluumbúðum, skal hann ábyrgjast greiðslu gjaldsins.

Að öðru leyti skal farið með mál hans skv. 14. gr. þessara laga.

Nd. 240. Lög [99. mál]

um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 117.

Ed. 241. Breytingartillögur [126. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá Eggert G. Þorsteinssyni.

1. Á eftir 5. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Á eftir 2. málsgr. 26. gr. komi ný málsgrein, er verði 3. málsgrein, svo hljóðandi:

Stundi barnið kauplaust nám eftir 16 ára aldur, a. m. k. 6 mánuði á almanaksári, skulu áfram greiddar með því fjölskyldubætur fyrir hvert almanaksár, þar

til nemandinn hefur náð 21 árs aldri, nema hann hafi áður öðlazt skilyrði til þess að njóta námsaðstoðar skv. gildandi reglum hverju sinni um námsaðstoð skv. lögum um Lánasjóð íslenzkra námsmanna. Bætur greiðast í einu lagi fyrir hvert ár, þegar færðar hafa verið sönnur á 6 mánaða skólavist með a. m. k. 30 kennslustundum á viku.

2. Við 12. gr. Niður falli setningin: „Fjölskyldubætur eru undanþegnar þessu ákvæði, en um hækkun þeirra fer eftir ákvörðun ríkisstjórnar hverju sinni.“

Ed. 242. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum við frumvarpið.

Eggert G. Þorsteinsson tók fram, að hann teldi fjölskyldubætur eiga áfram að hækka sjálfkrafa í kjölfar hækkunar á kaupgjaldi, eins og lögtekið var á síðasta Alþingi, en eigi ekki að vera úrskurðaratriði ríkisstjórnarinnar, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, og mun bera fram breytingartillögu þar að lútandi. Þá vekur hann athygli á þeirri breytingu frv. á gildandi lögum, að sjálfkrafa hækkun tryggingarbóta skuli framvegis miðast við breytingar á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, en ekki kaupi í fiskvinnu, sem mun hafa í för með sér minni hækkun bóta en ella, þar eð kaup í fiskvinnu hækkaði í síðustu kjarasamningum meir en almennt verkamannakaup. Enn fremur mun hann bera fram breytingartillögu um, að greiddar skuli áfram fjölskyldubætur vegna skólanemenda til 21 árs aldurs, nema þeir hafi áður öðlazt skilyrði til þess að njóta námsaðstoðar skv. gildandi reglum hverju sinni um námsaðstoð samkvæmt lögum um Lánasjóð íslenzkra námsmanna.

Auður Auðuns og Axel Jónsson taka fram, að þau telja sanngjarnt og þjóðhagslega heppilegt, að tekjur ellilífeyrisþega að vissu marki verði ekki látnar valda skerðingu á rétti til tekjutryggingar skv. 5. gr. 1. mgr.

Eggert G. Þorsteinsson, Auður Auðuns og Axel Jónsson taka fram, að þau telji óhjákvæmilegt að átelja, hversu seint þetta mikilvæga mál var lagt fyrir Alþingi og hversu lítinn tíma nefndin hefur þess vegna haft til athugunar á því. Einkum og sér í lagi telja þau þó ámælisvert, að nefndinni skuli hafa verið ætlað að taka afstöðu til bráðabirgðaákvæðanna um fjáröflunina á nokkrum klukkustundum. Þar er um að ræða þátt í þeirri breytingu, sem ríkisstjórnin hefur boðað sem stefnu sína varðandi tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga, en heildarafstaða til þeirra mála hefur ekki verið tekin. Hins vegar er sú hækkun tryggingarbóta, sem frv. sjálft gerir ráð fyrir, svo mikið nauðsynjamál, að þau telja rétt, að frv. nái fram að ganga.

Alþingi, 18. des. 1971.

Björn Jónsson, form.	Björn Fr. Björnsson, fundaskr.	Helgi Seljan, frsm.
Auður Auðuns, með fyrirvara.	Axel Jónsson, með fyrirvara.	Eggert G. Þorsteinsson.

Ásgeir Bjarnason.

Sþ. **243. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1972.

Frá fjárveitinganefnd.

		Þús. kr.
1.	Við 4. gr. 1 02 203 Raunvísindastofnun háskólans.	
	a. Við 04 Rannsóknastofa í efnafræði.	
	Fyrir „2 070“ kemur	2 370
	b. Við 05 Rannsóknastofa í jarðvísindum.	
	Fyrir „6 680“ kemur	7 180
2.	Við 4. gr. 1 02 232 02 Til frumathuguna á nýtingu náttúruauðæfa landsins.	
	Fyrir „2 000“ kemur	2 200
3.	Við 4. gr. 1 02 303 0 80 Menntaskólinn á Laugarvatni, gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „18 000“ kemur	18 250
4.	Við 4. gr. 1 02 321 0 80 Kennaraháskóli Íslands, gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „16 200“ kemur	17 200
5.	Við 4. gr. 1 02. Nýr liður:	
	621 Skálholtsskóli:	
	0 90 Yfirfærslur:	
	0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka 4 000	
	Gjöld samtals	4 000
6.	Við 4. gr. 1 02 762. Sundurliðun 2. 37. Textinn orðast svo: Vestmannaeyjar, sundlaug.	
7.	Við 4. gr. 1 02 762. Sundurliðun 3. 14. Fyrir orðið „Skagafjarðarsýsla“ kemur: Til skóla í Skagafirði.	
8.	Við 4. gr. 1 02 762. Sundurliðun 4. Nýr liður á eftir 26. lið:	
	Keflavík, íþróttahús	300
9.	Við 4. gr. 1 02 901 Landsbókasafn.	
	a. Við 0 10 Laun.	
	Fyrir „8 301“ kemur	8 401
	b. Við 0 20 Önnur rekstrargjöld.	
	Fyrir „1 710“ kemur	1 610
10.	Við 4. gr. 1 02 902 0 92 Þjóðminjasafnið, til sveitarfélaga.	
	Fyrir „1 190“ kemur	1 340
11.	Við 4. gr. 1 02 903 0 10 Þjóðskjalasafnið, laun.	
	Fyrir „4 207“ kemur	4 367
12.	Við 4. gr. 1 02 921 0 80 Þjóðgarðurinn, Skaftafelli, gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „525“ kemur	775
13.	Við 4. gr. 1 02 982 13. Liðurinn orðast svo:	
	Listkynning í skólum og námskeið í listiðnaði	400
14.	Við 4. gr. 1 02 982 17. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Heiðurslaun listamanna samkv. ákvörðun Alþingis (02 982 17).

1. Ásmundur Sveinsson	175
2. Brynjólfur Jóhannesson	175
3. Guðmundur G. Hagalín	175
4. Gunnar Gunnarsson	175

			Þús. kr.
	5. Halldór Laxness	175	
	6. Jóhannes S. Kjarval	175	
	7. Jóhannes úr Kötlum	175	
	8. Páll Ísólfsson	175	
	9. Ríkarður Jónsson	175	
	10. Tómas Guðmundsson	175	
	11. Þórbergur Þórðarson	175	
			1 925
15.	Við 4. gr. 1 02 982. Nýr liður:		
	20 Listahátíð í Reykjavík 1972		1 500
16.	Við 4. gr. 1 02 983 03 Vísinda- og fræðimenn.		
	Fyrir „580“ kemur		680
17.	Við 4. gr. 1 02 988 06 Æskulýðssamband Íslands.		
	Fyrir „175“ kemur		200
18.	Við 4. gr. 1 02 999 12 Til Bandalags ísl. leikfélaga.		
	Fyrir „400“ kemur		450
19.	Við 4. gr. 1 02 999 24 Bandalag ísl. skáta, hjálparsveitir.		
	Fyrir „400“ kemur		550
20.	Við 4. gr. 1 02 999 25 Barnavinafélagið Sumargjöf.		
	Fyrir „800“ kemur		1 500
21.	Við 4. gr. 1 02 999 28 Dagheimili, byggingastyrkir. Við sundurliðun bætast nýir liðir:		
	a. Kópavogur		125
	b. Seyðisfjörður		75
22.	Við 4. gr. 1 02 999 39 Sumardvalarheimili, dagheimili o. fl.		
	Fyrir „1500“ kemur		2 000
23.	Við 4. gr. 1 02 999 44 Styrkur til Hlíðardalsskóla.		
	Fyrir „350“ kemur		500
24.	Við 4. gr. 1 02 999 61 Heimildarkvikmynd um sjómennsku.		
	Liðurinn fellur niður.		
25.	Við 4. gr. 1 03 401 35 Aðstoð við þróunarlöndin.		
	Fyrir „1 500“ kemur		3 000
26.	Við 4. gr. 1 04 206 03 Rannsóknastofnun landbúnaðarins, búfjárræktardeild.		
	Fyrir „5 464“ kemur		5 974
27.	Við 4. gr. 1 04 206 11 Tilraunastöðin Skriðuklaustri		
	Fyrir „1 317“ kemur		1 817
28.	Við 4. gr. 1 04 246 0 10 Veiðimálaskrifstofan, laun.		
	Fyrir „2 623“ kemur		2 923
29.	Við 4. gr. 1 04 246 0 94 Veiðimálaskrifstofan, til einstaklinga, heimila og samtaka.		
	Fyrir „1 800“ kemur		2 300
30.	Við 4. gr. 1 04 286 03 Fyrirhleðslur. Við sundurliðun c. bætast nýir liðir:		
	a. Á eftir 23. lið:		
	Deildará		30
	b. Á eftir 54. lið:		
	Eystri-Rangá		20
31.	Við 4. gr. 1 04 299 Nýr liður:		
	06 Einangrunarstöð holdanauta		2 000
32.	Við 4. gr. 1 04 299 15 Tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands.		
	Fyrir „200“ kemur		300
33.	Við 4. gr. 1 05 101 Sjávarútvegsráðuneytið, laun.		
	Fyrir „4 991“ kemur		5 361

		Þús. kr.
34.	Fyrir 4. gr. 1 05 201 Fiskifélag Íslands.	
	a. Við 04 Aflaskýrslur, söfnun og úrvinnsla.	
	Fyrir „1 222“ kemur	1 472
	b. Nýr liður:	
	Fiskeldi í sjó	300
35.	Við 4. gr. 1 05 299. Nýir liðir:	
	a. 10 Verðuppbætur á línufisk	20 000
	b. 11 Til að tryggja útgerðarfyrirtækjum viðgerðarþjónustu á fiskleitartækjum	500
	c. 12 Heimildarkvikmynd um sjómennsku	250
36.	Við 4. gr. 1 06 211 0 80 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta, gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „4 120“ kemur	5 120
37.	Við 4. gr. 1 06 254 Sjómælingar og sjókortagerð. Nýr liður:	
	0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	300
38.	Við 4. gr. 1 06 255 0 20 Umferðarráð, önnur rekstrargjöld.	
	Fyrir „1 030“ kemur	2 030
39.	Við 4. gr. 1 06 301 15 Prestar og prófastar.	
	Fyrir „66 960“ kemur	67 460
40.	Við 4. gr. 1 06 301 16 Byggingar á prestssetrum.	
	Fyrir „4 500“ kemur	5 500
41.	Við 4. gr. 1 06 371 Kirkjubyggingasjóður.	
	Fyrir „3 500“ kemur	4 000
42.	Við 4. gr. 1 08 381 03 Bygging sjúkrahúsa o. fl. Sundurliðun a. 1. Reykjavík.	
	Fyrir „26 000“ kemur	28 000
43.	Við 4. gr. 1 09 384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun. Við sundurliðun bætist:	
	Barnastyrkur:	
	Anna Bjarnadóttir	250

44. Við 6. gr. XXVII. Nýir liðir:
    a. Að ábyrgjast lán að upphæð allt að 2.5 millj. kr. fyrir flugfélagið Erni h/f á Ísafirði vegna kaupa félagsins á sjúkraflugvél, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
    b. Að auka hlutafé ríkisins í Slippstöðinni h/f á Akureyri í 45 millj. kr. og ábyrgjast lán vegna hlutafélagsins allt að 25 m.kr.
    c. Að auka hlutafé ríkisins í Útgerðarfélaginu Þormóði ramma á Siglufirði í 28 millj. kr.
    d. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af dísilrafstöð, sem Rafveita Reyðarfjarðar hefur fest kaup á hjá Fosskraft h/f.
    e. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af vélum og tækjum til væntanlegrar virkjunar í Blævardalsá í Nauteyrarhreppi.
    f. Að ábyrgjast greiðslu á skuldum Síldarverksmiðja ríkisins á árunum 1973—1976, allt að 87 millj. kr.
    g. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir byggingasjóð Rannsóknastofnana sjávarútvegsins vegna byggingaframkvæmda að Skúlagötu 4.
    h. Að taka við skuldabréfi til sex ára að fjárhæð allt að 4 millj. kr. sem greiðslu á aðflutningsgjöldum og söluskatti af prentvélum Blaðprents h/f.
    i. Að verja söluandvirði eigna Vegagerðar ríkisins til áframhaldandi byggingar nýs áhaldahúss á Akureyri.
    j. Að taka að sér greiðslur skulda Síldarverksmiðjunnar Rauðku og gefa Siglufjarðarkaupstað eftir þá fjárhæð, þó eigi yfir 24 millj. kr.
    k. Að taka allt að 7 millj. kr. lán til byggingar vörugeymslu Skipaútgerðar ríkisins í Reykjavík.

l. Að ákveða, að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1972 hjá allt að 25 fötluðum mönnum eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.
m. Að ábyrgjast allt að 12 millj. kr. lán vegna byggingar vinnu- og dvalarheimilis Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra við Hátún 12 í Reykjavík, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
n. Að ábyrgjast allt að 80% af kaupverði skuttogara skv. nánari reglum, sem ríkisstjórnin setur.
o. Að afla allt að 20 millj. kr. vegna rekstrar togara á árinu 1971 skv. reglum, sem ríkisstjórnin setur.
p. Að ábyrgjast allt að 6 millj. kr. lán til Norðurflugs á Akureyri til kaupa á flugvél til sjúkraflugs gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
r. Að endurgreiða þinglýsingar- og stimpilgjöld af lánsskjölum, sem gefin verða út í sambandi við togara þá, sem samið hefur verið um smíði á erlendis, eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins.
s. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af tækjum í sambandi við notkun lyfja fyrir sykursjúka og nauðsynlegum fæðutegundum fyrir slíka sjúklinga, samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins.
t. Að endurgreiða söluskatt og aðflutningsgjöld af vélum og tækjum vegna væntanlegrar virkjunar Rafveitu Reykjarfjarðarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Sþ. 244. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1972.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

		Þús. kr.
1.	Við 3. gr. 1 Tekjur.	
a.	Við 1 11 01. Liðurinn orðast svo: Almannatryggingagjald (eftirstöðvar)	110 000
b.	Við 1 12 01 Eignarskattur einstaklinga. Fyrir „126 630“ kemur	106 600
c.	Við 1 12 02 Byggingasjóðsgjald. Fyrir „1 266“ kemur	1 066
d.	Við 1 12 03 Eignarskattur félaga. Fyrir „50 400“ kemur	117 800
e.	Við 1 12 04 Byggingasjóðsgjald. Fyrir „504“ kemur	1 178
f.	Við 1 12 11 Erfðafjárskattur. Fyrir „10 000“ kemur	25 000
g.	Við 1 13 01 Tekjuskattur einstaklinga. Fyrir „1 468 120“ kemur	2 677 000
h.	Við 1 13 02 Byggingasjóðsgjald. Fyrir „14 681“ kemur	26 770
i.	Við 1 13 03 Tekjuskattur félaga. Fyrir „212 080“ kemur	450 000
j.	Við 1 13 04 Byggingasjóðsgjald. Fyrir „2 121“ kemur	4 500
2.	Við 3. gr. 1 Tekjur.	
a.	Við 1 15 01. Liðurinn orðist svo: Aðflutningsgjöld 4 656 000 Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 232 800	4 423 200

			Þús. kr.
b.	Við 1 15 02 Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum.		
	Fyrir „19 000“ kemur		21 200
c.	Við 1 15 03 Byggingariðnaðarsjóðsgjald.		
	Fyrir „5 000“ kemur		5 200
d.	Við 1 15 04 Tollstöðvargjald.		
	Fyrir „21 369“ kemur		23 280
e.	Við 1 15 05 Byggingasjóðsgjald.		
	Fyrir „21 369“ kemur		23 280
f.	Við 1 15 11 Innflutningsgjald af benzíni.		
	Fyrir „640 000“ kemur		658 200
g.	Við 1 15 12 Gúmmígjald.		
	Fyrir „48 100“ kemur		47 100
h.	Við 1 16 01 Gjald af innlendum tollvörum.		
	Fyrir „96 700“ kemur		101 500
i.	Við 1 16 02 Sælgætisgjald.		
	Fyrir „4 050“ kemur		4 340
j.	Við 1 16 03 Flöskugjald.		
	Fyrir „31 300“ kemur		33 500
k.	Við 1 16 04 Álgjald.		
	Fyrir „46 085“ kemur		43 200
3.	Við 3. gr. 1 Tekjur.		
a.	Við 1 17 01. Liðurinn orðast svo:		
	Söluskattur	4 759 800	
	Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	380 800	
			4 379 000
b.	Við 1 17 11 Miðagjald til Menningarsjóðs.		
	Fyrir „3 640“ kemur		3 900
c.	Við 1 17 12. Liðurinn orðast svo:		
	Skemmtanaskattur	27 000	
	÷ endurgreiðslur	6 100	
			20 900
d.	Við 1 17 21 Launaskattur.		
	Fyrir „699 110“ kemur		797 000
e.	Við 1 17 31 Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.		
	Fyrir „1 090 000“ kemur		1 330 000
f.	Við 1 17 32 Gjald af seldum vindlingum.		
	Fyrir „13 300“ kemur		13 600
g.	Við 1 17 33 Gjald af seldum eldspýtum.		
	Fyrir „1 700“ kemur		1 730
h.	Við 1 17 51 Síldargjald.		
	Fyrir „1 730“ kemur		1 600
i.	Við 1 17 52 Ferskfiskmatsgjald.		
	Fyrir „16 700“ kemur		17 700
j.	Við 1 17 53 Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum.		
	Fyrir „12 500“ kemur		12 700
k.	Við 1 17 92 Sérleyfisgjald.		
	Fyrir „3 600“ kemur		3 750
l.	Við 1 17 93 Gjald af eyðublöðum heillaskeyta.		
	Fyrir „200“ kemur		210
4.	Við 3. gr. 1 Tekjur.		
a.	Við 1 19 01 Stimpilgjald.		
	Fyrir „16 200“ kemur		180 000

		Þús. kr.
b.	Við 1 19 02 Aukatekjur.	
	Fyrir „36 000“ kemur	35 000
c.	Við 1 19 03 Þinglýsingar.	
	Fyrir „55 000“ kemur	62 000
d.	Við 1 19 11 Bifreiðaskattur.	
	Fyrir „206 700“ kemur	211 500
e.	Við 1 19 13 Skrásetningargjald bifreiða.	
	Fyrir „7 600“ kemur	7 700
f.	Við 1 19 22 Vitagjald.	
	Fyrir „3 300“ kemur	3 400
g.	Við 1 19 23 Skipaskoðunargjald.	
	Fyrir „2 700“ kemur	2 500
h.	Við 1 19 32 Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.	
	Fyrir „95 500“ kemur	99 800
i.	Við 1 19 39 Leyfisgjald.	
	Fyrir „7 850“ kemur	9 700
j.	Við 1 19 94 Einkaleyfisgjald frá Happdrætti H. Í.	
	Fyrir „9 500“ kemur	10 600
k.	Við 1 19 95 Prófgjald bifreiðastjóra.	
	Fyrir „1 040“ kemur	1 100
5.	Við 4. gr. 1 01 171 Framlag til Byggðasjóðs.	
	Fyrir „146 085“ kemur	143 200
6.	Við 4. gr. 1 02 276 Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.	
	Fyrir „9 500“ kemur	10 600
7.	Við 4. gr. 1 02 1 02 972 Ríkisútvarp, sjónvarp, aðflutningsgjöld.	
	Fyrir „19 000“ kemur	21 200
8.	Við 1 02 976 Menningarsjóður.	
	Fyrir „5 000“ kemur	5 260
9.	Við 4. gr. 1 02 985 Félagsheimilasjóður.	
	Fyrir „18 180“ kemur	18 290
10.	Við 4. gr. 1 02 986 02 Íþróttasamband Íslands.	
	Fyrir „6 676“ kemur	6 746
11.	Við 4. gr. 1 04 271 Landgræðslusjóður.	
	Fyrir „3 922“ kemur	4 012
12.	Við 4. gr. 1 05 272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegs.	
	Fyrir „6 450“ kemur	6 530
13.	Við 4. gr. 1 06 282. Nýr liður:	
	10 Vegna yfirtöku ríkisins á löggæzlukostnaði sveitarfélaga	150 000
14.	Við 4. gr. 1 07 271 Húsnæðismálastofnun ríkisins.	
	Fyrir „413 041“ kemur	470 294
15.	Við 4. gr. 1 07 971 Erfðafjársjóður.	
	Fyrir „10 000“ kemur	25 000
16.	Við 4. gr. 1 07 974 Styrktarsjóður fatlaðra.	
	Fyrir „3 038“ kemur	3 255
17.	Við 4. gr. 1 07 975 Styrktarsjóður vangefinna.	
	Fyrir „23 475“ kemur	25 125
18.	Við 4. gr. 1 07 999 01 Aðstoð við blinda.	
	Fyrir „1 112“ kemur	1 185
19.	Við 4. gr. 1 07 999 13 Slysavarnafélag Íslands.	
	Fyrir „4 723“ kemur	4 793
20.	Við 4. gr. 1 07 999 14 Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra.	
	Fyrir „1 800“ kemur	1 830

		Þús. kr.
21.	Við 4. gr. 1 08 271 Tryggingastofnun ríkisins.	
	Fyrir „3 795 200“ kemur	5 522 200
22.	Við 4. gr. 1 08 399 08 Hjartavernd.	
	Fyrir „7 825“ kemur	8 375
23.	Við 4. gr. 1 08 399 09 Krabbameinsfélag Íslands.	
	Fyrir „3 326“ kemur	3 406
24.	Við 4. gr. 1 09 281 Tollstöðvar, framlag.	
	Fyrir „21 369“ kemur	23 280
25.	Við 4. gr. 1 09. Nýr liður:	
	385 Til verðlagsuppbóta o. fl.	
	0 10 Laun 250 000	
	Gjöld samtals	250 000
26.	Við 4. gr. 1 10 211 0 27 Vegagerð, viðhald.	
	Fyrir „240 600“ kemur	262 600
27.	Við 4. gr. 1 10 672 Sérleyfissjóður.	
	Fyrir „3 600“ kemur	3 750
28.	Við 4. gr. 1 12 201 Niðurgreiðslur á vöruverði.	
	Fyrir „1 635 400“ kemur	1 185 400

Sþ. 245. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1972.

		Þús. kr.
I.	Frá *Auði Auðuns* og *Ragnhildi Helgadóttur.*	
	Við 4. gr. 1 02 999 33. Til Kvenfélagasambands Íslands.	
	Fyrir „1 000“ kemur	1 345
II.	Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*	
	Við 4. gr. 1 10 321 03 Flóabátar og vöruflutningar.	
	Fyrir „19 355“ kemur	24 650
III.	Frá *Ragnhildi Helgadóttur.*	
	Við 6. gr. XXVII. Nýr liður:	
	Að verja allt að 15 millj. kr. til byrjunarframkvæmda við byggingu skóla- íþróttahúss við Hamrahlíð í Reykjavík.	

Nd. 246. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86 16. des. 1943, um ákvörðun leigumála og söluverð lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. des. 1971.

Skúli Alexandersson, form., frsm. Bjarni Guðnason, fundaskr. Jón Skaftason.

Ólafur E. Einarsson. Ragnhildur Helgadóttir. Gylfi Þ. Gíslason. Stefán Valgeirsson.

Ed. 247. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til. l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. — Geir Hallgrímsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. des. 1971.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.
Halldór Blöndal.	Jón Árm. Héðinsson.	Björn Jónsson.

Ed. 248. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til laga um vörugjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. des. 1971.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr.	Björn Jónsson.
Páll Þorsteinsson.	Halldór Blöndal.	Geir Hallgrímsson.
	Jón Árm. Héðinsson.	

Sþ. 249. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1972 og við brtt. á þskj. 243.

		Þús. kr.
I.	Frá *Gunnari Gíslasyni.*	
	Við 4. gr. 1 02 553 Húsmæðraskólar. Sundurliðun:	
	a. Við 2. Blönduós.	
	Fyrir „500“ kemur	1 000
	b. Nýr liður á eftir 2. lið:	
	Langamýri	1 200
II.	Frá *Benedikt Gröndal.*	
	1. Við 4. gr. 1 02 762. Sundurliðun 1. 4. Akranes, íþróttahús.	
	Fyrir „1 546“ kemur	2 000
	2. Við 4. gr. 1 02 762. Sundurliðun 3. 6. Borgarnes, íþróttahús.	
	Fyrir „1 944“ kemur	3 000
III.	Frá *Ingólfi Jónssyni, Ágúst Þorvaldssyni, Garðari Sigurðssyni* og *Stefáni Gunnlaugssyni.*	
	Við brtt. 243, 14. (Við 4. gr. 1 02 982 17). Í sundurliðun bætist á eftir 2. lið:	
	Guðmundur Daníelsson	175

		Þús. kr.
IV.	Frá *Stefáni Gunnlaugssyni* og *Jóni Árm. Héðinssyni.*	
	Við brtt. 243, 17. (Við 4. gr. 1 02 988 06 Æskulýðssamband Íslands).	
	Fyrir „200“ kemur	330
V.	Frá *Guðlaugi Gíslasyni.*	
	1. Við 4. gr. 1 02 999 06 Náttúrugripasafn Vestmannaeyja.	
	Fyrir „100“ kemur	300
	2. Við 4. gr. 1 02 999. Nýr liður:	
	67 Til Styrktarsjóðs nemenda við Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum	200
	3. Við 4. gr. 1 07 399 02. Liðurinn orðist svo:	
	Vatnsveitur, skv. lögum	20 500
	Þar af til Vatnsveitu Vestmannaeyja 10 500 000 kr.	
VI.	Frá *Benedikt Gröndal, Jóni Árm. Héðinssyni* og *Eggert G. Þorsteinssyni.*	
	Við 4. gr. 1 07 999 21 Neytendasamtökin.	
	Fyrir „125“ kemur	1 000
VII.	Frá *Matthíasi Bjarnasyni, Guðlaugi Gíslasyni, Sverri Hermannssyni, Gunnari Gíslasyni, Friðjóni Þórðarsyni* og *Pétri Sigurðssyni.*	
	Við 4. gr. 1 07 999. Nýr liður:	
	25 Byggingarsjóður aldraðra	18 000
	Sundurliðun verði á þessa leið:	
	Til nýbygginga:	
	a) Ísafjörður 4 000	
	b) Vestmannaeyjar 4 000	
	c) Egilsstaðir 4 000	
	d) Sauðárkrókur 2 000	
	e) Borgarnes 2 000	
	f) Fellsendi 2 000	
VIII.	Frá *Gunnari Gíslasyni.*	
	Við 4. gr. 1 08 381 03 Bygging sjúkrahúsa o. fl. Sundurliðun.	
	Nýr liður á eftir 8. lið:	
	Sauðárkrókur	430
IX.	Frá *Pétri Sigurðssyni.*	
	Við 4. gr. 1 08 399 21. Liðurinn orðist svo:	
	Elliheimili, rekstrarstyrkir	5 000
X.	Frá *Eggert G. Þorsteinssyni, Jóni Árm. Héðinssyni, Benedikt Gröndal* og *Pétri Sigurðssyni.*	
	Við 4. gr. 1 08 399. Nýr liður:	
	26 Byggingasjóður aldraðra	10 000
XI.	Frá *Ragnari Arnalds, Benedikt Gröndal, Lárusi Jónssyni, Birni Jónssyni* og *Eysteini Jónssyni.*	
	Við 4. gr. 1 09 999 03. Liðurinn orðist svo:	
	Til kaupa á dagblöðum og aðalmálgagni Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, svo og til kaupa á kjördæmismálgögnum stjórnmálaflokkanna, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar	13 500

XII. Frá *Gunnari Gíslasyni.*
Við 4. gr. 1 10 333 03 Hafnarmannvirki. Sundurliðun 9. Hvammstangi.
Fyrir „1 100“ kemur 2 100

XIII. Frá *Guðlaugi Gíslasyni.*
Við 4. gr. 1 10 471 Flugmálastjórn.
Fyrir „205 651“ kemur 210 651
Við liðinn bætist:
Þar af til Vestmannaeyjaflugvallar 11.2 millj. kr. til lagfæringar flugbrauta, tækjakaupa og til að gera slitlag úr olíumöl eða öðru varanlegu efni.

XIV. Frá *Pétri Péturssyni.*
Við 4. gr. 1 11 299 08 Til útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.
Fyrir „4 000“ kemur 6 000

XV. Frá *Pétri Sigurðssyni.*
1. Við 5. gr. 2 02 872 Lánasjóður ísl. námsmanna. Við lið 1 80 Framlög úr ríkissjóði bætist:
Þar af til nemenda í stýrimannaskólum, Vélskóla Íslands, framhaldsdeildum búnaðarskóla og til framhaldsnáms iðnaðarmanna og kennara, sem ekki eru stúdentar, 20 millj. kr.
2. Við 6. gr. XXVII. Nýr liður:
Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af búnaði í eldhús og matsali sjúkrahúsa, elliheimila og skyldra stofnana.

Nd. 250. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. des. 1971.

Skúli Alexandersson, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Ragnhildur Helgadóttir, frsm.
Ólafur G. Einarsson.	Jón Skaftason.	Stefán Valgeirsson.
	Gylfi Þ. Gíslason.	

Nd. 251. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. des. 1971.

Skúli Alexandersson, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Ragnhildur Helgadóttir, frsm.
Ólafur G. Einarsson.	Jón Skaftason.	Stefán Valgeirsson.
	Gylfi Þ. Gíslason.	

Nd. 252. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. marz 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. des. 1971.

Skúli Alexandersson, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson, frsm.
Ragnhildur Helgadóttir.	Jón Skaftason.	Stefán Valgeirsson.
	Gylfi Þ. Gíslason.	

Sþ. 253. Fyrirspurn [143. mál]

til fjármálaráðherra um söluskatt á raforku til húshitunar.

Frá Lárusi Jónssyni.

Hvenær hyggst ríkisstjórnin afnema það misrétti að leggja söluskatt á raforku til húshitunar, en ekki á hitaveitu eða olíu í sama skyni?

Ed. 254. Breytingartillaga [126. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við ákvæði til bráðabirgða:
B-liður orðist svo:

B. Vegna sjúkratrygginga:
Iðgjöld hinna tryggðu til sjúkratrygginga skv. 2. mgr. 48. gr. laganna.
Sérstakt framlag sveitarsjóða til sjúkratrygginga skv. 3. mgr. 49. gr. laganna skal árið 1972 vera 9.77% af tilföllnum gjöldum sjúkrasamlags, þ. á m. hlut í gjöldum héraðssamlags árið 1972.
Skal hvert sveitarfélag greiða sjúkrasamlagi framlag sitt með jöfnum greiðslum, sem stjórn viðkomandi sjúkrasamlags ákveður með hliðsjón af áætlun um framlagið. Uppgjör vegna greiðslnanna fer fram að árinu liðnu.

Ed. 255. Lög [131. mál]

um breyting á lögum nr. 21 frá 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 179.

Ed. 256. Breytingartillaga [126. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Við 12. gr. Síðari málsl. greinarinnar orðist svo:
Fjölskyldubætur svo og hækkanir lífeyris skv. 19. gr. eru undanþegnar þessu ákvæði, en um hækkanir þessara bóta og greiðslna fer eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar hverju sinni.

Nd. 257. Frumvarp til laga [126. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

(Eftir 3. umr. í Ed., 18. des.)

1. gr.

2. málsgr. 6. gr. orðist svo:
Rísi ágreiningur um bætur, leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Þeim úrskurði má áfrýja til tryggingadóms, sem sett verði um sérstök löggjöf.

2. gr.

Orðin „sem átt hafa sér stað eftir 1. janúar 1961“ í síðustu mgr. 11. gr. falli niður.

3. gr.

14. gr. orðist svo:
Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 17 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, enda eigi barnið lögheimili hér á landi, og annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft hafi átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar, skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.

Sömu réttarstöðu hafa kjörbörn og stjúpbörn, þegar eins stendur á. Þó skal ekki greiddur barnalífeyrir vegna fráfalls eða örorku stjúpföður, ef barnið á framfærsluskyldan föður á lífi. Eigi skal heldur greiða barnalífeyri vegna fráfalls eða örorku ættleiðanda, nema barnið hafi verið á framfæri hans a. m. k. tvö síðustu árin, áður en lífeyrisréttur gat stofnazt. Heimilt er tryggingaráði að stytta þennan frest, ef sýnt þykir, að ættleiðingin standi ekki í sambandi við væntanlegan bótarétt.

Tryggingaráð getur ákveðið að greiða barnalífeyri með barni ellilífeyrisþega svo og með barni manns, sem sætir gæzlu- eða refsivist, enda hafi vistin varað a. m. k. þrjá mánuði.

Ef ekki reynist gerlegt að feðra barn, er heimilt að greiða með því barnalífeyri. Með umsókn um lífeyri fyrir ófeðrað barn skulu fylgja málsskjöl varðandi faðernismálið, og skal tryggingaráð meta, hvort þau skjöl eru fullnægjandi til þess að greiðsla sé heimiluð.

Barnalífeyrir greiðist foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum, er annast framfærslu þeirra að fullu.

Árlegur lífeyrir með hverju barni skal vera kr. 36 108.00. Ekki skal greiða barnalífeyri vegna þeirra barna, er njóta örorkulífeyris.

4. gr.

17. gr. orðist svo:

Hver, sem á lögheimili hér á landi og verður ekkja eða ekkill innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í sex mánuði eftir lát maka, kr. 7368.00 á mánuði.

Hafi bótaþegi barn yngra en 17 ára á framfæri sínu, á hann rétt á bótum í 12 mánuði til viðbótar, kr. 5525.00 á mánuði.

5. gr.

19. gr. orðist svo:

Nú eru tekjur elli- eða örorkulífeyrisþega lægri en kr. 120 000.00 á ári, og skal þá hækka lífeyri hans um það, sem á vantar þá fjárhæð. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

Heimilt er að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komizt af án þess. Við ákvörðun um hækkun lífeyris samkvæmt 1. og 2. málsgrein hér að framan skulu umsóknir um hækkun rökstuddar t. d. með skattaframtölum. Enn fremur skal höfð hliðsjón af því, hvort eignum bótaþega hefur verið ráðstafað með þeim hætti, að það valdi synjun hækkunar.

Að fengnum tillögum tryggingaráðs setur ráðherra reglugerð um framkvæmd lífeyrishækkunar samkvæmt þessari grein.

6. gr.

Í b-lið 29. gr. falli burtu orðin „hjá meistara".

7. gr.

Í stað orðanna „3. málsgr. 29. gr." í 30. gr. c-lið komi: 4. málsgr. 29. greinar.

8. gr.

Upphaf 3. málsgr. 33. gr. orðist svo:

Dagpeningar eru kr. 317.00 á dag fyrir hvern einstakling og kr. 75.00 fyrir hvert barn á framfæri ...

9. gr.

4. málsgr. 44. gr. orðist svo:

Sjúkradagpeningar skulu ekki vera hærri en slysadagpeningar samkvæmt 33. grein og ekki lægri en kr. 251.00 á dag fyrir einstakling 17 ára og eldri og kr. 75.00 fyrir hvert barn á framfæri, þar með talin börn utan heimilis, sem umsækjandi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

10. gr.

Á eftir orðunum „ella allt að ⅔ hlutum" í 6. málsgr. 44. gr. komi: Lækkunin tekur þó ekki til sjúkradagpeninga vegna barna sjúklings.

Niðurlagsorð 6. málsgr.: „Dagpeningar húsmóður" o. s. frv. falli niður.

11. gr.

Við 54. gr. bætist:

Starfsfólk sjúkrasamlaga, Tryggingastofnunarinnar og umboðsmenn hennar skulu kynna sér til hlítar aðstæður umsækjenda og bótaþega og gera þeim grein fyrir ýtrasta rétti þeirra samkv. lögum þessum, reglugerðum og starfsreglum stofnananna.

12. gr.

78. gr. orðist svo:

Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, og skal ráðherra þá innan 6 mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum og greiðslum

samkvæmt 73. gr. í samræmi við það. Fjölskyldubætur svo og hækkanir lífeyris skv. 19. gr. eru undanþegnar þessu ákvæði, en um hækkanir þessara bóta og greiðslna fer eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar hverju sinni.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1972.

Ákvæði til bráðabirgða.

I. Framlög til almannatrygginga skv. lögum þessum vegna ársins 1972 falla niður sem hér segir:

A. **Vegna lífeyristrygginga:**

1. Hlutur hinna tryggðu skv. b-lið 20. gr.
2. Hlutur sveitarsjóða skv. c-lið 20. gr.

B. **Vegna sjúkratrygginga:**

Iðgjöld hinna tryggðu til sjúkratrygginga skv. 2. mgr. 48. gr. laganna.

Sérstakt framlag sveitarsjóða til sjúkratrygginga skv. 3. mgr. 49. gr. laganna skal árið 1972 vera 9.77% af tilföllnum gjöldum sjúkrasamlags, þ. á m. hlut í gjöldum héraðssamlags árið 1972.

Skal hvert sveitarfélag greiða sjúkrasamlagi framlag sitt með jöfnum greiðslum, sem stjórn viðkomandi sjúkrasamlags ákveður með hliðsjón af áætlun um framlagið. Uppgjör vegna greiðslnanna fer fram að árinu liðnu.

Ríkissjóður greiðir á árinu 1972 tekjuskerðingu almannatrygginga, sem af þessum ákvæðum leiðir.

II. Í ársbyrjun 1972 skulu stjórnir sjúkrasamlaga sjá um, að hvert samlag sé gert upp nákvæmlega miðað við 1. janúar 1972. Öll álögð en óinnheimt iðgjöld skulu færð til tekna og eignar, en tilfallin, ógreidd gjöld á þeim tíma færð til gjalda og til skuldar. Útistandandi iðgjöld skulu síðan endurmetin með hliðsjón af sennilegum vanhöldum í innheimtu, ekki minna en 15%.

Jákvæður höfuðstóll þannig reiknaður skal færast hlutaðeigandi sveitarfélögum og ríkissjóði til eignar, þannig að sveitarfélög fái 42.5%, en ríkissjóður 57.5%.

Neikvæður höfuðstóll þannig reiknaður skal hins vegar með jöfnum greiðslum 1972 og 1973 jafnaður af ríkissjóði og hlutaðeigandi sveitarsjóðum, þannig að ríkissjóður greiði 57.5%, en sveitarsjóður 42.5% mismunarins.

III. Árið 1972 skal leggja á sérstakan launaskatt, er nemi 1½%. Skattur þessi skal lagður á alla sömu aðila og lög nr. 14/1965, um launaskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra að fullu um álagningu og innheimtu þessa sérstaka skatts, svo og um aðra framkvæmd hans.

Tekjur af skatti þessum renna í ríkissjóð.

Ed. 258. Lög [22. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 22.

Ed. **259. Lög** [121. mál]

um vörugjald.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 239 (sbr. 157).

Sþ. **260. Nefndarálit** [6. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1969.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið tölulega og ekkert fundið athugavert við það. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. des. 1971.

Geir Gunnarsson, form. Ingvar Gíslason, fundaskr., frsm. Jón Árnason.

Vilhjálmur Hjálmarsson. Karvel Pálmason. Steinþór Gestsson.

Jón Árm. Héðinsson. Matthías Bjarnason.

Nd. **261. Frumvarp til laga** [86. mál]

um Framkvæmdastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. des.)

Samhljóða þskj. 96 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórnin skipar þriggja manna framkvæmdaráð, er annast daglega stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Framkvæmdaráð má leysa frá störfum með mánaðarfyrirvara, og eiga þá framkvæmdaráðsmenn rétt til óskertra launa í þrjá mánuði.

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör framkvæmdaráðs, forstöðumanna deilda og annarra starfsmanna.

5. gr. hljóðar svo:

Verkefni framkvæmdaráðs eru m. a.:

1) að láta gera áætlanir á vegum stofnunarinnar og leggja þær fyrir stjórn hennar;
2) að gera tillögur til stjórnarinnar um rekstraráætlanir og starfsáætlanir fyrir stofnunina;
3) að gera tillögur um árlega heildaráætlun fyrir Framkvæmdasjóð og Byggðasjóð, svo og um einstakar lánveitingar úr þeim;
4) að ráða stofnuninni starfsfólk innan ramma fjárhagsáætlunarinnar, að fengnum tillögum forstöðumanna deilda, sbr. þó 3. gr. 1. tl.

6. gr. hljóðar svo:

Hagrannsóknadeild annast nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings áætlanagerða stofnunarinnar, svo og gagnasöfnun og skýrslugerð um framkvæmd þeirra áætlana, sem gerðar hafa verið og samþykktar af ríkisstjórninni, sbr. 11. gr.

Hagrannsóknadeildin annast gerð þjóðhagsreikninga og almennra þjóðhagsáætlana. Skulu áætlanir gerðar til langs tíma um þróun þjóðarbúsins.

Deildin er ríkisstjórninni til ráðuneytis í efnahagsmálum og heyrir beint undir ríkisstjórnina.

10. gr. hljóðar svo:

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar ákveður, í samráði við ríkisstjórnina, í hvaða röð skal unnið að áætlanaverkefnum og hver vera skulu markmið og forsendur hverrar áætlunar.

Við gerð atvinnumálaáætlana skal stofnunin hafa náin samráð við aðila vinnumarkaðarins. Einnig skal haft samráð við samtök og stofnanir atvinnuveganna, eftir því sem við á, og má fela þessum aðilum einstaka þætti áætlunargerðarinnar, ef henta þykir.

Byggðaáætlanir skulu gerðar í samráði við sveitarstjórnir og landshlutasamtök sveitarfélaga, svo og landshlutasamtök verkalýðsfélaga og atvinnurekenda.

Meðan unnið er að áætlanagerð í viðkomandi landshluta, getur stjórn stofnunarinnar sett þar upp skrifstofu til bráðabirgða.

11. gr. hljóðar svo:

Áætlanir skulu sendar ríkisstjórninni til samþykktar, og gerir hún Alþingi grein fyrir þeim. Ríkisstjórnin skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Framkvæmdastofnunin fylgist með framkvæmd þeirra áætlana, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt. Áætlanir til lengri tíma en eins árs skal stofnunin endurskoða, eftir því sem tilefni gefst.

12. gr. hljóðar svo:

Lánadeild vinnur að því að samræma útlán allra opinberra stofnlánasjóða og að skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda með sérstöku tilliti til þeirra framkvæmda, sem forgang þurfa að hafa samkvæmt áætlunum stofnunarinnar.

Hún fylgist með fjárhag allra opinberra fjárfestingarsjóða og gerir tillögur um fjáröflun til þeirra, eftir því sem þörf krefur.

Lánastofnanir og opinberir sjóðir veita Framkvæmdastofnuninni almennt yfirlit um lánveitingar til fjárfestingar og framkvæmda eftir nánari reglum, sem stjórn Framkvæmdastofnunarinnar setur. Stjórn stofnunarinnar getur að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar og í samráði við banka og stærstu fjárfestingarsjóði sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skulu hafa forgang umfram aðrar. Skulu þá lánastofnanir og opinberir sjóðir haga lánveitingum í samræmi við það. Engri stofnun er þó skylt að veita lán, sem hún telur ekki eðlilega tryggð.

13. gr. hljóðar svo:

Lánadeildin annast rannsóknir á arðsemi og þjóðhagslegu gildi nýrra atvinnugreina og fyrirtækja, sem fyrirhugað er að setja á stofn, í samráði við hagdeildir bankanna, og einnig rannsóknir á stöðu starfandi fyrirtækja, sem þarfnast endurskipulagningar og nýrrar fjármögnunar. Um athuganir á tæknilegum forsendum nýrra atvinnugreina skal leita umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins og viðkomandi rannsóknarstofnana.

Lánadeildin getur átt frumkvæði að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar. Lætur hún þá vinna nauðsynleg áætlunar- og undirbúningsstörf og leitar síðan samvinnu við aðra aðila um að koma fyrirtækinu á fót.

18. gr. hljóðar svo:

Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland), sem stofnaður var með lögum nr. 66 13. maí 1966, er eign ríkisins. Tekur Framkvæmdastofnun ríkisins við stjórn hans, sbr. 5. tl. 3. gr., svo og umsjá allri og rekstri.

19. gr. hljóðar svo:
Mótvirðisfé í vörzlu sjóðsins skal, ásamt vöxtum af því, lána að hálfu til framkvæmda í þágu landbúnaðarins og að hálfu til annarrar starfsemi Framkvæmdasjóðs. Höfuðstóll Mótvirðissjóðs, eins og hann er á hverjum tíma, skal færður sérstaklega skuldamegin á efnahagsreikningi Framkvæmdasjóðs.

24. gr. hljóðar svo:
Heimilt er stjórn Framkvæmdastofnunarinnar að veita fé til rannsókna á nýjungum í atvinnulífi. Um slíkar styrkveitingar skal leita umsagnar viðkomandi rannsóknarstofnana eða Rannsóknaráðs ríkisins, eftir því sem við á. Einnig má verja fé til undirbúnings nýrra fyrirtækja, sem stofnunin hyggst beita sér fyrir samkvæmt síðari málsgrein 13. gr.

29. gr. hljóðar svo:
Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 8. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði.

31. gr. hljóðar svo:
Stjórn Byggðasjóðs er heimilt að greiða landshlutasamtökum sveitarfélaga af fé sjóðsins sem svarar ¾ — þrem fjórðu hlutum — af árslaunum starfsmanns, að því tilskildu, að hann vinni að undirbúningi og gerð áætlana fyrir viðkomandi landshluta í samvinnu við áætlanadeild.

32. gr. hljóðar svo:
Framkvæmdaráð gerir árlegar áætlanir um heildarútlán Byggðasjóðs á komandi ári og gerir frumvarp að slíkri áætlun á grundvelli landshlutaáætlana og leggur fyrir stjórnina. Þá tekur stjórnin einnig ákvörðun um einstakar lánveitingar og kveður á um tryggingu fyrir láni, vexti og afborgunarskilmála hverju sinni.
Stjórn Byggðasjóðs skal hafa samráð við viðkomandi landshlutasamtök sveitarfélaga við ráðstöfun fjár úr sjóðnum, eftir því sem við verður komið.

38. gr. hljóðar svo:
Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar annast úrlausn þeirra verkefni, sem í öðrum lögum eru falin Efnahagsstofnuninni.
Forstöðumaður hagrannsóknadeildar eða fulltrúi hans hefur með höndum starf oddamanns í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 60 1964.
Nánari ákvæði um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

Nd. 262. Lög [66. mál]

um breyting á lögum nr. 87 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 237.

Nd. 263. Lög [76. mál]

um breyting á lögum nr. 57 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 238.

Nd. 264. Lög [104. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 123.

Sþ. 265. Tillaga til þingsályktunar [144. mál]

um iðnskóla.

Flm.: Sigurður Magnússon, Garðar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á lögunum um iðnfræðslu, þar sem m. a. verði við það miðað, að iðnskólarnir verði reknir af ríkinu einu.

Greinargerð.

Um langt skeið hefur iðnmenntun og verkmenntun öll verið hornreka í íslenzku skólakerfi, þar sem nám iðnnema hefur verið háð misgóðri verknámskennslu iðnmeistara, utan hins eiginlega skólakerfis. Þetta er nú almennt viðurkennt, og í málefnasáttmála núverandi ríkisstjórnar segir svo um iðnmenntun:

„Iðnnám og tæknimenntun þarf að endurskipuleggja frá rótum, allt frá almennri iðnfræðslu til stofnunar tækniháskóla."

Nokkuð hefur þó áunnizt hin síðari ár, en með tilkomu laganna um iðnfræðslu, nr. 68/1966, var m. a. gert ráð fyrir byggingu átta iðnskóla eða eins í hverju kjördæmi. Var jafnframt gert ráð fyrir því í lögunum, að iðnskólar þessir starfræktu verknámsskóla, „þar sem veitt skal fræðsla, verkleg og bókleg, um undirstöðuatriði iðnstarfsins", eins og segir í lögunum. Var með þessum ákvæðum laganna greinilega mörkuð sú stefna af löggjafans hálfu að færa í auknum mæli inn í sjálfa skólana þá verklegu kennslu, sem fram til þess hafði eingöngu verið í höndum iðnfyrirtækja eða iðnmeistara. En slík hafði þróun iðnnáms verið í öllum löndum, sem láta sig verkmenntun og framþróun nokkru skipta. Nú er nær hálfur áratugur síðan þessi stefnumörkun um uppbyggingu verknámsskóla iðnaðarins átti sér stað, en allt of lítið hefur miðað í rétta átt. Tvennt hefur einkum orðið til að tefja framkvæmdahraða við þær iðnskólabyggingar, sem ákveðið hefur verið að reisa. Það er skortur á nægilegu fjármagni og samvinnu og samhug hinna einstöku sveitarfélaga, sem ætlað var að stæðu að rekstri hinna einstöku skóla ásamt ríkisvaldinu.

Þó er rétt að viðurkenna, að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1972 er af hálfu ríkisvaldsins brugðið myndarlega við og gjaldfærður stofnkostnaður iðnskóla nær tvöfaldaður frá árinu áður. Ljóst er þó, að ef takast á að lyfta því „Grettistaki" sem uppbygging verknámsskóla iðnaðarins er á næstu árum, þarf að veita til þeirra stórauknu fjármagni, auk þess sem hindra þarf, að þröngir staðarhagsmunir tefji framkvæmdir. Ætla verður að aðild sveitarfélaga, sem mörg hver eru fjárvana, muni verða hemill á nauðsynlegan framkvæmdahraða. Auk þess er ekkert eðlilegra en að ríkisvaldið reki að öllu leyti iðnskóla landsins, eins og nú er um ýmsa aðra sérskóla skólakerfisins.

Í þingsályktunartillögu þeirri, er hér að framan greinir, er lagt til, að iðnfræðslulögin verði öll tekin til endurskoðunar og í þeirri endurskoðun verði m. a. komið í veg fyrir þann augljósa ágalla laganna, sem gerir ráð fyrir aðild sveitarfélaga að rekstri iðnskóla landsins.

Nd. **266. Frumvarp til laga** [145. mál]

um breyting á lögum nr. 68 11. maí 1966, um iðnfræðslu.

Flm.: Sigurður Magnússon, Eðvarð Sigurðsson, Bjarni Guðnason.

1. gr.

Aftan við 21. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Íþróttakennaraskóli Íslands er tveggja ára skóli. Námstími hvort skólaár skal eigi vera skemmri en 8½ mánuður, auk íþróttakennslu í 70 kennslustundir að sumrinu. Skólinn efnir til námskeiða fyrir íþróttakennara og leiðbeinendur í íþróttum eftir því sem fé er veitt til.

II. KAFLI
Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

4. gr.

Almenn inntökuskilyrði í skólann eru þessi:

a) að nemandi sé heilbrigður og vel hæfur til íþróttaiðkana,
b) að nemandi sé óspilltur að siðferði og reglusamur,
c) að nemandi sé eigi yngri en 18 ára eða verði 18 ára á því ári, er hann hefur nám.

5. gr.

Inntaka nemenda er í höndum skólastjóra. Skólavist geta þeir hlotið, sem lokið hafa:

1. a) almennu kennaraprófi,
   b) stúdentsprófi,
   c) prófi með ákveðinni lágmarkseinkunn frá framhaldsdeild gagnfræðaskóla,
   d) prófi undirbúningsdeildar sérnáms Kennaraháskóla Íslands,
   e) heimilt skal að taka nemendur í skólann af öðrum skólastigum, enda sé undirbúningur þeirra fullnægjandi að dómi skólastjóra og skólanefndar, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

Heimilt er að úrskurða um skólavist nemenda með hliðsjón af hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum.

2. Rétt til náms í II. bekk eiga þeir, sem lokið hafa prófi eftir nám í I. bekk með ákveðinni lágmarkseinkunn samkvæmt reglugerð, að viðbættri íþróttakennslu í a. m. k. 70 kennslustundir.
3. Rétt til þátttöku í námskeiði fyrir leiðbeinendur í íþróttum eiga þeir, er náð hafa 18 ára aldri og hlotið meðmæli stjórnar hlutaðeigandi ungmenna- eða íþróttafélags.

6. gr.

Í Íþróttakennaraskóla Íslands skal kenna þessar námsgreinar:

Líffræðilisfræði, líffærafræði, uppeldis- og sálarfræði, heilsufræði, kennslufræði, kennsluæfingar, íþróttasögu, íþróttafræði, framsögn og fundarstjórn, slysahjálp, leikfimi, sund, dans, hrynjandi (rytmik), knattleiki, barnaleiki, frjálsar íþróttir, glímu, skíða- og skautaíþróttir, leikreglur, bindindisfræði, vinnutækni, umferðarreglur, umsjón og eftirlit með íþróttatækjum og íþróttamannvirkjum.

Stefnt skal að því, að nemendur geti í samráði við skólastjóra kosið sér valgrein, sem þeir leggja sérstaka rækt við og öðlist meiri þekkingu í en almennt er tilskilið.

Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

Nánar skal kveðið á um námsefni í reglugerð, en skólanefnd ákveður námsefni á námskeiðum fyrir leiðbeinendur í samráði við viðkomandi sérsambönd.

7. gr.

Próf skulu fara fram í lok hvors skólaárs. Skólastjóra er þó heimilt að ákveða próf í einstökum greinum á öðrum tíma. Ljúka má námi í einstökum greinum á fyrra skólaári. Skulu einkunnir í þeim greinum skráðar á íþróttakennaraprófsskírteini.

Æski nemandi að ganga undir sérstakt próf í valgrein sinni, er honum það heimilt.

Við lokapróf skulu prófdómendur skipaðir af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum skólastjóra.

Próf skulu fara fram í lok hvers leiðbeinendanámskeiðs. Viðkomandi sérsamband skipar prófdómara við próf leiðbeinenda með samþykki skólastjóra.

Nánar skal kveðið á um próf í reglugerð.

III. KAFLI

Stjórn og starfsmenn skólans.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Skólaráð skal skipað skólastjóra, föstum kennurum skólans og fulltrúa nemenda. Það skal vera skólastjóra til aðstoðar um stjórn og rekstur.

Skólastjóri stjórnar fundum skólaráðs og kveður það til fundar eftir þörfum. Halda skal fund þegar meiri hluti skólaráðs æskir.

Skólanefnd skal vera skólastjóra til ráðuneytis og aðstoðar um málefni skólans. Hún skal þannig skipuð: Einn tilnefndur af Íþróttasambandi Íslands, einn af Ungmennafélagi Íslands, einn af stjórn Íþróttakennarafélags Íslands og íþróttafulltrúi ríkisins. Menntamálaráðuneytið skipar fimmta manninn og er hann formaður skólanefndar. Skólastjóri á sæti á fundum skólanefndar með málfrelsi og tillögurétti. Starfstímabil nefndarinnar er 3 ár.

Ákveða má nánar í reglugerð um starfssvið skólaráðs og skólanefndar.

9. gr.

Fastir starfsmenn skólans eru embættismenn ríkisins. Skólastjóri skal skipaður af forseta Íslands. Fastir kennarar og aðrir fastir starfsmenn skólans skulu skipaðir af ráðherra, og skal áður leitað umsagnar skólastjóra og skólanefndar.

Til að verða skipaður kennari við Íþróttakennaraskóla Íslands skal umsækjandi hafa lokið prófi frá viðurkenndum íþróttakennaraskóla, að viðbættu framhaldsnámi í sérgrein, sem yfirstjórn skólans metur gilt.

10. gr.

Skólinn skal vera svo vel búinn starfsliði, að hann geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um, og annast íþróttakennslu í öðrum opinberum skólum að Laugarvatni.

Skólastjóri ræður stundakennara og annað starfsfólk í samráði við menntamálaráðuneytið.

11. gr.

Launakjör skólastjóra, kennara og annarra fastra starfsmanna skulu ákveðin samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Yfirstjórn skólans ákveður kennsluskyldu skólastjóra. Námskeiðskennarar taka laun samkvæmt sömu reglum og gilda um stundakennslu. Þeir fá greiddan ferða- og dvalarkostnað samkvæmt gildandi reglum um greiðslu kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.

12. gr.

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum. Enn fremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð. Má þá fækka kennslustundum kennara með hliðsjón af slíkum aukastörfum.

13. gr.

Óski kennari, sem starfað hefur við skólann í 10 ár, eftir orlofi í allt að eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann senda yfirstjórn skólans beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Beiðni um orlof skal leggja fram með árs fyrirvara. Skal þess gætt, að orlof kennara torveldi ekki störf skólans.

Yfirstjórn skólans getur veitt kennurum allt að ársorlof með fullum launum.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.

Skólinn hefur aðsetur að Laugarvatni, en ýmsir þættir í starfi hans mega fara fram á öðrum stöðum, eftir því sem þörf krefur og fjárhagur skólans leyfir.

15. gr.

Stofn- og rekstrarkostnaður skólans greiðist úr ríkissjóði.

16. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn IV. kafli laga nr. 16 frá 12. marz 1947, um menntun kennara, svo og önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við lög þessi.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við upphaf skólaárs 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 9. janúar 1958 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til þess að endurskoða gildandi lagafyrirmæli um Íþróttakennaraskóla Íslands. Í nefndinni áttu sæti Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi, formaður, Árni Guðmundsson, skólastjóri íþróttakennaraskólans, Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri Í.S.Í., samkvæmt tilnefningu stjórnar Í.S.Í., Skúli Þorsteinsson námsstjóri, skv. tilnefningu U.M.F.Í., og Þórir Þorgeirsson, íþróttakennari, skv. tilnefningu stjórnar Íþróttakennarafélags Íslands.

Nefndin skilaði frumvarpi með bréfi, dagsettu 7. nóvember 1964.

Var frumvarpið lagt fram á síðasta Alþingi (91. löggjafarþingi) eftir að Þorsteinn Einarsson og Árni Guðmundsson höfðu endurskoðað það, en frv. varð eigi útrætt á þinginu. Hinn 13. apríl 1971 sendi menntamálaráðuneytið frumvarpið Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands, Íþróttakennarafélagi Íslands og Sambandi íslenzkra kennaranema til umsagnar. Tvær umsagnir bárust, frá Íþróttakennarafélagi Íslands, dagsett 21. október 1971 og Sambandi íslenzkra kennaranema, dagsett 27. október 1971. Eru þær birtar hér í heild sem fylgiskjöl I og II.

Frv. þetta er í höfuðatriðum eins og frumvarpið, sem lagt var fyrir síðasta Alþingi. Meginefni frv. er að breyta skólanum í tveggja vetra skóla og þótt tími sé naumur, er enn miðað við að skólinn hefji störf haustið 1972 samkvæmt ákvæðum þessa frv., ef að lögum verður.

Um 1. gr.

Til viðbótar því hlutverki, sem skólinn hefur gegnt samkvæmt lögum, er hér bætt inn því ákvæði, að skólinn búi nemendur undir að kenna líkams- og heilsufræði á barna- og gagnfræðaskólastigum. Íþróttakennarar eru vel undir kennsluna búnir vegna náms þeirra í þessum greinum og öðrum skyldum. Þá hafa einnig heyrzt raddir um, að nauðsyn beri til að börnum og unglingum sé kennd skyndihjálp (hjálp í viðlögum). Íþróttakennarar fá allmikla kennslu í þessari grein, sem auka mætti verulega, ekki sízt verði skyndi- og sjúkrahjálp tekin upp sem námsgrein í íslenzkum skólum. Vegna strjálbýlis og aðstæðna, sem landið býður upp á, er nokkur þekking í skyndihjálp afar nauðsynleg öllum þegnum þjóðfélagsins.

Þá er gert ráð fyrir því, að skólinn undirbúi nemendur svo að þeir geti síðar annazt íþróttakennslu og félagsstörf hjá ungmenna- og íþróttafélögum og stofnunum. Hér er átt við þau héraðssambönd og bæjarfélög, sem í stórauknum mæli leitast við að ráða til sín íþróttakennara, sem hafa með höndum stjórn æskulýðsmála héraðsins eða byggðarlagsins.

Um 2. gr.

Hér er sérstaklega tekið fram, að skólinn veiti full réttindi til íþróttakennslu í öllum skólum landsins. Íþróttir eru skyldunámsgrein í íslenzkum skólum, en vegna sérstöðu námsgreinarinnar og sérkenna ætti að vera mikið öryggi fyrir nemendur skólanna, að kennsla í greininni sé í höndum sérmenntaðra íþróttakennara.

Um 3. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er skólinn eins árs skóli og námstíminn 9 mánuðir.

Samkvæmt greininni er lagt til að skólinn verði gerður að tveggja ára skóla, og námstíminn eigi skemmri en 8½ mánuður hvort ár. Þá er gert ráð fyrir að á sumrinu milli hinna tveggja vetra starfi nemendur skólans við íþróttakennslu í 70 kennslustundir.

Nám íþróttakennara hefur tekið miklum breytingum seinustu áratugina. Námsefnið hefur verið stóraukið og byggist nú meir og meir á staðreyndum, sem rannsóknir hafa leitt í ljós, auk þess sem íþróttakennarinn þarf að búa yfir góðri líkams-

færni, er krefst þjálfunar yfir lengri tíma. Sífellt er óskað eftir meiri fjölbreytni í íþróttalífið og ber að stefna að því að hver einstaklingur geti fundið íþrótt við sitt hæfi. Auk þess eru gerðar auknar kröfur til þeirra, sem annast þjálfun keppnismanna í íþróttum. Þetta allt leiðir m. a. til þess að lengja verður nám íþróttakennara á Íslandi.

Eftirfarandi greinargerð sýnir inntökuskilyrði og námstíma íþróttakennara í nokkrum löndum:

Danmörk:	9 mán. að loknu stúdents- eða alm. kennaraprófi.
Noregur:	24 mán. að loknu alm. kennaraprófi eða stúdentsprófi.
Svíþjóð:	**20 mán. að loknu alm. kennaraprófi eða stúdentsprófi.**
Finnland:	18 mán. (— við Háskólann í Helsingfors, 3 háskólaár, 6 þriggja mán. **háskólasemester —)+ 2 × ½ mán. námskeið að sumarlagi. Þeir áætla námstímann 21 mán.**
England:	Skipt á 3 ár um 20 mán. alls.
Samb.lýðv.	
Þýzkaland:	**Skipt á 3 ár um 24 mán. alls.**
Frakkland:	**Skipt á 3 ár um 27 mán. alls.**
Sovétríkin:	**Skipt á 4 ár um 36 mán. alls.**

Bandaríkin: Nám til B.A. eða B.S. gráðu skiptist á 4 ár. Sá, sem ná vill M.A. eða M.S. gráðu, bætir við 1 árs námi.

Þá er gert ráð fyrir því að skólinn geti efnt til námskeiða fyrir starfandi íþróttakennara, þar sem endurmenntun fari fram og nýjungar í kennsluháttum verði kynntar. Einnig stuðli skólinn að menntun leiðbeinenda í íþróttum, þ. e. a. s. þeirra manna, er leggja stund á leiðbeinenda- og þjálfarastörf á vegum ungmenna- og íþróttafélaga.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast í raun og veru ekki skýringar. Þó þykir ef til vill rétt að benda á, að reynslan hefur sýnt, að ekki er heppilegt að nemendur séu yngri en 18 ára.

Einnig er rétt að vekja athygli á, að ýmis hugtök í greininni hljóta að fá í reglugerð nánari skilgreiningu í samræmi við þá reynslu, sem fengizt hefur í nær 40 ára starfi. Bindindissemi á vín og tóbak hefur verið ákveðið krafizt af nemendum allt frá því að Björn Jakobsson hóf að undirbúa nemendur undir íþróttakennarapróf, án vandkvæða, en með þeim árangri, að íþróttakennarar eru yfirleitt bindindissinnaðir. Enda er það í fullu samræmi við menntun þeirra.

Um 5. gr.

Hér er lagt til, að inntökuskilyrðum verði breytt frá því, sem er í gildandi lögum, enda hefur þróunin verið í þá átt. Miðskólapróf er ekki lengur nægilegt. **Undanfarin ár hefur þeim nemendum skólans fjölgað stórlega, sem hafa haft meiri undirbúningsmenntun, þ. e. a. s. hafa áður verið í undirbúningsdeild sérnáms í** Kennaraskóla Íslands, menntaskóla eða hafa haft almennt kennarapróf.

Nú er lagt til, að nemendur skólans hafi lokið prófi frá a) framhaldsdeildum gagnfræðaskóla með ákveðinni lágmarkseinkunn, b) undirbúningsdeild sérnáms í Kennaraskóla Íslands, c) stúdentsprófi, d) eða almennu kennaraprófi.

Þá er gert ráð fyrir að skólinn hafi heimild til þess að velja nemendur í skólann, sem hafa fyrrgreinda undirbúningsmenntun, eftir sérstakt hæfnipróf eða eftir öðrum matsaðferðum.

Á það skal bent, að með því að samþykkt hafa verið lög um Kennaraháskóla Íslands, leggst undirbúningsdeild sérnáms niður og hið almenna kennarapróf hverfur. Eigi að síður verður á næstu árum fólk á skólaaldri, sem hefur þessa undirbúningsmenntun. Óráðið er með framhaldsdeildirnar við gagnfræðaskólana. Innan tíðar má búast við að stúdentspróf verði gert að skilyrði fyrir inngöngu í Íþróttakennara-

skóla Íslands. Með auknum fjölda stúdenta er það sjálfsagt rétt og eðlileg þróun. Ekki er úr vegi, að hugsa sér að samkomulag verði milli Háskóla Íslands og Íþróttakennaraskóla Íslands um það, að íþróttakennarapróf frá Íþróttakennaraskóla Íslands verði metið til stiga, sem hluti af B.A.-prófi. Þá eru einnig hugsanleg einhver tengsl við Kennaraháskóla Íslands.

Undanþáguheimild í e-lið 5. gr. þegar sérstaklega stendur á, er bundin við það, að fyrst eftir að lögin taka gildi verði heimilt að veita umsækjendum t. d. með gagnfræðapróf eða hliðstæða menntun skólavist.

Það ákvæði í 2. lið greinarinnar, að nemandi þurfi að kenna 70 kennslustundir áður en hann hefur nám seinna árið, er hugsað sem reynslutími og æfing fyrir nemandann, sem kemur honum að góðu haldi í framhaldsnáminu. Þá má geta þess, að ekki sízt yfir sumartímann þarfnast íþróttahreyfingin kennara í ríkum mæli og ætti því að vera fengur að þessu fólki til starfa þótt það hefði aðeins lokið fyrrahluta **námi.**

Um rétt til þátttöku í námskeiði fyrir leiðbeinendur er tekið fram að þátttakendur skuli vera a. m. k. 18 ára gamlir. Reynslan hefur sýnt, að hæpið er að gera ráð fyrir, að yngri leiðbeinendur nái þeim tökum á kennslunni, sem skólinn gerir kröfu til. Stjórnir félaga þurfa að gefa þeim mönnum meðmæli, sem hugsa til þátttöku í **námskeiði fyrir leiðbeinendur. Það er gert til þess að valdir menn ráðist til leiðbeinendastarfa innan íþróttafélaganna, því að víst er að til þeirra starfa þarf vel að vanda.**

Um 6. gr.

Í núgildandi lögum er mjög ófullkomin upptalning á námsgreinum þeim, sem kenna skal við skólann.

Hins vegar eru í frumvarpi þessu taldar upp þær námsgreinar, sem lagt er til að **kenndar verði við skólann. Sá varnagli er þó sleginn, að heimilt sé að fjölga eða fækka kennslugreinum með samþykki yfirstjórnar skólans, án þess að lagabreytingu þurfi til.**

Námsefnið er mjög yfirgripsmikið og segir þessi upptalning ekki allt. Ekki væri rétt greint frá, ef sagt væri, að þær námsgreinar sem nú eru taldar upp og ekki er getið í gildandi lögum (IV. kafla laga um menntun kennara, 26. gr.) væru allt nýjar námsgreinar. Vegna kröfu tímans hefur skólinn leitazt við að fjölga námsgreinun**um. Í sumum greinum hefur aðeins orðið að veita nemendum skólans stutt námskeið. En með lengingu skólans vinnst í þessum efnum tvennt, að taka má upp kennslu í nýjum námsgreinum og stórauka kennslu í þeim greinum, sem þegar eru kenndar.**

Athygli skal vakin á námsgreinunum: 1) **vinnutækni,** en þar er um að ræða fræðslu um rétta beitingu líkamans við hin ýmsu störf; 2) **framsögn og fundarstjórn, því komið hefur í ljós, að íþróttakennaranum er oft falin umsjón með** íþrótta- og æskulýðsfélögum, og þekking í þessum efnum reynzt nauðsynleg.

Enn fremur skal bent á, að með nýskipan þessara mála er gert ráð fyrir, að á seinna ári geti nemendur samhliða hinu alm. námi valið sér einhverja íþróttagrein, sem kennd er við skólann, og lagt við hana sérstaka rækt til þess að öðl**ast á henni meiri þekkingu. Kennarar skulu vera nemendum til aðstoðar við sérnámið, eftir því sem föng eru á. Reynslan hefur sýnt, að oft innritast nemendur í skólann, sem hafa sérstakan áhuga á ákveðinni grein íþrótta fram yfir aðrar. Rétt þykir því að skólinn komi til móts við þennan áhuga nemenda og aðstoði þá við að auka þekkingu sína á greininni. Búast má við að íþróttakennarar, sem** numið hafa slíkar sérgreinar, verði mjög eftirsóttir starfsmenn, ekki sízt af íþrótta**félögunum, sem búa við skort á vel hæfum þjálfurum.**

Námsefni fyrir leiðbeinendur skal svo ákveðast í samráði við framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands, sérsambönd þess og stjórn Ungmennafélags Íslands.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar, að öðru leyti en því, að lagt er til að lögfest verði sú starfsvenja skólans, þegar námsgrein hefur verið kennd í lotu, að þá megi

ljúka prófi í greininni, þótt á miðjum starfstíma sé. Aðrir skólar hafa nú tekið þennan hátt upp og kalla tímabilin annir.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um stjórn skólans. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Í gildandi lögum segir, að þriggja manna skólanefnd hafi umsjón með skólanum.

Nú er gert ráð fyrir skólaráði, en það verði skipað skólastjóra, föstum kennurum skólans og fulltrúa úr hópi nemenda.

Skólaráðið verði skólastjóra til ráðuneytis og aðstoðar um daglega stjórn skólans og rekstur hans. Rétt þykir að veita fulltrúa nemenda sæti í skólaráði, ekki sízt vegna þess að skólaráðið á að vera skólastjóra til ráðuneytis um innri málefni skólans og dagleg störf á skólatímanum.

Í þriðja lagi starfi sem áður sérstök skólanefnd, sem sé í hvert sinn skipuð til þriggja ára og í henni eigi sæti þrír fulltrúar þeirra félagasamtaka, sem mest eru tengd störfum skólans, auk íþróttafulltrúa, en fimmti nefndarmaðurinn sé skipaður af menntamálaráðuneytinu, án tilnefningar og sé hann formaður nefndarinnar.

Nauðsynlegt er talið að slík skólanefnd starfi við hlið skólastjóra og sé honum ráðgefandi um málefni skólans og tengiliður milli þeirra, sem hún fer með umboð fyrir.

Í reglugerð skal síðan kveða nánar á um starfssvið skólaráðs og skólanefndar.

Um 9. gr.

Fyrri málsliður greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

Í síðari málslið hennar er kveðið á um menntun umsækjenda um kennarastöður við skólann. Efni þessa málsliðar var eigi í fyrri lögum um skólann en er talið nauðsynlegt til samræmingar við kröfur annarra skóla um menntun kennara sinna.

Um 10. gr.

Í gildandi lögum er heimild til að ráða tvo fasta starfsmenn við skólann, þ. e. kennara og skólastjóra. Að auki hefur svo starfað við skólann frá 1. okt. 1969 kennari, er haft hefur hálfa kennsluskyldu við Íþróttakennaraskóla Íslands og hálfa við Menntaskólann, og nú á þessu hausti varð eigi hjá því komizt að ráða þriðja fasta kennarann að skólanum. Stundakennarar og námskeiðskennarar hafa svo verið ráðnir sérstaklega. Þykir ekki rétt að binda í lögum, hve margir kennarar skuli starfa við skólann.

Þar sem hér er um sérskóla — kennaraskóla í sérgrein — að ræða, sem veita þarf fjölþætta fræðslu innan sérgreinar, hlýtur hann eins og aðrir hliðstæðir skólar að þurfa tiltölulega fjölmennt kennaralið, sem verður að vera sérhæft til kennslu í hinum ýmsu námsgreinum.

Nú hagar svo til, að á Laugarvatni eru þegar starfandi fimm skólar: 1) Barnaskóli Laugardalshrepps, 2) Húsmæðraskóli Suðurlands, 3) Héraðsskólinn á Laugarvatni, 4) Menntaskólinn á Laugarvatni og 5) Íþróttakennaraskóli Íslands.

Ýmiss konar aðstöðu hafa þessir skólar sameiginlega. Svo er t. d. um afnot af íþróttamannvirkjum. Þá eru kennarar, sem kenna við a. m. k. tvo skóla á staðnum. Einnig má benda á að samkvæmt nýlegum lögum um menntaskóla, eru miklar líkur á, að þeir skólar þurfi að ráða kennara í uppeldis- og sálarfræði. En uppeldis- og sálarfræði er námsgrein við Íþróttakennaraskóla Íslands og í húsmæðraskólum er uppeldisfræði einnig námsgrein. Hugsanlegt er að ráða sameiginlega kennara að þessum þremur skólum. Sama mætti segja um kennslu í nokkrum öðrum námsgreinum.

Með þessari samvinnu eru líkur fyrir að spara megi verulega kennslulaun við skólana á Laugarvatni. Eigi að síður á skólanum ekki verða of þröngur stakkur

skorinn hvað fastráðið kennaralið snertir, þar sem hinir fastráðnu kennarar eru kjölfesta skólahaldsins.

Nýtt er það í þessari grein, að lagt er til að Íþróttakennaraskóli Íslands annist alla íþróttakennslu við skólana á Laugarvatni. Þetta er gert til þess, að hægt sé að velja sérmenntaða kennara í hinum ýmsu greinum íþróttanna til kennslu við Íþróttakennaraskóla Íslands og þá ætti jafnframt að vera kleift að veita nemendum hinna skólanna á Laugarvatni fjölbreytta íþróttakennslu. Með þessu fyrirkomulagi nýtast **vafalaust starfskraftar kennaranna betur.**

Þar sem tillögur þessar gera ráð fyrir stóraukinni starfsemi Íþróttakennaraskóla Íslands, verður ekki hjá því komizt, að ráða annað starfsfólk að skólanum en kennara, — bent er á húsvörð, er hafi eftirlit með og annist viðhald á eignum skólans, sjái um ræstingu o. þ. h. Sérstakur baðvörður hefur aldrei verið starfandi við íþróttahúsið og sundlaugina á Laugarvatni, þótt notkun þessara mannvirkja sé mjög mikil. **Hér þarf úr að bæta og færa til betri vegar.**

Við mötuneyti skólans þarf einnig starfsfólk.

Í lögum um menntaskóla er vikið að þessari þörf fyrir starfsfólk, sem vantað hefur við marga skóla.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Hér er um hliðstætt ákvæði að ræða og er í lögum um menntaskóla.

Kennara við íþróttakennaraskóla er ekki síður nauðsynlegt að fylgjast með nýjungum í kennslugreinum sínum en kennara við önnur skólastig. Þess vegna er **lagt til að tekin verði upp í lög skólans heimild fyrir yfirstjórn skólans að veita kennurum orlof til endurmenntunar.**

Um 14. gr.

Sú breyting er hér gerð á fyrri ákvæðum, að nú er lagt til að lögfest verði sú venja skólans, að þættir í starfi hans fari fram utan Laugarvatns. Með bættum samgöngum verður þetta auðveldara. Skíðakennsla hefur farið fram við skíðaskála á Hellisheiði eða eins og nú nokkur undanfarin ár á Seljalandsdal í Skutulsfirði eða í Hlíðarfjalli við Akureyri. Hér hefur verið um að ræða 7—10 daga námskeið. Þá hafa verið farnar stuttar skoðunar- og kynnisferðir í skóla í Reykjavík.

Námskeið á vegum skólans fyrir íþróttakennara hafa verið haldin utan Laugarvatns og námskeið fyrir leiðbeinendur í íþróttum hafa farið fram víða um land. Að þessu eru mikil þægindi fyrir þátttakendur og getur verið hagkvæmt fyrir skólann.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 18. gr.

Nauðsynlegt er að nokkur tími gefist til að undirbúa svo miklar breytingar á starfi skólans sem frumvarpið gerir ráð fyrir, svo að lagt er til að lögin komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. okt. 1972.

Fylgiskjal I.

ÍÞRÓTTAKENNARAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 21. október 1971.

Hæstvirtur menntamálaráðherra,
Magnús Torfi Ólafsson.

Með bréfi dagsettu þann 13. apríl 1971 óskaði menntamálaráðuneytið eftir umsögn Íþróttakennarafélags Íslands (ÍKÍ) um frumvarp til laga um Íþróttakennaraskóla Íslands, er lagt var fyrir Alþingi s. l. vor.

Þáverandi stjórn félagsins hélt almennan félagsfund um frumvarpið þann 26. maí s. l. og einnig dreifði hún eintökum af frumvarpinu meðal íþróttakennara.

Nýkjörin stjórn ÍKÍ hefur tekið frumvarpið til rækilegrar athugunar og efndi meðal annars til almenns félagsfundar um frumvarpið þann 25. september s. l. Á þeim fundi var eftirfarandi tillaga samþykkt einróma:

„Almennur fundur í Íþróttakennarafélagi Íslands, haldinn 25. september 1971, skorar eindregið á menntamálaráðherra að koma menntun íþróttakennara í viðunandi horf hið bráðasta. Fundurinn felur stjórn félagsins að semja umsögn um frumvarpið á grundvelli þeirra umræðna er fram fóru á fundinum."

Stjórn ÍKÍ leyfir sér að minna á, að ÍKÍ hefur í meir en áratug óskað eftir endurbótum á menntun íþróttakennara og stjórnin telur sig geta lýst því yfir, að meginþorri meðlima félagsins sé þeirrar skoðunar, að um langt skeið hafi mikil þörf verið á verulegum breytingum á menntun íþróttakennara.

Stjórnin lítur svo á, að ofangreint frumvarp til laga um Íþróttakennaraskóla Íslands feli í sér vissar endurbætur á starfsemi skólans eins og hann hefur starfað til þessa og beri þá einkum að nefna þá breytingu á skólanum, er fyrirhuguð er samkvæmt frumvarpinu, að námstími skólans lengist úr 9 mánuðum í 18.

Stjórnin dregur hins vegar mjög í efa, að þær breytingar á skólanum, er frumvarpið gerir ráð fyrir, séu nægjanlegar til að koma menntun íþróttakennara í viðunandi horf og getur því ekki lýst yfir stuðningi sínum við frumvarpið, heldur telur nauðsynlegt að ítarleg endurskoðun á því fari fram hið bráðasta og áður en það verður tekið til umræðu á ný á Alþingi. Þessu til stuðnings leyfir stjórnin sér að benda á, að sérstaklega þurfi að endurskoða þær greinar frumvarpsins er fjalla um hlutverk og stjórn skólans, námsgreinar, inntökuskilyrði og staðsetningu skólans að Laugarvatni. Í þessu sambandi vill stjórnin taka fram, að hún telur að staðsetning skólans að Laugarvatni hafi ýmsa ókosti í för með sér og geri til að mynda skólanum illmögulegt að fá sérmenntaða kennara til starfa. Það er skoðun stjórnarinnar, að við endurskoðun á frumvarpinu beri að athuga gaumgæfilega hvort ekki væri ákjósanlegra að menntun íþróttakennara fari fram við Kennaraháskóla Íslands.

Um leið og stjórn ÍKÍ óskar eindregið eftir endurskoðun á ofangreindu frumvarpi til laga um Íþróttakennaraskóla Íslands, lýsir hún sig reiðubúna til að taka þátt í þeirri endurskoðun og leyfir sér að leggja til að Íþróttasamband Íslands, Ungmennafélag Íslands og Samtök íslenzkra kennaranema fái hlutdeild í þeirri endurskoðun.

Virðingarfyllst,

f. h. Íþróttakennarafélags Íslands,
Ingimar Jónsson.

Íþróttakennarafélag Íslands.
Form. Dr. Ingimar Jónsson.
Hrísateig 20, Rvík.

Þessi umsögn stjórnar ÍKÍ um frumvarp til laga um Íþróttakennaraskóla Íslands var lögð fyrir almennan félagsfund í ÍKÍ þann 14. október s. l. og samþykkt þar einróma.

Reykjavík, 21. okt. 1971.

f. h. stjórnar Íþróttakennarafélags Íslands,
Ingimar Jónsson.

Fylgiskjal II.

SAMTÖK ÍSLENZKRA KENNARANEMA

Reykjavík, 27. okt. 1971.

Þann 16. apríl s. l. barst Samtökum íslenzkra kennaranema beiðni frá menntamálaráðuneytinu um umsögn um frumvarp um Íþróttakennaraskóla Íslands.

Fulltrúaráð S.Í.K.N. vísaði málinu til íþróttakennaranema. Þeir ræddu málið oft og við ýmis tækifæri. Leitað var álits nokkurra íþróttakennara og fræðimanna um ýmis atriði.

Í helztu dráttum var það skoðun manna, að nú horfði vel um menntun íþróttakennara með hliðsjón af lengingu skólans úr einu ári í tvö. En frumvarp þetta væri þó ekki nema áfangi í rétta átt. Þróun skólans verði að halda áfram.

Á fundi sínum 18. okt. s. l., samþykkti fulltrúaráð S.Í.K.N. umsögn um frumvarpið.

Í umsögninni kemur fram, að fjölmargt má betur fara og betur ræða. Má þar nefna atriði eins og inntökuskilyrði, námsgreinar og próf, stjórn skólans og starfsmenn, auk staðsetningar skólans að Laugarvatni.

Farið var fram á, að frumvarpið verði tekið til endurskoðunar og að S.Í.K.N. taki þátt í þeirri endurskoðun.

Endurskoðuninni verði hraðað.

Fyrir hönd S.Í.K.N.

Guðmundur Guðmundsson,
formaður.

Haukur Sveinsson,
fulltrúi Í.K.Í.

Samtök íslenzkra kennaraskólanema.

Reykjavík, 18. okt. 1971.

Til menntamálaráðuneytisins.

16. apríl s. l. óskaði ráðuneytið eftir umsögn S.Í.K.N. um frumvarp til laga um Íþróttakennaraskóla Íslands. Um einstakar greinar frumvarpsins vilja samtökin leggja til eftirfarandi viðbótar- og breytingartillögur:

I. kafli.
Tilgangur, réttindi og deildarskipting.

1. gr.

Íþróttakennaraskóli Íslands skal búa nemendur sína undir kennslustörf í íþróttum, sjúkrahjálp, líkams- og heilsufræði í skólum. Einnig skal hann búa nemendur sína undir kennslu í íþróttum og félagsstörfum hjá stofnunum og félögum, sem mælt er fyrir í lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim.

Skólinn skal reglulega efna til námsskeiða fyrir íþróttakennara og leiðbeinendur.

Ath. 1. gr.

Hér er felld niður umferðarkennsla í skólum. Þar teljum við þyngst á metunum, að vel megi halda á kennslu í íþróttafræðum eigi að gera henni viðunandi skil á tveimur árum. Úr 3. gr. er færð síðasta setning um námskeið, en þau teljum við eitt af hlutverkum skólans.

S.Í.K.N. áskilur sér rétt til að flytja viðbótartillögur síðar um 1. gr., t. d. varðandi rannsóknarstarfsemi skólans.

2. gr.

Sama.

3. gr.

Íþróttakennaraskóli Íslands er tveggja ára skóli. Námstími hvort skólaár skal eigi vera skemmri en 8½ mánuður að viðbættri íþróttakennslu í 70 kennslustundir yfir sumarmánuðina. Hefur skólinn umsjón með sumarvinnunni.

Ath. 3. gr.

Síðasta setningin á að tryggja það, að allir nemendur skólans fái nægilega marga kennslutíma, en það er skilyrði þess, að hægt sé að gera þessa kröfu.

II. kafli.

Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

Ath. II. kafla.

Í þessum kafla eru nokkuð mörg atriði, sem við erum ósátt við og önnur, sem þarfnast athugunar. Kaflinn endurritaður gæti hljóðað svo:

4. gr.

Inntaka nemenda er í höndum skólaráðs.

Inntökuskilyrði varðandi undirbúningsmenntun:

1. a) Almennt kennarapróf.
   b) Stúdentspróf.
   c) Próf frá undirbúningsdeild sérnáms í K.Í.
   d) Próf frá framhaldsdeild gagnfræðaskóla.
2. Annað nám, ef skólaráð telur það jafngilt og mælir með því, en skólanefnd fellst á það.
3. Heimilt er skólanum að úrskurða um skólavist nemenda með hliðsjón af hæfnisprófi, eða öðrum matsaðferðum, en fullnægja skulu þeir ákvæðum þessarar greinar. Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunnir. Heimilt er að binda fjölda nemenda við einhverja hámarkstölu í reglugerð.
4. Sama og 2. liður í 5. gr.
5. Sama og 3. liður í 5. gr.

Ath. 4. gr.

Varðandi inntökuskilyrði setjum við menntunarskilyrði efst á blað. Gegn hugsanlegri tortryggni vegna inntöku nemenda, er eðlilegast, að skólaráð fjalli um umsóknir. Varðandi 1. d) teljum við þá, sem útskrifast úr tækni- og hjúkrunarkjörsviði, jafnhæfa menntunarlega og þá, sem útskrifast úr uppeldiskjörsviði. Í reglugerð þarf þó að ákveða, hvort próf úr framhaldsdeild gagnfræðaskóla miðist við 5. eða 6. bekk. Viðbótin skýrir sig sjálf.

5. gr.

Almenn inntökuskilyrði.

1. Nemandi sé heilbrigður og vel hæfur til íþróttaiðkana.
2. Nemandi sé eigi yngri en 18 ára á því ári, sem hann hefur nám.

3. Nemandi skal vera reglusamur. Eigi skal hann haldinn neinum kvilla er öðrum geti að meini orðið, né öðrum þeim ágalla, er að dómi skólaráðs hamli skólavist.
4. Heimilt er að meta þátttöku umsækjanda í íþróttum eða félagsstörfum, sem jafngildi náms, en þó skal 4. gr. vera ríkjandi yfir 5. gr.

Ath. 5. gr.

Í stað a) og c) liða 4. gr. komi 3. liður hér að ofan. Við teljum vel hæfa, að íþróttakennarar eigi að vera bindindissinnaðir, en slíkt fæst alls ekki með setningu lagabókstafs eins og reynslan styður.

Í seinni tíð hafa námsmenn krafizt þess, að félagsstarfsemi jafngildi námi, sbr. ályktun þings framhaldsskólanema í febr. 1971. Okkur þykir það sanngjarnt, auk þess sem þátttaka í íþróttum má oft teljast jafngild. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

6. gr.

1. Stefnt skal að því að gera námsefni skólans þríþætt: Kjarna, kjörsvið og valgreinar.
   Kjarninn er það námsefni, sem sameiginlegt er öllum nemendum skólans. Skal hann vera 70% námsefnis.
   Kjörsvið er það námsefni, greinar eða greinaflokkar, sem nemendur geta valið sér. Skal það vera 20% námsefnis.
   Valgreinar eru allt það námsefni hvers nemanda, sem eigi telst til kjarna eða kjörsviðs nemanda. Nemandi verður að geta unnið að valgreinum án sérstakrar kennslu, en skal velja sér þær í samráði við skólastjóra. Skulu þær vera 10% námsefnis.
   Heimilt er stjórn skólans að breyta þessu vægi námsþátta. Kveðið skal á um námsgreinar í reglugerð.
2. Skólanefnd ákveður námsefni námsskeiða fyrir leiðbeinendur og íþróttakennara.

Ath. 6. gr.

Með þessari grein viljum við auka fjölbreytni í námi. Teljum við, að skólanum beri að veita kennslu í öllum greinum íþrótta, sem stundaðar eru innan vébanda Í.S.Í. Það gefur þó auga leið, að enginn einn getur náð valdi á öllum þeim greinum og þykir því rétt að taka upp kjörsvið. Þar gætu nemendur valið t. d. boltaleiki, frjálsar íþróttir, sund, áhaldaleikfimi, júdó og glímu, dansa og „rythmik“ sem kjörsvið.

Valgreinar leggur nemandi sérstaka rækt við og öðlast þannig meiri þekkingu en almennt er tilskilið. Gætu t. d. verið ein grein frjálsra íþrótta, ákveðnir þættir lífeðlisfræði eða íþróttasögu o. s. frv.

Í upphafi greinarinnar segir, að stefnt skuli að því o. s. frv. Þar er varnagli sleginn, vegna þess að kjörsvið og önnur námsskipting takmarkast við þekkingu þeirra kennara, sem starfa við skólann hverju sinni. Þótt æskilegast sé, að flestir kennarar skóla séu fastráðnir, á það tæplega við um jafnfámennan sérskóla og þennan. Kennslan verður að miðast við það, að skólinn geti útskrifað nemendur, sem eru færir um að taka að sér þjálfun íþróttamanna í hinum ýmsu greinum. Hlýtur því kennslan að byggjast að verulegu leyti á sérmenntuðum stundakennurum.

Ekki teljum við hafa þýðingu að telja upp námsgreinar í lögum þessum, m. a. af ofangreindum ástæðum og af því, að fjöldi þeirra er vaxandi og/eða breytilegur. S.Í.K.N. áskilur sér rétt til breytinga á þessari grein.

7. gr.

1. Próf skulu fara fram í lok hvors skólaárs. Skólaráði er þó heimilt að ákveða próf í einstökum greinum á öðrum tíma. Ljúka má námi í einstökum greinum fyrra skólaárs. Skulu einkunnir í þeim greinum skráðar á íþróttakennaraprófskírteini. Í reglugerð skal kveðið á um námsefni til prófs. Skal þar miðað við,

að vægi einkunna sé í réttu hlutfalli við vinnu nemanda og kennslustundafjölda í hverri grein.

Við lokapróf skulu prófdómarar skipaðir af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum skólaráðs.

2. Próf skulu fara fram í lok hvers námsskeiðs fyrir leiðbeinendur. Viðkomandi sérsamband skipar þar prófdómara með samþykki skólastjóra.

Nánar skal kveðið á um próf í reglugerð.

Ath. 7. gr.

Afleiðing 6. gr. er m. a. sú, að próf skuli tekið í valgreinum. Þó er ekki eðlilegt, að prófað sé í öllum greinum, sem kenndar eru, og fer þar fyrst og fremst eftir eðli kennslu og stundafjölda.

Vægi einkunna miðist við umfang vinnu nemanda, t. d. í valgrein eða kennslustundafjölda hlutfallstölu. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

III. kafli.

Stjórn og starfsmenn skólans.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

Skólaráð skal þannig skipað: Skólastjóri formaður, einn fulltrúi fastra kennara, einn fulltrúi lausráðinna kennara og tveir fulltrúar nemenda. Hlutverk skólaráðs er að vera skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur auk annarra starfa, skv. lögum þessum. Skólastjóri stjórnar fundum, kveður skólaráð til funda reglulega og auk þess, þegar einhver fulltrúi í skólaráði óskar. Kjörtímabil skólaráðs er eitt ár.

Skólanefnd skal þannig skipuð: Tveir tilnefndir af Í.S.Í. og U.M.F.Í., einn tilnefndur af Íþróttakennarafélagi Íslands, Íþróttafulltrúi ríkisins og einn tilnefndur af nemendum. Hlutverk skólanefndar er að vera skólastjóra til ráðuneytis og aðstoðar um málefni skólans auk annarra starfa skv. lögum þessum. Kjörtímabil skólanefndar er þrjú ár, nema nemenda eitt ár.

Ákveða skal nánar í reglugerð starfssvið skólaráðs og skólanefndar.

Ath. 8. gr.

Lögð er til breyting á skipan skólaráðs og skólanefndar og er þar gert ráð fyrir áhrifum nemenda á stjórn skólans. Er hér um mjög hógværar kröfur og sanngjarnar að ræða. Teljum við nemendur þessa skóla nægilega ábyrga eftir eitt ár í námi til að hafa áhrif á skólann og þar með sína eigin menntun. Öll slæleg vinnubrögð skóla bitna fyrst og fremst á nemendum sjálfum. Meðalaldur nemenda þessa skóla verður að líkindum yfir tvítugu og því meiri hluti þeirra talinn nægilega ábyrgur til að kjósa við alþingiskosningar. Er því ekki hægt að bera við ábyrgðarleysi nemenda í þessum störfum. Aðrar breytingar skýra sig sjálfar.

9. gr.

Sama, nema í stað **skólastjóra** neðstu línu komi **skólaráð** og **skólanefnd.**

10. gr.

Sama, nema í stað **skólastjóra** 4.1. komi **skólaráð.**

11. gr.

Sama.

12. gr.

Sama, nema í stað **skólastjóra** 3.1. komi **skólaráð.**

13. gr.

Sama. (Sjá þó athugasemd).

Ath. 13. gr.

Nokkur hætta er á, að kennarar „einangrist" í sínu sérfagi að Laugarvatni. Væri því æskilegra, að fastur kennari fái ársleyfi á 5 ára fresti til að endurmennta sig eða styrktur til að sækja sumarnámskeið. Víst er, að breytingar í íþróttafræðum eru örar og því engin goðgá að setja þetta ákvæði í lögin.

IV. kafli.

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Sama. (Sjá þó athugasemd).

Ath. 14. gr.

S.Í.K.N. áskilur sér rétt til endurskoðunar á staðsetningu skólans að Laugarvatni.

15. gr.

Sama.

16. gr.

Sama.

17. gr.

Sama.

Um athugasemdir við frumvarpið.

Þar þarf að breyta því, sem brýtur í bága við framangreind breytingarákvæði og bæta við samsvarandi athugasemdum við viðbótartillögur.

Greinargerð.

Fulltrúaráð Samtaka íslenzkra kennaraskólanema fól nemendum Íþróttakennaraskóla Íslands, veturinn 1970—1971, að vinna að fyrrgreindu lagafrumvarpi.

Eftir að téð frumvarp hafði verið endurskoðað s. l. vetur, var eintökum af því dreift meðal nemenda skólans. Fóru fram umræður og fundir um frumvarpið. Auk þess var leitað álits íþróttakennara og leiðtoga ýmissa, svo og samanburður tekinn við lög um Kennaraháskóla Íslands og lög um menntaskóla.

Mikill einhugur var um þau atriði, sem lögð eru til breytinga og viðbótar. Voru menn ánægðir með það, að nú loksins horfði til breytinga á skólanum úr einu ári í tvö. Þótt margt sé gott í frumvarpinu, bera þó breytingartillögurnar með sér, að fjölmargt megi betur fara og betur ræða.

S.Í.K.N. vill vekja athygli á, að frumvarp þetta er ekki nema skref í rétta átt og að þróun geti strax haldið áfram. Sem markmið hlýtur að teljast, að skólinn hafi möguleika á að útskrifa kennara með ekki minni menntun en krafizt er til almenns kennaranáms.

S.Í.K.N leggur til að frumvarp þetta verði tekið til endurskoðunar strax og henni hraðað. Þar ættu að bera saman ráð sín m. a. S.Í.K.N., Íþróttakennarafélag Íslands, Í.S.Í. og U.M.F.Í.

Reykjavík, 18. október 1971.
f. h. S.Í.K.N.

Guðmundur Guðmundsson,
formaður.

Haukur Þ. Sveinsson,
fulltrúi Íþróttakennaraskólanema.

Nd. 287. Frumvarp til laga [150. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Markúsarsel, Tunguhlíð og Veturhús í Geithellnahreppi.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Sverrir Hermannsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Geithellnahreppi jarðirnar Markúsarsel, Tunguhlíð og Veturhús í Geithellnahreppi í Suður-Múlasýslu.

Verð jarðanna fer eftir samkomulagi, ef það næst. Að öðrum kosti skal kaupverð ákveðið að mati dómkvaddra manna.

Geithellnahreppi er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði jarðirnar eða hluta af þeim eða hlunnindi, sem þeim fylgja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markúsarsel, Tunguhlíð og Veturhús hafa árum saman verið í eyði. Þetta eru dalajarðir, sem liggja við afréttirnar ofan núverandi byggða. Hreppsnefnd Geithellnahrepps telur eðlilegt, að hreppurinn eignist jarðirnar, svo að haga megi nytjun þeirra með því móti, sem bezt samrýmist þörf hreppsbúa. Hefur hreppsnefndin því farið þess á leit að fá jarðirnar keyptar. Flm. fallast á sjónarmið hreppsnefndarinnar og leggja því til með frv. þessu, að heimilað verði að selja hreppnum jarðirnar.

Ed. 288. Frumvarp til laga [151. mál]

um breyting á lögum um lífeyrissjóð sjómanna, nr. 78/1970.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Eggert G. Þorsteinsson.

1. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 15. gr. laganna komi nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og lætur eftir sig maka, og á hann þá rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans og hjónabandið staðið a. m. k. 5 ár.

Láti sjóðfélagi eftir sig ekkju og barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi eiginkonu sinni, skal þó makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og ekkju hans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt.

2. gr.

Í 1. málsgr. 17. gr. laganna breytist „16 ára“ á tveimur stöðum í: 18 ára.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um lífeyrissjóð sjómanna voru samþykkt árið 1970. Var sjóðurinn áður nefndur lífeyrissjóður togarasjómanna, en nafni hans var breytt, þegar bátasjómenn fengu aðild að honum.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því, að eftirlifandi maki eigi rétt á lífeyri úr sjóðnum, hafi sjóðfélagi þá greitt iðgjöld sín til sjóðsins í a. m. k. 10 ár.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að viðkomandi hafi greitt í sjóðinn a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum. Biðtíminn yrði því styttur úr 10 árum í 6 mánuði. Lífeyrissjóðir hinna almennu verkalýðsfélaga hafa nú þegar slíkt ákvæði, svo að sízt er ástæða til að beita svo löngum biðtíma gagnvart sjómönnum, sem yfirleitt hafa stuttan starfstíma miðað við aðrar stéttir.

Ákvæði gildandi laga valda því, að ekkjur ungra sjómanna, sem farast, fá engar makabætur og eru því lakar settar en ekkjur verkamanna.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því, að ákvæði 15. og 17. gr. um 16 ára aldur barna breytist í 18 ár í samræmi við gildandi lög um almannatryggingar.

Sþ. 289. Tillaga til þingsályktunar [152. mál]

um sérstaka landshlutaáætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Framkvæmdastofnun ríkisins í samráði við hlutaðeigandi sýslunefnd, sveitarstjórnir og fjórðungssamband að gera sérstaka landshlutaáætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu með það fyrir augum, að náttúrugæði þar, á landi og í sjó, nýtist sem bezt til eflingar atvinnulífi og byggð í héraðinu, enda verði áætlunin einnig látin taka til Norður-Múlasýslu norðan Smjörvatnsheiðar, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska þess.

Greinargerð.

Hinn 23. ágúst s. l. var héraðsmálafundur Norður-Þingeyinga haldinn á Kópaskeri, og var þar mikið fjölmenni saman komið úr öllum átta hreppum sýslunnar austan og vestan Öxarfjarðarheiðar. Fund þennan boðaði Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga í samráði við kauptúnahreppa og samvinnufélög í sýslunni, en í stjórn Búnaðarsambandsins eru Þórarinn Haraldsson bóndi í Laufási, formaður, Eggert Ólafsson bóndi í Laxárdal og Jóhann Helgason bóndi í Leirhöfn. Ráðherrum var boðið að mæta á fundinum, eftir því sem þeir hefðu tök á, svo og alþingismönnum og varaþingmönnum, er sérstakt tilefni höfðu haft til að fjalla um málefni héraðsins. Á fundinum mættu Halldór E. Sigurðsson fjármála- og landbúnaðarráðherra og Hannibal Valdimarsson félagsmála- og samgönguráðherra, en fyrir hönd Lúðvíks Jósepssonar sjávarútvegs- og viðskiptaráðherra var mættur Stefán Jónsson landskjörinn varaþingmaður. Enn fremur þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra: Gísli Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Lárus Jónsson, Stefán Valgeirsson og Björn Jónsson, tveir varaþingmenn kjördæmisins: Jónas Jónsson og Halldór Blöndal, og Bragi Sigurjónsson landskjörinn varaþingmaður. Allir þeir, er nú hafa verið nefndir, tóku til máls á fundinum og létu í ljós áhuga á viðfangsefnum hans. Í blöðum og útvarpi var síðar sagt allýtarlega frá fundinum og talsvert um hann rætt. Einn af þingmönnum kjördæmisins, Magnús Jónsson, gat af gildum ástæðum ekki mætt á fundinum, en fylgdist með því, sem þar fór fram.

Fundarstörfum var þannig hagað, að tíu framsögumenn, er til þess voru kvaddir af fundarboðendum, reifuðu þau mál, er ákveðið hafði verið að taka til meðferðar. Síðan fóru fram almennar umræður, sem gestir fundarins og aðrir, er þess óskuðu, tóku þátt í. Að lokum voru bornar undir atkvæði og samþykktar ályktanir í þeim héraðsmálum, er reifuð höfðu verið og rædd. Fundarstjóri var Óli Halldórsson bóndi á Gunnarsstöðum, en fundarritarar Árni Sigurðsson bóndi í Hjarðarási og Grímur

Guðbjörnsson bóndi á Syðra-Álandi. Er fundargerðin ásamt fundarályktunum birt sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Tilefni héraðsmálafundarins á Kópaskeri var sú ömurlega staðreynd, að í Norður-Þingeyjarsýslu hefur í seinni tíð (undanfarin 10—15 ár) byggð dregizt saman og fólki fækkað, ekki aðeins hlutfallslega miðað við fólksfjölgun í landinu í heild, heldur einnig í beinum tölum talið. Árið 1957 var íbúatala sýslunnar 1996 og komst þá hæst, en samkv. bráðabirgðatölum Hagstofunnar var hún 1. des. s. l. komin niður í 1740. Er hér um nál. 15% beina fólksfækkun að ræða í héraðinu á þessu tímabili, en á sama tíma varð í landinu í heild bein fólksfjölgun nál. 24%. Fólksfækkun hefur ekki aðeins orðið í sveitum héraðsins, heldur einnig í sjávarþorpunum. Ástæður til þessarar neikvæðu þróunar eru að sjálfsögðu að sumu leyti almenns eðlis (aðdráttarafl höfuðborgarinnar o. þ. h.), en sérástæður eru hér einnig til staðar, t. d. síldarleysið, sem kemur hart við Raufarhöfn og raunar einnig við Þórshöfn, túnkal í sveitum, örðugar samgöngur á Norðausturlandi, neyðarástand í heilbrigðismálum og óvissa um framtíð skólamála í héraðinu.

Í þessu héraði er þó á margan hátt lífvænlegt og drjúgir möguleikar til hagnýtingar náttúruauðæfa, ef vel er að gáð. Óhætt er að segja, að þar eigi dugandi fólk og þrautseigt heima. Norður-Þingeyjarsýsla er ein hin víðlendasta, ef ekki víðlendust, af sýslum landsins, ef saman er talið byggðin sjálf og meira eða minna gróin heiðalönd, svo víðáttumikil og gjöful, miðað við búfjárfjölda, að nærri liggur, að ofbeitarhugtakið verði broslegt þar um slóðir. En minna má á fleira: Fjölsóttar fiskislóðir margra þjóða um aldir við Sléttu og Langanes, uppeldisstöðvar ungfisks í Þistilfirði, laxár margar og önnur veiðivötn, ræktunarskilyrði rúm á flestum jörðum, reka á fjörum og æðarvörp allmörg, jarðhitavott á nokkrum stöðum, sem betur mætti kanna, að ógleymdri orku fallvatna stórra og smárra í héraðinu og sjálfum Dettifossi, þar sem trúlega mætti framkvæma hagstæðustu stórvirkjun hér á landi, án þess að nokkru væri spillt eða neinum mein að. Og í sambandi við ferðamannaþjónustu, sem nú er mjög umrædd sem atvinnugrein, kemur þetta hérað vissulega til greina ýmsum öðrum fremur. Í þessu stóra héraði eru jarðir flestar og lönd enn í bændaeign eða hins opinbera. Er það út af fyrir sig mikilsvert og að ekki verði þar innleidd spákaup lands, eins og víða eiga sér stað um þessar mundir.

Flutningsmaður þessarar tillögu lítur á það sem beint og eðlilegt framhald af héraðsmálafundinum á Kópaskeri og því, sem þar var sagt og gert, að Framkvæmdastofnun ríkisins, sem nú er tekin til starfa samkv. lögum, verði í samráði við sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu, sveitarstjórnir þar og Fjórðungssamband Norðlendinga og með hliðsjón af ályktunum héraðsfundarins falið að gera sérstaka landshlutaáætlun um þetta hérað með það fyrir augum að efla þar atvinnulíf og byggð og hagnýta til þess þau skilyrði að meira eða minna leyti, sem hér hefur verið að vikið. En til þess að svo megi verða, þarf að ráða bót á ýmsu, sem bent hefur verið á og hér verður ekki nánar rætt.

Undanfarið hefur að jafnaði verið gert ráð fyrir því, að landshlutaáætlun tæki til heils landsfjórðungs eða kjördæmis. Í lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins er orðið „landshlutaáætlun“ þó ekki skýrt á þann hátt. Byggðaáætlun um sýslu er að sjálfsögðu landshlutaáætlun, þó að hún fjalli um minni landshluta en kjördæmisáætlun eða fjórðungsáætlun, en getur hins vegar fallið inn í stærri áætlanir, ef henta þykir. Í þessari tillögu er átt við almenna framfaraáætlun fyrir hlutaðeigandi landshluta, en ekki takmarkaða áætlun um samgöngumál eða atvinnumál eingöngu, svo að dæmi séu nefnd.

Í tillögunni er gert ráð fyrir þeim möguleika, að landshlutaáætlun sú fyrir Norður-Þingeyjarsýslu, sem hér er um að ræða, geti einnig tekið til Norður-Múlasýslu norðan Smjörvatnsheiðar, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska þess. Þau sveitarfélög í Norður-Múlasýslu, sem þar koma til greina, eru Skeggjastaðahreppur og Vopnafjarðarhreppur, en tengsl milli þeirra tveggja hreppa og austurhluta Norður-Þingeyjarsýslu hafa bæði fyrr á tímum og í seinni tíð verið allmikil, enda af landfræðileg-

um ástæðum að verulegu leyti um sameiginlega hagsmuni að ræða, t. d. í samgöngumálum og ýmsum samfélagsmálum.

Fylgiskjal I.

FUNDARGERÐ

Mánudaginn 23. ágúst 1971 var að forgöngu B.S.N.Þ. og á þess vegum, ásamt kauptúnahreppum og samvinnufélögum sýslunnar, haldinn héraðsmálafundur á Kópaskeri. Til fundarins var boðið ráðherrum og öllum þingmönnum og varaþingmönnum kjördæmisins. Allir þingmennirnir mættu á fundinum nema Magnús Jónsson, sem ekki gat komið vegna anna. Tveir af ráðherrunum sátu fundinn, þeir Halldór E. Sigurðsson landbúnaðar- og fjármálaráðherra og Hannibal Valdimarsson samgöngu- og félagsmálaráðherra. Auk þess fjölmenntu sýslubúar á fundinn. Þórarinn Haraldsson, formaður B.S.N.Þ., setti fundinn og bauð menn velkomna og sérstaklega boðsgestina, ráðherra og þingmenn. Þórarinn sagði, að undanfarið hefði verið um sáralitlar framfarir að ræða í sýslunni og hnignun á sumum sviðum á þeim vettvangi, sem hið opinbera ynni almennt að. Hingað á þennan fund væri valdhöfum og ráðamönnum boðið til að hlýða á óskir heimamanna og taka þær til vinsamlegrar og skjótrar úrlausnar. Ákveðið væri, að ellefu mál yrðu lögð fyrir fundinn, hvert af öðru í stuttum framsöguræðum. Síðan hæfust umræður á því, að þingmenn og ráðherrar flyttu sitt mál og að lokum færu fram almennar umræður. Til fundarstjóra nefndi Þórarinn Óla Halldórsson, Gunnarsstöðum, en Grím Guðbjörnsson, Álandi, og Árna Sigurðsson, Hjarðarási, til að rita fundargerð. Þá tók Óli við fundarstjórn og gengið var til dagskrár.

1. **Vegamál.** Framsögu hafði Þórarinn Haraldsson. Gaf hann í stórum dráttum yfirlit yfir ástand veganna í sýslunni og taldi þá yfirleitt ófullkomna og lokast fljótt vegna snjóa og snjómokstur lítinn, aðeins einu sinni í mánuði á leiðinni Húsavík til Raufarhafnar.

2. **Læknisþjónusta.** Framsögumaður Árni Sigurðsson. Lýsti hann læknaþjónustu eins og hún er nú í sýslunni, en enginn læknir er starfandi í henni. Læknir á Vopnafirði þjónar „austan heiðar", en læknar frá Húsavík vestan heiðar. Taldi hann það kröfu íbúanna, að minnst tveir læknar yrðu starfandi í sýslunni.

3. **Fræðslumál.** Framsögumaður Björn Haraldsson. Ræddi hann þann mismun og órétt, sem ríkti í þessum málum á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Í þéttbýlinu gætu öll börn lokið skyldunámi, en langt væri frá, að svo væri í strjálbýlinu. Allt skólahald væri dýrara í dreifbýli, þar sem eingöngu eru heimavistarskólar. Hann taldi skólakostnað kr. 1650.00 á hvern íbúa í strjálbýlishreppum á móti kr. 1000.00 í þéttbýli, þar sem heimangönguskólar eru. Auk þess gerði hann grein fyrir aukakostnaði strjálbýlisfólks við framhaldsmenntun barna sinna. Í lokin las hann upp tillögu um fundarbókun varðandi þessi mál.

4. **Raforkumál.** Frummælandi Sigurður Jónsson. Hóf hann mál sitt á því, að Norður-Þingeyingar vildu gera þá kröfu, að þeir nytu jafnréttis við aðra landsmenn. Taldi hann nokkuð hafa skort á, að svo væri í raun. Þeir þyrftu oft að bíða lengst allra landsmanna eftir opinberum framkvæmdum og svo væri um rafmagnið. Enn væru margir sveitabæir, einkum austan heiðar, sem ekki eru í sambandi við samveitu. Hann taldi heppilegast, að rafmagnið kæmi frá orkuveri innan sýslunnar, nefndi hann í því sambandi Dettifossvirkjun og virkjun Sandár í Þistilfirði, sem mundi nægja fyrir hreppana austan heiðar um næstu framtíð.

5. **Byggðaþróun.** Framsögu hafði Grímur Jónsson, ráðunautur. Gerði hann samanburð á íbúafjölda í sýslunni árin 1950 og 1967. Á þessu árabili fækkaði íbúum sveitahreppanna um 11.7% eða úr 1095 í 968, en í þorpunum Raufarhöfn og Þórshöfn fjölgaði um 24%[1]). Í sýslunni í heild fækkaði íbúum í sýslunni um 3.4%.

1) Ef miðað er við síðustu 10—15 árin, hefur þó einnig fækkað í þorpunum.

Las hann upp tölur um túnstærð, bústærð og uppskeru bænda í sýslunni. Meðalaldur bænda í sýslunni væri nú 50 ár.

6. **Fiskirækt.** Framsögumaður Sigtryggur Þorláksson. Taldi hann góð skilyrði til fiskiræktar í N.-Þingeyjarsýslunni og benti á Litlá í Kelduhverfi, sem byði upp á ágæt skilyrði fyrir laxaeldisstöð.

7. **Dýralækningar.** Eggert Ólafsson hafði framsögu. Norður-Þingeyingar hafa frá upphafi notið lítillar þjónustu frá dýralæknum. Dýralæknir sá, sem á að þjóna hér, er búsettur á Húsavík. Hann hefur mikið að starfa í Suður-sýslunni og því ekki getað sinnt okkur sem skyldi. Nú var með lögum stofnað nýtt dýralæknishérað, Norðurlandshérað, sem nær frá Jökulsá á Fjöllum að Smjörvatnsheiði. Það verður því eindregin ósk fundarins, að dýralæknir verði skipaður sem fyrst í hið nýja hérað.

8. **Mál frá Raufarhöfn.** Fyrri flutningsmaður, Hilmar Ágústsson, las upp samþykktir frá sameiginlegum fundi allmargra félagssamtaka á Raufarhöfn. Samþykktin var varðandi samgöngumál, og alllöng greinargerð fylgdi. Annar flutningsmaður, Björn Hólmsteinsson, talaði um atvinnumál á Raufarhöfn. Mikill vandi hefði skapazt á staðnum, er síldin hætti að veiðast, og mjög miklir erfiðleikar væru nú að sjá fólkinu fyrir nægri atvinnu.

9. **Mál frá Þórshöfn.** Pálmi Ólafsson hafði framsögu. Nefndi hann fimm brýnustu hagsmunamál Þórshafnar. Fyrst hafnarmál. Við höfnina vantaði 50 m langan viðlegukant, sem nota mætti fyrir bátana allt árið. Hér væri aðeins um herzlumun að ræða, að höfnin væri fullbúin. Annað var fiskvinnslan á Þórshöfn. Taldi hann, að byggja þyrfti fiskvinnslufrystihús við Þórshafnarhöfn sem fyrst. Þriðja samgöngumál. Leggja þyrfti veg um Fremriháls og Þistilfjörð. Læknamálið var áður rætt, einnig raforkumál.

10. **Mál frá Kópaskeri.** Flutningsmaður Kristján Ármannsson. Taldi hann rétt, að unnið væri meira hér á staðnum úr afurðum bænda en nú er gert, og taldi það nauðsynlegt vegna atvinnu og uppbyggingar staðarins. Betri hafnarskilyrði væru nauðsynleg, einnig áætlunarflug, en það hefur legið niðri nokkur ár. Hann lagði áherzlu á, að staðurinn væri í vexti og að þjóðfélaginu væri skylt að sinna þörfum og kröfum þessa fólks ekki síður en annarra þegna þjóðfélagsins.

Fleiri mál komu ekki fram, en Þórarinn Haraldsson talaði til fundarmanna og færði rök fyrir því, að fólksflutningar úr sýslunni stöfuðu að miklu leyti af margra ára tómlæti þess opinbera. Að ræðu hans lokinni var gefið hlé til kaffidrykkju.

11. **Að lokinni** kaffidrykkju var fundi fram haldið og hófust nú umræður. Fyrstur tók til máls Gísli Guðmundsson, alþingismaður. Síðan töluðu gestir fundarins hver af öðrum í þessari röð:

Stefán Valgeirsson, alþingismaður.
Halldór Blöndal, varaþingmaður.
Lárus Jónsson, alþingismaður.
Ingvar Gíslason, alþingismaður.
Bragi Sigurjónsson, varaþingmaður.
Björn Jónsson, alþingsmaður.
Stefán Jónsson, varaþingmaður.
Síðast töluðu ráðherrarnir.

Hannibal Valdimarsson, samgöngu- og félagsmálaráðherra, ræddi einkum um samgöngumál.

Halldór E. Sigurðsson, fjármála- og landbúnaðarmálaráðherra, kom víða við í ræðu sinni. Má nefna heilbrigðismál. Þá vék hann að fiskirækt og fiskeldisstöð í sýslunni. Hann taldi þetta stórmál, sem hann hefði sérstakan áhuga á, og hét því liðsinni.

Allir gestir fundarins þökkuðu fyrir boðið. Þeir ræddu ýmis þau mál, sem flutt voru, og öllum bar þeim saman um, að N.-Þingeyjarsýsla hefði verið sett hjá, hvað opinberar framkvæmdir snerti.

Hófust þá almennar umræður.

Fyrstur talaði Stefán Kr. Vigfússon, þá Guðmundur Þorsteinsson, Björn Guðmundsson, Benedikt Sveinsson, Benedikt Sigurðsson, Jósep Þorsteinsson og loks Lárus Jónsson, alþingismaður.

Að loknum almennum umræðum benti Þórarinn Haraldsson aðkomumönnum á, að þessi almenna fundarsókn væri sönnun fyrir áhuga fólksins fyrir þeim opinberu framkvæmdum, sem beðið væri um. Hann sagði, að Búnaðarsambandið mundi vinna að framgangi þeirra mála, sem almenn gætu talizt, en þau, sem væru svæðabundin, ættu formælendur að hafa til meðferðar.

Síðan bar fundarstjóri upp meðfylgjandi fundarályktun til samþykktar. Hann þakkaði ræðumönnum hógværan málflutning og óskaði öllum góðrar heimkomu og sleit síðan fundi.

Óli Gunnarsson.

Grímur Guðbjörnsson. Árni Sigurðsson.

Fylgiskjal II.

Ályktanir frá héraðsmálafundi Norður-Þingeyinga.

Vegamál.

Lokið verði uppbyggingu Þingeyjarsýslubrautar og henni þannig við haldið, að hún verði að jafnaði fær árið um kring. En á meðan því marki er ekki náð, skal ryðja snjó af veginum milli Húsavíkur og Þórshafnar, sem af öðrum vegum landsins.

Gerður verði akfær vegur vestan Jökulsár á Fjöllum, milli Þingeyjarsýslubrautar í Kelduhverfi og Austurlandsvegar á Mývatnsöræfum.

Heilbrigðismál.

Að ávallt hafi a. m. k. tveir læknar fast aðsetur í sýslunni sitt hvorum megin Öxarfjarðarheiðar til að annast daglega þjónustu og þó einkum að veita hjálp, þegar slys ber að höndum eða skjótrar læknishjálpar er þörf af öðrum ástæðum, og til að koma í veg fyrir, að fólk flytjist úr sýslunni vegna öryggisleysis í heilbrigðismálum. Stefnt verði að því, að læknar fáist í öll læknishéruð sýslunnar.

Fræðslumál.

Gerð verði gangskör að því að marka ákveðna stefnu í skólamálum sýslunnar og hafizt handa um framkvæmd hennar, til þess að börn og ungmenni þessa héraðs geti notið þeirra réttinda til fræðslu, sem lög gera ráð fyrir. Til viðbótar því framlagi til kennslu og skólamála, sem um getur í skólakostnaðarlögum og grunnskólafrumvarpinu frá síðasta Alþingi, komi minnst helmings þátttaka ríkisins í matvæla-, orku- og ræstingarkostnaði í heimavistarskólum skyldunámsins. Þá verði heimilaður kennslustundafjöldi í skyldunámsskólum miðaður við þörf nemendanna í hverjum skóla.

Raforkumál.

Unnið verði að því hið skjótasta að leiða rafmagn á þá bæi í sýslunni, sem ekki hafa fengið samveiturafmagn, og að raforka verði seld á sama verði til sömu nota um land allt.

Notuð verði gildandi lagaheimild til að virkja Sandá í Þistilfirði fyrir Norðausturland. Lokið verði sem fyrst fullnaðaráætlun um virkjunarmöguleika við Dettifoss.

Unga menn vantar í bændastétt.

Við athugun, sem gerð hefur verið um aldur bænda í héraðinu, kemur í ljós, að um helmingur þeirra er kominn yfir fimmtugt og ef bóndi bregður búi, fer jörðin í eyði.

Af þessu leiðir, að brýna nauðsyn ber til að auka fjárhagslega aðstoð við unga menn, sem byrja vilja búskap, m. a. með eflingu veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og hagstæðari stofnlánum.

Fiskirækt.

Þar sem margar ár og vötn í Norður-Þingeyjarsýslu hafa góð skilyrði til fiskigöngu, er mikil þörf fyrir eldisseiði innan mikillar fjarlægðar. Bent hefur verið á Litlá í Kelduhverfi af sérfróðum mönnum sem tilvalinn stað fyrir seiðaeldi og fiskirækt. Ber fundurinn fram þá eindregnu ósk, að ríkið byggi og reki fiskuppeldisstöð við Litlá.

Dýralækningar.

Gerð verði gangskör að því að fá dýralækni til að setjast að í hinu nýja dýralæknishéraði milli Jökulsár og Smjörvatnsheiðar.

Mál frá Þórshöfn.

a) Að bryggjusmíði í höfninni verði lokið.
b) Hafizt verði þegar handa um undirbúning við byggingu nýs frystihúss við höfnina.

Mál frá Kópaskeri.

a) Læknir hafi búsetu á staðnum.
b) Hafizt verði handa um varanlega hafnargerð á Kópaskeri.
c) Kópasker verði þegar í stað tekið inn á áætlun strandferðaskipa og Flugfélags Íslands.
d) Komið verði upp á staðnum kjötvinnslustöð til úrvinnslu á afurðum bænda.
e) Kannað verði, hvers konar útgerð henti bezt.
f) Gerð verði áætlun um framtíðarmöguleika N.-Þing. á sviði ferðamála.

Mál frá Raufarhöfn.

Fundurinn fer þess á leit við samgöngumálaráðherra, vegamálastjóra og þingmenn kjördæmisins, að þeir beiti sér fyrir, að vegur milli Raufarhafnar og Núpasveitar, það er vegur frá flugvelli við Hól, 5.5 km sunnan Raufarhafnar, og að þjóðveginum við Presthóla í Núpasveit, sem er ca. 30 km, verði tekinn á næstu vegáætlun og lagningu þess vegar síðan hraðað.

Upptekið úr fundargerðabók B.S.N.Þ.

Kópaskeri, 27. október 1971.

Þórarinn Haraldsson.

Jóhann Helgason. Eggert Ólafsson.

Ed. 290. Frumvarp til laga [153. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

73. gr. orðist svo:

Nú hefur viðurkennt vátryggingafélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkvæmt framangreindu, og skal þá sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr., endurgreiða vátryggingafélaginu fjárhæð, sem nemur 2.5‰ af vátryggingarfjárhæð ökutækisins samkvæmt 1. mgr. 70. gr., ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella að fullu. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð í ökutækinu á sama hátt og greinir í 4. mgr. 69. gr., þó þannig að veðband það, sem þar greinir, gangi fyrir.

Auk þess, sem í 1. mgr. getur, á vátryggingafélag endurkröfurétt á hendur hverjum þeim, sem valdið hefur slysi eða tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má endurkröfuna með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins eða öðrum atvikum.

Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingafélags.

2. gr.

3. málsl. 76. gr. orðist svo:

Nefndin kveður á um, hvort endurkröfurétti samkvæmt 2. mgr. 73. gr. skuli beitt gegn þeim, sem talinn er eiga sök.

3. gr.

78. gr. orðist svo:

Allar bótakröfur samkvæmt þessum kafla, bæði á hendur þeim, sem ábyrgur er, og vátryggingafélagi, svo og endurkröfur vátryggingafélags samkvæmt 2. mgr. 73. gr., fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Endurkröfur vátryggingafélags samkvæmt 1. mgr. 73. gr. fyrnast á einu ári frá lokum þess almanaksárs, sem félagið innti greiðslu af hendi. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á 10 árum frá því að tjónsatburðurinn varð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að á undanförnum mánuðum hafi orðið mikil aukning umferðarslysa. Til að hamla á móti þessari ugg-

vænlegu þróun sé nauðsynlegt að gera ráðstafanir til úrbóta, og í því sambandi sé rétt að ákveða, að þeir, sem ábyrgð bera á umferðarslysum með akstri sínum, taki sjálfir þátt í greiðslu tjónbóta að nokkru leyti. Til þessa sé þörf á að breyta ákvæðum umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og til að þær ráðstafanir hafi sem fyrst áhrif beri brýna nauðsyn að breyta þeim lögum með bráðabirgðalögum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

73. gr. orðist svo:

Nú hefur viðurkennt vátryggingafélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkvæmt framangreindu, og skal þá sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr., endurgreiða vátryggingafélaginu fjárhæð, sem nemur 2.5‰ af vátryggingarfjárhæð ökutækisins samkvæmt 1. mgr. 70. gr., ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella að fullu. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð í ökutækinu á sama hátt og greinir í 4. mgr. 69. gr., þó þannig að veðband það, sem þar greinir, gangi fyrir.

Auk þess, sem í 1. mgr. getur, á vátryggingafélag endurkröfurétt á hendur hverjum þeim, sem valdið hefur slysi eða tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má endurkröfuna með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins eða öðrum atvikum.

Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingafélags.

2. gr.

3. málsl. 76. gr. orðist svo:

Nefndin kveður á um, hvort endurkröfurétti samkvæmt 2. mgr. 73. gr. skuli beitt gegn þeim, sem talinn er eiga sök.

3. gr.

78. gr. orðist svo:

Allar bótakröfur samkvæmt þessum kafla, bæði á hendur þeim, sem ábyrgur er, og vátryggingafélagi, svo og endurkröfur vátryggingafélags samkvæmt 2. mgr. 73. gr., fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Endurkröfur vátryggingafélags samkvæmt 1. mgr. 73. gr. fyrnast á einu ári frá lokum þess almanaksárs, sem félagið innti greiðslu af hendi. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á 10 árum frá því að tjónsatburðurinn varð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. janúar 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Nd. 291. Frumvarp til laga [154. mál]

um fiskeldi í sjó.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Til fiskeldis í sjó þarf leyfi sjávarútvegsráðuneytisins, sem veitir leyfið að fenginni umsögn Fiskifélags Íslands, Hafrannsóknastofnunarinnar og veiðimálastjóra.

Með fiskeldi er átt við starfsemi, er miðar að því að ala fiskistofn, þar með talin krabbadýr og skeldýr, til afurða, svo sem með klaki, fóðrun, flutningi fiska og umbótum á lífsskilyrðum.

2. gr.

Leyfi til fiskeldis í sjó má veita einstaklingum, félögum og stofnunum, sem heimilt er að stunda fiskveiðar í landhelgi við Ísland, sbr. lög nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, og að eignast réttindi yfir fasteignum hér á landi, án þess að fá til þess sérstakt leyfi, sbr. lög nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Í leyfisumsókn skal greina þær fisktegundir, sem rækta á, svæði það, þar sem fiskeldi á að stunda, fyrirhuguð mannvirki í þágu fiskeldis og veiða og önnur atriði, sem máli skipta um undirbúning og framkvæmd fiskeldis.

3. gr.

Leyfi til fiskeldis í sjó skal að jafnaði veita til eigi skemmri tíma en 10 ára og eigi lengur en til 20 ára. Hið sama gildir um endurnýjun leyfis.

Sé fiskeldi eigi hafið innan tveggja ára frá leyfisveitingu, fellur leyfið niður.

4. gr.

Leyfi til fiskeldis í sjó skal binda þeim skilyrðum, sem þurfa þykir varðandi flutning fiska, sóttvarnir, veiðar, mannvirkjagerð, skýrslugjöf, heimild sérfræðinga til að fylgjast með fiskeldinu og önnur atriði, sem máli skipta.

Áskilja má, að fyrir leyfi til fiskeldis í sjó komi gjald, er renni í ríkissjóð. Ákveða má, að gjald þetta skuli vera tiltekið árgjald, er greiða eigi, á meðan leyfi er í gildi.

5. gr.

Leyfi til fiskeldis í sjó er bundið við nafn og aðilaskipti að því eru óheimil nema með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins. Þó má þrotabú leyfishafa halda fiskeldi áfram, meðan á skiptum stendur. Dánarbúi leyfishafa eða erfingjum er og heimilt að stunda fiskeldi áfram leyfistímann án nýs leyfis.

Sjávarútvegsráðuneytið getur afturkallað leyfi, ef leyfishafi fullnægir ekki lengur skilyrðum til að geta öðlazt leyfi til fiskeldis í sjó, ef leyfishafi heldur ekki skilmála fyrir leyfi til fiskeldis eða brýtur gegn ákvæðum laga þessara eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim.

6. gr.

Þegar leyfi til fiskeldis fellur niður og fæst ekki endurnýjað, getur leyfishafi krafizt þess, að ríkissjóður kaupi mannvirki í þágu fiskeldis eftir mati, ef ætla má, að af þeim megi hafa arðbær not.

7. gr.

Veita má leyfishafa einkaheimild til nýtingar tiltekinna svæða sjávar og sjávarbotns í þágu fiskeldis og veiða. Er þessi heimild bundin sömu tímamörkum og

leyfið sjálft. Um önnur not en einkaheimild leyfishafa nær til, getur sjávarútvegsráðuneytið sett ákvæði með reglugerð, ef takmarkanir þykja nauðsynlegar vegna fiskeldisins. Setja má slíkar reglur um einstök afmörkuð svæði.

Ef nauðsyn krefur, getur sjávarútvegsráðuneytið leyft eignarnám vegna þeirra ákvarðana, sem getur í fyrri málsgrein þessarar greinar, og fer um eignarnámið að lögum um framkvæmd eignarnáms. Einnig má heimila eignarnám, ef þörf er á afnotum fjöru eða lands í þágu fiskeldis.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði friðunarlöggjafar getur sjávarútvegsráðuneytið heimilað, að á takmörkuðum svæðum verði framkvæmd eyðing fugla, fiska og eftir atvikum annarra dýra, sem talin verða skaðleg fiskeldi, eða gerðar aðrar viðhlítandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum.

Sjávarútvegsráðuneytið getur leyft, að á svæðum, þar sem fiskeldi er stundað, séu notuð önnur veiðitæki en heimil eru samkvæmt fiskveiðilöggjöfinni. Á sama hátt má víkja frá ákvæðum um lágmarksstærð fisks, sem veiða má.

9. gr.

Komi upp sjúkdómur í fiski, þar sem fiskeldi er stundað, getur sjávarútvegsráðuneytið fyrirskipað nauðsynlegar ráðstafanir til að útrýma sjúkdómnum og koma í veg fyrir smit, svo sem með sótthreinsun og eyðingu fisks.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

11. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 21 12. júní 1939, um ostrurækt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Sums staðar erlendis hafa um alllangt skeið verið gerðar tilraunir með eldi sjávarfiska og vatnafiska í sjó eða sjóblöndu. Þá hefur ostrurækt víða verið um langan aldur mikilvæg atvinnugrein.

Hér á landi hefur vaknað áhugi á fiskirækt af ofangreindu tagi. Geta má þess, að á Alþingi 1938 var flutt frumvarp til laga um ostrurækt, friðun tiltekinna svæða á fjörðum inni vegna ostruræktar og einkaleyfi til ostruveiða á slíkum stöðum. Frumvarpið varð ekki útrætt á þessu þingi, en var flutt á ný á Alþingi 1939. Náði frumvarpið þá samþykki. Er hér um að ræða lög nr. 21 12. júní 1939 um ostrurækt, sem eru enn í gildi. Tildrög lagasetningar um þetta efni var málaleitun frá sænsku félagi, sem hafði áhuga á málinu. Af framkvæmdum varð hins vegar ekki, m. a. vegna síðari heimsstyrjaldarinnar.

Nefna má, að á Alþingi 1945 var samþykkt þingsályktunartillaga um athugun á fiskirækt í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu og á Alþingi 1946 þingsályktunartillaga varðandi sams konar athugun á Hvammsfirði.

Fyrir nokkru var hafin hér á landi ræktun silungs og lax í sjóblönduðu vatni. Í Lárósi á Snæfellsnesi hefur verið stunduð ræktun af því tagi. Á Alþingi 1959 var samþykkt þingsályktunartillaga á þá leið, að skorað væri á ríkisstjórnina að koma

upp klak- og eldisstöð fyrir lax og silung á hentugum stað á landinu, svo fljótt sem við yrði komið, á grundvelli lax- og silungsveiðilaganna frá 1957. Í fylgiskjali með tillögunni, þ. e. tillögum veiðimálastjóra til landbúnaðarráðuneytis um þetta mál, er þess getið, að meðal helztu verkefna tilraunaeldisstöðvar ríkisins verði tilraunir með klak og eldi laxkynjaðra fiska í fersku vatni, sjóblöndu og sjó (Alþt. 1959 A-deild, bls. 583—587).

Í lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er tekið fram, að eitt verkefna Hafrannsóknastofnunarinnar sé rannsóknir á fiskirækt og öllu, sem að þeim lýtur, áburð á sjó o. s. frv., sbr. 5. tl. 17. gr. Á Alþingi 1966 komu fram tvær þingsályktunartillögur, sem lutu að því, að athugun yrði gerð á möguleikum á ræktun nytjafiska í sjó hér við land, til að mynda í fjörðum eða sjávarlónum. Var þar einnig gert ráð fyrir ræktun sjávarfiska. (Alþt. 1966 A-deild, bls. 585—586 og bls. 872—873). Hvorug þessara tillagna varð útrædd. Áður munu slík mál hafa verið til umræðu á Fiskiþingi og öðrum fundum útvegsmanna. Tillögur þessar voru endurfluttar á Alþingi 1967 og náðu þá fram að ganga. Á Alþingi 1970 var ennfremur samþykkt þingsályktunartillaga um það meðal annars, að rannsakað yrði, hvort hagkvæmt gæti verið að koma upp fiskirækt eða fiskuppeldi í Húnaflóa og annars staðar í fjörðum norðanlands.

Í fjárlögum fyrir árið 1971 og fyrir árið 1972 er gert ráð fyrir kr. 300 þús. fjárveitingu til fiskiræktar í sjó.

Í íslenzkri löggjöf eru ekki önnur fyrirmæli um fiskirækt í sjó en ákvæði laga um friðun fiskistofna. Áhugi er hins vegar fyrir því að vinna að fiskirækt með öðrum ráðstöfunum, svo sem fiskeldi í lokuðum sjávarlónum og fjörðum. Hefur verið talið æskilegt að setja löggjöf um fiskeldi í sjó, bæði eldi sjávarfiska og vatnafiska. Verður að telja eðlilegt, að slík löggjöf nái einnig til ræktunar skelfisks og krabbadýra.

II. Um meginefni frumvarpsins.

Eldi sjávarfiska er enn á tilraunastigi. Þykir ekki rétt, að í slíkar framkvæmdir sé ráðizt, nema fengin sé umsögn þeirra aðila, sem bezt eiga að þekkja til. Einnig ber að hafa í huga, að um ráðstafanir er að ræða, sem geta snert almannahagsmuni. Verða handhafar ríkisvalds að tryggja, að þeir verði ekki fyrir borð bornir. Það verður bezt gert með áskilnaði um, að leita þurfi leyfis ríkisins til fiskeldis í sjó. Er þá rétt, að slíkt leyfi sé bundið þeim skilyrðum, sem nauðsynleg teljast í þessu skyni, t. d. um gerð mannvirkja og sóttvarnarráðstafanir. Þá er hugsanlegt, að fiskeldi verði stundað á svæðum sjávarbotns, sem íslenzka ríkið telur sína eign, sbr. ákvæði laga nr. 17/1969. Þegar svo stendur á, er eðlilegt að ríkið hafi hönd í bagga með framkvæmdum.

Frumvarpið nær aðeins til fiskeldis í sjó, og eldis sjávarfiska í sjóblönduðu vatni. Hins vegar tekur það ekki til fiskeldis samkvæmt lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði sbr. orðskýringar í 1. gr. þeirra laga.

Óhjákvæmilegt er, að sá aðili, sem fiskeldi stundar, hafi á þeim svæðum, þar sem fiskeldið er stundað, bæði einkaheimild til fiskeldis og veiða. Ef um er að ræða nýtingu botnsvæða, sem eru eign íslenzka ríkisins, þarf að sjálfsögðu að fá leyfi þess, sbr. lög nr. 17/1969. Einnig getur verið rétt, að leyfishafa sé heimilað eignarnám í þessu skyni, ef hann ræður ekki yfir nægilegum svæðum lands, fjöru, sjávar eða sjávarbotns til fiskeldis. Enn fremur getur þurft að takmarka önnur not af tilliti til fiskeldis og getur það gilt bæði um svæði, þar sem fiskeldi er stundað, og svæði utan þess. Fer þá eftir atvikum, hvort eignarnám er nauðsynlegt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að nauðsynlegt geti reynzt að víkja frá ákvæðum friðunarlöggjafar og laga um fiskveiðar, bæði vegna ráðstafana til verndar fiskeldi og til veiða á eldisfiski.

III. Athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ekki er álitið rétt, að hafizt verði handa um fiskeldi í sjó, nema umsögn sé fengin frá þeim aðilum, sem ætla má að bezt geti dæmt um, hvort árangurs sé af því að vænta. Af ákvæðum þessarar greinar verður ráðið, að með fiskeldi er ekki átt við fiskirækt, sem eingöngu er fólgin í friðun fiskistofns, heldur ýmsar beinar ráðstafanir, sem miða að því að ala fiskistofn til afurða, svo sem með klaki, fóðrun, tilflutningi fiska og umbótum á lífsskilyrðum fiska, meðal annars með mannvirkjagerð. Hins vegar getur friðun að sjálfsögðu verið þáttur í þessum aðgerðum.

Tekið er af skarið, að frumvarpið taki einnig til skeldýra og krabbadýra.

Um 2. gr.

Ekki verður talið rétt, að fiskeldi sé leyft öðrum aðilum en þeim, sem mega stunda fiskveiðar hér við land og geta átt fasteignir hér á landi samkvæmt löggjöf þeirri, sem um það gildir á hverjum tíma, sbr. nú lög nr. 33/1922 um rétt til fiskiveiða í landhelgi og lög nr. 19/1966 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Gera verður kröfu til þess, að þeir, sem sækja um leyfi til að stunda fiskeldi í sjó, geri skýra grein fyrir öllum atriðum, sem máli skipta um undirbúning og framkvæmd fyrirhugaðs eldis. Að öðrum kosti verður ekki fært að meta, hvort veita eigi leyfi.

Um 3. gr.

Að vissum tíma liðnum getur verið ástæða til að taka til athugunar, hvort leyfa skuli áframhaldandi fiskeldi og þá eftir atvikum með hvaða skilyrðum. Í þessu sambandi er meðal annars rétt að hafa í huga, að leyfi getur fylgt heimild til vissra einkanota af eignum ríkisins og jafnvel annarra aðila, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Af þessum sökum er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að leyfi sé veitt til ákveðins tíma.

Um 4. gr.

Áður er gerð grein fyrir þeirri nauðsyn sem er á því, að leyfi séu bundin skilyrðum. Ef fiskeldi reynist arðbært, getur verið eðlilegt að áskilja leyfisgjald til ríkissjóðs, meðal annars vegna þess að heimiluð eru not af ríkiseign.

Um 5. gr.

Rétt hefur þótt, að aðilaskipti að leyfi séu takmörkum bundin og að heimild til afturköllunar leyfis sé ótvíræð, ef leyfisskilmálar eru ekki haldnir eða á annan hátt brotið beint eða óbeint gegn ákvæðum frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir skyldu ríkisins til að kaupa mannvirki, sem hafa má arðbær not af, ef leyfi fellur niður. Er ákvæðið sett til að girða fyrir óeðlilegt fjártjón aðila, sem fiskeldi hefur stundað.

Um 7. gr.

Að öllum jafnaði yrði ekki öðrum aðilum veitt leyfi til fiskeldis en þeim, sem hefðu yfir að ráða hentugum stöðum í því skyni. Engan veginn er þó loku fyrir það skotið, að réttmætt geti reynzt að heimila leyfishafa afnot af eignum annarra í þessu skyni. Er þess vegna tekið ákvæði í frumvarpið um eignarnámsheimild. Er þar um að ræða heimild eignarnáms á afnotum um þann tíma, sem leyfi er veitt, en slíkt eignarnám hefur stundum verið nefnt leigunám. Einnig getur verið heppilegt að leyfishafi fái afnot af svæðum sjávar og sjávarbotns, sem ekki eru háð eignarréttindum einstaklinga. Lög nr. 17/1969 um yfirráðarétt íslenzka ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland verður að skýra svo, að íslenzka ríkið hafi slegið

eign sinni á þessi svæði sjávarbotns, og er því rétt að taka af skarið, að ríkið geti heimilað öðrum þau afnot af svæðum þessum, sem nánar greinir í umræddu frumvarpsákvæði.

Um 8. gr.

Fiskeldi getur með tvennum hætti gefið tilefni til þess, að vikið verði frá ákvæðum friðunarlöggjafar. Í fyrsta lagi geta eldisstöðvar orðið fyrir ásókn fugla, fiska og jafnvel annarra dýra, og getur af þeim sökum verið nauðsynlegt að grípa til varnaraðgerða, sem að gagni koma. Í öðru lagi getur reynzt óhagkvæmt að veiði eldisfisks séu háð lagafyrirmælum um veiðitæki og lágmarksstærð fisks, sem veiða má. Eru ákvæði þessarar greinar frumvarpsins á þeim sjónarmiðum reist.

Um 9. gr.

Talið er, að eldisfiski sé hættara við sjúkdómum en öðrum fiski. Er því nauðsynlegt að heimild sé til skjótra og róttækra aðgerða til að útrýma og hefta útbreiðslu sjúkdóms, sem upp kynni að koma.

Um 10. gr.

Miklir hagsmunir geta verið í húfi, ef brotið er gegn ákvæðum frumvarpsins eða leyfisskilmálum og öðrum reglum, sem settar yrðu samkvæmt því, ef að lögum verður. Þykir rétt að verja þá hagsmuni með refsifyrirmælum og leggja sektarrefsingu við brotum.

Um 11. gr.

Ástæða getur verið til að setja nánari ákvæði með reglugerð, eftir atvikum um einstök atriði, sbr. t. d. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Frumvarpið fjallar um þann þátt eldis, sem lög nr. 21/1939 um ostrurækt taka til. Er því talið rétt, að þau lög falli úr gildi við gildistöku frumvarpsins.

Sþ. 292. Fyrirspurnir. [155. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um útvegun fjármagns til Landnáms ríkisins.

Frá Pálma Jónssyni.

Hefur ríkisstjórnin í hyggju einhverjar sérstakar ráðstafanir til fjáröflunar, svo að unnt sé að nýta þá heimild, sem fram kemur í 76. gr. laga nr. 45 frá 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum?

II. Til viðskiptaráðherra um bindingu innlánsfjár í Seðlabankanum.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Er það ætlun ríkisstjórnarinnar að breyta gildandi reglum um bindingu hluta innlánsfjár lánastofnana í Seðlabankanum og þá hvernig?
2. Hver er helztu rök ríkisstjórnarinnar fyrir stefnu hennar í þessu máli?

Nd. **293. Frumvarp til laga** [156. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Benedikt Gröndal, Bjarni Guðnason, Gils Guðmundsson, Gunnar Gíslason.

1. gr.

1. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkosinna þingmanna og varaþingmanna eftir hverjar alþingiskosningar ganga þingmenn eftir hlutkesti í 3 jafnar deildir, meðan til vinnst.

2. gr.

2.—3. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

En kosning til efri deildar er fyrir allt kjörtímabilið. Svo er og um nefndarkosningu þá, er talað er um í 4. gr.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Nú losnar sæti efri deildar þingmanns og varamaður tekur sæti á þingi í hans stað, og tilnefnir þá þingflokkur sá, er skipa á sætið eftir reglu 6. gr., einn mann úr sínum flokki til efri deildar.

4. gr.

13. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Í stað 4. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna (sbr. l. nr. 6/1958) komi tveir málsliðir, sem orðist svo:

Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga og er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, enda skal stjórnin ávallt bera undir hana slík mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í nefndinni, ef formaður eða ráðherra kveður svo á.

6. gr.

4.—6. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 19. gr. laganna falli niður.

7. gr.

3.—4. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Hún lætur uppi álit sitt um það. Þegar liðin er að minnsta kosti ein nótt frá því, er frumvarpinu, eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt meðal þingmanna á fundi, eða ef um nefndarálit um það er að ræða, þá frá því, er því var útbýtt, skal frumvarpið tekið til einnar umræðu í deildinni á sama hátt og áður við 3. umræðu (23. gr.).

8. gr.

Á eftir 30. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni, gerir hann það með skýrslu til Alþingis, er skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra óskar, skal skýrslan tekin til umræðu. Sama gildir, ef níu þingmenn óska þess. Ráðherrann gerir grein fyrir skýrslunni, og er þingmönnum þá rétt að taka þátt í umræðunni. Þingmenn, aðrir en ráðherrar, mega þó ekki tala oftar en tvisvar.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

b. Níu þingmenn geta óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Skal beiðnin vera skrifleg og beint til forseta, og má fylgja henni stutt greinargerð. Skal beiðnin prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Á næsta fundi í sameinuðu Alþingi ber forseti það undir atkvæði umræðulaust, hvort beiðnin skuli leyfð eða ekki. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu, sem leyfð hefur verið.

Er ráðherra hefur lokið skýrslugerðinni, skal skýrslan prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra eða fyrsti flutningsmaður óskar þess, skal skýrslan tekin til umræðu. Ráðherra gerir grein fyrir henni. Þingmenn mega taka þátt í umræðunni, en aðrir en ráðherra mega þó ekki tala oftar en tvisvar.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

9. gr.

Í stað 1. mgr. 31. gr. laganna (sbr. l. nr. 22/1947) komi sex málsgreinar, sem orðist svo:

Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu Alþingi, er afhent sé forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál, sem ráðherra ber ábyrgð á, og sé við það miðað, að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Alþingismaður segir til um það, hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svars. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurn, ef óskað er skriflegs svars.

Forseti ákveður samdægurs, hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er, getur forseti þó borið málið umræðulaust undir atkvæði á næsta fundi í sameinuðu þingi. Skal það einnig gert, ef fyrirspyrjandi óskar þess, er forseti synjar fyrirspurn.

Fyrirspurn skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Fyrirspurn, sem leyfð hefur verið, skal send hlutaðeigandi ráðherra eða ráðherrum.

Á sérstökum fundi í sameinuðu þingi skal forseti taka á dagskrá munnlegar fyrirspurnir, er leyfðar hafa verið í síðasta lagi fjórum virkum dögum fyrir fundinn.

Fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra eða ráðherrar, er hlut eiga að máli, svara síðan fyrirspurn. Þingmönnum er rétt að taka þátt í umræðum. Ráðherra má að jafnaði ekki tala oftar en tvisvar og þingmenn ekki nema tvisvar. Ráðherra má eigi tala lengur en 10 mínútur í senn og aðrir þingmenn eigi lengur en 5 mínútur.

Ef óskað er skriflegs svars, sendir ráðherra forseta það eigi síðar en sex virkum dögum, eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fyrirspurn og svar í Alþingistíðindum.

10. gr.

Aftan við 4. málsl. 34. gr. laganna (sbr. l. nr. 99/1952) bætist: að viðbættu nafni.

11. gr.

Orðin „enda neiti ráðherra ekki um leyfið“ í niðurlagi 43. gr. laganna (sbr. l. nr. 99/1952) falli niður.

12. gr.

48. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir orðin „skal beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kennd er við de Hondt (listakosning)“ í 1. mgr. komi: er forseta heimilt að beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kennd er við de Hondt (listakosning). Sama aðferð skal viðhöfð.

b. Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef kjósa skal einnig varamenn, skal listi, sem hlotið hefur mann eða menn, eiga rétt til jafnmargra varamanna í þeirri röð, sem þeir standa á listanum.

V. Útvarp og sjónvarp umræðna.

13. gr.

2. mgr. 51. gr. laganna orðist svo:

Þá skal og útvarpa, innan tveggja vikna frá þingsetningu, stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana. Umferðir skulu vera tvær. Í fyrri umferð hefur forsætisráðherra til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka 20 mínútur hver. Í annarri umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða.

14. gr.

1. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:

Á síðari hluta þings skal útvarpa almennum stjórnmálaumræðum. Hver þingflokkur fær til umráða þrjá stundarfjórðunga, er skiptast í þrjár umferðir, 20 mínútur í fyrstu umferð, 15 mínútur í annarri og 10 mínútur í þeirri síðustu.

15. gr.

Á eftir 53. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Útvarpa skal umræðu um vantraust, ef 9 þingmenn krefjast þess.

16. gr.

54. gr. laganna orðist svo:

Þegar útvarpað er umræðu um önnur mál en þau, er í 51. og 53. gr. segir, fær hver þingflokkur til umráða þrjátíu mínútur, er skiptast í tvær umferðir, 20 mínútur í fyrri umferð og 10 mínútur í þeirri síðari.

Þegar útvarpi umræðu samkvæmt þessari grein er lokið, getur umræða haldið áfram eftir venjulegum reglum.

17. gr.

Á eftir 54. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Forseti getur, með samþykki allra þingflokka, ákveðið, að ræðutími í einstökum umferðum skuli vera annar en til er tekið í öðrum greinum þessa kafla.

18. gr.

Aftan við 55. gr. laganna bætist:

Sama gildir, ef þingflokkur óskar, að útvarpað verði umræðum á þingfundi eða hluta af þingfundi.

19. gr.

Á eftir 56. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ef Ríkisútvarpið óskar að útvarpa umræðu eða hluta af umræðu, beinir það tilmælum sínum til hlutaðeigandi forseta. Forseti ákveður, að höfðu samráði við formenn þingflokka, hvort leyfa skuli útvarp umræðu eða ekki. Þegar útvarpað er umræðu á þennan hátt, skal þess gætt, að ræðutími skiptist sem jafnast milli flokka eða mismunandi sjónarmiða.

20. gr.

Á eftir 60. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Í þessum kafla er orðið útvarp notað um hljóðvarp og enn fremur um sjónvarp, eftir því sem við á.

21. gr.

Orðin „ráðherra synjar ekki og" í 64 gr. laganna falli niður.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á fjórum síðustu þingum, en varð eigi útrætt. Er það nú flutt að nýju. Fylgt hefur því svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt að ósk forseta Alþingis. Það er samið af milliþinganefnd, sem kosin var á Alþingi 5. maí 1966 til að endurskoða lög um þingsköp Alþingis. Greinargerð nefndarinnar um störf hennar og tillögur fer hér á eftir.

Hinn 29. apríl s. l. (þ. e. 1966) samþykkti Alþingi svo hljóðandi tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um þingsköp Alþingis:

„Alþingi ályktar, að 7 manna milliþinganefnd, kosinni af sameinuðu Alþingi, skuli falin endurskoðun gildandi laga um þingsköp Alþingis.“

Í samræmi við þessa tillögu voru síðan kosnir 7 alþingismenn til þess að taka sæti í nefndinni. Í nefndina voru kjörnir:

Sigurður Bjarnason,
Þórarinn Þórarinsson,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Jónas G. Rafnar,
Jón Skaftason,
Lúðvík Jósefsson,
Benedikt Gröndal.

Á fyrsta fundi í nefndinni var Sigurður Bjarnason kjörinn formaður hennar. Jafnframt var Friðjón Sigurðsson skrifstofustjóri Alþingis ráðinn ritari nefndarinnar.

Ekki reyndist framkvæmanlegt, að nefndin starfaði s. l. sumar. Hins vegar hóf hún störf fljótlega eftir að Alþingi kom saman á s. l. hausti. Hefur hún síðan haldið allmarga fundi. Varð nefndin sammála um að taka þingsköpin í heild til almennrar endurskoðunar. Voru sumarmánuðirnir notaðir til þess að afla margvíslegra gagna frá nágrannalöndunum. Hafa þau verið höfð til hliðsjónar í sambandi við ýmsar þær breytingartillögur, sem nefndin hefur orðið sammála um.

Nefndin hefur nú samið frumvarp um breytingar á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis. Stendur hún sameinuð að þessum tillögum.

Helztu nýmæli, sem nefndin hefur gert breytingartillögur um, eru þessi:

1. Lagt er til, að kjörbréfanefnd verði kosin fyrir allt kjörtímabilið.
2. Lagt er til, að ef sæti efri deildar þingmanns losnar og varamaður tekur sæti á þingi, skuli sá þingflokkur, er skipa á sætið, tilnefna mann úr sínum flokki til efri deildar.
3. Lagt er til, að nefndarmenn í utanríkismálanefnd verði bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í nefndinni, ef formaður eða ráðherra kveður svo á.
4. Sett eru ný og fyllri ákvæði um skýrslur, sem ráðherrar óska að gefa Alþingi, og um rétt þingmanna til þess að óska slíkra skýrslna.
5. Ákvæðin um fyrirspurnir í sameinuðu Alþingi eru gerð fyllri en nú er og stefnt að því að gera umræður um þær nokkru styttri og hnitmiðaðri. Er lagt til, að munnlegar fyrirspurnir verði teknar fyrir á sérstökum fundi í sameinuðu Alþingi, þannig að þær dragi þar ekki um of tíma frá öðrum þingmálum. Þá er lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að þingmenn geti borið fram skriflegar fyrirspurnir, er ráðherrar svara síðan skriflega.
6. Í sambandi við útvarps- og sjónvarpsumræður er lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að útvarpa skuli innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsætisráðherra og umræðum um hana. Er þá gert ráð fyrir, að slíkar umræður komi í staðinn fyrir útvarp fjárlagaræðu og umræðu um hana. Þá er lagt til, að á síðari hluta hvers þings skuli útvarpa almennum stjórnmálaumræðum, er standi í eitt kvöld. Skulu þessar umræður koma í staðinn fyrir eldhúsdagsumræður og verða því allmiklu styttri en þær hafa verið.

7. Þá er lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að ef Ríkisútvarpið óskar að útvarpa umræðum frá Alþingi eða hluta af umræðu, þá verði það heimilað, að höfðu samráði við formenn þingflokka.

Í nefndinni voru ýmis önnur atriði rædd en þau, sem fjallað er um í þessu áliti. En um aðrar tillögur en þær, sem felast í frumvarpi nefndarinnar, varð ekki fullkomin samstaða að svo stöddu, en hins vegar stendur nefndin, eins og fyrr segir, óskipt að frv. því, sem hún leggur hér fram.

Frumvarpið í heild fer hér á eftir (sjá frv. hér að framan), og fylgja hverri grein þess skýringar á henni og þeim breytingum, sem lagt er til, að gerðar verði samkv. frumvarpinu.

Um 1. gr.

Í 1. gr. gildandi þingskapa eru ákvæði um prófun kjörbréfa og kosningu þingmanna í þingbyrjun. Ganga þingmenn í 3 jafnar deildir, meðan til vinnst. Gildir það jafnt á öllum þingum kjörtímabilsins og það þótt eigi þurfi að rannsaka nema eitt kjörbréf. Hér er ákvæðinu breytt þannig, að aðeins skuli skipa í kjördeildir á fyrsta þingi eftir hverjar alþingiskosningar. Annars rannsakar kjörbréfanefnd kosningu og kjörgengi, eins og nú er á öðrum tímum en í þingbyrjun. Þykir þetta hentugra. Til þess að unnt sé að hafa þennan hátt á, er kjörbréfanefnd kosin fyrir allt kjörtímabilið, og er 8. gr. þingskapa breytt í þá átt.

Um 2. gr.

Kjörtími kjörbréfanefndar er allt kjörtímabilið. Í gildandi þingsköpum er hún kosin í byrjun hvers þings, sbr. greinargerð um breytingu á 1. gr. þingskapa.

Um 3. gr.

Greininni er breytt í samræmi við síðustu kjördæmabreytingu og breytingu á kosningalögum. Eftir að allir þingmenn hafa fengið varamann, fer ekki fram aukakosning, þó að sæti efri deildar þingmanns losni. Eðlilegt þykir, að sama regla haldist og nú gildir, ef sæti efri deildar manns losnar við andlát, afsal þingmennsku eða missi kjörgengis, að þá tilnefni þingflokkur sá, er skipa á sætið eftir reglu 6. gr., einn mann úr sínum flokki til efri deildar.

Um 4. gr.

Vegna breyttra samgönguhátta þykir ekki lengur ástæða til að kjósa milliþingaforseta, þótt hvorki forseti né varaforseti sé búsettur í Reykjavík eða grennd. Ákvæðið hefur líka um langt árabil verið dauður bókstafur.

Um 5. gr.

Hér er ákveðið, að utanríkismálanefnd skuli starfa einnig á milli þinga. Er það í samræmi við gildandi þingsköp. Einnig er ákveðið, að hún skuli vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. Er þar um að ræða tvenns konar frávik frá gildandi þingsköpum. Ákvæðið er takmarkað við meiri háttar utanríkismál. Gildandi þingsköp taka til utanríkismála án takmörkunar. Rétt þykir að láta ákvæðið aðeins taka til meiri háttar mála. Hins vegar er ákvæðið víðtækara en nú að því leyti, að það gildir jafnt á milli þinga sem á þingtíma. Samkvæmt núverandi þingsköpum gildir ákvæðið um samráðsskyldu ríkisstjórnar aðeins á milli þinga. Í eldri ákvæðum var ákvæðið hins vegar að þessu leyti eins og hér er lagt til að það verði.

Loks er hér nýmæli um þagnarskyldu um þá vitneskju, er nefndarmenn fá í nefndinni. Gildir þagnarskyldan, ef formaður eða ráðherra kveður svo á. Er það undir mati þeirra komið hverju sinni, hvort ástæða þykir til að kveða á um þagnarskyldu eða ekki. Ákvæðin um þagnarskyldu eru sniðin eftir dönskum lögum um utanríkismálanefnd.

Um 6. gr.

Hér eru felld niður ákvæðin um deildarleyfi, ef mál koma síðar fram en átta vikum eftir þingsetningu. Ákvæðin virðast ekki hafa haft neina raunhæfa þýðingu í þá átt að takmarka það, að mál komi fram seint á þingi.

Um 7. gr.

Hér er um að ræða meðferð máls við eina umræðu í deild. Ef nefnd hefur fjallað um málið, ber forseta að senda henni það. Nefndinni ber samkvæmt gildandi þingsköpum að láta uppi álit sitt um málið, og skal það prentað og því útbýtt. Hér er lagt til að gera þá breytingu, að það sé undir mati nefndarinnar komið, hvort hún skilar skriflegu áliti um málið eða ekki. Ef um smávægilega breytingu er að ræða, er nægilegt, að gerð sé grein fyrir henni munnlega. Er það og í samræmi við venju.

Um 8. gr.

Hér er um nýmæli að ræða.

Í a-lið segir, að ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni, geri hann það með skýrslu til Alþingis, er skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Er með þessu lögfest venja, sem myndazt hefur í þessu efni. Auk þess eru settar reglur um umræðu um skýrslu ráðherra. Það er ekki skylda að hafa umræðu um skýrsluna, nema ráðherra eða níu þingmenn óski þess. Er gert ráð fyrir, að skýrslan sé gefin í sameinuðu þingi.

Um umræðuna fer eftir venjulegum reglum. Þingmenn mega ekki tala oftar en tvisvar. Ráðherrar mega tala eins oft og þeir vilja.

Í seinni greininni (b-liðnum) segir, að níu þingmenn geti óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Eðlilegt þykir, að þessi fjöldi þingmanna í sameinuðu þingi geti átt frumkvæði að skýrslugerðinni. Beiðni um skýrslugerð skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Á næsta fundi í sameinuðu þingi er það borið undir atkvæði umræðulaust, hvort beiðnin skuli leyfð eða ekki. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu, sem leyfð hefur verið. Er ráðherra hefur lokið skýrslugerðinni, skal hún prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ekki er skylt að hafa umræðu um skýrsluna, nema ráðherra eða fyrsti flutningsmaður óski þess. Umræðunni er þá hagað eins og er ráðherra hefur frumkvæði um skýrslugerð.

Við umræður um skýrslur má engar ályktanir gera. Gildir það, hver sem á frumkvæði að skýrslugerðinni.

Um 9. gr.

Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu þingi. Í núverandi þingsköpum er einnig talað um að „beiðast skýrslu ráðherra". Það er fellt niður, enda er gert ráð fyrir sérstökum reglum um skýrslur, sbr. næstu grein hér á undan. Er ætlazt til, að fyrirspurnir séu skýrar, um afmörkuð atriði eða mál, og sé við það miðað, að hægt sé að svara þeim í stuttu máli. Hér er einnig ákveðið, að fyrirspurn skuli fjalla um opinbert málefni, er ráðherra ber ábyrgð á. Er það gert til að leggja áherzlu á, að einungis á að spyrja um slík málefni. Í þessu mun hins vegar ekki felast frekari takmörkun en verið hefur í reynd. Í greinina er sett það nýmæli, að þingmaður getur óskað skriflegs svars. Er það eftir danskri fyrirmynd. Rétt þykir að leyfa þessa aðferð til að afla upplýsinga, ef hún þykir heppilegri í einstökum tilfellum.

Forseti ákveður samdægurs, hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Er forseta fengið þetta vald til þess að spara tíma. Ekki þarf að bíða fundar í sameinuðu þingi, eins og nú er. Ef vafi er um það, hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki, má skjóta málinu til sameinaðs þings.

Á sérstökum fundi í sameinuðu þingi skal forseti taka á dagskrá munnlegar fyrirspurnir, er leyfðar hafa verið í síðasta lagi fjórum virkum dögum fyrir fund-

inn. Orðin „munnlegar fyrirspurnir“ eru hér notuð um þær fyrirspurnir, þar sem óskað er munnlegs svars. Hér er gert ráð fyrir sérstökum fundi í sameinuðu þingi. Er þá ætlazt til, að hann komi til viðbótar við fundi í sameinuðu þingi, er fjalla um önnur mál þar. Þá er fresturinn til að svara styttur úr einni viku í 4 virka daga.

Varðandi umræður um fyrirspurn er gerð sú breyting, að ræðutími ráðherra er takmarkaður. Hann má ekki tala lengur en tíu mínútur í senn og að jafnaði ekki oftar en tvisvar. Er með þessu stefnt að því að stytta umræður um fyrirspurnir, svo að önnur mál komist einnig að. Samtímis því, að ætlazt er til þess, að svör styttist, er gert ráð fyrir, að þau komi fyrr og komi á þann hátt að meiri notum.

Ef skriflegs svars er óskað, skal það sent forseta eigi síðar en sex virkum dögum, eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fyrirspurn og svar í Alþingistíðindum. Er gert ráð fyrir, að aðrir þingmenn geti einnig fengið svarið, ef þeir óska þess.

Um 10. gr.

Hér er um að ræða nýtt ávarpsform. Þingmenn hafa um langt árabil verið kenndir við kjördæmi eða kosningu, en ekki nefndir með nafni. Undantekning var þó gerð við útvarpsumræðu, þá á þingmaður, sem beinir máli sínu til annars, að nefna hann með nafni. Eftir síðustu kjördæmabreytingu verður þetta ávarpsform nokkru erfiðara í framkvæmd, þar eð kjördæmakjörnir þingmenn og landskjörnir hafa hver sitt númer. Þykir mörgum það hvimleitt og stirt. Hér er því lagt til, að þingmenn verði kenndir við kosningu eða kjördæmi að viðbættu nafni.

Um 11. gr.

Til afbrigða frá þingsköpum þurfti áður ekki aðeins samþykki sameinaðs þings eða deildar, oft aukinn meiri hluta, heldur og leyfi ráðherra. Árið 1952 var ákvæðunum um afbrigði breytt í það horf, að það nægði, ef ráðherra neitaði ekki um afbrigðin. Þetta ákvæði um rétt ráðherra til að neita um afbrigði mun ekki hafa verið notað, og þykir ekki ástæða til að halda því. Er það því fellt niður.

Um 12. gr.

Hér er um þá breytingu að ræða, að forseti getur ákveðið hlutfallskosningu, þegar kjósa á um tvo menn eða fleiri í þingdeild eða sameinuðu þingi. Er það í samræmi við venju í þessu efni, sem rétt þykir að lögfesta. Ákvæðið um, að 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri og 9 í sameinuðu þingi geti krafizt hlutfallskosningar, helzt óbreytt.

Í b-lið er gerð sú breyting, að það er tekið fram, að ef kosnir eru aðalmenn og varamenn, þá eigi listi, sem hlotið hefur mann eða menn kosna, rétt til jafnmargra varamanna í þeirri röð, sem þeir eru á listanum. Hér er gert ráð fyrir, að í slíkum tilfellum fái hver listi jafnmarga varamenn og aðalmenn. Til þess að tryggja þetta þarf samtímis að kjósa aðalmenn og varamenn, en ekki fyrst aðalmenn og síðar varamenn, eins og tíðkazt hefur fram að þessu.

Um 13. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Í stað útvarps fjárlagaræðu og umræðu um hana er hér ákveðið, að innan tveggja vikna frá þingsetningu skuli útvarpa stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana. Hér er líka það nýmæli, að ræðutími forsætisráðherra er takmarkaður við hálfa klukkustund og fulltrúa annarra þingflokka við 20 mínútur. Í seinni umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða. Er með þessu að því stefnt að stytta útvarpsumræður hverju sinni. Með þessu ákvæði fást í byrjun þings almennar umræður um helztu stefnumál stjórnarinnar og stjórnarandstöðunni gefst tækifæri til að koma á framfæri sínum sjónarmiðum.

Um 14. gr.

Af breytingum þeim, sem í frumvarpinu felast, má í fyrsta lagi nefna, að skilyrðið um búskap í árslok 1967 er fellt niður. Er gert ráð fyrir, að þeim bændum, sem reiknaður er réttindatími frá árslokum 1954, nægi að hafa talizt bændur til fardaga 1964. Í öðru lagi er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að maður, sem náð hefur 75 ára aldri, eigi rétt á eftirlaunum án tillits til, hvort hann hefur látið af búskap eða ekki, enda uppfylli hann önnur skilyrði laganna. Í þriðja lagi er tekinn upp einfaldari reikningsgrundvöllur, sem jafnframt hefur í för með sér hækkun ellilífeyris. Þá er réttur til makalífeyris gerður víðtækari, komið er á gagnkvæmri tengingu við lögin um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, og nokkuð er dregið úr skerðingu lífeyris vegna vinnutekna.

Í hinum nýju lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum er ákvæði um heimild ráðherra til að ákveða greiðslu uppbótar á eftirlaun, sem þegar hafa verið úrskurðuð. Er ákvæði þetta í samræmi við [illegible] hlutaðeigandi lífeyrissjóða, enda er gert ráð fyrir, að ráðherra hafi við ákvörðunina m. a. hliðsjón af þeim

uppbótum, sem almennt eru greiddar af lífeyrissjóðunum. Við setningu laganna um Lífeyrissjóð bænda var talið óraunhæft að óbreyttum tekjugrundvelli að hafa slík verðtryggingarákvæði í I. kafla laganna. Til þess að koma í veg fyrir vaxandi misræmi milli I. og II. kafla er lagt til, að þetta atriði haldist óbreytt að þessu sinni, en verði athugað nánar við heildarendurskoðun laganna.

Nánar verður að breytingunum vikið í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir.

Að óbreyttum lögum hafa heildarútgjöld samkvæmt II. kafla verið áætluð 8.0 millj. kr. árið 1972. Útgjaldaaukning, sem samþykkt frumvarpsins mundi hafa í för með sér, er lauslega áætluð 9.1 millj. kr. á því ári. Af þeirri fjárhæð koma 5.7 millj. kr. í hlut ríkissjóðs, en 3.4 millj. kr. í hlut Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Verða þá heildarútgjöld 17.1 millj. kr., hluti ríkissjóðs 10.7 millj. kr. og hluti stofnlánadeildarinnar 6.4 millj. kr. Ekki er unnt að gera nákvæma áætlun um útgjöld þessi.

B. Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Ákvæði b-liðar 1. málsgr. um, að maður, sem náð hefur 75 ára aldri, eigi rétt á ellilífeyri án tillits til, hvort hann hefur látið af búskap eða ekki, auðveldar mjög framkvæmd laganna. Margir aldraðir bændur minnka smám saman bústofn sinn og búrekstur, en láta jörð sína ekki af hendi að fullu. Um ákvæði c-liðar skírskotast til þess, sem að framan er sagt í almennum athugasemdum.

Í 2. málsgr. felst sú breyting, að hinn látni þarf að hafa náð 60 ára aldri í stað 70 ára samkvæmt núgildandi ákvæðum.

Heimildin í 4. málsgr. um, að víkja megi frá skilyrðinu um lögbýli, er nýmæli. Á það skal bent, að samkvæmt I. kafla laganna eru bændur utan lögbýla ekki sjóðsfélagar, en grundvallarhugsunin að baki ákvæða II. kafla er hins vegar sú, að hópur aldraðra bænda fái réttindi í áttina við þau, sem hinir yngri ávinna sér með skyldubátttöku samkvæmt I. kafla. Engu að síður er það tillaga sjóðstjórnar, að heimildarákvæði þetta verði sett í trausti þess, að samræmi fáist að þessu leyti við heildarendurskoðun laganna.

Um 2. gr.

Breytingin á hundraðshlutum ellilífeyris í 1. málsgr. er í samræmi við ákvæði I. kafla og ákvæði laga nr. 63 1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Verður ellilífeyrir með þessu móti 18% í stað 12.5%, ef réttindatími er 10 ár, og 36% í stað 30%, ef réttindatími er 20 ár. Í 2. málsgr. er einnig um að ræða breytingu til samræmis við ákvæði I. kafla um makalífeyri, en hliðstæð breyting var gerð með lögum nr. 63 1971.

Í lögum nr. 63 1971 er kveðið svo á, að launþegi skuli fá reiknaðan sem réttindatíma tíma, sem hann hefur verið bóndi. Í 5. málsgr. eru þessi tengsl gerð gagnkvæm og gert ráð fyrir, að hvor aðili um sig, Lífeyrissjóður bænda og umsjónarnefnd eftirlauna greiði lífeyri að sínum hluta eftir hlutaðeigandi lagaákvæðum.

Í 6. málsgr. felst sú rýmkun á skerðingarákvæðum, að lífeyrir skerðist ekki, ef vinnutekjur lífeyrisþegans eru undir ⅕ grundvallarlauna (þ. e. ¼ þeirra launa, sem lífeyrir einhleyps bónda miðast við), en áður var markið 1/12 grundvallarlauna. Hliðstæð rýmkun fólst í lögum nr. 63 1971.

Um 3. gr.

Í 3. málsgr. 21. gr. núgildandi laga er kveðið á um skiptingu áunninna stiga, þ. e. réttinda samkvæmt I. kafla, sem greitt hefur verið fyrir með iðgjöldum, við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar. Rétt þykir að láta sömu reglu gilda um ellilífeyri samkvæmt II. kafla, ef slit hjúskapar eða sambúðar eiga sér stað, eftir að lífeyrir hefur verið úrskurðaður. Hins vegar gæti skipting réttinda vegna sambúðar, sem slitið

hefur verið, áður en til lífeyrisgreiðslu kemur, valdið ágreiningi og jafnvel málaferlum, sem æskilegt er að komast hjá.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Tilgangurinn með bráðabirgðaákvæðunum er sá að taka af öll tvímæli um, hvernig haga skuli endurskoðun þeirra fjárhæða, sem úrskurðaðar hafa verið samkvæmt núgildandi lagaákvæðum.

Reykjavík, 8. desember 1971.

F. h. stjórnar Lífeyrissjóðs bænda

Guðl. Þorvaldsson.“

Ed. 306. Frumvarp til laga [160. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði skuttogara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagt er til, að ríkisstjórninni verði heimilað að veita sjálfskuldarábyrgð vegna skuttogarakaupa. Hér er einkum um að ræða lán, sem veitt eru af erlendum aðilum á kaupverði skuttogara fyrir milligöngu seljenda.

Hér er um að ræða heimild, sem tekin var upp í fjárlög ársins 1972. Sú heimild gefur einungis færi á veitingu einfaldrar ábyrgðar skv. gildandi lögum um ríkisábyrgðir. Nauðsynlegt er hins vegar, að ábyrgðir þessar verði sjálfskuldarábyrgðir ríkissjóðs gagnvart hinum erlendu lánveitendum.

Ed. 307. Frumvarp til laga [161. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán allt að 26 millj. kr. vegna kaupa á þyrlu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórnin hafi samþykkt að stofna til kaupa á þyrlu af meðalstærð fyrir Landhelgisgæzluna, til notkunar við landhelgisgæzlu, björgunarstörf og önnur hjálparstörf, og möguleiki sé á að afla innlends láns til þeirra kaupa.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að gefa út bráðabirgðalög um heimild til framangreindrar lántöku, eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán allt að 26 millj. kr. vegna kaupa á þyrlu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 4. júní 1971.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

Sþ. **308. Nefndarálit** [16. mál]

um till. til þál. um öflun skeljasands til áburðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin sendi tillöguna til umsagnar Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélagi Íslands. Umsögn barst frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og mælir hún með því, að tillagan verði samþykkt. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 2. febr. 1972.

Gísli Guðmundsson, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Ingólfur Jónsson, frsm.
Björn Fr. Björnsson.	Jónas Árnason.	Stefán Gunnlaugsson.
	Lárus Jónsson.	

Ed. 309. Frumvarp til laga [162. mál]

um breyting á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Í stað orðanna „Kr. 1 900.00“ í 1. tl. 1. málsgr. 2. gr. komi: Kr. 2 300.00.

2. gr.

1. málsgr. 3. gr. orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1.	Til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	82.0%
2.	Til Fiskveiðasjóðs Íslands	11.4%
3.	Til Fiskimálasjóðs	3.1%
4.	Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips	1.8%
5.	Til byggingar rannsóknarstofnana sjávarútvegsins	0.7%
6.	Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.5%
7.	Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	0.5%

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða framleiddra eftir 1. janúar 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 79 31. desember 1968 um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu, var magngjald á hvert útflutt tonn tiltekinna sjávarafurða ákveðið kr. 1 360.00. Bráðabirgðalög nr. 73 1. júní 1970 gerðu ráð fyrir hækkun magngjaldsins í kr. 1 500.00 og með lögum nr. 4 30. marz 1971 var magngjaldið hækkað í kr. 1 900.00 frá og með 1. janúar s. á. Nemi gjaldið meiru en svarar 4½% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark. Magngjaldið greiðist nú af freðfiskflökum, frystum hrognum, saltfiski, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, söltuðum hrognum ót. a., saltfiskbitum, söltuðum og frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum, skelfiski og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

Hækkun magngjaldsins hinn 1. júní 1970 var til samræmis við verðlagshækkanir á afurðum, þ. e. til þess að það næmi áfram svipuðu verðmætishlutfalli og áður, svo sem önnur útflutningsgjöld af sjávarafurðum, þrátt fyrir verðhækkanir á erlendum markaði. Breytingin, sem gerð var frá 1. janúar 1971, miðaði hins vegar ekki að hækkun útflutningsgjaldanna í heild sinni, heldur voru þá samræmd útflutningsgjöld af saltfiski annars vegar og freðfiski og öðrum afurðum, sem báru magngjald hins vegar, þannig að gjald af saltfiski, sem áður bar 7% útflutningsgjald, lækkaði verulega, en gjöld af freðfiski hækkuðu að sama skapi. Síðan magngjaldið var síðast hækkað, hafa átt sér stað verðhækkanir erlendis á helztu sjávarafurðum. Eðlilegt þykir, að útflutningsgjald af þeim afurðategundum, sem bera magngjald, lækki ekki verulega í hlutfalli við aðrar tegundir og er því lagt til að það hækki um kr. 400.00, þ. e. í kr. 2 300.00 á hvert útflutt tonn. Þrátt fyrir þessa hækkun magngjaldsins, verða útflutningsgjöld af freðfiski og þó einkum af saltfiski, samt sem áður lægri en þau voru árið 1969, ef miðað er við hundraðshluta af útflutningsverðmæti.

Fram hafa komið óskir frá stjórnarnefnd Tryggingasjóðs fiskiskipa svo og sérstakri nefnd, sem skipuð hefur verið til að endurskoða gildandi reglur um vátryggingu fiskiskipa og rekstur Tryggingasjóðs, um meiri hækkun útflutningsgjalda en frumvarpið gerir ráð fyrir, vegna erfiðrar afkomu sjóðsins, en útgjöld hans hafa vaxið ört vegna mjög mikillar hækkunar á vátryggingarverði skipa og aukningar fiskiflotans. Sjóðurinn hefur safnað miklum skuldum og halli fyrirsjáanlegur að óbreyttu. Óhjákvæmilegt er því að afla sjóðnum aukinna tekna, og rennur áætlað andvirði allrar hækkunar magngjaldsins, um 45 millj. kr., til hans samkvæmt frumvarpinu, með því að hundraðshluti hans af útflutningsgjöldum er hækkaður úr 80 í 82%.

Verðlagsráð sjávarútvegsins mun hafa gert ráð fyrir þessari hækkun magngjalds við ákvörðun fiskverðs, er gildir frá 1. janúar 1972.

Sþ. 310. Tillaga til þingsályktunar [163. mál]

um námsbækur framhaldsskólanemenda.

Flm.: Stefán Gunnlaugsson, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nauðsynlegar kennslubækur, innlendar og erlendar, sem notaðar eru á hverjum tíma vegna náms í framhaldsskólum, séu jafnan á boðstólum í verzlunum, en talsvert skortir á, að svo hafi verið, svo að fullnægjandi geti talizt. Enn fremur verði athugað, hvort unnt sé að auka útgáfu íslenzkra kennslubóka og á þann hátt draga úr notkun erlendra bóka, einkum í menntaskólum og Háskóla Íslands. Í þessu sambandi kemur til álita, hvort nauðsynlegt sé að fela Ríkisútgáfu námsbóka forgöngu í þessum efnum.

Þá verði kannað, hvernig háttað er verðlagningu erlendra kennslubóka í verzlunum, með það fyrir augum að tryggja, að þær séu á boðstólum á hóflegu verði.

Greinargerð.

Talsverð brögð munu hafa verið að því, að nemendur hafi átt í erfiðleikum með að afla nauðsynlegra erlendra kennslubóka, sem notaðar eru við nám í framhaldsskólum, einkum í upphafi skólatímabils á haustin. Hafa sumir þeirra um langan tíma verið án kennslubóka, sem lagðar eru til grundvallar við nám, sem þeir stunda, þar sem þær hafa ekki reynzt fáanlegar hérlendis. Gildir þetta fyrst og fremst um erlendar, en einnig um innlendar bækur, sem notaðar eru við nám í framhaldsskólum.

Brýna nauðsyn ber til, að úr þessu verði bætt. Til þess að koma hér á umbótum er hugsanlegt að fela einhverjum einum aðila forgöngu í þessu efni, t. d. Ríkisútgáfu námsbóka. Þó skal tekið fram, að ekki er víst, að bóksalar eigi sök á umræddum bókaskorti í verzlunum þeirra.

Af skiljanlegum ástæðum verður ekki komizt hjá því að nota erlendar kennslubækur í íslenzkum framhaldsskólum að einhverju marki. Hins vegar eru uppi þær skoðanir, að vel sé kleift á hagkvæman hátt að auka útgáfu íslenzkra kennslubóka og draga úr notkun erlendra frá því, sem nú er, ef vilji og áhugi sé fyrir hendi hjá þeim, sem þeim málum eiga að sinna. Hugsanlegt væri að fela Ríkisútgáfu námsbóka verkefni á þessu sviði.

Verðlag innfluttra kennslubóka, sem hér hafa verið á boðstólum, hefur verið mjög hátt og sömu bækur verið seldar á misjafnlega háu verði eftir útsölustöðum. Slíkar bækur eru sjálfsagt dýrar í innkaupsverði, en fyllsta ástæða er að láta kanna, hvernig verðlagningu þeirra er hér háttað, og tryggja, eftir því sem frekast er unnt, að þær séu fáanlegar á sanngjörnu verði.

Sþ. 311. Nefndarálit [110. mál]

um till. til þál. um endurskoðun á loftferðalögum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þáltill. og sent hana til umsagnar flugmálastjóra og Félagi ísl. atvinnuflugmanna. Nefndin mælir einróma með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 1. febr. 1972.

Gísli Guðmundsson, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Lárus Jónsson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Jónas Árnason.	Stefán Gunnlaugsson.
	Björn Fr. Björnsson.	

Sþ. 312. Nefndarálit [117. mál]

um till. til þál. um afgreiðslu skaðabótamála vegna slysa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þáltill. og sent hana til umsagnar Tryggingastofnun ríkisins. Nefndin mælir einróma með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 1. febr. 1972.

Gísli Guðmundsson, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Lárus Jónsson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Jónas Árnason.	Stefán Gunnlaugsson.
	Björn Fr. Björnsson.	

Sþ. 313. Fyrirspurnir. [164. mál]

I. Til forsætisráðherra um nefndaskipanir, ráðningu nýrra starfsmanna o. fl.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. **Hvaða nefndir hefur ríkisstjórnin skipað, síðan hún tók til starfa, hvert er verkefni þeirra og hverjir eiga sæti í þeim?**
2. **Hver hefur orðið kostnaður við störf hverrar einstakrar þessara nefnda?**
3. **Hvaða nýja starfsmenn hefur ríkisstjórnin ráðið í stjórnarráðið, síðan hún tók til starfa?**
4. **Hver verða heildarlaun þeirra á yfirstandandi ári?**

II. Til landbúnaðarráðherra um útflutning á framleiðsluvörum gróðurhúsa.

Frá Steinþóri Gestssyni.

Með vísun til ályktunar Alþingis hinn 5. apríl 1971 er spurt:

1. **Hvað hefur ríkisstjórnin gert til þess að koma á rannsókn á möguleikum á útflutningi á framleiðsluvörum gróðurhúsa?**
2. **Er þess að vænta, að niðurstöður rannsóknar geti legið fyrir því Alþingi, er nú situr, eins og ályktunin gerir ráð fyrir?**

Nd. 314. Frumvarp til laga [97. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Brekkuborg í Breiðdalshreppi og Þorsteinsstaði í Sauðaneshreppi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. febr.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Breiðdalshreppi jörðina Brekkuborg í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu. Verð jarðarinnar fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

Breiðdalshreppi er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði jörðina eða hluta af henni eða hlunnindi, sem henni fylgja.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Marinó Jóhannssyni og Kristbirni Jóhannssyni, Tunguseli, Sauðaneshreppi, jörðina Þorsteinsstaði í sama hreppi. Verð jarðarinnar fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

Kaupendum er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði jörðina eða hluta af henni eða hlunnindi, sem henni fylgja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 315. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á lögum nr. 54 27. apríl 1967, um Jarðeignasjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed., 7. febr.)

1. gr.

Aftan við 4. tölulið 1. gr. bætist 5. töluliður, svo hljóðandi:

Jörð, sem eigandi hefur ekki tök á að sitja lengur vegna áhvílandi skulda, enda sé tryggt, að jörðin byggist samkvæmt lögum nr. 102 21. desember 1962, um ættaróðul og erfðaábúð.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun kaupverðs skv. 1. gr. skal af hálfu kaupanda höfð hliðsjón af gangverði hliðstæðra jarða, sé þess kostur, og fjármunum þeim, sem eigandi hefur lagt í jörðina.

Náist ekki samkomulag um kaupverð, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats á jörðinni, skv. ákvæðum 8. gr.

3. gr.

Við 6. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ábúendur jarða, sem selt hafa Jarðeignasjóði jarðir sínar, skv. 5. tölulið 1. gr., skulu jafnan eiga þess kost að kaupa þær aftur fyrir það verð, er um semst. Náist ekki samkomulag um verð milli Jarðeignasjóðs og kaupanda, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats nefndar þeirrar, sem starfar samkvæmt 8. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. **316. Tillaga til þingsályktunar** [165. mál]

um að fullnýta þær vélar, sem til eru í landinu til að leggja olíumöl á þjóðvegi landsins.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Ágúst Þorvaldsson, Ragnar Arnalds, Björn Jónsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stefna að því að fullnýta þær vélar, sem til eru í landinu til að leggja olíumöl á þjóðvegi landsins. Verði valdir til þess vegakaflar með breytilegum jarðvegi í tilraunaskyni í öllum fjórðungum landsins. Enn fremur verði gerð skipuleg leit að efni og það rannsakað fyrir þessa starfsemi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur töluvert magn olíumalar verið lagt á akvegi, bæði þjóðvegi og vegi í kaupstöðum.

Sum byggðarlög, t. d. Garðahreppur og Kópavogskaupstaður, hafa notað olíumalarslitlag í mjög ríkum mæli og gefizt vel.

Vegagerð ríkisins lét leggja olíumöl á 11 km kafla árið 1970 í Svínahrauni, og í sumar var lögð olíumöl á veginn í Ölfusi að Kömbum. Ekki verður annað séð en olíumölin ætli að standa sig vel á báðum þessum vegaköflum, en þess ber að gæta, að undirbygging var gerð á fullkominn hátt. Undirbygging vega er mjög kostnaðarsöm, a. m. k. eins og framkvæmdin hefur verið. Þarf ekki annað en að kynna sér kostnaðinn við þær hraðbrautarframkvæmdir, sem unnar hafa verið s. l. ár, til að sannfærast um það.

Eflaust er æskilegasta leiðin að láta undirbyggja alla vegi undir varanlegt slitlag. En þegar athugað er, hvað það fjármagn er takmarkað, sem við getum ráðstafað til vegakerfisins, er ljóst, að við verðum að leita annarra úrræða, ef við eigum ekki að búa við svipað ástand í vegamálum um langa framtíð og verið hefur, nema í næsta nágrenni stærstu þéttbýlisstaðanna.

Sagt er, að Norðmenn, Svíar og Finnar noti olíumöl í mjög ríkum mæli á sína gömlu vegi, en hafi lítillega lagfært þá áður. Hér á landi er olíumalarblöndunarstöð mjög fullkomin. Getur hún blandað um 90 tonn á klukkutíma, sem er um 53 m^3, en það svarar til 6000 m^2 á 8 stunda vinnudegi, miðað við venjulega þykkt, 5—6 cm. Væri vegurinn 6 m breiður, eins og flestir vegir okkar eru, þá mundi verða lagt á um 1 km á dag.

Veðurfar skiptir ekki miklu máli, því að stöðin er búin þurrkara, sem skilar efninu hæfilega þurru til blöndunarstöðvarinnar. Stöðin er hreyfanleg og mjög auðvelt að fara með hana milli landshluta.

Reikna má með því, að af framleiðsluverði olíumalar séu um 40% olíuverðið, og er því mikilvægt, að olíuinnkaup séu sem hagkvæmust. Verði mikil aukning á notkun olíu til þessarar starfsemi, er sennilegt, að hægt væri að lækka einingarverð hennar til muna með hagkvæmari innkaupum.

Á s. l. ári var kostnaður við olíumöl hjá blöndunarstöðinni um 1000 kr. á m^3, en áætlað er, að hver m^3 nægi á 15—18 m^2, 5 til 6 cm þykkt.

Gera má ráð fyrir, að gömlu vegirnir séu misjafnlega vel fallnir til þess að leggja á þá slitlag, en þar sem þeir hafa verið endurbyggðir á síðustu árum, má gera ráð fyrir, að á þá kafla mætti leggja olíumöl með litlum undirbúningskostnaði. Hins vegar þarf að fá úr því skorið, hvernig olíumöl reynist á gömlu vegunum, og því telja flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu, að ekki megi dragast lengur, að slíkar tilraunir séu gerðar og það á sem breytilegustu landi og jarðvegi og í

öllum landsfjórðungum. Ef þessi aðferð gefst sæmilega, þarf að fullnýta þær vélar, sem til eru í landinu til að setja slitlag á vegi, og við það mundi lækka einingarverðið frá því, sem nú er.

Mikilvægt er talið að fá sem bezt efni í blöndunina, og er því nauðsynlegt að láta rannsaka efni sem víðast á landinu til þessarar starfsemi, því að talsverður aukakostnaður mundi verða því samfara, ef flytja þyrfti möl langar leiðir.

Ryklausir og holulausir vegir eru það, sem við stefnum að. Það verða margir áratugir, þangað til það verður, nema okkur takist að setja slitlag á gömlu vegina okkar, sem hefur sæmilega endingu. Því er þessi þingsályktunartillaga fram borin.

Sþ. 317. Tillaga til þingsályktunar [166. mál]

um staðsetningu Hafsbotnsstofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga nú þegar möguleika á því að fá væntanlegri Hafsbotnsstofnun Sameinuðu þjóðanna ákveðinn samastað á Íslandi.

Greinargerð.

Nútíma vísindi hafa gert mönnum mögulegt að kanna auðæfi hafsbotnsins, ekki einasta á grunnsævinu út frá ströndum hinna ýmsu landa, heldur og á miklu dýpi fjarri landi. Niðurstöður þessara kannana hafa leitt í ljós, að óhemjuleg verðmæti felast á hafsbotni og undir honum, svo sem málmar, olíur, gas o. fl.

Nýting þessara auðæfa er því ofarlega í hugum manna, og hefur þó nokkuð unnizt í þeim efnum þegar.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa mál þessi verið mikið rædd og nokkrar athuganir gerðar á þeim. Virðast menn almennt sammála um, að hafsbotninn og hafið upp af honum, utan lögsögu hinna einstöku ríkja, sé sameiginleg eign alls mannkyns og að nytja beri auðæfi þessa svæðis í samræmi við það, þó með því fororði, að verulega stórum hluta arðsins verði varið til þarfa þróunarlandanna svokölluðu.

Í Hafsbotnsnefnd Sameinuðu þjóðanna hafa þessi mál sérstaklega verið rædd, og hefur í þeim umræðum jafnan verið gengið út frá því, að sett yrði á laggirnar sérstök stofnun, er hefði það verkefni að sjá um rannsókn og nýtingu hins alþjóðlega hafsbotnssvæðis. Mundi stofnun þessi þannig sjá um, að þeim alþjóðasamningum, sem kunna að verða gerðir um vinnslu auðlinda hafsbotnsins, verði framfylgt, e. t. v. annast vinnslu þessara auðlinda, gera ráðstafanir til þess að hindra mengun á þessum svæðum og gefa út vinnsluleyfi til einstakra ríkja o. s. frv.

Ekki er nú vitað, hvenær þessi stofnun kemst formlega á laggirnar, en flestir telja þess ekki langt að bíða.

Flm. tillögu þessarar telur æskilegt, að ríkisstjórnin láti nú þegar athuga möguleikana á því, að þessi stofnun fái fast aðsetur á Íslandi, og telur verulega íslenzka hagsmuni bundna við, að það geti tekizt.

Ekki verður talið óeðlilegt, að alþjóðleg stofnun, er fjalla á um hafsbotninn, hafið og verndun auðæfa þess eigi sér heimilisfesti í landi sem okkar, er byggir afkomu sína fyrst og fremst á auðæfum hafsins. Staðsetning Íslands er og slík, að auðvelt er um ferðalög til og frá landinu, eins og hvers kyns alþjóðlegar ráðstefnur, er nú færast í vöxt hér, bera glöggt vitni um. Loks má benda á, að engin alþjóðastofnun er staðsett á Íslandi.

Nánar í framsögn.

Nd. **318. Frumvarp til laga** [167. mál]

um landgrunn Íslands og hafið yfir því, fiskveiðilandhelgi, vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og mengunarlögsögu.

Flm.: Jóhann Hafstein, Gylfi Þ. Gíslason.

I. KAFLI

Íslenzka landgrunnið og hafið yfir því.

1. gr.

Landgrunn Íslands og hafið yfir því lýtur yfirráðum íslenzka ríkisins.

2. gr.

Íslenzka landgrunnið telst, í merkingu þessara laga, ná svo langt út frá ströndum landsins og eyja þess sem unnt reynist að nýta auðæfi þess.

II. KAFLI

Réttur íslenzka ríkisins yfir landgrunninu.

3. gr.

Íslenzka ríkið á fullan og óskoraðan rétt yfir landgrunni Íslands, að því er tekur til rannsókna á auðæfum landgrunnsins og vinnslu og hagnýtingu þeirra. Öll slík auðæfi eru eign íslenzka ríkisins, og skulu íslenzk lög gilda í einu og öllu í þessum efnum.

4. gr.

Ákvæði 3. gr. ná til allra þeirra jarðefna, fastra, fljótandi og loftkenndra, sem finnast kunna í íslenzka landgrunninu, og allra annarra auðæfa þess, lifrænna og ólífrænna.

5. gr.

Ráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd rannsókna á auðæfum landgrunnsins og nýtingu þeirra og jafnframt um nánari afmörkun þess og önnur þau atriði, sem þurfa þykir.

III. KAFLI

Fiskveiðilandhelgi Íslands.

6. gr.

Þar til Alþingi ákveður annað, nær fiskveiðilandhelgi Íslands yfir landgrunnið þannig, að ytri mörk hennar skulu vera sem næst 400 metra jafndýpislína með þeim hætti, sem ákveðið er í 7. gr., en þó hvergi nær landi en 50 sjómílur frá grunnlínu, sbr. 8. gr. Hver sjómíla reiknast 1852 metrar.

7. gr.

Ytri mörk fiskveiðilandhelginnar utan 50 sjómílna eru lína, sem dregin er milli eftirtalinna staða:

Vesturland.

1.	63° 0′	n.br.,	24°24′	v.lg.
2.	62°54′	—	24°48′	—
3.	63°27′	—	26°03′	—
4.	64°01′	—	26°52′	—
5.	64°18′	—	27°05′	—
6.	65°02′	—	27°28′	—
7.	65°09′	—	27°24′	—
8.	65°55′	—	26°51′	—
9.	66°03′	—	26°38′	—
10.	66°20′	—	25°44′	—

Norðurland.

11.	67°14′	n.br.,	23°40′	v.lg.
12.	67°17′	—	23°30′	—
13.	67°24′	—	22°28′	—
14.	67°28′	—	20°56′	—
15.	67°28′	—	20°40′	—

Austurland.

16.	66°10′	n.br.,	12°05′	v.lg.
17.	66°04′	—	11°30′	—
18.	65°43′	—	11°26′	—
19.	65°20′	—	11°21′	—
20.	65°03′	—	11°23′	—
21.	64°54′	—	11°28′	—

Suðausturland.

22.	64°32′	n.br.,	11°22′	v.lg.
23.	64°32′	—	10°58′	—
24.	64°24′	—	10°40′	—
25.	63°33′	—	10°47′	—
26.	63°18′	—	11°25′	—
27.	63°26′	—	12°00′	—
28.	63°39′	—	12°15′	—
29.	63°53′	—	12°15′	—

8. gr.

Grunnlína skal dregin á milli eftirtalinna staða:

1. Horn	66°27′4	n.br.,	22°24′2	v.lg.
2. Ásbúðarrif	66°08′1	—	20°11′0	—
3. Rifstangi	66°32′3	—	16°11′7	—
4. Hraunhafnartangi	66°32′3	—	16°01′4	—
5. Langanes	66°22′6	—	14°31′9	—
6. Glettinganes	65°30′6	—	13°36′3	—
7. Norðfjarðarhorn	65°10′0	—	13°30′9	—
8. Gerpir	65°04′7	—	13°29′7	—
9. Hvítingar	64°23′8	—	14°28′0	—
10. Stokksnes	64°14′1	—	14°58′4	—
11. Hrollaugseyjar	64°01′7	—	15°58′7	—
12. Tvísker	63°55′6	—	16°11′3	—
13. Ingólfshöfði	63°47′8	—	16°38′5	—
14. Hvalsíki	63°44′1	—	17°33′6	—
15. Meðallandssandur I	63°32′4	—	17°55′9	—

16.	Meðallandssandur II	63°30′6	n.br.,	17°59′9	v.lg.
17.	Mýrnatangi	63°27′4	—	18°11′9	—
18.	Kötlutangi	63°23′4	—	18°42′9	—
19.	Lundadrangur	63°23′5	—	19°07′4	—
20.	Surtsey	63°17′5	—	20°36′8	—
21.	Eldeyjardrangur	63°43′8	—	22°59′4	—
22.	Geirfugladrangur	63°40′6	—	23°17′3	—
23.	Skálasnagi	64°51′3	—	24°02′3	—
24.	Bjargtangar	65°30′2	—	24°32′0	—
25.	Kópanes	65°48′3	—	24°06′0	—
26.	Barði	66°03′7	—	23°47′3	—
27.	Straumnes	66°25′7	—	23°08′2	—
28.	Kögur	66°28′3	—	22°55′5	—
29.	Horn	66°27′9	—	22°28′2	—

Auk þess skulu markaðir grunnpunktar á eftirfarandi stöðum:

30.	Kolbeinsey	67°08′9	n.br.,	18°40′6	v.lg.
31.	Hvalbakur	64°35′8	—	13°16′6	—

9. gr.

Ráðherra setur, með reglugerð, ákvæði um hagnýtingu fiskveiðilandhelginnar.

IV. KAFLI

Vísindaleg verndun fiskimiða landgrunnsins og mengunarlögsaga.

10. gr.

Við hagnýtingu fiskveiðilandhelginnar skal þess gætt, að ekki komi til rányrkju eða ofveiði. Ráðherra skal, með reglugerð, ákveða takmörk verndarsvæða og aðrar nauðsynlegar takmarkanir veiða. Skulu meðal annars settar reglur um verndarráðstafanir á helztu hrygningarsvæðum nytjafisks.

11. gr.

Ráðherra getur sett, með reglugerð, ákvæði um verndarráðstafanir á landgrunni Íslands utan fiskveiðilandhelginnar. Ráðherra getur í þessu skyni ákvarðað friðunarsvæði á mikilvægum uppeldisstöðvum ungfisks. Getur hann ákveðið algjöra friðun eða friðun á tilteknum árstíma, bannað tilteknar veiðiaðferðir og veiðitæki eða bannað veiðar fiskiskipa yfir ákveðinni stærð.

12. gr.

Ráðstafanir um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins skulu gerðar að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnunarinnar.

13. gr.

Reglum þeim, sem settar verða um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, skal framfylgt þannig, að þær séu ávallt í samræmi við milliríkjasamninga um þessi mál og alþjóðasamþykktir, sem Ísland er aðili að.

14. gr.

Ísland skal, eftir því sem hægt er, taka þátt í alþjóðlegum vísindarannsóknum, er miða að verndun fiskimiða, og hvers konar starfi þjóða til þess að hindra ofveiði og tryggja Íslendingum eðlilega hlutdeild í fiskveiðum á úthöfum, þar sem íslenzkir hagsmunir ná til.

15. gr.

Mengunarlögsaga Íslands skal afmörkuð 150 sjómílur frá grunnlínu, en þó hvergi

lengra en að línu miðja vega milli Íslands og nærliggjandi landa. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um ráðstafanir til þess að tryggja eftirlit af Íslands hálfu og varnir gegn því, að hafið umhverfis Ísland geti orðið fyrir skaðlegum mengunaráhrifum úrgangsefna frá skipum eða af öðrum ástæðum. Framkvæmd eftirlits innan mengunarlögsögunnar skal vera í samræmi við milliríkjasamninga og alþjóðasamþykktir, sem Ísland er aðili að.

V. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1972. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 44 frá 1948 og lög nr. 17 frá 1969.

Greinargerð.

Samkvæmt ályktun Alþingis um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið frá 7. apríl 1971 var kosin fimm manna nefnd allra þingflokka til þess að semja frumvarp til laga um rétt Íslendinga til landgrunnsins og hagnýtingar auðæfa þess. Skyldi frumvarpið lagt fyrir næsta Alþingi og m. a. fela í sér eftirfarandi atriði:

„1. Skilgreiningu á landgrunni Íslands miðað við sem næst 400 metra jafndýpislínu, möguleg hagnýtingarmörk eða 50 mílur eða meira frá grunnlínum umhverfis landið, eftir því sem frekari rannsóknir segja til um, að hagstæðast þyki.

2. Ákvæði um óskertan rétt Íslendinga til fiskveiða í hafinu yfir landgrunninu eins og rétturinn til hafsbotnsins hefur þegar verið tryggður með lögum frá 24. marz 1969 um yfirráðarétt Íslands yfir landgrunninu umhverfis landið.

3. Ákvæði um ráðstafanir, er séu nægjanlega viðtækar til þess að tryggja eftirlit af Íslands hálfu og varnir gegn því, að hafið kringum Ísland geti orðið fyrir skaðlegum mengunaráhrifum úrgangsefna frá skipum eða af öðrum ástæðum."

Jafnhliða þessum þrem meginliðum fól þingsályktunin í sér áréttingu og ábendingu um önnur meiri háttar atriði varðandi landhelgismálið, sem rétt er að minna á, en í henni segir:

„Jafnframt ályktar Alþingi að árétta þá stefnu, sem ríkisstjórn Íslands mótaði í orðsendingu til alþjóðalaganefndar Sameinuðu þjóðanna 5. maí 1952, að ríkisstjórn Íslands sé rétt og skylt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á einhliða grundvelli til þess að vernda auðlindir landgrunnsins, sem landið hvílir á.

Alþingi minnir á friðunarráðstafanir Íslendinga sjálfra á hrygningarsvæðum síldar við Suðvesturland, sem koma munu í veg fyrir eyðingu á þessum fiskistofni. Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa nú þegar friðunaraðgerðir fyrir öllum veiðum til verndar ungfiski á landgrunnssvæðinu utan 12 mílna markanna, þar sem viðurkennt er, að um helztu uppeldisstöðvar ungfisks sé að ræða. Jafnframt felur Alþingi fulltrúum Íslands við undirbúning hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna að kappkosta, að sett verði skýr ákvæði um friðunarsvæði til verndar fiskistofnum í samræmi við niðurstöður vísindalegra rannsókna, enda sé þá jafnframt gætt sérstæðra hagsmuna strandríkis eins og Íslands, sem byggir efnahagslega afkomu sína og sjálfstæði á nýtingu þess hafsvæðis, er umlykur Ísland á landgrunni þess."

Eftir alþingiskosningarnar 13. júní 1971, sem til stjórnarskipta leiddu, var framangreind nefnd kölluð saman, og var þá Lúðvík Jósepsson, sjávarútvegsráðherra, kjörinn formaður hennar. Formaðurinn hefur ekki sýnt lit á því að kalla nefndina saman til starfa þeirra, sem henni eru falin samkvæmt fyrrgreindri alþingissamþykkt. Ítrekuð hafa verið tilmæli til formanns nefndarinnar um að kalla hana saman til starfa, en án árangurs. Hefur því verið talið nauðsynlegt að láta ekki lengur dragast að semja frumvarp það, sem nefndinni var skylt að gera. Frumvarp þetta til laga um landgrunn Íslands og hafið yfir því, fiskveiðilandhelgi, vísinda-

lega verndun fiskimiða landgrunnsins og mengunarlögsögu er fram borið af framangreindum ástæðum.

Í frumvarpi þessu er kveðið á um þau atriði, sem ályktun Alþingis frá 7. apríl 1971 sagði til um í meginatriðum. Eru þau nú nánar skilgreind í frumvarpinu. Á meðfylgjandi korti, sem er fylgiskjal, er dregin sú landhelgislína fiskveiðilögsögunnar, sem framangreind ályktun Alþingis sagði til um í aðalatriðum. Gert er þó ráð fyrir því, að Alþingi kunni síðar að breyta þessum ytri mörkum fiskveiðilandhelginnar, sem nú og síðar mundi ætíð verða miðuð við landgrunnið sjálft í samræmi við vísindalega skilgreiningu þess og hagnýtingarmöguleika, sbr. 2. gr. Það er kjarni þessa frumvarps, að Ísland, landgrunn þess og hafið yfir því sé eitt og sameiginlega innan marka íslenzka ríkisins.

Þegar fiskveiðideilan við Breta var leyst árið 1961, var það gert með ályktun Alþingis (Alþt. 1960, 204. mál), þar sem Alþingi heimilaði ríkisstjórninni að leysa þessa deilu í samræmi við orðsendingu milli ríkisstjórna Íslands og Bretlands, sem prentuð var með þingsályktunartillögunni. Ágreiningur við Vestur-Þjóðverja var leystur með sama hætti. Uppsögn eða breytingar á þessum samningum eru því ekki löggjafaratriði og því ekki að þeim vikið í frv. þessu.

Í kaflaskiptingu frumvarpsins felst efnisskipun þess. Fyrsti kaflinn fjallar um íslenzka landgrunnið og hafið yfir því. Þar er því slegið föstu, að hvort tveggja sé innan marka íslenzka ríkisins og að íslenzka landgrunnið teljist í merkingu þessara laga ná svo langt út frá ströndum landsins sem unnt reynist að nýta auðæfi þess. Þetta er í samræmi við þau fyrirmæli, sem felast í samþykkt Alþingis frá s. l. ári. Annar kafli frumvarpsins fjallar um rétt íslenzka ríkisins til landgrunnsins, og í honum eru tekin upp ákvæði gildandi laga hér að lútandi frá 24. marz 1969 um yfirráðarétt Íslands yfir landgrunninu umhverfis landið, eins og áðurnefnd ályktun Alþingis frá því í fyrra gerði einnig ráð fyrir. Þriðji kaflinn fjallar svo um fiskveiðilandhelgi Íslands, og eru í honum nákvæmar skilgreiningar á því og fyrirmæli um, hvernig landhelgislínan skuli dregin, hvergi nær grunnlínu en 50 mílur, en að öðru leyti miðað við 400 metra jafndýpislínu, þar sem hún liggur utan við 50 mílna mörkin, sbr. 6., 7. og 8. gr. Fjórði kaflinn fjallar um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og er þar byggt á eldri ákvæðum laga hér um frá 1948 og einnig tekin inn ákvæði um mengunarlögsögu í samræmi við þingsályktunina frá 7. apríl 1971 og með hliðsjón af undirbúningi milliríkjasamþykktar 12 Norðaustur-Atlantshafsríkja, sem Ísland tekur þátt í, sbr. ráðstefnu, sem haldinn var í Osló dagana 19.—22. október 1971. Fyrir dyrum stendur undirritun þessarar samþykktar. Í fimmta kaflanum eru svo ákvæði um það, að eldri lög, sem tekin hafa verið inn í þetta frumvarp, falli úr gildi, og einnig ákvæði um gildistöku laganna samkv. þessu frumvarpi og þá miðað við 1. september 1972.

Athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er litið á landgrunnið og hafið yfir því sem eina heild, er lúti yfirráðum Íslands.

Um 2. gr.

Þessi grein er efnislega eins og 3. gr. laga nr. 17 frá 1969. Af 1. gr. frv. leiðir, að hér er einnig um að ræða skilgreiningu á takmörkun þess hafsvæðis, er lýtur yfirráðum Íslands.

Um 3. gr.

Þessi grein er efnislega eins og 1. gr. laga nr. 17 frá 1969.

Um 4. gr.

Þessi grein er óbreytt 2. gr. laga nr. 17 frá 1969.

Um 5. gr.

Greinin er efnislega eins og 4. gr. laga nr. 17 frá 1969.

Um 6. gr.

Hér eru skilgreind ytri mörk fiskveiðilandhelginnar. Aðalreglan er sú, að fylgt skuli sem næst 400 metra jafndýpislínu. Þó skal fylgja línu, er dregin skal 50 sjómílur frá grunnlínu, þar sem jafndýpislínan nær ekki þeirri fjarlægð frá landi. Þar sem fiskveiðilandhelgin nær ekki yfir allt landgrunnið samkvæmt þessari skilgreiningu, er gert ráð fyrir, að síðan verði hún stækkuð. Er því tekið fram, að skipan þessi gildi aðeins þar til Alþingi ákveður annað.

Um 7. gr.

Hér eru ákveðnir staðir þeir, sem ytri mörk fiskveiðilandhelginnar skulu dregin á milli utan 50 sjómílna frá grunnlínu. Staðarákvarðanir eru gerðar af Sjómælingum Íslands.

Um 8. gr.

Hér eru ákveðnir þeir staðir, sem grunnlína er dregin á milli. Eru þetta sömu grunnlínupunktar, sem nú gilda samkvæmt reglugerð nr. 3 frá 1961, nema felldar eru niður þær staðarákvarðanir, sem ekki hafa lengur þýðingu, þegar fiskveiðilandhelgin verður minnst 50 sjómílur frá grunnlínu í stað 12 sjómílna. Enn fremur eru gerðar lítilsháttar leiðréttingar samkvæmt nýjustu mælingum Sjómælinga Íslands.

Um 9. gr.

Í reglugerð samkvæmt grein þessari er gert ráð fyrir, að komi 2.—9. gr. reglugerðar nr. 3 frá 1961, eftir því sem við á, svo og önnur atriði, eftir því sem ástæða er til.

Um 10. gr.

Grein þessi felur í sér, að setja skuli allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum, hliðstætt því, sem nú er ákveðið í 1. gr. laga nr. 44 frá 1948.

Um 11. gr.

Samkvæmt þessari grein þarf ekki að koma til lagasetningar til að ákvarða friðunarsvæði utan landhelginnar, eins og þarf samkvæmt frumvarpi þessu, þegar um stækkun landhelginnar er að ræða, heldur nægir reglugerð, sem ráðherra setur.

Um 12. gr.

Þessi grein inniheldur samsvarandi ákvæði og er að finna í 1. gr. laga nr. 44 frá 1948.

Um 13. gr.

Þessi grein samsvarar 2. gr. laga nr. 44 frá 1948.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.


Um 15. gr.

Hér eru stærðarmörk mengunarlögsögunnar ákveðin í samræmi við þær tillögur, sem fram komu á ráðstefnu 12 Norðaustur-Atlantshafsríkja, þar á meðal Íslands, á ráðstefnu í Osló 19.—22. október 1971 og unnið er að staðfestingu á.


Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.


Fylgiskjal I.




Fylgiskjal II.



Fylgiskjal III.



SJÓKORT



SKÝRINGARMYND ER SÝNIR LANDHELGISMÖRK EINS OG ÞAU VERÐA AFMÖRKUÐ MEÐ LÍNUM, SEM DREGNAR ERU MILLI ÁKVEÐINNA PUNKTA (A,B,) Á 400 M. JAFNDÝPISLÍNU.

Ed. **319. Frumvarp til laga** [168. mál]

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Helgi F. Seljan.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Launakjör skipaðra ljósmæðra skulu ákveðin með kjarasamningum eða af kjaradómi á sama hátt og laun opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 55 28. apríl 1962.

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd mánaðarlega úr bæjarsjóði.

Laun skipaðra ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða skal greiða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði. Launin greiða sýslumenn ársfjórðungslega fyrir fram.

Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það byrjunarlaun þess umdæmis.

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir í samráði við skólastjóra og aðalkennara Ljósmæðraskóla Íslands, hver þau skuli vera.

2. gr.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Ljósmóðir, sem skipuð er í starf samkvæmt lögum þessum, á rétt á orlofi ár hvert á sama hátt og aðrir opinberir starfsmenn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 1. gr. laga nr. 23 1947, lög nr. 23 1948 og lög nr. 114 1951.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1972 skal hver sýslunefnd endurskoða skiptingu sýslunnar í ljósmæðraumdæmi, sbr. 2. gr. laganna.

Að endurskoðun lokinni skal sýslunefnd í hverju lögsagnarumdæmi gera ráðherra grein fyrir tillögum um skiptinguna og leita samþykkis hans á þeim.

Greinargerð.

Ljósmæðralög, nr. 17 1933, eru orðin svo gömul, að sum ákvæði þeirra samrýmast ekki þeim öru breytingum í þjóðfélaginu, sem orðið hafa.

Launakjör ljósmæðra eru í reynd ákveðin með öðrum hætti en lögin mæla fyrir um, enda orðið óhjákvæmilegt, að í framkvæmd sé vikið frá bókstaf laganna að því leyti. Í ljósmæðralögum eru engin ákvæði um orlof ljósmæðrum til handa hliðstætt því, sem aðrir opinberir starfsmenn eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í 1. gr. þessa frv. er kveðið svo á, að laun skipaðra ljósmæðra skuli ákveðin með kjarasamningum eða af kjaradómi á sama hátt og laun annarra opinberra starfsmanna.

Samkvæmt 2. gr. frv. á að veita ljósmóður, sem skipuð hefur verið í starf, rétt til orlofs.

Í 2. gr. ljósmæðralaga, nr. 17 1933, segir svo: „Hverri sýslu landsins skal skipta í ljósmæðraumdæmi, og gerir sýslunefnd það með samþykki ráðherra. Skipa skal eina ljósmóður til að gegna hverju umdæmi, og hefur hún þar aðsetur, er sýslunefnd þykir hæfa.“

Með bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er lagt til, að á árinu 1972 verði endurskoðuð skipting landsins í ljósmæðraumdæmi. Við þá endurskoðun ber m. a. að taka

tillit til sérstöðu einstakra byggðarlaga, fólksfjölda, samgangna innan héraðs og þeirra breytinga, sem fyrirhugaðar eru á læknaskipan og heilsugæzlu.

Þá ber og að athuga, hvort hagkvæmt sé að auka verkefni ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða með því, að þær jafnframt ljósmóðurstarfi veiti héraðslæknum aðstoð við almenna heilsugæzlu.

Sþ. 320. Þingsályktun [49. mál]

um endurskoðun á lögum um byggingarsamvinnufélög.

(Afgreidd frá Sþ. 8. febr.)

Samhljóða þskj. 50.

Sþ. 321. Þingsályktun [24. mál]

um ráðstafanir til að auðvelda umferð fatlaðra.

(Afgreidd frá Sþ. 8. febr.)

Samhljóða þskj. 24.

Sþ. 322. Þingsályktun [43. mál]

um endurskoðun laga um stuðning við leikfélög áhugamanna.

(Afgreidd frá Sþ. 8. febr.)

Samhljóða þskj. 44.

Sþ. 323. Þingsályktun [110. mál]

um endurskoðun á loftferðalögum.

(Afgreidd frá Sþ. 8. febr.)

Samhljóða þskj. 133.

Sþ. 324. Þingsályktun [117. mál]

um afgreiðslu skaðabótamála vegna slysa.

(Afgreidd frá Sþ. 8. febr.)

Samhljóða þskj. 145.

Sþ. 325. Þingsályktun [16. mál]

um öflun skeljasands til áburðar.

(Afgreidd frá Sþ. 8. febr.)

Samhljóða þskj. 16.

Ed. 326. Frumvarp til laga [169. mál]

um lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Ríkið rekur verksmiðju í Siglufirði til fullvinnslu og verkunar ýmiss konar sjávarafurða og nefnist hún Lagmetisiðjan Siglósíld.

2. gr.

Lagmetisiðjan vinnur að niðurlagningu, niðursuðu og hvers konar fullvinnslu matarrétta úr sjávarafurðum og öðrum íslenzkum hráefnum. Jafnframt hefur verksmiðjan forustu um tilraunastarfsemi á þessu framleiðslusviði undir leiðsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og miðlar reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda.

3. gr.

Ríkið yfirtekur verksmiðjuhús Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, sem nú er í eigu Síldarverksmiðja ríkisins ásamt lóðarréttindum, vélum, áhöldum og öðru því, sem nú er notað við rekstur niðurlagningarverksmiðjunnar, og skal verð eignanna greitt með skuldajöfnun milli ríkissjóðs og Síldarverksmiðja ríkisins.

Iðnaðarráðherra skipar þriggja manna nefnd, er annast yfirtöku og verðlagningu eignanna af hálfu ríkisins. Náist ekki samkomulag við stjórn Síldarverksmiðja ríkisins um verð eignanna eða annað það, sem lýtur að yfirtöku þeirra, sker ríkisstjórnin úr.

4. gr.

Ríkissjóður leggur fram 15 milljónir króna til að fullkomna vélakost verksmiðjunnar og til að tryggja eðlilegan rekstur hennar.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram nauðsynlegt fjármagn til stækkunar verksmiðjunnar.

5. gr.

Iðnaðarráðherra skipar 5 menn í stjórn Lagmetisiðjunnar og skulu eftirtaldir aðilar tilnefna mann í stjórnina: fjármálaráðuneytið, bæjarstjórn Siglufjarðar og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Starfsfólk verksmiðjunnar tilnefnir einn mann samkvæmt nánari reglum, sem ráðuneytið setur. Ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

6. gr.

Ráðherra ákveður laun stjórnar og setur nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 47 7. maí 1946, um Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, svo og lög nr. 60 24. maí 1947, um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lögin um Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins í Siglufirði eiga aldarfjórðungs afmæli á þessu ári, en verksmiðjan sjálf hefur þó varla slitið barnsskónum enn þá. Það var í maí 1946, að ríkisstjórninni var heimilað með lögum „að reisa og reka á Siglufirði verksmiðju til þess að sjóða niður og leggja síld í dósir“ (1. gr.). Var tilgangurinn samkvæmt 2. gr. „að hafa forystu um niðursuðu og niðurlagningu síldar í dósir með það fyrir augum að miðla reynslu og þekkingu á þessu sviði til annarra

slíkra verksmiðja ...“ En það var ekki fyrr en um það bil einum og hálfum áratug síðar, að lögin komu til framkvæmda.

Með breytingu á lögum í maímánuði 1947 var stjórn Síldarverksmiðja ríkisins falið að annast byggingu og rekstur verksmiðjunnar. Í byrjun sjöunda áratugsins var starfsemi verksmiðjunnar loks hafin og hefur stjórn S. R. haft rekstur hennar með höndum. Fyrstu árin var framleiðsla lítil vegna skorts á mörkuðum og var því nokkurt tap á rekstrinum. Á seinni árum hefur framleiðslan stóraukizt og reksturinn gengið betur. Á þessu ári er útlit fyrir, að álitlegur hagnaður verði af rekstrinum, og hefur þá verið reiknað með þóknun til S. R. fyrir bókhald og skrifstofukostnað kr. 480 000.00 og vegna leigu á húsnæði og tækjum kr. 2 236 100.00, eins og verið hefur undanfarin ár.

Með frumvarpi þessu er að því stefnt, að verksmiðjan verði gerð að sjálfstæðu fyrirtæki og sett undir sérstaka stjórn. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að verksmiðjan fái nokkurt fjármagn til að fullkomna tækjabúnað sinn og til að tryggja eðlilegan rekstur.

Á árinu 1970 flutti niðurlagningarverksmiðjan í Siglufirði meiri framleiðsluverðmæti á erlendan markað en nokkur önnur íslenzk niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðja eða fyrir 38.4 milljónir króna og reikna má með því, að verksmiðjan flytji á þessu ári út framleiðslu fyrir um 85 milljónir króna. Með fyrirhuguðum aðgerðum til eflingar þessari iðngrein og uppbyggingu sölumiðstöðvar, má vænta þess, að framleiðsla Siglóverksmiðjunnar eigi eftir að stóraukast. Til þess að það verði mögulegt, verður þó verksmiðjan að hafa nokkurt rekstrarfé.

Núverandi nafn verksmiðjunnar er rangnefni, þar eð verksmiðjan sýður ekki niður. Er nauðsynlegt, að fundið verði gott, sameiginlegt heiti á þeim iðnaði, sem kenndur er við niðursuðu og niðurlagningu. Hér er farið á flot með nýtt nafn „lagmeti“ og iðngreinin kölluð „lagmetisiðja“, en jafnframt er verksmiðjan kennd við vörumerki sitt og nefnd „Lagmetisiðjan Siglósíld“.

Frumvarpið er undirbúið af svokallaðri niðursuðunefnd, sem skipuð var af iðnaðarráðherra 30. ágúst s. l.

Sþ. 327. Lög [40. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Ytri-Bug í Fróðárhreppi á Snæfellsnesi.

(Afgreidd frá Ed. 9. febr.)

Samhljóða þskj. 188.

Sþ. 328. Tillaga til þingsályktunar [170. mál]

um vistheimili fyrir vangefna.

Flm.: Helgi F. Seljan, Karvel Pálmason, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því í samráði við Styrktarfélag vangefinna, að komið verði upp vistheimilum fyrir vangefna í þeim landshlutum, þar sem slík heimili eru ekki til nú.

Greinargerð.

Allt fram undir síðustu áratugi hafa málefni vangefinna í þjóðfélaginu verið vanrækt. Skilningur hefur þó farið sívaxandi á málefninu: Starf lækna, sálfræðinga

og félagsráðgjafa hefur auðveldað úrbætur, almenningsálitið hefur orðið ólíkt jákvæðara, ríkið sjálft hefur komið allmyndarlega til liðs við þetta fólk, og síðast, en ekki sízt hefur starfsemi Styrktarfélags vangefinna og barátta þess fyrir hina vangefnu verið dýrmæt og borið ríkulegan árangur.

Aðalstofnunin, ríkishælið í Kópavogi, er ekki aðeins vistheimili, það er einnig sú stofnun, sem á að þjálfa hæft starfsfólk til að sinna umönnun hinna vangefnu.

4 vistheimili munu svo vera til á landinu fyrir vangefna: að Skálatúni, Sólheimum, Tjaldanesi og á Akureyri. Þrjú þessara heimila eru sunnan- og suðvestanlands, en eitt nyrðra. Auk þessa eru svo tvö dagheimili hér í Reykjavík á vegum Styrktarfélags vangefinna.

Þetta er umtalsverður og lofsverður árangur, en þó vekur það athygli, að í tveimur landshlutum eru engar slíkar stofnanir til, á Vestfjörðum og Austurlandi. Enginn efar þó, að þar er einnig fólk, sem eins og annars staðar þarf að eiga þess kost að njóta heimilisvistar af þessu tagi.

Það er að vísu rétt að benda á það, að talið er, að til þess að kleift sé að stofnsetja slíkt heimili þurfi ákveðinn fjölda vistfólks, og eins hitt, að rétt er einnig að hafa í huga, að það dugir lítt að koma á fót stofnun sem þessari, ef ekki fást til hennar starfskraftar, sem hlotið hafa nægilega kunnáttu í þessum efnum. Um fyrrnefnda atriðið er það að segja, að því miður mun sú mótbára ekki vera fyrir hendi, að vistfólk muni skorta. Að hinu ber jafnframt að vinna, að sem bezt verði að stofnuninni búið á hvorum stað, ekki sízt með því að fá þangað gott starfslið, sem reyndar er frumskilyrði.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja það rétt að dreifa slíkum stofnunum um landið, svo sem þörf kallar á, ekki sízt vegna þess, að með því fá aðstandendur vistfólksins stórbætta aðstöðu sína til þess að fylgjast með högum þess og framvindu mála, einkum fyrstu mánuðina og reyndar ætíð.

Vistheimili í þessum landshlutum mundu hafa hvort tveggja í för með sér: aukin nauðsynleg tengsl milli aðstandenda og vistfólks og þá ekki síður, að fleiri mundu njóta nauðsynlegrar umönnunar en nú er, ef heimilin væru nær fólkinu. Um það skal ekki efazt, að þessu máli yrði lagt rækilega lið heima fyrir, sem auðveldaði alla framkvæmd.

Því er þessari áskorun nú beint til ríkisstjórnar, að hún hlutist til um, að rækileg könnun fari fram á málinu og framkvæmdir verði svo í samræmi við niðurstöður. Það væri verðug aðstoð og kærkomin því fólki, sem mjög þarf á hjálp samfélagsins að halda, og ekki síður nánustu aðstandendum þessa fólks.

Sþ. 329. Tillaga til þingsályktunar [171. mál]

um athugun á hagkvæmni rafknúinna samgöngutækja.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason, Sverrir Hermannsson, Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á kostnaði þess, að tekin verði í notkun hér á landi rafknúin samgöngutæki.

Jafnframt skal gerður samanburður á hagkvæmni þeirra og annarra samgöngutækja, sem nú eru í notkun. Skal í þeim samanburði tekið tillit til hugsanlegra orkukaupa frá innlendum aflgjafa.

Stefnt skal að því, að athugun þessari verði lokið sem fyrst og niðurstöður liggi fyrir á næsta Alþingi.

Greinargerð.

Okkur Íslendinga mun ekki greina á um nauðsyn þess, að orka okkar fallvatna verði leyst úr læðingi svo fljótt sem fjárhagsleg geta þjóðarinnar leyfir.

Ekki mun heldur ágreiningur um, að hagkvæmustu virkjunina beri að velja hverju sinni, svo að verð hverrar orkueiningar verði sem lægst.

Um hið síðarnefnda fæst þó eigi samstaða, nema tryggt sé, að sem flestir landsmenn fái að njóta þeirra hagsbóta, sem slíkri virkjun fylgja og ná má t. d. með samtengingu dreifikerfanna, enn fremur að rekstrargrundvöllur slíkrar virkjunar sé fyrir hendi, m. a. með tryggðri sölu á nauðsynlegu magni framleiðslunnar.

Í seinni tíð hefur því mjög verið haldið á lofti, að orku stórvirkjana beri landsmönnum sjálfum svo sem hægt er að nýta. Bent er á ýmsar leiðir til frekari nýtingar raforku hér á landi, svo sem til íbúðarhúsahitunar, gróðurhúsahitunar og margs konar iðju og iðnaðar. Allt er þetta sjálfsagt, þótt flm. telji enga goðgá að selja erlendum aðilum orku, ef slík sala bæði tryggir virkjunarframkvæmdir og rekstrargrundvöll orkuvers.

Í framangreindum umræðum hefur lítið eða ekkert verið rætt um rafknúin samgöngutæki og eru þau þó vel þekkt um nær allan heim, og hafa fjölmargir Íslendingar kynnzt þeim af eigin raun.

Í því sambandi er vert að veita því athygli, að slík samgöngutæki virðast mikið notuð í löndum, sem framleiða sína raforku í olíu- og kolakyntum orkuverum, m. a. í löndum, sem verða að kaupa sína olíu að um langa vegu. Eftir því sem flm. er kunnugt, munu Svíþjóð og Japan standa einna fremst í notkun slíkra tækja. Er það eðlilegt, þegar þess er gætt, að þessar þjóðir eru meðal háþróuðustu iðnaðarþjóða heims.

Upplýsingar um reynslu, nýtni og rekstrarkostnað slíkra samgöngutækja eru þegar fyrir hendi hjá þessum þjóðum o. fl. Fullvíst má telja, að sú herferð, sem þegar er hafin gegn mengun lofts í stórborgum víðs vegar um heim frá umferð olíu- og benzíndrifinna ökutækja, eigi eftir að valda byltingu í þróun samgöngumála þéttbýlissvæða á næstu árum. Þótt mengunarhætta vegna umferðar sé ekki yfirvofandi í sama mæli á þéttbýlissvæðinu umhverfis Reykjavík og Hafnarfjörð, mun ekkert tæknilegt vandamál því til fyrirstöðu, að á þessu svæði verði t. d. farartæki til farþegaflutninga knúin raforku frá loftlínu, ef hagkvæmt þykir. Verða þá, svo að samanburður fáist, að liggja fyrir upplýsingar um stofn- og rekstrarkostnað strætisvagna og áætlunarbíla í þessum byggðarlögum.

Flm. hafa þó ekki einungis í huga, að slík samgöngutæki yrðu eingöngu á þéttbýlissvæðinu, heldur einnig til að tryggja samgöngur milli þéttbýlis og dreifbýlis með margvíslegum fjárhags- og menningarlegum hagsbótum, sem því geta fylgt.

Á okkar mælikvarða er nú varið óhemju fé til allra þátta samgöngumála, í lofti, á láði og legi. Að flestra mati mun enn meira hlutfallslega þurfa til þessara mála á næstu árum og áratugum.

Vegakerfi okkar verður alltaf dýrt og enn dýrara með varanlegu slitlagi, en krafa um slíkt slitlag á fjölförnustu vegum okkar verður sífellt háværari. Verra er, að slík vegalagning, eða önnur, er engin trygging fyrir stöðugum og nauðsynlegum samgöngum til staða, sem þörf hafa á slíku, fyrst og fremst vegna snjóa og mikillar ísingar langtímum saman. Í þessu sambandi má strax slá föstu, að tvísporabrautir ásamt vögnum kosti mikið fé, og dýrari munu einsporabrautir, sérstaklega ef sporinu er lyft frá jörðu. Þeim fylgir þó sá kostur, að snjór og ís mundu máski ekki verða meiri farartálmi á slíkri braut en raforkuhitun gæti eytt. Um reynslu slíkra brauta mun hægt að fá upplýsingar frá Japan og víðar.

Hér hefur verið lauslega drepið á mjög dýrar framkvæmdir, svo að við Íslendingar getum nýtt tækni rafknúinna samgöngutækja, sem fá orku sína bæði frá loftlínum og sporum.

En á móti getur einnig komið sparnaður við dýrar vegalagnir, sparnaður við samgöngur á sjó og í lofti, við kaup á olíum, benzíni, hjólbörðum og farartækjum erlendis frá, auk orkusölunnar frá orkuverum framtíðarinnar, sem byggjast munu á auðlindum þjóðarinnar — auk fiskimiða, — fallvötnum okkar.

Sþ. 330. Nefndarálit [23. mál]

um till. til þál. um félaga- og firmaskrá fyrir landið í heild.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað till. og fengið umsagnir frá Hagstofu Íslands og Dómarafélagi Íslands. Hafa báðir þessir aðilar mælt með aðgerðum til úrbóta á þeirri löggjöf, sem fjallar um skráningarmál félaga og firma, og m. a. í þá átt, sem till. greinir. Hagstofan leggur sérstaka áherzlu á, að málið allt verði tekið til gagngerðrar endurskoðunar.

Ljóst er, að hér er lagfæringa þörf, og þykir nefndinni rétt, að heildarendurskoðun fari fram og sé þá m. a. haft í huga, að komið verði á fót allsherjarskrá um félög og hún verði á einni hendi. Enn fremur verði önnur atriði skoðuð og færð til þess vegar, að í sem fyllstu samræmi sé við breytta þjóðfélagshætti. Þess ber að gæta, að lög varðandi þessi mál eru að stofni frá árinu 1903.

Leggur nefndin því til, að tillagan verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka til heildarendurskoðunar lagaákvæði um skráningarmál félaga og firma í því skyni, að skráning fari fram á einum stað fyrir landið allt og að öðru leyti gerðar þær breytingar, sem hæfa nútíma þjóðfélagsháttum.
   Að endurskoðun lokinni skal ríkisstjórnin láta semja frumvarp til nýrrar löggjafar um þessi efni og leggja fyrir næsta þing.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um skráningu félaga og firma.

Alþingi, 8. febrúar 1972.

Gísli Guðmundsson, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Lárus Jónsson.	Jónas Árnason.

Stefán Gunnlaugsson.

Sþ. 331. Tillaga til þingsályktunar [172. mál]

um sérstaka framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra.

Flm.: Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að gera sérstaka framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra vegna hins mikla og stöðuga atvinnuleysis í kjördæminu.

Greinargerð.

Á undangengnum áratug hefur Alþingi samþykkt, að ríkisstjórn hlutaðist til um, að gerðar yrðu sérstakar framkvæmdaáætlanir fyrir tiltekna landshluta. Hefur Efnahagsstofnunin — og nú væntanlega Framkvæmdastofnunin — unnið að þessum verkefnum.

Þessi tillaga gerir ráð fyrir, að sérstök framkvæmdaáætlun sé gerð fyrir Norðurlandskjördæmi vestra. Þetta þýðir ekki, að Fjórðungssamband Norðurlands geti ekki tekið yfir bæði kjördæmi Norðurlands varðandi margs konar málefni.

Hins vegar telur flutningsmaður þessarar tillögu sjálfsagt, að fyrir Norðurlandskjördæmi vestra sé gerð sérstök framkvæmdaáætlun, fyrst og fremst af þessum ástæðum:

1. Landshlutaáætlanir eru alls staðar miðaðar við einstakt kjördæmi, nema á Norðurlandi. Þar eru tvö kjördæmi sameinuð í Norðurlandsáætlun. Það er því eðlilegt, að kjördæmi séu aðskilin, í þessu tilliti.
2. Í nýjum lögum um Framkvæmdastofnun er gert ráð fyrir, að héraðssamtök heima fyrir hafi nokkur völd og fjárráð. Fyrir því er eðlilegt, að hvert kjördæmi hafi sitt sérstaka sjálfstæði.
3. Hið stöðuga og alvarlega atvinnuleysi, sem hefur verið í Norðurlandskjördæmi vestra á undanförnum árum, gefur fyllsta tilefni til, að sérstök framkvæmdaáætlun sé gerð fyrir kjördæmið með það fyrir augum, að atvinnuöryggi sé meira en verið hefur.

Þó að sérstakar aðgerðir hafi verið gerðar varðandi atvinnumál einstakra staða í kjördæminu, þá hefur engin sameiginleg áætlun verið gerð í þessu tilliti fyrir kjördæmið allt. Þessi tillaga, ef samþykkt yrði, mundi taka til alls kjördæmisins.

Hér er um að ræða landshluta, sem hefur orðið nokkuð á eftir öðrum landshlutum varðandi atvinnu- og efnahagsmál á síðustu áratugum. Það er því eðlilegt, að þetta vandamál sé tekið alveg sérstökum tökum.

Nd. 332. Lög [59. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Fjós í Laxárdalshreppi.

(Afgreidd frá Nd. 10. febr.)

Samhljóða þskj. 64.

Sþ. 333. Fyrirspurnir [173. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um virkjun Jökulsár á Fjöllum við Dettifoss.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Hefur ríkisstjórnin ákveðið að láta gera fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum við Dettifoss, og sé svo, hvenær er þá líklegt, að þeirri fullnaðaráætlun verði lokið?

II. Til ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun minningarsjóðs.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin í hyggju — og ef svo er, þá hvernig — að koma því í kring, að minningarsjóður hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, sem stofnaður var með skipulagsskrá 14. okt. 1914, nýtist til stofnunar elliheimilis í sveit nú á næstunni?
2. Hverjar eru eignir sjóðsins nú?

Sþ. 334. Tillaga til þingsályktunar [174. mál]

um rannsókn á aðstæðum til virkjunar í Jökulsá eystri í Skagafirði.

Flm.: Gunnar Gíslason, Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara, þegar á þessu ári, rækilega könnun á aðstæðum til virkjunar í Jökulsá eystri í Skagafirði.

Greinargerð.

Augljóst er, að okkar Norðlendinga bíður skortur á raforku í nánustu framtíð. Miklar umræður og jafnvel hatrammar deilur hafa spunnizt um úrræði í orkumálum þessa landshluta.

Nú virðist ætlan stjórnvalda að bæta úr skorti á raforku á Norðurlandi með því að leggja háspennulínu norður yfir hálendið frá virkjunum sunnan fjalla. Sjálfsagt kemur að því, að lína þessi verði lögð, enda ekki ágreiningur um þá stefnu að tengja saman raforkuverin. Hins vegar er á því mikill og eðlilegur áhugi á Norðurlandi, að byggð verði virkjun eða virkjanir innan fjórðungsins, og sú krafa hefur komið fram, að jafnframt ráðagerðum um línulögn að sunnan verði kannaðar til hlítar aðstæður til virkjana í fallvötnum norðanlands, til þess að með því fáist samanburður á leiðum til hagfelldastrar, ódýrastrar og öruggastrar orkuvinnslu fyrir norðlenzkar byggðir.

Þegar rætt hefur verið um hugsanlegar virkjanir á Norðurlandi, hefur verið bent á virkjun Jökulsár eystri í Skagafirði. Nokkur frumathugun mun hafa verið gerð á aðstæðum til virkjunar Jökulsár, og eftir því sem flm. bezt vita, hefur sú athugun bent til þess, að þar megi virkja með hagfelldum hætti. En til þess að ljóst liggi fyrir, hvort virkjun Jökulsár eystri er hagkvæm eða ekki, þarf að kanna til hlítar allar aðstæður til virkjunar þar og gera áætlun um kostnað við orkuöflunina og um nýtingu orkunnar.

Ef svo reynist við athugun, að virkjun Jökulsár eystri sé hagkvæm, þá gera flm. sér vonir um, að með þeirri virkjun verði fundin lausn til þess að koma í veg fyrir skort á raforku á Norðurlandi til nokkurrar frambúðar og jafnframt geti sú framkvæmd orðið til þess að jafna ágreining um orkumál okkar Norðlendinga, ekki aðeins innbyrðis ágreining heimamanna, heldur einnig ágreining Norðlendinga við stjórnvöld.

Sþ. 335. Nefndarálit [21. mál]

um till. til þál. um landhelgismál.

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur haft til athugunar þingsályktunartillögu á þskj. 21 um landhelgismál, brtt. við hana á þskj. 72 og þingsályktunartillögu á þskj. 56 um landhelgi og verndun fiskistofna.

Nefndin leggur til, að tillagan á þskj. 21 verði afgreidd á þann hátt, sem greinir í brtt. nefndarinnar á þskj. 336.

Fulltrúar stjórnarflokkanna í utanríkismálanefnd (BGuðn, EystJ, GilsG, ÞÞ) taka fram, að þeir líti svo á, að ríkisstjórnin hafi samkvæmt 2. tölulið brtt. **heimild** til þess að segja upp samningunum við Bretland og Sambandslýðveldið **Þýzkaland** og að fyrir liggi vitneskja um, að það verði gert.

GÞG, JóhH og MÁM hafa fyrirvara um 1. og 2. tölulið breytingartillögunnar og munu flytja brtt. við 1. tölulið hennar.

Alþingi, 12. febr. 1972.

Þórarinn Þórarinsson, form.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Eysteinn Jónsson, frsm.
Bjarni Guðnason.	Gylfi Þ. Gíslason.	Jóhann Hafstein.
	Matthías Á. Mathiesen.	

Sþ. 336. Breytingartillaga [21. mál]

við till. til þál. um landhelgismál.

Frá utanríkismálanefnd.

Tillögugreinin orðist þannig:

Alþingi ítrekar þá grundvallarstefnu Íslendinga, að landgrunn Íslands og hafsvæðið yfir því sé hluti af íslenzku yfirráðasvæði, og ályktar eftirfarandi:

1. Að fiskveiðilandhelgin verði stækkuð þannig, að hún verði 50 sjómílur frá grunnlínum allt í kringum landið, og komi stækkunin til framkvæmda eigi síðar en 1. september 1972.
2. Að ríkisstjórnum Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands verði enn á ný gerð grein fyrir því, að vegna lífshagsmuna þjóðarinnar og vegna breyttra aðstæðna geti samningar þeir um landhelgismál, sem gerðir voru við þessi ríki 1961, ekki lengur átt við og séu Íslendingar ekki bundnir af ákvæðum þeirra.
3. Að haldið verði áfram samkomulagstilraunum við ríkisstjórnir Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands um þau vandamál, sem skapast vegna útfærslunnar.
4. Að unnið verði áfram í samráði við fiskifræðinga að ströngu eftirliti með fiskistofnum við landið og settar, eftir því sem nauðsynlegt reynist, reglur um friðun þeirra og einstakra fiskimiða til þess að koma í veg fyrir ofveiði.
5. Að haldið verði áfram samstarfi við aðrar þjóðir um nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengun sjávar og heimilar ríkisstjórninni að lýsa einhliða yfir sérstakri mengunarlögsögu á hafinu umhverfis Ísland.

Sþ. 337. Breytingartillaga [21. mál]

við brtt. á þskj. 336 [Landhelgismál].

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni, Jóhanni Hafstein og Matthíasi Á. Mathiesen.

1. töluliður orðist svo:

Að fiskveiðilandhelgin nái yfir landgrunnið, þannig að ytri mörk hennar verði sem næst 400 metra jafndýpislínu, en þó hvergi nær landi en 50 sjómílur frá grunnlínum allt í kringum landið, og komi stækkunin til framkvæmda eigi síðar en 1. september 1972.

Nd. 338. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og sent það til umsagnar þeirra aðila, sem hún taldi að málið snerti. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (JSk) var fjarverandi, er málið var afgreitt, og tveir nefndarmenn (KP og BP) skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 14. febr. 1972.

Garðar Sigurðsson, form.	Guðl. Gíslason, frsm.	Karvel Pálmason, með fyrirvara.
Pétur Sigurðsson.	Stefán Gunnlaugsson.	Björn Pálsson, með fyrirvara.

Nd. 339. Frumvarp til laga [175. mál]

um breyting á lögum nr. 63 29. marz 1961, um lögskráningu sjómanna.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason, Sverrir Hermannsson, Matthías Á. Mathiesen, Lárus Jónsson, Guðlaugur Gíslason, Friðjón Þórðarson.

1. gr.

1. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að lögskrá alla þá menn, sem starfa á íslenzkum skipum og bátum, sem eru 6 metrar eða lengri, mælt milli stafna, og gerðir eru út hér á landi, hvort heldur er til farþegaflutninga, vöruflutninga eða fiskveiða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um lögskráningu sjómanna (lögum nr. 63 29. marz 1961), í 2. grein 1. málsgrein, segir: „Skylt er að lögskrá alla þá menn, sem ráðnir eru til starfa á íslenzkum skipum, sem eru 12 rúmlestir brúttó eða stærri."

Í frv. á þskj. 198 um líf- og örorkutryggingar sjómanna er boðuð breyting á þessari málsgrein gildandi laga í samræmi við 1. gr. frumvarpsins. Ástæðu hennar er getið í athugasemdum við frumvarpið á þskj. 198.

Þar kemur m. a. fram, að þessarar breytingar sé þörf, svo að frv. þetta, ef að lögum verður, nái tilgangi sínum, en um er að ræða líf- og örorkutryggingu þeirra, sem á fiskiskipum starfa.

Á það má benda, að mjög mikil aukning hefur orðið í fiskiskipaflota okkar á síðari árum af skipum, sem eru undir hinni lögskyldu skráningarstærð. Þetta skapar margs konar vandamál, m. a. í sambandi við lögboðnar og samningsbundnar tryggingar. Því er þetta frumvarp flutt.

Sþ. 340. Tillaga til þingsályktunar [176. mál]

um rannsóknardeild vegna sölu og neyzlu fíkniefna.

Flm.: Oddur Ólafsson, Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja nú þegar á fót sérstaka rannsóknardeild til eflingar tollgæzlu, löggæzlu og annars eftirlits með innflutningi, dreifingu og neyzlu fíkniefna. Deildinni verði m. a. gert kleift að afla þeirra áhalda og tækja, sem nauðsynleg eru til skjótrar greiningar efnanna, og að þjálfa til nefndra rannsóknarstarfa sérhæft starfslið.

Greinargerð.

Sala og neyzla fíkniefna hefur verið vaxandi vandamál nágrannaþjóða okkar síðustu árin. Sífellt auknu fjármagni hefur verið varið til toll- og löggæzlustarfa, svo og rannsóknar- og heilbrigðismála, en sannast sagna munu þessi þjóðfélög enn sem komið er standa ráðþrota gagnvart þeim vanda, sem fíkniefnin valda, einkum meðal ungs fólks.

Rannsóknir fara stöðugt fram víða um lönd á áhrifum þessara efna á mannslíkamann. Síðustu rannsóknir benda eindregið til, að langvarandi neyzla, jafnvel vægustu fíkniefna, valdi varanlegum skemmdum á mikilvægum líffærum. Er þá ekki minnzt á hið þjóðfélagslega böl, sem slíkri neyzlu fylgir.

Sterkir söluhringar teygja arma sína um allan heim, og íslenzk ungmenni hafa lent í klóm slíkra manna. Fullyrt er, að nú þegar sé fíkniefnum smyglað og dreift inn í landið með skipulegum hætti, og víst er, að neyzla þessara efna fer ört vaxandi hér á landi, þótt ekki sé í slíkum mæli sem í nágrannalöndum.

Vegna legu landsins ætti að vera auðveldara en víða annars staðar að hamla gegn ólöglegum innflutningi hér á landi, og fámenni og aðrar ytri aðstæður ættu að gera það auðveldara að koma í veg fyrir skipulega dreifingu.

Það er skoðun flutningsmanna, að þyngstu viðurlögum eigi að beita gegn slíkum aðilum.

Á s. l. ári var settur á fót vísir að skipulögðu lög- og tollgæzlustarfi, þar sem til voru fengnir þrír menn, einn frá tollgæzlunni á Keflavíkurflugvelli, einn frá tollgæzlustjóra og einn frá lögreglunni í Reykjavík, og unnu þeir gott starf í söfnun upplýsinga um dreifingu og neyzlu fíkniefna í Reykjavík og nágrenni.

Sú rannsókn staðfesti, svo að ekki verður um villzt, að grípa þarf til skipulagðra og stóraukinna aðgerða á þessu sviði, og væri mjög miður, ef það starf og sá árangur, sem þegar hefur náðst, yrði ekki nýttur til hins ýtrasta.

Það er hugmynd flutningsmanna með þessari tillögu, að sett verði á stofn sérstök rannsóknardeild, þar sem til starfa eru kallaðir sérþjálfaðir menn á sviði toll- og löggæzlu með tilliti til sölu og dreifingar fíkniefna.

Dómsmálaráðherra úrskurðar, undir hvaða embætti slík deild skuli heyra.

Sþ. 341. Tillaga til þingsályktunar [177. mál]

um rannsókn á virkjunaraðstæðum við Hraunsfjarðarvatn á Snæfellsnesi.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið fyrsta rannsaka til hlítar aðstæður til virkjunar við Hraunsfjarðarvatn á Snæfellsnesi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, sjá Rafmagnsveitur ríkisins Snæfellsnesi fyrir raforku. Dreifikerfið nær úr Kolbeinsstaðahreppi um sunnanvert nesið og norðanfjalls að Álftafirði. Skógarströnd bíður eftir rafmagni. Á þessu svæði er ein vatnsaflsstöð, Rjúkandavirkjun við Ólafsvík, en dísilstöðvar í Ólafsvík og Stykkishólmi.

Orkunotkun hefur vaxið mjög ört undanfarin ár á Snæfellsnesi. Verður því að taka til gaumgæfilegrar athugunar, hvernig þeirri þörf verður fullnægt á hagkvæman hátt á komandi árum. Sýslunefnd Snæfellinga hefur oft fjallað um þessi mál á liðnum árum, m. a. var gerð svofelld ályktun á aðalfundi s. l. vor:

„Sýslufundur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, haldinn í Stykkishólmi 6.—8. maí 1971, leggur áherzlu á, að lokið verði við dreifingu rafmagns á alla bæi í héraðinu ekki síðar en á árinu 1972.

Þá ítrekar fundurinn ósk sína frá síðasta aðalfundi um, að hraðað verði fullnaðarrannsókn á virkjunarskilyrðum við Hraunsfjarðarvatn og að virkjun verði framkvæmd þar, ef hagkvæmt telst samkvæmt niðurstöðum virkjunarrannsókna. Þyki ekki fært að virkja við Hraunsfjarðarvatn, þá verði lögð lína frá Landsvirkjun til að tryggja héraðinu næga orku og til að auka öryggi í orkudreifingu í héraðinu og til meiri orkunýtingar, m. a. til upphitunar húsa.

Einnig leggur fundurinn ríka áherzlu á, að unnið verði að því, að söluverð rafmagns verði það sama um land allt, og skorar á orkumálaráðherra að taka það mál til úrlausnar."

Rafmagnsveitur ríkisins hafa látið fara fram frumathugun á virkjunaraðstæðum við Hraunsfjarðarvatn. Hygg ég, að skilyrði séu talin þar mjög álitleg. Væri sennilega unnt að virkja á þessum stað með hóflegum tilkostnaði miðað við smávirkjun. Slík rafveita gæti mætt orkuþörf næstu ára á þessum slóðum og orðið til trausts og halds í framtíðinni, þegar samtenging á sér stað við orkuveitur nágrannahéraða eða alls landsins. Ýmis atriði mun þó þurfa að athuga miklu nánar en gert hefur verið, m. a. áhrif á laxveiði í Straumfjarðará, sem fellur úr Baulárvallavatni (og Hraunsfjarðarvatni) til suðurs og er góð laxveiðiá. Verður að sjálfsögðu kostað kapps um að hafa góða samvinnu og samráð við eigendur veiðiréttar á þessu vatnasvæði, ef af virkjun verður. Vafalaust þarf einnig að gera ýmsar frekari rannsóknir og áætlanir, áður en lokaákvörðun verður tekin í þessu máli.

Sþ. 342. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um varnir gegn ofneyzlu áfengis.

Flm.: Hjördís Hjörleifsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar til þess að draga úr neyzlu áfengra drykkja:

1. Víðtæk upplýsingastarfsemi um háskalegar afleiðingar af ofnotkun áfengra drykkja verði hafin í öllum fjölmiðlum landsins, svo sem sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum.
2. Löggæzla verði efld hvað þessi mál áhrærir, þannig að núverandi áfengislög standist í reynd og séu ekki brotin.
3. Kostnaður vegna þessara ráðstafana verði greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Fáum fullvaxta mönnum mun nú dyljast, að ofnotkun áfengra drykkja meðal fjölmargra landsmanna er orðin ógnvekjandi og háskaleg meinsemd í þjóðarlíkamanum.

Ábyrgir menn hafa látið frá sér fara þær upplýsingar, að hópur áfengissjúklinga í landinu sé 4—5 sinnum stærri en hópur krabbameinssjúklinga.

Að mati Tómasar Helgasonar, læknis við sjúkrahúsið á Kleppi, eru áfengissjúklingar á Íslandi nú ekki færri en 2 þús.

Böl, sem af þessu ástandi stafar, er ekki og verður aldrei mælt með mælistiku né með tölum talið.

Þetta er samfélagslegt vandamál, sem snertir okkur öll á einhvern hátt og leggur okkur því öllum þá skyldu á herðar að bregðast í fullri alvöru við vandanum.

Hversu mörg heimili landsmanna hefur Bakkus ekki lagt að velli og er að leggja að velli á einhvern hátt dag hvern?

Hversu mörg börn og ungmenni hljóta ekki varanleg sálarmein vegna óreglu foreldris, foreldra eða uppalenda?

Hversu mörg og skelfingarfull eru ekki slysin, sem drukknir ökumenn valda?

Verða glataðar vinnustundir, þær er drykkjuskapur orsakar ár hvert, nokkurn tíma til tíndar?

Lengi væri hægt áfram að telja, en hér skal láta staðar numið, svo gjörkunnugt hlýtur hverjum og einum háttvirtum þingmanni að vera um þessi mál, sem nær daglega ber fyrir sjónir okkar í einni eða annarri mynd.

Hliðstæð tillaga sem þessi, um nokkurs konar herferð á hendur tóbaksnotkun, þó einkum vindlingareykingum, var flutt á Alþingi veturinn 1969—70 af þáverandi alþingismanni Sigurði Bjarnasyni o. fl. Henni var hrundið í framkvæmd með sýnilegum árangri, þannig að síðan hefur stórlega dregið úr sölu vindlinga.

Því bind ég vonir mínar við, að háttvirtir þingmenn bregðist einnig nú drengilega við og skili þessari þingsályktunartillögu minni fljótt og vel áfram út á meðal almennings í því formi, sem vænlegast sýnist vera, þ. e. a. s. á fræðilegan og fyrirbyggjandi hátt, sem einum mikilvægasta þætti í heilbrigðismálum þjóðarinnar.

Sþ. 343. Tillaga til þingsályktunar [179. mál]

um annan áfanga í samgönguþætti Vestfjarðaáætlunar.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Matthías Bjarnason, Hjördís Hjörleifsdóttir, Bjarni Guðbjörnsson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta halda áfram samgönguþætti Vestfjarðaáætlunar. Gerð verði framkvæmdaáætlun um veigamestu verkefni, sem úrlausnar bíða, og sérstaks fjármagns aflað til framkvæmdanna umfram almenna fjárveitingu til samgöngumála. Sérstaklega skal lögð áherzla á að tengja það vegakerfi, sem byggt var í fyrsta áfanga Vestfjarðaáætlunar í samgöngumálum, við vegakerfi landsins með varanlegri vegagerð.

Stefnt skal að því, að framkvæmdaáætlun þessi verði tilbúin að ári liðnu.

Greinargerð

Samgönguþáttur Vestfjarðaáætlunar er sá eini, sem hafinn hefur verið. Nefna mætti það, sem gert hefur verið, fyrsta áfanga þess þáttar. Áherzla hefur verið lögð á að endurbæta ýmsar hafnir, tvo meginflugvelli kjördæmisins, en e. t. v. fyrst og fremst á það að endurbæta vegakerfi út frá þéttbýliskjörnum. Sá misskilningur virðist hins vegar mjög almennur, að með þessari framkvæmd Vestfjarðaáætlunar séu samgöngumál kjördæmisins og ekki sízt vegakerfi komið í viðunandi horf. Því fer víðs fjarri. Þótt meta beri það, sem gert hefur verið, er þó enn ólokið afar mikilvægum framkvæmdum í samgöngumálum Vestfjarða, einkum á sviði vegamála,

og m. a. ólokið ýmsu, sem er á fyrri áætlun. Með þingsályktunartillögu þessari er að því stefnt, að unnið verði áfram að veigamestu þáttum samgöngumála Vestfjarða eftir fyrirframgerðri áætlun. Aðeins með því að hraða nauðsynlegum framkvæmdum nýtist það fjármagn að fullu, sem að undanförnu hefur verið lagt í að bæta ýmsa vegakafla á Vestfjörðum.

Sérstök áherzla er lögð á, að fjármagn verði útvegað til þess að ljúka ýmsum þáttum fyrri áætlunar, svo sem t. d. jarðgöngum á Breiðadalsheiði, frekari lagfæringu Bolungarvíkurvegar, malbikun Ísafjarðarflugvallar o. fl.

Í því, sem hér hefur verið nefndur annar áfangi Vestfjarðaáætlunar í samgöngumálum, virðist einna mikilvægast að tengja það vegakerfi, sem nú hefur verið byggt, við vegakerfi landsins með varanlegri vegagerð. Í því skyni virðast tvær framkvæmdir einna mikilvægastar.

Nú er unnið að lagningu svonefnds Djúpvegar. Er þess vænzt, að lagningu hans frá Ísafirði að Ögri verði lokið á næstu tveimur til þremur árum. Í framhaldi af þessum vegi er nauðsynlegt að endurbæta stórlega vegakerfið frá Ögri inn Djúpið og síðan suður yfir fjöll, þannig að tengt verði vegakerfi landsins og vegir þess geti borið þá þungaflutninga, sem óhjákvæmilega munu beinast á þessa leið. Í þessu sambandi er m. a. nauðsynlegt að kanna, hvaða leið beri að fara. Tvær leiðir virðast koma til greina. Í fyrsta lagi nokkurn veginn þar, sem núverandi vegarslóði liggur yfir Þorskafjarðarheiði eða inn Laugabólsdal og yfir Kollafjarðarheiði, sem er yfir minni fjallveg að fara og mundi tengja þennan veg fyrr vegi um Austur-Barðastrandarsýslu. Þetta þarf hvort tveggja að athugast mjög vandlega.

Þannig er ljóst, að vegaframkvæmdum við Djúpið frá Ísafirði og suður í Reykhólasveit er hvergi nærri lokið, þótt lokið verði vegalagningu að Ögri. Sjálfsagt virðist að horfast í augu við þessa staðreynd, kanna hið fyrsta alla möguleika og vinna að framhaldi umræddra vegaframkvæmda samkvæmt fyrirframgerðri áætlun. Aðeins með því móti kemur hinn dýri vegur, en nauðsynlegi, að Ögri að fullum notum hið fyrsta og nýtist að fullu það fjármagn, sem í hann er lagt.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að tengja hina nýju vegi á suðurhluta Vestfjarða og hinn nýja veg sunnan Þingmannaheiðar vegakerfi landsins með áframhaldandi vegalögn um Barðastrandarsýsluna.

Nú er unnið að lagningu vegar inn Þorskafjörð. Er þannig fjarlægzt þá hugmynd að leggja veg yfir og brúa Þorskafjarðarmynni. Sjálfsagt virðist þó, að það sé athugað nánar en gert hefur verið. Jafnframt virðist nauðsynlegt að kanna, hvort ekki kemur til greina að leggja veginn út Þorskafjörðinn innanverðan út á Hallsnes og síðan yfir Djúpafjörð og Gufufjörð. Mun þar vera um tiltölulega auðvelda framkvæmd að ræða, en engu að síður losa veginn við tvo erfiða hálsa. Þessari vegagerð þyrfti að ljúka hið fyrsta og ef til vill tengja þennan veg um Djúpið með vegalögn yfir Kollafjarðarheiði, eins og áður hefur verið nefnt.

Eins og nú hefur verið lauslega rakið, eru möguleikar margir við umræddar vegaframkvæmdir. Því er afar nauðsynlegt, að þeir séu allir kannaðir til hlítar hið fyrsta og sú leið valin, sem hentugust telst.

Einnig er nauðsynlegt, að lokið verði við vegarkafla, sem hafa orðið útundan. Einna mest áberandi er í þessu sambandi framhald vegarins sunnan Þingmannaheiðar inn í Vatnsfjörð og um Barðaströndina og vegur yfir Hrafnseyrarheiði.

Strandasýslan er nú talin með Norðurlandsáætlun í samgöngumálum. Þótt segja megi, að ekki skipti höfuðmáli, í hvora framkvæmdina Strandasýslunni er skipað, virðist þó að ýmsu leyti eðlilegast, að hún fylgi Vestfjarðakjördæmi. Því þarf að kanna, hvort ekki er rétt að flytja sýsluna úr Norðurlandsáætlun yfir í Vestfjarðaáætlun í samgöngumálum. Aðalatriðið er þó hitt, að ólokið er mjög mikilvægum vegaköflum á Strandavegi. Gera verður ráð fyrir því að ljúka þessum köflum og koma fullkomnum vegi a. m. k. í Bjarnarfjörð.

Rétt er einnig að vekja athygli á eðlilegum tengslum Strandasýslu við Austur-

Barðastrandarsýslu, t. d. með vegagerð yfir Tröllatunguheiði, sem viðurkennd er mjög mikilvæg í þessu skyni fyrir bæði sýslufélögin.

Ljóst má vera af því, sem hér hefur verið talið, að víðs fjarri er, að lokið sé vegagerð á Vestfjörðum. Einnig má vera ljóst, að því, sem er ábótavant, verður ekki lokið á næstu fáum árum. Hins vegar er það skoðun flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu, að betur verði unnið, ef hinum stóru verkefnum er raðað, að vel athuguðu máli, á framkvæmdaáætlun og kostnaður áætlaður. Aðeins þannig verður markvisst unnið að því að koma samgöngumálum Vestfjarðakjördæmis í viðunandi horf á sem skemmstum tíma, m. a. með lánsfé.

Ef til vill þykir sumum, að eitt ár til slíkrar áætlunar sé of skammur tími. Vera má, að svo sé. En í því sambandi er þó rétt að athuga, að slíka áætlun þarf stöðugt að endurbæta og endurskoða, þannig að í upphafi er fyrst og fremst um að ræða sæmilega ýtarleg drög að þeirri áætlun, sem endanlega verður framkvæmd. Með slíkum vinnubrögðum ætti þó að vera unnt að hefja skipulega framkvæmd fyrr, en vinna jafnframt að nánari útfærslu áætlunarinnar.

Í þessari greinargerð hefur fyrst og fremst verið rætt um vegakerfið, enda er það skoðun flutningsmanna, að átakið sé þar stærst, nauðsynlegt. Þó er ljóst, að ýmiss konar úrbóta er þörf við hafnir kjördæmisins og flugvelli. Lögð er áherzla á, að á þetta verði jafnframt litið og þau meginatriði, sem nauðsynlegt virðist að framkvæma, tekin með í umrædda samgönguáætlun. Langsamlega fjárfrekastar munu þó verða framkvæmdir við meginþjóðvegakerfi Vestfjarða.

Jafnhliða því, sem unnið er að hinum stóru framkvæmdum samkvæmt sérstakri áætlun, m. a. á sviði vegamála, verður að leggja áherzlu á endurbætur á vegum í hinum ýmsu hreppum samkvæmt hinni almennu vegáætlun. M. a. er mjög áberandi á Vestfjörðum, eftir að góðir fjallvegir hafa verið lagðir á milli fjarða, hve vegir um byggð eru lélegir. Víða eru þeir ófærir fram eftir vori vegna skafla og bleytu, þótt hinir nýju fjallvegir séu opnir. Veldur þetta að sjálfsögðu miklum erfiðleikum og lélegri nýtingu fjallveganna. Úr þessu er nauðsynlegt að bæta hið fyrsta, ef hinir nýju vegir eiga að koma að fullum notum, en eðlilegt virðist, að það sé gert samkvæmt hinni almennu vegáætlun.

Ekki hefur heldur verið gert ráð fyrir svonefndri varanlegri vegagerð í þeirri áætlun, sem hér er lagt til, að gerð verði. Vegna sjávarútvegsins og fiskvinnslu er þó orðið nauðsynlegt að leggja olíuöl, malbika eða steypa vegakafla í kringum fiskvinnslustöðvar. Svo mun þó vera víðar, m. a. af þessari sömu ástæðu og vegna mikillar umferðar, t. d. frá Ísafjarðarflugvelli og út í Hnífsdal. Slíkt þarf að kanna sérstaklega.

Höfuðtilgangurinn með þessari þingsályktunartillögu er að fá unnið skipulega að því að tengja þá nútíma vegakafla, sem hafa verið lagðir á undanförnum árum út frá þéttbýliskjörnum á Vestfjörðum og á fáeinum stöðum í Strandasýslu, vegakerfi landsins sem fyrst og sem bezt.

Sþ. 344. Tillaga til þingsályktunar [180. mál]

um sérfræðilega aðstoð við þingnefndir.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Bjarni Guðnason, Ingólfur Jónsson, Björn Fr. Björnsson, Jónas Árnason, Lárus Jónsson, Stefán Gunnlaugsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að embættismenn og stofnanir, sem henni lúta eða njóta ríkisaðstoðar, svo og sveitarfélög og sambönd þeirra láti þingnefndum í té í tæka tíð umsagnir og aðra sérfræðilega aðstoð, sem óskað er eftir við athugun þingmála.

Greinargerð.

Meðferð mála í sameinuðu Alþingi og í deildum þingsins er í meginatriðum að jafnaði eins og hér segir: Sé um lagafrumvarp að ræða, þarf til lokaafgreiðslu þrjár reglulegar umræður á þingfundum og er máli vísað til nefndar að lokinni 1. umræðu, en við 2. umræðu er fjallað um nefndarálit og svo lokaafgreiðsla við 3. umræðu. Sé um þingsályktunartillögu að ræða, eru umræður á þingfundi ein eða tvær, og er máli vísað til nefndar að lokinni fyrri umræðu eða eftir frestun einnar umræðu, en um nefndarálit fjallað við 2. umræðu eða í lokaþætti einnar umræðu. Orðið þingfundur er hér að venju haft um fundi í sameinuðu þingi og þingdeildum, efri og neðri deild.

Til þess er ætlazt í þingsköpum, að mjög verulegur hluti þingstarfanna sé unninn í nefndum, að þar fari fram efnisleg rannsókn þingmála og að nefndarálit séu rökstudd, hvort sem um er að ræða sameiginlegt álit allra nefndarmanna eða mismunandi álit nefndarhluta. Nefndarálit séu helzt þannig úr garði gerð, að þau geti orðið þingmönnum utan nefndar til leiðbeiningar við umræðu og atkvæðagreiðslu.

Það er nokkuð föst venja, að þingnefndir leiti sér sérfræðilegrar aðstoðar í hverju máli, sem þær fjalla um. Sú sérfræðilega aðstoð er venjulega þannig fengin, að nefndir óska eftir bréflegum umsögnum um málin frá embættismönnum, ríkisstofnunum, sveitarfélögum eða samtökum af ýmsu tagi, og er þá til þeirra leitað í hverju máli, sem ætla má að séu kunnugir málefninu, hafi sérstakan áhuga á því eða hafi öðrum fremur aðstöðu til að meta það. Stundum kalla nefndir sérfróða menn á sinn fund til viðræðu. Hinna sérfræðilegu umsagna er oft getið í nefndarálitum og þær jafnvel prentaðar í heilu lagi orðréttar með nefndaráliti.

Niðurstöður nefndar geta oft verið að verulegu leyti undir því komnar, hvers konar umsagnir hún fær í hendur.

Af því, sem nú hefur verið sagt, er auðsætt, að það skiptir miklu máli, að nefndunum takist í raun og veru að afla sér þeirrar sérfræðilegu aðstoðar, sem þær óska eftir hverju sinni, og að umsagnir um mál berist það tímanlega, að bið eftir umsögnum verði ekki til þess að tefja nefndarstörf. Ef nefndarstörf tefjast, verður einnig töf á þingstörfum, og getur þá svo farið, að þingmál dagi uppi af þeim ástæðum og hljóti ekki lokaafgreiðslu. En þeir, sem lengi hafa átt sæti á Alþingi, hljóta að veita því athygli, að nú í seinni tíð eru að verða nokkuð mikil brögð að því, að ýmsir þeir aðilar, sem þingnefndir biðja um hina sérfræðilegu aðstoð, eru svo seinir til svars, að bagalegt er, eða láta jafnvel alveg undir höfuð leggjast að láta nefndum í té umsagnir.

Hér er nú lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að hlutast til um, að starfsmenn þeir og stofnanir, er henni lúta eða fá fjárhagslegan stuðning frá ríkinu, svo og sveitarfélögin og samtök þeirra komi betri reglu en verið hefur undanfarið á hina sérfræðilegu aðstoð við nefndir þingsins, enda ættu þeir aðilar að vera fúsir til að koma þeirri aðstoð og þar með áhugaefnum sínum á framfæri. Mikilsvert er, að umsagnir berist nefndum fyrir þann tíma, sem þær tiltaka, og því fyrr því betra.

Sþ. 345. Þingsályktun [21. mál]

um landhelgismál.

(Afgreidd frá Sþ. 15. febr.)

Alþingi ítrekar þá grundvallarstefnu Íslendinga, að landgrunn Íslands og hafsvæðið yfir því sé hluti af íslenzku yfirráðasvæði, og ályktar eftirfarandi:

1. Að fiskveiðilandhelgin verði stækkuð þannig, að hún verði 50 sjómílur frá grunnlínum allt í kringum landið, og komi stækkunin til framkvæmda eigi síðar en 1. september 1972.

2. Að ríkisstjórnum Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands verði enn á ný gerð grein fyrir því, að vegna lífshagsmuna þjóðarinnar og vegna breyttra aðstæðna geti samningar þeir um landhelgismál, sem gerðir voru við þessi ríki 1961, ekki lengur átt við og séu Íslendingar ekki bundnir af ákvæðum þeirra.
3. Að haldið verði áfram samkomulagstilraunum við ríkisstjórnir Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands um þau vandamál, sem skapast vegna útfærslunnar.
4. Að unnið verði áfram í samráði við fiskifræðinga að ströngu eftirliti með fiskistofnum við landið og settar, eftir því sem nauðsynlegt reynist, reglur um friðun þeirra og einstakra fiskimiða til þess að koma í veg fyrir ofveiði.
5. Að haldið verði áfram samstarfi við aðrar þjóðir um nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengun sjávar og heimilar ríkisstjórninni að lýsa einhliða yfir sérstakri mengunarlögsögu á hafinu umhverfis Ísland.

Ed. 346. Frumvarp til laga [181. mál]

um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Flm.: Ragnar Arnalds, Jón Árnason, Steingrímur Hermannsson, Björn Jónsson, Jón Árm. Héðinsson.

1. gr.

3. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Frá 1. janúar 1972 greiðir áhafnadeild hluta af fæðiskostnaði vegna opinna vélbáta með 85 kr. á hvern úthaldsdag og áhafnarmann. Skilyrði fyrir þeim greiðslum eru: Bátarnir séu skráðir (nafn og umdæmisnúmer). Þeim sé haldið út til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, minnst 3 mánuði á ári, og að öðru leyti hafi eigendur þeirra aðalatvinnu af útgerð þeirra og fullnægi sömu skilyrðum og tilgreind eru í næstu mgr. hér á undan, að því er varðar þilfarsbáta, sem hafa ekki lögskráningarskyldu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Aðalbreytingin, sem fólgin er í þessu frumvarpi, er sú, að greiðsla fæðiskostnaðar úr aflatryggingasjóði vegna opinna vélbáta verði ekki miðuð við róðrafjölda, eins og nú er, heldur við fjölda úthaldsdaga, líkt og gildir um alla aðra báta. Sjómenn á opnum vélbátum eru látnir greiða í aflatryggingasjóð af afla sínum og eiga því að hafa sama rétt og sjómenn á stærri bátum. Á Norðurlandi er algengt, að 5—10 tonna bátar fari í langa róðra að sumrinu, t. d. norður að Grímsey, og hver róður taki 2—4 daga. En vegna þess að lögin miða við róður, en ekki úthaldsdag, fá sjómennirnir aðeins einn fæðisdag greiddan fyrir margra daga úthald. Þessu þarf að breyta.

Trúnaðarmenn Fiskifélags Íslands fylgjast með því, að ákvæði laganna um greiðslu fæðiskostnaðar séu ekki misnotuð. Það atriði, að eigendur bátanna eru skyldir til að kaupa slysa- og ábyrgðartryggingu, ef þeir vilja gera kröfu um greiðslu fæðiskostnaðar, minnkar verulega líkur fyrir misnotkun. En til að auðvelda starfsmönnum Fiskifélagsins að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun þessa ákvæðis, er sú krafa gerð, að um sé að ræða aðalatvinnu manna.

Nd. 347. Frumvarp til laga [182. mál]

um Tæknistofnun sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Tæknistofnun sjávarútvegsins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið.

2. gr.

Í stjórn Tæknistofnunar sjávarútvegsins skulu vera fimm menn, skipaðir af sjávarútvegsráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, tveir tilnefndir af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, einn tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einn tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður þóknun hennar.

3. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn tæknistofnunarinnar og samþykkir starfsáætlun og fjárhagsáætlun hennar fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

4. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar forstjóra við tæknistofnunina að fengnum tillögum stjórnarinnar. Stjórnin ræður í samráði við forstjóra, sérfræðinga og aðra tæknimenntaða starfsmenn við stofnunina. Forstjóri stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

5. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn tæknistofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

Forstjóri tæknistofnunarinnar og annað starfsfólk tekur laun samkvæmt gildandi kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

6. gr.

Verkefni Tæknistofnunar sjávarútvegsins skulu m. a. vera:

a) Rannsóknir og tilraunir á veiðarfærum, tækjum og vélum, sem notaðar eru í þágu sjávarútvegsins, svo og aðrar sjálfstæðar tæknilegar rannsóknir.
b) Tæknileg þjónusta við sjávarútveginn með söfnun og dreifingu upplýsinga um tæknimál.
c) Sérstök tæknileg verkefni eða rannsóknir fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
d) Námskeið fyrir starfandi sjómenn til að bæta þekkingu þeirra og kynna tækninýjungar.

7. gr.

Tekjur Tæknistofnunar sjávarútvegsins skulu m. a. vera þessar:

a) ⅕ hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum, sem rennur til Fiskimálasjóðs samkvæmt lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum ásamt síðari breytingum, sbr. 11., 12. og 13. gr. laga nr. 79/1968 og 1. og 2. gr. laga nr. 4/1971.
b) Árlegt framlag úr ríkissjóði, er aldrei skal vera minna en fjárhæð sú, sem árlega rennur til stofnunarinnar af útflutningsgjaldi samkvæmt a-lið þessarar greinar.

c) Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinna verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
d) Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
e) Aðrar tekjur, svo sem vextir, framlög o. fl.

Verkefni, sem tæknistofnunin vinnur að beiðni einkaaðila eða samtaka þeirra eða þeim til hagsbóta, er heimilt að verðleggja í gjaldskrá, sem ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar, eða samkvæmt sérstökum samningi.

8. gr.

Tæknistofnun sjávarútvegsins skal eiga aðgang að upplýsingum, sem opinberar stofnanir og fyrirtæki geta í té látið og varða starfsemi hennar.

Ekki er heimilt að veita upplýsingar um rannsóknir, sem kostaðar eru af einstaklingi, félagi eða stofnun, nema með samþykki viðkomandi aðila.

9. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi tæknistofnunarinnar.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Til þess að sjávarútvegur geti hagnýtt sér farsællega þá vélvæðingu og tækniþróun, sem fiskveiðar og vinnsla byggjast á í stöðugt ríkara mæli, skortir enn þá mikilvægu rannsóknar- og upplýsingastofnun, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu. Sú starfsemi, sem Tæknistofnun sjávarútvegsins er ætlað að sinna samkvæmt frumvarpinu, hefur verið í molum til þessa og hefur Alþingi nokkrum sinnum fjallað um þetta vandamál. Nokkuð hefur þó verið unnið í þessum efnum á vegum Fiskimálasjóðs, Fiskifélags Íslands, rannsóknastofnana sjávarútvegsins, Siglingamálastofnunarinnar og fleiri aðila. Ef frumvarpið verður að lögum, yrðu verkefni, sem nokkuð hefur verið unnið að í ýmsum stofnunum, sameinuð í einni öflugri stofnun. Slík stofnun gæti sparað mikla fjármuni og aukið framleiðslugetu verulega. Tæknistofnuninni er ætlað að hafa á hendi rannsóknir og tilraunir í þágu útgerðar og fiskvinnslu. Þá er henni ætlað að sinna tæknilegri þjónustu við sjávarútveginn með söfnun og dreifingu upplýsinga um tæknimál. Starfsmönnum hennar, sem væru tæknimenntaðir eða hefðu hagnýta reynslu, er ætlað að vinna jöfnum höndum að verkefnum fyrir aðila sjávarútvegsins og hafa sjálfir frumkvæði að því að leysa tæknileg vandamál atvinnuvegarins. Þeim er ætlað að vera til ráðuneytis og leiðbeiningar um tæknileg efni. Þá hefur stofnunin það verkefni að halda námskeið fyrir starfandi sjómenn til að bæta þekkingu þeirra og kynna tækninýjungar. Verkefni, sem m. a. myndu falla til þessarar stofnunar, yrðu:

1. Hvers konar tæknileg vandamál, sem varða störf um borð í veiðiskipum, svo sem rannsóknir og tilraunir á veiðarfærum, tækjum og vélum, svo og að fylgjast með innlendum og erlendum nýjungum á þessu sviði og veita upplýsingar um niðurstöður athugana og rannsókna.
2. Tæknilegar rannsóknir á starfsháttum og aðstöðu við löndun og útskipun á afurðum, svo og söfnun og dreifing upplýsinga um það efni.
3. Rannsóknir, er taka til starfsaðstöðu í fiskvinnslu- og verkunarstöðvum, t. d. á vélum og tækjum, og upplýsingamiðlun í því sambandi.

Tæknistofnun sjávarútvegsins skal hafa samstarf við aðrar stofnanir, er vinna að skyldum málum í þágu sjávarútvegsins, einkum rannsóknastofnanir sjávarútvegsins.

Nd. 348. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um Fræðslustofnun alþýðu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leitað umsagna nokkurra aðila um það. Þeirra á meðal er nýskipuð fullorðinsfræðslunefnd, sem lýsti einróma áliti sínu á þessa leið:

„Fullorðinsfræðslunefndin fagnar frumvarpi því, sem lagt hefur verið fram í neðri deild Alþingis um Fræðslustofnun alþýðu, og telur, að með því hafi verið vakin athygli á hinu mikla og flókna verkefni fullorðinsfræðslunnar. Nefndin lítur hins vegar svo á, að hún hafi á þessu stigi enga möguleika til að láta efnislega í ljós álit á framkomnu frumvarpi. Nefndin er að hefja störf og hefur viðað að sér gögnum um skipulag fullorðinsfræðslunnar í nágrannalöndum. Kemur þegar í ljós, að um margbrotið og viðamikið verkefni er að ræða, enda mála sannast, að undirbúningur að samningu laga um fullorðinsfræðslu hefur tekið nokkur ár í öllum þeim löndum, sem vitneskja hefur borizt frá."

Í trausti þess, að hin nýskipaða fullorðinsfræðslunefnd taki frumvarpið til gaumgæfilegrar athugunar, leggur menntamálanefnd til, að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 16. febr. 1972.

Bjarni Guðnason, form.	Svava Jakobsdóttir, fundaskr.	Benedikt Gröndal, frsm.
Gunnar Gíslason.	Eysteinn Jónsson.	Ingvar Gíslason.
	Ellert B. Schram.	

Nd. 349. Frumvarp til laga [183. mál]

um ítölu.

Flm.: Björn Pálsson.

1. gr.

Sveitarstjórn eða sveitarstjórnum, ef afréttarlönd eru sameiginleg fyrir fleiri en eitt sveitarfélag, er heimilt að gera samþykktir um ítölu í afrétti, ef ástæða er til að ætla, að búpeningur, sem á afrétt gengur, sé óeðlilega rýr vegna ofbeitar, eða ef fulltrúi frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins álítur, að viðkomandi afréttarlönd gangi úr sér, vegna þess að of mikill fénaður sé á afréttum. Þess skal gætt, að slíkar samþykktir brjóti eigi í bága við lög um sauðfjárveikivarnir.

2. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal hafa í þjónustu sinni sérfræðing hvað snertir gróðurfar og beitarþol afréttar- og heimalanda. Þessi sérfræðingur skal fylgjast með gróður- og beitarskilyrðum á þeim afréttum, þar sem ástæða er til að ætla, að um ofbeit geti verið að ræða, þannig að gróður eyðist eða skepnur verði óeðlilega rýrar, vegna þess að afréttur sé ofsetinn. Sé um ofbeit að ræða, ber þessum sérfræðingi að hafa samband við viðkomandi sveitarstjórnir og tilkynna þeim álit sitt. Álíti hann þörf á ítölu, er forráðamönnum viðkomandi sveitar- eða upprekstrarfélags skylt að boða til sameiginlegs fundar í upprekstrarfélaginu.

Nú álíta forráðamenn einhvers upprekstrarfélags eða einstakir bændur, að afréttur sé ofsetinn, og ber þá að leita álits um það hjá sérfræðingi Rannsókna-

stofnunar landbúnaðarins. Skal hann kynna sér allar aðstæður og skila álitsgerð. Álíti hann afrétt ofsetinn, ber viðkomandi sveitarstjórnum að boða til sameiginlegs fundar í upprekstrarfélaginu eigi síðar en 4 vikum eftir að álitsgerð hefur borizt.

3. gr.

Fund skal boða með a. m. k. viku fyrirvara og þess gætt, að allir fái um hann að vita, sem þar hafa atkvæðisrétt. Hver búandi, sem heimilt er að reka búpening á viðkomandi afrétt, hefur einfaldan atkvæðisrétt. Skiptir eigi máli, hvort hann býr á hluta úr jörð eða fleiri en einni jörð. Eigi kauptún eða kaupstaður rétt til upprekstrar á sameiginlegan afrétt, hafa þau rétt til að senda á slíka fundi einn fulltrúa fyrir hverjar 400 vetrarfóðraðar kindur, samkvæmt síðasta framtali. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Þeir skulu kosnir af fjáreigendum í viðkomandi kauptúni eða kaupstað.

Skrá skal gera í byrjun fundar yfir þá, sem rétt hafa til að greiða atkvæði, og rita í fundargerð. Fundur er lögmætur, ef helmingur búenda er á fundi.

4. gr.

Nú samþykkir meiri hluti fundarmanna, sem atkvæði greiða, ítölu í afrétt, og skal þá kjósa 3—5 manna nefnd til að vinna að málinu, og kýs nefndin sér formann. Sé um fleiri en eitt hreppsfélag að ræða, skal þess gætt, að hvert hreppsfélag eigi a. m. k. einn fulltrúa í nefndinni. Hlutfallskosning skal viðhöfð, ef þess er óskað. Nefndin skal hafa samráð við sérfræðing frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins og fulltrúa frá Búnaðarfélagi Íslands. Skal nefndin hlutast til um, að þeir kynni sér víðáttu og gróðurfar viðkomandi afréttar, ef þeir hafa eigi gert það áður. Hún skal fá álit þeirra um, hve mikinn búpening megi reka á afrétt og hvort takmarka skuli upprekstur bæði á sauðfé og hrossum, enn fremur, hvort ráðlegt sé að girða af ákveðin svæði fyrir hross og hve mörg hross megi vera í slíkum hólfum. Að fengnu þessu áliti skal nefndin semja tillögur til samþykktar fyrir viðkomandi upprekstrarfélag, og er Búnaðarfélagi Íslands skylt að láta í té frumdrög að slíkum samþykktum. Sé tillaga um ítölu felld, er heimilt að taka málið upp eftir tvö ár.

5. gr.

Í samþykkt skal taka fram, ef ítala skal gilda fyrir sauðfé, hve margar kindur, veturgamlar og eldri, hver búandi má reka á afrétt. Ef upprekstur hrossa er leyfður, skal ákveða, hve mörg hross hver búandi má hafa á afrétt. Nú eiga fleiri aðilar kindur og hross en bændur, og skal þá hver bóndi hafa í sinni heildarítölu skepnur þeirra aðila, sem hjá honum eiga lögheimili, svo og annan fénað, sem hann hefur tekið í heimahaga, þó að eigandinn eigi ekki hjá honum lögheimili. Nú er kauptún eða kaupstaður í upprekstrarfélagi, og skal þá ákveða þá heildartölu, sem íbúar þar mega reka á afrétt, en hreppsnefnd kauptúnsins eða bæjarstjórn ákveður, hvað hver einstakur fjáreigandi má hafa á afrétt.

6. gr.

Þegar ítölunefnd metur, hve margar skepnur hver búandi má reka á afrétt, skal hún leggja til grundvallar eftirtalin atriði:

a) Hve margar skepnur hæfilegt er að hafa í heimalandi þeirrar jarðar, jarða eða jarðahluta, sem bóndinn býr á, og sé réttur til upprekstrar miðaður við beitarskilyrði heimalands.
b) Nauðsyn viðkomandi bónda til að fá leyfi til upprekstrar. Kemur þá til greina stærð fjölskyldu, aðstaða til að hafa annan búpening en þann, sem ítala gildir um, og önnur atriði, sem ítölunefnd metur gild.
c) Eigi búandi land utan heimalandagirðingar, þannig að afréttarpeningur hafi þar sumarhaga, eins og afréttarland væri, ber ítölunefnd að meta, hve hagi er

þar fyrir margar skepnur. Þeirri tölu skal bæta við þá ítölu, sem viðkomandi aðila er að öðru leyti úthlutað.

d) Ítölunefnd skal kynna sér, áður en hún gengur frá tillögum sínum, hve margar skepnur hver aðili óskar eftir að fá að reka á afrétt, þannig að hægt sé að hafa hliðsjón af því, eftir því sem við verður komið. Enn fremur má taka tillit til aðstöðu búanda til að hafa búpening í heimahögum að sumrinu.

7. gr.

Þegar ítölunefnd hefur samþykkt tillögur til samþykktar, skal formaður nefndarinnar boða til sameiginlegs fundar fyrir upprekstrarfélagið. Þar skulu tillögurnar ræddar og bornar upp til samþykktar. Ræður einfaldur meiri hluti úrslitum á lögmætum fundi. Nú eru tillögurnar samþykktar, og ber þá að senda Búnaðarfélagi Íslands samþykktina til umsagnar. Álíti Búnaðarfélagið þörf á því að breyta samþykktinni, sendir það rökstuddar tillögur um það til formanns ítölunefndar. Hann boðar þá til annars fundar, þar sem breytingartillögur Búnaðarfélagsins eru ræddar og samþykktar eða felldar. Samþykktina skal svo senda landbúnaðarráðuneytinu til staðfestingar.

8. gr.

Nú hefur ítala verið ákveðin og samþykkt staðfest, og skal þá sveitarstjórn eða sveitarstjórnir, ef fleiri en eitt sveitarfélag eru í upprekstrarfélaginu, kjósa á sameiginlegum fundi 3—5 manna ítölunefnd. Kosning skal fara fram eigi síðar en 4 vikum eftir sveitarstjórnarkosningar, og er kjörtími ítölunefndar hinn sami og sveitarstjórna. Ítölunefnd kýs sér formann. Nefndin skal hafa eftirlit með, að farið sé eftir ákvæðum samþykktar um ítölu. Henni er því heimilt að telja búpening í dilkum í skilaréttum, og er búendum skylt að gera grein fyrir eigendum. Nú kemur í ljós, að einhver búandi á fleiri skepnur á afrétt en heimilt er samkvæmt ítölu, og skal hann þá greiða tvöföld fjallskil af þeim skepnum, sem umfram eru, við fyrsta brot, en þreföld fjallskil við annað brot, fjórföld við þriðja brot og fimmföld við fjórða brot. Heimilt er að láta slík viðurlög niður falla, ef sönnur eru á það færðar, að eigi hafi verið um ásetning að ræða.

9. gr.

Nú er einn eða fleiri búendur óánægðir með ákvarðanir ítölunefndar, og geta þeir þá kært til yfirnefndar, sem skal vera skipuð 3 mönnum: einum frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, einum frá Búnaðarfélagi Íslands og einum skipuðum af sýslumanni þess lögsagnarumdæmis, sem sá á lögheimili í, sem kærir. Yfirnefnd þessi skal kynna sér, hvort slíkar kærur hafa við rök að styðjast, og kveða upp úrskurð. Þeim úrskurði er eigi hægt að áfrýja.

10. gr.

Ítölunefnd skal halda a. m. k. einn fund árlega. Formaður færir samþykktina og fundargerðir inn í gjörðabók. Í gjörðabókina skal árlega rita skýrslu um tölu þess fénaðar, sem hver búandi má reka á afrétt. Breytist gróðurfar eða aðrar aðstæður þannig, að ítölunefnd álíti ástæðu til að fækka eða fjölga búpeningi í afrétt, er ítölunefnd heimilt að ákveða breytingar í samráði við sérfræðing frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Verði breytingar á ábúð jarða, ber ítölunefnd að hækka eða lækka þá búpeningstölu, sem ábúendum er heimilt að reka á afrétt, í samræmi við þær breytingar, sem verða á landsnytjum ábúenda.

11. gr.

Noti búandi eigi til fulls þá heimild, sem hann hefur til upprekstrar á afrétt, má hann leyfa öðrum aðilum í sama upprekstrarfélagi að fylla þá tölu, sem á vantar, en tilkynna skal hann það formanni ítölunefndar, áður en á afrétt er rekið.

Einnig ber búendum að tilkynna ítölunefnd, ef þeir ætla eigi að nota að fullu rétt sinn til upprekstrar. Getur ítölunefnd þá leyft öðrum að fylla þá tölu.

12. gr.

Eigi er búendum skylt að greiða fjallskil af fleiri skepnum en þeim, sem heimilað er að reka á afrétt. Nú á búandi meiri fénað en hann má á afrétt reka, og skal hann þá hafa slíkan búfénað í vörzlu í heimalandi sínu eða í félagsgirðingu. Sé þess eigi gætt, má sá, sem fyrir ágangi verður, smala heimaland sitt og setja inn afbæjafénað, en tilkynna skal þá eigendum það án tafar. Ber þá hverjum fjáreiganda að sækja sínar skepnur og greiða sanngjarnan kostnað fyrir smölun og fyrirhöfn. Hirði eigendur eigi um að sækja skepnur sínar, skal tilkynna það hreppstjóra, sem ber þá að láta reka þær á kostnað eiganda heim til hans.

13. gr.

Upprekstrarfélag, sem komið hefur á hjá sér ítölu og fengið samþykkt staðfesta, hefur rétt til að krefjast girðinga á milli afrétta að einhverju eða öllu leyti, ef um verulegan ágang er að ræða af næsta afrétt, enda hafi eigi ítölu verið komið á í þau afréttarlönd, sem næst liggja. Kostnaður við slíkar girðingar skiptist að jöfnu milli afnotaaðila. Séu landamerki óljós eða óákveðin milli afrétta, skal leysa þau ágreiningsatriði á sama hátt og landamerki milli heimalanda í byggð.

14. gr.

Nú hefur upprekstrarfélag komið á hjá sér ítölu, og er þá ítölunefnd heimilt að veita einstökum búendum 1—2 ára aðlögunartíma, þannig að þeir hafi aðstöðu til að girða heimalönd eða breyta um búgreinar. Sækja skal um slíkar undanþágur til formanns ítölunefndar og beiðnin rökstudd.

15. gr.

Kostnað við að koma á ítölu og þóknun til ítölunefndar skal greiða úr viðkomandi fjallskilasjóði.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru felldar úr gildi 16.—27. gr. í lögum nr. 42 frá 12. maí 1969, um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

Greinargerð.

Lög um ítölu hafa verið í gildi alllengi, en ítala hefur hvergi verið framkvæmd. Það er því annað tveggja, að ítölu er eigi þörf eða eitthvað er að löggjöfinni. Samkvæmt gildandi lögum eiga sýslunefndir og sveitarstjórnir að hafa frumkvæðið. Í þeim nefndum eiga oft sæti mestu stóðkóngarnir. Þeir hafa takmarkaðan áhuga fyrir að koma ítölu á. Þess ber og að gæta, að reglur um ítölu eru misvinsælar hjá fjáreigendum. Hreppsnefndar- og sýslunefndarmenn hliðra sér því gjarnan hjá að koma á slíkum samþykktum, því að á atkvæðum þurfa þeir að halda, er þeir leita endurkjörs. Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að sérfræðingur frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins hafi frumkvæðið. Er þá haft í huga, að Ingvi Þorsteinsson magister vinnur hjá þeirri stofnun. Hann hefur rannsakað gróðurlendi hálendisins og er því allra manna bezt dómbær um beitarþol þess. Einnig er gert ráð fyrir því í þessu frv., að einstakir bændur geti haft frumkvæði að ítölu, álíti þeir, að þess gerist þörf. Þess ber og að gæta, að hagkvæmara er allra hluta vegna, að frumkvæðið eigi maður, sem hefur engra persónulegra hagsmuna að gæta og verður því eigi vændur um hlutdrægni.

Í gildandi lögum er eigi gert ráð fyrir starfhæfri ítölunefnd heima í héraði og hóflegum viðurlögum, ef reglur eru brotnar, nema fjársektum fyrir lögbrot. Slíkt mundi kosta seinleg og dýr málaferli, sem enginn nennti að fást við. Í frv. er gert ráð fyrir, að greidd verði hærri fjallskil af fénaði, sem fer í óleyfi á afrétt. Það er sanngjarnari og kostnaðarminni aðferð og líklegri til árangurs en að standa í málaferlum. Í frv. er einnig gert ráð fyrir, að ítölunefnd sé starfandi í sérhverju upprekstrarfélagi, sem gert hefur samþykkt um ítölu. Þetta er nauðsynlegt til eftirlits og breytinga á upprekstrarleyfum, sem árlega er þörf vegna breytinga á búsetu, skiptingar upprekstrarleyfa milli einstakra búenda o. fl.

Þar sem hjarðbúskapur er í öðrum löndum, eru heimalönd afgirt og skipt í hólf, þannig að beitilönd nýtist sem bezt, búfénaður rási minna og hægt sé að hafa vald á beitinni. Hér hefur þetta verið með öðrum hætti. Þó mun líða að því, að bændur girði lönd sín og skipti þeim í beitarhólf, eftir því sem við verður komið. Um afrétti höfum við hins vegar nokkra sérstöðu.

Ég hygg, að fáir, sem til þekkja, dragi í efa, að ítölu sé þörf í afrétti í vissum stöðum hér á landi. Það álit er líka staðfest af sérfróðum mönnum. Eigi er ágóðavænlegt eða viturlegt að láta hundruð eða þúsundir stóðhrossa ganga óhindrað í afréttum og hirða kjarnmesta gróðurinn frá sauðfénu. Takmarkaður hagur er einnig af stóðhryssum, sem ganga eftirlitslaust, fæða haustgot eða eru jafnvel algeldar. Hófleg hrossaeign á rétt á sér, þar sem gróðurlendi er hagkvæmt fyrir hross. Það mun því reynast fjárhagslega hagkvæmt fyrir bændur að skipuleggja betur en verið hefur beit á sameiginlegum afréttum. Lög þau, sem í gildi eru um ítölu, eru þannig gerð, að erfitt er að koma samþykkt á, og þó að það takist, er ítalan gagnslaus sökum þess, að eigi er gert ráð fyrir eðlilegu og nauðsynlegu eftirliti og hæfilegum viðurlögum, ef reglur eru brotnar. Með þessu frv. er gerð tilraun til úrbóta.

Nd. 350. Frumvarp til laga [184. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 23 16. apríl 1970.

Flm.: Halldór S. Magnússon, Jón Skaftason, Gils Guðmundsson.

1. gr.

95. gr. vegalaga nr. 23/1970 falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð frá 23. marz 1966, um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem aka um Reykjanesbraut.

Greinargerð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að felld sé út af vegalögum heimild fyrir ráðherra til þess að ákveða með reglugerð, að greiða skuli sérstakt umferðargjald af ökutækjum, sem aka um tiltekna vegi eða brýr.

Það er skoðun flutningsmanna frumvarpsins, að innheimta sérstaks umferðargjalds af ökutækjum, sem aka tiltekna vegi eða brýr, sé ósanngjörn skattlagning, af því að hún er ekki framkvæmanleg alls staðar á vegum af sambærilegri gerð, og því beri að afnema heimild ráðherra til að ákveða umferðargjald. Jafnframt verði hætt innheimtu þess eina umferðargjalds, sem lagt hefur verið á hér á landi og verið hefur á Reykjanesbraut frá 1965.

Nd. **351. Frumvarp til laga** [185. mál]

um breyting á lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Ellert B. Schram, Lárus Jónsson, Matthías Bjarnason, Ragnhildur Helgadóttir.

1. gr.

Aftan við 25. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Skylt er samsölustjórn að heimila matvöruverzlunum, sem um það sækja, sölu og dreifingu framangreindrar mjólkurvöru, enda sé þeim almennum skilyrðum fullnægt, sem samsölustjórn ákveður um aðbúnað, greiðslufyrirkomulag og meðferð mjólkurvöru í viðkomandi verzlun. Þau skilyrði skulu ákveðin með reglugerð. Samþykki hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda skal liggja fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast nú þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt af einkennum neyzluþjóðfélagsins er bætt og aukin þjónusta á velflestum sviðum verzlunar og viðskipta. Framleiðendur kappkosta að koma vöru sinni sem fyrst á framfæri, og neytendur gera kröfu til, að sífellt verði auðveldara að nálgast vöruna.

Almennt er talið, að með frjálsari markaði og vaxandi samkeppni skapist fullkomnari þjónusta og aukin neyzla. Svo hefur reynslan orðið hér á landi, og sett hafa verið á fót dreifingarkerfi og reistar hafa verið nýtízku verzlanir, sem hvort tveggja stuðlar að fullkomnari þjónustu.

Eðlilegt er, að þjónustan sé mest og bezt, þegar um er að ræða hinar svokölluðu nauðsynjavörur, þ. á m. mjólkurvörur.

Samt sem áður bregður svo við, að einmitt hvað snertir sölu og dreifingu á þessum vörum gætir enn sjónarmiða, sem eru í engu samræmi við þá þróun, sem að öðru leyti hefur átt sér stað á sviði verzlunar og viðskipta.

Sala og dreifing mjólkurvara er í höndum framleiðenda sjálfra, sem í sjálfu sér er ekki gagnrýnisatriði, en í skjóli þeirrar yfirstjórnar hefur gætt viðhorfa, sem að áliti flutningsmanna þjóna hvorki hagsmunum framleiðenda né neytenda.

Því er jafnvel haldið fram, að þar þróist einokun og mismunun. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir og erindi fjölmargra verzlana og annarra aðila hefur yfirstjórn mjólkurdreifingarinnar sýnt verulega tregðu í að heimila verzlunum, sem búnar eru fullkomnasta aðbúnaði, sölu á þessum vörutegundum.

Í stað þess eru reistar með ærnum tilkostnaði mjólkurbúðir, jafnvel við hlið nýtízku matvöruverzlana, og algengt er, að úti á landsbyggðinni sé mjólkursala leyfð í einni verzlun, en ekki annarri, þótt á því sé engin skynsamleg skýring. Allir mega sjá þann aðstöðumun, sem með þessu skapast, hvað þá það óhagræði, sem það er fyrir viðskiptavini verzlana að fá ekki keyptar slíkar daglegar nauðsynjar.

Það, sem hlýtur að vera aðalatriði í þessu máli eins og í öðrum viðskiptum, eru þarfir hins almenna borgara og trygging viðskiptalegs jafnréttis. Þau sjónarmið hafa því miður ekki verið ráðandi, eins og að framan er greint.

Skiljanlegt er, að framleiðsluráð og samsölustjórnin vilji tryggja hagsmuni umbjóðenda sinna, framleiðendanna, en það er skoðun flutningsmanna, að afstaða þessara aðila hafi einmitt brotið gegn hagsmunum bænda með því að synja matvöruverzlunum um heimild til mjólkursölu.

Í því sambandi hefur verið bent á, að:

1. bændur geti losnað við óþarfa fjárfestingu, sem nemur tugum milljóna, ef horfið yrði frá þeirri almennu stefnu að reisa sérstakar mjólkurverzlanir, jafnvel við hlið annarra verzlana;
2. neytendur ættu auðveldara með að nálgast mjólkurvörur, þegar þær væru seldar ásamt með öðrum matvörum, og auknir möguleikar mundu skapast til heimsendingar mjólkur, en hvort tveggja gæti vafalaust leitt til aukinnar sölu og neyzlu mjólkurvara;
3. heildardreifingarkostnaður á mjólk mundi að öllum líkindum lækka, og er þá höfð hliðsjón af þróun slíkra mála m. a. í Danmörku;
4. eytt yrði því viðskiptalega misrétti, sem þróast í skjóli núgildandi fyrirkomulags og stjórnunar, og mundi það forða óþarfa tortryggni og árekstrum.

Með þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir, að mjólkursala verði gefin fullkomlega frjáls. Eins og að framan er greint, er fallizt á það sjónarmið, að samsölustjórn vilji hafa hönd í bagga með sölu og dreifingu mjólkur, og þetta frumvarp gerir ekki ráð fyrir, að yfirstjórnin hverfi úr höndum samsölustjórna.

Ekki er heldur loku fyrir það skotið, að reknar séu áfram sjálfstæðar mjólkurverzlanir, og raunar verður það að teljast sjálfsagt út frá sjónarmiði framleiðenda.

Hér er einungis lagt til, að þeim verzlunum, sem um það sækja og fullnægja almennum kröfum heilbrigðisyfirvalda og yfirstjórnar mjólkursölunnar, verði heimilað að selja og dreifa mjólkurvörum.

Það er skoðun flutningsmanna, að með framgangi þessa máls sé verið að gæta hagsmuna jafnt framleiðenda sem neytenda.

Nd. 352. Breytingartillaga [182. mál]

við frv. til l. um Tæknistofnun sjávarútvegsins.

Frá Benedikt Gröndal.

Aftan við 1. gr. bætist: og hefur aðsetur á Akranesi.

Sþ. 353. Fyrirspurnir. [186. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um almannavarnir.

Frá Halldóri S. Magnússyni.

1. Á hvaða stöðum hafa verið stofnaðar almannavarnanefndir samkvæmt 8. gr. laga nr. 94/1962, um almannavarnir?
2. Eru til á einum stað upplýsingar um starfsemi almannavarnanefnda og yfirlit yfir þær ráðstafanir, sem þær hafa gert samkvæmt 9. gr. laga nr. 94/1962, um almannavarnir?
3. Eru uppi af hendi dómsmálaráðuneytis einhver áform um að efla almannavarnir?
4. Er sú skipan heppileg til frambúðar, að starfi forstöðumanns almannavarna sé gegnt af embættismanni í fullu starfi við önnur verkefni?

II. Til dómsmálaráðherra um ráðstafanir til eflingar landhelgisgæzlu.

Frá Karvel Pálmasyni.

Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin gert til eflingar landhelgisgæzlunnar vegna fyrirhugaðrar útfærslu fiskveiðilandhelginnar í 50 sjómílur?

Sþ. 354. Tillaga til þingsályktunar [187. mál]

um rannsókn á hagkvæmustu lausn raforkumála í Vesturlandskjördæmi.

Flm.: Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta framkvæma sem allra fyrst í samráði við samtök sveitarfélaga á Vesturlandi ýtarlega rannsókn á hagkvæmustu lausn raforkumála í Vesturlandskjördæmi í heild, sem miðast við að tryggja þessum landshluta nægjanlega raforku, þar með talið til atvinnuuppbyggingar, svo sem í iðnaði, og til upphitunar húsa.

Verði í þessari rannsókn leitazt við að finna leiðir til lækkunar á verði raforku, svo að það verði sambærilegt við það, sem lægst er á öðrum veitusvæðum í landinu.

Greinargerð.

Á ársfundi samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 7. nóv. 1971 voru raforkumál Vesturlands til umræðu. Var samþykkt, að samtökin beittu sér fyrir því, að fram færi athugun á hagkvæmustu lausn raforkumála Vesturlandskjördæmis í heild. Hefur stjórn samtakanna, samkv. ákvörðun fundarins, skipað 5 manna nefnd í héraði til athugunar þessa máls.

Þörfin fyrir samræmdar aðgerðir til þess að tryggja raforkuþörf Vesturlands er brýn, — orkuþörf á þessu landssvæði er mikil og fer vaxandi.

Raforku er dreift um þetta svæði af Rafmagnsveitum ríkisins og Andakílsárvirkjun, sem er héraðsveita. Sölusvæði hennar er Akranes, Borgarnes og Hvanneyri, — auk þess fær Andakílsárvirkjun um streng yfir Hvalfjörð rafmagn frá Rafmagnsveitum ríkisins, sem að mestu er selt til Sementsverksmiðjunnar gegnum Rafveitu Akraness, en rafveitur ríkisins fá aftur rafmagn frá Andakílsárvirkjun til dreifingar í sveitir á sama svæði. — Þörfin fyrir nýjar virkjunarframkvæmdir í sambandi við Andakílsárvirkjun er mjög aðkallandi.

Á öllu vestursvæði kjördæmisins, þ. e. Snæfellsnes- og Dalasýslu, er aðeins ein vatnsaflsstöð, Rjúkandavirkjun í Fossá við Ólafsvík, sem aðeins er 840 kw. Hins vegar eru þrjár dísilstöðvar á svæðinu, samtals 2470 kw.: í Ólafsvík 1200 kw., Stykkishólmi 690 kw., Búðardal 495 kw., en Saurbæjarhreppur í Dalasýslu fær rafmagn frá Þyrilsvallavirkjun í Steingrímsfirði.

Augljóst er, að ekki getur verið hagkvæmt né lausn til frambúðar að reka svo margar dísilstöðvar til raforkuframleiðslu. Auk þessa vantar enn rafmagn frá samveitu til 140 sveitabýla á Vesturlandi, þar af eru 35 býli algjörlega án rafmagns.

Verð á rafmagni er mjög mishátt í kjördæminu. Íbúar á orkusölusvæði Rafmagnsveitna ríkisins greiða hæsta raforkuverð á landinu, en raforkuverð frá Andakílsárvirkjun er talsvert lægra. Hefur sú virkjun haft stórkostlega þýðingu fyrir íbúa svæðisins, sem ávallt hafa fengið raforku á hagstæðu verði.

Sameiginlegt vandamál á öllu svæðinu er skortur á raforku. Margar hugmyndir og ráðagerðir eru uppi um raforkumál Vesturlands, svo sem virkjun við Kljáfoss í Borgarfirði, virkjun við Hraunsfjarðarvatn á Snæfellsnesi, sbr. þingsályktunartillögu frá 4. þm. Vesturlands á þskj. 341, svo og samtenging með línu frá Landsvirkjun.

Af framangreindu má ljóst vera, að nauðsyn ber til, að fram fari ýtarleg rannsókn á hagkvæmustu lausn raforkumála Vesturlandskjördæmis í heild með það markmið fyrst og fremst að tryggja nægjanlega raforku á hagstæðu verði fyrir íbúa Vesturlands í nútíð og framtíð.

Sþ. **355. Tillaga til þingsályktunar** [188. mál]

um fasteignaskráningu og fasteignamat.

Flm.: Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja nú þegar fram á Alþingi frumvarp til laga um fasteignaskráningu og fasteignamat, sem tryggi áframhaldandi starfsemi á sama grundvelli og lagður var við gerð aðalmats fasteigna 1970.

Greinargerð.

Skv. lögum nr. 28/1963 skal aðalmat fasteigna fara fram fimmtánda hvert ár, og eins og kunnugt er, lauk síðasta aðalmati á árinu 1970.

Þá lögðu fasteignanefndir niður störf, en við tóku millimatsmenn, úttektarmenn, sem framkvæma matsgerðir sínar á grundvelli gildandi matsreglna til þess tíma, er nýja fasteignamatið tók gildi, þ. e. skv. matsreglum frá árinu 1940, með verðmætisendurskoðun á árunum 1955—57.

Matstörf aðalmatsins skv. l. nr. 28/1963 hafa legið niðri í nær tvö ár, og hefur það ástand nú þegar leitt til margvíslegra vandræða, og ef ekki verður gripið til skjótra aðgerða nú, er útlit fyrir, að sú mikla vinna, sem í aðalmatinu felst, hafi að mestu verið unnin fyrir gýg.

Fyrir þessari fullyrðingu skal gerð grein, með eftirfarandi rökum:

Þar sem matstörf aðalmats hafa legið niðri í allt að því tvö ár, er nú þegar mikill fjöldi fasteigna ekki metinn skv. hinum nýja matsgrundvelli. Skapar slíkt ástand að sjálfsögðu alvarlegt misræmi, sem m. a. hefur afleiðingar í för með sér, þegar fasteignaskattar eru ákvarðaðir.

Þúsundir fasteigna skipta árlega um eigendur hér á landi, og er því nauðsynlegt að fylgjast stöðugt með þeim breytingum, sem verða á eignaraðild fasteigna. Eigendaskrá aðalmatsins mun nú þegar vera orðin úrelt í fjölda tilvika, en mikil nauðsyn er á því, að henni sé stöðugt haldið við. Við núverandi kringumstæður er slík endurnýjun óframkvæmanleg.

Í aðalmati 1970 mun ekki hafa verið hjá því komizt að taka í matið fjölda eigna, sem ekki voru fullgerðar, og miðaðist matsverð þeirra við framkvæmdarstig á matsdegi. Einstöku matsnefndir munu hafa hafið störf á árinu 1963, en flestar nefndir hófu matstörf fyrir árslok 1965. Að framansögðu má glöggt sjá, að hér hefur myndazt 4—6 ára tímabil, sem ekki hefur verið fylgzt með breytingum á þessum eignum.

Aftur hér mun eiga sér stað óviðunandi og verulegt misræmi milli fasteigna, þegar til álagningar fasteignaskatta kemur.

Fasteignamat getur og skal nýtt til margvíslegra annarra nota en til skattlagningar eingöngu. Það var í rauninni ein af grundvallarforsendum hins nýja fasteignamats. Var hin fjölhæfa gagnasöfnun og vélræna úrvinnsla matsins miðuð við það. Það er deginum ljósara, að ef störfum fasteignamats ríkisins verður ekki breytt til samræmis við þann starfsgrundvöll, sem lagður var við gerð aðalmatsins og hér hefur verið lýst, þá mun þessi mikilvægi möguleiki glatast. Núgildandi lög skilgreina ekki ofannefnd verkefni né heldur önnur þau, sem upp kunna að koma og gera verður ráð fyrir að falli í verkahring fasteignamats. Þau lög eru sett fyrir tæpum áratug, og fasteignaskráning og fasteignamat hefur tekið miklum breytingum á þeim tíma, jafnframt því sem aukin tækni og vélakostur býður upp á aðra og fjölþættari nýtingu.

Þetta hefur mönnum almennt verið ljóst, enda hafa nefndir unnið að samningu frumvarpa til laga um fasteignamat og fasteignaskráningu.

Tilefni þessa tillöguflutnings er hins vegar að vekja athygli á því, í hversu

mikið óefni er komið í þessum málum, og knýja á um, að nú þegar verði lagt fram frumvarp, sem tryggi eðlilegt framhald og fulla nýtingu á því aðalmati, sem lauk á árinu 1970 og tók gildi 31. des. 1971.

Sþ. 356. Nefndarálit [94. mál]

um till. til þál. um byggingu leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta á nokkrum fundum. Auk þess sendi hún það til umsagnar tveim aðilum: húsnæðismálastjórn og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Báðir hafa þeir svarað og leggja áherzlu á, að málið nái fram að ganga.

Nefndin mælir einróma með samþykkt till., en telur rétt, að skýrt sé tekið fram, að væntanleg útvegun fjármagns í því sérstaka skyni, sem till. fjallar um, skerði í engu lánsfé eða öflun lánsfjár til byggingar eigin íbúðarhúsnæðis. Leggur nefndin því til, að till. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. tölulið tillgr. bætist: Skal þess gætt, að þessi sérstaka fjármagnsútvegun dragi ekki úr öflun lánsfjár til byggingar eigin íbúðarhúsnæðis.

Alþingi, 20. febr. 1972.

Gísli Guðmundsson, form.	Halldór S. Magnússon, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Jónas Árnason.	Stefán Gunnlaugsson.
	Lárus Jónsson.	

Sþ. 357. Nefndarálit [80. mál]

um till. til þál. um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur haft til athugunar þingsályktunartillögu á þingskjali 89, þar sem lagt er til, að skorað verði á ríkisstjórnina að láta leggja fyrir Alþingi það, sem nú situr, frumvarp til laga um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum á þann veg, að á svæðinu sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar heyri þessi mál til einu embætti í Keflavík.

Að fengnum umsögnum aðila, sem þetta mál snertir, hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að tillagan verði samþykkt, þó með þeirri breytingu, að orðin „það, er nú situr“ falli niður úr tillögugreininni. Mun nefndin leggja fram breytingartillögu varðandi það atriði. En svo er áliðið þingtímans, að vafasamt verður að teljast, að unnt sé að ganga frá samningu umrædds frumvarps og leggja fram á yfirstandandi þingi, svo sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, þótt nefndin sé

því hlynnt, að svo verði gert, reynist það framkvæmanlegt. Af þeim ástæðum mun hún koma fram með nefnda breytingartillögu.

Alþingi, 22. febr. 1972.

Gísli Guðmundsson, form.
Halldór S. Magnússon, fundaskr.
Stefán Gunnlaugsson, frsm.
Björn Fr. Björnsson.
Ingólfur Jónsson.
Jónas Árnason.
Lárus Jónsson.

Sþ. 358. Breytingartillaga [80. mál]

við till. til þál. um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum.

Frá allsherjarnefnd.

Orðin „það er nú situr" falli niður úr tillögugreininni.

Sþ. 359. Tillaga til þingsályktunar [189. mál]

um menntun heilbrigðisstarfsfólks.

Flm.: Oddur Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til þess, að unnt verði að mennta hérlendis ýmsa starfshópa heilbrigðisþjónustunnar, er nú verða að sækja nám sitt til útlanda. Um er að ræða ýmsa hópa heilbrigðistækna, svo og sjúkra- og iðjuþjálfara, félagsráðgjafa og sálfræðinga. Enn fremur að auka og bæta aðstöðu til kennslu hjúkrunarfólks.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Þau lög veita tæknimenntuðu starfsfólki rétt til starfa innan heilbrigðisþjónustunnar.

Á síðustu ártugum hafa orðið miklar breytingar á starfsliði heilbrigðisþjónustunnar. Fyrrum var fyrst og fremst um lækna og hjúkrunarkonur að ræða, en nú eru æ fleiri sérhæfðir starfshópar teknir inn í kerfi lækningastarfsins.

Skortur á sérhæfðu starfsfólki háir heilbrigðisþjónustunni mjög. Sjúkra- og iðjuþjálfara skortir vegna vaxandi endurhæfingarstarfsemi, sömuleiðis er mikil þörf fyrir aukinn fjölda félagsráðgjafa og sálfræðinga. Það ætti að vera mögulegt að mennta þessa starfshópa hér heima. Háskóli Íslands og Tækniskólinn þyrftu að sinna þessum verkefnum, en mjög nauðsynlegt er að hefjast handa sem allra fyrst, þar sem námið tekur 3—4 ár. Margir sjúklingar fá ekki fullkomna þjónustu og hjálp í dag vegna vöntunar á starfsfólki. Fjöldi ungs fólks óskar eftir að læra þessi störf, en nám erlendis er dýrt og þar að auki vaxandi erfiðleikar að komast inn í skóla í nágrannalöndunum. Væri kennsla í þessum greinum tekin upp hér, mundi það einnig fjölga námsbrautum í vinsælum starfsgreinum. Tækniskóli Íslands hefur í nokkur ár menntað meinatækna með mjög góðum árangri, og hafin er kennsla röntgentækna.

Skortur á hjúkrunarfólki er alþekktur, og mikið hefur verið um hann rætt og ritað á undanförnum árum, en án árangurs. Knýjandi nauðsyn er því að fjölga hjúkrunarkvennaskólum eða auka kennslumöguleika þess, sem fyrir er. Meðan skortur

er á kennslukröftum, er líklegt, að hægt væri að fá sérmenntaðar hjúkrunarkonur frá nágrannalöndunum til kennslustarfa hér. Fjölgun sérmenntaðs starfsfólks er heilbrigðisþjónustu okkar nauðsynlegra en flestar aðrar umbætur, eigi hún að geta sinnt framtíðarverkefnum sínum á viðunandi hátt.

Nd. 360. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 27. apríl 1967, um Jarðeignasjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 17. febr. 1972.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.
Eðvarð Sigurðsson, fundaskr.
Pálmi Jónsson.
Benedikt Gröndal.
Ágúst Þorvaldsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.
Gunnar Gíslason.

Ed. 361. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og kynnt sér umsagnir um frv., sem borizt höfðu neðri deild.

Nefndin mælir samhljóða með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 23. febr. 1972.

Alexander Stefánsson, form.
Helgi Seljan, fundaskr., frsm.
Páll Þorsteinsson.
Jón Árnason.
Björn Jónsson.
Steinþór Gestsson.
Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 362. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Brekkuborg í Breiðdalshreppi og Þorsteinsstaði í Sauðaneshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 23. febr. 1972.

Alexander Stefánsson, form.
Helgi Seljan, fundaskr.
Páll Þorsteinsson, frsm.
Jón Árnason.
Björn Jónsson.
Steinþór Gestsson.
Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 363. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 23. febr. 1972.

Alexander Stefánsson, form., frsm. Helgi Seljan, fundaskr. Páll Þorsteinsson.
Björn Jónsson.

Sþ. 364. Tillaga til þingsályktunar [190. mál]

um skólaíþróttahús við Hamrahlíð í Reykjavík.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar, að leitað skuli samstarfs við Reykjavíkurborg um að reisa sameiginlegt íþróttahús fyrir Hlíðaskóla og Menntaskólann við Hamrahlíð, enda tryggi ríkisstjórnin, að framkvæmdir geti hafizt á þessu ári.

Greinargerð.

Við Hamrahlíð í Reykjavík standa hlið við hlið tveir fjölmennir skólar, sem báða skortir leikfimishús.

Við Menntaskólann í Hamrahlíð er engin leikfimiskennsla á stundaskrá. Nemendur Hlíðaskóla hafa þurft að sækja leikfimi í leiguhúsnæði sunnan Reykjanesbrautar, sem er hættuleg umferðaræð.

Næstu verkefni í byggingarmálum hvors skóla um sig eru byggingar íþróttahúsa. Tillögur um fjárveitingu til Menntaskólans í Hamrahlíð í þessu skyni voru felldar við afgreiðslu fjárlaga nú í vetur. Til íþróttahúss Hlíðaskóla hefur Reykjavíkurborg gert tillögu um fjárveitingu í frumvarpi til fjárhagsáætlunar.

Tillaga okkar miðar að því, að leyst verði úr þessum vanda beggja skólanna sameiginlega, í stað þess að reisa tvö hús vegna þess eins, að annar sé ríkisskóli, en hinn á vegum borgarinnar.

Samstarf ríkis og borgar um þessa framkvæmd getur gert hana einfaldari og fljótlegri, gefið betri möguleika til nýtingar hússins og sparað almannafé.

Sþ. 365. Tillaga til þingsályktunar [191. mál]

um staðarval og flutning ríkisstofnana út um land.

Flm.: Lárus Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til þess að gera tillögur um staðarval og flutning ríkisstofnana út um land í því skyni að stuðla með þeim hætti að aukinni fjölbreytni þar í atvinnu- og menningarlífi og traustari byggð. Nefndin hafi samráð

við landshlutasamtök sveitarfélaga og aðra þá aðila, er málið varðar, og kynni sér enn fremur vinnubrögð annarra þjóða á þessu sviði, m. a. á Norðurlöndum. Nefndin leggi skýrslu um athuganir sínar og tillögur fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Óþarft er að gera langa grein fyrir framangreindri tillögu, svo mjög sem það efni, er hún fjallar um, hefur verið rætt á Alþingi og víðar. Í orði hafa allir stjórnmálaflokkar talið sig fylgjandi meginefni tillögunnar, og því gerir flm. sér vonir um, að nú verði svo á borði og hún fái fljóta afgreiðslu Alþingis.

Oftast hafa umræður um staðsetningu ríkisstofnana úti um land verið um eina ákveðna stofnun hverju sinni. Bráðnauðsynleg heildarúttekt á því, hvernig megi við koma flutningi ríkisstofnana, sem fyrir eru í Reykjavík eða fyrirhugað er að koma á fót, hefur aldrei farið fram hér á landi og málið því ekki verið rætt á nægilega víðum grundvelli og á raunsæjan hátt. Sannleikurinn er sá, að mjög misjafnt er, hve auðvelt er að velja ríkisstofnun stað utan höfuðborgarinnar. Ástæðan er einfaldlega sú, að sumum stofnunum er algjör nauðsyn á samstarfi við fjölda aðila í höfuðborginni, sem þá þyrfti að flytja alla með viðkomandi stofnun, ef vel ætti að vera. Aðrar stofnanir eru ekki eins háðar öðrum aðilum eða geta leyst samstarfsþörfina með síma eða ýmsum öðrum hætti. Þar mætti t. d. nefna landhelgisgæzlu, Tækniskóla Íslands, Skógrækt ríkisins, Fiskiðnskóla o. s. frv. Þær stofnanir er auðvelt að setja niður á hagstæðum stöðum úti um land, en aðrar, t. d. sum ráðuneytin, þurfa að vera í svo nánum innbyrðis tengslum við önnur ráðuneyti og stofnanir, að mikið hagræði væri í því að hafa þær stofnanir jafnvel í sama húsi eða í sjálfum miðbæjarkjarnanum.

Af framangreindum ástæðum liggur í augum uppi, að gera þarf heildarathugun á staðarvali ríkisstofnana í landinu með það fyrir augum að koma þeim stofnunum fyrir á stöðum úti um land, sem þar geta auðveldlega gegnt upprunalegu hlutverki sínu, en jafnframt stuðlað að fjölbreytni í atvinnu- og menningarlífi og þar með treyst byggð í landinu.

Slíkar athuganir hafa víða farið fram erlendis og verið undanfari flutnings ríkisstofnana frá höfuðborgum viðkomandi landa og staðarvals nýrra stofnana úti á landsbyggðinni. Sem dæmi má nefna Noreg og Svíþjóð. Norðmenn hafa t. d. þegar flutt tækniskóla landsins til Þrándheims fyrir allmörgum árum. Svíar hafa gert ýtarlega könnun á þessu sviði, og fyrir liggur mjög greinargott nefndarálit hjá þeim um flutning ríkisstofnana frá Stokkhólmi, og eru sumar þær tillögur, sem þar er að finna, þegar framkvæmdar í Svíþjóð.

Það er skoðun flm., að enga bið þoli að gera þá heildarathugun hér á landi, sem í framangreindri þingsályktunartillögu felst. Farsælast virðist, að ákveðin þingnefnd hafi þetta verkefni með höndum og kynni sér jafnframt vinnubrögð í þessum efnum í nágrannalöndunum. Með því móti eykst bein þekking þingmanna á máli, sem er vandasamt, en þýðingarmikið, og Alþingi er sífellt að taka ákvarðanir um í löggjafarstarfi sínu.

Ed. 366. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur að nýju haft frv. þetta til athugunar, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Í desembermánuði s. l. sendi nefndin frv. landbúnaðarráðu-

neytinu til umsagnar. Þar sem umsögn ráðuneytisins hefur enn ekki borizt til nefndarinnar, lítum við svo á, sem stöndum að þessu nefndaráliti, að afstaða ráðuneytisins til frv. sé óbreytt frá því, sem fram kemur í umsögn þess, dags. 27. nóv. 1967, og ráðuneytið hefur vitnað til síðan, þegar óskað hefur verið eftir áliti þess um frv. Umsögn ráðuneytisins er prentuð sér sem fylgiskjal.

Minni hluti landbúnaðarnefndar telur svo þung rök mæla gegn því, að sú jörð, sem þetta frv. tekur til, verði seld, að undirritaðir nefndarmenn leggja til, **að frumvarpið verði fellt.**

Alþingi, 24. febr. 1972.

Steinþór Gestsson, frsm. Jón Árnason. Jón Árm. Héðinsson.

Fylgiskjal.

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 27. nóvember 1967.

Ráðuneytinu hefur borizt til umsagnar frumvarp til laga um sölu ríkisjarðarinnar Holts í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Ríkissjóður Íslands keypti jörðina Holt í Dyrhólahreppi árið 1936 fyrir þá sök, að talið var, að jörðin yrði fyrir spjöllum af vatni við það, að 2 ám, Hafursá og Klifanda, var veitt saman.

Sú mun ekki hafa orðið raunin, en sérfróðir menn vilja ekki útiloka þann möguleika, að slíkt geti enn átt sér stað.

Árið 1947 lagðist niður ábúð á Holti, og fluttist Jóhanna Sæmundsdóttir þá ásamt fólki sínu að Nikhól í sömu sveit.

Um 7 km munu vera milli jarða þessara.

Holt hefur síðan verið nytjað frá Nikhól og á síðasta ári eingöngu nytjað til beitar af syni Jóhönnu, sem er bóndinn á Nikhól. Jóhanna mun nú komin á áttræðisaldur.

Jörðin Holt á land samliggjandi að ríkisjörðunum Felli að vestan og Álftagróf að norðan og austan. Afréttarland jarða þessara er sameiginlegt, og ekki er talið gerlegt að skilja það að með girðingu.

Það orkar ekki tvímælis, að eðlilegasta nýting Holts er tengd búrekstri á Felli og Álftagróf.

Sala jarðarinnar gæti á margan hátt orðið til óhagræðis við búrekstur á þessum jörðum, sem eins og áður segir eru báðar ríkiseign.

Ráðuneytinu hefur borizt bréf frá ábúanda Álftagrófar, Tómasi Lárussyni, dags. 2. nóv. s. l., þar segir m. a.: „Heiðalönd og heimahagar jarðanna Álftagrófar og Holts eru sameiginleg og óskipt, og má segja, að óframkvæmanlegt sé að skilja lönd jarðanna að með girðingu.

Á það skal bent, að vestan megin við Holt er jörðin Fell, sem einnig er í ríkiseign, og enda þótt skipt land sé milli jarðanna Fells og Holts, þá gengur búsmali þessara jarða og Álftagrófar saman.

Með sölu jarðarinnar Holts er því verið að reka eins konar „fleyg" á milli 2ja ríkisjarða."

Í bréfi Tómasar, sem búið hefur í Álftagróf í 35 ár, koma fram alvarlegar áhyggjur af því óhagræði, sem búrekstur á Álftagróf yrði fyrir við sölu á Holti. Mælir hann eindregið gegn sölunni og lætur að því liggja, að hann muni hætta búskap í Álftagróf, verði af sölu Holts, en það þýddi, að ríkissjóður yrði að kaupa eignir Tómasar í mannvirkjum, sem eru miklar.

Aðalfundi sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu í júlímánuði síðastliðnum barst beiðni frá Jóhönnu Sæmundsdóttur um, að sýslunefndin mælti með sölu Holts.

Niðurstaða varð sú, að allsherjarnefnd lagði til, að sýslunefndin léti málið afskiptalaust.

Endurrit úr gerðabók sýslunefndar fylgir bréfi þessu.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, verður að telja það andstætt hagsmunum ríkisins að selja Holt í Dyrhólahreppi, og leggur jarðeignadeildin til, að lagaheimild til þess verði ekki veitt.

F. h. r.
Sveinbj. Dagfinnsson.

Til neðri deildar Alþingis.

Sþ. 367. Þingsályktun [80. mál]

um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum.

(Afgreidd frá Sþ. 24. febr.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum á þann veg, að á svæðinu sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar heyri þessi mál til einu embætti í Keflavík.

Sþ. 368. Tillaga til þingsályktunar [192. mál]

um vegabætur.

Flm.: Magnús H. Gíslason, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hið allra fyrsta gera áætlun um kostnað við að leggja akfæra vegi um þau byggðarlög, sem verst eru stödd í þeim efnum. Skal við það miðað, að vegurinn sé fær venjulegum ökutækjum árið um kring við eðlilegar aðstæður. Á grundvelli þeirrar áætlunar verði síðan hafizt handa um vegagerðina.

Samráð skal haft við Vegagerð ríkisins og sýslunefndir héraðanna um áætlunargerðina.

Greinargerð.

Þegar haft er í huga, hvað Ísland er tiltölulega stórt land og strjálbýlt, verður vart annað sagt en að undravert átak hafi verið gert í vegalagningu undanfarna áratugi. Aðalsamgönguleiðirnar spanna nú um meginhluta landsins auk ótal hliðargreina til hinna einstöku byggðarlaga. Vegir þessir eru að sjálfsögðu misjafnlega úr garði gerðir, því að frumbygginn byrjar ekki á því að reisa skrauthýsi, heldur bjálkakofa.

En þótt þjóðin hafi af takmörkuðum efnum, en miklum dugnaði unnið ótrúlegt afrek á þessu sviði, skortir þó enn nokkuð á, að akfærir vegir geti kallazt komnir um öll byggðarlög. Nokkur eru enn þá þannig sett, að um þau liggja að mestu leyti aðeins ruddar götur, sem ófærar geta verið langtímum saman, einkum þó vegna snjóa á vetrum, en einnig sökum úrfellis að sumrinu. Flest þau byggðarlög, sem þannig eru sett, munu teljast til svonefndra útsveita. Mörgum þeirra fylgja þó miklir landkostir og margháttuð hlunnindi, sem tjón er fyrir þjóðfélagið, að ekki séu nýtt. En íbúum þessara byggðarlaga fer fækkandi. Ein meginástæðan til þess mun samgönguleysið. Fólkið vill gjarnan dveljast áfram á heimaslóðum, en það unir ekki þeim erfiðleikum og öryggisleysi, sem samgönguskorturinn skapar, og er ekki láandi.

Sú stefna hefur ríkt að leggja fyrst vegi til þeirra svæða, sem þéttbýlust eru. Það er eðlilegt sjónarmið, þar sem allt verður ekki unnið á einum degi. En nú, þegar

við teljum okkur hafa efni á því að fara að leggja steypta vegi út frá höfuðbyggðarkjörnunum, þá megum við ekki heldur gleyma því fólki, sem enn þá býr við óforsvaranlegt vegasamband. Það greiðir sín gjöld til þjóðfélagsins ekkert síður en aðrir þegnar og hlýtur því einnig að eiga kröfur á þjónustu.

Með tillögu þessari er til þess mælzt, að ríkisstjórnin láti gera áætlun um kostnað við að koma þessum byggðum í viðunandi vegasamband og hefja síðan framkvæmdir með þeim ýtrasta hraða, sem kostur er. Til að flýta fyrir framkvæmdum mætti hugsa sér, að verkið yrði að einhverju leyti unnið í áföngum. Sums staðar eru stuttir kaflar, sem ófærir verða, strax og eitthvað bjátar á, og stöðva þannig umferð um allan veginn, sem að öðru leyti kann að vera slarkfær. Fyrsta skrefið er að lagfæra þessa kafla, sem víða má gera án verulegs tilkostnaðar. Síðan kæmu stærri framkvæmdir, unz markinu er náð: Vegur um allt byggðarlagið, sem fær sé við allar eðlilegar aðstæður.

Óráðlegt væri, í bráð a. m. k., að leggja um þessi byggðarlög margra metra breiða vegi, sem miðast við mikla umferð og mikinn umferðarþunga. Slík vegagerð tæki kostnaðarins vegna svo langan tíma, að síðustu íbúarnir væru löngu farnir burt, áður en þeirri framkvæmd yrði lokið. En ríkisvaldið getur ekki beðið öllu lengur með að rétta því fólki hjálparhönd, sem svo lengi hefur beðið eftir handtakinu.

Eðlilegt er, að samráð sé haft við Vegagerð ríkisins um gerð slíkrar áætlunar sem hér um ræðir. Þáttur sýslunefndanna mundi á hinn bóginn vera fólginn í því að ákveða, hvaða vegir falli undir áætlunargerðina.

Sþ. 369. Fyrirspurnir. [193. mál]

I. Til samgönguráðherra um staðsetningu vegagerðartækja o. fl. á Snæfellsnesi.

Frá Alexander Stefánssyni.

1. Hvenær má vænta þess, að veghefill verði staðsettur á utanverðu Snæfellsnesi, þ. e. í Ólafsvík?
2. Verða stórvirk vegagerðartæki, svo sem fullkomin grjótmulningsvél, til framleiðslu á efni í slitlag á vegi, send á Snæfellsnes á þessu ári?
3. Hvenær má vænta framkvæmda við endurbætur á flugvellinum að Gufuskálum við Hellissand og bættrar þjónustu í sambandi við hann?

II. Til samgönguráðherra um endurskoðun hafnalaga o. fl.

Frá Alexander Stefánssyni.

1. Verður endurskoðun hafnalaga lokið það tímanlega, að hægt verði að leggja þau fyrir yfirstandandi Alþingi til afgreiðslu?
2. Hefur verið tekin ákvörðun, hvernig létta megi hina erfiðu fjárhagsstöðu hafnarsjóða, sérstaklega hvað varðar þær hafnir, sem eiga í mestum fjárhagserfiðleikum, sbr. samþykkt ársfundar Hafnasambands sveitarfélaga 15. nóv. 1971, er send var ríkisstjórninni?

III. Til ríkisstjórnarinnar um frumvörp um skólakerfi og grunnskóla.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Hvers vegna hefur ríkisstjórnin ekki endurflutt stjórnarfrumvörp þau um skólakerfi og grunnskóla, sem lögð voru fyrir síðasta Alþingi?

Sþ. 370. Tillaga til þingsályktunar [194. mál]

um aðsetur ríkisstofnana og embættismanna með tilliti til landsbyggðar.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram og hraða endurskoðun á lagaákvæðum og ákvörðunum stjórnarvalda um aðsetur opinberra stofnana og embættismanna og leggja fram rökstuddar tillögur til breytinga með það fyrir augum að auka dreifingu starfseminnar um landið, eftir því sem tök eru á, og stuðla með því að viðhaldi og eflingu landsbyggðar. Gefa skal fulltrúum tilnefndum af landshlutasamtökum sveitarfélaga og Sambandi ísl. sveitarfélaga — einum frá hverjum þessara aðila — kost á að taka þátt í endurskoðuninni.

Greinargerð.

Á Alþingi 1957 bar flm. þessarar tillögu fram till. til þál. svipaðs efnis, og var hún samþykkt sem ályktun Alþingis 30. maí 1958. Síðar á því ári var svo af þáverandi ríkisstjórn skipuð „Staðsetningarnefnd ríkisstofnana“ til að framkvæma endurskoðunina, og skilaði hún áliti til ríkisstjórnar árið 1962. Ekki varð af því, að ríkisstjórn sú, er þá fór með völd, beitti sér fyrir framkvæmdum í samræmi við nefndarálitið. Frumvörp og tillögur frá nefndinni hafa hins vegar verið flutt á Alþingi öðru hverju, en ekki náð fram að ganga. Síðan þetta gerðist hefur mikið verið rætt um dreifingu opinberra stofnana og að ekki megi safna þeim saman í höfuðborginni, eins og gert hafi verið. En áberandi dæmi um framkvæmdir í gagnstæða átt eru t. d. að velja fiskiðnskólanum nýja stað í Reykjavík og að ekki skuli hafa verið stofnaður tækniskóli á Akureyri, eins og stefna skyldi að samkv. lögum frá 1963. Þar sem landshlutasamtökin eru nú öflugri en þau voru fyrir 10—12 árum og ýmislegt að öðru leyti breytt frá því, sem þá var, þykir því rétt að hreyfa málinu enn á ný með svipuðum hætti og gert var á Alþingi 1957 í þeirri von, að árangur verði meiri en þá.

Sþ. 371. Nefndarálit [47. mál]

um till. til þál. um málefni barna og unglinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft þingsályktunartillögu um málefni barna og unglinga til athugunar og leitað umsagnar aðila, sem þessi mál snerta. Í umsögnum, sem borizt hafa frá fræðslumáladeild menntamálaráðuneytisins, Barnaverndarráði Íslands og stjórn Sumargjafar, er tekið jákvætt undir efni tillögunnar. En með því að nefnd var skipuð hinn 22. des. s. l. af hálfu menntamálaráðherra til athugunar á þeim málum, sem þingsályktunartillagan fjallar um, telur allsherjarnefnd eðlilegt, að henni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**, og leggur til, að svo verði gert.

Alþingi, 28. febr. 1972.

Gísli Guðmundsson, form.	Halldór S. Magnússon, fundaskr.	Stefán Gunnlaugsson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Björn Fr. Björnsson.	Lárus Jónsson.

Sþ. 372. Nefndarálit [68. mál]

um till. til þál. um útgáfu handbókar fyrir launþega.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft till. til meðferðar og fengið umsagnir um hana frá Alþýðusambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Einnig hefur verið leitað umsagnar BSRB, en ekki borizt umsögn þaðan. Í umsögn Alþýðusambandsins var allshn. tjáð, að á vegum Menningar- og fræðslusambands alþýðu (MFA) væri starfandi nefnd, sem ynni að útgáfu handbókar slíkrar sem till. fjallar um, og að því stefnt, að bókin geti komið út á næsta hausti. Að fengnum þessum upplýsingum virðist ekki lengur koma til greina, að félagsmálaráðuneytið taki upp slíka útgáfu. Nefndin leggur til, að till. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 25. febr. 1972.

Gísli Guðmundsson, form., frsm.	Halldór S. Magnússon, fundaskr.	Stefán Gunnlaugsson.
Lárus Jónsson.	Björn Fr. Björnsson.	Ingólfur Jónsson.

Sþ. 373. Nefndarálit [92. mál]

um till. til þál. um eldisstöð fyrir lax og silung í Þingeyjarsýslum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft tillöguna til meðferðar og fengið um hana umsögn veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Samkomulag varð um það í nefndinni að mæla með því, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma upp klak- og eldisstöð fyrir lax og silung og aðra nytjafiska, ef henta þykir, svo fljótt sem nauðsynlegt fé fæst til framkvæmda. Stöðin verði á þeim stað á Norðurlandi, þar sem skilyrði reynast hagstæðust.
2. Fyrirsögnin orðist svo: Tillaga til þingsályktunar um eldisstöð fyrir lax og silung á Norðurlandi.

Alþingi, 25. febr. 1972.

Gísli Guðmundsson, form., frsm.	Halldór S. Magnússon, fundaskr.	Stefán Gunnlaugsson.
Lárus Jónsson.	Björn Fr. Björnsson.	Ingólfur Jónsson.

Sþ. 374. Tillaga til þingsályktunar [195. mál]

um rannsókn á safnamálum á Íslandi.

Flm.: Inga Birna Jónsdóttir, Bjarni Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Safnvarðafélags Íslands, Félags háskólakennara, Félags kennaraskólakennara, Arkitektafélags Íslands og Menningar- og fræðslusambands alþýðu. Auk þess skipi menntamálaráðherra formann nefndarinnar. Skal þessi nefnd rannsaka ástand safnamála á Íslandi og gera tillögur um úrbætur í þeim málum.

Greinargerð.

Nú, þegar byggja skal mikla og dýra þjóðarbókhlöðu, er spurt, hvort ekki sé nauðsynlegt að setja undir eitt þak Landsbókasafn, Háskólabókasafn og Þjóðskjalasafn. Áður en lengra er haldið í þeim málum, er nauðsynlegt að leita álits starfsmanna þessara stofnana svo og þeirra, sem mest þurfa á þeim að halda, svo sem hinna ýmsu háskóladeilda.

Eitt er það safn, sem algerlega vantar, en það er upplýsingasafn eða atvinnubókasafn, þar sem liggja eiga frammi nýjustu tímarit hinna ýmsu atvinnugreina og þar sem safna mætti fræðiritum og bókum um atvinnuvegi og hagfræði þeirra. Slík söfn eru á víð og dreif meðal hinna ýmsu stofnana. Þá er og mikil þörf fyrir tæknibókasafn fyrir hinar ýmsu raungreinar. Hefur verið bent á Safnahúsið við Hverfisgötu, þar sem nú er Landsbókasafn og Þjóðskjalasafn, sem stað fyrir slíkt safn eða slík söfn.

Fræðslumyndasafnið á að vera miðstöð myndgagna fyrir skólakerfið og staðsett þar, sem af því má hafa full not í skólastarfinu, auk þess sem það safn á að hafa í fórum sínum fjölbreytt úrval fræðslumynda. Kanna ber notagildi safnsins fyrir skólakerfið.

Listasafn ríkisins býr við óviðunandi húsakost, og nauðsyn ber til að sinna húsnæðisvandræðum þeirrar stofnunar hið fyrsta og skal þeim þætti sérstaklega sinnt. Slíkri stofnun ber að rækja kynningu myndlistar um allt land. Kanna ber aðstæður safnsins til þess hlutverks.

Hér hefur verið minnzt á örfá atriði varðandi safnamálin, en tillagan felur í sér ósk um heildarskipulagningu þeirra á öllu landinu.

Kostnaður við rannsókn þessa og nefndarstörf skal greiddur úr ríkissjóði. Nefndinni skulu sett hæfileg tímatakmörk til að skila áliti og tillögum til úrbóta.

Sþ. 375. Tillaga til þingsályktunar [196. mál]

um sumarbústaði.

Flm.: Bjarni Guðnason, Inga Birna Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um sumarbústaði, er lagt verði fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Að sjálfsögðu falla margir sumarbústaðir vel inn í umhverfi sitt, en því ber ekki að leyna, að sumir þeirra valda náttúruspjöllum. Að auki eru nú brögð að því, að við blasa sumarbústaðasvæði í fögrum sveitum, þar sem sumarbústaðir hafa vaxið skipulagslítið eins og fíflar í túni.

Engin lög eru til um sumarbústaði, og virðist brýn þörf vera á því að setja löggjöf, þar sem m. a. yrðu sett almenn ákvæði um réttindi og skyldur sumarbústaðaeigenda og jafnframt fullt tillit tekið til hagsmuna sveitarfélaga, náttúrusjónarmiða og almenningsheilla.

Aukin velmegun íslenzku þjóðarinnar hefur leitt til þess, að á undanfarandi áratugum hefur verið reistur fjöldi sumarbústaða víðs vegar um landið, en einkum þó á Suðvesturlandi, þar sem fólksfjöldinn er mestur. Ekki er nema gott eitt um það að segja, þegar fólk úr bæjum og þorpum hefur efnahagsleg tök á því að reisa sér sumarbústaði og getur þannig notið hvíldar í fögru umhverfi að sumarlagi eftir eril langra vetrarmánaða. Því ber að styðja þá þróun, en hún má ekki valda skemmdum á náttúrunni.

Sþ. 376. Tillaga til þingsályktunar [197. mál]

um radarsvara við Grindavík.

Flm.: Karl G. Sigurbergsson, Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að settur verði radarsvari við innsiglinguna til Grindavíkur.

Greinargerð.

Það má öllum ljóst vera, sem til þekkja, og þá sérstaklega sjómönnum, sem leið eiga til hafnar í Grindavík, að í misjöfnum veðrum eru innsiglingarmerki til hafnarinnar eigi nægilega glögg, einkum í dimmviðri. Hefur þá oft og tíðum reynt á hjálpfýsi og þekkingu heimamanna, sem staðháttum eru gjörkunnugir, með leiðbeiningar til aðkomumanna, sem hafnar þurfa að leita.

Um langa og oft erfiða siglingu er að ræða inn til Grindavíkur, inn í svokölluð Sundboðamerki, sem eru skammt utan innsiglingarrennunnar til sjálfrar hafnarinnar. Þessi langa leið er einatt vandrötuð vegna straum- og grunnbrota báðum megin, en landið lágt, sem hægt er að glöggva sig á eftir radar í dimmviðri.

Telja verður, að radarsvari í leiðarvita inn að nefndum Sundboða hefði mikla þýðingu fyrir aðkomumenn, sem ekki þekkja sérstaklega staðhætti, og einnig til öryggis fyrir heimamenn, þótt kunnugir séu, vegna þess að á þeirri leið, sem hér um ræðir, þarf einatt nákvæmni, til þess að ekki dragi til óhappa.

Þótt önnur tæki séu til nú á tímum til að gera öruggar ferðir skipa á líkum stöðum, svo sem stefnuvitar með hljóðmerkjum, þá verður að telja, að við þær aðstæður, sem þarna eru, komi radarsvari að beztum notum, vegna þess að nú í dag má segja, að öll fiskiskip og bátar niður í 10 tonna stærð séu búin þeim tækjum, sem nota þarf í sambandi við slíkan vita.

Ed. 377. Breytingartillaga [169. mál]

við frv. til laga um lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

Frá Steingrími Hermannssyni.

Síðasti málsliður 2. gr. orðist svo:

Jafnframt annast verksmiðjan tilraunastarfsemi á þessu framleiðslusviði undir leiðsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og miðlar reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda.

Ed. 378. Frumvarp til laga [198. mál]

um breyting á lögum nr. 89 17. des. 1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Stjórn Framleiðnisjóðs skal skipuð 5 mönnum, er landbúnaðarráðherra skipar til 4 ára í senn. Skal einn vera skipaður eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda, einn eftir tilnefningu stjórnar Búnaðarbanka Íslands og einn eftir tilnefningu stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ráðherra skipar formann án tilnefningar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 2. gr. laga nr. 89/1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, eru ákvæði um stjórn sjóðsins. Þar segir: „Formaður sjóðsstjórnar skal vera forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans.“ Með lögum frá 20. desember 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, er Efnahagsstofnunin lögð niður. Af þessum sökum er nauðsynlegt að breyta nefndum ákvæðum um stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, og þykir eðlilegt að tengja stjórn sjóðsins við þá aðila, sem hér er lagt til.

Ed. 379. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin ályktar að mæla með samþykkt frumvarpsins með þessari

BREYTINGU:

1. málsgr. 6. gr. falli burt.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma. — Páll Þorsteinsson var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 28. febr. 1972.

Ragnar Arnalds, form.	Eggert G. Þorsteinsson, frsm.	Steingrímur Hermannsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Auður Auðuns.	Björn Jónsson.

Nd. 380. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 28. apríl 1962, um innflutning búfjár.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar hefur athugað frv. á nokkrum fundum og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við 1. gr. Greinin breytist þannig:

1. 11. gr. Í stað orðanna í 1. málsgr. „að Bessastöðum á Álftanesi eða annars staðar, ef hentara þykir“ komi: er verði valinn staður, þar sem góð skilyrði eru til einangrunar og önnur aðstaða ákjósanleg að dómi yfirdýralæknis og stjórnar Búnaðarfélags Íslands.
2. 13. gr. Í stað orðanna í 1. málsgr. „á Bessastöðum á Álftanesi eða annars staðar, ef hentara þykir“ komi: er verði staðsett í samráði við yfirdýralækni og stjórn Búnaðarfélags Íslands.
3. 20. gr. Í stað síðasta málsliðar fyrri málsgr. og síðari málsgr. komi: Gripi stöðvarinnar skal fella og fara með afurðirnar eins og ákvæði 17. gr. mæla fyrir um. Jafnframt skal ýtarleg rannsókn fara fram á því, hvort gripirnir hafa verið haldnir nokkrum sjúkdómum.

Alþingi, 1. marz 1972.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Eðvarð Sigurðsson, fundaskr.	Ágúst Þorvaldsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Gunnar Gíslason.	Bragi Sigurjónsson.
	Pálmi Jónsson.	

Sþ. 381. Tillaga til þingsályktunar [199. mál]

um rannsókn hafnarskilyrða í Kelduhverfi.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Magnús Jónsson, Bragi Sigurjónsson, Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson, Lárus Jónsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta á næsta sumri (1972) rannsaka hafnarskilyrði í Kelduhverfi og leggja niðurstöðu rannsóknarinnar fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Á Alþingi 1962 fluttu sjö alþingismenn úr Norðurlandskjördæmi eystra sams konar tillögu til þingsályktunar um rannsókn hafnarskilyrða í Kelduhverfi. Var þar fyrst og fremst átt við Fjallahöfn, en langt er síðan þeirri hugmynd var hreyft, að þar yrði, ef skilyrði leyfðu, gerð hafskipahöfn, sem komið gæti að góðu gagni, einkum í sambandi við Dettifossvirkjun, þegar úr henni yrði. Að öðru leyti þykir nægja að vísa til greinargerðarinnar, sem fylgdi þáltill. 1962, að því leyti, sem við á nú, en þeirri tillögu var á sínum tíma vísað til ríkisstjórnar. Rannsókn sú, sem þar var gert ráð fyrir, hefur enn eigi verið framkvæmd. En úr því þarf að fást skorið, hvort þarna er um hafnarstæði að ræða eins og vonir hafa staðið til.

Sþ. 382. Nefndarálit [32. mál]

um till. til þál. um athugun á kostnaði og fjárhagslegri getu æskufólks í strjálbýli til framhaldsnáms og endurskoðun á reglum um úthlutun styrkja til jöfnunar námsaðstöðu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna á nokkrum fundum og sent hana til umsagnar viðkomandi aðila. Nefndin er sammála um nauðsyn þess, að sú athugun fari fram, sem í tillögunni felst. Á hinn bóginn skipaði ríkisstjórnin nefnd hinn 1. nóv. s. l.,

sem á að fjalla um þau mál m. a., sem till. fjallar um, og enn fremur mun vera væntanlegt frumvarp til laga á þessu þingi um jöfnun námsaðstöðu. Af þessum sökum leggur nefndin til, að þáltill. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 1. marz 1972.

Gísli Guðmundsson, form.	Halldór S. Magnússon, fundaskr.	Lárus Jónsson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Stefán Gunnlaugsson.	Björn Fr. Björnsson.

Ed. 383. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og leitað um það umsagnar hagsmunasamtaka og Sambands ísl. sveitarfélaga. Einnig hafa nefndinni borizt nokkur erindi frá öðrum aðilum. Að athugun lokinni leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingartillögum, sem hann flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 1. marz 1972.

Björn Jónsson, form., frsm.	Björn Fr. Björnsson, fundaskr.	Alex. Stefánsson.
	Helgi Seljan.	

Sþ. 384. Tillaga til þingsályktunar [200. mál]

um samkeppni um teikningar af opinberum byggingum.

Flm.: Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, þar sem kveðið skal á um, að efna skuli að jafnaði til samkeppni um teikningar af opinberum byggingum.

Greinargerð.

Með lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, er kveðið á um, hvernig fara skuli með áætlanagerð og verklegan undirbúning opinberra framkvæmda, svo og framkvæmdina sjálfa, yfirstjórn o. fl.

Sú veigamikla regla er bundin fastmælum í lögum þessum, að öll verk skuli að jafnaði unnin skv. tilboði á grundvelli útboðs. Sú leið hefur verið farin í vaxandi mæli hér á landi, bæði af einkaaðilum og opinberum, sveitarfélögum og ríkissjóði og hefur gefið svo góða raun, að verksamningar skv. reikningi tíðkast ekki nema undir sérstökum og óvenjulegum kringumstæðum. Hér er um eðlilega og æskilega þróun að ræða.

Að öðru jöfnu tryggir samkeppni, eins og útboðin fela í sér, hagkvæmari tilboð, betri og hraðari vinnu og virkara skipulag á undirbúningi, framkvæmd og úttekt verksins.

Einn þáttur í undirbúningi verklegra framkvæmda hefur þó gleymzt, þegar sett voru lögin, ákvæði um útboð. Er þar átt við teiknivinnuna sjálfa, hugmyndasamkeppnina að gerð, útliti og nýtingu viðkomandi mannvirkis. Engum ætti þó að blandast hugur um mikilvægi þessa þáttar undirbúningsins.

Nú í vetur hafa farið fram umræður um þessi mál í sambandi við væntanlega byggingu þjóðarbókhlöðu í Reykjavík. Íslenzkir arkitektar hafa sett fram óskir um, að efnt yrði til samkeppni um teikningar af þessari byggingu. Jafnframt því sem þeir héldu fram, að umrædd bygging gæfi sérstakt tilefni til slíkrar hugmyndasamkeppni, þá voru óskir þeirra byggðar á þeirri skoðun, sem hér er sett fram, að eðli málsins samkvæmt sé það sjálfsögð regla að viðhafa samkeppni, útboð á teikningum, í samræmi við aðra þætti framkvæmdarinnar.

Þessum óskum og um leið rökum arkitektanna hefur nú verið hafnað, og með bréfi, dags. 8. febr. s. l., hefur menntamálaráðherra tilkynnt Arkitektafélagi Íslands, að með tilliti til allra aðstæðna og málavaxta sé ósk um samkeppni um teikningu af þjóðarbókhlöðu hafnað. Ráðuneytið tekur fram, að það sé almennt hlynnt samkeppni um teikningar af opinberum byggingum.

Fyrir liggur, að þjóðhátíðarnefnd, sem átti frumkvæði að hugmyndinni um byggingu þjóðarbókhlöðu, í tilefni 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar, hefur mælt með því, að efnt yrði til hugmyndasamkeppni um bygginguna. Arkitektar hafa eindregið sett fram ósk um hugmyndasamkeppni, og upplýst hefur verið, að litlar sem engar viðræður hafa farið fram við ýmsa þá aðila, sem koma til með að hafa afnot fyrir nefnda bókhlöðu.

Það er skoðun flutningsmanns, að ákvörðun ráðuneytisins sé engan veginn réttlætanleg og í heild sé nefnd málsmeðferð óeðlileg og óþörf.

Mörg og gild rök liggja til þess, að í lögum um opinberar framkvæmdir verði kveðið á um skyldu til að efna til samkeppni um teikningar af opinberum byggingum að vissum skilyrðum og aðstæðum uppfylltum, enda sé það í fullu samræmi við þá stefnu, sem tekin er í lögunum að öðru leyti.

Vakin hefur verið athygli á, að nauðsynleg skipulagningarstarfsemi, „programering", þarf ætíð að liggja fyrir, ef vel á að vera, og útboð í samkeppni ætti að vera trygging fyrir því, að þessum þætti undirbúnings væri í rauninni lokið, þegar til útboðs kemur. Á því hefur hins vegar orðið misbrestur eins og nú er.

Með samkeppni má einnig tryggja, að fleiri en ein mismunandi lausn komi á viðfangsefninu, og væri þá unnt að gera samanburð og átta sig á valkostum og hugmyndum.

Hér á Íslandi er nú starfandi allstór hópur innlendra arkitekta, sem eru bæði vel menntaðir og ágætlega hæfir í störfum sínum. Flutningsmaður telur eðlilegt, nú, þegar fram eru settar ákveðnar óskir af hálfu Arkitektafélags Íslands, að tillit sé tekið til þeirra sjónarmiða og framgangur þeirra verði tryggður með þeirri lagabreytingu, sem hér er gerð tillaga um.

Máli þessu til stuðnings má geta þess, að Norðurlandaráð hefur beint tilmælum til aðildarþjóða um að beita sér almennt fyrir hugmyndasamkeppni um opinberar byggingar, og í bréfi ráðuneytisins frá 8. febr. s. l. er beinlínis tekið fram, að ráðuneytið telji æskilegt að kanna, hvort ekki sé unnt að setja reglur um samkeppni um teikningar á opinberum byggingum.

Það er sannfæring fjölmargra aðila, að með þessu máli sé ekki aðeins gengið til móts við þá þróun, sem orðið hefur hvað snertir útboð verka, heldur muni slík hugmyndasamkeppni allajafna leiða til fallegri og betri bygginga hér á landi og vera í samræmi við heiðarleg og lýðræðisleg vinnubrögð.

Öllum er ljóst, að ekki er unnt að koma útboði við undir öllum kringumstæðum, bæði vegna sérkenna verkefnisins, tímaskorts, einhæfni byggingar eða annarra ástæðna, og verði því að kveða nánar á um fyrirkomulag þessara mála í reglugerð. Lögð er þó áherzla á, að höfð séu náin samráð við Arkitektafélag Íslands, þegar þau skilyrði verða ákveðin.

Sþ. **385. Tillaga til þingsályktunar** [201. mál]

um byggingu nýs varðskips til landhelgisgæzlu og áætlunargerð um eflingu Landhelgisgæzlunnar.

Flm.: Jóhann Hafstein, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að byggingu nýs varðskips til landhelgisgæzlu.

Skal byggingu varðskipsins hraðað svo sem verða má og gerð og stærð þess miðuð við fyrirhugaða útfærslu fiskveiðilandhelginnar hinn 1. september 1972.

Jafnframt láti ríkisstjórnin gera áætlun um alhliða eflingu Landhelgisgæzlunnar á næstu árum.

Greinargerð.

Það má furðu gegna, hversu mikið fálæti hefur ríkt hjá ríkisstjórninni varðandi nauðsynlega eflingu Landhelgisgæzlunnar, miðað við þau stórauknu og vandasömu verkefni, sem henni eru ætluð við útfærslu fiskveiðilandhelginnar hinn 1. september 1972. Landhelgisgæzlan mun nú vera að festa kaup á þyrlu af stærri gerð en áður, samkvæmt heimild, sem hún hafði fengið til slíkra kaupa frá fyrrverandi ríkisstjórn. Enn fremur hefur Landhelgisgæzlan haft til athugunar kaup á hentugri flugvél eða flugvélum til gæzlustarfa.

Hjá hinu verður ekki komizt, að hefjast nú þegar handa um aukinn skipastól til gæzlustarfa, miðað við hin breyttu viðhorf, sem fram undan eru. Af því tilefni er þessi tillaga til þingsályktunar flutt. — Nánar verður gerð grein fyrir málinu við framsögu þess.

Ed. **386. Lög** [97. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Brekkuborg í Breiðdalshreppi og Þorsteinsstaði í Sauðaneshreppi.

(Afgreidd frá Ed. 1. marz.)

Samhljóða þskj. 314.

Ed. **387. Lög** [108. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi.

(Afgreidd frá Ed. 1. marz.)

Samhljóða þskj. 130.

Nd. **388. Lög** [132. mál]

um breyting á lögum nr. 54 27. apríl 1967, um Jarðeignasjóð.

(Afgreidd frá Nd. 1. marz.)

Samhljóða þskj. 315.

Ed. **389. Breytingartillögur** [133. mál]

við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 1. gr. Á eftir c-lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
   d. Aðstöðugjöld.

2. Við 3. gr. Við bætist ný mgr., svo hljóðandi:
   Auk þess skatts, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, er sveitarstjórn heimilt að leggja skatt á hlunnindi, sem eru í eign utansveitarmanna, sem nemur 4% af virðingarverði þeirra.

3. Við 5. gr.
   a. 3. mgr. orðist svo:
      Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt, sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Sama gildir um slíka lífeyrisþega, sem ekki hafa verulegar tekjur umfram elli- og örorkulífeyri.
   b. Við bætist ný mgr., sem verður 4. mgr., svo hljóðandi:
      Heimilt er sveitarstjórn að undanþiggja nýjar íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum fasteignaskatti í allt að tvö ár, eftir að afnot hefjast.

4. Við 8. gr. f-liður orðist svo:
   Að greiða 1% af tekjum sjóðsins til Sambands íslenzkra sveitarfélaga og 1% til landshlutasamtaka sveitarfélaganna, sem skiptist jafnt á milli þeirra.

5. Við 10. gr. Við bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
   e. Bankar og sparisjóðir.

6. Við 11. gr. Við bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
   e. 1% af mismun heildarútlánsvaxta og heildarinnlánsvaxta banka og sparisjóða, sbr. 10. gr. e.

7. Við 13. gr.
   a. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar.
   b. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
      Landsútsvar samkvæmt 11. gr. e rennur óskipt í Jöfnunarsjóð.

8. Við 23. gr.
   a. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo:
      Frádráttur skal þó aldrei hærri vera hjá gjaldanda en tekjur hans af atvinnurekstri og starfsemi.
   b. Við 2. mgr. bætist:
      Enn fremur skal draga frá tekjum eigin húsaleigu og skyldusparnað, sbr. 11. gr. laga nr. 30/1970.
   c. Síðari málsl. 3. mgr. falli niður.
   d. 4. mgr. orðist svo:
      Nú vinnur einstaklingur eða hjón, annað hvort eða bæði, eða ófjárráða börn þessara aðila, við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, og er þá sveitarstjórn heimilt, er sérstaklega stendur á, að ákveða, að tekjur slíkra aðila til útsvars verði ákveðnar eftir því, sem ætla má, að laun þessara aðila, miðað við vinnuframlag þeirra, hefðu orðið, ef þeir hefðu unnið starfið í þágu annars aðila.
   e. 5. mgr. falli niður.

9. Við 24. gr. 1. mgr. orðist svo:
Skattstjórar annast álagningu útsvara, nema sveitarstjórn hafi ákveðið að annast sjálf álagninguna eða falið sérstakri nefnd að gera það, sbr. 4. mgr. 28. gr.

10. Við 25. gr. Greinin orðist svo:
Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum næstliðins almanaksárs, sbr. 23. gr., sem þó má ekki hærri vera en 10%, og skal sami hundraðshluti lagður á alla gjaldendur í hverju sveitarfélagi.
Í sambandi við samningu fjárhagsáætlunar fyrir næsta almanaksár ákveður sveitarstjórn, hver hundraðshluti verði lagður á tekjur gjaldenda á því ári, og tilkynnir skattstjóra um ákvörðun sína.
Nú hrökkva útsvör samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar ekki fyrir áætluðum útgjöldum, og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka þau um 10% að fengnu samþykki ráðherra.

11. Við 26. gr. Greinin orðist svo:
Útsvar samkvæmt 25. gr. hjá hjónum og einstæðum foreldrum, sem hafa fyrir heimili að sjá, skal lækka um 7 000 kr. og útsvar einstaklinga um 5 000 kr. Fyrir hvert barn 16 ára eða yngra, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, skal lækka útsvar hans um 1 000 kr. Hafi gjaldandi fleiri en þrjú börn innan 16 ára á framfæri sínu, skal enn fremur lækka útsvar hans um 2 000 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú.
Fella skal niður útsvör, sem eru 1 000 kr. og lægri.
Útsvar skal á lagt í heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en 100 krónum skal sleppt.

12. Við 27. gr.
a. a-liður orðist svo:
sem nýtur bóta samkvæmt II. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971.
b. c-liður falli niður og d-liður verði c-liður.

13. Við 28. gr. 2. mgr. orðist svo:
Sveitarstjórn ákveður, hvernig beita skuli ákvæðum 27. gr. um lækkun útsvara, og tilkynnir skattstjóra þar um, áður en hann leggur útsvörin á.

14. Við 30. gr. Stafliður m orðist svo:
Sveitarstjórn getur ekki krafið gjaldanda um þá fjárhæð, sem kaupgreiðandi hefur haldið eftir af launum hans til greiðslu útsvars, þó að kaupgreiðandi hafi ekki staðið skil á greiðslunni til sveitarsjóðs. Krafa sveitarsjóðs í þrotabú kaupgreiðanda vegna slíkra greiðslna skal vera forgangskrafa og í skuldaröð með þeim kröfum, sem nefndar eru í a-lið 83. gr. laga nr. 3/1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. Útsvarsgjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til kaupgreiðanda samkvæmt þessari grein, á rétt á endurgreiðslu beint úr sveitarsjóði, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt sveitarsjóðnum útsvarið eða ekki.

15. Á eftir 35. gr. komi ný kaflafyrirsögn: V. KAFLI. **Ýmis ákvæði.**

16. Á eftir 35. gr. komi ný grein, svofelld, og greinatalan breytist eftir því:
Leggja má á aðstöðugjald, samkvæmt III. kafla laga nr. 51/1964, þó þannig, að það skal ekki hærra vera í hverju sveitarfélagi en nemi 65% þess hundraðshluta, sem þar var á lagður sem aðstöðugjald á árinu 1971.

17. Við 41. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara, aðstöðugjalds og innheimtu fasteignaskatts á árinu 1972. Jafnframt eru úr gildi

numin lög nr. 51 10. júní 1964, lög nr. 67 23. des. 1964, lög nr. 67 21. maí 1965, lög nr. 43 6. maí 1966, lög nr. 59 16. apríl 1968 og lög nr. 69 12. maí 1970, sbr. þó 36. gr. laga þessara.

18. Við ákvæði til bráðabirgða.
a. 1. töluliður falli niður og aðrir töluliðir breytist í samræmi við það.
b. Í stað orðanna „15. marz“ í 3. ákvæði til bráðabirgða komi: 15. maí.

Nd. 390. Frumvarp til laga [202. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Strýtu í Ölfushreppi.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Ingólfur Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Guðmundi Hjartarsyni bónda í Grænhól eyðijörðina Strýtu í Ölfushreppi.

Verð jarðarinnar fer eftir samkomulagi, ef það næst. Að öðrum kosti skal kaupverð ákveðið að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Guðmundar Hjartarsonar bónda í Grænhól, en hann er eigandi nokkurs hluta af jörðinni Strýtu og hefur einnig, eins og bréf hreppsnefndar Ölfushrepps ber með sér, leiguafnot af þeim hluta jarðarinnar, sem er í eigu ríkisins. Með því að sameina Strýtu og Grænhól í eina ábýlisjörð verður þar vel lífvænlegt býli og eðlilegt, að eigandi og ábúandi Grænhóls fái Strýtuland keypt.

Bréf hreppsnefndar Ölfushrepps um þetta mál er birt hér sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Til þingmanna Suðurlandskjördæmis.

Við undirritaðir hreppsnefndarmenn í Ölfushreppi teljum eðlilegt og mælum með því, að Guðmundur Hjartarson bóndi í Grænhól í Ölfusi fái keypta eyðijörðina Strýtu í sömu sveit, en land Strýtu liggur meðfram landi Grænhóls.

Hann hefur haft leiguafnot af landi Strýtu, síðan hann byrjaði búskap í Grænhól vorið 1956. Guðmundur hefur girt landið og þurrkað til túnræktar á sinn kostnað.

Jörðin Grænhóll hefur takmarkað ræktunarland, þar eð land jarðarinnar er mjög lítið. Lengst af hefur verið búið á þessum jörðum saman sem einni jörð.

Þetta er gjört í samráði við Sveinbjörn Dagfinnsson forstöðumann ríkisjarða, en Strýta er ríkisjörð.

Skrifstofu Ölfushrepps, 5. marz 1971.

Hermann Eyjólfsson,
oddviti Ölfushr.

Svanur Kristjánsson. Óskar Þórarinsson. Páll E. Jónsson. Guðm. Friðriksson.

Sþ. 391. Tillaga til þingsályktunar [203. mál]

um merkingu bifreiða öryrkja.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að láta merkja allar bifreiðar öryrkja, svo að þeim verði sýnd aukin tillitssemi í umferðinni.

Greinargerð.

Með stóraukinni bifreiðaeign landsmanna og sívaxandi umferðarþunga á vegum hefur og mjög aukizt, að karlar og konur, sem hlotið hafa ýmiss konar örorku, eigi og aki bíl. Margt af þessu fólki er stórlega fatlað og þarf mjög á sínu farartæki að halda, en jafnljóst er hitt, að það þarf á fyllstu tillitssemi að halda af hendi annarra í umferðinni, en ætla má, að þá tillitssemi verði mun auðveldara að veita, ef merkingar bíla öryrkja verða teknar upp.

Einhverjir kunna að segja, að ekki sé ætíð auðgert að draga skilin: öryrki, ekki öryrki. En hér má að sjálfsögðu leggja til grundvallar úthlutun ríkisins á bifreiðum til öryrkja, þar sem eftirgjöf á aðflutningsgjaldi er veitt, og auk þess mun Bifreiðaeftirlit ríkisins hafa fulla vitneskju um bifreiðaeign öryrkja. Loks má ætla, að margur öryrkinn leiti sjálfur með bifreið sína til merkingar, þegar sá háttur hefur verið tekinn upp, sér og öðrum til aukins öryggis.

Nd. 392. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Eftir stjórnarskipti í sumar var hafin endurskoðun á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og á tekjuöflunarkerfi þessara aðila. Á fyrri hluta þings í vetur lagði ríkisstjórnin fram frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga og um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. En endurskoðuninni er haldið áfram.

Fjárhagsnefnd sendi frv. um tekjuskatt og eignarskatt til umsagnar 17. desember eftirtöldum aðilum: Vinnuveitendasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Verzlunarráði Íslands, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi ísl. iðnrekenda, Alþýðusambandi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Landssambandi ísl. verzlunarmanna. Svör bárust fyrir tilskilinn tíma, 15. janúar, frá flestum þessara samtaka.

Auk þessa bárust nefndinni bréf frá öðrum aðilum. Umsagnir og bréf voru athuguð á fundum nefndarinnar, sem einnig kvaddi sér til ráðuneytis sérfræðinga í skatta- og efnahagsmálum.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hlutinn leggur til, að það verði samþykkt með breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali. Minni hlutinn mun skila séráliti.

Alþingi, 2. marz 1972.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Karl Sigurbergsson, fundaskr.	Karvel Pálmason.

Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 393. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 3. gr. Síðasti málsliður 2. tl. orðist svo:
   Undanþegnir skattskyldu eru þó vextir af skattfrjálsum sparisjóðsinnlánum samkvæmt 21. gr. og vextir af stofnsjóðsinnstæðum félagsmanna í samvinnufélögum.

2. Við 4. gr.
   a. A-liður 1. mgr. orðist svo:
      Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum eða kaupir af þeim verðbréf, sem ekki eru viðkomandi rekstri félagsins.
   b. B-liður 1. mgr. orðist svo:
      Veitir hluthöfum, stjórnendum félags, eigendum sameignarfélags, aðilum samvinnufélags eða öðrum nokkur fríðindi beint eða óbeint umfram venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur og arðsúthlutun eða úttekt af höfuðstól í sameignarfélagi, sem sé meiri en svari til 10% ársvaxta af bókfærðu eigin fé félagsins.
   c. 2. mgr. orðist svo:
      Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð samkvæmt 2. mgr. 17. gr., ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í A—C-liðum þessarar greinar, og fellur það þá til skattgreiðslu samkv. ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins að viðbættu 20% álagi skv. 1. mgr.

3. Á eftir 5. gr. komi ný grein, 6. gr., svo hljóðandi:
   Á eftir 4. mgr. 14. gr. komi ný málsgrein, 5. mgr., svo hljóðandi:
   Auk frádráttar skv. 1.—4. mgr. þessarar greinar skal frá beinum tekjum sjómanna af fiskveiðum á íslenzkum fiskiskipum draga 8% teknanna, áður en skattur er á þær lagður.

4. Við 6. gr.
   a. 2. tl. orðist svo:
      Síðari málsliður 1. mgr. B-liðs 15. gr. falli niður.
      Orðin „sbr. þó D-lið“ falli niður úr 3. mgr. B-liðs 15. gr.
   b. Í stað orðanna „fimmta hluta hámarksfyrningar“ í 5. tl. komi:
      fimmta hluta þessara sérstöku fyrninga.

5. Við 7. gr.
   a. A- og B-liðir 1. mgr. orðist svo:
      A. Fyrir einstaklinga 145 000 kr.
      B. Fyrir hjón 220 000 kr., telji þau fram sitt í hvoru lagi, sbr. 2. mgr. 3. gr., 145 000 kr. hjá hvoru.
   b. Í stað „47 500 kr.“ í 3. mgr. komi: 60 000 kr., og í stað „5 800 kr.“ í sömu mgr. komi: 6 500 kr.

6. Við 10. gr.
   a. I. tl. orðist svo:
      Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:

Af fyrstu 50 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 25%, af tekjum 50 000—75 000 kr. greiðist 35%, en af tekjum yfir 75 000 kr. greiðist 44%.

b. Við greinina bætist nýr töluliður:

IV. Tekjuskatt gjaldenda, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, að fjárhæð 5 000 kr. eða lægri, skal fella niður. Tekjuskatt sömu gjaldenda að fjárhæð 5—10 þús. kr. skal lækka þannig, að lækkun réni í beinu hlutfalli við hækkun tekjuskatts.

7. Við 11. gr.

a. Í stað „0.4%“ í 1. tl. komi: 0.6%, og í stað „0.8%“ í sama tl. komi: 1.0%.

b. Í stað „1.2%“ í 2. tl. komi: 1.4%.

Sþ. 394. Þingsályktun [23. mál]

um skráningu félaga og firma.

(Afgreidd frá Sþ. 2. marz.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka til heildarendurskoðunar lagaákvæði um skráningarmál félaga og firma í því skyni, að skráning fari fram á einum stað fyrir landið allt og að öðru leyti gerðar þær breytingar, sem hæfa nútíma þjóðfélagsháttum.

Að endurskoðun lokinni skal ríkisstjórnin láta semja frumvarp til nýrrar löggjafar um þessi efni og leggja fyrir næsta þing.

Nd. 395. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

I.

Þegar Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðuflokkurinn mynduðu ríkisstjórn haustið 1959, var eitt af verkefnum hennar að endurskoða skattalögin til þess að tryggja, að þær heildarráðstafanir, sem þá þurfti að gera eftir setu „vinstri stjórnarinnar“ 1956—1958, yrðu sem réttlátastar gagnvart öllum almenningi og tryggðu atvinnurekstrinum slíkt skattakerfi, að með því mætti m. a. skapa grundvöll að auknum kjarabótum fyrir fólkið í landinu.

Í frv. þeim, sem viðreisnarstjórnin lagði fyrir Alþingi um breytingu á skattalögunum, svo og tekjustofnalögum sveitarfélaga, var mörkuð sú stefna, að almennar launatekjur skyldu vera tekjuskattslausar og skattprósentan ekki svo há, að hún verkaði lamandi á framtak einstaklinga. Skattkerfið skyldi miða að því að örva atvinnulífið og auka þar með þjóðartekjurnar og tryggja betur efnahagslega stöðu þjóðarbúsins.

Þessi frumvörp voru samþykkt, og við þá löggjöf höfum við búið tiltölulega lítið breytta síðasta áratuginn.

Þeirri spurningu, hvernig til hefur tekizt á áratugnum 1960—1970 og hver áhrif gildandi skattalög hafa haft, getur hver svarað fyrir sig, en við teljum, að því verði ekki með rökum andmælt, að lífskjör Íslendinga hafa aldrei verið betri en þennan áratug, þrátt fyrir að takast varð á við mikla utanaðkomandi erfiðleika á sviði atvinnulífsins, sem að steðjuðu á árunum 1967 og 1968 og urðu þess valdandi, að ekki var haldið í horfi sem skyldi þann tíma.

Markaðsmál Evrópu höfðu þróazt þannig síðari hluta þessa áratugs, að þá kom til álita, að Ísland gerðist aðili að EFTA og skapaði sér með því mikla möguleika til enn batnandi lífskjara.

Innganga Íslands í EFTA hlaut að leiða til þess, að skoða varð skattkerfi atvinnuveganna með sérstöku tilliti til þess og gera þar nauðsynlegar breytingar, til þess að íslenzk atvinnufyrirtæki nytu svipaðrar aðstöðu varðandi skattlagningu og fyrirtæki EFTA-landanna. Með öðrum hætti gat innganga í EFTA ekki orðið ábati fyrir okkur Íslendinga. Því var það tæpu einu ári áður en Ísland gekk í EFTA, að þáverandi fjármálaráðherra, Magnús Jónsson, skipaði nefnd embættismanna til að kanna og gera „tillögur um skattalega aðstöðu fyrirtækja hér á landi með tilliti til hugsanlegrar aðildar að EFTA". Umboð nefndarinnar var síðan aukið, með því að henni var falið að framkvæma heildarathugun á skattalögum með því markmiði annars vegar að gera skattkerfið sem einfaldast og hins vegar að gera tillögur um breytingar á ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt einstaklinga. Við mótun tillagna um sköttun fyrirtækja var samráð haft við fulltrúa atvinnulífsins. Sá háttur var og hafður á þessari endurskoðun, eftir beiðni þáverandi stjórnarandstöðu, að skipuð var sérstök nefnd alþingismanna, sem í voru fulltrúar allra þingflokka úr fjárhagsnefndum Alþingis, til þess að fjalla um skattamálin. Þessi nefnd ræddi efnisatriðin jafnharðan og til urðu drög að frumvarpi, sem lagt var fram á Alþingi s. l. vor og beindist fyrst og fremst að sköttun fyrirtækja. Á grundvelli þessa frumvarps var svo skattalögunum breytt s. l. vor, en frumvarp til breytinga á skattalögum hafði áður verið flutt á þingi 1969—70.

Grundvallaðist breytingin á þeim sjónarmiðum, sem í upphafi voru sett, að íslenzkur atvinnurekstur væri samkeppnisfær við atvinnufyrirtæki annarra EFTA-ríkja, en Ísland hafði þá gengið í EFTA.

Gert var síðan ráð fyrir áframhaldandi endurskoðun skattalaganna svo og laga um tekjustofna sveitarfélaga, er stefndi að því að koma á einfaldri og greinilegri starfaskiptingu milli þeirra og ríkisins með það í huga að efla sjálfsforræði sveitarfélaganna og gera skattkerfið allt einfaldara í framkvæmd. Í því skyni að reyna að tryggja sem víðtækasta samstöðu svo umfangsmikillar breytingar á skattkerfinu var af hálfu fyrrverandi ríkisstjórnar óskað formlegrar aðildar Sambands ísl. sveitarfélaga, launþegasamtakanna, vinnuveitenda og bænda að skattalaganefndinni.

II.

Við undirbúning og framlagningu frumvarpa um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt svo og lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem lögð voru fram af núverandi ríkisstjórn í desember s. l., er gersamlega breytt um vinnubrögð. Eitt fyrsta verk ríkisstjórnarinnar var að setja skattalaganefndina frá og rjúfa með öllu þann samstarfsgrundvöll, sem fyrri ríkisstjórn hafði lagt.

Þegar lagðar eru fyrir Alþingi meiri háttar breytingar á tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga, er engra ráða leitað hjá þeim aðilum ríkisins eða sveitarfélaga, sem gerst þekkja löggjöf þessa og framkvæmd hennar, né heldur forsvarsmanna mikilvægra hagsmunasamtaka, sem hún varðar mestu. Það er og algerlega óverjandi, að ekki skuli liggja fyrir neinar upplýsingar né viðhlítandi athuganir á því, hverjar breytingar á skattbyrði einstaklinga og félaga samþykkt frumvarpanna hefur í för með sér.

Þá hefur með engu móti fengizt upplýst, hvorki við 1. umr. þessa máls né á nefndarfundum, hver eða hverjir séu höfundar frumvarpsins, til þess að hægt væri að fá viðhlítandi skýringar og upplýsingar um frv. frá þeim. Hins vegar gætir þeirrar „óvarkárni", að skýrt er frá því í athugasemdum með frv., að nefnd 5 manna „hefur aðstoðað við samningu þessa frumvarps".

Í þessari aðstoðarnefnd eiga eingöngu sæti fulltrúar stjórnarflokkanna, þegar frá er talinn ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, sem var formaður nefndarinnar.

Í sambandi við frumvarp um tekjustofna sveitarfélaga kemur þó í ljós, hverjir

höfundar þess eru, en það er samið af fimm manna nefnd, sem skipuð var með sama hætti og tekjuskattsnefndin, ásamt ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins, sem var formaður nefndarinnar.

Það má því segja, að vinnubrögð fyrrverandi og núverandi ríkisstjórna séu með ólíkum hætti.

Flestum ríkisstjórnum mundi hafa þótt að því hagræði, að fulltrúar stjórnarandstöðunnar fylgdust með og þeim væri gefinn kostur á að láta í ljós skoðanir sínar á svo umfangsmikilli breytingu sem þessi frv. gera ráð fyrir.

Á það má benda, að í málefnasamningi núverandi stjórnarflokka segir: „Endurskoða ber skiptingu verkefna og valds á milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka sjálfsforræði byggðarlaga. Haft verði samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og samtök sveitarfélaga í einstökum landshlutum um þessa endurskoðun."

Það verður ekki séð með nokkru móti, að stjórnarflokkarnir hafi staðið við þetta fyrirheit sitt fremur en mörg önnur. Miklu fremur stefnir í öfuga átt, og er það furðulegt og ámælisvert, sem í ljós hefur komið, að við undirbúning þessarar löggjafar voru samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtök þeirra virt að vettugi.

Það vakti sérstaka athygli okkar á fundi í nefndinni, þegar ríkisskattstjóri, sérstaklega aðspurður, skýrði frá því, að við hann hefði ekkert samráð verið haft varðandi undirbúning að samningu þessara frv. eða um einstök framkvæmdaratriði skattamálanna.

Þekking og reynsla hafa því verið talin léttvæg í þessum efnum af núverandi ríkisstjórn.

Þá viljum við vekja athygli á því, að sú venja hefur verið á Alþingi um áratugaskeið, að mál hafa verið send til umsagnar helztu aðilum, sem talið er að varði mestu mótun stefnu hverrar löggjafar, og vandlega yfirvegað, hvað þessir aðilar hafa til málanna að leggja. Hvað snertir málsmeðferð tekju- og eignarskattsfrv., þá hefur fjárhagsnefnd sent frv. til umsagnar 12 félaga eða landssamtaka og hafa flest þeirra sent umsagnir sínar og bent á fjölmörg mikilsvarðandi atriði til breytinga á frv.

Meiri hluti nefndarinnar hefur látið þessar athugasemdir og ábendingar sér í léttu rúmi liggja og lítt eða engan veginn viljað sinna þeim. Um það mun hafa ráðið einstrengingsleg afstaða ríkisstjórnarinnar. Þó að frv. hafi legið fyrir nefndinni frá því í desember, hefur það horfið þaðan og þá verið í höndum manna innan stjórnarliðsins, sem þótzt hafa haft meiri þekkingu og vit til þess að færa það til betri vegar en nefndarmenn fjárhagsnefndar. Hefur það að sjálfsögðu tafið mjög afgreiðslu málsins.

Það er að vísu ekki einsdæmi, að skattalögum hafi verið breytt á þessum tíma árs og þau gilt við ákvörðun skattstofna, sem myndu ðust árið á undan. Slíkar breytingar eru alltaf óæskilegar. Hins vegar mun þurfa að leita vandlega til þess að finna þess dæmi, að gerðar hafi verið svo veigamiklar breytingar á skattalögum sem hér er lagt til að gerðar verði, er ótvírætt íþyngja gjaldendum geysilega, og ætlað er að verka aftur fyrir sig. Þá er það einstætt að fella úr gildi umfangsmikla nýja skattalöggjöf nokkrum mánuðum eftir gildistöku hennar.

Við vörum alvarlega við slíku. Hæstiréttur hefur kveðið upp nokkra dóma um lögmæti skattaálagningar eftir lögum, sem látin voru verka aftur fyrir sig, og sýna þær niðurstöður, að slík álagning er mjög vafasöm. Réttur hvers gjaldþegns er að taka ákvarðanir sínar og gera ráðstafanir eftir gildandi lögum, án þess að eiga á hættu að þeim sé breytt, íþyngt eftir á.

III.

Þar sem ljóst er, að frv. þessi, ef að lögum verða, munu auka skattbyrði einstaklinga og félaga, og með hliðsjón af því, sem að framan hefur verið sagt, og því ástandi, sem skapazt hefur í skattamálum þjóðarinnar vegna ósæmandi vinnubragða ríkisstjórnarinnar, leggjum við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárhagsnefnd til,

að frv. verði vísað frá og endurskoðun skattalaganna fram haldið. Við álagningu skatta ársins 1972 vegna tekna, sem aflað var á árinu 1971, verði skattvísitalan á grundvelli gildandi laga ákvörðuð 121.5 stig í stað 106.5 stiga, sem gert var ráð fyrir við gerð fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1972. Þessi hækkun skattvísitölunnar verði ákveðin með hliðsjón af almennri hækkun launatekna á s. l. ári, sem er framhald af því, sem fyrrverandi fjármálaráðherra ákvarðaði fyrir ári, þegar hann hækkaði skattvísitöluna um 20% í þeim tilgangi að vinna upp það, sem tapaðist á þeim árum, þegar útflutningsverðmæti afurða okkar stórlækkaði og samdráttur varð í atvinnulífinu af þeim sökum. Þannig var ætlunin að vinna upp á þessu ári og næsta, að skattvísitalan fylgdi hækkun almennra launatekna hverju sinni miðað við eðlilega þróun í atvinnumálum þjóðarinnar, en sú stefna var mörkuð í upphafi viðreisnartímabilsins.

Við undirritaðir leggjum til, að heildarendurskoðun á tekjum ríkis og sveitarfélaga haldi áfram á þeim grundvelli, sem fyrrverandi ríkisstjórn markaði, með nánu samstarfi við samtök sveitarfélaga, landshlutasamtök, samtök launþega, vinnuveitenda og bænda.

Við vitnum til þess, að Sjálfstæðisflokkurinn telur, að skattlagningunni til ríkis og sveitarfélaga eigi að haga á þann veg, að hún örvi einstaklinginn til framtaks og sparnaðar, og búið sé að atvinnurekstrinum þannig, að áhugi almennings fari vaxandi fyrir því að vera beinn aðili að atvinnufyrirtækjunum.

Til þess að gera þennan ásetning að veruleika ber fyrst og fremst að skattleggja eyðsluna og gæta hófs í skattlagningu sparnaðar.

Í samræmi við þetta þarf að halda áfram þeirri viðleitni að draga úr beinum sköttum og stefna þar að ákveðnu marki á tilteknu árabili.

Gera þarf ákveðnar tillögur um breytta tekju- og verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, með það fyrir augum að auka hlut sveitarfélaga eða landshlutasamtaka í stjórn opinberra mála og jafnframt ábyrgð á þjónustu, framkvæmdum og fjármögnun til þeirra. Í þessu sambandi kemur mjög til athugunar, hvort ekki sé rétt, að sveitarfélögin ein fái alla beinu skattana til sinna þarfa, en ríkissjóður byggi í framtíðinni tekjuöflun sína eingöngu á óbeinni skattlagningu.

Kannað verði, hvort virðisaukaskattkerfið henti íslenzkum aðstæðum betur en núverandi söluskattskerfi.

Í stað þess að gera skattkerfið flóknara, eins og frv. núverandi ríkisstjórnar stefnir að, minnum við á stefnu fyrri ríkisstjórnar í þessum efnum um einföldun skattkerfisins, m. a. vegna fyrirkomulags staðgreiðslukerfis, ef upp verður tekið.

Við leggjum því til, að skattar og útsvör á tekjur einstaklinga og félaga verði ávallt miðuð við nettótekjur, og teljum eðlilegt og sanngjarnt, að tekjum hjóna verði skipt til helminga á milli þeirra við álagningu skatta til ríkis og sveitarfélaga.

Við teljum, að eignarskattar hafi með löggjöfinni frá s. l. vori verið ákvarðaðir út frá eðlilegu og sanngjörnu sjónarmiði.

Frv. núverandi ríkisstjórnar hefur mjög íþyngjandi áhrif í sambandi við eignarskatta, sem við teljum að komi óréttlátlega niður og geti dregið úr sparnaði almennings.

Það er skoðun okkar, að fasteignaskattar séu þjónustuskattar til sveitarfélaga og beri að stilla þeim í hóf. Sveitarfélögum sé í sjálfsvald sett innan ákveðins hámarks í lögum, hvort og að hve miklu leyti þau nýta þennan tekjustofn.

Við vörum við svo mikilli hækkun fasteignaskatta sem gert er ráð fyrir í frv., sérstaklega ef aðrir tekjustofnar sveitarfélaga eru svo naumir, að þau neyðast almennt til að nota heimildir til álags á fasteignaskatta.

Við leggjum ríka áherzlu á, að hinum ýmsu formum atvinnurekstrar verði ekki mismunað í skattgreiðslum, eins og frv. gerir ráð fyrir, og við höfum varað alvarlega við því á fundum nefndarinnar.

Jafnframt því, að sveitarfélögin fái allar beinar skattatekjur, er eðlilegt, að

aðstöðugjöld lækki meira en frv. gerir ráð fyrir. Samfara því verði sveitarfélögunum séð fyrir réttlátari tekjustofni vegna þjónustu þeirra við atvinnufyrirtækin.

Frv. ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir, að atvinnurekstrinum sé verulega íþyngt. Sú stefna verður að teljast háskaleg með tilliti til þeirrar gífurlegu dýrtíðarauknings, sem orðið hefur í kjölfar þeirrar stjórnarstefnu, sem nú hefur verið tekin upp, samfara sívaxandi samkeppni á erlendum mörkuðum.

Í nokkrum tilvikum teljum við eðlilegt og nauðsynlegt, að tiltekin frávik sé skylt að gera frá hinum almennu skattálagningarreglum, og er það skoðun okkar, að ellilífeyrir og bætur örorkuþega eigi að vera undanskilin skattlagningu, og við erum andvígir þeirri tillögu ríkisstjórnarinnar, að niður verði felldur sérstakur frádráttur vegna aldraðs fólks.

Þá teljum við, að auka þurfi persónufrádrátt einstæðra foreldra.

Fjöldi giftra kvenna vinnur utan heimilis við hin ýmsu störf í þjóðfélaginu, og má t. d. benda á, að ef verulega dregi úr vinnuafli þeirra við hraðfrystiiðnaðinn og aðrar greinar útflutningsatvinnuveganna, getur það haft háskalegar afleiðingar og dregið úr verðmæti útflutnings og þjóðarframleiðslu. Um nokkurt árabil hefur löggjafinn metið vinnu þessa fólks það mikils, að veittur hefur verið 50% frádráttur af launatekjum giftra kvenna við skatt- og útsvarsálagningu. Í frv. ríkisstjórnarinnar bregður nú svo kynlega við, að þessi frádráttur við heildarálagningu skatta og útsvars er verulega skertur. Þessum ákvæðum erum við mjög mótfallnir og teljum þau óskynsamleg.

Nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins fluttu á þessu þingi frv. til l. um aukinn frádrátt af tekjum sjómanna við álagningu tekjuskatts. Þetta frv. ásamt fleiri frv. um breytingu á skattalögunum hafa legið í nefndinni óafgreidd. Meiri hluti nefndarinnar hefur þó sýnt viðleitni í sambandi við skattafrádrátt fiskimanna með flutningi brtt. þar að lútandi, en ríkisstjórnin leggur til, að þessi fríðindi til handa fiskimönnum verði skert frá gildandi lögum. Þá viljum við benda á, að við teljum sanngjarnt, að sjómenn á kaupskipaflotanum njóti einnig líkra hlunninda, en gildandi hlunnindi þeirra séu ekki skert, eins og frv. gerir ráð fyrir. Sjómannastéttin í heild hefur þá sérstöðu að vera langdvölum fjarri heimilum sínum, og sjómenn bera oft mikinn aukakostnað fram yfir þá, sem heima eru og geta daglega unnið fyrir heimili sín og eignir.

Niðurfelling vaxtafrádráttar frá tekjum við álagningu útsvars er að okkar dómi hnefahögg framan í það fólk, sem er eða hefur verið að byggja eigið húsnæði á undanförnum árum og verður að standa undir þungum og erfiðum lánum. Þeir flokkar, sem nú ráða ferðinni, hefðu a. m. k. fyrir kosningar kallað það ljótum nöfnum, ef einhverjum hefði þá komið slíkt til hugar.

Þar sem þegar hafa verið gerðar breytingar á lögum um almannatryggingar og ákvæði sett um yfirtöku ríkissjóðs á gjöldum, sem sveitarfélög hafa áður staðið undir, er bent á, með tilvísun til tillögu okkar í þessu máli, að tilfærslur verði gerðar á tekjuskatti og útsvörum til samræmis við áður nefndar breytingar.

Breyting á lögum um fasteignaskatt í samræmi við hið nýja fasteignamat er nauðsynleg, ef tillaga okkar um rökstudda dagskrá verður samþykkt.

Fari svo, að tillaga okkar um rökstudda dagskrá verði felld, munum við flytja brtt. við 3. umr. og fylgja þeim breytingartillögum, sem fram verða bornar og við álítum horfa til bóta á frv., enda þótt við séum andvígir samþykkt frumvarpsins.

Við undirritaðir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni leggjum til, að við álagningu skatta árið 1972 fyrir tekjur árið 1971 verði farið að gildandi lögum og reiknað með skattvísitölu 121.5 stig, en frv. vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem brýna nauðsyn ber til, að heildarendurskoðun skattkerfisins sé vandlega undirbúin, en bæði undirbúningur þessa frumvarps og efni þess er í megin-

atriðum gersamlega óviðunandi og samþykkt þess mundi hafa í för með sér verulega aukna skattbyrði á meginþorra gjaldþegna þjóðfélagsins, telur deildin ógerlegt að samþykkja frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. marz 1972.

Matthías Bjarnason, frsm. Matthías Á. Mathiesen.

Sþ. 396. Tillaga til þingsályktunar [204. mál]

um úttekt á ráðuneytum, ríkisstofnunum og embættismannakerfi.

Flm.: Inga Birna Jónsdóttir, Bjarni Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að kanna og gera úttekt á ráðuneytum, ríkisstofnunum og embættismannakerfi og gera tillögur til úrbóta. Verkefni nefndarinnar skulu vera m. a. eftirfarandi:

1. Að kanna hlutverk og verkaskiptingu ráðuneyta og ríkisstofnana.
2. Að rannsaka nýtingu vinnuafls og vinnubrögð í ráðuneytum og opinberum stofnunum í því skyni að auka vinnuhagræðingu.
3. Að taka til athugunar húsnæðismál ráðuneyta og ríkisstofnana. Sérstaklega skal kannað, hvort æskilegt sé, að hið opinbera gerist í æ ríkari mæli leigutaki hjá einkaaðilum í stað þess að reisa eigið húsnæði.
4. Að gaumgæfa, hvort ekki sé unnt að koma á auknu stjórnunarlýðræði við ráðuneyti og ríkisstofnanir, og í því sambandi, hvort ekki sé æskilegt, að forstöðumenn ráðuneyta og ríkisstofnana verði ráðnir til skamms tíma í senn.
5. Að finna leiðir til að veita almenningi greiðari aðgang að ráðuneytum og ríkisstofnunum.

Greinargerð.

Allir íslenzkir stjórnmálaflokkar hafa látið í ljós við ýmis tækifæri, að þeir vilji hafa hemil á vexti ríkisbáknsins. Engu að síður vex báknið stöðugt og verður sífellt þyngra í vöfum. Þingsályktunartillaga þessi felur í sér ósk um, að þetta mál verði tekið föstum tökum og ekki látið sitja við orðin tóm.

Nauðsynlegt er að skipuleggja rekstur ríkisstofnana og gera sér fulla grein fyrir hlutverki þeirra. Er eðlilegt, að sum ráðuneytanna virðast vera að mestu hreinar afgreiðslustofnanir, eins og sést bezt á því, að ráðuneytin eru hlaðin einhæfum starfskröftum, svo sem lögfræðingum og viðskiptafræðingum? Eða hvað skyldu vera margir starfsmenn í utanríkisráðuneytinu, sem eru ekki lögfræðimenntaðir, en þetta ráðuneyti á þó að gæta hagsmuna Íslands að því er snertir stjórnmál og öryggismál, utanríkisviðskipti og menningarmál? Mannaráðningarnar í ráðuneytunum sýna betur en nokkur orð, að þau hafa enn varla þróazt frá kansellístiginu.

Breyttir tímar hafa stöðugt í för með sér breytt verkefnaval og vinnuaðferðir. Það er mikilvægt, að einstakir starfsmenn séu ekki um of störfum hlaðnir, þannig að þeir geti ekki sinnt störfum sínum með sóma, á meðan aðrir sitja verkefnalitlir í vinnu sinni. Það þarf að athuga sérstaklega tilfærslu vinnukrafts, ekki aðeins innan sömu stofnunar, heldur og á milli stofnana. Vinnuhagræðingu og afköst ætti að vera unnt að auka.

Á sama tíma, sem bankar reisa stórhýsi út um allar jarðir, er ríkið á hrakhólum með húsnæði og greiðir of fjár fyrir leiguhúsnæði, sem það verður oft og einatt að innrétta á eigin kostnað. Er ekki þörf stefnubreytingar?

Nú er ofarlega á baugi stjórnunarlýðræði, og liggur í augum uppi, að ríkisvaldið ætti að hafa forgöngu um að koma því á við ýmsar ríkisstofnanir. Er þetta í raun og veru hliðstætt við það skólalýðræði, sem nú er að stefnt við ýmsa skóla. Í þessu felst ekki annað en að starfsmenn stofnunar verði aðilar að ákvörðunarvaldinu. Við sumar stofnanir er auðvelt að koma þessu fyrir, t. d. við Ríkisútvarpið. Þar ættu fulltrúar starfsmanna að eiga sæti í útvarpsráði. Sama gildir um tryggingaráð hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Við aðrar stofnanir mætti mynda starfsmannaráð, sem yrði aðili að rekstri fyrirtækisins eða stofnunarinnar.

Mikilvægt er, að ríkisstofnanir dragi sig ekki inn í skel sína, heldur séu opnar og aðgengilegar fyrir almenning. Þær eiga að kynna sig og starfsemi sína og auðvelda almenningi að reka erindi sín. Ríkisstofnanirnar mega ekki verða að skriffinnskuófreskjum, sem almenningur hræðist og hefur óbeit á. Í þessu efni er án efa úrbóta þörf.

Flutningsmenn gera sér fyllilega ljóst, að sú rannsókn og tillögugerð, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, kemur ekki að notum, nema dugandi menn og röskir vinni að henni. Láta verður þeim í té alla aðstoð, sem þeir óska. Kostnaður greiðist að sjálfsögðu úr ríkissjóði og verði nefndinni sett ákveðin tímamörk.

Sþ. 397. Tillaga til þingsályktunar [205. mál]

um vinnuauglýsingar hins opinbera.

Flm.: Bjarni Guðnason, Inga Birna Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gefa út þegar í stað fyrirmæli um það, hvernig auglýsingar um lausar stöður við ráðuneyti, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki skuli vera úr garði gerðar, þannig að viðunandi sé. Þessi fyrirmæli verði síðar höfð til hliðsjónar við endurskoðun laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem nú er fyrirhuguð.

Greinargerð.

Að öllum jafnaði er látið nægja, þegar auglýstar eru stöður hjá hinu opinbera, að greina mjög lauslega frá því, í hverju starfið sé fólgið og hverjir séu æskilegir hæfileikar eða menntun umsækjenda. Yfirleitt er vinnuauglýsingum þessum ábótavant um þrennt:

1. Það er ekki fátítt, að auglýst sé eftir fólki, án þess að greint sé frá því, um hvaða stofnun eða fyrirtæki sé að ræða. Það mætti ætla, að það skipti umsækjendur litlu, hjá hvaða stofnun þeir ynnu. Menn gætu í rauninni sótt um starf hjá fjölmörgum stofnunum hins opinbera án þess að hafa hugmynd um nafn á einni einustu þeirra.

2. Sjaldnast fylgja nokkrar upplýsingar um kaup eða starfsaldurshækkanir, nema í bezta falli, að laun séu samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. En hvað það merkir, er oft óljóst. Starfsheitin ein segja ekki fulla sögu um launakjör, og byrjunarlaun eru annað en laun eftir fulla starfsþjálfun. Að sjálfsögðu verður að gera kröfu til fullrar starfslýsingar í auglýsingum af þessu tagi auk þess, að skýrt sé frá byrjunarlaunum og launum við fulla starfsþjálfun.

3. Í auglýsingum bólar mjög á misrétti milli kynjanna. Það er segin saga, að til flestra láglaunastarfa, svo sem vélritunar, símavörzlu o. fl., er beðið um stúlkur, en til flestra hálaunastarfa er óskað eftir karlmönnum. Þetta vitnar um úreltan hugsunarhátt og er ekki verjandi. Banna á að heimta ákveðið kynferði af umsækjendum.

Í 5. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins frá 1954, þar sem fjallað er um auglýsingar um störf hjá hinu opinbera, vantar þau þrjú atriði, sem að ofan greinir. Á síðasta þingi var lagt fram frumvarp til nýrra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Það fékk ekki afgreiðslu, en í 6. grein þess frumvarps, sem svarar til 5. greinar núgildandi laga, skortir einnig framangreind þrjú atriði. Það er því bersýnilega ekki sjáanleg breyting á þessu.

Án efa mun sumum þykja það mál, sem hér er hreyft, litlu skipta. En svo er þó ekki, ef að er gáð. Allir vita, að eitt mesta vandamál í lýðræðisríkjum er það bil, sem myndast milli ríkisvalds og almennings og virðist fara vaxandi. Þess vegna er nauðsynlegt að svipta hulunni af gerðum hins opinbera, svo að það komi ekki fram eins og leyniregla með dulmálstáknum. Hið opinbera á að sýna almenningi og í þessu tilviki umsækjendum fulla virðingu og kurteisi. Samþykkt þessarar tillögu mundi án efa stefna í rétta átt.

Sþ. 398. Fyrirspurnir. [206. mál]

I. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um varnir gegn sígarettureykingum.

Frá Jóni Skaftasyni.

Hvað hefur verið gert til þess að hrinda í framkvæmd samþykkt Alþingis frá 2. marz 1971 um varnir gegn sígarettureykingum?

II. Til félagsmálaráðherra um tekjustofna sýslufélaga.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 5. maí 1965 um endurskoðun á gildandi reglum um tekjustofna sýslufélaga?

III. Til félagsmálaráðherra um orlofsmerki.

Frá Bjarnfríði Leósdóttur.

Eru hjá póststjórninni seld orlofsmerki, sem ekki hafa verið hafin? Hversu mikið?

Ed. 399. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1.

Undirritaðir nefndarmenn telja, að svo veigamiklar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem boðaðar eru með frv. þessu hefðu þurft að koma miklu fyrr fram og eiga sér lengri aðdraganda. Það er að vísu ekki nýtt, að tekjustofnalögum hafi verið breytt á þessum árstíma og þeim ætlað að gilda við álagningu á gjaldstofna, sem myndu ust árið áður, en það er mjög óæskilegt. Hins vegar munu þess var finnast dæmi, að gerðar hafi verið jafnmiklar breytingar á ýmsum ákvæðum tekjustofnalaga og nú eru boðaðar og þeim ætlað að vera afturverkandi, jafnframt því að vera íþyngjandi fyrir gjaldendur. Sérhver borgari á að

hafa rétt til að taka sínar ákvarðanir og gera sínar ráðstafanir með hliðsjón af þeim lögum, sem í gildi eru á hverjum tíma, og án þess að eiga það yfir höfði sér, að lögunum sé breytt, þannig að ákvarðanir hans hefðu orðið aðrar, ef honum hefðu verið kunnar fyrirhugaðar breytingar. Mjög verður að telja vafasamt, að slíkar lagabreytingar standist, og má benda á nokkra dóma Hæstaréttar, er renna stoðum undir þá skoðun. Þetta frv., ef að lögum verður, gæti boðið upp á málaferli, og úrslit slíkra málaferla geta leitt til þess, að tekjumissir sveitarfélaganna verði enn meiri en frv. sjálft gerir ráð fyrir.

Ljóst er, að undirbúningur frumvarpsins er ónógur og ekki hafa farið fram nægar athuganir á þeim afleiðingum, sem lögfesting þess hefur í för með sér. Á það jafnt við, að því er varðar álagningu á hina einstöku gjaldendur og að því er varðar hag sveitarfélaganna í landinu.

Lítið sem ekkert samráð hefur verið haft við sveitarstjórnasamtökin og þeim enginn kostur gefinn á að eiga aðild að samningu frv. Samning þess og vinnubrögð öll eru með þeim hætti, að til undantekningar verður að telja.

Sjálfstæðismenn hafa sýnt fram á, hve mikil tekjuskerðing sumra sveitarfélaga verður. Má þar sérstaklega benda á ýmsa útgerðarstaði, þar sem mikil og fjárfrek verkefni bíða úrlausnar, svo sem hafnargerðir, gatna- og frárennslisframkvæmdir og úrbætur umhverfis fiskvinnslustöðvar. Verður ekki annað séð en slíkar nauðsynlegar framkvæmdir stöðvist. Hins vegar verður veruleg aukning tekjuútsvara í mörgum sveitarfélögum, þ. e. í flestum sveitahreppanna og víðast þar sem meðaltekjur eru lágar. Hér er þá um óraunhæfar tekjur að ræða, enda mun það koma á daginn, að verulegur hluti þeirra verður óinnheimtanlegur.

Þótt ýmsum sveitarfélögum sé fjár vant, þá mun engin sveitarstjórn kalla yfir sig þau vandamál, sem hljótast af því að innheimta útsvör af þeim, sem hafa svo lágar tekjur, að af þeim verður vart lifað.

2.

Fulltrúaráð Sambands íslenzkra sveitarfélaga ályktaði á fundi sínum 18.—20. janúar s. l., „að tekjustofnakerfi það, sem í frv. felst, gefi alls ekki nægilegt svigrúm til tekjuöflunar. Miðað við svipaða nýtingu tekjustofna sveitarfélaga og á síðasta ári virðist — samkvæmt upplýsingum Efnahagsstofnunarinnar og fleiri aðila — vanta talsvert til, að heildartekjur sveitarfélaga verði þær sömu samkvæmt frv. á þessu ári og þær hefðu orðið samkvæmt gildandi lögum og álagningarreglum sveitarfélaga á síðasta ári, og er þó fullt tillit tekið til lækkunar útgjalda sveitarfélaga".

Þá bendir fulltrúaráðið á, „að hinir ýmsu tekjustofnar hafi misjafna þýðingu í hinum ýmsu sveitarfélögum, og að einnig þess vegna er meiri sveigjanleiki í notkun tekjustofnanna nauðsynlegur en gert er ráð fyrir í frv.," til að vegið verði á móti mismunandi afrakstri hinna ýmsu tekjustofna í sveitarfélögunum.

„Eigi sveitarfélögin að geta haldið þeim framkvæmdahraða, sem þau hafa haft að undanförnu, hvað þá aukið hann, sem víðast hvar virðist nauðsynlegt, er fullljóst, að ákvæði frv. gefa alls ekki nægilega möguleika til tekjuöflunar." Auknar framkvæmdir á vegum sveitarfélaga hafa almennt mun meiri áhrif til aukinnar velferðar stærsta hluta þjóðarinnar heldur en framkvæmdir ríkisins, þar sem sveitarfélagið skapar einstaklingnum hið nánasta umhverfi, sem hann lifir og hrærist í. Aukning framkvæmda sveitarfélaga hefur því mikil velferðaráhrif og getur meira en flest annað stuðlað að betra lífi almennings. Þetta eru röksemdir fyrir aukinni heimild sveitarfélaganna í ráðstöfun þjóðartekna og þar með auknu ráðstöfunarfé þeirra."

3.

Um leið og stórfelld breyting er boðuð á tekjuöflun ríkisins og sveitarfélaga, er nauðsynlegt að endurskoða frá grunni skiptingu verkefna milli þessara aðila.

Þetta hefur ekki verið gert, þrátt fyrir ítrekaðar óskir sveitarfélaganna þar að lútandi. Slík endurskoðun á að leiða til hreinni skipta milli ríkis og sveitarfélaga, aukins sjálfstæðis sveitarfélaganna og tekjustofna í samræmi við aukin verkefni, sem þeim verði falin.

Í málefnasamningi núverandi stjórnarflokka segir: „Endurskoða ber skiptingu verkefna og valds á milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka sjálfsforræði byggðarlaga. Haft verði samráð við Samband íslenzkra sveitarfélaga og samtök sveitarfélaga í einstökum landshlutum um þessa endurskoðun."

Hvorugt hefur verið gert. Miklu fremur má segja, að hér hafi verið stefnt í öfuga átt og stjórnarflokkarnir ekki staðið við þetta fyrirheit sitt fremur en ýmis önnur.

4.

Ljóst er af framansögðu, að frv. þetta mun hafa í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir fjölda sveitarfélaga. Skattbyrði mun þyngjast á þeim, sem sízt skyldi, þegar litið er sameiginlega á þetta frv. og frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt. Endurskoðun verkefnaskiptingar hefur engin verið gerð og undirbúningur frv. er í alla staði ófullnægjandi. Því leggjum við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í heilbrigðis- og félagsmálanefnd Ed. til, að frv. verði vísað frá.

Skipuð verði nefnd, sem í eigi sæti fulltrúar frá Sambandi íslenzkra sveitarfélaga. Þingnefndum verði gefinn kostur á að fylgjast með endurskoðuninni. Endurskoðun tekjustofnalaga fari fram samtímis endurskoðun laga um tekjuskatt og eignarskatt og störf þeirra nefnda, sem að endurskoðun vinna, verði samræmd.

Við endurskoðunina verði þessi meginatriði höfð í huga:

a. Skattlagningu verði þannig hagað, að hún örvi einstaklinginn til framtaks og sparnaðar og auki áhuga hans á þátttöku í atvinnurekstrinum. Þetta mark næst bezt með því að skattleggja fremur eyðslu en sparnað.
b. Dregið verði úr beinum tekjusköttum og lög um söluskatt verði tekin til heildarendurskoðunar og kannað um leið, hvort virðisaukaskattkerfi henti íslenzkum aðstæðum betur en núverandi söluskattskerfi.
c. Í samræmi við það, að dregið verði úr beinum tekjusköttum, verði að því stefnt, að sveitarfélögin ein fái umráð þeirra, en ríkissjóður byggi í framtíðinni tekjuöflun sína eingöngu á óbeinni skattlagningu.
d. Á tekjur einstaklinga og félaga verði lagt tekjuútsvar á grundvelli nettótekna.
e. Verkefnaskipting milli ríkis og sveitarfélaga verði endurskoðuð frá grunni og heimild sveitarfélaga til álagningar útsvara verði miðuð við fjárþörf þeirra vegna aukinna verkefna, sem þeim verði falið að leysa.
f. Stefnt verði að frekari lækkun aðstöðugjalda. Samfara því verði sveitarfélögum séð fyrir réttlátari tekjustofni vegna þjónustu þeirra við atvinnufyrirtæki.
g. Fasteignaskatti verði í hóf stillt og litið á hann sem þjónustuskatt til sveitarfélaga og hámark hans ákveðið í samræmi við það. Sveitarfélögunum verði ekki gert að skyldu að leggja á fasteignaskatt, heldur verði hér um að ræða heimildarákvæði.
h. Tekjum hjóna verði skipt til helminga og útsvar reiknað af hvorum helmingi um sig.

Að öðru leyti vísum við til álits 1. minni hl. fjárhagsnefndar Nd. um þau atriði önnur, sem hafa ber í huga við heildarendurskoðun tekjustofna- og skattalaga.

5.

Verði frávísunartillaga okkar samþykkt, munum við leggja fram nauðsynlegar breytingartillögur við gildandi tekjustofnalög.

Þær munu varða álagningu fasteignaskatta vegna hins nýja fasteignamats, breytingu útsvarsstiga vegna þeirra gjalda, sem ríkissjóður yfirtekur nú frá sveitar-

félögunum, og skattvísitölu, sem ákveðin verði 121.5 stig með hliðsjón af hækkun almennra launatekna 1971 og þeirri stefnu, sem mörkuð var á s. l. ári, að vinna upp á þessu ári og því næsta, að skattvísitalan fylgi hækkun almennra launatekna hverju sinni.

Á það er lögð áherzla, að skattbyrði einstakra gjaldenda aukist ekki frá því, sem er.

Undirritaðir nefndarmenn leggja því til, að frumvarpinu verði vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem allur undirbúningur þessa frumvarps er ónógur og lögfesting þess hefði hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir einstök sveitarfélög og vissa hópa gjaldenda, telur deildin nauðsynlegt, að ætlaður verði meiri tími til endurskoðunar laga um tekjustofna sveitarfélaga, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. marz 1972.

Auður Auðuns, frsm. Oddur Ólafsson.

Sþ. 400. Tillaga til þingsályktunar [207. mál]

um endurskoðun bankakerfisins.

Flm.: Bjarni Guðnason, Inga Birna Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefjast þegar handa um endurskoðun bankakerfisins í því skyni m. a. að vinna að sameiningu banka og fjárfestingarsjóða og koma á vinnuhagræðingu og sparnaði í bankarekstrinum.

Greinargerð.

Hvers vegna sitja stjórnvöld með hendur í skauti, á meðan bankakerfið blæs út?

Hvers vegna fjölgar bönkum stöðugt og bankaútibúum?

Hvers vegna rísa stórhýsi banka, á meðan ríkisstofnanir kúldrast í leiguhúsnæði?

Hvers vegna eru bankaráðin óvirk?

Hvers vegna hafa stjórnmálaflokkarnir skipt bankastjórastöðum við ríkisbanka á milli sín?

Hvers vegna ráða í raun og veru miðstjórnir flokkanna í bankastjórastöður?

Hvers vegna þiggja bankastjórar 13 mánaða laun?

Hvers vegna hefur Seðlabanki Íslands stuðlað að því að sprengja upp lóðarverð í Reykjavík?

Hvers vegna hefur Seðlabankinn seilzt inn á svið, sem honum voru ekki ætluð?

Hvers vegna skagar starfsmannafjöldi Seðlabankans upp í starfsmannafjölda allra ráðuneytanna?

Hvers vegna hafa bankar — einkabankar jafnt og ríkisbankar — greitt lítil sem engin opinber gjöld?

Svarið við þessum spurningum liggur í augum uppi. Bankakerfið er dágott sýnishorn um stjórnleysi nýríkrar þjóðar á verðbólgutímum. En mestu máli skiptir þó, að stjórnmálaflokkarnir hafa kastað eign sinni á bankakerfið. Þeir hafa séð hag sínum borgið með því að hluta á milli sín bankastjórastöðum. Þeir hafa því ekki séð neina ástæðu til að hrófla við skipulaginu. Áhugi á bankamálum tendrast hins vegar, þegar flokkarnir þurfa að koma fulltrúa sínum í bankastjórastöðu, sem þeir telja sig eiga samkvæmt óskráðum úthlutunarreglum. Þá er rokið upp til handa og

fóta og innanflokks bræðravíg hefjast. Þannig hefur myndazt með flokkunum samábyrgð siðspillingarinnar, sem kalla mætti samvinnutryggingar hinar nýju, þar sem iðgjaldið er aðgerðarleysi í ósvinnunni.

Íslendingar verða að sníða sér stakk eftir vexti. Þess vegna er í meira lagi aðkallandi ekki aðeins að sameina banka, heldur og að beita stjórnsemi, hagræðingu og sparsemi við rekstur bankakerfisins.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er talið, að meðal helztu verkefna hennar sé „að endurskoða allt bankakerfið, þ. á m. löggjöf varðandi Seðlabankann og hlutverk hans, og vinna að sameiningu banka og fjárfestingarsjóða.“ Nú hefur ríkisstjórnin setið rúmt hálft ár að völdum, og enn hefur hún ekki gefið sér tíma til að hefjast handa um að hrinda þessu brýna verkefni í framkvæmd. Flutningsmenn þingsályktunartillögunnar eru þeirrar skoðunar, að þetta ákvæði stjórnarsamningsins megi ekki undir neinum kringumstæðum verða bókstafurinn einn. Tillagan er brýning til ríkisstjórnarinnar um að taka nú þegar til óspilltra málanna um endurskoðun bankakerfisins frá rótum.

Sþ. 401. Nefndarálit [84. mál]

um till. til þál. um landgræðslu og gróðurvernd.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fundum sínum og athugað umsagnir, sem borizt hafa frá Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins og Landgræðslunefnd Landverndar. Þar eð ríkisstjórnin hefur, frá því að þessi tillaga kom fram, skipað landgræðslunefnd til að fjalla um þau mál, sem tillagan gerir ráð fyrir, leggur nefndin til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 3. marz 1972.

Gísli Guðmundsson, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr., frsm.	Bjarnfríður Leósdóttir.
Lárus Jónsson.	Stefán Gunnlaugsson.	Björn Fr. Björnsson.
	Ingólfur Jónsson.	

Ed. 402. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp um tekjustofna sveitarfélaga hefur nú um nokkurt skeið verið til athugunar í heilbrigðis- og félagsmálanefnd deildarinnar, þótt margir fundir hafi ekki verið haldnir um málið. Svo hefur virzt, að allur undirbúningur hafi ekki verið svo sem skyldi, því að sjálft stuðningslið ríkisstjórnarinnar hefur talið nauðsynlegt að flytja allmargar breytingartillögur við sitt eigið frumvarp allt fram á síðasta fund nefndarinnar um málið, 1. marz s. l.

Allur málatilbúnaður þessa frumvarps er með þeim hætti, að til fádæma má telja, og þar beitt meira kappi en forsjá. Svo virðist, að það hafi um of setið í fyrirrúmi að flytja breytingartillögur við gildandi skattalög til ríkis og sveitarfélaga — breytinganna vegna, en ekki að sama skapi aðgætt, hverjar afleiðingar umræddar breytingar muni hafa.

Um þessi efni vitna gleggst þau fjölmörgu erindi, sem Alþingi hafa borizt frá fjölmennum samtökum í tilefni af flutningi frv. og ýmist hafa inni að halda algjör mótmæli gegn því, að frv. nái fram að ganga, en til vara eru fluttar óskir um, að ótal breytingar verði gerðar á frumvarpinu, eigi það að ná fram að ganga. Athugasemdir þessar ná allt inn í traustasta stuðningslið ríkisstjórnarinnar sjálfrar, og mun það m. a. orsökin fyrir því, að afgreiðsla málsins í nefnd hefur tekið lengri tíma en upphaflega var ætlað.

Þess ber þó að geta, sem vert er, að þessar sjálfsgagnrýnistillögur eru nokkuð í bótaátt frá frv. sjálfu. Vonandi tekst Alþingi að færa þær enn til bótaáttar.

Meginstefna frumvarpsins um tekjustofna sveitarfélaga, ásamt frv. um tekjuskatt, miðar að því sem heild að þyngja beina skatta á meginþorra allra gjaldþegna þjóðarinnar, og hefur í því sambandi talan 70—80% gjaldenda verið nefnd.

Í þessu sem öðru mun þó reynslan verða ólygnust, þ. e. a. s. skattskráin sjálf, þegar hún kemur fyrir almenningssjónir. Sú bók mun skýra álögurnar annars vegar og loforð núverandi stjórnarflokka fyrir síðustu alþingiskosningar hins vegar um lækkandi skatta, svo að ekki verður um villzt. — Þar munu birtast afleiðingar þeirrar stefnu, sem ríkisstjórnin og stuðningslið hennar er með umræddum frumvörpum að fara inn á.

Erfitt er að ræða efni þessa frv., án þess að jafnframt verði rætt um fylgifrv. þess, sem nú liggur fyrir háttv. Nd., um tekjuskatt, svo samofin sem þessi frumvörp eru, en það mun nánar gert í framsögu.

Alþýðuflokkurinn telur það til bóta í meginstefnu þessara frv., að meginþorri nefskatta skuli lagður niður, og er fullvel ljóst, að í stað þess fjár, sem með þeim hefur verið aflað, verða að koma nýir tekjustofnar, og í því sambandi sé þess sérstaklega gætt að heimila möguleika til jöfnunar útsvara og innheimtu þeirra án tillits til þess, hvar menn eru búsettir.

Meginstefna Alþýðuflokksins í skattamálum er sú, að launafólk greiði ekki tekjuskatt eða útsvar af þeim tekjum, sem nauðsynlegar eru til venjulegs lífsframfæris.

Með þeirri stefnu, sem mörkuð er með þessum frv. ríkisstjórnarinnar, telur Alþýðuflokkurinn þetta ekki tryggt, nema síður sé.

Ég tel, að réttast væri að **vísa þessu frumvarpi til ríkisstjórnarinnar** aftur til framhaldsendurskoðunar, og geri það hér með að tillögu minni.

Ef það er vilji stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar að knýja þetta frumvarp um tekjustofna sveitarfélaga fram óbreytt, eftir að þeirra eigin breytingar hafa verið felldar inn í frv., þá verður þess freistað af hálfu Alþýðuflokksins að flytja breytingartillögur til enn frekari breytinga á frv. í bótaátt, og mun það gert á sérstöku þingskjali.

Endanleg afstaða Alþýðuflokksins til frv. mun ráðast af því, hverja afgreiðslu þessar tillögur fá, ásamt öðrum tillögum, er til bóta horfa, í meðförum Alþingis.

Alþingi, 3. marz 1972.

Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 403. Breytingartillögur [133. mál]

við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (EggÞ).

1. Við 7. gr. Á eftir greininni komi III. kafli í núgildandi lögum, 8. til og með 14. gr., óbreyttur.

2. Við 23. gr.
   a. 4. mgr. falli brott.
   b. 5. mgr. orðist svo:
      Bætur samkvæmt II. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, eru undanþegnar útsvarsálagningu.
   c. Á eftir 5. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Frá tekjum gjaldanda skal draga, áður en útsvar er lagt á:
      a. 50% af launatekjum giftrar konu samkvæmt reglum 2. mgr. og 3. mgr. 3. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt;
      b. hlífðarfatakostnað, fæðiskostnað og annan sérstakan frádrátt til handa sjómönnum samkvæmt reglum 14. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt;
      c. námskostnað og útgjöld vegna menntunar barna samkvæmt E-lið 13. gr. og 2. tl. 1. mgr. 52. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt;
      d. útsvar síðasta árs, hafi það verið greitt að fullu á réttum gjalddögum.

Nd. 404. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Þau tvö skattafrumvörp, sem ríkisstjórnin lagði fram í desember síðastliðnum, voru verr undirbúin og flausturslegar samin en nokkur önnur stjórnarfrumvörp um skattamál, sem lögð hafa verið fyrir Alþingi á undanförnum áratugum. Gleggsta dæmi þessa er það, að allt fram til síðustu daga hafa stjórnarflokkarnir sjálfir og ríkisstjórnin setið á sífelldum fundum til þess að endurskoða frumvörpin. Vitað er, að þegar frumvörpin voru lögð fram í desember, var enn mikill ágreiningur innan stjórnarflokkanna um ýmis mikilvæg atriði. Það hefur tekið meira en tvo mánuði að ná því samkomulagi, sem fram kemur í breytingartillögum þeim, er ríkisstjórnin hefur flutt. Vinnubrögð í nefndum þeim, sem um málin hafa fjallað, hafa verið með þeim hætti, að augljóst hefur verið, að mjög sundurleitar skoðanir hafa verið uppi í stjórnarflokkunum, ekki aðeins milli flokkanna, heldur og innan þeirra. Hvað eftir annað hefur verið boðað til funda, sem síðan hefur orðið að fresta vegna þess, að tillögur, sem vænzt hafði verið, að gætu legið fyrir, reyndust ekki fullunnar. Er raunar ekki víst, að tillögur þær frá ríkisstjórninni, sem nú liggja fyrir við 2. umræðu, séu endanlegar af hennar hálfu. Auk alls þessa er viðurkennt, að með þessum breytingum á skattalögunum sé heildarendurskoðun þeirra af hálfu ríkisstjórnarinnar ekki lokið.

Að sjálfsögðu er það óhæfa, að Alþingi afgreiði gagngerar breytingar á öllu skattkerfi landsmanna meira en tveim mánuðum eftir að skattári lýkur og meira en mánuði eftir að framtalsfresti lýkur. Grundvallarbreytingar á skattalögum á auðvitað að afgreiða fyrir lok skattárs, þannig að skattgreiðandi viti, er hann telur fram tekjur sínar, hverjir skattar hans verða. Þetta á sér ekki stað nú. Framtalsfrestur fyrir einstaklinga rann út 6. febrúar eða fyrir mánuði. Allir hafa vitað, hvaða reglur hafa gilt um greiðslu opinberra gjalda. Eðlilegast væri því nú, að þessum frumvörpum væri báðum vísað aftur til ríkisstjórnarinnar og henni falið að undirbúa málin betur fyrir næsta þing. Þær reglur, sem allir þekkja, yrðu þá í gildi á þessu ári, en ákveða yrði, hver skattvísitalan skyldi vera. Hún hefur svo sem kunnugt er, verið ákveðin með ýmsum hætti á undanförnum árum. Engar lagareglur eru til um, hvernig hún skuli ákveðin. Á erfiðleikaárunum 1968 og 1969 var hún ekki látin breytast neitt, þar eð tekjuþörf ríkisins var þá mikil, og jókst því skattbyrði almennings á þeim árum. Árið 1970 eða á síðasta skattári var hún hins vegar hækkuð um 20%,

enda var þá komið það góðæri, sem enn stendur og fer vaxandi. Í góðæri er eðlilegt að haga ákvörðun skattvísitölu þannig, að tekjuhækkun í krónutölu valdi því ekki, að menn lendi í hærri skattstiga en ella, þ. e. að menn greiði áfram hlutfallslega jafnmikið af tekjum sínum til hins opinbera og áður, þótt tekjur hækki, en ekki aukið hlutfall vegna hækkunar skattstigans. Hugsunin, sem liggur að baki hugmyndinni um skattvísitölu, er einmitt sú, að slíkt sé hægt að tryggja með einföldum hætti. Talið er, að tekjur ársins 1971, sem lagt mun verða á í sumar, séu a. m. k. 21.5% hærri að meðaltali á framteljanda en tekjurnar árið áður, þ. e. þær tekjur, sem lagt var á í fyrra. Þess vegna væri nú eðlilegt að ákveða skattvísitöluna 121.5, ef lagt yrði á eftir núgildandi lögum

Eina mikilvæga breytingu yrði samt nauðsynlegt að gera á skattakerfinu, ef frumvörpunum yrði vísað til ríkisstjórnarinnar og gildandi skattalög yrðu látin gilda á þessu ári eða þangað til vandleg endurskoðun þeirra hefði getað átt sér stað fyrir næsta þing. Þegar tillögur fyrrverandi ríkisstjórnar um hækkun bóta almannatryggingakerfisins voru samþykktar á síðastliðnu vori, en sú hækkun nam um 500 millj. kr., var augljóst, að breyta yrði fjáröflunarkerfi almannatrygginganna, þ. e. hverfa frá því að afla kerfinu tekna með nefsköttum eða almannatryggingagjaldi og sjúkrasamlagsgjaldi, enda var lögð sérstök áherzla á þetta af hálfu Alþýðuflokksins bæði innan þings og utan. Er nauðsyn þessi orðin enn brýnni eftir þær viðbótarhækkanir bóta, sem síðan hafa átt sér stað. Meðan bæturnar voru tiltölulega lágar, var verjandi að afla fjár til þeirra með því að láta alla greiða sömu gjöld, en það er óverjandi að láta tekjulágt fólk og tekjuhátt, ungt fólk og gamalt, greiða sömu upphæð sem almannatryggingagjald og sjúkrasamlagsgjald, eftir að þessar upphæðir eru orðnar verulega háar. Þetta var í raun og veru eina atriðið í skattkerfinu, sem knýjandi nauðsyn bar til að endurskoða nú í haust. Alþýðuflokkurinn var og er fylgjandi því að afnema nefskattana og reiðubúinn til þess að standa að tekjuöflun, sem komi í stað þeirra. Ef frumvörpunum yrði vísað til ríkisstjórnarinnar til nánari athugunar, er Alþýðuflokkurinn reiðubúinn til þess að standa að setningu lagaákvæða um sérstakan almannatryggingaskatt, sem tryggði tryggingakerfinu jafnmiklar tekjur og nefskattarnir, sjúkrasamlagsgjald og almannatryggingagjald, hefðu þurft að færa því eða um 1250 millj. kr. Þennan almannatryggingaskatt mætti hugsa sér sem u. þ. b. 4% skatt af brúttótekjum eða nokkru hærri skatt af nettótekjum. Þetta hefði í för með sér, að sá aðili, sem hefði helmingi hærri tekjur en annar, greiddi helmingi meira til trygginganna. Þeir aðilar, sem hefðu svo lágar tekjur, að þeir greiddu engan tekjuskatt, t. d. gamalt fólk og námsmenn, greiddu ekki heldur neitt til trygginganna, þótt þeir nytu allra réttinda tryggingakerfisins. Með þessu móti væri að fullu séð fyrir fjárþörf almannatryggingakerfisins. Hins vegar yrði komizt hjá því hringli með skattkerfið, sem samþykkt frumvarpanna hefði í för með sér og er óverjandi seint á ferðinni. Tekið hefur verið tillit til þessarar fjárþarfar í öllum áætlunum um heildarskatta þessa árs.

Ef ríkisstjórnin fellst ekki á þær hugmyndir, sem hér hafa verið settar fram, og knýr fram samþykkt frumvarpa sinna, velta menn því skiljanlega fyrir sér, hver muni verða skattbyrðin í ár. Af hálfu stjórnarflokkanna hefur því verið haldið fram, að samþykkt þessara frumvarpa muni ekki hafa í för með sér umtalsverða skattaaukningu miðað við það, sem átt hefði sér stað, ef núgildandi skattalög hefðu verið látin halda gildi sínu. Þessi röksemdafærsla er byggð á því, að miðað er við skattvísitöluna 106.5, en framfærslukostnaður er talinn hafa hækkað um 6.5% milli áranna 1970 og 1971. Með hliðsjón af því, að tekjur hafa aukizt um a. m. k. 21.5% og líklega mun meira, er augljóst, að skattgreiðendur hefðu yfirleitt lent í hærri skattstiga nú í ár en í fyrra, ef miðað er við skattvísitöluna 106.5. Í góðæri eins og því, sem nú er, ætti með skynsamlegri fjármálastjórn að vera hægt að tryggja skattgreiðendum það, að tekjuauki þeirra færi þá ekki í hærri skattstiga og auki þannig skattbyrði þeirra. Fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa birt útreikninga, sem sýna, að miðað við skattvísitöluna 106.5 hefðu álagðir skattar í heild, þ. e. þeir, sem nú er

verið að breyta, orðið á þessu ári 7670 millj. kr., en hefðu orðið 7750 millj. kr. samkvæmt frumvörpunum, eins og þau voru lögð fram. Sé hins vegar miðað við skattvísitöluna 121.5, hefðu heildarskattarnir samkvæmt gildandi kerfi orðið 7040 millj. kr. eða 710 millj. kr. lægri en fyrirhuguð skattlagning samkvæmt frumvörpunum. Það gefur og auga leið, að ekki gat orðið um skattalækkun hjá almenningi að ræða, þegar tekjuskattar til ríkisins eru í fjárlagafrumvarpinu fyrir þetta ár hækkaðir úr 1122.6 millj. kr. í fyrra í 3158.3 millj. kr. í ár. Að vísu er gert ráð fyrir nokkurri lækkun útsvars á móti, en aðeins broti af þessari hækkun.

Við þetta er því að bæta, að ríkisstjórnin hefur á undanförnum tveim mánuðum sem betur fer áttað sig á því, að sú skattheimta, sem gert var ráð fyrir í frumvörpunum frá í desember, náði engri átt. Þess vegna hefur hún flutt ýmsar breytingartillögur, sem miða í þá átt að draga úr skattheimtunni. Verði þær samþykktar, mun heildarskattheimtan í ár verða nokkrum hundruðum milljóna kr. lægri en samkv. upphaflegu frumvörpunum, en skattheimtan mun þó áreiðanlega ekki lækka sem svarar breytingu skattvísitölu úr 106.5 í 121.5, þannig að tvímælalaust verður um aukna skattbyrði í ár að ræða miðað við gildandi lög og skattvísitöluna 121.5.

Fari svo, að ríkisstjórnin fallist ekki á þá hugmynd Alþýðuflokksins að taka frumvörpin til nánari endurskoðunar og tryggja fjárhag almannatrygginganna með álagningu nýs almannatryggingaskatts, vill flokkurinn gera nokkrar breytingar á því frumvarpi, sem hér er um að ræða, frumvarpinu um tekjuskatt og eignarskatt.

Lagt er til að halda í lögum þeim ákvæðum, sem samþykkt voru í fyrra um smávægileg hlunnindi fyrir fólk, sem náð hefur 67 ára aldri, en ríkisstjórnin hefur lagt til að fella þau niður.

Í öðru lagi er lagt til, að sú breyting verði gerð á gildandi lögum, að felld verði úr gildi sú reglugerð, sem gefin var út rétt fyrir áramót og kveður m. a. á um, að framvegis skuli raunverulegur viðhaldskostnaður af íbúðarhúsum ekki frádráttarbær, heldur skuli jafnan telja 1.5% fasteignamats steinhúsa og 2% fasteignamats timburhúsa sem viðhaldskostnað. Alveg óháð því, hvort eðlilegra sé að telja allan viðhaldskostnað frádráttarbæran eða tiltekna hundraðstölu fasteignamats, er fráleitt að láta slíkar breytingar hafa áhrif á liðið skattár, enda mundi slíkt tvímælalaust leiða til mikilla málaferla.

Þá er lagt til, að hraðfrystiiðnaðurinn fái nokkur skattfríðindi til þess að létta honum að framkvæma þær breytingar á framleiðsluaðstöðu sinni, sem nú eru nauðsynlegar vegna nýrrar lagasetningar í Bandaríkjunum.

Í fjórða og síðasta lagi er lagt til, að ríkisstjórnin skuli halda áfram endurskoðun skattkerfisins, og henni í því sambandi falið sérstaklega að athuga þá hugmynd, að allar giftar konur skuli verða sjálfstæðir skattþegnar, hvort sem þær vinna utan heimilis eða ekki. Það á engin áhrif að hafa á skattgreiðslu konu, hvort hún hefur gifzt eða ekki. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að lengst af galt kona þess herfilega, ef hún var gift og aflaði sér sjálfstæðra tekna, þar eð tekjur hennar voru lagðar við tekjur eiginmannsins og þannig greiddur af þeim hlutfallslega miklu hærri skattur en af hliðstæðum tekjum ógiftrar konu. Þetta hefur eflaust átt sinn þátt í því, að karl og kona hafa oft valið þann kost að búa saman án hjónabands, ef það varð til þess að létta skattbyrði. Nokkrar ráðstafanir hafa að vísu verið gerðar á undanförnum árum til þess að bæta úr þessu. Eina fullnægjandi ráðstöfunin er þó sú að gera konu jafnan að sjálfstæðum skattþegni, án tillits til stöðu hennar í hjúskaparfélaginu innan hjónabands eða utan, enda er þetta eitt í samræmi við nútímasjónarmið varðandi mannréttindi. Til þess að þetta geti orðið, verður að ætla giftri konu nokkurn hluta af tekjum eiginmanns sem laun hennar fyrir vinnu á heimilinu, og af þeim tekjum á hún að sjálfsögðu að greiða opinber gjöld. Skattar eiginmanns minnka þá hins vegar á móti. Þetta er róttæk hugmynd, en hin eina, sem leysir til fullnustu vandamál, sem lengi hefur verið á döfinni. Er þessi lausn einmitt um þessar mundir mjög til umræðu í nágrannalöndum, þar sem auðvitað er við sama vandamálið að etja.

Ef frumvörpunum yrði vísað til ríkisstjórnarinnar til nánari athugunar, vill Alþýðuflokkurinn benda á þessi meginsjónarmið, sem endurskoðunin ætti að byggjast á:

1) Gera ætti skattakerfið sem einfaldast og sameina tekjuskatt og útsvar í einn tekjuskatt, sem síðan yrði skipt milli ríkis og sveitarfélaga.

2) Skattstigar ættu að vera stighækkandi, en þannig, að launafólk greiði ekki skatt af þeim tekjum, sem nauðsynlegar eru til lífsframfæris.

Aðaltillaga mín er sú, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**, um leið og ég ítreka stuðning við sérstaka tekjuöflun vegna tryggingakerfisins. Ef það verður fellt, óska ég, að breytingartillögur þær, sem ég flyt á sérstöku þingskjali, komi til atkvæða.

Alþingi, 4. marz 1972.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 405. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (GÞG).

1. Við 6. gr. Á eftir 9. tölul. bætist nýr stafl., svo hljóðandi:
   2. málsgr. E-liðs 15. gr. falli niður.

2. Við 7. gr. Aftan við 4. mgr. bætist inn ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Auk frádráttar samkvæmt 1. mgr. skal draga frá hreinum tekjum einstaklinga, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, fjárhæð, er nemi ⅔ hlutum af fjárhæð frádráttar skv. A-lið 1. mgr. Á sama hátt skal draga frá hreinum tekjum hjóna, sem telja fram saman, sömu fjárhæð fyrir hvort um sig.

3. Við 21. gr. Við greinina bætist nýr töluliður (5), svo hljóðandi:
   Við bætist ákvæði til bráðabirgða (verði IV):
   Heimilt er atvinnufyrirtækjum, sem annast hraðfrystingu á sjávarafurðum til útflutnings, að leggja til hliðar helming af hreinum tekjum ársins 1971 í sérstakan endurnýjunarsjóð til að mæta þeim kostnaði, sem leiðir af breyttum lagaákvæðum í markaðslöndum um hollustuhætti við framleiðslu fiskafurða.
   Nú hefur atvinnufyrirtæki, sem myndað hefur endurnýjunarsjóð, samkv. þessari grein, framkvæmt breytingar og lagfæringar, og skal kostnaður við það dragast frá tekjum sem annar viðhaldskostnaður, en það fé, sem lagt hefur verið í endurnýjunarsjóð, falla til skattgreiðanda á sama ári.

4. Á eftir 22. gr. bætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórnin skal halda áfram athugun á skattakerfinu og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþingi. Í því sambandi skal athugað sérstaklega, að hvort hjóna um sig verði sérstakur skattgreiðandi, þannig að vinni hjón utan heimilis, skuli hvor aðili greiða tekjuskatt af þeim tekjum, sem hann vinnur fyrir, vinni annar aðilinn utan heimilis, skuli þeim, sem engar tekjur hefur, reiknaður til tekna hluti af tekjum hins, þó aldrei hærri fjárhæð en helmingur af tekjum hans.

Nd. 406. Tillaga til þingsályktunar [208. mál]

um Tækniskóla Íslands á Akureyri.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að lýsa yfir þeim vilja sínum, að Tækniskóli Íslands verði fluttur frá Reykjavík til Akureyrar, þó þannig, að heimilt verði, ef nauðsynlegt þykir, að starfrækja í Reykjavík undirbúningsdeild og einstakar bekkjardeildir í tengslum við Tækniskóla Íslands á Akureyri.

Greinargerð.

Í bréfum og ályktunum, sem flm. hafa borizt og prentuð eru sem fylgiskjöl með grg., koma fram rök fyrir því, að tillaga þessi er fram borin. Rétt þykir, að á það reyni, hver áhugi er fyrir því á Alþingi að flytja úr höfuðborginni opinberar stofnanir, sem allt eins vel gætu starfað annars staðar. Hér er lagt til, að neðri deild Alþingis lýsi yfir þeim vilja sínum, að Tækniskóli Íslands verði fluttur frá Reykjavík til Akureyrar, þó þannig, að heimilt verði, ef nauðsynlegt þykir, að starfrækja undirbúningsdeild og einstakar bekkjardeildir í tengslum við Tækniskóla Íslands á Akureyri.

Nánar í framsögu.

Fylgiskjal I.

AKUREYRARBÆR
BÆJARSTJÓRI

Akureyri, 29. febrúar 1972.

Herra alþingismaður.

Hér með sendi ég yður afrit af bréfi til menntamálanefndar efri deildar Alþingis, þar sem skorað er á nefndina að flytja breytingartillögu við frumvarp til laga um Tækniskóla Íslands þess efnis, að skólinn verði á Akureyri. Í bréfi þessu eru færð ýmis rök fyrir máli þessu, sem ég bið yður að hugleiða, áður en þér takið afstöðu til málsins.

Raunhæft landsskipulag og hagkvæm byggðaþróun er hagsmunamál allra Íslendinga, hvar sem þeir búa. Hver staður gegnir sínu hlutverki fyrir þjóðarheildina, og velgengni eins er annars hagur. Það er sérstaklega áríðandi, að ráðamenn þjóðfélagsins geri sér ljóst, að næstu ár munu ráða úrslitum um, hvernig Ísland byggist um langa framtíð, og því er nauðsynlegt, að fjallað verði um öll þau mál, sem haft geta áhrif á byggðaþróun í landinu, af meiri alvöru en nokkru sinni fyrr.

Allir vita, hve miklu tjóni vitlaust skipulag getur valdið bæ eða borg. Þetta á vissulega einnig við um landið sem heild, og er líklegt, að þjóðin standi nú að þessu leyti á tímamótum.

Við lítum á staðsetningu tækniskólans sem prófmál.

Virðingarfyllst,
Bjarni Einarsson.

Hr. Gísli Guðmundsson, alþingismaður,
Alþingi,
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

AKUREYRARBÆR
BÆJARSTJÓRI

Akureyri, 29. febrúar 1972.

Háttvirt menntamálanefnd efri deildar Alþingis mun nú hafa til meðferðar frumvarp til laga um Tækniskóla Íslands. Í fyrstu setningu frumvarpsins er gert ráð fyrir, að skólinn verði í Reykjavík. Af þessu tilefni sendi ég nefndinni afrit af ályktunum Fjórðungsþings Norðlendinga og bæjarráðs Akureyrar, þar sem eindregið er farið fram á, að skólinn verði staðsettur á Akureyri, svo og, að við hugsanlega endurskipulagningu verk- og tækninám verði Akureyri gerð að miðstöð tæknimenntunar á Íslandi.

Það er skoðun undirritaðs og þeirra, sem að ályktunum þessum standa, að þessi aðgerð muni verða sú áhrifaríkasta, sem hugsazt getur til að stuðla að þeirri eflingu Norðurlands, sem flestir virðast sammála um að nauðsynleg sé, a. m. k. þegar samdar eru stefnuskrár stjórnmálaflokka og málefnasamningar gerðir. Raunar tel ég, að allir Íslendingar vilji, að landið byggist upp á skynsamlegan hátt, þannig að lífvænlegar byggðir blómgist og bæirnir úti um land verði þróttmiklar miðstöðvar athafnalífs og þjónustu. En sá hugsunarháttur virðist því miður vera algengur, a. m. k. suðvestanlands og meðal ráðamanna, að uppbygging úti á landi eigi eingöngu að felast í vaxandi útgerð, vinnslu landbúnaðarafurða og bættu samgöngukerfi. Þetta eru vissulega nauðsynlegir þættir uppbyggingarinnar, en þeir munu vissulega ekki duga til í háþróuðu þjóðfélagi, þar sem meiri hluti ungmenna velur sér starfssvið í greinum iðnaðar og þjónustu, og munu því velja sér bústað þar, sem slík atvinnutækifæri bjóðast. Þessi hugsunarháttur, að landsbyggðin eigi að hugsa um fisk og kjöt, en Reykjavík um allt hitt, minnir vissulega á heimsveldishugsjón Kiplings, þar sem Reykjavík virðist eiga að gegna hlutverki Stóra-Bretlands, en landsbyggðin nýlendnanna.

Á árunum 1972 til 1980 munu um 39 300 manns á Íslandi ná tvítugsaldri. Þetta er um það bil fimmtungur þjóðarinnar. Líklegt er, að fjórðungur til þriðjungur þessa fólks, eða 10 000—14 000 manns, muni setjast að annars staðar en þar sem það er upp alið. Þessi hópur hefur aldrei í sögu þjóðarinnar verið eins stór, og að líkindum mun hann aldrei verða hlutfallslega eins stór aftur. Það, hvar þetta fólk sezt að, mun ráða úrslitum um þróun byggðar í landinu um fyrirsjáanlega framtíð. Ef að líkum lætur, ef uppbygging stóriðjufyrirtækja og opinberra stofnana, svo sem æðri menntastofnana, einskorðast við höfuðborgarsvæðið, mun þetta fólk flest flytja suður. En ef umtalið um jafnvægi í byggð landsins er annað en kosningafagurgali, getur ríkisvaldið haft úrslitaáhrif á búsetuval þess. Og þá ber að hafa í huga, að einungis lítill hluti þess mun vinna í fiski og kjöti.

Staðsetning opinberra stofnana er það stjórntæki til áhrifa á byggðaþróunina, sem ríkisvaldið hefur fyllilega á valdi sínu, og getur þar að auki verið það áhrifamesta og ódýrasta miðað við áhrif. Þetta hafa nágrannaþjóðir okkar séð, svo sem Norðmenn og Svíar, og þegar ríkisstjórn sú, sem nú situr, var mynduð, virtust þeir, sem að henni standa, sjá þetta. Þegar þessi mál hafa verið til umræðu á undanförnum árum, þegar nýjar stofnanir hafa verið settar á fót, hefur hagkvæmnisjónarmið stofnunarinnar ævinlega setið í fyrirrúmi og stofnunin lent í Reykjavík, svo sem fiskiðnskólinn.

Því mótmælir enginn, að flutningur opinberrar stofnunar kostar fé og rekstur stofnunar getur kostað meira fyrsta kastið úti á landi en í höfuðborginni. En það er reynsla Norðmanna, að slíkir erfiðleikar verða ævinlega yfirunnir. Og sú er reynslan hér einnig. Menn voru ekki sammála um að stofna menntaskóla á Akureyri né á Laugarvatni, Ísafirði eða Egilsstöðum, og áþekkum rökum beitt gegn því eins og gegn flutningi tækniskólans nú.

Tækniskóli Íslands er ekki hluti af miðstjórnarkerfi ríkisins og getur þess vegna verið annars staðar en í Reykjavík. Skólinn mundi vissulega njóta nálægðar við ýmsar vísinda- og tæknistofnanir í Reykjavík, en eins og í Þrándheimi mundi hann með tímanum hlaða slíku utan á sig hér nyrðra. Hér mundi skólinn vera höfuðstofnun bæjarins, og hann mundi njóta sérstakrar umhyggju bæjarbúa og bæjarstjórnar, en syðra hyrfi hann inn í systemið. Einnig yrði félagsleg staða nemenda þessa skóla hér mun hærri en syðra. Bæjarstjórn býður skólanum framtíðarlóð á þeim bezta stað, sem skipulagsmenn geta fundið honum, án gatnagerðargjalds. Skólinn hefði, hvað kennslukrafta snertir, mikla stoð af M. A. og öfugt, og ekki býst ég við erfiðleikum á að fá væntanlega fasta kennara skólans til að setjast hér að. Akureyri getur boðið slíku fólki fyrsta flokks aðbúnað, sennilega betri en nokkur staður annar á landinu, enda ekki lengur tregða á að fá t. d. háskólamenntaða menn til að setjast hér að, bjóðist atvinna. Menn, sem geta stundað stundakennslu við skólann, eru færri hér en í Reykjavík, en tæknimenntuðum mönnum fjölgar hér nú mjög ört. Hér í bæ búa nú og starfa 14 verkfræðingar úr ýmsum greinum verkfræði, og hefur þeim að undanförnu fjölgað til jafnaðar um einn til tvo á ári. Tæknifræðingar eru hér enn fleiri og fjölgar örar, og stærðfræði- og eðlisfræðimenntaðir menn kenna hér við M. A. og G. A. Verksmiðjurnar hér bjóða upp á mjög góða aðstöðu til þjálfunar framleiðslutæknifræðinga, sem verða mjög þýðingarmikil stétt í framtíðinni, og ýmis önnur aðstaða er hér fyrir hendi, er að verða til eða verður fyrirsjáanlega til á næstu árum, sem koma mun Tækniskólanum að haldi. Þegar á allt er litið, er ekki með nokkru móti unnt að sjá, að neinir óyfirstíganlegir erfiðleikar verði á vegi Tækniskóla Íslands á Akureyri.

Það er með öllu þýðingarlaust að slá því ryki í augu Norðlendinga að segja, að Tækniskóli númer tvö verði staðsettur á Akureyri. Við, sem höfum lesið nefndarálitið frá júní s. l. um framtíðarskipan tæknimenntunar í landinu, gerum okkur ljóst, að þar sem Tækniskóli Íslands eða Tækniháskóli Íslands, ef stofnaður verður, verður að vera fullkomin menntastofnun og sem slík verður mjög dýr, hefur þjóðfélagið alls ekki efni á að koma tveimur slíkum á fót. Fá ár eru síðan tækniháskóli númer tvö var stofnaður í Hollandi.

Það kostar vissulega fé og ákveðna erfiðleika í fyrstu að flytja Tækniskóla Íslands til Akureyrar og gera Akureyri að miðstöð tæknimenntunar í landinu. En hér á landi er það síður að verja stórfé til ýmiss konar framkvæmda, oft lítt arðbærra, til að bæta aðstöðu ýmiss konar plássa á landsbyggðinni til að veiða fisk eða framleiða kjöt. Hér þarf ekki að vera um meiri viðbótarkostnað að ræða en sem samsvarar bryggjustúf, vegarspotta, svo ekki sé nú talað um skuttogara. Og þessi fjárfesting yrði vissulega arðbær, því hún gæti einmitt orðið vítamínsprautan sem Norðurland vantar til, að það fari að vaxa af sjálfu sér.

Ég vil skora á alþingismenn alla að íhuga, hvílíka þýðingu opinberar stofnanir geta haft í þróun byggðarinnar í landinu, séu þær rétt staðsettar. Nefna má fjölda stofnana, sem ekki eru hluti miðstjórnarkerfisins og unnt ætti þess vegna að vera að nota sem tæki til að hafa áhrif á byggðaþróun, og er full þörf á, að mál þessi verði tekin til heillegrar athugunar, því nú eru síðustu forvöð til að skipuleggja landið.

Akureyringar og Norðlendingar aðrir líta á staðsetningu Tækniskólans sem prófmál um alvöru landsfeðra í þessu sambandi, og ég er viss um, að margir aðrir, sem úti á landi búa, eru sama sinnis. Ég vil því skora á háttvirta menntamálanefnd efri deildar Alþingis að sameinast um að flytja breytingartillögu við frumvarp til laga um Tækniskóla Íslands, sem feli í sér, að skólinn verði á Akureyri. Stefnt verði svo að því, að Akureyri verði miðstöð tæknimenntunar í landinu.

Í dag kalla sumir þetta heimsku eina. Um næstu aldamót verður það nefnt framsýni.

Virðingarfyllst,

Bjarni Einarsson.

Fylgiskjal III.

Ályktun Fjórðungsþings Norðlendinga frá 22.—23. október 1969.

IÐNFRÆÐSLAN

Fjórðungsþing Norðlendinga, haldið á Sauðárkróki 22. og 23. október 1969, telur, að gildandi iðnfræðslulöggjöf sé ófullnægjandi, og skorar á yfirvöld menntamála að endurskoða hana og færa til samræmis við fræðslukerfið almennt.

Þá skorar þingið á sömu yfirvöld og Alþingi að taka til gagngerðrar athugunar, hvort eigi sé rétt að flytja Tækniskóla Íslands til Akureyrar, og bendir á fordæmi annarra þjóða, sérstaklega Norðmanna, þessu máli til stuðnings.

Telur þingið, að flutningur þessa skóla til Norðurlands mundi hafa ómetanleg áhrif til eflingar byggðar á Norðurlandi.

Ályktun Fjórðungsþings Norðlendinga 9. og 10. september 1971.

Flutningur ríkisstofnana.

Fjórðungsþing Norðlendinga fagnar þeirri stefnu hæstvirtrar ríkisstjórnar, að stefnt verði að því, að ríkisstofnunum verði valinn staður úti um land meira en nú er gert. Margar ríkisstofnanir hafa engin sérstök tengsl við höfuðborgarsvæðið og allt verksvið þeirra jafnvel utan þess, en með nútíma samgöngum og fjarskiptakerfi geta stofnanirnar verið í sambandi við miðstjórn ríkisvaldsins, hvar sem þær væru í byggðum landsins. Þingið bendir á, að með því að staðsetja slíkar stofnanir í þéttbýliskjörnum sem víðast um landið eykst íbúafjöldi, starfsval og aðrir möguleikar viðkomandi byggðar, en jafnframt nýtist starfslið stofnananna til margvíslegra átaka í félags- og menningarlífi héraðanna.

Fjórðungsþing Norðlendinga bendir á, að ýmsar nágrannaþjóðir okkar, svo sem Norðmenn og Svíar, hafa notað dreifingu menntastofnana sem lið í markvissri byggðastefnu og til varnar gegn atgervisflótta úr fámennari landshlutum. Í því sambandi ítrekar þingið fyrri áskoranir Fjórðungssambands Norðlendinga um, að Tækniskóli Íslands verði á Akureyri, og það tekur undir ábendingar um, að væntanlegur fiskiðnskóli verði reistur á Ísafirði.

Fylgiskjal IV.

Akureyri, 18. nóvember 1970.

Bæjarstjórn hefur á fundi sínum í gær samþykkt eftirfarandi úr gerðabók bæjarráðs, dags. 12. nóvember s. l.:

Ályktun um flutning Tækniskóla Íslands o. fl. til Akureyrar.

Bæjarráð leggur til, að bæjarstjórn samþykki eftirfarandi ályktunartillögu:

„Bæjarstjórn Akureyrar telur veigamikinn þátt í eflingu byggðar á Íslandi vera skynsamlega og hagkvæma dreifingu æðri menntastofnana um landið, og fagnar bæjarstjórn því, sem þegar hefur áunnizt í því efni. Bæjarstjórn Akureyrar bendir á, að á Akureyri er nú fyrir hendi þýðingarmikill grundvöllur æðri menntunar, þar sem eru Menntaskólinn á Akureyri, undirbúningsdeild tækniskóla, Amtsbókasafnið og Héraðsskjalasafnið, fullkomnasti grasagarður landsins og merkilegt náttúrugripasafn. Telur bæjarstjórn eðlilegt og sjálfsagt, að byggt verði áfram á þessum grunni, og lýsir fyllsta stuðningi sínum við framkomna þingsálykt-

unartillögu um dreifingu menntastofnana. Með hliðsjón af framansögðu og með tilliti til þróunar í nágrannalöndum skorar bæjarstjórn Akureyrar á hæstvirta ríkisstjórn Íslands að taka til vandlegrar athugunar, hvort eigi sé rétt og þjóðhagslega hagkvæmt að flytja Tækniskóla Íslands til Akureyrar, svo og eitthvað af starfsemi Háskóla Íslands. Til að auðvelda slíkt býðst bæjarstjórn til að láta ríkinu í té endurgjaldslaust lóðir á mjög hentugum stað á Akureyri fyrir skóla þessa."

Þetta tilkynnist yður hér með.

Menntamálaráðherra,
dr. Gylfi Þ. Gíslason,
Arnarhvoli,
Reykjavík.

Fylgiskjal V.

Akureyri, 5. nóvember 1971.

Bæjarráð hefur á fundi sínum í gær gert eftirfarandi bókun:

Tækniskóla Íslands boðin lóð — tillaga.

Lögð var fram og samþykkt svo hljóðandi tillaga frá Bjarna Einarssyni, bæjarstjóra, og Stefáni Reykjalín, bæjarráðsmanni:

„Bæjarráð Akureyrar leggur til, að Tækniskóla Íslands verði boðin framtíðarlóð á sem hentugustum stað á Akureyri. Verði forráðamönnum skólans boðið að velja lóð þessa í samráði við skipulag bæjar og ríkis.

Þar sem fyrir dyrum standa athuganir á flutningum opinberra stofnana frá höfuðborgarsvæðinu, svo sem er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar, og framtíðarskipan tæknimenntunar á Íslandi er á athugunarstigi, heitir bæjarráð á Alþingi og ríkisstjórn að láta kanna gaumgæfilega, hvort eigi sé rétt að byggja höfuðstöðvar tæknimenntunar í landinu upp á Akureyri, og bendir bæjarráð á fordæmi Norðmanna í því sambandi.

Bæjarráð telur, að varla muni völ á áhrifaríkari aðgerðum til tryggingar farsællar byggðaþróunar í landinu, og færi vel á, að Tækniskóli Íslands eða tæknihaskóli Íslands hæfi starfsemi í eigin húsnæði á Akureyri 1974."

Þetta tilkynnist yður hér með.

Fylgiskjal VI.

Akureyri, 11. febrúar 1972.

Á fundi bæjarráðs Akureyrar hinn 10. febrúar s. l. var gerð svo hljóðandi ályktun:

„Bæjarráð Akureyrar skorar á hæstvirta ríkisstjórn og Alþingi að endurskoða frumvarp til laga um Tækniskóla Íslands með tilliti til staðsetningar skólans, sbr. ályktanir bæjarstjórnar og bæjarráðs Akureyrar frá 12. nóvember 1970 og 5. nóvember 1971, svo og ályktanir Fjórðungsþings Norðlendinga frá 1969 og 1971. Verði verk- og tæknimenntun á Íslandi endurskoðuð sem heild, sbr. nefndarálit um það mál frá júní 1971, fer bæjarráð eindregið fram á við hæstvirta ríkisstjórn, að Akureyri verði gerð að miðstöð tæknimenntunar á Íslandi. Bendir bæjarráð á fordæmi Norðmanna í þessu sambandi og telur þetta einhverja áhrifaríkustu aðgerð, sem völ er á, til jafnvægis byggðar í landinu."

Þetta tilkynnist yður hér með.

Ed. 407. Frumvarp til laga [209. mál]

um sölustofnun niðursuðuiðnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Sölustofnun niðursuðuiðnaðarins er sjálfstæð stofnun með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili og varnarþing hennar er í Reykjavík.

Stofnaðilar sölustofnunarinnar eru íslenzka ríkið og atvinnurekendur í niðursuðu- og niðurlagningariðnaði.

2. gr.

Hlutverk sölustofnunar niðursuðuiðnaðarins er að efla á skipulegan hátt framleiðslu og útflutning á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum, svo og á rækju og öðrum skelfiski fyrir aðila stofnunarinnar, sé þess óskað. Í því skyni skal stofnunin meðal annars:

a) annast sölu og dreifingarstarfsemi á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og öðrum fullunnum sjávarafurðum, og skipuleggja markaðsleit og markaðsöflun erlendis með upplýsinga-, auglýsinga- og þjónustustarfsemi eins og nauðsynlegt telst og fjárhagsgeta leyfir hverju sinni;
b) annast alla sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum samkvæmt vöruskiptasamningum, sem gerðir hafa verið við önnur ríki fyrir milligöngu ríkisstjórnarinnar;
c) hafa með höndum gæðaeftirlit með framleiðslu þeirra aðila, sem þátttakendur eru í samtökunum, í þeim tilgangi að tryggja að sem bezt sé vandað til framleiðslunnar og hún uppfylli staðlaðar kröfur;
d) samræma framleiðslu verksmiðjanna eftir áætlaðri þörf og markaðshorfum hverju sinni;
e) annast sameiginlegan innflutning fyrir aðila stofnunarinnar eftir því, sem óskað er. Einnig skal stofnunin leitast við að tryggja niðursuðuverksmiðjum þær umbúðir sem nauðsynlegar eru og fullnægjandi hverju sinni. Í því skyni er stofnuninni heimilt að gerast eignaaðili í dósa- og umbúðaverksmiðju;
f) fylgjast með og greiða fyrir öflun hráefnis til niðursuðu og niðurlagningar og annarrar framleiðslu á vegum þátttakenda. Skal stefnt að því, að gott hráefni sé ekki flutt úr landi óunnið, á meðan íslenzkur iðnaður býr við hráefnisskort;
g) vinna að því í samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins að auka fjölbreytni í framleiðslu niðursuðuverksmiðjanna og annarra þátttakenda í samtökunum með leiðbeiningum um nýjar framleiðslugreinar. Skal stofnunin leitast við að veita allar upplýsingar um framleiðslu og sölu, sem verksmiðjurnar þurfa á að halda, og jafnframt skal að því stefnt að koma á fót tækniþjónustu.

3. gr.

Atvinnurekendur í niðursuðuiðnaði, sem vilja eiga aðild að sölustofnun niðursuðuiðnaðarins, þurfa að gefa um það skriflega yfirlýsingu og eru þeir þá bundnir af aðild sinni í a. m. k. eitt ár og geta ekki slitið henni nema með eins árs fyrirvara miðað við áramót. Með aðild sinni fela atvinnurekendur stofnuninni sölu á allri framleiðslu sinni á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum erlendis, og er þeim óheimilt að selja vöru sína úr landi án milligöngu eða heimildar stofnunarinnar.

Öll framleiðsla, sem seld er á vegum stofnunarinnar, skal bera vörumerki hennar eða þá vörumerki, sem stjórn hennar samþykkir hverju sinni.

Félagsaðilum ber að hlýða þeim fyrirmælum stjórnarinnar, sem hún setur með það fyrir augum að auka gæði framleiðslunnar. Er stjórn stofnunarinnar heimilt að neita um leyfi til útflutnings á þeirri framleiðslu, sem ekki stenzt þær kröfur, sem

gerðar eru um gæði, og skal atvinnurekandi bera allan skaða af slíku banni. Einnig er heimilt að beita refsiaðgerðum samkvæmt sérstakri reglugerð, sem samþykkt hefur verið af fulltrúaráði, ef atvinnurekandi stendur ekki við skuldbindingar sínar skv. lögum þessum eða gerist brotlegur við reglur stofnunarinnar um gæði framleiðslunnar.

4. gr.

Atvinnurekendur, sem aðild eiga að stofnuninni, mynda fulltrúaráð, sem skipað er 1 fulltrúa fyrir hvert fyrirtæki.

Ráðherra skipar stofnuninni 5 manna stjórn til þriggja ára í senn og skulu tveir tilnefndir af aðalfundi fulltrúaráðs, einn samkvæmt tilnefningu viðskiptaráðuneytisins, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins, en einn án tilnefningar og er hann jafnframt formaður stjórnarinnar. Þá tilnefnir ráðherra einnig varaformann, en stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Ráðherra ákveður þóknun fyrir störf stjórnarinnar. Reikningar stofnunarinnar skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, er ráðherra skipar til þriggja ára í senn. Eftir hver áramót skal stjórnin gefa ráðherra ítarlega skýrslu um starfsemina á liðnu ári og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Ársreikning skal birta í B-deild Stjórnartíðinda. Stjórnin boðar fulltrúaráð stofnunarinnar til aðalfundar hvert ár. Aukafundi skal boða, þegar þurfa þykir. Fulltrúaráð skal boða til aukafundar, ef tveir stjórnarmenn eða helmingur fulltrúaráðs krefst þess. Fundir fulltrúaráðs skulu boðaðir með símskeyti með minnst viku fyrirvara.

Að 5 árum liðnum frá gildistöku laganna, þegar framlag ríkissjóðs skv. 5. gr. og ákvæði 6. gr. um útflutningsgjöld falla niður, skulu ákvæði seinustu mgr. um stjórn stofnunarinnar breytast þannig, að 3 stjórnarmeðlimir verði tilnefndir af aðalfundi fulltrúaráðs, en 2 af ráðherra samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Fulltrúaráð er ráðgefandi um allan rekstur og stefnumörkun stofnunarinnar.

Aðili stofnunarinnar, sem ekki hefur framleitt niðursoðnar eða niðurlagðar sjávarafurðir eða flutt út á vegum stofnunarinnar á síðustu 12 mánuðum, hefur ekki atkvæðisrétt á fundum fulltrúaráðsins.

Á aðalfundi fulltrúaráðs skal leggja fram reikninga ásamt sölu-, framleiðslu- og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, sem er prókúruhafi fyrir stofnunina og annast almennan rekstur í samráði við stjórnina. Staða framkvæmdastjóra skal ákveðin í samræmi við launakerfi starfsmanna ríkisins.

5. gr.

Sölustofnun niðursuðuiðnaðarins verður aflað tekna til starfseminnar á eftirfarandi hátt:

a) Ríkissjóður leggur fram sem óendurkræft framlag 20 milljónir króna ár hvert, fyrstu fimm starfsárin.
b) Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd stofnunarinnar lán, sem nemur allt að 100 milljónum króna.
c) Niðursuðuverksmiðjurnar greiða sölulaun til stofnunarinnar, sem nota skal til að mæta sölukostnaði, og skal hundraðshlutinn vera ákveðinn að fenginni umsögn fulltrúaráðs.
d) Stofnuninni er heimilt að taka umboðslaun fyrir þær vörur, sem hún flytur inn eða útvegar samkvæmt ákvörðun stjórnar.

6. gr.

Í næstu fimm ár skulu öll útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum, söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum ufsaflökum, hraðfrystum og sykursöltuðum þorskhrognum og salt- og kryddsíld undanþegin hinum almennu ákvæðum um útflutningsgjöld, en renna þess í stað í sérstakan sjóð til eflingar niðursuðu- og niðurlagningariðnaðinum og útflutningi hans skv. 7. gr.

7. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sbr. 6. gr., sem hefur það verkefni að efla niðursuðuiðnaðinn, auka tilraunir með nýjar vörutegundir og afla þeim markaða erlendis.

Sjóður þessi lýtur stjórn sölustofnunarinnar undir yfirumsjón ráðherra.

8. gr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum stjórnarinnar.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, var undirbúið af nefnd, sem skipuð var af iðnaðarráðherra hinn 31. ágúst 1971 til að fjalla um vandamál niðursuðuiðnaðarins. Nefndin kynnti sér ítarlega ástandið og hélt fund með framleiðendum og ýmsum fagmönnum í iðngreininni, þar sem efni frumvarpsins var rætt og gerðar á því ýmsar breytingar skv. ábendingum framleiðenda.

Frumvarpinu fylgir svo hljóðandi greinargerð:

Eins og margoft hefur verið bent á af ýmsum fag- og áhugamönnum um íslenzkan fiskiðnað, er hægt að auka verulega þjóðar- og gjaldeyristekjur Íslendinga með fullvinnslu sjávaraflans. Þótt verulegt átak hafi verið gert í þessa átt á undanförnum árum, sem leitt hefur til aukinnar verðmætissköpunar, hefur það ekki náð nema til hluta sjávaraflans, aðallega þess hluta, sem fer til frystingar. Enn er stór hluti íslenzks fiskmetis fluttur út sem hráefni fyrir fiskiðnað annarra þjóða, eða seldur til bræðslu innanlands, þar sem ekki er sá iðnaður fyrir hendi, sem skapað gæti úr honum meira verðmæti.

Það orkar ekki tvímælis meðal fræðimanna á sviði hagvísinda, að sérhverju ríki er eðlilegast og hagkvæmast að byggja upp iðnað sinn á grundvelli þeirra náttúruauðlinda, sem þær hafa sjálfar yfir að ráða. Þróun ríkja er m. a. metin eftir því, á hve háu vinnslustigi framleiðsla þeirra er seld úr landi.

Varla þarf að taka það fram hér, að sjávarafli okkar Íslendinga er sú auðlind, sem við eigum auðugasta og sem hefur verið uppistaðan undir meginhluta iðnaðar okkar fram til þessa. Það hlýtur því að vera eðlilegur liður í íslenzkri iðnaðarstefnu að halda áfram að byggja upp þær atvinnugreinar, sem grundvallast á vinnslu sjávarafla og miða að því að skapa þau verðmæti úr hráefninu, sem tækniþróunin gerir mögulegt hverju sinni og aðstaðan á hinum erlendu mörkuðum leyfir.

Ef litið er yfir stöðu íslenzks fiskiðnaðar í dag er augljóst, að ákveðin stöðnun hefur átt sér stað og flestar fullvinnslugreinarnar ekki náð þroska. Gildir þetta sérstaklega um niðursuðu- og niðurlagningariðnaðinn, sem ennþá er á frumstigi. Borið saman við nágrannaþjóðir okkar, sem lengst eru komnar í fiskiðnaði og bjóða upp á fjölbreytt úrval fiskrétta í dósum, pökkum og túpum, verður ljóst, að við höfum dregizt aftur úr. Á sama tíma hafa breytingar átt sér stað í neyzluvenjum og í dreifingarkerfi stærstu markaðslandanna, sem auðveldar mjög sölu á ofangreindum vörutegundum.

Á undanförnum árum hefur þó ýmislegt verið gert til að örva uppbyggingu niðursuðuiðnaðarins og ýmsar sérskýrslur verið unnar um hina ýmsu þætti hans. Merkust þessara úttekta voru markaðsrannsóknir, sem unnar voru af fyrirtækinu Stevenson & Kellogg. Í niðurstöðu þeirra rannsókna er sú skoðun sett fram, að mögulegt væri að tífalda núverandi útflutning okkar af niðursuðuvörum. Til að ná þessu markmiði verður þó umfangsmikil markaðsöflun að fara fram á hinum erlendu mörkuðum með auglýsinga- og sölustarfsemi.

Þegar nefnd sú, sem skipuð var af iðnaðarráðherra 30. ágúst s. l. til að fjalla um vandamál niðursuðuiðnaðarins, fór að kynna sér stöðu þessarar iðngreinar, varð

henni ljóst, að markaðsmálin væru veikasti hlekkurinn í þeirri keðju. Hin íslenzku niðursuðu- og niðurlagningarfyrirtæki eru bæði of smá og févana til að ryðja sér braut á erlendum mörkuðum. Það hefur því aldrei tekizt að afla stöðugra og tryggra markaða. En þær markaðstruflanir, sem stöðugt komu upp, verkuðu neikvætt á rekstur verksmiðjanna og komu í veg fyrir nútíma hagræðingu í framleiðslunni og trygga hráefnisöflun. Smæð verksmiðjanna hefur einnig leitt til þess, að þær hafa haft erfiða innkaupaaðstöðu með hærra einingarverði á dósum og hjálparefnum og ótryggari afgreiðslu en eðlilegt má teljast.

Óhugsandi er, að iðngreinin nái að þróast við núverandi aðstæður. Til að byggja upp niðursuðuiðnað á Íslandi er nauðsynlegt að skapa honum sömu samkeppnisaðstöðu og hinir erlendu keppinautar hafa. Nær það bæði til uppbyggingar sölukerfis erlendis og skipulagningar og hagræðingar heildarframleiðslunnar heima fyrir. Þó er ljóst, að það átak, sem gera þarf, sérstaklega í markaðsmálum, fer langt fram úr fjárhagsgetu niðursuðuverksmiðjanna í dag.

Því er lagt til í frumvarpinu, að stofnuð verði sölustofnun niðursuðuiðnaðarins, sem hafi víðtæku þjónustuhlutverki að gegna. Aðalverkefni hennar yrði þó að annast sölu- og dreifingarstarfsemi fyrir hönd niðursuðuverksmiðjanna á erlendum mörkuðum. Gerir frumvarpið ráð fyrir, að sölusamtökin selji íslenzka framleiðslu undir einu vörumerki og annist auglýsingastarfsemi erlendis. Einnig gerir frumvarpið ráð fyrir því, að sölusamtökin annist sameiginleg innkaup fyrir meðlimi sína, sem stuðla mundi að því að lækka framleiðslukostnaðinn. Jafnframt þessu er gert ráð fyrir að efla framleiðslugetuna innanlands og auðvelda reksturinn, svo að verksmiðjurnar geti mætt þeirri eftirspurn, sem skapast við starfsemi sölusamtakanna.

Tilveru samtakanna og samræmingu framleiðslunnar við áætlaða markaðsmöguleika er ætlað að auka öryggið við framleiðsluna og fyrirbyggja óheppilega samkeppni og undirboð, sem fram til þessa hafa skaðað iðngreinina.

Miðað við þjóðhagslegt gildi þess að koma upp öflugri iðngrein, sem byggist á fullvinnslu íslenzkra sjávarafurða og stuðlar að aukinni verðmætissköpun og gjaldeyristekjum, þykir eðlilegt að hið opinbera styrki starfsemina með beinum fjárframlögum, enda verði ekki skapaður grundvöllur undir þessa starfsemi á annan hátt.

Verður nú farið lauslega yfir helztu ákvæði frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í frumvarpi því, sem hér liggur frammi, er gert ráð fyrir, að íslenzka ríkið og atvinnurekendur í niðursuðu- og niðurlagningariðnaðinum séu stofnendur sölustofnunar niðursuðuiðnaðarins.

Um 2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að efla á skipulegan hátt framleiðslu og útflutning á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum. Með tilliti til þess, að vinnsla og frysting á rækju og öðrum skelfiski er einnig verkefni fjölda niðursuðuverksmiðja, þykir eðlilegt að láta sölustofnunina ná til þeirra vörutegunda, ef meðlimir samtakanna óska þess, þó ekki sé ætlunin að fara inn á starfssvið annarra sölusamtaka. Geta þá niðursuðuverksmiðjur, sem frysta rækju og annan skelfisk ákveðið sjálfar, hvort þær selja þá framleiðslu í gegnum sölustofnun niðursuðuiðnaðarins eða fyrir milligöngu annarra sölusamtaka. Mikilvægasta verkefnið á þessu sviði er að annast sölustarfsemi erlendis, með þeim tækjum, sem nútíma markaðsstarfsemi býður upp á og sem samkeppnin á hinum erlendu mörkuðum krefst.

Eins og kunnugt er hafa ríkisstjórnir landsins á undanförnum árum beitt sér fyrir vöruskiptasamningum á milliríkjagrundvelli, aðallega þó í viðskiptalöndum okkar í Austur-Evrópu. Í þeim rammasamningum, sem þannig hafa verið gerðir, er reynt að tryggja ákveðinn kvóta af niðursuðuvörum. Með tilliti til þess, að grund-

völlurinn að slíkum viðskiptum er lagður að frumkvæði og milligöngu hins opinbera, þykir eðlilegt, að sölustofnun niðursuðuiðnaðarins annist allan þann útflutning til þeirra landa, einnig þótt um framleiðslu verksmiðja sé að ræða, sem ekki eru meðlimir að stofnuninni, eins og gert er ráð fyrir í lið b) annarrar greinar frumvarpsins.

Þar sem algjörlega hefur skort heildaryfirlit yfir sölumöguleika niðursuðuiðnaðarins á erlendum mörkuðum ár hvert og engin samræming hefur verið á framleiðslunni innanlands, miðað við framleiðslugetu annars vegar en sölumöguleika hins vegar, hefur starfsemin öll oft á tíðum verið fálmkennd. Þetta hefur orðið til þess, að tveir aðilar eða fleiri hafa verið að framleiða fyrir sama markaðinn, sem leitt hefur til undirboða og spillt því, að bezta verðið fengist fyrir vöruna. Einnig hefur þetta ástand leitt til þess, að óseljanlegar birgðir hafa safnazt upp, en allt hefur þetta ástand haft truflandi áhrif á hráefnisöflun.

Í lögum þessum er því gert ráð fyrir, að sölustofnunin leitist við að áætla markaðsgetuna á hverjum tíma eftir markaðssvæðum og vörutegundum og samræmi framleiðslu verksmiðjanna með tilliti til þeirrar áætlunar, sbr. d)-lið annarrar greinar frumvarpsins.

Einn af núverandi erfiðleikum niðursuðuiðnaðarins er ófullnægjandi þjónusta dósa- og umbúðaverksmiðja í landinu. En vel starfandi dósaverksmiðja, sem svarar tæknikröfum iðnaðarins hverju sinni, er alger forsenda fyrir því, að hægt sé að hafa þá snerpu og sveigjanleika í framleiðslu og afgreiðslu, sem markaðurinn gerir kröfur til. Í dag er verið að endurskipuleggja og stækka þá dósaverksmiðju, sem fram til þessa hefur verið starfrækt við ófullnægjandi skilyrði. Er þess að vænta, að hún geti veitt niðursuðuiðnaðinum fullnægjandi þjónustu, þegar þeim breytingum er lokið. Til að tryggja sem bezt samstarf framleiðenda við þennan mikilvæga þjónustulið, er kveðið á um það í frumvarpi þessu, að sölusamtökin hafi heimild til að gerast hluthafi í dósaverksmiðju, enda sé um gagnkvæma hagsmuni beggja aðila að ræða. Þá var einnig gert ráð fyrir því, við samning frumvarpsins, að hægt væri að lækka framleiðslukostnaðinn með sameiginlegum innkaupum á hjálparefnum og umbúðum fyrir verksmiðjurnar, sbr. 2. gr. e).

Eins og oft hefur verið bent á hafa markaðsmálin ekki verið einu erfiðleikar niðursuðuiðnaðarins, heldur hefur öflun hráefnis einnig átt þar hlut að máli, en fram koma svo áberandi víxlverkanir þessara tveggja meginþátta. Er hér annars vegar um að ræða erfiðleika, sem eiga sér náttúrlegar orsakir, en hins vegar erfiðleika, sem eiga sér rætur í veikri fjárhagsstöðu verksmiðjanna. Hið síðarnefnda birtist í því:

a) að flotinn hefur takmarkaðan áhuga á því að landa reglulega því hráefni, sem iðnaðurinn þarfnast og í því ástandi, sem hann þarfnast;
b) erfiðri samkeppnisaðstöðu verksmiðjanna við erlenda hráefniskaupendur, sem í flestum tilfellum ráða yfir sterkari greiðslugetu en hinir innlendu aðilar. Þetta hefur leitt til hráefnaskorts hjá íslenzkum verksmiðjum meðan sama hráefni hefur verið flutt til útlanda.

Það er mikilvæg forsenda fyrir hagkvæmum rekstri verksmiðjanna, að tryggð sé stöðug hráefnisöflun, svo að stöðugleiki náist í framleiðslunni og ekki standi á afgreiðslum. Í þessu skyni gerir frumvarpið ráð fyrir því, sem hlutverki sölustofnunar niðursuðuiðnaðarins, að hún aðstoði verksmiðjurnar við hráefnisöflun og annist þá fyrirgreiðslu og milligöngu um hráefnisöflun, sem þær megna ekki sjálfar. Er hér miðað að því, að stofnunin geri árlegar skýrslur um framleitt hráefni annars vegar og hráefnisþörf verksmiðjanna hins vegar.

Um 3. gr.

Sérhverri verksmiðju er frjálst, hvort hún gerist aðili að samtökunum eða ekki. Hugmyndin, sem að baki þessu frumvarpi liggur, er hins vegar sú að gera

sölustofnunina það öfluga, að sem flestir atvinnuveitendur sjái sér hag í því að gerast aðilar.

Það er augljóst mál, að ekki er hægt að skipuleggja það sameiginlega átak, sem gera þarf, nema aðildarfélögin lúti nokkuð ströngum reglum um vörugæði og framleiðslu, sem stjórnin setur þeim, eins og reynsla annarra svipaðra sölusamtaka hefur þegar sýnt. Þýðingarmesta ákvæðið, sem aðild að sölustofnuninni leggur verksmiðjunum á herðar, er það, að sameina alla framleiðsluna undir einu íslenzku vörumerki, en slíkt er alger forsenda þess, að hægt sé að ná varanlegum árangri á erlendum mörkuðum. Sölustofnunin þarf síðan að ganga strangt eftir því, að framleiðendur uppfylli hina sameiginlegu stöðlun vörunnar og þær gæðakröfur, sem gerðar verða.

Um 4. gr.

Það sjónarmið hefur almennt verið viðurkennt, að eðlilegt sé að hið opinbera skipi hluta af stjórn sölustofnunarinnar og er þá haft í huga, að ríkissjóði er ætlað að leggja fram stórtæk, óafturkræf framlög til stuðnings þessari starfsemi, auk þess, sem samtök atvinnurekenda eru í dag bæði veik og sundurleit. Að öðru leyti er stjórn stofnunarinnar byggð upp með svipuðum hætti og önnur hliðstæð sölusamtök á Íslandi.

Um 5. gr.

Eins og að ofan er getið eru fyrirtæki niðursuðuiðnaðarins bæði smá og í flestum tilfellum févana. Flest þau iðnaðarfyrirtæki, sem starfandi eru á Íslandi í dag eru byggð upp fyrir innanlandsmarkað, þar sem salan hefur að öðru jöfnu verið nokkuð trygg. Því hefur hinum íslenzku iðnfyrirtækjum, sem aðallega framleiða til útflutnings, eins og flestar niðursuðuverksmiðjurnar gera, stundum sést yfir, að uppbyggingu fyrirtækisins og fjárfestingu er ekki lokið við byggingu húsnæðis og uppsetningu véla og tækja, heldur verður að reikna viðbótarupphæð, sem numið getur einum þriðja af ofangreindu, til að ná fótfestu á erlendum mörkuðum. En öll verður þessi starfsemi dýrari, þeim mun stærri og fjársterkari sem hinar erlendu samsteypur verða. Sú mikla sölustarfsemi, sem hefja þarf til að koma fótum undir íslenzka niðursuðuiðnaðinn verður ekki framkvæmd nema aðstoð hins opinbera komi til fyrstu árin, eins og fimmta grein frumvarpsins gerir ráð fyrir. Auk þessa er stofnuninni ætlað að hafa fastar tekjur af starfsemi sinni, sem á að geta staðið undir rekstrarkostnaðinum, þegar fram í sækir. En rétt er hér að minna á það, að vel skipulögð auglýsinga- og markaðsstarfsemi erlendis er fjárfesting, sem skilar sér aftur í þjóðarbúið og það með góðum verðmætisauka, ef vel er á málunum haldið.

Um 6. og 7. gr.

Ef litið er á fullvinnslu sjávarafla, þ. e. niðursuðu, niðurlagningu, túpu- og pakkamat sem eina heild, er um verðmætan hluta matvælaiðnaðarins að ræða, sem á sér bæði mikla útþenslu- og þróunarmöguleika. Til að tryggja stöðuga þróun og eðlilegan vöxt í þessari grein er nauðsynlegt að samtök iðnaðarins hafi yfir einhverjum tekjum að ráða, sem ekki einungis séu ætlaðar þeirri hlið, sem að mörkuðum snýr, heldur einnig þeirri, sem snýr að framleiðslu- og tilraunastarfsemi með nýjar vörutegundir. Ákvæðum 6. og 7. greinar frumvarpsins er ætlað að tryggja stofnuninni slíkan sjóð, sem ekki verður aflað betur tekna á annan hátt en með því að taka við þeim útflutningsgjöldum, sem lögð eru á niðursuðuvörur og það hráefni, sem selt er hálfunnið úr landi. Ef það fé verður notað á réttan hátt til tilrauna- og vísindastarfsemi, sem síðan skilar framleiðslunni nýjum og bættum vörutegundum er um margföldun þjóðarverðmæta að ræða. Ekkert er því til fyrirstöðu, að Ísland verði forustuþjóð í fullvinnslu sjávarafla. En til þess þarf ný átök og stórhug.

Ed. 408. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41/1968, um verzlunaratvinnu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt á nokkrum fundum.

Efni frv. er það, að ráðherra sé heimilt að víkja frá menntunarkröfum, þegar sótt er um verzlunarleyfi, ef sérstaklega stendur á að mati hans.

Eins og kunnugt er, hafa lögin um verzlunaratvinnu frá 1968 að geyma ströng ákvæði um menntunarskilyrði miðað við það, sem áður var. Bent hefur verið á, að víða um land kunni að vera skortur á verzlunarþjónustu í sérgreinum, t. d. í iðnaði, og iðnaðarmenn vilji og þurfi að verzla með vörur sínar, en hafi yfirleitt eigi verzlunarpróf, verzlunarnámskeið þau, sem lögin gera ráð fyrir, hafi ekki enn þá verið sett á fót og verzlunarfræðsla í hinu almenna skólakerfi og ýmsum sérskólum, svo sem iðnskólum, sé alls ófullnægjandi. Þá hefur verið vakin athygli á nauðsyn þess, að reglur verði settar um framkvæmd á lögunum, þar sem menntunarskilyrðum yrði hagað eftir aðstæðum, svo sem eðli, stærð og staðsetningu verzlunarrekstrar.

Að þessu virtu þykir nefndinni rétt, að nokkuð sé slakað á ströngustu menntunarskilyrðum í þá átt, sem frv. greinir, og leggur því til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. marz 1972.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.
Halldór Kristjánsson.	Eggert G. Þorsteinsson.	Alexander Stefánsson.
	Þorv. Garðar Kristjánsson.	

Ed. 409. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar, fengið umsagnir um það og rætt efni þess við Ólaf W. Stefánsson deildarstjóra.

Með frv. eru tjónabætur vegna umferðarslysa að hluta lagðar á þá, sem að lögum bera ábyrgð á ökutæki og tjóni því, sem ökutækið veldur. Það er þeirra mál, sem hafa tjáð sig um efni frv., að stefnt sé í rétta átt, en allir leggja þeir áherzlu á, að aðrar ráðstafanir þurfi samhliða að gera á sviði umferðarmála.

Óþarft er að lýsa, hversu alvarlega fjölgar slysum, sérstaklega hin síðari ár, og hver nauðsyn er, að allt, sem unnt er, sé gert til að auka umferðaröryggið.

Nefndin mælir með samþykkt frv., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 6. marz 1972.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.
Halldór Kristjánsson.	Eggert G. Þorsteinsson.	Alexander Stefánsson.
	Þorv. Garðar Kristjánsson.	

Nd. 410. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1969.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur tekið frv. til meðferðar á fundum sínum og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. marz 1972.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Karl G. Sigurbergsson, fundaskr.	Tómas Karlsson.
Matthías Á. Mathiesen.	Gylfi Þ. Gíslason.	Matthías Bjarnason.
	Karvel Pálmason.	

Nd. 411. Breytingartillaga [127. mál]

við brtt. á þskj. 405 [Tekjuskattur og eignarskattur].

Frá Svövu Jakobsdóttur.

4. töluliður orðist svo:
Á eftir 22. gr. bætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórnin skal halda áfram athugun á skattakerfinu og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþingi. Við þá endurskoðun verði að því stefnt, að hver maður, sem aflar tekna og/eða á skattskyldar eignir, verði sjálfstæður skattþegn án tillits til hjúskaparstéttar.

Ed. 412. Frumvarp til laga [210. mál]

um Stofnlánadeild samvinnufélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Bankaráði Samvinnubanka Íslands hf. er heimilt, að fengnu samþykki hluthafafundar, að stofna sérstaka deild við bankann, er nefnist Stofnlánadeild samvinnufélaga.

Tilgangur stofnlánadeildarinnar er að styðja verzlunarrekstur samvinnufélaga með hagkvæmum stofnlánum, eins og nánar segir í 4. gr. laga þessara.

2. gr.

Stofnlánadeildin er sjálfstæð deild í bankanum, með sérstakri fjárábyrgð, er bundin sé við eignir hennar. Fjárreiðum stofnlánadeildarinnar skal haldið algerlega aðgreindum frá fjárreiðum annarra deilda bankans og hefur deildin sérstakt bókhald.

Bankaráð Samvinnubanka Íslands hf. hefur á hendi stjórn stofnlánadeildarinnar. Ákveður bankaráðið allar lánveitingar deildarinnar, að fengnum tillögum bankastjóra. Um starfsemi deildarinnar gilda almenn ákvæði laga um Samvinnubanka Íslands hf., eftir því sem við á.

3. gr.

Stofnfé stofnlánadeildarinnar er árlegt framlag Samvinnubanka Íslands hf., samkvæmt ákvörðun aðalfundar ár hvert, og skal það ekki vera lægra en fimm milljónir króna árlega fyrstu fimm árin, sem stofnlánadeildin starfar.

Önnur fjáröflun stofnlánadeildarinnar er sem hér segir:

1. Fé, sem fengið er með útgáfu vaxtabréfa, að fengnu samþykki Seðlabankans.
2. Vextir.
3. Fé, sem fengið kann að vera að láni til endurlána.

4. gr.

Stofnlánadeildin veiti stofnlán til byggingar verzlunar- og skrifstofuhúsnæðis samvinnufélaga og fyrirtækja innan þeirra vébanda, sem verzlun stunda svo og til meiri háttar endurbóta á slíku húsnæði. Enn fremur er heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með að mati sjóðsstjórnar, að veita ofangreindum aðilum lán til kaupa á verzlunar- og skrifstofuhúsnæði.

5. gr.

Fjárhæð lána má vera allt að fimmtíu af hundraði af matsverði byggingar.

Byggingar skulu metnar til lántöku á kostnað lánbeiðanda, eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð. Setja má og ákvæði í reglugerð um kannanir af hendi sérfróðra manna, sem stjórn stofnlánadeildarinnar getur óskað eftir í sambandi við umsóknir um lán. Má mæla þar svo fyrir, að slíkar kannanir fari fram á kostnað lánbeiðanda.

6. gr.

Lán má veita úr stofnlánadeildinni gegn öruggu veði í þeim byggingum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, svo og vátryggingarverði þeirra, eða öðrum fullgildum fasteignaveðum.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um veðtryggingar, þ. á m. um vátryggingu á veðbundnum eignum, viðhald þeirra o. fl. Í reglugerð er heimilt að setja ákvæði um verðtryggingu lánsfjár í samræmi við lánavísitölu, enda liggi fyrir almenn löggjöf, sem heimili slíka verðtryggingu.

7. gr.

Lánstími má eigi vera lengri en tólf ár. Lánin skulu endurgreidd með jöfnum afborgunum.

8. gr.

Stjórn stofnlánadeildarinnar ákveður, að fengnu samþykki stjórnar Seðlabankans, vexti af lánum, sem veitt eru úr stofnlánadeild. Mega þeir vera breytilegir í tilteknu hlutfalli við almenna útlánavexti banka og sparisjóða.

9. gr.

Í reglugerð skal setja ákvæði um umsóknir úr sjóðnum og hver gögn fylgja skuli umsókn.

10. gr.

Nú verða eigendaskipti að eign, sem veðsett er stofnlánadeildinni, og er stjórn hennar þá heimilt að heimta lán endurgreitt að nokkru eða öllu. Skylt skal seljanda og kaupanda að tilkynna stjórn stofnlánadeildarinnar eigendaskiptin.

11. gr.

Nú er lán úr stofnlánadeildinni eigi greitt á réttum eindaga eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi, að það er eigi svo tryggt sem vera skal að dómi stjórnar stofnlánadeildarinnar, eða nýr eigandi tekst eigi á hendur ábyrgð á láninu, og er stjórn stofnlánadeildar þá heimilt að heimta eftirstöðvar láns goldnar þegar í stað án uppsagnar.

12. gr.

Nú er veð selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber uppboðshaldara þá að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett stofnlánadeildinni, og skal stjórn hennar gert viðvart svo tímanlega, að hún geti falið fulltrúa sínum að vera viðstaddur uppboð.

13. gr.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnlánadeildarinnar.

14. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað, og skal starfsemi deildarinnar hefjast á þeim tíma, er segir í reglugerð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stofnlánadeildir hafa svo sem kunnugt er starfað um alllangt árabil í þágu höfuðatvinnuveganna, landbúnaðar, sbr. nú lög nr. 75/1962, svo sem þeim er breytt með lögum nr. 31/1964, sjávarútvegs, sbr. nú lög nr. 41/1946 svo og lög nr. 58/1957, 30/1953 og 48/1961 og iðnaðar sbr. nú lög nr. 45/1963.

Með lögum nr. 48 frá 10. maí 1966 um Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja (verzlunarlánasjóð) er komið á fót við Verzlunarbanka Íslands hf. stofnlánadeild til þjónustu við einkaverzlun landsmanna.

Forvígismenn samvinnuhreyfingarinnar hafa árum saman rætt um nauðsyn þess að koma á fót sérstakri stofnlánadeild til stuðnings samvinnuverzluninni í landinu. Til stuðnings þessu máli eiga við öll sömu rök og þau, er ráðið hafa stofnun lánadeilda til hagsbóta fyrir atvinnugreinar þær, sem nefndar eru hér að framan, að því viðbættu að telja verður með öllu óeðlilegt, að samvinnuverzlunin ein hafi engan aðgang að stofnlánum. Kostnaður við byggingu verzlunarhúsnæðis er orðinn geysimikill og má hiklaust fullyrða, að skortur á stofnlánum hafi háð mjög rekstri samvinnufyrirtækja á undanförnum árum og hamlað á móti eðlilegri framþróun í nýtízku vörudreifingu á vegum samvinnufélaganna.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er að mestu sniðið eftir lögum hér á landi um stofnlánasjóði eða stofnlánadeildir og er helzta fyrirmyndin lögin um stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja nr. 48/1966. Eins og í þeim lögum er ekki óskað eftir ríkisábyrgð eða neins konar fjárhagslegri fyrirgreiðslu ríkisvaldsins. Stofnlánadeildin er hugsuð sem sjálfstæð deild með sjálfstæða fjárábyrgð, sérstakar fjárreiður og sjálfstætt bókhald. Tengslin við bankann eru allt að einu skýr. Stjórn bankans er jafnframt stjórn stofnlánadeildarinnar og tekur ákvarðanir um lán úr deildinni. Stofnlánadeildin verður til húsa í bankanum og nýtur fyrirgreiðslu hans í hvívetna.

Leitast verður við að finna stofnlánadeildinni öruggan fjárgrundvöll. Kemur þar bæði til framlag Samvinnubanka Íslands hf. svo og fé, sem fengið verður með sölu vaxtabréfa, og enn fremur lán, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Ed. 413. Frumvarp til laga [33. mál]

um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed., 6. marz.)

Samhljóða þskj. 33 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að halda hálfsmánaðar námskeið í stærðfræði og íslenzku eða fleiri greinum að haustinu, áður en skóli hefst, fyrir þá, er ekki náðu tilskilinni lágmarks-

einkunn í þessum greinum til að setjast í hærri bekk, en náðu þó tilskilinni lágmarksmeðaleinkunn, eins og ákveðið verður í reglugerð.

14. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

Í skólanefnd eiga sæti 7 menn. Ráðuneytið skipar 5 skólanefndarmenn til 4 ára í senn: tvo samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, annan úr farmannastétt, hinn úr fiskimannastétt, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Formann skipar ráðuneytið án tilnefningar. Tvo skólanefndarmenn skipar ráðuneytið til eins árs í senn samkvæmt tilnefningu nemenda skólans. Tilnefning fulltrúa nemenda skal fara fram eftir reglum, sem ráðuneytið setur.

Skólanefndin skal fylgjast með kennslutilhögun og námsefni og vera skólastjóra til aðstoðar í málefnum skólans almennt.

Nd. 414. Frumvarp til laga [20. mál]

um breyt. á l. nr. 74 28. apríl 1962, um innflutning búfjár.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. marz.)

Samhljóða þskj. 20 með þessum breytingum:

1. gr. breytist þannig:

11. gr. hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. getur landbúnaðarráðherra heimilað innflutning á djúpfrystu sæði úr nautum af Galloway-kyni, en eingöngu til notkunar í sóttvarnarstöð ríkisins, er verði valinn staður, þar sem góð skilyrði eru til einangrunar og önnur aðstaða ákjósanleg að dómi yfirdýralæknis og stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Þessa heimild má landbúnaðarráðherra því aðeins nota, að stjórn Búnaðarfélags Íslands, yfirdýralæknir og forstöðumaður Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði mæli með innflutningi djúpfrysts sæðis hverju sinni.

13. gr. hljóðar svo:

Landbúnaðarráðherra skal láta setja á stofn og starfrækja sóttvarnarstöð, er verði staðsett í samráði við yfirdýralækni og stjórn Búnaðarfélags Íslands. Skal ráða sérstakan umsjónarmann til þess að sjá um framkvæmdir og daglegan rekstur hennar. Þar skal hafa í öruggri vörzlu þá nautgripi innlenda, sem sæða á með innfluttu sæði til kynblöndunar, sem og afkvæmi þeirra. Í því skyni skal landbúnaðarráðherra útvega hæfilega marga valda gripi að fengnum tillögum ráðunautar Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt.

Áður en hinir íslenzku gripir eru fluttir í sóttvarnarstöðina, skulu umsjónarmaður stöðvarinnar og yfirdýralæknir ganga úr skugga um, að gripirnir séu eigi grunaðir um eða haldnir smitsjúkdómum.

Hlíta skal tillögum yfirdýralæknis um gerð og tilhögun girðinga, bygginga og annarra nauðsynlegra mannvirkja og útbúnaðar í sóttvarnarstöðinni, í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands. Allur kostnaður við stofnun sóttvarnarstöðvar, rekstur hennar, nauðsynlegar rannsóknir, kaup og flutning á gripum, sæði, útbúnaði o. s. frv. greiðist úr ríkissjóði.

20. gr. hljóðar svo:

Nú er eigi talin þörf á frekari notkun innflutts sæðis úr Galloway-nautum í sóttvarnarstöðinni, að mati ráðunautar Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt, og er landbúnaðarráðherra þá rétt að leggja starfsemi sóttvarnarstöðvarinnar niður. Skal þá eyða öllu innfluttu sæði, sem þar kann að vera geymt, og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja, að eigi dreifist smitsjúkdómar frá sóttvarnarstöðinni, eftir að starfsemi hennar er hætt. Gripi stöðvarinnar skal fella og fara með afurðirnar eins og ákvæði 17. gr. mæla fyrir um. Jafnframt skal ýtarleg rannsókn fara fram á því, hvort gripirnir hafa verið haldnir nokkrum sjúkdómum.

Nd. 415. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til laga um bann við losun hættulegra efna í sjó.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og athugað umsagnir frá siglingamálastjóra, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og Hafrannsóknastofnun.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirtalinni

BREYTINGU:

2. mgr. 1. gr. orðist svo:

Bann þetta nær yfir: 1) Öll eiturefni, lífræn og ólífræn, auðleysanleg og torleysanleg sambönd málma og málmleysingja. 2) Geislavirk efni. 3) Sprengiefni.

Alþingi, 7. marz 1972.

Garðar Sigurðsson, form., frsm.	Jón Skaftason, fundaskr.	Björn Pálsson.
Guðl. Gíslason.	Pétur Sigurðsson.	Karvel Pálmason.
	Stefán Gunnlaugsson.	

Ed. 416. Breytingartillaga [133. mál]

við frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað orðanna „og fullt aðstöðugjald samkv. 1. tölulið þessara ákvæða“ í 2. tölulið komi: og fullt aðstöðugjald samkvæmt ákvæðum 36. gr.

Ed. 417. Frumvarp til laga [211. mál]

um aðstoð ríkisins við byggingu dvalarheimila fyrir börn.

Flm.: Jón Árnason, Þorv. Garðar Kristjánsson, Oddur Ólafsson, Steinþór Gestsson.

1. gr.

Sveitarfélög, áhugafélög og atvinnufyrirtæki, sem ákveða að byggja dvalarheimili fyrir börn, skulu njóta aðstoðar ríkisins, svo sem lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar við dvalarheimili fyrir börn. Til stofnkostnaðar telst eðlilegur kostnaður af að reisa sjálfa bygginguna með öllu múr- og naglföstu og við lagfæringu á lóð.

Enn fremur telst til stofnkostnaðar kaupverð nauðsynlegra tækja til dvalarheimilisins. Framlag ríkissjóðs til kaupa tækja samkvæmt þessari málsgrein skal þó ekki nema meiru en ⅔ hlutum af kostnaðarverði tækjanna.

3. gr.

Þegar aðili samkvæmt 1. gr. óskar að fá aðstoð til að byggja dvalarheimili, skal hann senda beiðni þar um til menntamálaráðuneytisins.

Beiðninni skulu fylgja upplýsingar um verksvið dvalarheimilisins, hvar því er ætlaður staður, uppdrættir af byggingum, lóðum og löndum og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingum á húsakynnum og áhöldum. Enn fremur skal fylgja beiðninni greinargerð um eigendur dvalarheimilisins, fjármögnun byggingarinnar og áætlun um stjórn, starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag ásamt upplýsingum um, hve mörgum börnum heimilinu er ætlað að taka á móti.

4. gr.

Ríkisframlag til dvalarheimila er bundið því skilyrði, að menntamálaráðuneytið samþykki heimilisstaðinn, að heimilislóðin sé eign viðkomandi sveitarfélags eða afnotaréttur hennar tryggður með óuppsegjanlegum leigusamningi og að fullnaðarteikningar mannvirkja og nákvæm kostnaðaráætlun hafi hlotið samþykki samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir skv. lögum nr. 63/1970.

Þegar dvalarheimili er byggt af öðrum en sveitarfélagi, skal ráðuneytið taka ákvörðun sína að fengnum tillögum viðkomandi sveitarstjórnar.

5. gr.

Alþingi ákveður hverju sinni, til hvaða dvalarheimilisframkvæmda stofnkostnaðarframlög eru veitt, og er ekki heimilt að hefja framkvæmdir, fyrr en fyrsta fjárveiting er fyrir hendi.

Nú hefur Alþingi samþykkt slíka fjárveitingu, og ákveður það þá einnig, hvernig framlögum skuli háttað framvegis. En skylt er ríkissjóði þó að hafa lokið greiðslu framlaga til hverrar framkvæmdar, miðað við upphaflega kostnaðaráætlun, innan 4 ára frá því, er fyrsta framlag var innt af hendi.

Nú fer á byggingartímanum heildarbyggingarkostnaður dagheimilis fram úr upphaflegri kostnaðaráætlun, og skal þá sá ríkisstyrkur, sem umfram er, greiðast á næstu 2 árum.

6. gr.

Ef hafnar eru framkvæmdir, áður en fullnægt er meðferð málsins samkvæmt 4. og 5. gr., er stofnkostnaður dvalarheimilis ríkissjóði óviðkomandi.

7. gr.

Nú hefur ríkissjóður lagt fram fé til þess að reisa dvalarheimili samkvæmt lögum þessum, og má þá ekki án samþykkis ráðherra veðsetja það fyrir öðrum skuldum en þeim, sem stafa af stofnkostnaði þess, viðaukum eða endurbótum.

8. gr.

Nú vilja eigendur eða forráðamenn dvalarheimilis, sem reist hefur verið með styrk úr ríkissjóði samkvæmt lögum þessum, hætta að starfrækja það, og skulu þeir þá tilkynna það ráðherra, sem getur þá krafizt endurgreiðslu á ríkissjóðsstyrknum, ef þeirri starfrækslu er hætt, sem dvalarheimilið var upphaflega ætlað til. Á ríkissjóður þá kröfu til jafnmikils hluta af þáverandi verðmæti eignarinnar sem ríkis-

sjóðsstyrkurinn telst hafa verið af kostnaðarverði hennar, og hvílir veð á eigninni næst á eftir áður áhvílandi veðkröfum fyrir kröfuupphæðinni.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í nútíma þjóðfélagi eru margvíslegar stofnanir, sem auðvelda þjóðfélagsþegnunum að lifa því menningarlífi, sem allir keppa að. Dvalarheimili fyrir börn eru einn þáttur þeirra stofnana, sem gegna þýðingarmiklu hlutverki í þjóðfélagskerfinu. Gegnir þar einu máli, hvort um er að ræða dvalarheimili, sem taka börn til dvalar daglangt eða um lengri tíma. En það er ætlunin með frumvarpi þessu, að styrkveitingar úr ríkissjóði nái jafnt til hinna svokölluðu dagheimila og dvalarheimila, sem taka börn til lengri dvalar.

Óþarft er að rekja í löngu máli, í hvaða tilfellum eða hvers vegna barnaheimili eru nauðsynleg. Öllum er ljóst, hvaða þýðingu þau hafa fyrir einstæðar mæður eða foreldri með smá börn, sem verða að leita sér atvinnu utan heimilis til að sjá sjálfum sér eða fjölskyldu sinni farborða. Segja má, að sama máli gegni um húsmæður almennt, sem eru með smábörn, en vilja leita sér atvinnu utan heimilisins og auka þannig tekjur fjölskyldunnar. Í mörgum tilfellum eru dagheimilin eina úrlausnin, sem til greina kemur um barnagæzluna, meðan húsmóðirin er fjarverandi frá heimilinu.

Þá er einnig rétt að geta þess, sem ekki er óverulegur þáttur í sköpun þjóðartekna, en það er það vinnuafl, sem hér um ræðir og oft hefur bætt úr brýnni þörf atvinnuveganna fyrir aukið vinnuafl.

Allar þessar staðreyndir ber að hafa í huga, þegar afstaða til máls eins og þessa er tekin.

Svo sem kunnugt er, hefur Alþingi nú um nokkurt skeið veitt ýmsum sveitarfélögum fjárhagslegan styrk til byggingar dvalarheimila fyrir börn. Að vísu hefur sá fjárstyrkur, sem hér hefur verið um að ræða, ekki numið háum upphæðum hverju sinni, en sama framkvæmd hefur hins vegar hlotið fjárveitingu oftar en einu sinni.

Segja má, að á meðan starfsemi þessi hefur verið að þróast og festa rætur í þjóðfélaginu, hafi það verið eðlilegt, að kostnaðurinn legðist öðru fremur á þau byggðarlög, sem dvalarheimilin hafa verið starfrækt í.

Með hliðsjón af þeirri reynslu, sem þegar er fengin fyrir nauðsyn og þýðingu dvalarheimilanna frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, er ekki óeðlilegt, að um starfsemi þessa sé sett ákveðin löggjöf og þá jafnframt kveðið á um það, hver hlutur ríkissjóðs skuli vera í þátttöku um sjálfan stofnkostnaðinn. — Samkvæmt frumvarpi þessu er stofnkostnaðinum skipt að jöfnu á milli ríkissjóðs og framkvæmdaraðila. Eru það sömu hlutföll og gilda um skólabyggingar í þéttbýli, og er ekki óeðlilegt að hafa það til viðmiðunar.

Um frumvarpið að öðru leyti og einstakar greinar þess vísast til þess, sem fram kemur í skýringum um frumvarpsgreinarnar.

Athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að sveitarfélög og áhugafélög njóti aðstoðar, og er það í samræmi við það, að þessir aðilar hafa látið til sín taka rekstur dagheimila. En jafnframt þykir rétt, að sama gildi um atvinnufyrirtæki, sem beina hagsmuni hafa af

rekstri dagheimila, þegar þau byggja mikið á vinnuafli kvenna með ungbörn, svo sem algengt er. Mundi aðstoð við atvinnufyrirtæki koma einkum til greina, þegar um dagheimili væri að ræða.

Um 2. gr.

Hér er reiknað með, að ríkisstyrkur til byggingar dvalarheimilis nemi helmingi af stofnkostnaði, eins og er nú um skólabyggingar. Rétt þykir, að styrkur til tækjakaupa sé nokkru lægri og megi ekki nema meiru en $^2/_5$ hlutum af kostnaðarverði tækjanna, hliðstætt því, sem nú er ákveðið um tækjakaup til sjúkrahúsa.

Um 3. gr.

Hér er kveðið svo á, að menntamálaráðuneytið fjalli um beiðni um styrk til byggingar dvalarheimilis, og lögð á herðar umsækjanda ákveðin upplýsingaskylda.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru sett skilyrði fyrir ríkisstyrk til dagheimila, sem varða staðsetningu heimila og tryggingu fyrir lóðarréttindum. Enn fremur er gert ráð fyrir, að fylgt sé gildandi lögum um samþykki samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir.

Um 5. gr.

Í 1. og 2. mgr. eru hliðstæð ákvæði og nú eru í skólakostnaðarlögum.

Í 3. mgr. er kveðið svo á, að ríkisstyrkir umfram upphaflega áætlun greiðist á næstu 2 árum eftir 4 ára tímabilið samkvæmt 2. mgr.

Um 6. gr.

Grein þessi er til að taka af öll tvímæli um, að ríkisstyrkur skuli ekki veittur til byggingar dagheimila, ef framkvæmdir eru hafnar án samþykkis menntamálaráðuneytisins og Alþingis.

Um 7. gr.

Þetta ákvæði er til að tryggja svo sem verða má, að ekki hvíli á dagheimilum aðrar skuldir en þær, sem við koma stofnkostnaði og rekstri þeirra.

Um 8. gr.

Hér er heimilað að krefjast endurgreiðslu á ríkisstyrknum, ef hætt er starfrækslu dagheimilis. Til að tryggja rétt ríkissjóðs til endurgreiðslunnar er honum veitt lögveð í eigninni.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 418. Frumvarp til laga [212. mál]

um félagsmálaskóla launþegasamtakanna.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Bragi Sigurjónsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Stofna skal og halda skóla, er nefnist félagsmálaskóli launþegasamtakanna. Skal hann starfa sex mánuði að vetrinum, frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert. Heimilt er þó að skipta þeim námstíma í tvö þriggja mánaða námskeið og sé námsskrá þá breytt í samræmi við þá tilhögun.

Einnig getur skólinn haft styttri fræðslunámskeið, og fer kennsla þá aðallega fram í fyrirlestrum og með námshópastarfi.

2. gr.

Þessar námsgreinar skulu kenndar í skólanum: íslenzk tunga og bókmenntir, Íslandssaga — einkum saga atvinnuveganna — og þjóðfélagsfræði. Þá skal veita ýtarlega fræðslu um sögu, stjórn og störf verkalýðsfélaga, samvinnufélaga og samtök atvinnurekenda, svo og meginatriði íslenzkrar félagsmálalöggjafar.

Kenna skal fundarreglur og fundarstjórn og leiðbeina nemendum um að setja fram hugsanir sínar skipulega í ræðuformi. Enn fremur bókfærslu og undirstöðuatriði í vinnurannsóknum. Heimilt er að ákveða í reglugerð, að kennt skuli eitt Norðurlandamála svo og vélritun.

Kennsla fer fram í fyrirlestrum, að því leyti sem betur þykir henta. Fyrirlestrar skulu haldnir m. a. um framleiðnimál, atvinnulýðræði, hagræðingarmál, vöruvöndun, endurhæfingu starfsmanna og kjararannsóknir. Öllu starfsliði skólans ber að vinna að félagsþroska og alhliða menningu nemenda.

3. gr.

Skilyrði fyrir skólavist eru þau, að nemendur séu fullra 16 ára, hafi óflekkað mannorð, séu ekki haldnir smitandi sjúkdómi og séu félagsmenn í samtökum launþega.

4. gr.

Stjórn skólans er í höndum fimm manna skólanefndar. Skulu tveir nefndarmanna tilnefndir af miðstjórn Alþýðusambands Íslands, einn af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, en félagsmálaráðherra tilnefnir hinn fimmta, og er hann formaður nefndarinnar. Skólanefnd ræður skólastjóra og kennara.

Félagsmálaráðuneytið gefur út reglugerð fyrir skólann að fengnum tillögum skólanefndar. Það sér skólanum enn fremur fyrir húsnæði.

Ef byggja þarf nýtt skólahús, greiðist kostnaður við það úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við rekstur skólans.

5. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda fyrir skólaárið 1973—74.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrætt. Það er nú endurflutt lítið breytt. Með frv. fylgdi þá þessi grg. m. m.:

Frv. þetta er að meginefni hið sama og frv. Hannibals Valdimarssonar frá 1960, en þó breytt í nokkrum atriðum. Þannig er nú í frv. heimild til að skipta námstímanum í tvö 3 mánaða námskeið, ef betur reynist henta sú skipan en að halda skólann í 6 mánaða samfelldu starfi. Er þessi breyting að nokkru gerð til að koma til móts við skoðanir, sem fram hafa komið á Alþingi um fræðslu fyrir alþýðusamtökin. Ný ákvæði eru nú í 2. gr. varðandi námsefni, m. a. um framleiðnimál, atvinnulýðræði, vöruvöndun, kjararannsóknir og endurhæfingu starfsmanna, sem af ýmsum ástæðum þurfa að skipta um lífsstarf. Þá eru gerðar minni háttar breytingar aðrar, svo sem um stjórn skólans og greiðslu kostnaðar við rekstur hans.

Tilgangur þessa frv. er að öllu hinn sami og áður hefur verið með frv. Hannibals Valdimarssonar, sá að skapa starfandi og verðandi forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, áhugamönnum um störf hennar og hverjum félaga hennar, sem njóta vill, möguleika til haldgóðrar fræðslu í þeim greinum, sem tengdastar eru starfi alþýðusamtakanna.

Það er tvímælalaust skylda þjóðfélagsins við verkalýðsstéttina að veita henni tækifæri til þeirrar fræðslu, sem henni er nauðsynleg til þess að geta rækt félagslegt hlutverk sitt, eflt samtök sín og þroskað. Þessi skylda hefur þegar hlotið nokkra

viðurkenningu í verki víða um lönd, þ. á m. um Norðurlönd, en þar hafa um langt skeið starfað skólar, hliðstæðir þeim, sem hér er gert ráð fyrir, og þó miklu stærri í sniðum. Þykja skólar þessir hinar gagnlegustu menningarstofnanir fyrir félagssamtök verkalýðssamtakanna og sjálfsagður þáttur í skólamálum þjóðarinnar.

Samningsgerðir verkalýðsfélaga og atvinnurekenda um laun, kjör og vinnuskilyrði eru nú orðnar mjög vandasamt verkefni, sem krefst mikillar þekkingar jafnt á högum þeirra, sem þær snerta beint hverju sinni, sem á félagsmálalöggjöf þjóðarinnar, svo sem vinnulöggjöf, löggjöf um öryggi á vinnustöðum á sjó og landi, tryggginga- og skattalöggjöf, og á rekstri atvinnuveganna og þjóðarbúsins í heild. Þetta verkefni er nú í höndum mörg hundruð stjórnarmanna í verkalýðsfélögunum um land allt og eftirlit með framkvæmdum í höndum enn fleiri trúnaðarmanna og starfsmanna félaganna á nálega hverjum vinnustað í landinu.

Aðeins þessi þáttur í starfi verkalýðssamtakanna krefst því víðtækrar fræðslu. Til þessa hafa forustu- og áhugamenn aflað sér nauðsynlegustu þekkingar í þessum efnum við starf félaganna, einkum fundastarfsemi, og vissulega hefur fjöldi hæfra forustumanna vaxið með síauknum verkefnum samtakanna. Margt bendir þó til þess, að torveldara muni reynast að veita uppvaxandi kynslóð nægа fræðslu og þekkingu á félagslegum málum sínum að þeirri leið, sem brautryðjendum og áhugamönnum hefur verið fær í þeim efnum. Hér verður og að setja markið hærra en verið hefur, sem sé að hver félagi verkalýðssamtakanna kunni góð skil á öllum helztu viðfangsefnum þeirra og hlutverkum.

Hér hefur aðeins verið drepið á takmarkað svið verkalýðsmálanna. En hafa verður einnig í huga, að verkalýðshreyfingin er félagshreyfing, sem samkvæmt eðli sínu hlýtur sífellt að sækja fram til víðtækari afskipta í atvinnulífinu og á öðrum sviðum þjóðfélagsins, sem krefjast æ vaxandi alhliða menntunar.

Öll rök virðast mæla með því, að ríkið viðurkenni og kosti að öllu leyti skóla verkalýðssamtakanna, á sama hátt og t. d. bændaskólarnir, sem að nokkru eru félagsmálaskólar bændastéttarinnar, eru kostaðir af ríkisfé svo og margir sérskólar fámennari vinnustétta, a. m. k. meðan svo er ástatt, að verkalýðssamtökin hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til slíks skólahalds. Er svo ráð fyrir gert í frv.

Síðasti málsliður 33. gr. fellur niður.

15. gr.

41. gr. orðist svo:

Úrskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattanefndar. Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera 21 dagur frá uppkvaðningu úrskurðar skattstjóra.

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta úrskurðum skattstjóra til ríkis-

skattanefndar á næstu þremur mánuðum eftir dagsetningu úrskurðar skattstjóra. Kærur skulu vera skriflegar og studdar þeim gögnum, sem kærandi telur nauðsynleg.

Ríkisskattstjóri skal koma fram fyrir hönd fjármálaráðherra gagnvart ríkisskattanefnd. Hann skal rökstyðja kröfur sínar og rita greinargerð í málum að því marki, sem hann telur ástæðu til.

Hafi ríkisskattstjóri kært úrskurð skattstjóra, sbr. 2. mgr., skal ríkisskattanefnd senda skattþegni afrit kæru og gefa honum kost á, innan hæfilegs frests, að koma fram með andsvör sín og gögn.

Ríkisskattanefnd skal hafa lagt úrskurði á allar kærur sex mánuðum eftir að þær bárust nefndinni. Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir þannig, að aðilar megi sjá, á hvaða kæruatriðum og skattheimildum álagning sé byggð. Úrslit skal tilkynna ríkisskattstjóra, innheimtumanni skattsins og gjaldþegni þegar í stað. Ríkisskattanefnd skal fela ríkisskattstjóra að annast útgáfu úrskurða nefndarinnar árlega. Heimilt er að stytta úrskurði í útgáfu þessari, en tryggt skal, að úrskurðir, sem gildi hafa, komi fyrir almenningssjónir.

Skattþegni er heimilt að krefjast þess, að hann eða umboðsmaður hans með skriflegu umboði fái að flytja mál sitt fyrir ríkisskattanefnd. Ríkisskattanefnd getur einnig ákveðið sérstakan málflutning, ef mál er flókið eða hefur að geyma vandasöm, lögfræðileg úrlausnarefni. Málflutningur má vera munnlegur, ef ríkisskattanefnd leyfir. Um málflutning skulu gilda almennar reglur um málflutning fyrir héraðsdómi, eftir því sem við á. Úrskurðir í þessum málum skulu vera rökstuddir, og er nefndin ekki bundin við þau tímatakmörk um afgreiðslu máls, sem sett eru í næstu málsgrein hér á undan.

Nú telur nefndin mál ekki nægilega upplýst, og getur hún þá beint til málsaðila að afla frekari gagna eða upplýsinga máli til skýringar.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð. Ágreining um skattskyldu má bera undir dómstóla.

Ríkisskattanefnd skal úrskurða kærur um gjöld, sem skattstjórar leggja á samkvæmt ákvæðum laga um þau efni. Gilda ákvæði þau, sem að framan eru rakin, um slíkar kærur, eftir því sem við á. Ríkisskattstjóri skal koma fram gagnvart ríkisskattanefnd fyrir hönd gjaldkrefjenda.

16. gr.

42. gr. orðist svo:

Ríkisskattstjóri skal auk þess, sem annars staðar er ákveðið í lögum þessum um störf hans, hafa eftirlit með störfum skattstjóra og gæta þess, að samræmi sé í störfum þeirra og skattaákvörðunum. Hann skal setja þeim starfsreglur og verklagsreglur og kynna þeim dóma og úrskurði, sem þýðingu hafa. Hann skal hafa á hendi framkvæmd tvísköttunarsamninga við önnur ríki, sbr. 4. mgr. 2. gr.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum rannsakað hvert það atriði, er varðar framkvæmd laga þessara svo og annarra laga um skatta og gjöld, sem álögð eru af skattstjórum. Getur hann í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra, lánastofnunum og öðrum þeim, er í 36. gr. greinir.

Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild, er hafi með höndum rannsóknir samkvæmt lögum þessum, sbr. 4. mgr. 36. gr. og 2. mgr. þessarar greinar. Forstöðumaður deildarinnar, skattrannsóknarstjóri, stýrir rannsóknarstarfi hennar í samráði við ríkisskattstjóra.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um skattákvörðun samkvæmt lögum þessum, enda séu uppfyllt skilyrði 38. gr., ef um hækkun er að ræða, eða öðrum lögum um skatta og gjöld, sem lögð eru á af skattstjórum, og getur hann þá gert gjaldþegni skatt að nýju. Heimilt er gjaldanda að kæra slíka álagningu til ríkisskattanefndar eftir reglum 41. gr.

17. gr.

45. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra hefur eftirlit með því, að skattstjórar, ríkisskattstjóri og ríkisskattanefnd ræki skyldur sínar. Hann hefur rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og krefja skattstjóra og ríkisskattstjóra skýringa á öllu því, er framkvæmd laga þessara varðar.

18. gr.

6. mgr. 48. gr. orðist svo:

Nefnd, sem í eiga sæti þrír menn, formaður ríkisskattanefndar og tveir lögfræðingar, sem fullnægja skilyrðum til að vera skipaðir héraðsdómarar og fjármálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn, skal ákveða sektir samkvæmt 1., 3. og 4. mgr. þessarar greinar, nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski, að máli verði vísað til dómstóla. Formaður ríkisskattanefndar skal vera formaður nefndarinnar. Ríkisskattstjóri skal koma fram fyrir hönd fjármálaráðherra. Nefnd þessi getur og ákveðið sektir vegna annarra gjalda, sem skattstjórar leggja á, nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski þess, að máli verði vísað til dómstóla.

Um meðferð mála skal farið eftir 41. gr., eftir því sem við á.

19. gr.

49. gr. orðist svo:

Skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra, ríkisskattanefnd og nefnd samkvæmt 6. mgr. 48. gr. er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

Hið sama gildir um þá, er veita aðilum samkvæmt 1. mgr. aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

20. gr.

Í 53. gr. komi í stað orðanna „árið 1972“ orðin: árið 1973.

21. gr.

1. mgr. 55. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, svo sem nánar um ákvörðun tekna og eigna, störf skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra, ríkisskattanefndar og nefndar samkvæmt 6. mgr. 48. gr.

22. gr.

1. Ákvæði til bráðabirgða I og II falli niður.
2. Ákvæði til bráðabirgða III verði ákvæði til bráðabirgða I og orðist svo:

Heimilt er atvinnufyrirtækjum á árunum 1971—1972 að endurmeta fyrnanlegar eignir sínar, samkvæmt 1. og 2. tl. 2. mgr. A-liðs 15. gr., sem þau höfðu eignazt fyrir árslok 1968 og hafa síðan átt. Endurmatsverð eigna samkvæmt 2. tl. 2. mgr. A-liðs 15. gr. skal teljast jafnt fasteignamatsverði samkvæmt fasteignamati því, sem staðfest var á árinu 1971. Endurmatshækkun fasteigna skal telja til heildarfyrningarverðs samkvæmt B-lið 15. gr.

Heimild til endurmatshækkunar lausafjár samkvæmt 1. tl. A-liðs 15. gr. tekur til lausafjár, sem atvinnufyrirtæki hafa eignazt á árunum 1960 til 1968 að báðum árum meðtöldum. Skip, sem verið hafa í eigu skattþegns síðan fyrir 1960, er heimilt að endurmeta eftir sömu reglum. Aldrei má endurmatshækkun að viðbættu bókfærðu verði eignar vera hærra en sennilegt gangverð hennar. Endurmatshækkun má að hámarki vera 20% — tuttugu af hundraði — af upp-

haflegu kaup- eða kostnaðarverði viðkomandi eignar, og skal afskrifa hana á 5 árum, nema raunverulegur endingartími eignarinnar sé skemmri. Þá skal afskrifa hana á þeim tíma.

Hækkun bókfærðs verðs eigna samkvæmt mati þessu telst ekki til skattskyldra tekna. Þeir, sem óska eftir að endurmeta lausafé sitt, skulu senda skattstjóra greinargerð um matið ásamt nauðsynlegum gögnum. Skal þar m. a. sérgreina þær eignir, sem endurmeta skal. Skattstjóri skal úrskurða matið án ástæðulausrar tafar. Skattþegn, sem ekki vill sætta sig við úrskurð skattstjóra, getur skotið máli sínu til ríkisskattstjóra, sem kveður upp fullnaðarúrskurð.

Fjármálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd matsins.

3. Ákvæði til bráðabirgða V og VI falli niður.
4. Ákvæði til bráðabirgða IV verði II og ákvæði til bráðabirgða VII verði III.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1971.

Ákvæði 13. gr. um nýja skipan ríkisskattanefndar, 3. mgr. 15. gr. og ákvæði 18. gr. skulu þó eigi taka gildi fyrr en 1. október 1972, og skal ríkisskattanefnd samkvæmt lögum nr. 68/1971 og nefnd samkvæmt 48. gr. þeirra laga starfa og halda óbreyttum heimildum sínum til þess tíma.

Nd. 428. Breytingartillaga [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Við 1. gr. Í stað „50%“ í 1. málsgr. komi: 60%.

Nd. 429. Breytingartillaga [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Við 6. gr. (varatillaga, ef 4. töluliður brtt. á þskj. 430 verður felldur). Greinin orðist svo:

Á eftir 4. mgr. 14. gr. komi ný málsgrein, 5. mgr., svo hljóðandi:

Auk frádráttar skv. 1.—4. mgr. þessarar greinar skal frá beinum tekjum sjómanna á íslenzkum skipum draga 8% teknanna, áður en skattur er á þær lagður.

Nd. 430. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (MB, MÁM).

1. Við 1. gr. Síðasti málsl. 1. mgr. orðist svo:
   Annar frádráttur en persónuleg gjöld telst við útreikninginn hjá því hjóna, er hefur hærri tekjur.

2. Við 3. gr. 2. tl. orðist svo:
Vextir eða arður af hlutabréfum, skuldabréfum og öðrum innlendum og erlendum verðbréfum, svo og vextir af sparisjóðsinnstæðum, útistandandi skuldum og öðrum arðberandi kröfum, sbr. þó 2. mgr. 21. gr.
3. Við 4. gr.
a. A-liður 1. mgr. orðist svo:
Veitir hluthöfum, stjórnendum félags, eigendum sameignarfélags, aðilum samvinnufélags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum eða kaupir af þeim verðbréf, sem ekki eru viðkomandi rekstri félagsins. Undanskilin eru þó kaup opinberra verðbréfa ríkis, sveitar- og sýslufélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð.
b. B-liður 1. mgr. orðist svo:
Veitir hluthöfum, stjórnendum félags, eigendum sameignarfélags, aðilum samvinnufélags eða öðrum nokkur fríðindi beint eða óbeint umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur eða úttekt af höfuðstól í sameignarfélagi, sem sé meiri en svari til 10% ársvaxta af bókfærðu eigin fé félagsins, öðru en varasjóði.
c. Við greinina bætist ný mgr., er verði 5. mgr., svo hljóðandi:
Félög samkvæmt 5. gr. laga nr. 90/1965, sem lagt hafa fé í varasjóð samkvæmt 2. mgr. 17. gr. þeirra laga og eiga fé í varasjóði við gildistöku þessara laga, skulu leggja helming varasjóðsins við höfuðstól sinn, og telst sú ráðstöfun varasjóðs ekki til skattskyldra tekna félagsins. Um ráðstöfun þess hluta varasjóðsins, sem eftir stendur, skal fara samkvæmt öðrum ákvæðum þessarar greinar.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
14. gr. laganna orðist svo:
Frá tekjum sjómanna lögskráðra á íslenzk skip skal draga kostnað vegna hlífðarfata. Frádrátturinn ákveðst 975 kr. á mánuði og miðast við þann vikufjölda, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem sjómenn.
Sömu aðilum skal veittur sérstakur frádráttur, 6 100 kr. fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á íslenzkum skipum ekki skemur en sex mánuði af skattárinu.
Hlutarráðnir menn skulu njóta frádráttar samkv. 1. og 2. málsgrein, þótt þeir séu ekki lögskráðir, enda geri útgerðarmaður fullnægjandi grein fyrir, hvernig hlutaskiptum er farið og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.
Ef sjómenn á íslenzkum fiskiskipum þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, skal draga þann fæðiskostnað frá tekjum þeirra. Við ákvörðun þess kostnaðar skal farið eftir mati skattyfirvalda.
Auk frádráttar skv. 1.—4. mgr. þessarar greinar skulu sjómenn, sem lögskráðir eru á íslenzk skip eigi skemmri tíma en 6 mánuði á ári, fá sérstakan frádrátt, er nemi 110 000 kr.
5. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
16. gr. laganna orðist svo:
Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar skv. lögum þessum, skal draga sem hér segir:
A. Fyrir einstaklinga 162 900 kr.
B. Fyrir hjón 228 500 kr., telji þau fram sitt í hvoru lagi 114 250 kr. hjá hvoru.
C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á, 32 800 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með.
Ef foreldrar búa saman ógift, skal frádráttur vegna barna skiptast til

helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal frádráttur einnig skiptast til helminga milli þeirra. Meðlagsgreiðsla skal ekki talin til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og ekki til frádráttar hjá því foreldri, sem innir hana af hendi.

Ef einstætt foreldri (stjúpforeldri, kjörforeldri, fósturforeldri) heldur heimili og framfærir þar börn sín, má það draga frá skattskyldum tekjum auk frádráttar skv. 1. mgr. upphæð, er nemur 49 300 kr., að viðbættum 6 600 kr. fyrir hvert barn.

Frá tekjum þeirra, sem eru á framfæri í foreldrahúsum eða við nám, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar, eftir nánari ákvörðun skattyfirvalda.

Auk frádráttar samkvæmt 1. mgr. skal draga frá hreinum tekjum einstaklinga, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, fjárhæð, er nemi ⅖ hlutum af fjárhæð frádráttar skv. A-lið 1. mgr. Á sama hátt skal draga frá hreinum tekjum hjóna, sem telja fram saman, sömu fjárhæð fyrir hvort um sig. Enn fremur skal á sama hátt draga frá hreinum tekjum örorkulífeyrisþega sömu fjárhæð fyrir hvern þeirra um sig.

Um heimild skattstjóra til að veita aukinn frádrátt og lækka tekjuskatt fer eftir því, sem segir í 52. gr.

6. Við 9. gr.
   a. Síðari málsl. 3. mgr. orðist svo:
      Þá mega félög þessi draga frá hreinum tekjum sínum það fé, er þau greiða félagsmönnum sínum í vexti af stofnsjóðseign, allt að því hámarki, sem ákveðið er í 7. tl. 3. gr. greindra laga um samvinnufélög.
   b. 5. mgr. orðist svo:
      Hafi félög þau, sem um ræðir í 3. og 4. mgr. þessarar greinar, viðskipti við aðra en félagsmenn sína, eru allar hreinar tekjur af slíkum viðskiptum skattskyldar hjá félögunum. Geti félög þessi ekki gert grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, má telja allar hreinar tekjur af starfsemi þeirra til skattskyldra tekna.
7. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   25. gr. orðist svo:
   I. Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:
      Af fyrstu 50 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af 50 000 kr.—75 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 30%, en af skattgjaldstekjum yfir 75 000 kr. greiðist 40%.
   II. Skattgjald þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í 5. gr., skal vera 20% af skattgjaldstekjum.
   III. Tekjuskatt, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu.
8. Við 15. gr.
   a. 1. málsl. 2. mgr. falli niður, en 2. málsl. verði 2. málsl. 1. mgr.
   b. 3. mgr. falli niður.
   c. 4. mgr. falli niður.
   d. Síðasti málsl. 9. mgr., er verður 6. mgr., falli niður.
   e. Við greinina bætist ný mgr., er verður 7. mgr., svo hljóðandi:
      Ríkisskattanefnd skal úrskurða kærur yfir úrskurðum á útsvörum samkvæmt fyrirmælum laga um tekjustofna sveitarfélaga.
   f. Við greinina bætist ný mgr., er verði 8. mgr., svo hljóðandi:
      Ríkisskattanefnd ber að gefa út túlkanir á skattalöggjöfinni, eftir því sem aðstæður gefa tilefni til, annaðhvort af sjálfsdáðum eða að beiðni ríkisskattstjóra.

9. Við 16. gr. Síðasti málsl. 1. mgr. orðist svo:
   Hann skal hafa á hendi umboð fjármálaráðherra til framkvæmda á samningum við önnur ríki til að komast hjá tvísköttun tekna og eigna.
10. Við 17. gr. Á eftir orðinu „skattstjórar“ í 1. málsl. komi orðið: skattrannsóknarstjóri.
11. Á eftir 20. gr. komi ný gr., 21. gr., svo hljóðandi, og greinatölur breytast skv. því:
    Ný gr., er verði 54. gr. laganna, svo hljóðandi og greinatölur laganna breytast skv. því:
    Ríkissjóður skal greiða 5% — fimm af hundraði — af skattgjaldstekjum til tekjuskatts, sbr. I. tl. 25. gr., til þess sveitarfélags, þar sem gjaldþegn var skattlagður samkvæmt ákvæðum laga þessara.
12. Við 22. gr. (er verði 23. gr.). Við 2. tl. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
    Það skal teljast beiðni um heimild til endurmats fasteigna á árinu 1971, hafi skattþegn notað fasteignamatsverð samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. þessarar greinar sem heildarfyrningarverð til fyrninga í skattframtali árið 1972.
13. Við 23. gr. (er verði 24. gr.). 2. mgr. orðist svo:
    Ákvæði 13. gr., 14. gr., 15. gr., 16. gr. og 18. gr. skulu þó eigi taka gildi fyrr en 1. október 1972, og skal ríkisskattanefnd samkvæmt lögum nr. 68/1971 og nefnd samkvæmt 48. gr. þeirra laga starfa og halda óbreyttum heimildum sínum til þess tíma.
14. Á eftir 23. gr. bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:
    Ríkisstjórnin skal halda áfram athugun á skattakerfinu og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþingi. Í því sambandi skal athuga sérstaklega, að hvort hjóna um sig verði sérstakur skattgreiðandi, þannig að samanlögðum tekjum hjóna sé skipt til helminga og skattur reiknaður af hvorum helmingi um sig.

Ed. 431. Breytingartillögur [133. mál]

við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (AuA og OÓ).

1. Við 1. gr. Á eftir d-lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
   e. Framlög úr ríkissjóði, sem nema 5% — fimm af hundraði — af skattgjaldstekjum til tekjuskatts, sbr. I. tl. 25. gr. laga nr. 68 15. júní 1971.
2. Við 3. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Á allar fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati, sbr. þó 5. gr., er sveitarstjórn heimilt að leggja árlega skatt til sveitarfélags, þar sem fasteign er.
   b. 1. málsliður 2. mgr. orðist svo:
      Skattur þessi skal miðaður við fasteignamat og vera allt að því sem hér segir:
   c. 3. mgr. falli niður.
   d. Orðin „og 3.“ í 4. mgr. falli niður.
3. Við 4. gr. 4. mgr. orðist svo:
   Gjalddagi skattsins er 15. janúar, en heimilt er sveitarstjórn að ákveða aðra gjalddaga.
4. Við 5. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Undanþegin fasteignaskatti eru sjúkrahús, kirkjur, skólar, íþróttahús, end-

urhæfingarstöðvar, barnaheimili, félagsheimili, samkomuhús, öryrkja- og elliheimili, heilsuhæli, bókasöfn og önnur safnhús, svo og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir um lóðir slíkra húsa. Séu stofnanir, sem að framan greinir, reknar sem atvinnufyrirtæki í ágóðaskyni, skulu þær ekki undanþegnar fasteignaskatti.

b. Við 1. málslið 3. mgr. bætist: af eigin íbúð, sem þeir búa sjálfir í.

5. Við 10. gr. e-liður orðist svo:
Bankar.

6. Við 11. gr. e-liður orðist svo:
1% af mismun heildarútlánsvaxta og heildarinnlánsvaxta banka, sbr. 10. gr. e.

7. Við 13. gr. (Varatillaga). 3. mgr. orðist svo:
Landsútsvar banka samkvæmt 11. gr. e rennur óskipt í Jöfnunarsjóð.

8. Við 21. gr. Við bætist ný mgr., svo hljóðandi:
Aðrir aðilar greiða útsvar til þess sveitarfélags, þar sem aðalstarfsemi þeirra fer fram.

9. Við 22. gr. Í stað orðanna „sem um ræðir í 1.—4. gr.“ komi: sem um ræðir í 1.—5. gr.

10. Við 23. gr.
a. 1. mgr. orðist svo:
Útsvar manna, sbr. 1. mgr. 21. gr., skal leggja á tekjur þær, sem taldar eru í 7. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. þó 10. gr. þeirra laga.

b. Við bætist ný mgr., er verði 4. mgr., svo hljóðandi:
Útsvar annarra aðila, sbr. 2. mgr. 21. gr., skal leggja á hreinar tekjur þeirra samkvæmt ákvæðum laga nr. 68 15. júní 1971, að frádregnum greiðslum og tillögum þeim, er um ræðir í 17. gr. þeirra laga.

c. Á eftir 4. mgr., er verður 5. mgr., bætist ný mgr., er verði 6. mgr., svo hljóðandi:
Nú hyggst sveitarstjórn breyta framtali gjaldanda í óhag, er hún úrskurðar það, og skal hún þá tilkynna honum þá fyrirætlun og gefa honum kost á að gæta réttar síns. Þetta ákvæði gildir þó ekki um leiðréttingar á augljósum villum, svo sem færslum í framtölum, sem brjóta í bága við lagafyrirmæli, eða reikningsskekkjum.

11. Við 25. gr. Greinin orðist svo:
Útsvar manna, sbr. 1. mgr. 21. gr., skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum næstliðins almanaksárs, sbr. 1.—3. mgr. 23. gr., sem þó má ekki hærra vera en 10%, sbr. þó 4. mgr. 26. gr., og skal sami hundraðshluti lagður á alla gjaldendur í hverju sveitarfélagi.
Útsvar annarra aðila, sbr. 2. mgr. 21. gr., skal vera 23% af skattgjaldstekjum þeirra, sbr. II. tl. 25. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, sbr. og 4. mgr. 23. gr. þessara laga, sbr. þó 4. mgr. 26. gr.

12. Við 26. gr. Greinin orðist svo:
Útsvar samkvæmt 25. gr. skal lækka um 10 000 kr. hjá hjónum og einstæðu foreldri, sem heldur heimili og framfærir þar börn sín innan 16 ára aldurs, um 7 000 kr. hjá einstaklingum, um 5 000 kr. hjá hvoru hjóna, telji þau fram sitt í hvoru lagi, og um 1 500 kr. fyrir hvert barn innan 16 ára, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu. Hafi gjaldandi fleiri en þrjú börn innan 16 ára á framfæri sínu, skal enn fremur lækka útsvar hans um 2 000 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú.
Fella skal niður útsvör, sem eru 1 000 kr. og lægri.

Útsvar skal á lagt í heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en 100 krónum skal sleppt.

Nú kemur í ljós, að útsvör samkvæmt 25. gr., sbr. og ákvæði þessarar greinar, reynast hærri eða lægri en fjárhagsáætlunin segir til um, og skal þá lækka eða hækka hundraðshluta þá, er um ræðir í 25. gr., að réttri tiltölu, unz hinni áætluðu upphæð að viðbættum 5—10% er náð. Hækkun hundraðshlutanna má þó aldrei fara fram úr 10 hundraðshlutum.

13. Við 29. gr.
   a. Í stað „jafnháa allt að helmingi þess útsvars“ í 1. málslið a-liðar komi: jafnháa allt að 60% þess útsvars.
   b. Síðari hluti b-liðar orðist svo: frá 1. júlí til 1. nóvember eftir ákvörðun sveitarstjórnar, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember.
14. Við 30. gr. Aftan við m-lið komi viðbót, svo hljóðandi:
   enda hafi verið haldið eftir af kaupi hans í samræmi við kröfu sveitarstjórnar.
15. Við 36. gr. Greinin orðist svo:
   Leggja má á aðstöðugjald, samkvæmt III. kafla laga nr. 51 10. júní 1964, með áorðnum síðari breytingum, þó þannig, að það má eigi hærra vera en allt að helmingi þess hámarks, sem leyfilegt var á árinu 1971.
16. Á eftir 36. gr. komi ný grein, svo hljóðandi, og greinatalan breytist eftir því:
   Framlög úr ríkissjóði samkvæmt e-lið 1. gr. renna til þess sveitarfélags, þar sem gjaldþegn var skattlagður samkvæmt ákvæðum laga nr. 68 15. júní 1971.

Ed. 432. Breytingartillaga [133. mál]

við frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Við ákvæði til bráðabirgða. 2. málsl. 1. tölul. orðist svo:

Slíkt framlag skal þó aðeins veita, ef hlutaðeigandi sveitarfélag innheimtir fasteignaskatt með fullu álagi, sbr. 3. mgr. 3. gr., leggur á fullt útsvar samkv. 25. gr. og fullt aðstöðugjald samkvæmt ákvæðum 36. gr.

Ed. 433. Frumvarp til laga [214. mál]

um verkfræðiþjónustu á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Alexander Stefánsson.

1. gr.

Óski landshlutasamtök sveitarfélaga að koma á fót verkfræðiþjónustu í viðkomandi landshluta, sbr. 2. gr., skal ríkisvaldið veita aðstoð við stofnsetningu og rekstur slíkrar starfsemi, eins og segir í lögum þessum, enda sé viðunandi verkfræðiþjónusta ekki fáanleg í þeim landshluta.

2. gr.

Verkfræðistofur á vegum landshlutasamtaka skulu hafa í þjónustu sinni verkfræðinga, tæknifræðinga og annað starfslið í því skyni að veita sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum í landshlutanum þá verkfræðiþjónustu, sem fært þykir, sem og opinberum framkvæmdaaðilum, enda er þeim skylt að leita þjónustu slíkra verkfræðistofa, eins og frekast er unnt við undirbúning og eftirlit með opinberum framkvæmdum. Opinber framkvæmdaaðili, sem hefur á sínum vegum eigin

starfsmann staðsettan í landshluta, skal fá aðstöðu fyrir slíkan starfsmann á verkfræðistofu, sem landshlutasamtök koma á fót samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Fyrir þá verkfræðiþjónustu, sem veitt er, skal greiða samkvæmt viðurkenndri gjaldskrá fyrir slíka starfsemi.

4. gr.

Verði komið á fót verkfræðiþjónustu, eins og um ræðir í þessum lögum, getur hún tekið að sér áætlanagerð fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins, enda greiði stofnunin þá sem svarar ¾ hlutum af árslaunum starfsmanns, sbr. lög um Framkvæmdastofnun ríkisins, nr. 93 frá 24. desember 1971, 31. gr.

5. gr.

Ríkisvaldið veitir fjárhagsaðstoð við stofnsetningu og rekstur slíkrar verkfræðistofu, eins og hér segir:

1. 500 000 kr. vegna stofnkostnaðar, í eitt skipti fyrir öll, hverjum þeim landshlutasamtökum, sem koma á fót verkfræðistofu.
2. Ábyrgist greiðslu á ¾ hlutum af hallarekstri verkfræðistofu, en þó aldrei meira en nemur ¾ hlutum af launum og kostnaði við einn verkfræðing.

6. gr.

Landshlutasamtök, sem hyggjast koma á fót verkfræðiþjónustu samkvæmt lögum þessum, skulu gera félagsmálaráðuneytinu grein fyrir fyrirætlun sinni og láta ráðuneytinu í té áætlun um stofn- og rekstrarkostnað. Rekstraráætlun skal árlega senda félagsmálaráðuneytinu, ásamt endurskoðuðum rekstrarreikningi fyrra árs. Skal rekstrarstyrkur sá, sem um ræðir í 5. gr., 2. lið, greiddur að fengnum slíkum ársreikningi.

Félagsmálaráðuneytið áætlar árlegan kostnað hins opinbera vegna stofnsetningar og rekstrar verkfræðiþjónustu á vegum landshlutasamtaka og fær á fjárlögum hvers árs fjárveitingu í samræmi við það.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með stöðugt vaxandi verklegum framkvæmdum veldur það sveitarfélögum, fyrirtækjum og íbúum dreifbýlisins auknum erfiðleikum, óþægindum og kostnaði að þurfa að leita nánast því allrar verk- og tæknifræðiþjónustu utan síns byggðarlags. Þær eru ekki ófáar ferðirnar, sem fulltrúar sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga þurfa að fara til höfuðborgarinnar til þess að fá gerðan nauðsynlegan undirbúning fyrir ýmiss konar framkvæmdir á vegum slíkra aðila. Verkfræðiþjónusta staðsett í byggðarlaginu eða landshlutanum mundi spara ótalin skref og kostnað.

Einnig má ætla, að tæknimenn, sem búsettir eru í viðkomandi landshluta, fái smám saman ómetanlega yfirsýn og þekkingu á hinum ýmsu vandamálum og viðfangsefnum viðkomandi svæðis. Þannig geta þeir að ýmsu leyti veitt betri þjónustu en fáanleg er hjá ókunnugum aðilum.

Allt það, sem nú hefur verið talið, o. fl. mælir með því, að hið opinbera stuðli á einhvern máta að því, að verkfræðiþjónustu sé komið á fót í hinum ýmsu landshlutum, þar sem slík þjónusta er ekki fáanleg nú. Þessu hafa þingmenn lengi gert

sér grein fyrir, enda hafa verið lögð fram á Alþingi allmörg frumvörp um slíka verkfræðiþjónustu. Í flestum tilvikum hefur verið gert ráð fyrir því, að hið opinbera komi á fót og starfræki slíka þjónustu. Í þessu frumvarpi er hins vegar farin nokkuð önnur leið. Er gert ráð fyrir því, að landshlutasamtök viðkomandi svæðis hafi veg og vanda af stofnsetningu og rekstri verkfræðiþjónustunnar.

Landshlutasamtökum hefur alls staðar verið komið á fót, og hafa þau eflzt mjög verulega upp á síðkastið. Að þessu leyti hefur ástandið því breytzt, og virðist flutningsmönnum eðlilegra, að þau hafi veg og vanda af slíkri starfsemi, fremur en ríkisvaldið.

Hins vegar er vafasamt, að slík verkfræðiþjónusta beri sig, a. m. k. fyrst um sinn. Því er nauðsynlegt, að hið opinbera hlaupi undir bagga við stofnun og rekstur, þegar og þar sem nauðsynlegt reynist.

Fyrst og fremst mundi slík verkfræðiþjónusta fá tekjur með greiðslum fyrir hin ýmsu verkefni, sem hún tekur að sér. Tryggja verður, að fyrir þau sé greitt skv. viðurkenndri gjaldskrá. Sömuleiðis er nauðsynlegt, að opinberir aðilar noti slíka þjónustu eins og þeir frekast geta. Vissulega getur í einstökum tilfellum verið um svo viðamikil og flókin verkefni að ræða, að slík verkfræðiþjónusta eða stofa geti ekki sinnt þeim, en í flestum tilvikum ættu verkfræðingar eða tæknifræðingar á viðkomandi landssvæði að geta veitt ómetanlega þjónustu við undirbúning opinberra framkvæmda. Þetta er nauðsynlegt, að opinberir aðilar skilji og noti sér umrædda þjónustu eins og frekast er kostur á.

Vegagerð ríkisins hefur staðsett verkfræðinga á sínum vegum í landshlutum og sýnt þannig virðingarverðan skilning á því máli, sem hreyft er með þessu frumvarpi. Það er ómetanlegt fyrir slíkan starfsmann að hafa aðgang að víðtækari verkfræðistarfsemi.

Í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, sem samþykkt hafa verið á þessu Alþingi, er gert ráð fyrir því, að Framkvæmdastofnun ríkisins greiði ¾ hluta af launum starfsmanns, enda vinni hann að áætlanagerð fyrir stofnunina. Með þessu ákvæði er stefnt að aukinni tækniþjónustu í dreifbýlinu.

Í þessu frumvarpi er gerð tilraun til að efla slíka starfsemi, þannig að um alhliða þjónustu geti orðið að ræða.

Nd. 434. Breytingartillaga [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

Við 1. gr. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo:

Nú telja hjón eða annað hjóna sér hagfelldara, að tekjur þeirra séu sérstaklega skattlagðar, og geta þau eða það þá krafizt þess, að skattur sé á þau lagður sitt í hvoru lagi. Ábyrgð annars á skatti hins skal í slíkum tilfellum aldrei ná til séreignar.

Ed. 435. Breytingartillaga [133. mál]

við frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (AuA, OÓ).

Við 15. gr. (varatillaga). Síðari málsliður 1. mgr. falli niður.

Ed. 436. Breytingartillaga [133. mál]

við brtt. á þskj. 432 [Tekjustofnar sveitarfélaga].

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (AuA, OÓ).

Orðin „innheimtir fasteignaskatt með fullu álagi, sbr. 3. mgr. 3. gr.“ falli niður.

Nd. 437. Frumvarp til laga [133. mál]

um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 3. umr. í Ed., 9. marz.)

Samhljóða þskj. 419 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

1. Á árinu 1972 er félagsmálaráðuneytinu heimilt að veita sveitarfélögum sérstakt aukaframlag, ef í ljós kemur, að ákvæði laga þessara reynast þeim óhagstæðari en lög nr. 51/1964. Slíkt framlag skal þó aðeins veita, ef hlutaðeigandi sveitarfélag innheimtir fasteignaskatt með fullu álagi, sbr. 3. mgr. 3. gr., leggur á fullt útsvar samkv. 25. gr. og fullt aðstöðugjald samkvæmt ákvæðum 36. gr.

Heimilt er að endurgreiða Jöfnunarsjóði úr ríkissjóði framlög, sem veitt eru samkvæmt þessu ákvæði.

2. Gjalddagi fasteignaskatts á árinu 1972 skal vera 15. maí, sbr. þó 4. gr. i. f. Hafi sveitarstjórn þá innheimt fasteignaskatt, skv. lögum nr. 51/1964, skal endurgreiða gjaldendum það, sem ofgreitt kann að vera.

3. Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða breytingu á hinu nýja fasteignamati til samræmis við verðlag í árslok 1971.

Sþ. 438. Fyrirspurnir. [215. mál]

I. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um frumvarp að nýrri heilbrigðislöggjöf.

Frá Oddi Ólafssyni.

Hvenær má vænta frumvarps að nýrri heilbrigðislöggjöf?

II. Til forsætisráðherra um lausn Laxárdeilunnar.

Frá Stefáni Jónssyni.

Hvað líður samningi um lausn Laxárdeilunnar á þeim grundvelli, sem ríkisstjórnin hefur gert samþykkt um?

III. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um hlutdeild ríkisins í byggingu elliheimila.

Frá Bjarnfríði Leósdóttur.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er ákvæði um, að sett verði löggjöf um hlutdeild ríkisins í byggingu elliheimila. Hvað líður undirbúningi að framkvæmd þessa atriðis?

IV. Til menntamálaráðherra um menningarsjóð félagsheimila.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Hvers vegna var listkynning og önnur menningarstarfsemi ekki hafin í félagsheimilum á síðastliðnu hausti, eins og fyrirhugað var, sbr. ákvæði í l. nr. 57/1970 um, að 10% af tekjum félagsheimilasjóðs skuli renna í menningarsjóð félagsheimila og verja til menningarstarfsemi í þeim?

Sþ. 439. Tillaga til þingsályktunar [216. mál]

um gerð alþjóðlegs varaflugvallar á Norðurlandi.

Flm.: Ingi Tryggvason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram könnun á gagnsemi þess og hagkvæmni, að gerður verði alþjóðlegur varaflugvöllur á Norðurlandi, og heimilar ríkisstjórninni að hefja undirbúning fjármagnsútvegunar og framkvæmda, ef niðurstöður könnunarinnar verða jákvæðar.

Greinargerð.

Undanfarin 20 ár hefur annað slagið verið rætt um nauðsyn þess, að gerður verði alþjóðlegur varaflugvöllur á norðanverðu landinu til bættrar afkomu fyrir íslenzka millilandaflugið og aukins öryggis fyrir allt flug um norðanvert Atlantshaf. Ekki hefur þó orðið úr framkvæmdum, en gerðar hafa verið nokkrar athuganir í þessu efni, sem jákvæðar eru fyrir gerð millilandaflugvallar á austanverðu Norðurlandi.

Fyrirhuguð áætlun um fjárfestingu í ferðamálum flýtir fyrir nauðsyn þess, að tekin verði ákvörðun um framtíðarskipan millilandaflugþjónustu í landinu. Er eðlilegt, að gerð alþjóðlegs varaflugvallar á Norðurlandi komi inn í heildarskipulag ferðamála. Þá er einnig rétt að kanna áhuga þeirra, sem hagsmuna eiga að gæta í sambandi við áætlunarflug um norðanvert Atlantshaf, fyrir varaflugvelli á Íslandi og leita eftir fjárhagslegum stuðningi þeirra í formi framlags eða lána, ef slíks er kostur og hagkvæmt þykir.

Gerð alþjóðlegs varaflugvallar á Norðurlandi mundi hafa í för með sér aukið jafnvægi í ferðaþjónustu í landinu. Norðausturland hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn, og líklegt er, að alþjóðlegur flugvöllur á Norðurlandi yrði ýmist komu- eða brottfararstaður erlendra og að einhverju leyti innlendra ferðamannahópa. Er tvímælalaust hagur að því fyrir þjóðina í heild, að uppbygging ferðaþjónustu beinist ekki um of að takmörkuðu svæði, suðvesturhorni landsins. Á Norðausturlandi er myndarlegur vísir að ferðaþjónustu, sem eðlilegt er og vafalaust hagkvæmt að efla. Batnandi samgöngur á landi stækka óðum það svæði, sem gæti verið í beinu sambandi við vel staðsettan millilandaflugvöll og veitt þá þjónustu, sem slíkur flugvöllur krefst.

Alþjóðlegur varaflugvöllur á Norðurlandi mundi auka öryggi íslenzka millilandaflugsins og bæta samkeppnisaðstöðu þess. Ef slíkur flugvöllur gæti enn fremur stóraukið flugumferð um Keflavík, væri fundinn fjárhagslegur grundvöllur fyrir gerð slíks flugvallar.

Sérfróðir menn telja, að staðsetning varaflugvallar á Norðurlandi mundi beina auknum straumi farþegaflugs um Keflavík vegna aukins öryggis og sparnaðar í flutningi eldsneytis og því sé sennilegt, að slíkur flugvöllur stórbæti rekstrarafkomu Kefla-

víkurflugvallar. Þannig er líklegt, að gerð alþjóðlegs flugvallar á Norðurlandi mundi ekki aðeins orka til atvinnulegrar uppbyggingar í nágrenni sínu, heldur og til eflingar flug- og ferðamálastarfsemi í landinu í heild.

Athuga þarf því, hvort ekki sé hagkvæmt að fjármagna sameiginlega fyrirhugaðar umbætur á Keflavíkurflugvelli og gerð alþjóðlegs varaflugvallar á Norðurlandi. Ef honum yrði valinn staður þar, sem ódýrast er að gera hann og þó öruggt landfræðilega og veðurfarslega, mundi gerð flugvallarins og nauðsynlegustu flugstöðvarbygginga tæpast kosta nema sem svaraði andvirði tveggja nýrra skuttogara. Það, sem farið er fram á í þingsályktunartillögu þeirri, sem hér er lögð fram, er athugun á því, hvort slík framkvæmd væri þjóðhagslega hagkvæm eða ekki. Til slíkra athugana þarf vel að vanda, og á miklu veltur fyrir þróun flugumferðar og ferðaþjónustu, að athöfn fylgi athugun, ef jákvæð niðurstaða fæst.

Nd. 440. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til laga um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á mörgum fundum. Gögn bárust frá Félagi dómarafulltrúa, Dómarafélagi Reykjavíkur, Dómarafélagi Íslands og frá nokkrum meðlimum þessara félaga. Fulltrúar frá öllum þessum félögum mættu á fundum nefndarinnar.

Í viðtali við nefndina hefur dómsmálaráðherra lýst því yfir, að hann hafi hug á að láta fara fram allsherjarendurskoðun á skipan dómsmála í landinu. Þar sem ekki verður séð, að samþykkt þessa frumvarps tefji á nokkurn hátt fyrir slíkri endurskoðun, leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „átta til tíu“ í 2. málsgr. komi: átta til tólf.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna „fimm til sjö“ í 2. málsgr. komi: fimm til níu.
3. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „einn til þrír“ í 2. málsgr. komi: einn til fimm.
   b. Í stað orðanna „einn eða tveir“ í 3. málsgr. komi: einn til þrír.
   c. Í stað orðanna „einn dómari“ í 4. málsgr. komi: einn eða tveir dómarar.

Alþingi, 13. marz 1972.

Svava Jakobsdóttir, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Stefán Valgeirsson, frsm.
Stefán Gunnlaugsson.	Ólafur G. Einarsson.	Ellert B. Schram.

Nd. 441. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess. Er hér um að ræða nauðsynlega breytingu, sem leiðir af samþykkt frumvarps um skipan dóms-

valds í héraði, er nefndin hefur einróma lagt til að samþykkt verði. — Fjarstaddur afgreiðslu var Gísli Guðmundsson.

Alþingi, 13. marz 1972.

Svava Jakobsdóttir, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Stefán Valgeirsson, frsm.
Stefán Gunnlaugsson.	Ólafur G. Einarsson.	Ellert B. Schram.

Nd. 442. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess. Er hér um að ræða nauðsynlega breytingu, sem leiðir af samþykkt frumvarps um skipan dómsvalds í héraði, er nefndin hefur einróma lagt til að samþykkt verði. — Fjarstaddur afgreiðslu var Gísli Guðmundsson.

Alþingi, 13. marz 1972.

Svava Jakobsdóttir, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Stefán Valgeirsson, frsm.
Stefán Gunnlaugsson.	Ólafur G. Einarsson.	Ellert B. Schram.

Nd. 443. Frumvarp til laga [217. mál]

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 23 22. apríl 1967, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa, svo og starfsmenn landshlutasamtaka sveitarfélaga og starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja ásamt starfsfólki sparisjóða, samnorrænna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- eða líknarfélögum, enda séu uppfyllt skilyrði 3. gr. I. a., um ráðningartíma og aðalstarf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkv. 4. gr. núgildandi laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er stjórn sjóðsins heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn sveitarfélaga og stofnana, sem þeim tilheyra og sérstakan fjárhag hafa.

Á undanförnum árum hafa verið stofnuð samtök sveitarfélaga í kjördæmunum utan Reykjavíkur og hafa fjögur þeirra þegar ráðið sér framkvæmdastjóra. Starfs-

lið þessara samtaka hlýtur að verða það fátt, að ekki verður grundvöllur til að stofna sérstaka lífeyrissjóði á þeirra vegum.

Þrátt fyrir téð heimildarákvæði mun stjórn lífeyrissjóðsins hafa talið leika vafa á því, að henni væri heimilt að taka slíka starfsmenn í tölu sjóðfélaga, þar eð þessi samtök væri ekki lögbundin, og er frumvarpið flutt til þess að taka af allan vafa í þessu efni.

Ennfremur er lagt til, að heimilt sé að taka í tölu sjóðfélaga starfsfólk sparisjóða, samnorrænna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- eða líknarfélögum.

Nd. 444. Frumvarp til laga [218. mál]

um Lífeyrissjóð sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Lífeyrissjóður sjómanna og starfar með því skipulagi og markmiði, sem segir í lögum þessum. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenzka togara, íslenzk farskip, sem notuð eru til farþegaflutninga eða vöruflutninga, og á íslenzk varðskip, nema yfirmenn á farskipum, sem tryggðir skulu í lífeyrissjóðum, sem skipafélögin eru aðilar að. Yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna skulu tryggðir í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Heimilt er þó útgerð farskipa að tryggja yfirmönnum lífeyrissjóðsréttindi í sjóði þessum, ef samkomulag næst um það við stéttarfélög yfirmanna.

Sjóðfélagar eru enn fremur þeir sjómenn og beitingamenn, sem lögskráðir eru á íslenzk vélskip 12 lesta eða stærri, er stunda veiðar með línu, netum, botnvörpu, dragnót, humarvörpu, þorskveiðar með hringnót, lúðuveiðar með línu, síld- og loðnuveiðar, svo og aðrar veiðar, ef í samningum milli félaga sjómanna og útvegsmanna eru ákvæði um lífeyrissjóðsréttindi frá 1. janúar 1970 eða síðar. Sama gildir, ef slík skip eru notuð til flutninga innanlands, flutninga á ísvörðum fiski eða verið er að flytja þau milli landa eða milli staða innanlands. Undanþágu frá þátttöku samkvæmt þessari málsgrein skal þó veita fyrstu 4 mánuðina, sem viðkomandi starfsmaður er hjá sömu útgerð, enda leggi hann fyrir skráningarstjóra skriflega beiðni um slíka undanþágu og eigi ekki réttindi í sjóðnum vegna fyrra tímabils. Þá skulu sjómenn, sem þessi málsgrein tekur til og lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, vera utan við sjóðinn, ef ráðherra hefur fyrir gildistöku laga þessara veitt þeim undanþágu frá þátttöku, sbr. 2. málsgr. 3. gr. laga nr. 78 1970. Um sjóði þá, er þessir sjómenn eiga aðild að, skulu gilda öll ákvæði þessara laga, sem við geta átt og varða skyldur launagreiðenda til að halda eftir af launum vegna iðgjaldagreiðslu og um innheimturétt, lögveð í skipum svo og önnur atriði, sem tryggja rétt lífeyrissjóðs samkvæmt þessum lögum.

Sjóðfélögum, sem hætta störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi þátttaka, ef þeir hefja störf í landi við útgerð eða hliðstæð störf, svo sem við fiskvinnslustöðvar eða frystihús, enda hafi þeir greitt iðgjöld til sjóðsins a. m. k. 5 almanaksár og áunnið sér a. m. k. 3 stig, sbr. 11. gr. Heimilt er stjórn sjóðsins að láta sjómennsku fyrir gildistöku laga þessara jafngilda iðgjaldagreiðslu í þessu sambandi. Enn fremur er stjórninni heimilt með sömu skilyrðum að leyfa sjóðfélaga að halda áfram þátttöku, ef hann tekur upp annað starf, er veitir honum ekki aðild að lífeyrissjóði.

Heimilt er stjórn sjóðsins að taka í tölu sjóðfélaga menn, sem lögskráðir eru á íslenzk skip og eiga ekki aðild að lífeyrissjóði samkv. 1. eða 2. málsgr. Enn fremur er henni heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja starfsmenn sína í honum. Sömuleiðis er stjórninni heimilt að leyfa útgerð að tryggja skipverja sína, þótt þeir séu eigi lögskráðir, ef þeir starfa við skip hennar, sem er í viðgerð eða flokkunarviðgerð, eða að öðrum störfum í þágu útgerðar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma, sem úr hefur fallið af þessum sökum.

Elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

3. gr.

Réttindi þau, er sjóðfélagar öðlast með lögum þessum, skulu í engu rýra rétt þeirra til elli-, örorku- eða barnalífeyris, slysa- eða dánarbóta samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

4. gr.

Í stjórn sjóðsins eiga sæti 7 menn tilnefndir af: Hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Sömu aðilar skipa hver um sig einn varamann í stjórnina.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal fylgjast vandlega með fjárhag, rekstri og starfsemi sjóðsins og gæta þess, að hann starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum og skuldabréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum tryggðum með 1. veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum tryggilegum hætti.

Við lánveitingar til íbúðarbygginga skulu sjóðfélagar sitja fyrir. Lán úr sjóðnum skulu í engu skerða rétt sjóðfélaga til veðlána samkvæmt lögum nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Fé sjóðsins, sem ekki er ráðstafað í föstum lánum eða verðbréfum, skal ávaxtað eftir því, sem við verður komið, í tryggum lánastofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til.

8. gr.

Fimmta hvert ár skal stjórn sjóðsins fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins. Hann skal semja skýrslu um athugun sína og gera upp efnahagsreikning á grundvelli útreikninganna. Telji stjórnin tilefni til, skal hún láta slíka athugun fara fram, áður en 5 ár eru liðin frá næsta uppgjöri á undan.

Tryggingafræðingurinn skal athuga sérstaklega, hvort hann telur sjóðinn þess megnugan að greiða uppbætur á elli-, örorku- og makalífeyri, sbr. 16. gr. Skal hann gera tillögur um, að hve miklu leyti kaupgjaldshækkanir á næsta 5 ára tímabili skuli hafa áhrif á lífeyrisgreiðslur, og hafa í því efni hliðsjón af niðurstöðu athugana

sinna á fjárhag sjóðsins ásamt heildarútgjöldum hans til þeirra tegunda lífeyris, er að ofan greinir.

Telji tryggingafræðingurinn, með hliðsjón af kaupgjaldsþróun og öðrum atriðum, sem máli skipta, rannsókn sína leiða í ljós, að fjárhagur sjóðsins sé svo ótryggur, að við svo búið megi ekki standa, skal hann gera tillögur til sjóðstjórnar um aðgerðir til eflingar sjóðnum.

9. gr.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

10. gr.

Iðgjöld til sjóðsins skulu nema 10% af gjaldskyldum launum, sbr. 2.—4. málsgr., og greiðir sjóðfélagi 4%, en launagreiðandi 6%.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga á skipum, sem 2. málsgr. 2. gr. tekur til, skulu á árinu 1972 miðast við eftirfarandi mánaðarlaun:

Fyrir skipstjóra	kr.	28 650.00
Fyrir 1. stýrimann og 1. vélstjóra	—	25 790.00
Fyrir 2. stýrimann, 2. og 3. vélstjóra, netamann og matsvein	—	22 920.00
Fyrir háseta	—	20 060.00

Fjárhæðir þessar skulu síðan ákveðnar í desembermánuði ár hvert fyrir fram fyrir eitt ár í senn og breytast í sama hlutfalli og kauptrygging háseta hefur hækkað frá árslokum 1971, þó þannig, að jafnan séu fjárhæðir reiknaðar í heilum tugum króna.

Stjórn sjóðsins ákveður, hver skuli teljast gjaldskyld laun þeirra sjóðfélaga, sem heimild hafa til þátttöku samkvæmt ákvæðum 3.—5. málsgr. 2. gr.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga, annarra en þeirra, sem nefndir eru í 2. og 3. málsgr., skulu reiknuð af heildarlaunum, sem sjóðfélaginn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda.

Launagreiðendur skulu halda iðgjöldum sjóðfélaga eftir af launum þeirra og greiða þau ásamt sínum iðgjaldahluta beint til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna. Ef kauptryggingartímabil eru tilgreind í kjarasamningi, skulu skil til sjóðsins eiga sér stað innan 30 daga frá lokum hvers slíks tímabils. Heimilt er sjóðstjórn að innheimta frá gjalddaga vexti af iðgjöldum, sem ekki er skilað innan 30 daga frá því, er þau féllu í gjalddaga.

Sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar, skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip, ef krafa kemur fram um það af hálfu sjóðstjórnar. Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum.

Iðgjöld þeirra, sem veitt er heimild til þátttöku samkvæmt ákvæðum 3.—5. málsgr. 2. gr., skulu greidd mánaðarlega eftir á, nema sjóðstjórn ákveði annað. Telst gjalddagi 1. næsta mánaðar, og gilda ákvæði 5. málsgr. um vexti, ef vanskil verða. Nú hafa slík iðgjöld ekki borizt í 6 mánuði, og telst þá hlutaðeigandi sjóðfélagi vera hættur iðgjaldagreiðslum til sjóðsins.

11. gr.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvert almanaksár árslaun miðuð við fast dagvinnukaup 52 vikur á ári samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur mælikvarði á breytingar á vinnutekjum sjómanna almennt, skal hann að fengnum tillögum sjóðstjórnar ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir, ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af ráðherra, reynist síðar ónothæfur.

Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld, sem greidd hafa verið hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarlaunum ársins samkvæmt 2. málsgr. Séu iðgjaldagreiðsluár fleiri en 30, skal þó aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára, sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára, sem afgangs verða.

Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar, er sjóðfélagi nær 75 ára aldri.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

Verði iðgjöld ekki umreiknuð í stig, sbr. 4. málsgr., fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 18. gr.

12. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 5 almanaksár eða lengur, öðlazt hefur samanlagt a. m. k. 3 stig samkvæmt 11. gr. og orðinn er fullra 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1.7.

Heimilt er sjóðfélaga, sem stundað hefur sjómennsku 25 ár eða lengur, þar af a. m. k. 5 ár eftir 50 ára aldur, og verið lögskráður á íslenzkt skip eigi skemur en 180 daga hvert ár, að hefja töku ellilífeyris, þegar hann er fullra 60 ára. Á sama hátt veitir 20—25 ára starf á sjó rétt til töku ellilífeyris frá 61 árs aldri og 15—20 ára starf til töku hans frá 62 ára aldri. Sé ellilífeyrir tekinn fyrr en frá 65 ára aldri, lækkar upphæð hans um 0.3% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem vantar á 65 ára aldur, er taka hans hefst.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs, um ½% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 75 ára aldri, en reikna skal með sama meðaltali launa, sbr. 2. málsgr., og gert var við fyrri úrskurð.

13. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, á rétt á örorkulífeyri, ef hann verður fyrir orkutapi, er tryggingayfirlæknir metur 35% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum fyrir starf það, er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf, sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal lífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 12. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs miðað við meðaltal stiga hans næstu 5 almanaksárin fyrir orkutapið, þó ekki fleiri ár en hann hefur greitt iðgjöld til sjóðsins. Telji sjóðstjórnin þetta 5 ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, deyfi- eða fíknilyfja, skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. málsgr.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorka óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 65 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í stétt eða starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

14. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á hann þá rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans og hjónabandið hafi staðið a. m. k. 5 ár.

Láti sjóðfélagi eftir sig ekkju og barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi eiginkonu sinni, skal þó makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og ekkju hans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a. m. k. einu ári áður en hann lézt. Enn fremur skal ekkjulífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og ekkju hans, ef tryggingayfirlæknir telur ekkjuna vanta 50% eða meira á fulla starfsorku.

Heimilt er sjóðstjórn að greiða ekkli, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, allt að þeim lífeyri, sem ekkja ætti rétt á samkvæmt 2. málsgr., ef eins stæði á, enda hafi ekkillinn skerta starfsorku eða hinn látni sjóðfélagi teljist hafa verið aðalfyrirvinna heimilisins.

Nú andast sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 1. málsgr. um iðgjaldagreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri samkvæmt framangreindum ákvæðum, og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 12 mánuði eftir fráfall sjóðfélagans.

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka hans hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0.9. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 13. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau, sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur, í samræmi við ákvæði síðustu málsgr. 13. gr., en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ekkja eða ekkill samkvæmt þessari grein telst ekki sá, sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.

15. gr.

Nú andast sjóðfélagi, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóð-

félagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er barnalífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi, ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri og orkutap þeirra er metið.

Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

16. gr.

Nú verður hækkun á kauptaxta þeim, sem stigaútreikningur miðast við, sbr. 2. málsgr. 11. gr., eftir að lífeyrir samkvæmt 12., 13. og 14. gr. hefur verið úrskurðaður, og skal þá ráðherra, að fengnum tillögum sjóðstjórnar, taka ákvörðun um, hvort breyting skuli gerð á slíkum lífeyrisgreiðslum og hve mikil hún skuli vera. Heimilt er að láta slíka breytingu taka að nokkru eða öllu leyti til lífeyrisgreiðslna samkvæmt ákvæðum eldri laga, sbr. 1. og 3. málsgr. 23. gr. Aldrei má þó hækka lífeyri meira en að því marki, sem tryggingafræðingur hefur lagt til, sbr. 8. gr. Uppbætur, sem ákveðnar hafa verið í samræmi við tillögur tryggingafræðings, falla ekki niður, þótt ekki verði talið fært að veita áframhaldandi hækkanir.

17. gr.

Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis, og ávinnur hann sér þá ekki réttindi, meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal, hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi, telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu þá áunnin stig geymd, nema krafizt sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 18. gr. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins í 5 almanaksár eða lengur og öðlazt samanlagt a. m. k. 3 stig samkvæmt 11. gr., fellur réttur til elli-, örorku- og makalífeyris ekki niður, þótt sjóðfélaginn hverfi úr sjóðnum, en miðast einungis við áunnin geymd stig.

18. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af starfi því, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreiddan iðgjaldshluta launþega (4% iðgjald), sem hann hefur greitt til sjóðsins, með almennum innlánsvöxtum Landsbanka Íslands, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma. Það er skilyrði fyrir slíkri endurgreiðslu, að hlutaðeigandi sjóðfélaga hafi ekki borið að greiða iðgjöld til sjóðsins næstu 9 mánuði, áður en endurgreiðsla á sér stað, og hafi ekki áunnið sér réttindi, er nemi fullum 5 stigum, sbr. 11. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá þessum skilyrðum, ef sjóðfélagi á lögheimili erlendis.

Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna sjóðfélaga, sem náð hafa 75 ára aldri, sbr. 4. málsgr. 11. gr., skal hann endurgreiða iðgjaldshluta launþega. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

19. gr.

Nú verður undirmaður á farskipi yfirmaður á farskipi, og flyzt hann þá úr sjóðnum í lífeyrissjóð hlutaðeigandi útgerðarfélags eða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. 1. málsgr. 2. gr., og skal þá sjóðurinn greiða sjóði þeim, er farmaðurinn flyzt til, iðgjöld þau, sem hann hefur greitt sjóðnum og greidd hafa verið sjóðnum hans vegna, ásamt vöxtum.

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði af öðrum ástæðum en þeim, sem nefndar eru í 1. málsgr., sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er að lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið hans vegna. Sama gildir, ef sjóðfélaginn kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir þeim reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til, eða hjá tryggingafélagi eða stofnun, svo sem að framan greinir. Það skal enn fremur sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein, að tilsvarandi takmarkanir gildi um endurgreiðslur eða endurkaup, þar sem réttindi eru leyfð, eins og í þessum lögum.

Fé, sem yfirfært kann að verða úr öðrum lífeyrissjóði, veitir ekki víðtækari endurgreiðslurétt en gildir í sjóðnum, sem það var yfirfært úr. Að öðru leyti setur stjórn sjóðsins um það reglur, að fengnum tillögum tryggingafræðings hans, með hvaða kjörum hún heimilar flutning réttinda úr öðrum sjóði til þessa sjóðs.

20. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o. fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum laga þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn, fyrr en þeir hafa verið staðfestir af ráðherra.

21. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er ráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

22. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

23. gr.

Sjóðfélagar í starfi í árslok 1971 skulu eiga þess kost, að lífeyrisréttindi þeirra ákvarðist samkvæmt ákvæðum laga nr. 78/1970, enda tilkynni þeir stjórn sjóðsins skriflega þá ósk sína fyrir árslok 1972.

Iðgjöld þeirra sjóðfélaga, sem í sjóðnum eru í árslok 1971, skulu umreiknuð í stig í samræmi við ákvæði 11. gr. miðað við grundvallarlaun, eins og þau voru á þeim tíma, er iðgjöldin féllu til, nema réttindi þeirra fari eftir ákvæðum eldri laga, sbr. 1. málsgr.

Lífeyrisþegar sjóðsins skulu frá 1. janúar 1972 að telja taka lífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara, nema þeir beri fram um það skriflega ósk, fyrir árslok 1972, að ákvæði laga nr. 78/1970 gildi um lífeyrisgreiðslur til þeirra framvegis. Litið skal á lífeyrisgreiðslur til ekkju og barna hennar sem eina heild í þessu sambandi.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 78 10. ágúst 1970, um lífeyrissjóð sjómanna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum skulu á árinu 1972 miðast við grundvallarlaun 1967—1971, sbr. 11. gr. og 2. málsgr. 12. gr. Árið 1973 skulu greiðslur þessar miðast við grundvallarlaun 1968—1972 og árið 1974 við grundvallarlaun 1969—1973. Fyrsta tryggingafræðilega uppgjöri sjóðsins samkvæmt ákvæðum 8. gr. skal lokið eigi síðar en á árinu 1974, en að því loknu skal tekin ákvörðun um breytingar á lífeyrisgreiðslum í samræmi við ákvæði 16. gr. frá 1. janúar 1975 að telja. Á sama tímabili skulu lífeyrisgreiðslur, sem ákvarðast samkvæmt eldri lögum, sbr. 1. og 3. málsgr. 23. gr., hækka í hlutfalli við þá hækkun, er orðið hefur á 5 ára meðaltali grundvallarlauna frá því, er taka lífeyris hófst.

Skipverja á togara eða undirmanni á farskipi, sem hinn 12. júní 1958 var orðinn eldri en 55 ára, skulu reiknuð réttindi eins og um iðgjaldagreiðslur til sjóðsins hefði verið að ræða frá 55 ára aldri. Sama gildir um sjóðfélaga, er verið hafa á skipum, sem 3. málsgr. 2. gr. tekur til, með þeirri breytingu, að í stað 12. júní 1958 komi 31. desember 1969 eða annað það tímamark síðar, sem aðild að sjóðnum er miðuð við í hlutaðeigandi starfsgrein. Ríkissjóður endurgreiðir sjóðnum árlega þann kostnað, sem af ákvæði þessarar málsgreinar leiðir. Sama gildir um þann kostnað, sem lífeyrissjóðir þeir, sem tryggja yfirmenn farskipa, verða að greiða vegna sömu reglna og hér um ræðir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af Guðjóni Hansen, tryggingafræðingi, og hér fer á eftir greinargerð hans um það.

A. Almennar athugasemdir.

Með bréfi, dags. 12. september 1968, fól félagsmálaráðuneytið mér með skírskotun til þingsályktunar Alþingis frá 17. apríl 1968 að annast endurskoðun laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum, og skyldi sú endurskoðun gerð í samráði við hlutaðeigandi samtök og sjóðstjórn. Var verk þetta hafið í nóvembermánuði 1968, en skömmu síðar hófust viðræður útvegsmanna og bátasjómanna um aðild hinna síðarnefndu að sjóðnum, og náðist samkomulag um það efni milli þessara aðila í febrúar 1969. Vegna óvissu um, hvernig aðild bátasjómanna yrði háttað og hverjar breytingar þyrfti að gera á lögum sjóðsins í því sambandi, var endurskoðuninni slegið á frest, en nefnd skipuð til að semja lagafrumvarp, er lyti aðild bátasjómanna að lífeyrissjóði.

Með lögum nr. 59 1970 var lögum sjóðsins breytt með tilliti til aðildar bátasjómanna, og jafnframt var nafni hans breytt í Lífeyrissjóð sjómanna. Meginmál laga nr. 59 1970 var síðan fellt inn í lög nr. 78 1962, sbr. núgildandi lög nr. 78 frá 10. ágúst 1970 um lífeyrissjóð sjómanna.

Vegna ákvæða í 2. málsgr. 3. gr. laganna um heimild fyrir bátasjómenn í einstökum byggðarlögum eða landshlutum til undanþágu frá þátttöku í sjóðnum, hefur ekki fyrr en á yfirstandandi ári fengizt heildaryfirsýn um, hvernig lífeyrisréttindum sjómanna er háttað. Staðir, þar sem enn er óvissa um það efni, munu hins vegar nú teljast til undantekninga, og lausn lífeyrissjóðsmála þar getur vart haft áhrif á heildarendurskoðun laga um Lífeyrissjóð sjómanna. Er því ekki ástæða til, að aðild bátasjómanna hafi í för með sér frekari frestun á þeirri endurskoðun.

Í samræmi við það, sem í áðurnefndri þingsályktun segir um samráð við sjóðstjórn, hef ég átt allmarga fundi með stjórninni um verkefni þetta. Þeir stjórnarmenn, sem tilnefndir eru af samtökum sjómanna og útgerðarmanna, hafa jafnframt verið fulltrúar hlutaðeigandi samtaka við endurskoðunina, en að auki hef ég rætt við fulltrúa einstakra félaga sjómanna, sem þess hafa óskað. Þá hefur stjórn sjóðsins vísað til mín erindum, sem henni hafa borizt um breytingar á lögum hans, og verður nú nánar að þeim vikið í athugasemdum við einstakar greinar.

Í þingsályktuninni var gert ráð fyrir, að væntanlegar lagabreytingar miðuðust við, að sjóðfélögum yrði tryggð eigi minni réttindi en aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins njóta. Þótt samanburður sé að því leyti erfiður, að hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins miðast iðgjöld og lífeyrisgreiðslur (að undanskildum barnalífeyri) við föst laun, en hjá Lífeyrissjóði sjómanna er miðað við heildartekjur togarasjómanna og farmanna og tilteknar fjárhæðir, svipaðar kauptryggingu, þegar bátasjómenn eiga í hlut, er ekki vafi á, að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins veitir miklum mun betri tryggingu en Lífeyrissjóður sjómanna. Í því efni skiptir verðtrygging lífeyris fyrrnefnda sjóðsins höfuðmáli.

Ljóst er, að breytingar á bótaákvæðum Lífeyrissjóðs sjómanna verða mjög háðar því, hve miklar tekjur unnt verður að tryggja sjóðnum. Iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, um 10% af föstum launum, hrökkva skammt til að standa undir skuldbindingum, heldur eru það ákvæði 25. gr. laga nr. 29/1963 um endurgreiðslu verulegs hluta lífeyrisins úr ríkissjóði, sem tryggja gildi bótaákvæðanna. Þannig nam lífeyrir árið 1970 99.2 millj. kr., en af þeirri fjárhæð endurgreiddu ríkissjóður og ríkisstofnanir 50.4 millj. kr., og er þá alþingismannadeild sjóðsins ekki meðtalin. Fjárhagur Lífeyrissjóðs sjómanna er traustari en fjárhagur fjölmargra annarra lífeyrissjóða vegna þess, hve margir hafa hætt þátttöku í sjóðnum og skilið eftir hluta vinnuveitenda. Almenn aðild launþega að lífeyrissjóðum verður væntanlega til þess, að mjög dregur úr slíkum tekjum, en engu að síður tel ég fært að gera breytingar á bótaákvæðum, sem verða lífeyrisþegum til verulegra hagsbóta á næstu árum. Um ráðstafanir til frekari eflingar sjóðnum var ekki fjallað í þingsályktuninni, en þær geta verið fólgnar í bættri ávöxtun, hækkun iðgjalda eða ábyrgð og endurgreiðslum á lífeyri, annaðhvort af hálfu vinnuveitenda eða ríkissjóðs. Um síðastnefndu leiðina áttu sér á árinu 1968 stað viðræður milli félagsmálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins, og í bréfi hins síðarnefnda, dags. 30. september 1968, var tekið fram, að fjármálaráðuneytið teldi ekki fært að taka neinar kvaðir á ríkissjóð í sambandi við lagaendurskoðunina. Þá kemur það fram í athugasemdum við 10. gr., að fremur hefur verið rætt um að draga úr iðgjaldagreiðslum til sjóðsins en auka þær.

Meðfylgjandi lagafrumvarp er samið með hliðsjón af framangreindum atriðum annars vegar og þróun lífeyrissjóðsmála hér á landi undanfarin ár hins vegar. Frá ársbyrjun 1970 hefur allur þorri íslenzkra launþega átt aðild að lífeyrissjóðum. Hljóta samskipti sjóðanna að aukast mjög í framtíðinni, og má gera ráð fyrir, að Lífeyrissjóður sjómanna muni eiga veruleg samskipti við hina nýju sjóði verkalýðsfélaga fyrir höndum.

Breytingar þær, sem í frumvarpinu felast, eru í höfuðatriðum þessar:

1. **Verðtrygging lífeyris.**

   Óumdeilanlegt er, að höfuðvandamál íslenzkra lífeyrissjóða er vanmáttur þeirra til að tryggja verðgildi lífeyrisgreiðslna. Þeir sjóðir, sem veita slíka verðtryggingu hafa yfirleitt hlutaðeigandi vinnuveitendur, svo sem ríki, bæjarfélög o. fl., að bakhjarli, og taka þessir aðilar á sig stórkostlegar skuldbindingar með ábyrgð sinni. Í nær öllum reglugerðum hinna nýju lífeyrissjóða verkalýðsfélaga er gert ráð fyrir takmarkaðri verðtryggingu tiltekið tímabil í senn með hliðsjón af fjárhagsgetu hlutaðeigandi sjóðs hverju sinni. Sama hugmynd kom fram í greinargerð minni frá 17. júlí 1967 um hag Lífeyrissjóðs togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Þar sem sjóður þessi verður að teljast traustur í samanburði við flesta aðra lífeyrissjóði hér á landi og enn eru lífeyrisþegar hans tiltölulega fáir, er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að allar elli-, örorku- og ekkjulífeyrisgreiðslur, sem úrskurðaðar hafa verið, miðist við kauplag 1967—1971 frá 1. janúar 1972 að telja, og síðan verði sjálfkrafa hækkanir árin 1973 og 1974, en frá árslokum 1974 verði teknar ákvarðanir um áframhaldandi hækkanir fyrir 5 ára tímabil í senn með hliðsjón af afkomu sjóðsins.

2. **Stigakerfi í stað 10 ára meðaltals launa.**

Miklar hækkanir kaupgjalds og verðlags hafa valdið því, að sú algenga regla að miða lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða við meðallaun sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans hefur orðið óvinsæl, enda reynast lífeyrisgreiðslur oft harla lágar, þegar eftir henni er farið. Þá hafa sjómenn, einkum yfirmenn, bent á, að með því að fara eftir þessari reglu njóti menn þess á engan hátt við ákvörðun ellilífeyris, þótt þeir hafi fyrr á starfsævinni greitt mun hærri iðgjöld en sjóðfélagar almennt. Við þetta bætist, að nú eru ákvæði um iðgjaldagreiðslur mjög mismunandi eftir því, hvort bátasjómenn eða togarasjómenn og farmenn eiga í hlut, og ræður það því miklu um lífeyrisréttindi, á hvers konar skipum menn hafa starfað síðustu 10 starfsárin. Til þess að ráða bót á þessum annmörkum núgildandi lagaákvæða er í frumvarpinu gert ráð fyrir umreikningi iðgjalda hvers almanaksárs í stig í því skyni, að áunnin réttindi fari eftir verðgildi iðgjaldanna, eins og það var, þegar þau voru innt af hendi. Nær allir hinir nýju lífeyrissjóðir verkalýðsfélaga nota slíkan stigagrundvöll.

3. **Biðtímaákvæði.**

Samkvæmt frumvarpinu er krafizt 5 ára iðgjaldagreiðslutíma til þess, að um rétt til ellilífeyris geti orðið að ræða, 3 ára tíma í sambandi við örorkulífeyri, 6 mánaða tíma í sambandi við makalífeyri, en barnalífeyrir verður greiddur án tillits til iðgjaldagreiðslutíma. Samkvæmt núgildandi lögum er 10 ára lágmarkstími höfuðregla, en undantekning er gerð, þegar um er að ræða barnalífeyri og örorkulífeyri, ef rekja má örorkuna til starfs þess, sem sjóðfélagi gegndi.

4. **Lækkun aldursmarks ellilífeyrisþega.**

Gert er ráð fyrir heimild til að hefja töku ellilífeyris fyrir 65 ára aldur, þó ekki fyrr en frá 60 ára aldri, að uppfylltum tveimur skilyrðum, annars vegar, að sjóðfélagi hafi lengi stundað sjómennsku, og hins vegar, að ekki sé langt síðan hann hætti störfum á sjó.

Um ofangreind atriði og aðrar breytingar, sem í frumvarpinu felast, skírskotast að öðru leyti til athugasemda við einstakar greinar hér á eftir.

Til glöggvunar á því, hver áhrif samþykkt frumvarpsins mundi hafa á lífeyrisgreiðslur til núverandi lífeyrisþega, skulu nefnd þrjú dæmi. Ellilífeyrisþegi, sem hætti störfum skömmu eftir stofnun sjóðsins, og á nokkurn rétt samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laganna, fær nú um 8 þús. kr. á ári, en fengi um 45 þús. kr. árið 1972. Frestunarhækkun er hér reiknuð í samræmi við ákvæði 4. málsgr. 12. gr. frumvarpsins, þótt um eiginlega frestun á töku lífeyris hafi að sjálfsögðu ekki getað verið að ræða fyrr en eftir stofnun sjóðsins. Annar ellilífeyrisþegi, sem hóf töku lífeyris árið 1970 og á að mestu leyti rétt í samræmi við iðgjaldagreiðslur, en einnig að nokkru samkvæmt bráðabirgðaákvæðunum, mundi fá hækkun úr 38 þús. í 81 þús. á ári. Loks má nefna ekkju, sem hóf töku lífeyris árið 1969, en lífeyrir hennar mundi hækka úr 23 þús. kr. í 61 þús. kr. á ári. Tvö börn hennar njóta einnig lífeyris úr sjóðnum.

Enn þá eru lífeyrisþegar sjóðsins svo fáir, að þrátt fyrir framangreindar hækkanir yrðu útgjöld sjóðsins mjög lítil næstu ár. Árið 1970 námu lífeyrisgreiðslur 1577 þús. kr., en af þeirri fjárhæð endurgreiddi ríkissjóður 464 þús. kr. Þótt um fjórföldun þessa ríkissjóðsframlags gæti orðið að ræða, lít ég svo á, að sú aukning sé einungis eðlileg samræming þeirra skuldbindinga, sem ríkissjóður hefur áður tekið á sig, við kauplag nú, sbr. áðurnefnt bréf fjármálaráðuneytisins.

Stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna hefur lýst stuðningi sínum við frumvarpið í meginatriðum, en frestaði þó að taka afstöðu til 2. og 10. gr. Verður nánar að þessu vikið í athugasemdum við þær greinar, og enn fremur verður í athugasemdum hér á eftir drepið á hugmyndir, sem fram hafa komið við meðferð málsins.

B. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 2. gr.

Grein þessi er í meginatriðum samhljóða 3. gr. núgildandi laga. Ákvæði um aðild bátasjómanna í lögum nr. 59/1970 voru sniðin eftir áðurnefndu samkomulagi frá 11. febrúar 1969. Jafnframt tók nefnd sú, sem samdi lagafrumvarpið, fram, að athuga bæri við heildarendurskoðun laganna, hvort ekki væri unnt að stytta til muna ákvæði 3. gr. laganna með því að fella niður þá upptalningu, sem felst í 2. málsgr. og tryggja átti, að ekki væri farið út fyrir ramma samkomulagsins. Með hliðsjón af þessu lagði ég fyrir sjóðstjórn tillögu um, að í stað 1. og 2. málsgr. 3. gr. laganna kæmu svo hljóðandi ákvæði:

Sjóðfélagar eru allir þeir sjómenn og beitingamenn, sem lögskráðir eru á íslenzk skip, 12 lesta eða stærri, sbr. þó 2. og 3. málsgr.

Undanskildir þátttöku í sjóðnum eru yfirmenn varðskipa og strandferðaskipa ríkissjóðs, sem tryggðir skulu í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins samkvæmt lögum um þann sjóð, og þeir yfirmenn annarra farskipa, sem samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga og útgerðarmanna skulu tryggðir í öðrum lífeyrissjóðum, sem hlutaðeigandi skipafélög eru aðilar að.

Sjómenn á skipum, öðrum en togurum, farskipum og varðskipum, sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, skulu undanskildir þátttöku í þessum sjóði, ef ráðherra hefur fyrir gildistöku laga þessara tekið ákvörðun um slíka undanþágu, sbr. 2. málsgr. 3. gr. laga nr. 78 1970. Um sjóði þá, er þessir sjómenn eiga aðild að, skulu gilda öll ákvæði þessara laga, sem við geta átt og varða skyldur launagreiðenda til að halda eftir af launum vegna iðgjaldagreiðslu og um innheimturétt, lögveð í skipum svo og önnur atriði, sem tryggja rétt lífeyrissjóðs samkvæmt þessum lögum.

Fulltrúi Landssambands ísl. útvegsmanna lagðist eindregið gegn þessu orðalagi, þar sem enn hefði ekki verið samið um lífeyrisréttindi til handa sjómönnum, sem stunda handfæraveiðar o. fl., svo sem áhöfnum rækjubáta og sanddæluskipa. Einnig var hann andvígur því, að 4 mánaða undanþágan í 2. málsgr. yrði felld niður, nema áður hefði verið um slíkt samið. Samkomulag varð um það í stjórn sjóðsins, að hún frestaði að taka afstöðu til þessarar greinar í trausti þess, að samkomulag næðist milli sjómanna og útvegsmanna um þessi atriði. Að svo búnu máli hef ég í frumvarpinu haldið núgildandi ákvæðum óbreyttum í þessum efnum.

Við setningu laga nr. 59/1970 var um það deilt, hvort allir bátasjómenn, sem öðluðust lífeyrisréttindi í ársbyrjun 1970, skyldu vera í Lífeyrissjóði sjómanna. Var sett í lögin ákvæði þess efnis, að ráðherra skyldi ákveða, að bátasjómenn, sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, skyldu vera utan við sjóðinn, ef félög sjómanna og útvegsmanna á þeim stöðum óskuðu þess og forsvaranlega væri frá lífeyrissjóðsmálum hlutaðeigandi manna gengið. Telja verður, að mál þetta sé nú til lykta leitt og sé því rétt að miða lagaákvæðið við ástand, eins og það er nú, en gera ekki ráð fyrir heimild fyrir sjómenn til að kljúfa sig út úr þeim sjóðum, sem þeir hafa þegar gerzt aðilar að. Lífeyrissjóðsmál bátasjómanna eru nú með þeim hætti, að í Vestmannaeyjum og á Vestfjörðum eru allir í lífeyrissjóðum hlutaðeigandi byggðarlaga, en á Austurlandi og Norðurlandi vestra eru undirmenn í byggðarlagasjóðum, og gert er ráð fyrir, að Hólmavík og Kaldrananeshreppur fylgi Norðurlandi vestra í þessu efni. Hef ég miðað orðalag 2. málsgr. við, að þessi skipan haldist.

Breytingar á ákvæðum um heimild til þátttöku og áframhaldandi þátttöku í sjóðnum eru gerðar að fengnum ábendingum frá fulltrúum sjómanna og útgerðarmanna.

Um 3.—7. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 4.—8. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því, að tilvitnanir í lög í 4. og 8. gr. laga hafa verið leiðréttar.

Um 8. gr.

Ákvæði 2. málsgr. um athugun á möguleikum sjóðsins til að greiða uppbætur á lífeyri til samræmis við kaupgjaldshækkanir er nýmæli. Er gerð nánari grein fyrir þessu atriði í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 9. gr.

Greinin er samhljóða 10. gr. núgildandi laga.

Um 10. gr.

Við umræður um þessa grein í stjórn stjóðsins var því hreyft af hálfu vinnuveitenda, að iðgjöld togarasjómanna og farmanna yrðu framvegis látin miðast við tilteknar mánaðarlegar fjárhæðir með sama hætti og iðgjöld bátasjómanna nú. Með tilliti til væntanlegra samningaviðræðna frestaði stjórnin að taka afstöðu til þessa máls, sbr. það, sem að framan er sagt í athugasemdum við 2. gr. Í tillögum mínum hef ég miðað við óbreyttar reglur að þessu leyti.

Fellt er niður ákvæði um 30 ára hámark iðgjaldagreiðslutíma. Þessi breyting hefur þann kost, að hún er því meira virði fyrir sjóðinn, sem kauphækkanir eru örari og meiri, og eykur hún því líkur fyrir því, að unnt reynist að greiða í framtíðinni uppbætur á lífeyri samkvæmt 16. gr. Þar eð sjóðurinn hefur enn ekki starfað nema 13 ár, er langt þar til ákvæði þetta hefur áhrif í framkvæmd.

Í núgildandi lögum eru ekki ákvæði um vexti af ógreiddum iðgjöldum, en ákvæði frumvarpsins um þetta efni er samhljóða tilsvarandi ákvæði í reglugerð hinna nýju sjóða verkalýðsfélaga.

Um 11. gr.

Um stigakerfið er rætt í almennum athugasemdum hér að framan. Dagvinnutaxti Dagsbrúnarmanna hefur verið valinn sem grundvöllur, er sýna skal almennar kaupbreytingar, þar eð erfitt virðist að finna betri mælikvarða í kjarasamningum sjómanna, er hentað gæti jafnt undirmönnum sem yfirmönnum á öllum skipum. Það er kostur við þennan grundvöll, að hann er notaður af fjölmörgum öðrum lífeyrissjóðum og auðvelt er að reikna hann langt aftur í tímann.

Um 12. gr.

Af 2. málsgr. leiðir, að maður, sem haft hefur jafnar tekjur í hlutfalli við grundvallarlaun 11. gr. allan iðgjaldagreiðslutíma sinn, fær eftir 30 ára iðgjaldagreiðslutíma 51% af meðallaunum síðustu 5 starfsárin í stað 50% af meðallaunum 10 ára samkvæmt núgildandi lögum.

Í 3. málsgr. er heimild til að hefja töku lífeyris fyrir 65 ára aldur, ef sjóðfélagi hefur stundað sjómennsku 15 ár eða lengur, þar af a. m. k. 5 ár eftir 50 ára aldur. Sérákvæði þetta er því ætlað þeim, sem lengi stunda sjómennsku og koma sér ekki fyrir í starfi í landi alllöngu áður en eftirlaunaaldri er náð.

Á árinu 1969 bárust stjórn sjóðsins samhljóða tillögur frá skipverjum á allmörgum togurum þess efnis, að aldursmarkið yrði lækkað úr 65 í 60 ár. Í viðræðum við fulltrúa sjómanna kom fram áhugi á að ganga enn lengra og lækka aldursmarkið í 55 ár, og virðast það einkum vera yfirmenn á togurum, sem þess óska. Með hliðsjón af því, að sjóðurinn hefur enn þá ekki starfað nema 13 ár og lífeyrisgreiðslur verða því enn um sinn takmarkaðar sökum hins skamma réttindatíma, hef ég ekki talið tímabært að ganga lengra en gert er í 3. málsgr., og enn fremur óttast ég, að fortakslaus heimild til að hefja töku lífeyris við 55 eða 60 ára aldur yrði notuð af ýmsum á sama hátt og heimild núgildandi laga til úrgöngu úr sjóðnum, þ. e. án tillits til afleiðinga síðar. Þess má geta, að hin tilgreinda lækkun, 0.3%

fyrir hvern mánuð, sem vantar á 65 ára aldur, er við það miðuð, að einungis hluti sjóðfélaga uppfylli hin settu skilyrði og notfæri sér heimildina, en ég tel lækkunina þurfa að vera 0.4% fyrir hvern mánuð, ef heimildin ætti að vera fortakslaus.

Um 13. gr.

Ákvæðin um örorkulífeyri eru í samræmi við ákvæði hjá hinum nýju lífeyrissjóðum verkalýðsfélaga. Fyrir stofnun þeirra var algengast, að því aðeins væri tekið tillit til framtíðarréttinda við úrskurðun örorkulífeyris, að rekja mætti örorkuna til starfs sjóðfélagans. Hér er ekki gert ráð fyrir slíkri takmörkun, og felst mikil réttarbót í þeirri breytingu. Undantekning er þó gerð, ef rekja má orkutap til ofnotkunar áfengis, deyfi- eða fíknilyfja.

Biðtími er almennt styttur úr 10 árum í 3 ár, en jafnframt er fellt niður sérákvæði núgildandi laga um örorku, sem má rekja til starfsins.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir gerbreyttum ákvæðum um makalífeyri frá því, sem nú gildir. Biðtími er styttur úr 10 árum í 6 mánuði, tekið er tillit til framtíðarréttinda, en í stað þess að miða lífeyri við liðinn iðgjaldagreiðslutíma fer lífeyrisréttur eftir aðstæðum hins eftirlifandi maka, aldri hans, hjúskapartíma og fjölskyldu.

Um 15. gr.

Hjá hinum nýju verkalýðssjóðum er yfirleitt gert ráð fyrir 6 mánaða biðtíma sem skilyrði fyrir rétti til barnalífeyris. Samkvæmt gildandi lögum er enginn slíkur biðtími hjá Lífeyrissjóði sjómanna, og þótti ekki rétt að gera breytingu í þessu efni. Þá er gert ráð fyrir greiðslu barnalífeyris til 18 ára aldurs, en nú er aldursmarkið 16 ár.

Um 16. gr.

Um uppbætur á lífeyri vegna kaupgjaldshækkana skírskotast til almennra athugasemda hér að framan.

Um 17. gr.

Með styttingu biðtíma er aukin þörf fyrir ákvæði um það, hverjar afleiðingar það hefur, ef iðgjöldum er ekki skilað til sjóðsins.

Um 18. gr.

Í ákvæðinu um, að endurgreiðsla iðgjalda geti ekki átt sér stað, ef áunnin stig nema fullum 5 stigum, felst aukin takmörkun á rétti til endurgreiðslu og afsals lífeyrisréttinda. Meiri ástæða er til að takmarka endurgreiðslur, eftir að allur þorri launþega hefur öðlazt aðild að lífeyrissjóðum, og er raunar lítið samræmi í almennri þátttökuskyldu, hvar sem menn starfa, og frelsi til afsals réttinda, ef skipt er um starf. Árið 1969 barst stjórn sjóðsins erindi frá sjóðfélaga annars lífeyrissjóðs um undanþágu frá 9 mánaða ákvæðinu, ef í hlut ættu menn, sem jafnframt eru tryggðir annars staðar. Með breyttum bótaákvæðum er minni ástæða en áður til að gera slíka breytingu.

Um 19. gr.

Núgildandi ákvæði um flutning lífeyrisréttinda eru í 19. og 20. gr. lagnna. Fellt er niður ákvæði 20. gr. laganna um hlutdeild í ágóða, þar eð það hefur ekki verið framkvæmt vegna vandkvæða, sem talin hafa verið á framkvæmd þess. Þá er sleppt ákvæði um uppgjör vegna flutnings farmanna úr sjóðum skipafélaga árið 1962, en þeim flutningi er nú að sjálfsögðu lokið.

Um 20. gr.

Tilsvarandi ákvæði er í reglugerðum hinna nýju sjóða verkalýðsfélaga. Æskilegt getur verið fyrir Lífeyrissjóð sjómanna að gerast aðili að hugsanlegu samkomulagi

án þess, að lagabreytinga sé þörf af því tilefni. Í umræðum í stjórn sjóðsins var m. a. vakið máls á nauðsyn þess, að félagar í Lífeyrissjóði sjómanna gætu greitt iðgjöld sín til þess sjóðs, þótt þeir væru um stundarsakir lögskráðir á svæði annars sjóðs. Hér verður um gagnkvæmt vandamál að ræða, sem æskilegt er að fá leyst með samkomulagi.

Um 21. og 22. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 21. og 22. gr. laganna.

Um 23. og 24. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um 1. málsgr. skírskotast til þess, sem sagt er um verðtryggingu lífeyris í almennum athugasemdum hér að framan, sbr. enn fremur dæmi þau, sem þar eru tilgreind. Ákvæði 2. málsgr. er efnislega í samræmi við núgildandi bráðabirgðaákvæði.

Nd. 445. Frumvarp til laga [219. mál]

um breyting á lögum nr. 25 22. apríl 1967, um Landhelgisgæzlu Íslands.

Flm.: Jóhann Hafstein, Ingólfur Jónsson, Matthías Á. Mathiesen, Sverrir Hermannsson, Friðjón Þórðarson, Matthías Bjarnason, Gunnar Gíslason, Lárus Jónsson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Í Landhelgissjóð Íslands skal renna sektarfé og andvirði upptækra verðmæta vegna brota gegn fiskveiðilöggjöfinni, og enn fremur björgunarlaun, svo sem segir í 12. gr.

Ríkissjóður leggur Landhelgissjóði til árlegt framlag, 50 millj. kr., í fyrsta sinn á árinu 1972.

2. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Sjóðnum skal varið til hvers konar tækjabúnaðar Landhelgisgæzlunnar til gæzlu fiskveiðilandhelginnar og björgunarstarfa, svo sem til kaupa á varðskipum, flugvélum og öðrum tækjum hliðstæðum eða í tengslum við fyrrgreint hlutverk.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um stofnun Landhelgissjóðs Íslands voru upphaflega sett árið 1913, nr. 55 10. nóvember. Í þessum lögum segir svo: „1. gr. Af sektarfé fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi skal stofna sjóð, er nefnist Landhelgissjóður Íslands. 2. gr. Í sjóð þennan renna ⅔ sektarfjár fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi að meðtöldum ⅔ nettóandvirðis fyrir upptækan afla og veiðarfæri, eftir að lög þessi öðlast gildi. 3. gr. Landssjóður leggur líka til sjóðsins 20000 krónur á ári, er teljast með árstekjum hans.“ Hið beina framlag úr Landssjóði var fljótlega afnumið, en með lögum nr. 5 18. maí frá 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, og síðari breytingum á þeim lögum, og síðast með breytingu á þeim lögum frá 18. apríl 1967, er svo ákveðið,

að allt sektarfé eftir þeim lögum, svo og andvirði upptækra verðmæta, skuli renna í Landhelgissjóð Íslands. Slíkt ákvæði er einnig að finna í lögum nr. 25 22. apríl frá 1967, um Landhelgisgæzlu Íslands, og þá einnig, að björgunarlaun samkvæmt lögunum renni í Landhelgissjóðinn, en það er óbreytt eldra ákvæði.

Með þessu frv. er stefnt að því að efla Landhelgissjóð Íslands og gera hann sjálfstæðari en áður.

Tekið er upp að nýju ákvæði um árlegt framlag ríkissjóðs til Landhelgissjóðs, svo sem upphaflega var í lögunum um stofnun Landhelgissjóðs frá 1913.

Sýnist það vera tímabært nú, þegar hin mikla útfærsla fiskveiðilandhelginnar er ákveðin hinn 1. september í ár, en hún hlýtur að krefjast miklu meiri tækjabúnaðar Landhelgisgæzlunnar og leggja henni auknar skyldur á herðar.

Sá háttur hefur verið á hafður að undanförnu að leggja Landhelgissjóði til árlegt framlag úr ríkissjóði, þegar tekjur sjóðsins af sektarfé og andvirði upptækra verðmæta auk björgunarlaunanna, hafa ekki hrokkið til þess að greiða afborganir og vexti af kaupum varðskipa, flugvéla eða öðrum tilsvarandi búnaði.

Yfirlit á fskj. frá Landhelgisgæzlunni sýnir, hvernig þessu hefur verið háttað hin síðari ár. En með slíkum hætti telja flm. þessa frumvarps Landhelgissjóð of háðan fjárveitingavaldinu hverju sinni. Enda mun það mála sannast, að Landhelgisgæzlan er nú mjög vanbúin til þess að taka við sínu nýja hlutverki við útfærslu fiskveiðilandhelginnar.

Um 1. gr.

Hér er tekið upp það viðbótarákvæði, að ríkissjóður leggi Landhelgissjóði árlegt framlag 50 millj. kr. Álitamál getur verið, við hvaða upphæð skuli miða. En ekki verður með nokkrum rétti sagt, að hér sé of hátt stefnt, þegar höfð er í huga hin mikla verðmætisaukning þjóðarbúsins úr 50 mílna landhelgi, sem Landhelgisgæzlunni er ætlað að verja.

Um 2. gr.

Hér er umorðuð 18. gr. l. nr. 25 22. apríl 1967 og með þeim hætti, að fellt er niður ákvæði um það, að fjárveitingavaldið geti ákveðið, að hluta af árlegum tekjum og vöxtum sjóðsins megi verja til rekstrarútgjalda Landhelgisgæzlunnar. Að öðru leyti eru svo óbreytt eldri ákvæði, að dómsmálaráðherra hafi á hendi stjórn sjóðsins o. s. frv.

Fylgiskjal.

Landhelgisgæzlan.

TEKJUR LANDHELGISSJÓÐS 1962—1970.

Ár	Sektir og upptaka fyrir landhelgisbrot	Björgunarlaun	Vextir	Framlag ríkissjóðs	Samtals
1962	3 728 262.15	1 069 069.74	98 196.04	5 501 960.30	10 397 488.23
1963	2 127 255.00	1 001 484.26	32 487.36	6 004 397.55	9 165 624.17
1964	5 360 329.33	111 550.55	144 057.65	6 847 800.77	12 463 738.30
1965	5 470 787 00	2 914 075.03	365 818.68	6 461 798.50	15 212 479.21
1966	3 025 615.50	4 708 439.88	747 264.08	6 218 940.05	14 700 259.51
1967	2 661 227.00	2 398 833.45	755 421.57	2 898 060.95	8 713 542.97
1968	3 936 529.80	2 408 854.55	570 240.92	3 521 305.10	10 426 930.37
1969	5 726 328.67	1 022 801.30	313 988.84	14 125 000.00	21 188 118.81
1970	3 867 399.90	519 165.00	224 394.70	16 832 000.00	21 442 959.60
	35 903 734.35	16 154 273.76	3 251 869.84	68 411 263.22	123 721 141.17

Sþ. **446. Tillaga til þingsályktunar** [220. mál]

um endurskoðun á tryggingakerfinu.

Flm.: Björn Pálsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða tryggingakerfið í heild í þeim tilgangi að gera það einfaldara, ódýrara og réttlátara. Eftirfarandi atriða sé einkum gætt:

1. Afnumið sé hið tvöfalda lögboðna örorku- og lífeyrissjóðakerfi, þannig að einn sameiginlegur lífeyrissjóður sé fyrir alla landsmenn. Miðað skal við, að upphæð fullra örorkubóta og lífeyrisbóta eftir 67 ára aldur geti numið allt að ⅔ af venjulegum starfslaunum, hafi bótaþegi engar aðrar tekjur, en lífeyrir sé nokkru lægri, ef um aðrar tekjur er að ræða.

2. Tryggingakerfið sé fjármagnað annað tveggja af ríkissjóði að öllu leyti eða af ríkissjóði og iðgjöldum einstaklinga. Verði síðari kosturinn valinn, skulu atvinnurekendur greiða ákveðna prósentu af nettótekjum, en launþegar og vinnuveitendur sameiginlega tiltekna prósentu af vinnulaunum og sé miðað við dagvinnu og kauptryggingu sjómanna.

3. Þá lífeyrissjóði, sem til eru, sé heimilt að hafa í vörzlu þeirra aðila eða stéttarsamtaka, sem sjá um þá nú, og skal ávaxta þá og nýta á hagkvæman hátt fyrir viðkomandi aðila. Ríkisvaldið skal hafa eftirlit með starfrækslu þeirra og verðtryggja, ef unnt er.

4. Takist eigi samkomulag um afnám iðgjalda til lögboðinna lífeyrissjóða stéttarfélaga, vegna þess að þeir séu álitnir nauðsynlegir til öflunar lánsfjár, þá verði frekar horfið að þeirri leið að afla lánsfjár með því að skylda einstaklinga á aldrinum 37—62 ára til að kaupa sparimerki, hliðstætt því, sem ungt fólk gerir nú. Miðað sé við 10% af venjulegum vinnulaunum. Sparimerkin skal verðtryggja og endurgreiða eftir ákveðnum reglum eigendum þeirra, eftir að þeir hafa náð 67 ára aldri. Sé eigandi sparimerkja látinn, áður en þau eru að fullu greidd, skal innistæða hans ganga til erfingja eftir sömu reglum og aðrar eignir.

Greinargerð.

Árið 1968 voru samþykkt lög um lífeyrissjóði fyrir aldraða félaga í stéttarfélögum. Litlar deilur urðu um þá löggjöf, því að samið hafði verið um þá lausn í sambandi við vinnudeilur. Þingmenn munu hafa litið á það sem samningsrof, væri frv. eigi samþykkt.

Í árslok 1970 var samþykkt lagafrv. á Alþ. um lífeyrissjóð bænda. Umræður miklar urðu um það frv., sem enduðu með því, að ákvæði var sett í lögin, að þau skyldu endurskoðuð innan tveggja ára. Ég minnist þessi eigi, að svo stuttur reynslutími hafi verið ákveðinn áður í lögum. Það bendir til þess, að þingmenn hafi álitið lögin gölluð. Hannibal Valdimarsson taldi frv. hafa alla þá ókosti, sem lögin um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum höfðu, en komið hafði í ljós, að á þeirri löggjöf sneru iljar upp, þannig að þeir fengu flestar krónur, sem minnsta höfðu þörfina. Hannibal sagði enn fremur, að fulltrúar launþega hefðu samið um lífeyrissjóði, af því að vinnuveitendur voru fáanlegir að fara þá leið, en eigi að greiða hærra kaup. Iðgjöld launþega til lífeyrissjóða þýða, að í framtíðinni eru tekin 10% af dagkaupi allra launþega og lögð í óverðtryggða sjóði. Það skiptir eigi máli fyrir vinnuveitendur, hvort þeir greiða 6% af kaupi til launþega eða lífeyrissjóða. Vegna þessa ákvæðis jukust útgjöld vinnuveitenda um 6%, en tekjur launþega lækkuðu um 4%. Ljóst er því, að fyrrverandi ríkisstjórn hefur hér átt hlut að máli. Það var gildur þáttur í stefnu hennar og störfum að skattleggja atvinnuvegi og einstaklinga um framlög til

sjóða. Endurteknar gengislækkanir hafa upprætt sparnaðarviðleitni fólks, en aukið þörf fyrir fleiri krónur til útlána. Hvert tækifæri var því notað til að stofna sjóði og einstaklingar og atvinnuvegir skattlagðir í þeim tilgangi. Sjóðir þessir eru svo notaðir öðrum þræði til útlána og einstaklingar og atvinnurekendur þannig látnir greiða vexti af eigin fé. Margþætt útgjöld valda því, að atvinnurekstur ber sig verr, og stuðla þannig óbeint að minni getu til að greiða eðlileg vinnulaun. Ég álít, að vinnuveitendur hafi verið tregir um of að semja um launahækkanir, einkum eftir gengisbreytingar, en þægir um of að greiða óbeinar álögur. Til skýringar læt ég hér fylgja lista yfir laun og launatengdan kostnað málmsveina eftir 3 ára starf.

	Vikukostnaður	Á klst.
1. Laun	6 246.00	156.15
2. Orlof	520.29	13.01
3. Helgidagar	270.64	6.77
4. Veikindi og slys	270.64	6.77
5. Verkfæragjald	254.00	6.35
6. Sjúkrasjóður	75.62	1.89
7. Orlofsheimilasjóður	18.91	0.47
8. Lífeyrissjóður	340.29	8.51
9. Launaskattur	189.05	4.73
10. Atvinnuleysistrygging	40.61	1.02
11. Lífeyristrygging	91.80	2.30
12. Slysatrygging	31.70	0.79
13. Ábyrgðartrygging	113.43	2.84
14. Iðnaðargjald	15.12	0.38
15. Vinnuveitendagjald	75.62	1.89
16. Vinnuföt	80.00	2.00
17. Iðnlánasjóðsgjald	34.54	0.86
18. Aðstöðugjald	86.34	2.16
Það kostar samanlagt	8 754.60	218.89

Árskaup starfsmanns í dagvinnu er því um 325 þús. kr. Aðrar greiðslur vegna starfsmanns yfir árið eru því um 130 þús. Útsvör og skattar til ríkissjóðs eru eigi talin með, og útgjöld til lífeyrissjóðs eiga eftir að hækka.

Ljóst er, að væru hinir óbeinu skattar færri og smærri, væri að því vinnuhagræðing og aukin geta til hærri launagreiðslna, sem flestir hafa þörf fyrir.

Ég hef kynnt mér nokkuð tryggingamál í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Þar er tryggingakerfið einfalt, en eigi tvöfalt og þrefalt eins og hér. Um það er talað í þessum löndum, að heildarlífeyrir eigi að verða ⅔ af venjulegum vinnutekjum. En lífeyrir er eigi greiddur í Noregi og Danmörku fyrr en eftir 69 ára aldur.

Ellilífeyrir var hér árið 1970 50 þús. kr. fyrir einhleypan mann, en 90 þús. fyrir hjón. Miðað við erlendan gjaldeyri lækkaði lífeyrir hér verulega við gengislækkanirnar 1967 og 1968. Nú er lífeyrir hér 120 þús. kr. fyrir einhleypan mann, en 216 þús. fyrir hjón. Hafi lífeyrisþegi aðrar tekjur, getur lífeyrir lækkað í 84 þús. fyrir einhleypan mann og hlutfallslega fyrir hjón. Þeir, sem dvelja á elliheimilum og sjúkrahúsum, geta fengið mun meira.

Í Danmörku fékk einhleypur maður árið 1970 116 þús. í ellilífeyri, en hjón 185 þús. í ísl. krónum, ef um engar aðrar tekjur var að ræða. Hefði bótaþegi aðrar tekjur, gat lífeyrir lækkað í 144 þús. kr. fyrir hjón, en 95 þús. fyrir einhleypan mann. Ellilífeyrir er álíka mikill í Noregi, en nokkru hærri í Svíþjóð. Þar mun verðlag vera hærra. Ljóst er því, að ellilífeyrir er jafnhár á Íslandi nú og hjá nágrannaþjóðum okkar.

Í Noregi greiða atvinnurekendur, þar á meðal bændur, 7.8% af nettótekjum sínum í tryggingagjöld, launþegar 4% af launum, en atvinnurekendur 8.8% á móti. Ríki og sveitarfélög greiða lítið. Í Svíþjóð er svipað kerfi, en í Danmörku greiðir ríkið mun meira, en iðgjöld einstaklinga eru lægri. Þessar tryggingar svara til almannatrygginga hér, og aðrar lögboðnar lífeyristryggingar eru eigi í þessum löndum, hvorki fyrir launþega né bændur. Þær hafa því einfalt tryggingakerfi. Finnar einir hafa sérstakan lífeyrissjóð fyrir bændur. Þar greiðir ríkið 50% iðgjalda, en 50% greiðir bóndinn beint, og er miðað við matsverð jarða. Það er viturlegri, heiðarlegri og einfaldari innheimtuaðferð en nota á hér.

Ríkið greiðir nú allan lífeyri hér og mikinn hluta sjúkrakostnaðar. Til tryggingamála er varið á þessu ári nær ⅓ af ríkisútgjöldum. Þar sem ⅘ hluta ríkistekna er aflað með óbeinum sköttum, er ljóst, að allir þurfa að greiða til tryggingamála verulegar fjárhæðir. Auk þessa þurfa félagar stéttarfélaga innan Alþýðusambands Íslands að greiða 10% af dagvinnukaupi í lífeyrissjóði, en bændur 11%. Þeir bændur, sem hafa meira en meðalbú, eiga að greiða 50% til viðbótar. Formaður Stéttarsambands bænda heldur því fram, að neytendur eigi að greiða ⅗ af lífeyrissjóðsgjaldinu, en ríkið af þeim vörum, sem út eru fluttar eða notaðar til iðnaðar. Engin lagaskylda hvílir á ríkinu að gera slíkt. Landbúnaðarvörur hafa verið seldar innanlands fyrir eins hátt verð og gerlegt hefur verið, þegar undan er skilið s. l. kosningaár. Ég hygg, að svo muni verða framvegis. Sé verð á landbúnaðarvörum óeðlilega hátt, miðað við önnur matmæli, dregur úr sölu. Það eru því takmörk fyrir því, hvað borgar sig að hækka verðið. Eigi hefur skort rök fyrir því, að bændur þyrftu að fá hærra verð til að hafa sömu laun og viðmiðunarstéttirnar. Þeir hafa t. d. aldrei fengið fulla vexti af bústofni, jörð og vélum við verðútreikning. Það er því blekking ein, að neytendur muni greiða ⅗ hluta af iðgjöldum til lífeyrissjóðs. Bændur gætu selt afurðir sínar fyrir jafnhátt verð, þó að engir lífeyrissjóðir væru til.

Félagar í stéttarfélögum og bændur munu því greiða, þegar lífeyriskerfið er fullþroskað eftir 1—2 ár, yfir 20% af dagvinnukaupi sínu til lífeyrissjóðstrygginga, sé tillit tekið til þess, sem greitt er í gegnum ríkiskerfið. Auk þess eru greiðslur til slysa-, atvinnuleysis- og sjúkratrygginga. Þetta er a. m. k. tvöfalt meira en nágrannaþjóðir okkar greiða og ætti að nægja til, að hægt væri að greiða lífeyrisþegum 30—40% hærri lífeyri eftir 67 ára aldur en venjuleg vinnulaun eru, ef eigi væri um óvenjulega verðlækkun peninga að ræða. Þessu til viðbótar er kerfið allt tvöfalt eða þrefalt og fáránlegt í framkvæmd. Trúnaðarmenn verkalýðsfélaga hlaupa um og innheimta iðgjöld hjá vinnuveitendum, greiða gamalmennum nokkrar krónur ársfjórðungslega, sem væntanlega lækka bætur almannatrygginga hliðstætt. Kaupfélagsstjórar taka ákveðnar prósentur af innleggi hvers bónda, auk ákveðinnar prósentu af heildarinnlegginu. Mun hér vera um heimsmet að ræða hvað innheimtuaðferðir snertir. Örorkubætur — og sennilega mat á örorku — eiga að vera í tvennu lagi, sjúkrabætur í sumum tilfellum í þrennu lagi, því að ýmis stéttarfélög hafa sérstaka sjúkrasjóði, sem atvinnurekendur verða að borga í. Hér er því um tvöfalt og þrefalt innheimtukerfi að ræða og tvöfalt eða jafnvel þrefalt greiðslukerfi. Öllu þessu fylgir mikil skriffinnska og kostnaður.

Önnur hlið tryggingamálanna eru lífeyrisbætur. Opinberir starfsmenn hafa verðtryggð eftirlaun, þannig að lífeyrissjóður þeirra greiðir ákveðnar prósentur launa miðað við það ár, sem þeir hættu störfum. Eftir 30—35 ára starfsaldur getur sú upphæð orðið ⅔ launa. Verði verðbreytingar eða launahækkanir, greiðir ríkissjóður mismuninn. Hefur sú fjárhæð farið vaxandi og nemur sennilega 60—70 milljónum nú. Auk þess hafa opinberir starfsmenn lífeyri frá almannatryggingum, þannig að þeir eru á fullum launum, eftir að þeir hætta störfum. Þeir eru því á vissan hátt betur settir en á fyrri starfsárum sínum, þegar þeir þurftu að stofna heimili, ala upp börn og greiða námsskuldir.

Ráðherrar og þingmenn hafa nokkra sérstöðu. Hafi þeir gegnt þeim störfum um árabil, fá þeir í fyrsta lagi eftirlaun sem ráðherrar eða þingmenn. Sé um embættis-

mann eða bankastjóra að ræða, hafa þeir eftirlaun sem slíkir. Sé um bændur eða félaga í stéttarfélögum að ræða, fá þeir væntanlega eftirlaun þannig, þegar þeir sjóðir taka til starfa til fulls, að 13 árum liðnum. Eiga þær bætur að nema ⅔ hlutum vinnulauna. Í þriðja lagi eiga þeir að fá bætur frá almannatryggingum. Samanlagt nema þessar bætur sennilega hærri fjárhæð en tekjur viðkomandi aðila voru, meðan þeir voru í starfi.

Félagar í stéttarfélögum og bændur eiga að fá tvöfaldan lífeyri, þ. e. frá almannatryggingum og hinum lögboðnu lífeyrissjóðum, þegar þeir taka til starfa. Sé gert ráð fyrir, að bætur almannatrygginga nemi ⅔ af venjulegum vinnulaunum, eins og stefnt virðist að nú, og bætur sérsjóða nemi ⅔ hluta vinnulauna, ættu aldraðir lífeyrisþegar að hafa 20—30% meiri tekjur en þeir höfðu af vinnu sinni, meðan þeir voru ungir. Auk þess hafa margir aldraðir menn tekjur af eignum og ýmsir geta haft einhver störf með höndum. Er það meira virði fyrir gamalt fólk en háar bætur. Ég tel það rétta stefnu, sem tekin var á þessu þingi, að hafa bætur lægri fyrir þá, sem hafa vinnutekjur.

Rétt er að gera sér ljóst, að ýmsir standa enn utan við þessa margþættu tryggingalöggjöf og eiga eigi von annarra ellibóta en frá almannatryggingum. Ég lít svo á, að tryggingakerfi okkar sé orðið frumskógarkennt og ástæða sé til að gera það ódýrara og einfaldara í framkvæmd. Einhverjir verða að borga til allra þessara sjóða og greiða kostnaðinn við hið margþætta og að nokkru rangláta tryggingakerfi. Eigi þeir, sem hættir eru störfum að meira eða minna leyti, eru búnir að ala upp börn sín og eiga í mörgum tilfellum verulegar eignir, að hafa hærri árstekjur en ung hjón, sem þurfa að stofna heimili og ala upp nýja borgara, þá tel ég, að stefnt sé í öfuga átt. Það er hliðstætt og farið sé að bera á túnin, þegar grösin eru að fella fræ.

Gunnar Guðbjartsson taldi, að ⅖ hlutar af ársiðgjaldi bónda, sem hefði vísitölubú, miðað við verðlag ársins 1970, væru 13 200 kr. Þetta er sama upphæð og ég talaði um við umr. um lífeyrissjóð bænda. Árlega þarf því vísitölubúið að greiða 33 þús. kr., er þá miðað við verðlag 1970. Þeir, sem hafa eitt og hálft vísitölubú, þurfa að greiða 50% meira eða 49 500 kr. á ári, en ⅖ hlutar af þeirri upphæð eru 19 800 kr. Rétt er, að launþegar og bændur geri sér ljóst, hve hagkvæm hin nýja lífeyrislöggjöf er. Ég fékk því banka- og tryggingafræðing til að reikna út, hve miklar fjárhæðir hver einstaklingur þyrfti að greiða. Tekin eru tímabilin 30 ár og 40 ár og reiknað með 10% vöxtum og vaxtavöxtum, en það eru þeir viðskiptavextir, sem nær allir verða að greiða. Iðgjöld eru reiknuð í tvennu lagi, þ. e. ⅖ hlutar og heildariðgjöld:

13	þús. kr.	lagt inn árlega í 30 ár	verður með 10% vöxtum og vaxtavöxtum	2 352 264
13	þús. kr.	lagt inn árlega í 40 ár	verður með 10% vöxtum og vaxtavöxtum	6 329 073
33	þús. kr.	lagt inn árlega í 30 ár	verður með 10% vöxtum og vaxtavöxtum	5 971 133
33	þús. kr.	lagt inn árlega í 40 ár	verður með 10% vöxtum og vaxtavöxtum	16 066 109
19 500	kr.	lagt inn árlega í 30 ár	verður með 10% vöxtum og vaxtavöxtum	3 528 396
19 500	kr.	lagt inn árlega í 40 ár	verður með 10% vöxtum og vaxtavöxtum	9 493 610
48	þús. kr.	lagt inn árlega í 30 ár	verður með 10% vöxtum og vaxtavöxtum	8 685 284
48	þús. kr.	lagt inn árlega í 40 ár	verður með 10% vöxtum og vaxtavöxtum	23 368 886

Ljóst er af þessari töflu, hve miklu skiptir fyrir ungt fólk að eignast eigið fé. Það er frumskilyrði til, að það verði efnalega sjálfstæðir borgarar. Hagsýnn bóndi getur haft miklu meira en 10% vexti af því fé, sem hann leggur í bústofn. Eigi er því hagkvæmt fyrir bændur að greiða stórar fjárhæðir í sjóði, sem þeir eiga að fá endurgreiðslur úr að einhverju leyti eftir 40—50 ár, þ. e. a. s. ef þeir eru þá eigi dauðir. Öllum má ljóst vera af þessari töflu, að það eru eigi litlar fjárhæðir, sem félagar í stéttarfélögum eiga að leggja á borð með sér til elliáranna, og ánægjulegt fyrir Gunnar Guðbjartsson og Hannibal Valdimarsson að geta gert sér ljóst, hvaða pinklar það eru, sem þeir hafa laumað á bak skjólstæðinga sinna. Vísitölubúið

hefur greitt eftir 40 ár rúmar 16 milljónir með 10% vöxtum og vaxtavöxtum. Svipaðar upphæðir verða launþegar, sem eru félagar í stéttarfélögum, að greiða. Í Alþýðusambandinu eru um 36 þús. félagar, og bændur eru nálægt 5 þús. Þegar lífeyrissjóðsgjöldin eru innheimt til fulls, eftir 1—2 ár, er líklegt, að þau nemi með óbreyttu verðlagi allt að 2000 milljónum króna árlega. Lífeyrissjóðirnir eiga ekki að hefja starfsemi fyrr en eftir 14 ár. Í þessum sjóðum verður þá allhá upphæð með vöxtum og vaxtavöxtum. Sé reiknað með fullum vöxtum, mun sú fjárhæð nema rúmum 40 milljörðum. Þá upphæð hafa hinir lægst launuðu í landinu greitt beint og óbeint auk allra annarra skatta. Ég álít, að hér sé farið öfugt að. Almennan sparnað á að efla með því að treysta verðgildi peninga og gera það m. a. með því að stilla í hóf útgjöldum og eyðslu.

Stóra vitleysan.

Hér á landi munu starfandi um 70 lífeyrissjóðir, og eignir þeirra nema 3—4 milljörðum. Skráning krónunnar hefur breytzt s. l. 12 ár úr 16 kr. dollarinn í 88 kr. Í lífeyrissjóðum væri mikið fé, ef gengið hefði verið óbreytt. Tryggingafræðingar hafa réttilega á það bent, að óverðtryggðir lífeyrissjóðir séu nær óstarfhæfir vegna endurtekinna gengislækkana, sem hér hafa verið.

Starfsaldur þeirra, sem stunda langt nám, er mun skemmri en bænda og venjulegra launþega. Þetta atriði hafa þeir athugað, sem sömdu tryggingalög sjómanna, þótt illa sé raunar með sjómenn farið. Þar er hámark iðgjaldatímabilsins 30 ár. Launþegar og bændur eiga hins vegar að greiða iðgjöld frá 16—20 ára aldri. Ljóst er af töflunni, að iðgjaldaupphæðin nær þrefaldast á fjórða áratugnum, hvað þá á hinum fimmta. Sá, sem greiðir iðgjald í 40 ár, greiðir því nærri þrisvar sinnum meira í iðgjöld, séu vextir og vaxtavextir reiknaðir með, en sá, sem greiðir iðgjöld í 30 ár. Þetta er stóra vitleysan í tryggingalöggjöf bænda og stéttarfélaga. Það væri til mikilla bóta, ef tryggingatímabilið væri aðeins 30 ár og iðgjaldagreiðslur hæfust eigi fyrr en eftir 35 ára aldur. Iðgjaldagreiðslur bænda og félaga í stéttarfélögum eru allt of háar, nema reiknað sé með miklum gengislækkunum. Vera má, að rétt sé að reikna með slíku, en í því tilfelli er viturlegast að reikna dæmið til enda. Niðurstaðan mundi þá verða sú, að hagkvæmast væri fyrir bændur og jafnvel fleiri að ráða sjálfir yfir krónum sínum, þeir gætu oftast verndað verðgildi þeirra. Bændur eru atvinnurekendur og þurfa á fé sínu að halda, meðan þeir reka búskap. Þessum atriðum hafa þeir gleymt, sem sömdu lögin um lífeyrissjóði bænda og félaga í stéttarfélögum. Heimilt er að draga iðgjöld frá tekjum. Það skiptir máli fyrir þá launþega, sem hafa miklar tekjur, en fyrir flesta, sem eru í stéttarfélögum, og bændur skiptir þetta litlu, því að fæstir þeirra greiða mikinn tekjuskatt.

Ljóst er af ummælum Gunnars Guðbjartssonar og samþykktum stéttarsambands bænda, að meginforsendan fyrir stofnun lífeyrissjóðs bænda er stofnun lífeyrissjóðs félaga í stéttarfélögum og tillagið til stofnlánadeildarinnar. Það framlag er hliðstætt og tillag það, sem útgerðarmenn og iðnrekendur greiða til sinna sjóða. Vextir af stofnlánum hækkuðu 1960 úr 4½% í 6½%. Sé tekið tillit til framlags atvinnurekenda til stofnsjóðanna, svarar það til þess, að vextir hafi hækkað í 10%, en það eru venjulegir viðskiptavextir nú. Á hitt ber einnig að líta, að bændur hafa fengið ógengistryggð lán hjá stofnlánadeildinni, en það er mikils virði fyrir þá. Ég hef litið á tillagið til stofnlánadeildarinnar sem endurgreiðslu fyrir hagkvæm lánskjör og eigi talið, að hún skuldaði mér neitt, frekar hið gagnstæða. Bændasamtökin sögðu ríkisstjórninni vel til vegar með því að leggja 1% gjald á afurðir bænda til eigin samtaka og Bændahallar. Ókosturinn við nýjar álögur er, að nær ógjörlegt er að losna við þær aftur. Þannig hefur þetta reynzt með 2% gjaldið á afurðir bænda, en það svarar til 5% af kaupi þeirra. Stéttarsambandið tók til sín þrisvar sinnum meira en það þurfti. Afganginn lagði það í Bændahöllina. Framvegis ætti Stéttarsambandið að komast af með þær tekjur, sem það á að fá í sinn hlut af rekstri Bændahallarinnar. Tillögur hafa þó eigi komið fram um að afnema

framlag bænda til Stéttarsambandsins, en minnzt hefur verið á að stækka hótelið. Stéttarsambandið hefur sýnt lofsverðan áhuga á því að afnema 1% gjaldið til stofnlánadeildarinnar. Lífeyrissjóðsgjaldið má að nokkru rekja til þess áhuga. Þetta hefur tekizt á þann veg, að samkvæmt þeim lögum, sem nú gilda, eiga bændur að greiða næstu 20 árin í framlag í lífeyrissjóð og til stofnlánadeildarinnar nær 5% af andvirði afurða sinna. Ég met lítils lög, sem eiga að koma til framkvæmda eftir nokkur ár, því að óvíst er, að þau verði þá óbreytt. Hitt er staðreynd, að samkvæmt þeim lögum, sem í gildi eru, á að taka 5—6% af afurðaverði bænda á árabilinu 1973—1976, en það þýðir 15—18% af kaupi þeirra. Í stað þess að losna við að greiða 1% afurðaverðs til stofnlánadeildarinnar eru líkur til, að bændur fjármagni hana að öllu leyti í framtíðinni, enda vafalaust ekki annað þarfara gert, ef safna á stórfé í lífeyrissjóð hvort sem er. Skrafið um, að neytendur eigi að greiða ⅗ af lífeyrissjóðsgjaldi bænda, er óraunhæft. Neytendur eiga nóg með að greiða 10% af kaupi sínu til eigin sjóða, þó að þeir greiði eigi iðgjöld fyrir bændur. Útsöluverð var svo hátt á landbúnaðarafurðum, áður en niðurgreiðslur voru auknar í árslok 1970, að þær seldust treglega. Hið sama mun gerast, þegar niðurgreiðslur lækka. Framleiðsluráð verður eigi sakað um, að landbúnaðarvörur hafi eigi verið verðlagðar eins hátt og söluskilyrði leyfðu.

Hafa bændur og félagar stéttarfélaga beðið um lífeyrissjóði?

Ég hef rætt um hinn nýstofnaða lífeyrissjóð við ýmsa bændur. Allir hafa sagt, að þeir hafi eigi verið spurðir um stofnun hans og ekki um hann beðið. Stéttarsamband bænda var stofnað til þess að gæta hagsmuna þeirra viðvíkjandi verðlagningu og sölu afurða, en eigi til að finna upp nýja skatta á bændur. Það er tæpast rétt af stéttarsambandsfundi, sem stendur í einn eða tvo daga, að taka afstöðu til flókinna lagafrv. án þess að hafa tíma eða aðstöðu til að kynna sér þau til hlítar. Þegar slík frv. eru flutt á Alþingi, er því haldið fram, að viðkomandi stéttir óski eftir því, að þau séu samþykkt óbreytt, þó að slíkt sé með öllu óraunhæft. Það er því nær ógerlegt að hindra samþykkt slíkra frv., hvað gölluð sem þau eru. Tryggingamál okkar stefna út í algerar öfgar. Bezt er að hafa kerfið sem einfaldast og sanngjarnast, að allir búi við hliðstæð kjör með eftirlaun. Það er öfugþróun að halda því fram, að atvinnurekendur þurfi aðrar eða meiri eftirlaunatryggingar en launþegar. Atvinnureksturinn krefst þess, að þeir eigi verulegar eignir, því að atvinnurekandinn þarf á meira fé að halda en launþeginn, meðan hann er í starfi. En hann hefur í flestum tilfellum minni þörf fyrir háan lífeyri. Það gefur auga leið, að hagkvæmara er að hafa örorkubætur og ellilífeyri í einu lagi en í tveimur lögboðnum kerfum, enda þekkist slíkt víst hvergi nema hjá okkur.

Meðalaldur karla á Íslandi er 71 ár, en konur verða lítið eitt eldri. Margir deyja áður en iðgjaldagreiðslur hefjast. Í fæstum tilfellum auka þeir útgjöld tryggingastofnunar eða lífeyrissjóða. Ljóst er, að félagar í stéttarfélögum og bændur, sem hafa meðalbú, greiða á 40 árum með 10% vöxtum og vaxtavöxtum allt að 16 milljónum króna til lífeyrissjóða, miðað við verðlag það, sem nú er, og samkvæmt þeim lögum, sem nú gilda. Auk þess greiða þeir til almannatrygginga gegnum skattakerfið. Ráðamenn þjóðfélagsins ætla þegnunum að leggja allvel á borð með sér eftir 67 ára aldur. Í sérflokki eru bændur, sem reka stærri bú. Þeir eiga að greiða allt að 50% meira án tillits til þess, hvort þeir hafi meiri eða minni nettótekjur. Er sú lagasetning næsta frumleg.

Ég hef við engan talað, sem eigi vill, að gömlu fólki líði vel. Það bætir eigi líðan þeirra öldnu og veiku, þótt tekið sé allt að tvöfalt meira af vinnulaunum launþega og bænda en þörf er á og því fé safnað í sjóði, sem verðfelldir verða öðru hvoru. Aldrað fólk hefur takmarkaða ánægju af því að eyða fjármunum.

Tryggingakerfið þarf að endurskoða og breyta þannig, að við höfum aðeins eitt lögboðið tryggingakerfi. Hins vegar á hverjum einstaklingi að vera heimilt að tryggja

sig á þann hátt, sem hann telur æskilegt. Tvær leiðir eru til og báðar vel færar. Önnur er sú, sem farin var að nokkru á þessu þingi, þegar tryggingalöggjöfinni var breytt og ríkið tók að sér að greiða ellilífeyri og örorkubætur að öllu leyti. Hin leiðin er, að einstaklingar greiði iðgjöldin að mestu, eins og gert er í Noregi. Ætti þá að vera hægt að lækka skatta til ríkisins. Það skiptir eigi öllu, hvor þessara leiða er valin. Aðalatriðið er að gera tryggingakerfið einfalt og sanngjarnt, þannig að allir búi við svipuð kjör í tryggingamálum. Því fer fjarri, að svo sé nú. Öðru máli gegnir um sjúkratryggingar. Ég hygg, að betur verði með fjármuni farið, ef stærð sjúkrasamlaga er takmörkuð og málin að verulegu leyti í höndum fólksins sjálfs.

Viðurkenna ber, að fyrrverandi ríkisstjórn fór kænlega að, sé miðað við áhuga hennar við að stofna sjóði, með því að láta forráðamenn í samtökum stéttarfélaga og bænda fallast á eða óska eftir stofnun lífeyrissjóða. Sú beita var notuð að láta atvinnuleysistryggingar, stofnlánadeild og ríkissjóð greiða örlitlar fjárhæðir til þeirra öldruðu fyrstu 15 árin. Nema þær fjárhæðir sennilega 5—10% af iðgjöldum til lífeyrissjóða. Þetta er hliðstætt því, þegar fiskimenn láta síldarbita á öngla, þegar veiða skal ýsu, þorsk og keilu. Þessu til viðbótar voru samþykkt lög nú fyrir áramótin þess efnis, að lífeyrir lækkar hjá þeim, sem aðrar tekjur hafa.

Í lífeyrissjóði stéttarfélaga og bænda greiða yfir 40 þús. einstaklingar 10% af kaupi sínu. Á nokkrum áratugum safnast stórfé í þessa sjóði, sé löggjöfin óbreytt. Þetta fé verður lánað til einstaklinga og atvinnufyrirtækja og braskað með það á ýmsan hátt. Sjóðir þessir mun því eiga verulegan hluta af eignum landsmanna eftir nokkra áratugi, hliðstætt því, sem kaþólska kirkjan átti fyrir siðaskiptin. Hér er á ferðinni meiri sósíalísering en áður hefur þekkzt hér á landi, því að ríkisvaldið mun vilja ráða yfir þessum sjóðum og þeirra starfsemi að meira eða minna leyti. Þetta þýðir því meira ríkisvald, en minna efnalegt sjálfstæði einstaklinga. Alþingi þarf að breyta þessari óviturlegri löggjöf, gera kerfið einfalt og afnema framlög til hinna mörgu lögbundnu lífeyrissjóða.

Viðurkenna ber, að sparifé okkar er lítið. Vera má, að eigi takist að skapa það traust á gjaldmiðlinum, að sparifé verði nægilegt til að fullnægja lánsfjárþörf atvinnufyrirtækja og einstaklinga. Ég hef því í 4. lið þáltill. bent á, að gerlegt væri að skylda fólk eldra en 35 ára til að kaupa sparimerki fyrir 10% af vinnulaunum sínum, hliðstætt því, sem ungt fólk gerir nú. Þessi sparimerki væru verðtryggð, en vextir hóflegir. Eigendur hefðu rétt til að fá endurgreiðslu eftir ákveðnum reglum, þegar þeir hefðu náð 67 ára aldri, og e. t. v. fyrr, ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi. Innstæður þessar gengju til erfingja að eigendum látnum, hliðstætt og aðrar eignir. Ég held því eigi fram, að þessi leið sé æskileg, en álít hana þó sýnu betri en að lögþvinga fólk til að greiða 10% af kaupi sínu í óverðtryggða lífeyrissjóði frá 16—20 ára aldri þar til það er 67 ára. Verulegur hluti hinna tryggðu fær aldrei neinar endurgreiðslur, en aðrir aðeins lítinn hluta þess, sem þeir hafa greitt.

Sþ. 447. Tillaga til þingsályktunar [221. mál]

um aðstoð við nýlenduþjóðir Portúgals.

Flm.: Ellert B. Schram, Jón Skaftason, Pétur Pétursson, Bjarni Guðnason, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að veita þjóðum Angola, Guinea-Bissau og Mosambique stuðning í sjálfstæðisbaráttu þeirra með því að bjóða fram aðstoð í formi matvæla, læknislyfja, kennslutækja eða með því að gefa fulltrúum þessara þjóða kost á að kynna sér stjórnarfar og þjóðfélagsuppbyggingu Íslend-

inga. Höfð skulu samráð og samvinna við sambærilega stuðningsstarfsemi hjá öðrum Norðurlandaþjóðum.

Greinargerð.

Á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina og nú sérstaklega síðasta áratuginn hafa þjóðir hins svokallaða þriðja heims öðlazt sjálfstæði hver á fætur annarri. Hvort tveggja hefur komið til, að þjóðir Vesturlanda hafa horfið frá fyrri nýlendustefnu sinni og jafnframt eflt svo efnahagslega og menningarlega uppbyggingu meðal þessara þjóða, að þær eru í auknum mæli færar um að stjórna sér sjálfar.

En á sama tíma sem lýðræðisþjóðirnar á Vesturlöndum geta bent á þessa þróun með nokkru stolti, rekur ein þjóð Vestur-Evrópu, Portúgal, áfram ófyrirleitna og harðsvíraða nýlendustefnu í skjóli einræðis heima fyrir og valds og kúgunar hjá hinum undirokuðu þjóðum. Nýlendur Portúgala eru Angola, Guinea-Bissau og Mosambique.

Frjálshuga menn um allan heim hafa um langt skeið gert ýtarlegar tilraunir til að fá Portúgal til að veita þessum þjóðum aukið frelsi, en allt án árangurs, og er nú svo komið, að vopnuð átök og hernaðarástand færist mjög í aukana.

Flestöll atvinnutæki í löndum þessum eru í höndum Portúgala eða erlendra auðhringa. Þar ríkir ógnarstjórn lögreglu og hers, og yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar er hvorki læs né skrifandi. Tilraunir innfæddra til aukins frelsis, menntunar og mannsæmandi lífs eru kæfðar niður með valdi og ofbeldi, og óskir um viðræður hafa verið virtar að vettugi.

Þessar staðreyndir eru stórkostleg vanvirða vestur-evrópskri þjóð, sem vill telja sig siðmenntaða og frelsisunnandi.

Mikill meiri hluti mannkyns býr enn við ógnarstjórn einræðis, ýmist í gervi kommúnisma, kapítalisma og fasistískra herstjórna. Sumar þeirra þjóða, sem öðlazt hafa frelsi undan oki nýlendu-heimsveldisstefnunnar, hafa sjálfar hlotið örlög lögregluríkisins af völdum heimamanna sjálfra. Gerræðisfullt stjórnarfar ellegar einræði í sínum margvíslegu myndum má ekki og á ekki að draga úr lýðræðissinnuðum öflum í baráttu þeirra fyrir frelsi og sjálfstæði allra þjóða. Að þessu leyti er það heilög skylda okkar Íslendinga að leggja okkar litla skerf til þessarar baráttu.

Hér á landi hefur að undanförnu dvalizt fulltrúi þjóðfrelsisfylkingarinnar (MPLA) í Angola, Agostinho Neto, og átt viðræður við fulltrúa hinna íslenzku stjórnmálaflokka og óskað eftir stuðningi og aðstoð Íslands í baráttu samtaka hans í Angola. Hann hefur upplýst, að aðrar Norðurlandaþjóðir veiti slíka aðstoð og sendi matvæli, lyf, kennsluáhöld o. fl. til þessara nýlenduþjóða.

Flutningsmenn þessarar tillögu eru eindregið þeirrar skoðunar, að Ísland eigi að leggja sitt af mörkum, þegar slíkrar aðstoðar er óskað. Ekki er mælt með beinni fjárhagsaðstoð, heldur skal aðstoðin felast beinlínis í hagnýtum hjálpargögnum, svo sem matvælum og lyfjum. Til greina kemur sömuleiðis að bjóða 2—3 fulltrúum þessara þjóða að dveljast hér á landi um einhvern tíma og kynna sér stjórnarfarslega, menningarlega og efnahagslega uppbyggingu í lýðræðisríki eins og okkar Íslendinga.

Gerð er tillaga um, að samvinna verði höfð við sambærilega stuðningsstarfsemi á Norðurlöndum, í og með til að tryggja, að hjálpargögn og önnur aðstoð komist í hendur þeirra aðila, sem til er ætlazt.

Með þessum tillöguflutningi er ekki lagður neinn dómur á pólitískt markmið fylkingarsamtaka þessara þjóða, að öðru leyti en því, sem víkur að sjálfstæðisbaráttu þeirra.

Stuðningur Íslands, sem í aðstoðinni felst, skal fyrst og fremst túlkast sem siðferðilegur stuðningur við kröfu um frelsi og sjálfstæði hverrar þjóðar, um leið og hún felur í sér eindregna fordæmingu á nýlendustefnu Portúgals.

Nd. 448. Nefndarálit

um frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Þetta frumvarp er annar þáttur þeirrar gagngeru breytingar á íslenzkri skattalöggjöf, sem ríkisstjórnin beitir sér nú fyrir. Breytingarnar verður að skoða sem eina heild, enda eru frumvörpin nátengd hvort öðru og grundvallast sumpart á nokkuð breyttri verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, án þess þó að nokkur heildarathugun hafi farið fram á því, hvernig skynsamlegast sé að haga þeirri verkaskiptingu.

Um þetta frv. er hið sama að segja og ég sagði í nefndaráliti sem 2. minni hluti í fjárhagsnefnd um frumvarpið til laga um tekjuskatt og eignarskatt, að það er engan veginn nógu vel undirbúið. Er t. d. óskiljanlegt, að slíkt frumvarp sem þetta skuli hafa verið samið án nokkurs samráðs við Samband íslenzkra sveitarfélaga. Þá á hið sama við um þetta frumvarp og tekju- og eignarskattsfrumvarpið, að óverjandi er að gera jafngagngera breytingu á tekjuöflun sveitarfélaga, þegar meira en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum þess skattárs, þegar aflað var þeirra tekna, er greiða á útsvar af, og meira en mánuður er liðinn frá lokum framtalsfrests.

Það er skoðun Sambands íslenzkra sveitarfélaga, að verði þetta frumvarp samþykkt, sé tekjuöflunarmöguleikum sveitarfélaga of þröngur stakkur skorinn, þannig að þau muni ekki geta sinnt nauðsynlegum verkefnum. Hljóti það að koma niður á almenningi í einu eða öðru formi. Þá er það skoðun sambandsins, að í frumvarpinu sé einstökum sveitarfélögum gert mishátt undir höfði og sé þar stefnt í ranga átt.

Þótt útsvarsbyrði muni eflaust lækka nokkuð frá því, sem var á liðnu ári, þar eð ríkisvaldið mun framvegis taka á sínar herðar nokkur útgjöld, sem sveitarfélög hafa hingað til annazt, mun það ekki vega á móti þeirri auknu skattheimtu ríkisins, sem í vændum er á þessu ári. Það, sem máli skiptir fyrir skattgreiðandann, er ekki, hvað hann greiðir annars vegar í útsvar og hins vegar í tekjuskatt, heldur hvað hann greiðir samtals í útsvar og tekjuskatt af tekjum sínum.

Allur samanburður, sem hingað til hefur verið gerður á gildandi skattalögum og frumvörpum ríkisstjórnarinnar af hálfu hennar sjálfrar og málgagna hennar, hefur verið byggður á því, að skattarnir samkvæmt gildandi lögum hafa verið reiknaðir út miðað við skattvísitöluna 106.5, en við hana var miðað í fjárlagafrumvarpinu, þar eð hækkun vísitölu framfærslukostnaðar milli skattáranna 1970 og 1971 var 6.5%. Á síðasta ári var skattvísitalan þó hækkuð um 20%. Samkvæmt frumvarpi, sem þingmenn úr núverandi stjórnarflokkum fluttu á síðasta þingi, hefði skattvísitalan í ár átt að hækka álíka mikið. Eðlilegast er að miða skattvísitöluna við það, að hækkaðar tekjur í krónutölu flytji skattgreiðanda ekki í hærri skattstiga. Þar eð tekjur í fyrra eru taldar hafa hækkað um a. m. k. 21.5% frá fyrra ári og líklega talsvert meira, hefði verið eðlilegast, miðað við þær upplýsingar, sem fyrir liggja, að ákveða skattvísitöluna 121.5, ef lagt hefði verið á eftir gamla kerfinu. En þá yrði skattgreiðslan að sjálfsögðu mun lægri en útreikningar ríkisstjórnarinnar og málgagna hennar sýna. Þeir eru því markleysa, þar eð þeir eru byggðir á forsendum, sem ríkisstjórnin hefur gefið sjálfri sér, en segja ekkert um, hvaða skattvísitölu hún sjálf eða önnur ríkisstjórn hefði ákveðið í raun og veru, ef gildandi skattalög hefðu verið framkvæmd á þessu ári. Óhætt er að fullyrða, að hvorki þessi ríkisstjórn né nokkur önnur hefði látið sér detta í hug að hækka skattvísitölu í ár um aðeins 6.5%, í kjölfar þess, að hún var í fyrra hækkuð um 20%. Þess vegna er það í hæsta máta undarlegt, að ríkisstjórnin skuli byggja vörn sína fyrir skattafrumvörpin fyrst og fremst á atriði sem þessu og reyna að telja mönnum á þessum grundvelli trú um,

að frumvörpin jafngildi skattalækkun, þótt hún hljóti að gera sér ljóst, að reynslan mun í sumar verða allt önnur.

Ef á þessu ári hefði verið lagt á eftir gildandi lögum og miðað við skattvísitölu 121.5, hefðu heildarskattgreiðslur skattgreiðenda orðið 7040 millj. kr. Ef skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar hefðu verið samþykkt eins og þau voru lögð fram upphaflega, hefði heildarfjárhæð þeirra skatta, sem breytingarnar taka til, orðið 7750 millj. kr. eða 710 millj. kr. hærri. Í meðferð Alþingis hafa þau sem betur fer tekið nokkrum breytingum, sem munu draga úr aukningu skattbyrðarinnar. Á þeim stutta tíma, sem liðinn er síðan breytingarnar voru samþykktar, hefur ekki reynzt unnt að athuga nákvæmlega, hversu miklu sú lækkun nemur. En óhætt mun þó að fullyrða, að hún nemur hvergi nærri 710 millj. kr., svo að enn á það við, að almenningur mun þurfa að greiða hærri heildarskatta á þessu ári en í fyrra.

Vilji menn bera saman skattbyrði almennings samkvæmt lögum þeim, sem í gildi hafa verið, og frumvörpum ríkisstjórnarinnar, má aðallega gera það á tvennan hátt. Annars vegar má bera saman skattana, eins og þeir hefðu orðið samkvæmt gömlu lögunum, og miða þá við einhverja skynsamlega ákveðna skattvísitölu, og skattana, eins og þeir yrðu samkvæmt frumvörpunum. Hins vegar má bera saman raunverulega skattgreiðslu af ákveðnum tekjum í fyrra, en þá voru gömlu lögin í gildi, og væntanlega skattgreiðslu í sumar samkvæmt frumvörpunum. Yrði þá að miða við áætlun um tekjur í fyrra, en slíkar áætlanir hafa verið gerðar.

Ríkisstjórnin og málgögn hennar hafa notað fyrri aðferðina, en miðað við algjörlega óraunhæfa skattvísitölu, þannig að bein skattbyrði samkvæmt þeim útreikningum hefur verið sýnd miklu þyngri en hún hefði nokkru sinni orðið, hefði gömlu lögunum verið beitt.

Við 1. umræðu þessa frumvarps beitti ég hinni aðferðinni, sem er í raun og veru einfaldari, þar eð þar kemur engin deila um það til greina, hver skattvísitalan skuli vera. Þar er spurningin sú ein, hvernig eigi að áætla tekjur ársins í fyrra. Áætlanir um það hafa þegar verið gerðar og eru taldar mjög varlegar, þ. e. að tekjur muni líklega reynast hærri og það jafnvel mun hærri en áætlanirnar gera ráð fyrir. Var byggt á þessum áætlunum. Í ljós kom, að nokkur lækkun mundi verða á skatthlutfalli verkamanna og örlítil lækkun á skatthlutfalli afgreiðslumanna í verzlunum. Þessu ber auðvitað að fagna. Nokkur lækkun hefði einnig orðið á skatthlutfalli þessara stétta samkvæmt gamla kerfinu og skattvísitölu 121.5, að vísu ekki eins mikil. En samanburðurinn sýndi að öðru leyti, að skatthlutfall allra annarra launastétta, sem hann tók til, mundi hækka, en þær voru iðnaðarmenn, skrifstofumenn, ríkisstarfsmenn, starfsmenn sveitarfélaga, undirmenn á fiskiskipum og yfirmenn á fiskiskipum. Skatthlutfall ríkisstarfsmanna hækkar t. d. úr 19.4% í 22.1%, skatthlutfall starfsmanna sveitarfélaga úr 17.8% í 20.1% og undirmanna á fiskiskipum úr 13.1% í 16.8%. Það fer því ekki á milli mála, að skattbyrði þyngist með samþykkt þessa frumvarps og frumvarpsins um tekjuskatt og eignarskatt.

Tvennt ætti að vera meginatriði allra breytinga, sem gerðar eru á skattalögum: Annars vegar ætti að vinna að því, að launafólk greiði ekki skatt af þeim tekjum, sem nauðsynlegar eru til venjulegs lífsframfæris. Að framan hefur verið sýnt fram á, að skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar stefna í öfuga átt að þessu leyti. Hins vegar ætti að keppa að því að gera skattkerfið sem einfaldast. Nokkur atriði frumvarpanna stefna í þá átt, en eitt stórt spor er þó stigið aftur á bak á þessu sviði, einmitt í þessu frumvarpi. Í því er gert ráð fyrir, að útsvör séu lögð á annan tekjugrundvöll en tekjuskattur, þar eð þau eiga að verða bruttóskattur, en tekjuskattur að halda áfram að vera nettóskattur, og þessi breyting er gerð án þess, að það hugtak hafi verið vandlega skilgreint eða sýnt fram á, að það sé sanngjarn álagningargrundvöllur. Ekki hefur heldur verið gerð nein tilraun til þess að bæta úr ágöllum nettótekjuhugtaksins í gildandi lögum. Hið nýja skattkerfi gerir því ráð fyrir tvenns konar grund-

velli við álagningu opinberra gjalda, sem miðuð eru við tekjur, og verður skattkerfið við það flóknara, en ekki einfaldara en áður var.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið sagt, er það aðaltillaga mín, að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til nánari athugunar, eins og ég hafði lagt til í fjárhagsnefnd varðandi frumvarpið um tekjuskatt og eignarskatt. Í þessu sambandi lýsi ég enn yfir fylgi Alþýðuflokksins við afnám nefskattanna, þ. e. almannatryggingagjalds og sjúkrasamlagsgjalds, og vilja hans til þess að styðja lögfestingu nýs, hlutfallslegs tryggingartekjuskatts til þess að sjá almannatryggingakerfinu fyrir nægilegum tekjum. Verði þessu hafnað, óska ég, að nokkrar breytingar verði gerðar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi telur Alþýðuflokkurinn rétt, að það sé ekki aðeins heimildarákvæði til handa sveitarstjórnum, að fella megi niður útsvar á bætur frá almannatryggingum, heldur skuli óheimilt að leggja á þær útsvar. Í öðru lagi telur Alþýðuflokkurinn rétt, að sjómenn fái að halda þeim frádrætti vegna hlífðarfatakostnaðar, fæðiskostnaðar og öðrum sérstökum frádrætti samkvæmt reglum gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt. Í þriðja lagi telur flokkurinn rétt að leyfa áfram frádrátt vegna námskostnaðar og útgjalda vegna menntunar barna samkvæmt reglum tekjuskattslaga. Í fjórða lagi telur hann, að halda eigi gildandi reglum um heimild til frádráttar vegna útsvars síðasta árs, hafi það verið greitt að fullu á réttum gjalddögum. Í fimmta og síðasta lagi telur flokkurinn rétt að flytja breytingartillögu um, að sú regla, sem gilt hefur undanfarin ár, skuli ekki afnumin, að draga megi frá tekjum 50% af launatekjum giftrar konu samkvæmt reglum gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt, þar eð útsvarsgreiðslur giftra kvenna, sem vinna utan heimilis, mundu augljóslega vaxa verulega að öðrum kosti og hætta skapast á, að atvinnuvegirnir misstu af mikilsverðu vinnuafli.

Eins og kom fram í sambandi við afgreiðslu frumvarpsins um tekjuskatt og eignarskatt í þessari deild, óskar Alþýðuflokkurinn þess, að ríkisstjórnin haldi áfram endurskoðun skattamálanna og athugi í því sambandi sérstaklega, að hvort hjóna um sig verði sérstakur skattgreiðandi, þannig að vinni hjónin bæði utan heimilis, skuli hvor aðili greiða skatt af sínum tekjum, en vinni aðeins annar aðili utan heimilisins, hvort sem það er eiginmaðurinn eða eiginkonan, skuli þeim, sem engar tekjur hefur, reiknaður til tekna hluti af tekjum heimilisins, en þó aldrei hærri fjárhæð en helmingur af tekjum þess, sem teknanna aflar.

Í sambandi við flutning breytingartillagna um þessi skattamál hjóna við frumvarpið um tekjuskatt og eignarskatt lýsti hæstv. fjármálaráðherra yfir, að ríkisstjórnin mundi við áframhaldandi endurskoðun skattamálanna athuga sérstaklega að gera hvort hjóna, sem aflar tekna og/eða á skattskyldar eignir, að sjálfstæðum skattþegni. Þessari yfirlýsingu ber að fagna, svo langt sem hún nær. En í framhaldi af fyrri tillöguflutningi óskar Alþýðuflokkurinn þess, að athugun ríkisstjórnarinnar verði víðtækari. Þótt slík ákvæði sem nefnd eru að framan væru lögfest, og þau væru tvímælalaust til bóta, getur enn verið um að ræða misrétti í skattamálum hjóna, sem væri óleiðrétt.

Þetta mál var rætt í nefndinni, og hefur hæstv. fjármálaráðherra kveðið sig reiðubúinn til þess að lýsa því yfir í umræðum um frumvarpið, að hann sé reiðubúinn til þess að beita sér fyrir því, að sú hugmynd, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, þ. e. að allar konur verði sjálfstæðir skattþegnar, hvort sem þær vinna utan heimilis eða á heimili, verði athuguð í sambandi við framhaldsendurskoðun skattalaganna. Með tilvísun til þessa mun ég enga breytingartillögu flytja varðandi þetta efni.

Alþingi, 14. marz 1972.

Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 449. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (JÁH).

1. Við 7. gr. Á eftir 9. tölul. bætist nýr stafl., svo hljóðandi:
   2. málsgr. E-liðs 15. gr. falli niður.
2. Við 8. gr. Aftan við 4. mgr. bætist inn ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Auk frádráttar samkvæmt 1. mgr. skal draga frá hreinum tekjum einstaklinga, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, fjárhæð, er nemi ⅖ hlutum af fjárhæð frádráttar skv. A-lið 1. mgr. Á sama hátt skal draga frá hreinum tekjum hjóna, sem telja fram saman, sömu fjárhæð fyrir hvort um sig.
3. Á eftir 23. gr. bætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórnin skal halda áfram athugun á skattakerfinu og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþingi. Í því sambandi skal athugað sérstaklega, að hvort hjóna um sig verði sérstakur skattgreiðandi, þannig að vinni hjón utan heimilis, skuli hvor aðili greiða tekjuskatt af þeim tekjum, sem hann vinnur fyrir, vinni annar aðilinn utan heimilis, skuli þeim, sem engar tekjur hefur, reiknaður til tekna hluti af tekjum hins, þó aldrei hærri fjárhæð en helmingur af tekjum hans.

Nd. 450. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn vísa til nefndarálits 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar Ed. á þskj. 399.

Þrátt fyrir það, að nokkrar ábendingar okkar um augljósa galla á frv. hafi verið teknar til greina og samstaða orðið um þær í nefndinni, teljum við frv. svo ábótavant, að við munum ekki standa að samþykkt þess.

Við leggjum því til, að frv. verði vísað frá, en endurskoðun tekjustofnalaga verði haldið áfram með þau meginsjónarmið í huga, sem nefnd eru á þskj. 399.

Verði frávísunartillaga okkar samþykkt, munum við leggja fram nauðsynlegar breytingartillögur við gildandi tekjustofnalög, en áskiljum okkur að öðru leyti rétt til að flytja eða fylgja brtt. við 3. umræðu, verði frávísunartillagan felld.

Samkvæmt þessu leggjum við til, að frv. verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem allur undirbúningur þessa frumvarps er ónógur og lögfesting þess hefði hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir einstök sveitarfélög og vissa hópa gjaldenda, telur deildin nauðsynlegt, að ætlaður verði meiri tími til endurskoðunar laga um tekjustofna sveitarfélaga, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. marz 1972.

Ólafur G. Einarsson, frsm. Ragnhildur Helgadóttir.

Nd. 451. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og m. a. rætt við forustumenn ýmissa fyrirsvarsmanna úr röðum atvinnurekenda.

Meiri hlutinn, fulltrúar stjórnarflokkanna, mælir með samþykkt frv. eins og það kom frá efri deild ásamt breytingum á sérstöku þingskjali.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins munu gefa út sérstök nefndarálit.

Alþingi, 14. marz 1972.

Bjarnfríður Leósdóttir, form. Bjarni Guðnason, fundaskr. Stefán Valgeirsson, frsm.

Jón Skaftason.

Nd. 452. Breytingartillögur [133. mál]

við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 10. gr. Niður falli orðin „og sparisjóðir“ í c-lið greinarinnar.
2. Við 11. gr. Niður falli orðin „og sparisjóða“ í e-lið greinarinnar.
3. Við 26. gr. Upphaf 2. málsl. orðist svo:
   Fyrir hvert barn innan 16 ára, sem gjaldandi o. s. frv.
4. Á eftir 35. gr. komi nýr kafli: V. kafli. Um aðstöðugjald, svo hljóðandi:
   a. (36. gr.) Heimilt er sveitarstjórnum að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá atvinnurekendum og öðrum þeim, sem sjálfstæða atvinnu hafa í sveitarfélaginu, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.
   Undanþegnir aðstöðugjaldi eru þeir, sem um ræðir í 6. gr. laga nr. 68/1971, svo og skólar, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, orkuver til almenningsþarfa, sláturhús, mjólkurbú og olíufélög, sem greiða landsútsvar. Heimilt er þó að leggja aðstöðugjald á þær stofnanir, sem um ræðir í 10. gr. c-lið.
   b. (37. gr.) Aðstöðugjald skal miða við rekstrarútgjöld næstliðið almanaksár samkvæmt ákvæðum skattalaga, þar með taldar fyrningar, vöru- og efnisnotkun.
   Aldrei skal reikna aðstöðugjald af hærri upphæð en sem nemi brúttótekjum.
   Hafi gjaldandi með höndum fjölþættan atvinnurekstur, sem tekur til fleiri en einnar atvinnugreinar, og verðmæti á tilgreindu verði eru flutt milli atvinnugreina, þá skal telja verðmæti, sem þannig er flutt, til brúttótekna hjá þeim þætti atvinnurekstrarins, er af hendi lætur, en til aðstöðugjaldsskyldra rekstrarútgjalda hjá þeim þætti, sem á móti tekur.
   Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um álagningu gjaldsins.
   c. (38. gr.) Aðstöðugjald má ekki hærra vera í hverju sveitarfélagi en nemi 65% þess hundraðshluta, sem þar var álagður sem aðstöðugjald á árinu 1971.

d. (39. gr.) Skattstjórar annast álagningu aðstöðugjalds, og skal það álagt í heilum hundruðum króna.
Aðstöðugjald, sem ekki nær kr. 300.00, fellur niður.
Gjalddagi aðstöðugjalds er 1. júlí.

e. (40. gr.) Innheimta má aðstöðugjald hjá gjaldanda í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn, ef:
a. hann rekur þar fiskkaup, fiskverkun eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, og verður þá ekki lagt aðstöðugjald á hann að því leyti annars staðar;
b. hann er búsettur erlendis og rekur atvinnu hér á landi.
Skylt er gjaldanda að gefa hlutaðeigandi skattstjóra skýrslu um samanlögð útgjöld sín, sbr. 37. gr., vegna starfseminnar, samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar, innan loka framtalsfrests, ella áætlar skattstjóri útgjöldin að fenginni umsögn sveitarstjórnar eða nefndar skv. 4. mgr. 28. gr.

f. (41. gr.) Nú hefur sveitarstjórn ákveðið að nota heimild þessa kafla um innheimtu aðstöðugjalds, og skal hún þá tilkynna skattstjóra þá ákvörðun sína og láta honum samtímis í té upplýsingar um, hversu hátt gjald þetta skuli vera, sbr. 38. gr.
Tilkynning til skattstjóra skal send eigi síðar en 15. apríl ár hvert.

g. (42. gr.) Þegar skattstjóri hefur lokið álagningu aðstöðugjalds samkvæmt þessum kafla, semur hann skrá um aðstöðugjöld í hverju sveitarfélagi og sendir hana þegar til sveitarstjórnar, sem innheimtir gjöldin.
Ákvæði 32. gr. laga þessara um gagnkvæma ábyrgð hjóna skulu gilda um innheimtu aðstöðugjalds.

5. **V. kafli. Ýmis ákvæði** verður: **VI. kafli. Ýmis ákvæði.**

6. 36. gr. falli niður.

7. Við 42. gr. Orðin „sbr. þó 36. gr. laga þessara“ í niðurlagi greinarinnar falli niður.

Nd. 453. Breytingartillögur [133. mál]

við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (GÞG).

Við 23. gr.

a. 4. mgr. falli brott.

b. Á eftir 4. mgr. komi tvær nýjar mgr., sem orðist svo:
Bætur samkvæmt II. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, eru undanþegnar útsvarsálagningu.
Frá tekjum gjaldanda skal draga, áður en útsvar er lagt á:
a. 50% af launatekjum giftrar konu samkvæmt reglum 2. mgr. og 3. mgr. 3. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt;
b. hlífðarfatakostnað, fæðiskostnað og annan sérstakan frádrátt til handa sjómönnum samkvæmt reglum 14. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt;
c. námskostnað og útgjöld vegna menntunar barna samkvæmt E-lið 13. gr. og 2. tl. 1. mgr. 52. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt;
d. útsvar síðasta árs, hafi það verið greitt að fullu á réttum gjalddögum.

Ed. 454. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið um tekjuskatt og eignarskatt á mörgum fundum í samvinnu við fjárhagsnefnd neðri deildar, eftir að þingstörf hófust aftur í janúar.

Hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar hefur gert yfirlit yfir skattbreytingar skv. báðum skattalagafrumvörpunum, eins og þau líta út eftir 2. umræðu í hvorri deild. Miðað er við álagningartölur og skattvísitölu 106.5. Yfirlit hagrannsóknadeildar fylgir hér með, merkt fylgiskjal I. Jafnframt hefur til einföldunar verið gerður útdráttur og ný sundurliðun samkvæmt þessu yfirliti, sem fylgir hér merkt fylgiskjal II.

Þessar yfirlitstöflur bera það með sér, að miðað við skattvísitölu 106.5, sem látin er fylgja vísitölu framfærslukostnaðar, er ekki um að ræða aukna skattbyrði í heildina tekið. Heildarskattbyrðin af völdum þessara tveggja frumvarpa, ef gengið er út frá lögum og frumvarpi án hækkunarheimilda í báðum tilvikum, lækkar úr 7641 millj. kr. í 7331 millj. kr., og munar þar mestu, að almennir skattar, þ. e. tekjuskattur og útsvar, eru í heild 370 millj. kr. lægri en tekjuskattur, útsvar, almannatrygginga- og sjúkrasamlagsgjöld hefðu verið samanlagt, ef lagt hefði verið á eftir sama kerfi og síðast var gert.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn mun skila séráliti.

Alþingi, 14. marz 1972.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Halldór Kristjánsson, fundaskr.	Tómas Árnason.
	Benóný Arnórsson.	

Fylgiskjal I.

HAGRANNSÓKNADEILD 6. 3. 1972.

Yfirlit yfir skattbreytingar skv. lagafrumvörpum lögðum fram í des. 1971 ásamt breytingartillögum.[1])

Áætlaðar álagningartölur 1972.

Milljónir króna.

	Gamla kerfið		Nýja kerfið	
	Tilvik I	Tilvik II	Hugmynd I	Hugmynd II
Ríkissjóður	2 867.2	2 693.1	4 033.9	4 033.9
Almannatryggingagjald	(747.0)	(747.0)	0.0	0.0
Eignarskattur einstaklinga	130.4	18.0	136.0	136.0

1) Sömu meginforsendur og í yfirliti frá 12/1/72. Helztu breytingar eru:
Ríki: Eignarskattur einstaklinga og félaga hækkar um 0.2% á hverju þrepi. Persónufrádráttur einhleypra til tekjuskatts hækkar, stigi breytist, frádráttur einstæðra foreldra hækkar, sérstakur sjómannafrádráttur, sérstakur afsláttur á tekjuskatti aldraðra.
Sveitarfélög: Hugmynd I: Álagning skv. breyttu frumvarpi án heimildarákvæða.
Hugmynd II: Útsvarsfrádráttur vegna heimildarákvæða 175 m.kr. og meðalálag áætlað 7% á landsvísu (217 m.kr.). Meðalálag á fasteignaskatt áætlað 40%, en ekki gert ráð fyrir hækkun fasteignamats.

	Gamla kerfið Tilvik I	Tilvik II	Nýja kerfið Hugmynd I	Hugmynd II
Byggingasjóðsgjald þar af	1.3	0.2	1.4	1.4
Eignarskattur félaga	52.0	90.0	179.0	179.0
Byggingasjóðsgjald þar af	0.5	0.9	1.8	1.8
Erfðafjárskattur	10.0	10.0	25.0	25.0
Tekjuskattur einstaklinga	1 708.9	1 708.9	3 099.0	3 099.0
Byggingasjóðsgjald þar af	17.1	17.1	31.1	31.1
Tekjuskattur félaga	(198.0)	(100.0)	555.0	555.0
Byggingasjóðsgjald þar af	(2.0)	(1.0)	5.6	5.6
Sveitarsjóðir	4 294.5	4 074.5	3 362.0	3 584.0
Eignarútsvör einstaklinga	**124.5**	**124.5**	**0.0**	**0.0**
Eignarútsvör félaga	51.0	51.0	0.0	0.0
Tekjuútsvör einstaklinga	2 990.0	2 990.0	2 487.0	2 529.0
Tekjuútsvör félaga	345.0	(125.0)	0.0	0.0
Aðstöðugjöld	654.0	654.0	425.0	425.0
Þar af félög	(510.0)	(510.0)	(331.0)	(331.0)
Fasteignaskattar	130.0	130.0	450.0	630.0
Þar af félög (lausleg áætlun)	(32.5)	(32.5)	(140.0)	(196.0)
Sjúkrasamlög	510.0	510.0	0.0	0.0
Sjúkrasamlagsgjöld einstakl.	510.0	510.0	0.0	0.0
Samtals	7 671.7	7 277.6	7 395.9	7 617.9
Einstaklingar alls	6 480.7	6 367.2	6 183.5	6 349.5
Félög alls	1 191.0	910.4	1 212.4	1 268.4
Skattar af eignum alls	499.7	424.6	793.2	973.2
Aðrir skattar alls	7 172.0	6 853.0	6 602.7	6 644.7

Fylgiskjal II.

SAMANBURÐUR SKATTKERFA

(álagningartölur í millj. króna — miðað við skattvísitölu 106.5)

Skattar einstaklinga

	Lög við álagningu 1970/1971		Ný lög sett vorið 1971		Skattal. í marz 1972	
Alm.trygg.- og sjúkras.-gjald	1 257		1 257			
Tekjuskattur	1 709		1 709		3 099	
Tekjuútsvör	2 990		2 990		2 487	
Almennir skattar		5 956[1]		5 956[1]		5 586
Eignarskattur	130		18		136	
Eignarútsvör	125		125		0	
Fasteignaskattur	97	352	97	240	310	446
Aðstöðugjöld	144		144		94	
Skattar einst. af eignum og rekstri		496		384		540

1) Miðað við skattvísitölu 121.5.

	Lög við álagningu 1970/1971	Ný lög sett vorið 1971	Skattal. í marz 1972	
Skattar fyrirtækja				
Tekjuskattur félaga	198	100	555	
Tekjuútsvör félaga	345	125	0	
Tekjuskattar fyrirtækja		543	225	555
Eignarskattur félaga	52	90	179	
Eignarútsvör félaga	51	51	0	
Fasteignaskattur	33	33	140	
Eignarskattar fyrirtækja		136	174	319
Aðstöðugjöld fyrirtækja		510	510	331
Skattar fyrirtækja alls		1 189	909	1 205
Skattar fyrirtækja og eignaaðila		1 685	1 293	1 745
Skattar alls		7 641	7 249	7 331
		5 341	5 341	
Þ. e. samtals		7 026	6 634	

Ed. 455. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaðir telja, að undirbúningur frv. og öll vinnubrögð í því sambandi séu óviðunandi, enda upplýst af ríkisskattstjóra við meðferð málsins í nefndinni, að á því séu margvíslegir formgallar, en engin lagfæring hefur fengizt á þeim atriðum. Þá felur frv. í sér, ásamt frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem verða að skoðast í samhengi, stórauknar álögur á meginhluta gjaldþegna, sem er að okkar mati óhæfilegt.

Frv. brýtur í veigamiklum atriðum í bága við þá skattastefnu, sem Sjálfstæðisflokkurinn telur rétta og hefur fylgt í framkvæmd undanfarinn áratug, auk þess sem vinnubrögð öll eru í ósamræmi við þann undirbúning, sem nauðsynlegt er að hafa við svo flókna löggjöf sem skipan skattamála er. Við teljum heildarendurskoðun skattkerfisins, bæði ríkis og sveitarfélaga, svo og verkaskiptingu þessara aðila ásamt samræmingu skattkerfis og tryggingakerfis nauðsynlega, svo sem hafizt var handa um í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar, en vörum alvarlega við þeim flausturslegu vinnubrögðum, sem einkenna þetta frv.

Til frekari skýringar á viðhorfi Sjálfstæðisflokksins til málsins, þar sem m. a. er vikið að ýmsum meginatriðum varðandi skattamálastefnu flokksins, vísum við til nál. 1. minni hl. fjárhagsnefndar Nd.

Þar sem engin tök eru á því að bæta nú á skömmum tíma úr hinum flausturslega undirbúningi frv. og samþykkt þess mundi valda óviðunandi aukningu skattbyrði, þá leggjum við undirritaðir til, að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Verði sú tillaga samþykkt, þarf að breyta ákvæðum um fasteignaskatt vegna nýja fasteignamatsins. Fari hins vegar svo, að till. verði felld, munum við flytja brtt. við 3. umr. til að reyna að laga verstu annmarka frv. og fylgja brtt., sem fram

kunna að verða bornar og við teljum horfa til bóta á frv., enda þótt við engu að síður mælum gegn endanlegri samþykkt þess.

Með hliðsjón af tillögugerð okkar nú leggjum við til, að við álagningu skatts 1972 á tekjur ársins 1971 verði farið að gildandi lögum og reiknað með skattvísitölu 121.5 stig og frv. þessu vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem brýna nauðsyn ber til, að heildarendurskoðun skattkerfisins sé vandlega undirbúin, en bæði undirbúningur þessa frv. og efni þess er í meginatriðum gersamlega óviðunandi, og samþykkt þess mundi hafa í för með sér verulega aukna skattbyrði á meginþorra gjaldþegna þjóðfélagsins, telur deildin ógerlegt að samþykkja frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. marz 1972.

Geir Hallgrímsson, frsm. Magnús Jónsson.

Ed. 456. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 65 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Í desember s. l. voru lögð fram tvö skattafrumvörp, sem í veigamiklum atriðum boðuðu breytingu frá gildandi lögum, sem voru afgreidd s. l. vor. Þótt þessi frv. hafi verið lengi til meðferðar í nefndum, gekk hvorki né rak um afgreiðslu þeirra vegna innbyrðis átaka í stjórnarflokkunum um efni þeirra. Sameiginlegir nefndarfundir fjárhagsnefnda beggja deilda voru nokkrir, en sáralítill árangur kom út úr þeim fundum, þar sem ekki var hægt að taka til meðferðar ákveðnar breytingartillögur, sem þó voru boðaðar af hálfu stjórnarsinna. Svo þegar við í minni hlutanum fengum að sjá þessar tillögur, hefur tími til athugunar verið naumur.

Í meðförum neðri deildar voru gerðar á frv. nokkrar breytingar til bóta, en enn er nauðsynlegt að halda áfram breytingum, og kom það fram í ræðu fjármálaráðherra í efri deild, að áfram verður haldið að endurskoða lög um skattakerfið í landinu, og ber að fagna því. Einnig lofaði ráðherrann, að fulltrúum stjórnarandstöðunnar yrði gefinn kostur á því að vera í þessari endurskoðunarnefnd, og er það góð breyting frá fyrri vinnubrögðum, en hvort tveggja frv. var samið án vitundar fulltrúa stjórnarandstöðunnar, og raunverulega hefur ekki fengizt vitneskja um höfunda tekjuskattsfrv. Það er öllum ljóst, að lög um skattheimtu eru mjög flókin og naumast á færi nema sérþjálfaðra manna að fjalla um þau og koma með breytingar, sem valda ekki misskilningi og leiða af sér málaferli. Það er athyglisvert, að ríkisskattstjóri hefur afhent fjárhagsnefndum deildanna athugasemdir, efnislegar og tæknilegar, upp á rúmlega 13 vélritaðar blaðsíður. Þetta gefur til kynna hroðvirknisleg vinnubrögð við undirbúning og samningu frv.

Augljóst er, að ríkissjóður þarf á auknum tekjum að halda, því að fjárlög hafa verið afgreidd með rúmlega 5 milljarða hækkun á útgjöldum. Þessa útgjaldaaukningu verða einhverjir að taka á sig, atvinnufyrirtækin eða einstaklingar. Boðað hefur verið, að fyrirtækin muni taka á sig aukningu um eða yfir 500 millj. og að þeir með „breiðu bökin“ af einstaklingum geti tekið á sig verulega aukna skatta. Við í stjórnarandstöðunni drögum í efa, að frumvörpin feli þetta eingöngu í sér,

og teljum, að hinn almenni skattborgari muni vakna við óþægilega staðreynd í sumar, þegar hann fær skattseðil ríkisstjórnarinnar sendan heim til sín.

Raunverulega væri rétt að taka þessi mál nú þegar til þeirrar endurskoðunar, sem fjármálaráðherra hefur lofað, að fram muni fara í sumar. Þess vegna er það aðaltillaga mín, að frv. **verði vísað til ríkisstjórnarinnar**, en jafnframt er Alþýðuflokkurinn reiðubúinn að standa að sérstakri tekjuöflun vegna útgjalda við tryggingakerfið í landinu. Fari svo, að ekki verði fallizt á þetta sjónarmið, hef ég flutt á sérstöku þingskjali nokkrar breytingartillögur, sem ég vænti, að meiri hlutinn taki jákvæða afstöðu til.

Alþingi, 15. marz 1972.

Jón Árm. Héðinsson.

Nd. 457. Frumvarp til laga [222. mál]

um breyting á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Við 7. gr. bætist eftirfarandi:

Ráðherra er heimilt í samráði við fjármálaráðuneytið að stofna við ríkisspítalana allt að sex sérstakar læknisstöður, sem bundnar eru skilyrði um ákveðna þjónustu í héraði.

Ráðherra setur reglugerð um þessar stöður að fengnum tillögum Læknafélags Íslands og Stjórnarnefndar ríkisspítalanna.

2. gr.

9. grein orðist svo:

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði ⅔ hluta launa héraðshjúkrunarkvenna, sem ráðnar eru til starfa með héraðslækni í læknishéraði. Sé hérað læknislaust, greiðir ríkissjóður laun þessi að fullu.

Hlutaðeigandi sveitarstjórnir ráða héraðshjúkrunarkonur í samráði við héraðslækni og landlækni, en ráðherra staðfestir ráðningu þeirra.

Ráðherra setur héraðshjúkrunarkonum erindisbréf.

3. gr.

13. grein orðist svo:

Heimilt skal, að fenginni umsögn landlæknis og læknadeildar Háskóla Íslands, að veita læknanemum ríkisstyrki til náms gegn skuldbindingum um læknisþjónustu í strjálbýli að loknu námi.

Nánari ákvæði um styrki þessa skal setja í reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Enda þótt heildarendurskoðun standi yfir á heilbrigðislöggjöfinni og frumvarp þar að lútandi verði væntanlega lagt fram á yfirstandandi þingi, hefur verið talið nauðsynlegt að gera breytingar á núgildandi læknaskipunarlögum í þeim tilgangi aðallega að reyna að bæta héraðslæknisþjónustuna.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að reynt verði að stofna sérstakar læknisstöður við ríkisspítala, sem séu bundnar skilyrðum um einhverja þjónustu í héraði. Hér er farið inn á braut, sem Læknafélag Íslands hefur bent á sem líklega til að leysa vandamál héraðslæknisþjónustunnar að einhverju leyti. Er gert ráð fyrir, að reglugerð verði sett um þessar stöður að fengnum tillögum Læknafélags Íslands og Stjórnarnefndar ríkisspítalanna.

Um 2. gr.

Í greininni felst rýmkun á gildandi lögum þar sem aðeins er heimilað að 6 hjúkrunarkonur starfi hverju sinni í héruðum alls. Gert er ráð fyrir að heimila starf ótiltekins fjölda héraðshjúkrunarkvenna, enda sé ráðningin gerð í samráði við héraðslækni og landlækni og ráðherra staðfesti ráðninguna.

Þá er það nýmæli, að sé hérað læknislaust greiði ríkissjóður laun þessara hjúkrunarkvenna að fullu. Er hér raunar verið að staðfesta þá framkvæmd, sem verið hefur, því læknishéraðasjóðir hafa greitt laun hjúkrunarkvenna á móti ríkissjóði, þar sem svo hefur staðið á undanfarið ár.

Um 3. gr.

Með greininni er lánum læknastúdenta með kvöð um starf í héraði breytt í styrki og gert ráð fyrir, að með reglugerð verði sett strangari ákvæði en nú eru um uppfyllingu þessara kvaða.

Þessi breyting er gerð í samráði við Félag læknanema við Háskóla Íslands.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ

um námsstyrki til læknanema gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði.

1. gr.

Heimilt er að veita árlega allt að 10 stúdentum í læknisfræði námsstyrki, hvern að fjárhæð allt að 200 þús. krónur, gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði.

2. gr.

Veita má sama stúdent styrk í allt að 3 ár, þó aldrei fyrr en hann hefur staðizt fyrsta hluta embættisprófs.

3. gr.

Umsóknir um slíka námsstyrki skal rita á sérstök eyðublöð, sem heilbrigðismálaráðuneytið lætur gera, og skal þar gerð grein fyrir efnahag umsækjanda, námsferli og öðru því, sem ráðuneytið telur skipta máli.

Umsóknir skal senda landlækni fyrir 1. janúar ár hvert. Leitar hann umsagnar læknadeildar háskólans um umsækjendur.

Að fenginni umsögn læknadeildar gerir landlæknir tillögur til heilbrigðisráðherra um það hverjir skuli hljóta styrki.

4. gr.

Styrkþegi skal skuldbinda sig til að gegna læknisþjónustu í héraði þannig að hver styrkveiting jafngildi einu almanaksári í læknishéraði.

5. gr.

Styrkþegi skal vera reiðubúinn til að gegna læknisþjónustu í héraði 1½ ár eftir læknispróf og í því héraði, sem landlæknir ákveður eða styrkþegi óskar.

Hafi þjónustu styrkþega eigi verið óskað 2½ ári eftir lokapróf, fellur niður skylda hans til þjónustu í héraði, enda semjist eigi öðruvísi milli landlæknis og styrkþega.

6. gr.

Geti styrkþegi ekki uppfyllt skyldur sínar, af ástæðum, sem landlæknir metur gildar, skal hann þá þegar hefja endurgreiðslu styrkja þeirra, sem hann hefur notið, og endurgreiða þá ásamt vísilvöxtum, þannig að hver styrkveiting endurgreiðist á einu ári, a. m. k. ¼ hluti á 3ja mánaða fresti ásamt áföllnum vöxtum.

7. gr.

Ráðuneytið lætur gera samning og skulu þar prentaðir skilmálar þeir, sem styrkþegi gengst nudir.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kjör þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, önnur en fjárhæð, gilda einnig fyrir þá, sem námslán fengu árið 1970—71 enda verði svo um samið við hvern og einn.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 13. gr. læknaskipunarlaga nr. 43/1965, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Ed. 458. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Orðin „samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð“ falli niður.

Við endanlega afgreiðslu málsins var Björn Fr. Björnsson fjarverandi.

Alþingi, 14. marz 1972.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm.	Ragnar Arnalds, fundaskr.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
Geir Hallgrímsson.	Halldór Kristjánsson.	Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 459. Nefndarálit [41. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á fundi sínum. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. marz 1972.

Halldór Kristjánsson, form.	Jón Árnason, frsm.	Oddur Ólafsson.
Jón Árm. Héðinsson.	Benóný Arnórsson.	Geir Gunnarsson.
	Steingrímur Hermannsson.	

Sþ. **460. Tillaga til þingsályktunar** [223. mál]

um félagsmálafræðslu í skólum.

Flm.: Hafsteinn Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að framkvæmd verði ákvæði námsskrár skyldunámsstigsins um fræðslu og þjálfun í félagsmálum fyrir nemendur á barna- og unglingaskólastigi.

Einnig verði athugað, hvort ekki sé hægt sem fyrst að taka félagsmálanám sem kjörgrein á námsskrá gagnfræðadeilda og framhaldsdeilda gagnfræðaskólanna.

Jafnframt verði tryggt, að þeir skólar, sem útskrifa kennara, sjái nemendum sínum fyrir nægilegri menntun til að veita börnum og unglingum tilsögn á sviði menningarstarfsemi og hagnýtra félagsstarfa.

Greinargerð.

Aukinn áhugi fyrir almennri félagsmálafræðslu gerir nú vart við sig, einkum meðal hinna ýmsu frjálsu félagshreyfinga í landinu. Breyttar þjóðfélagsaðstæður hafa um langt árabil leitt til þess, að fólk hefur haft lítinn tíma til þess að sinna almennum fundarstörfum og komast í lifandi tengsl við stjórnunar- og framkvæmdastörf í félögunum.

Þessi þróun hefur leitt til þess, að í öllum félögum og félagshreyfingum er nú orðinn tilfinnanlegur skortur á hæfu fólki með félagslega þekkingu, æfingu og reynslu, sem nauðsynleg er til farsællar forustu á félagslegum vettvangi.

Höfuðorsök þessa vanda er sú, að gleymzt hefur að leggja grunninn: félagsmálafræðslu í skólum er víða mjög ábótavant og í allt of mörgum tilfellum í engu sinnt.

Þá hefur kennaramenntunin hvað þetta áhrærir verið mjög mikið í molum. Það gefur auga leið, að því fyrr sem hægt er að hefja þessa fræðslu, því meiri árangurs má vænta.

Nauðsynlegt er, að í öllum skólum landsins fari fram vel uppbyggð og samræmd félagsmálafræðsla, sem hefjist sem fyrst á barnafræðslustiginu og standi til loka gagnfræðanáms. Þá er og nauðsynlegt að kanna, hvort ekki sé tímabært að huga að því að taka félagsmálanám sem kjörgrein á námsskrá gagnfræðadeilda og framhaldsdeilda gagnfræðaskólanna.

Til þess að takast megi að framkvæma það, sem að framan greinir, þarf í fyrstu að huga að eftirfarandi:

1. Að gefa út handbækur fyrir kennara og kennslubækur fyrir börn og unglinga.
2. Að halda námskeið fyrir starfandi kennara, svo sem gert er í öðrum námsgreinum.
3. Að setja inn í námsskrá kennaraskólanna, námsefni um félagsmál.

Í gildandi námsskrá skyldunámsstigsins segir svo: „Þeir (nemendur) eiga að geta lesið upphátt bundið mál og óbundið eftir efni með eðlilegum framburði. Þeir eiga að geta sagt munnlega og skriflega frá því, sem þeir hafa lesið, og á sama hátt gert grein fyrir hugsunum sínum og skoðunum.“

Enn fremur segir: „Munnlegar æfingar, sem hefjast með talæfingum í neðstu bekkjum barnaskólans, eiga smám saman að stuðla að því, að nemendur kunni að gera grein fyrir hugsunum sínum í áheyrn annarra, svo að við lok skyldunáms séu þeir færir um að standa frammi fyrir skólafélögum sínum og kennurum og tala eðlilega og feimnislaust,“ og „frá fyrstu skólaárum má láta nemendur fást við að búa lesefni í samtalsform — leikrit.“ Enn fremur: „Nemendur séu hvattir til að iðka kórsöng“, og að lokum „kenna skal söngdansa, vikivaka, þjóðdans og algengustu dansspor.“

Eins og fram kemur í fyrrgreindum köflum, gefur námsskráin fullt tilefni til, að málfundir séu teknir inn í fræðsluna. Þeir eru æfing í stjórnun, fundarsköpum, framsögn og upplestri.

Einnig kemur fram, að æskilegt sé að nemendur tjái sig í leikformi, sem leiðir til, að æfa eigi og setja á svið smáleikþætti og samtöl, sem lengjast og verða viðameiri, eftir því sem þjálfun eykst. Þá er rætt um nauðsyn þess að glæða söngmennt nemenda, og t. d. minnzt á kórsöng og að kenna skuli dans. Allir þessir þættir gefa tilefni til, að þeir séu settir í fast form, til þeirra séu ætlaðar stundir innan móðurmáls-, íþrótta- og tónlistarkennslunnar.

Benda má á til athugunar:

1. Tvær kennslustundir í mánuði ætti að nota til málfunda, þar sem tekin eru fyrir ákveðin verkefni til umræðna.
2. Tvær kennslustundir í mánuði mætti nota til upplestra, framsagnar og samtala.
3. Tvær kennslustundir í mánuði þyrfti að nota til flutnings á leikþáttum, söng og leikjum í kvöldvökuformi.
4. Tvær stundir í mánuði þyrfti svo að nota til danskennslu.

Nauðsynlegt er, að allur þessi tími sé látinn falla inn í núverandi stundaskrá á skyldunámsstigi, svo að það sé ljóst nemendum, að þetta er skylda og að hægt sé að krefjast vinnu við undirbúning allra þessara þátta. Til þess að þetta verki sem tilbreyting fyrir nemendur og geri þá vandvirkari og ábyrgari, getur verið nauðsynlegt að fella saman tvo eða fleiri bekki eftir stærð skóla, þegar þetta er framkvæmt.

Ef félagsmálanám yrði tekið upp sem kjörgrein í gagnfræðaskólum og framhaldsdeildum þeirra, mætti einnig hafa leiklistarstarfsemi sem þátt í því námi.

Ed. 461. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með þeirri breytingu, að lántökuheimildin verði bundin við 45 milljónir króna, og flytur því svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. Í stað tölunnar „26“ komi: 45.

Alþingi, 15. marz 1972.

Ragnar Arnalds, form.	Halldór Kristjánsson, fundaskr., frsm.	Magnús Jónsson.
Geir Hallgrímsson.	Jón Árm. Héðinsson.	Benóný Arnórsson.
	Páll Þorsteinsson.	

Ed. 462. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (GH, MJ).

1. Við 1. gr.
   a. Í stað 2. málsl. 1. mgr. komi:

   Nú telja hjón eða annað hjóna sér hagfelldara, að tekjur þeirra séu sérstaklega skattlagðar, og geta þau eða það þá krafizt þess, að skattur sé á þau

lagður sitt í hvoru lagi. Ábyrgð annars á skatti hins skal í slíkum tilfellum aldrei ná til séreignar.

b. Síðasti málsl. 1. mgr. orðist svo:
Annar frádráttur en persónuleg gjöld telst við útreikninginn hjá því hjóna, er hefur hærri tekjur.

2. Við 3. gr. Meginmál 2. tl. orðist svo:
Vextir eða arður af hlutabréfum, skuldabréfum og öðrum innlendum og erlendum verðbréfum, svo og vextir af sparisjóðsinnstæðum, útistandandi skuldum og öðrum arðberandi kröfum, sbr. þó 2. mgr. 21. gr.

3. Við 4. gr.
a. A-liður 1. mgr. orðist svo:
Veitir hluthöfum, stjórnendum félags, eigendum sameignarfélags, aðilum samvinnufélags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum eða kaupir af þeim verðbréf, sem ekki eru viðkomandi rekstri félagsins. Undanskilin eru þó kaup opinberra verðbréfa ríkis, sveitar- og sýslufélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð.

b. B-liður 1. mgr. orðist svo:
Veitir hluthöfum, stjórnendum félags, eigendum sameignarfélags, aðilum samvinnufélags eða öðrum nokkur fríðindi beint eða óbeint umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur eða úttekt af höfuðstól í sameignarfélagi, sem sé meiri en svari til 10% ársvaxta af bókfærðu eigin fé félagsins, öðru en varasjóði.

c. Við greinina bætist ný mgr., er verði 5. mgr., svo hljóðandi:
Félög samkvæmt 5. gr. laga nr. 90/1965, sem lagt hafa fé í varasjóð samkvæmt 2. mgr. 17. gr. þeirra laga og eiga fé í varasjóði við gildistöku þessara laga, skulu leggja helming varasjóðsins við höfuðstól sinn, og telst sú ráðstöfun varasjóðs ekki til skattskyldra tekna félagsins. Um ráðstöfun þess hluta varasjóðsins, sem eftir stendur, skal fara samkvæmt öðrum ákvæðum þessarar greinar.

4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
14. gr. laganna orðist svo:
Frá tekjum sjómanna lögskráðra á íslenzk skip skal draga kostnað vegna hlífðarfata. Frádrátturinn ákveðst 975 kr. á mánuði og miðast við þann vikufjölda, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem sjómenn.

Sömu aðilum skal veittur sérstakur frádráttur, 6 100 kr. fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á íslenzkum skipum ekki skemur en sex mánuði af skattárinu.

Hlutarráðnir menn skulu njóta frádráttar samkv. 1. og 2. málsgrein, þótt þeir séu ekki lögskráðir, enda geri útgerðarmaður fullnægjandi grein fyrir, hvernig hlutaskiptum er farið og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

Ef sjómenn á íslenzkum fiskiskipum þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, skal draga þann fæðiskostnað frá tekjum þeirra. Við ákvörðun þess kostnaðar skal farið eftir mati skattyfirvalda.

Auk frádráttar skv. 1.—4. mgr. þessarar greinar skulu sjómenn, sem lögskráðir eru á íslenzk skip eigi skemmri tíma en 6 mánuði á ári, fá sérstakan frádrátt, er nemi 110 000 kr.

5. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
16. gr. laganna orðist svo:
Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar skv. lögum þessum, skal draga sem hér segir:

A. Fyrir einstaklinga 162 900 kr.

B. Fyrir hjón 228 500 kr., telji þau fram sitt í hvoru lagi 114 250 kr. hjá hvoru.

C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á, 32 800 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með.

Ef foreldrar búa saman ógift, skal frádráttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal frádráttur einnig skiptast til helminga milli þeirra. Meðlagsgreiðsla skal ekki talin til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og ekki til frádráttar hjá því foreldri, sem innir hana af hendi.

Ef einstætt foreldri (stjúpforeldri, kjörforeldri, fósturforeldri) heldur heimili og framfærir þar börn sín, má það draga frá skattskyldum tekjum auk frádráttar skv. 1. mgr. upphæð, er nemur 49 300 kr., að viðbættum 6 600 kr. fyrir hvert barn.

Frá tekjum þeirra, sem eru á framfæri í foreldrahúsum eða við nám, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar, eftir nánari ákvörðun skattyfirvalda.

Auk frádráttar samkvæmt 1. mgr. skal draga frá hreinum tekjum einstaklinga, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, fjárhæð, er nemi ⅖ hlutum af fjárhæð frádráttar skv. A-lið 1. mgr. Á sama hátt skal draga frá hreinum tekjum hjóna, sem telja fram saman, sömu fjárhæð fyrir hvort um sig. Enn fremur skal á sama hátt draga frá hreinum tekjum örorkulífeyrisþega sömu fjárhæð fyrir hvern þeirra um sig.

Um heimild skattstjóra til að veita aukinn frádrátt og lækka tekjuskatt fer eftir því, sem segir í 52. gr.

6. Við 9. gr.

a. Síðari málsl. 3. mgr. orðist svo:

Þá mega félög þessi draga frá hreinum tekjum sínum það fé, er þau greiða félagsmönnum sínum í vexti af stofnsjóðseign, allt að því hámarki, sem ákveðið er í 7. tl. 3. gr. greindra laga um samvinnufélög.

b. 5. mgr. orðist svo:

Hafi félög þau, sem um ræðir í 3. og 4. mgr. þessarar greinar, viðskipti við aðra en félagsmenn sína, eru allar hreinar tekjur af slíkum viðskiptum skattskyldar hjá félögunum. Geti félög þessi ekki gert grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, má telja allar hreinar tekjur af starfsemi þeirra til skattskyldra tekna.

7. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

25. gr. orðist svo:

I. Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:
Af fyrstu 50 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af 50 000—75 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 30%, en af skattgjaldstekjum yfir 75 000 kr. greiðist 40%.

II. Skattgjald þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í 5. gr., skal vera 20% af skattgjaldstekjum.

III. Tekjuskatt, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu.

8. Við 15. gr.

a. 1. málsl. 2. mgr. falli niður, en 2. málsl. verði 2. málsl. 1. mgr.

b. 3. mgr. falli niður.

c. 4. mgr. falli niður.

d. Síðasti málsl. 9. mgr., er verður 6. mgr., falli niður.

e. Við greinina bætist ný mgr., er verður 7. mgr., svo hljóðandi:

Ríkisskattanefnd skal úrskurða kærur yfir úrskurðum á útsvörum samkvæmt fyrirmælum laga um tekjustofna sveitarfélaga.

f. Við greinina bætist ný mgr., er verði 8. mgr., svo hljóðandi:
Ríkisskattanefnd ber að gefa út túlkanir á skattalöggjöfinni, eftir því sem aðstæður gefa tilefni til, annaðhvort af sjálfsdáðum eða að beiðni ríkisskattstjóra.

9. Við 16. gr. Síðasti málsl. 1. mgr. orðist svo:
Hann skal hafa á hendi umboð fjármálaráðherra til framkvæmda á samningum við önnur ríki til að komast hjá tvísköttun tekna og eigna.

10. Við 17. gr. Á eftir orðinu „skattstjórar" í 1. málsl. komi orðið: skattrannsóknarstjóri.

11. Á eftir 20. gr. komi ný gr., 21. gr., svo hljóðandi, og greinatölur breytast skv. því:
Ný gr., er verði 54. gr. laganna, svo hljóðandi og greinatölur laganna breytist skv. því:
Ríkissjóður skal greiða 5% — fimm af hundraði — af skattgjaldstekjum til tekjuskatts, sbr. I. tl. 25. gr., til þess sveitarfélags, þar sem gjaldþegn var skattlagður samkvæmt ákvæðum laga þessara.

12. Við 22. gr. (er verði 23. gr.). Við 2. tl. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
Það skal teljast beiðni um heimild til endurmats fasteigna á árinu 1971, hafi skattþegn notað fasteignamatsverð samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. þessarar greinar sem heildarfyrningarverð til fyrninga í skattframtali árið 1972.

13. Við 23. gr. (er verði 24. gr.). 2. mgr. orðist svo:
Ákvæði 13. gr., 14. gr., 15. gr., 16. gr. og 18. gr. skulu þó eigi taka gildi fyrr en 1. október 1972, og skal ríkisskattanefnd samkvæmt lögum nr. 68/1971 og nefnd samkvæmt 48. gr. þeirra laga starfa og halda óbreyttum heimildum sínum til þess tíma.

14. Á eftir 23. gr. bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:
Ríkisstjórnin skal halda áfram athugun á skattakerfinu og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþingi. Í því sambandi skal athuga sérstaklega, að hvort hjóna um sig verði sérstakur skattgreiðandi, þannig að samanlögðum tekjum hjóna sé skipt til helminga og skattur reiknaður af hvorum helmingi um sig.

Nd. 463. Breytingartillaga [133. mál]

við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Eðvarð Sigurðssyni.

Við 5. gr. Á eftir orðinu „barnaheimili" í 1. mgr. komi: orlofsheimili launþegasamtaka.

Nd. 464. Frumvarp til laga [133. mál]

um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. marz.)

Samhljóða þskj. 419 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Undanþegin fasteignaskatti eru sjúkrahús, kirkjur, skólar, íþróttahús, endurhæfingarstöðvar, barnaheimili, orlofsheimili launþegasamtaka, félagsheimili og sam-

komuhús, sem ekki eru rekin í ágóðaskyni, öryrkja- og elliheimili og heilsuhæli, þó ekki húsnæði slíkra stofnana, sem notað er til atvinnurekstrar, bókasöfn og önnur safnhús, svo og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir um lóðir slíkra húsa.

Nú eru hús þau, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, jafnframt notuð til annars en að framan greinir, svo sem til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og greiðist skatturinn þá hlutfallslega miðað við slík afnot.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt, sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Sama gildir um slíka lífeyrisþega, sem ekki hafa verulegar tekjur umfram elli- og örorkulífeyri.

Heimilt er sveitarstjórn að undanþiggja nýjar íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum fasteignaskatti í allt að tvö ár, eftir að afnot hefjast.

10. gr. hljóðar svo:

Landsútsvör greiða:

a. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og Sölunefnd varnarliðseigna.
b. Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðja ríkisins.
c. Síldarverksmiðjur ríkisins, Landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
d. Olíufélög, sem flytja inn olíur, olíuvörur og annast sölu þeirra og dreifingu innanlands.
e. Bankar.

11. gr. hljóðar svo:

Fjárhæð landsútsvara skal vera sem hér segir:

a. 5% af hagnaði ríkisfyrirtækja, samkvæmt 10. gr. a.
b. 2% af heildarsölu stofnana þeirra, sem um getur í 10. gr. b.
c. 10% af tekjum stofnana þeirra, sem um ræðir í 10. gr. c, sbr. 23. gr. laga þessara.
d. 1⅓% af heildarsölu olíufélaga, sbr. 10. gr. d.
e. 1% af mismun heildarútlánsvaxta og heildarinnlánsvaxta banka, sbr. 10. gr. e.

26. gr. hljóðar svo:

Útsvar samkvæmt 25. gr. hjá hjónum og einstæðum foreldrum, sem hafa fyrir heimili að sjá, skal lækka um 7 000 kr. og útsvar einstaklinga um 5 000 kr. Fyrir hvert barn innan 16 ára, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, skal lækka útsvar hans um 1 000 kr. Hafi gjaldandi fleiri en þrjú börn innan 16 ára á framfæri sínu, skal enn fremur lækka útsvar hans um 2 000 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú.

Fella skal niður útsvör, sem eru 1 000 kr. og lægri.

Útsvar skal á lagt í heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en 100 krónum skal sleppt.

36.—48. gr. ásamt kaflafyrirsögnum og ákvæðum til bráðabirgða hljóða svo:

V. KAFLI

Um aðstöðugjald.

36. gr.

Heimilt er sveitarstjórnum að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá atvinnurekendum og öðrum þeim, sem sjálfstæða atvinnu hafa í sveitarfélaginu, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Undanþegnir aðstöðugjaldi eru þeir, sem um ræðir í 6. gr. laga nr. 68/1971, svo og skólar, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, orkuver til almenningsþarfa, sláturhús, mjólkurbú og olíufélög, sem greiða landsútsvar. Heimilt er þó að leggja aðstöðugjald á þær stofnanir, sem um ræðir í 10. gr. c-lið.

37. gr.

Aðstöðugjald skal miða við rekstrarútgjöld næstliðið almanaksár samkvæmt ákvæðum skattalaga, þar með taldar fyrningar, vöru- og efnisnotkun.

Aldrei skal reikna aðstöðugjald af hærri upphæð en sem nemi brúttótekjum.

Hafi gjaldandi með höndum fjölþættan atvinnurekstur, sem tekur til fleiri en einnar atvinnugreinar, og verðmæti á tilgreindu verði eru flutt milli atvinnugreina, þá skal telja verðmæti, sem þannig er flutt, til brúttótekna hjá þeim þætti atvinnurekstrarins, er af hendi lætur, en til aðstöðugjaldsskyldra rekstrarútgjalda hjá þeim þætti, sem á móti tekur.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um álagningu gjaldsins.

38. gr.

Aðstöðugjald má ekki hærra vera í hverju sveitarfélagi en nemi 65% þess hundraðshluta, sem þar var álagður sem aðstöðugjald á árinu 1971.

39. gr.

Skattstjórar annast álagningu aðstöðugjalds, og skal það álagt í heilum hundruðum króna.

Aðstöðugjald, sem ekki nær kr. 3000.00, fellur niður.

Gjalddagi aðstöðugjalds er 1. júlí.

40. gr.

Innheimta má aðstöðugjald hjá gjaldanda í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn, ef:

a. hann rekur þar fiskkaup, fiskverkun eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, og verður þá ekki lagt aðstöðugjald á hann að því leyti annars staðar;
b. hann er búsettur erlendis og rekur atvinnu hér á landi.

Skylt er gjaldanda að gefa hlutaðeigandi skattstjóra skýrslu um samanlögð útgjöld sín, sbr. 37. gr., vegna starfseminnar, samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar, innan loka framtalsfrests, ella áætlar skattstjóri útgjöldin að fenginni umsögn sveitarstjórnar eða nefndar skv. 4. mgr. 28. gr.

41. gr.

Nú hefur sveitarstjórn ákveðið að nota heimild þessa kafla um innheimtu aðstöðugjalds, og skal hún þá tilkynna skattstjóra þá ákvörðun sína og láta honum samtímis í té upplýsingar um, hversu hátt gjald þetta skuli vera, sbr. 38. gr.

Tilkynning til skattstjóra skal send eigi síðar en 15. apríl ár hvert.

42. gr.

Þegar skattstjóri hefur lokið álagningu aðstöðugjalds samkvæmt þessum kafla, semur hann skrá um aðstöðugjöld í hverju sveitarfélagi og sendir hana þegar til sveitarstjórnar, sem innheimtir gjöldin.

Ákvæði 32. gr. laga þessara um gagnkvæma ábyrgð hjóna skulu gilda um innheimtu aðstöðugjalds.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

43. gr.

Ef gjöld samkvæmt lögum þessum eru ekki greidd, áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða sveitarsjóði dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem líður þar fram yfir frá gjalddaga, unz gjaldið er greitt.

44. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum svo og dráttarvexti má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29 16 des. 1885.

45. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að breyta gjalddögum þeirra gjalda, sem renna eiga í sveitarsjóð, til samræmis við gjalddaga útsvara.

46. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á útsvörum þeirra erlendra og íslenzkra aðila, sem eftir gildandi útsvarslögum ríkjanna eiga að greiða útsvar af sömu tekjum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

47. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði með reglugerð um framkvæmd laga þessara.

48. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara, aðstöðugjalds og innheimtu fasteignaskatts á árinu 1972. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 51 10. júní 1964, lög nr. 67 23. des. 1964, lög nr. 67 21. maí 1965, lög nr. 43 6. maí 1966, lög nr. 59 16. apríl 1968 og lög nr. 69 12. maí 1970.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Á árinu 1972 er félagsmálaráðuneytinu heimilt að veita sveitarfélögum sérstakt aukaframlag, ef í ljós kemur, að ákvæði laga þessara reynast þeim óhagstæðari en lög nr. 51/1964. Slíkt framlag skal þó aðeins veita, ef hlutaðeigandi sveitarfélag innheimtir fasteignaskatt með fullu álagi, sbr. 3. mgr. 3. gr., leggur á fullt útsvar samkv. 25. gr. og fullt aðstöðugjald samkvæmt ákvæðum 38. gr.

Heimilt er að endurgreiða Jöfnunarsjóði úr ríkissjóði framlög, sem veitt eru samkvæmt þessu ákvæði.

2. Gjalddagi fasteignaskatts á árinu 1972 skal vera 15. maí, sbr. þó 4. gr. i. f. Hafi sveitarstjórn þá innheimt fasteignaskatt, skv. lögum nr. 51/1964, skal endurgreiða gjaldendum það, sem ofgreitt kann að vera.

3. Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða breytingu á hinu nýja fasteignamati til samræmis við verðlag í árslok 1971.

Nd. 465. Breytingartillaga [133. mál]

við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Guðlaugi Gíslasyni og Ellert B. Schram.

Við 23. gr. Aftan við 3. málslið 2. mgr. komi: svo og vexti af lánum úr lífeyrissjóðum og/eða Byggingarsjóði ríkisins, sem áhvílandi eru á íbúðarhúsnæði gjaldanda, sem nýtt er til eigin afnota.

Nd. 466. Breytingartillögur [133. mál]

við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (ÓE, RH).

1. Við 1. gr. Á eftir d-lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
   e. Framlög úr ríkissjóði, sem nema 5% — fimm af hundraði — af skattgjaldstekjum til tekjuskatts, sbr. I. tl. 25. gr. laga nr. 68 15. júní 1971.
2. Við 3. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Á allar fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati, sbr. þó 5. gr., er sveitarstjórn heimilt að leggja árlega skatt til sveitarfélags, þar sem fasteign er.
   b. 1. málsliður 2. mgr. orðist svo:
      Skattur þessi skal miðaður við fasteignamat og vera allt að því sem hér segir:
   c. 3. mgr. falli niður.
   d. Orðin „og 3." í 4. mgr. falli niður.
   e. 4. mgr. falli niður.
3. Við 4. gr. 4. mgr. orðist svo:
   Gjalddagi skattsins er 15. janúar, en heimilt er sveitarstjórn að ákveða aðra gjalddaga.
4. Við 5. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Undanþegin fasteignaskatti eru sjúkrahús, kirkjur, skólar, íþróttahús, endurhæfingarstöðvar, barnaheimili, orlofsheimili launþegasamtaka, félagsheimili, samkomuhús, öryrkja- og elliheimili, heilsuhæli, bókasöfn og önnur safnhús, svo og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir um lóðir slíkra húsa. Séu stofnanir, sem að framan greinir, reknar sem atvinnufyrirtæki í ágóðaskyni, skulu þær ekki undanþegnar fasteignaskatti.
   b. Við 1. málslið 3. mgr. bætist: af eigin íbúð, sem þeir búa sjálfir í.
5. Við 21. gr. Við bætist ný mgr., svo hljóðandi:
   Aðrir aðilar greiða útsvar til þess sveitarfélags, þar sem aðalstarfsemi þeirra fer fram.
6. Við 22. gr. Í stað orðanna „sem um ræðir í 1.—4. gr." komi: sem um ræðir í 1.—5. gr.
7. Við 23. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Útsvar manna, sbr. 1. mgr. 21. gr., skal leggja á tekjur þær, sem taldar eru í 7. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. þó 10. gr. þeirra laga.
   b. Við bætist ný mgr., er verði 4. mgr., svo hljóðandi:
      Útsvar annarra aðila, sbr. 2. mgr. 21. gr., skal leggja á hreinar tekjur þeirra samkvæmt ákvæðum laga nr. 68 15. júní 1971, að frádregnum greiðslum og tillögum þeim, er um ræðir í 17. gr. þeirra laga.
   c. Á eftir 4. mgr., er verður 5. mgr., bætist ný mgr., er verði 6. mgr., svo hljóðandi:
      Nú hyggst sveitarstjórn breyta framtali gjaldanda í óhag, er hún úrskurðar það, og skal hún þá tilkynna honum þá fyrirætlun og gefa honum kost á að gæta réttar síns. Þetta ákvæði gildir þó ekki um leiðréttingar á augljósum villum, svo sem færslum í framtölum, sem brjóta í bága við lagafyrirmæli, eða reikningsskekkjum.

8. Við 25. gr. Greinin orðist svo:
Útsvar manna, sbr. 1. mgr. 21. gr., skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum næstliðins almanaksárs, sbr. 1.—3. mgr. 23. gr., sem þó má ekki hærra vera en 10%, sbr. þó 4. mgr. 26. gr., og skal sami hundraðshluti lagður á alla gjaldendur í hverju sveitarfélagi.
Útsvar annarra aðila, sbr. 2. mgr. 21. gr., skal vera 23% af skattgjaldstekjum þeirra, sbr. II. tl. 25. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, sbr. og 4. mgr. 23. gr. þessara laga, sbr. þó 4. mgr. 26. gr.
9. Við 26. gr. Greinin orðist svo:
Útsvar samkvæmt 25. gr. skal lækka um 10 000 kr. hjá hjónum og einstæðu foreldri, sem heldur heimili og framfærir þar börn sín innan 16 ára aldurs, um 7 000 kr. hjá einstaklingum, um 5 000 kr. hjá hvoru hjóna, telji þau fram sitt í hvoru lagi, og um 1 500 kr. fyrir hvert barn innan 16 ára, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu. Hafi gjaldandi fleiri en þrjú börn innan 16 ára á framfæri sínu, skal enn fremur lækka útsvar hans um 2 000 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú.
Fella skal niður útsvör, sem eru 1 000 kr. og lægri.
Útsvar skal á lagt í heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en 100 krónum skal sleppt.
Nú kemur í ljós, að útsvör samkvæmt 25. gr., sbr. og ákvæði þessarar greinar, reynast hærri eða lægri en fjárhagsáætlunin segir til um, og skal þá lækka eða hækka hundraðshluta þá, er um ræðir í 25. gr., að réttri tiltölu, unz hinni áætluðu upphæð að viðbættum 5—10% er náð. Hækkun hundraðshlutanna má þó aldrei fara fram úr 10 hundraðshlutum.
10. Við 29. gr.
a. Í stað „jafnháa allt að helmingi þess útsvars“ í 1. málslið a-liðar komi: jafnháa allt að 60% þess útsvars.
b. Síðari hluti b-liðar orðist svo: frá 1. júlí til 1. nóvember eftir ákvörðun sveitarstjórnar, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember.
11. Við 30. gr. Aftan við m-lið komi viðbót, svo hljóðandi:
enda hafi verið haldið eftir af kaupi hans í samræmi við kröfu sveitarstjórnar.
12. Við 36. gr. Aftan við 1. mgr. bætist: á árinu 1972.
13. Við 38. gr. Greinin orðist svo:
Aðstöðugjald má ekki hærra vera í hverju sveitarfélagi en nemi helmingi þess hámarks, sem leyfilegt var á árinu 1971.
14. Á eftir 45. gr. komi ný grein, svo hljóðandi, og greinatalan breytist eftir því:
Framlög úr ríkissjóði samkvæmt e-lið 1. gr. renna til þess sveitarfélags, þar sem gjaldþegn var skattlagður samkvæmt ákvæðum laga nr. 68 15. júní 1971.
15. Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr liður:

Sveitarstjórnum er heimilt með samþykki ráðuneytis að veita allt að 50% frádrátt frá tekjum giftrar konu, áður en útsvar er á þær lagt, þar til heildarendurskoðun á skattamálum hjóna hefur farið fram.

Nd. 467. Breytingartillögur [133. mál]

við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Pétri Péturssyni.

Við 3. gr.

1. Við a-lið greinarinnar bætist: Heimilt skal sveitarstjórn að leggja 2% af fasteignamati íbúðar í þéttbýli á þann hluta fasteignamats, sem er umfram 4 millj. kr. Einnig skal heimilt að leggja á hvern sjálfstæðan gjaldanda, sem á tvær eða

fleiri íbúðir, 2% af þeim hluta samanlagðs fasteignamats íbúðarhúseigna hans, sem er hærri en 4 millj. kr.

2. Á eftir 3. málsgr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Heimilt er sveitarstjórn, að fengnu samþykki fjármálaráðherra, að fella niður fasteignaskatt af þeim fasteignum, sem eru ekki notaðar í þágu atvinnurekstrar.

Sþ. 468. Nefndarálit [53. mál]

um till. til þál. um stofnun íslenzks sendiráðs í Kanada.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þessa tillögu og rætt hana við utanríkisráðherra og ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins. Upplýst hefur verið, að nýskipan íslenzkra sendiráða erlendis sé til athugunar í utanríkisráðuneytinu. Er utanríkismálanefnd sammála um, að eðlilegt sé, að um stofnun sendiráðs í Kanada verði fjallað í því sambandi. Leggur nefndin því til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 15. marz 1972.

Eysteinn Jónsson, form.	Magnús Kjartansson, fundaskr.	Gylfi Þ. Gíslason, frsm.
Matthías Á. Mathiesen.	Jón Skaftason.	Bjarni Guðnason.
	Jóhann Hafstein.	

Ed. 469. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 11. maí 1970, um kaup á sex skuttogurum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með þeirri breytingu, sem hún gerir tillögu um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. marz 1972.

Halldór Kristjánsson, form., frsm.	Benóný Arnórsson, fundaskr.	Steingrímur Hermannsson.
Jón Árnason.	Jón Árm. Héðinsson.	Oddur Ólafsson.
	Geir Gunnarsson.	

Ed. 470. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 11. maí 1970, um kaup á sex skuttogurum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað orðanna „allt að sex“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: allt að þrettán.
2. Aftan við 2. gr. bætist ný málsgrein:
   Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella efni þeirra inn í lög nr. 40 11. maí 1970 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um kaup á skuttogurum.

Sþ. 471. Tillaga til þingsályktunar [224. mál]

um athugun á umgengnis- og heilbrigðisvandamálum á áningarstöðum ferðamanna og útivistarsvæðum.

Flm.: Sigurður Blöndal, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, hversu unnt sé að leysa þau umgengnis- og heilbrigðisvandamál, sem nú eru komin upp og fara sívaxandi, á hinum ýmsu útivistar- og áningarstöðum ferðamanna víðs vegar um landið, og gera jafnframt ráðstafanir til, að þau verði leyst hið allra fyrsta.

Greinargerð.

Ferðamannastraumur yfir sumarmánuði ársins hefur vaxið gífurlega undanfarin ár og mun fara vaxandi. Er svo komið, að ýmsir staðir á landinu, sem ferðamenn kjósa helzt að dveljast á, eru þröngt setnir um miðbik sumars. Vantar vatnslagnir, hreinlætistæki, vörzlu og bílastæði víðast hvar til þess að þjóna þessum mannfjölda. Skortur á hreinu vatni og salernum brýtur algerlega í bága við þær kröfur, sem menn gera til hreinlætis nú á dögum. Enn fremur er sorphreinsun víðast hvar ófullnægjandi eða alls engin, enda oft þannig háttað, að enginn telur sig ábyrgan fyrir umgengni á slíkum stöðum.

Sem dæmi má nefna, að á litlu svæði í Þjórsárdal voru reist 932 tjöld á mánaðartíma frá miðjum júlí til miðs ágústs. Hinn 31. júlí voru þar samtímis 205 tjöld á mjög takmörkuðu svæði. Með fjórum í tjaldi, sem er sennileg áætlun, hafa jafnmargir menn dvalið á þessu svæði og allir íbúar í miðlungskauptúni, enda þótt engin skemmtisamkoma væri þarna. Á öðrum skógarsvæðum, eins og Vöglum og Hallormsstað, geta verið upp í 100 tjöld í einu yfir ferðamannatímann.

Geta má þess, að á eftirsóttum stað eins og Ásbyrgi er ferskt og hreint vatn eitt mesta vandamálið. Tjörnin í Byrgisbotninum er ófullnægjandi, enda baða margir sig í henni, auk þess sem alls konar óþverri berst í hana undan brekkunni.

Þá má geta þess, að á sumum löngum alfaraleiðum vantar algerlega áningarstaði. Þannig er raunverulega enginn áningarstaður með hreinlætisaðstöðu á allri leiðinni frá Reykjahlíð til Egilsstaða.

Ed. 472. Lög [127. mál]

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Ed. 16. marz.)

Samhljóða þskj. 427.

Ed. 473. Lög [133. mál]

um tekjustofna sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Ed. 17. marz.)

Samhljóða þskj. 464 (sbr. 419).

Sþ. 474. Fyrirspurnir. [225. mál]

I. Til samgönguráðherra um Egilsstaðaflugvöll.

Frá Sigurði Blöndal.

1. Er búið að gera áætlun um endurbyggingu Egilsstaðaflugvallar?
2. Ef svo er, hvenær er þá gert ráð fyrir, að framkvæmdir geti hafizt?
3. Er ekki mögulegt að sameina þá endurbyggingu þörfinni fyrir alþjóðlegan varaflugvöll?

II. Til landbúnaðarráðherra um sandgræðslu á Vestfjörðum.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Spurt er um:

1. Hvað hefur framlag til sandgræðslu á Vestfjörðum numið hárri fjárhæð síðan lög nr. 17/1965, um landgræðslu, voru sett?
2. Hvernig hefur fjárhæð þessi skipzt milli sandgræðslusvæða?
3. Verða sérstakar ráðstafanir gerðar til sandgræðslu á Sauðlauksdalssöndum í Rauðasandshreppi til að koma í veg fyrir eyðileggingu flugvallar, þjóðvegar og tveggja bújarða, sem eru nú í yfirvofandi hættu vegna sandfoks?

Sþ. 475. Tillaga til þingsályktunar [226. mál]

um menntun fjölfatlaðra.

Flm.: Oddur Ólafsson, Ólafur G. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frv., sem lagt verði fyrir næsta Alþingi, um ráðstafanir til að bæta menntunaraðstöðu fjölfatlaðra barna og unglinga.

Greinargerð.

Þótt ekki séu til áreiðanlegar tölur um fjölda barna, sem ekki eiga samleið með öðrum börnum í námi og skólagöngu, er það skoðun þeirra, sem að þessum málum vinna og bezt þekkja til, að fjöldi slíkra barna fari vaxandi hér á landi, eins og víðast annars staðar í nálægari löndum.

Hér er átt við börn, sem hafa meiri háttar líkamságalla, flest frá fæðingu, og börn með greindarskerðingu á ýmsu stigi. Ekki er ótítt, að saman fari líkamlegir ágallar og skert námsgeta. Oft á tíðum á viðkomandi barn við að etja hvort tveggja, líkamlega örorku og truflun á einu eða fleiri sviðum skynjunar og tjáningar, svo sem sjóntruflun, heyrnartruflun, taltruflun og truflun á myndun hugmynda og skilnings. Orðið fjölfötlun hefur verið notað sem samheiti fyrir örorku af þessu tagi, þar sem fleiri en eitt atriði eru hjá sama barni sem hindrun fyrir eðlilegri tilveru.

Það er augljóst, að börn þau, sem hér um ræðir, eru verr undir nám búin en önnur. Auk þess hefur mjög á vantað, að til væru ytri kringumstæður til að geta sinnt þessum börnum. Hvort tveggja hefur vantað, húsnæði og sérmenntaða kennara.

Ríkið hefur rekið sérstakan skóla fyrir heyrnarlaus börn, Blindrafélagið sér um kennslu blindra barna og Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur rekið til bráðabirgða skóla fyrir hreyfihömluð börn í Reykjadal, Mosfellshreppi.

Taka þarf fram, að mörg þessara barna þarfnast heimavistar, á meðan þau eru í skóla. Sum eru þannig á sig komin, að erfitt er að hafa þau í heimahúsum eða erfitt er að flytja þau á milli heimilis og skóla, og að sjálfsögðu ræður hér búseta miklu um, þar eð börn utan af landi, sem þurfa sérkennslu og umönnun, eiga hennar að sjálfsögðu ekki kost á Reykjavíkursvæðinu, nema til komi aðstoð skyldfólks eða annarra, og slík aðstoð er vandfengin oftast nær.

Ljóst er, að því aðeins næst árangur á þessu sviði, að upp komist ein miðstöð fyrir landið allt, sem annast kennslu og umönnun þessara barna. Slík miðstöð mundi tryggja bezta nýtingu á sérmenntuðu starfsfólki og gera það kleift, að hvert barn fengi þá þjónustu og fyrirgreiðslu, sem það þyrfti, en þjónustan og fyrirgreiðslan geta að öðru leyti verið mjög sameiginleg fyrir hinar ýmsu tegundir örorku barnanna.

Börn þau, sem hér um ræðir, þurfa fyrr en önnur börn að komast í skynjunarlega og þroskalega þjálfun, auk þess sem sum þeirra þurfa mjög brýnt líkamlega þjálfun. Þannig mætti segja, að skólaskylda þessara barna ætti að hefjast 1—2 árum fyrr en venjulegra barna, en auk þess hafa þessi börn mjög brýna þörf fyrir sérstaka forskóla eða leikskóla allt frá tveggja ára aldri. Vísir að leikskóla fyrir slík börn hefur myndazt hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra í bráðabirgðahúsnæði.

Hér er um svo mikla framkvæmd að ræða, að það mun ekki vera á færi líknarfélaga eða áhugamannahópa að koma henni af stað. Það er því mjög brýnt, að ríkisstjórnin sjái svo um, að mál þessi verði tekin föstum tökum, áætlun gerð um skipulag þessara mála og framkvæmdir hafnar, sem miða að því, að öll börn á landinu fái notið þeirrar kennslu og skólunar, sem kemur að gagni.

Nd. 476. Frumvarp til laga [227. mál]

um breyting á lögum nr. 111 30. des. 1970, um virkjun Lagarfoss.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Í stað orðanna „í allt að 8000 hestafla orkuveri“ í 1. gr. laganna komi: í allt að 10000 hestafla orkuveri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa vakið athygli á, að túrbína sú, sem keypt verður til Lagarfossvirkjunar sé 10.000 hestöfl. Fyrir því er leitað heimildar Alþingis, að Lagarfossvirkjun verði 10.000 hestöfl í stað 8.000 hestafla. Nánar er málið skilgreint í bréfi Rafmagnsveitna ríkisins til iðnaðarráðuneytisins, dags. 17. febrúar 1972 svo hljóðandi:

„Með lögum frá Alþingi, samþykktum 16. desember 1970, var ríkisstjórninni heimilað að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði í allt að 8.000 hestafla orkuveri.

Þegar vélar til virkjunarinnar voru boðnar út á s. l. sumri, var að sjálfsögðu miðað við þá vélastærð, sem lögin gera ráð fyrir.

Eins og hæstvirtu ráðuneyti er kunnugt, bárust hagstæðustu vélartilboðin frá Skodaexport í Tékkóslóvakíu, og það enda þótt stærð á túrbínu þeirri, sem boðin var, væri 10.000 hestöfl.

Samningar hafa nú verið undirritaðir við Skodaexport um vélar til Lagarfossvirkjunar samkvæmt heimild í bréfi hæstvirts ráðuneytis, dags. 4. þ. m., og þ. á m.

um 10 þús. hestafla túrbínu og rafala með samsvarandi afkastagetu. Rafmagnsveiturnar telja ástæðu til þess að afla viðbótarheimildar Alþingis um virkjunarstærð, svo að hægt verði að nýta þessa stækkun véla að fullu.

Framangreind stækkun á vélum Lagarfossvirkjunar hefur ekki í för með sér neinar breytingar á gerð mannvirkja né vatnsborði Lagarfljóts.“

Ed. 477. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur athugað frumvarpið og kynnt sér fjárhag og stöðu Tryggingasjóðs fiskiskipa, og kemur þá í ljós, að þörf hans fyrir auknar tekjur er engu minni en í frv. felst. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 20. marz 1972.

Halldór Kristjánsson, form., frsm.	Benóný Arnórsson, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Jón Árm. Héðinsson.	Steingr. Hermannsson.	Oddur Ólafsson.
	Jón Árnason.	

Ed. 478. Frumvarp til laga [4. mál]

um breyting á lögum nr. 40 11. maí 1970, um kaup á sex skuttogurum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. marz.)

1. gr.

Í stað orðanna „allt að sex“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: allt að þrettán.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella efni þeirra inn í lög nr. 40 11. maí 1970 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um kaup á skuttogurum.

Ed. 479. Frumvarp til laga [161. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. marz.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán allt að 45 millj. kr. vegna kaupa á þyrlu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 480. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. marz.)

1. gr.

Aftan við 2. lið 2. gr. laganna bætist: hagnýtar jarðfræðilegar kannanir, m. a. vegna neyzluvatnsleitar og, ef við á, gegn greiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 481. Breytingartillaga [17. mál]

við frv. til laga um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð.

Frá Ólafi G. Einarssyni.

6. gr. orðist svo:

Fyrirtæki stofnuð og rekin samkvæmt lögum þessum skulu hlíta skattskyldu eins og félög þau, sem um ræðir í fyrri málslið a-liðar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Ed. 482. Frumvarp til laga [228. mál]

um breyting á lögum um fiskvinnsluskóla, nr. 55 15. apríl 1971.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Halldór Kristjánsson.

1. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Skólinn skal staðsettur á Ísafirði. Auk þess skal stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara samkvæmt 1. og 2. tölulið 2. gr., og skal námi við skólann skipt í þrjár deildir, sbr. 1.—3. tölulið 10. gr.

Á árunum 1972—75 skal enn fremur undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum, Akranesi og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum.

Heimilt skal, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að setja á stofn framhaldsdeildir við skólana utan Ísafjarðar, sbr. 4. gr., þegar skilyrði eru fyrir hendi.

Ráðuneytið skipar hverjum skóla þriggja manna skólanefnd til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, annar af samtökum fiskiðnaðarins á hverjum stað, en hinn þriðja skipar ráðuneytið án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Lög þessi gilda um fiskvinnsluskóla utan Ísafjarðar, að því er varðar greiðslu kostnaðar og annað, sem við getur átt að dómi ráðuneytisins og afmarkað skal í reglugerð.

2. gr.

Á eftir 9. gr. laganna bætist ný grein (10. gr.), sem komi á undan III. kafla, þannig:

Ríkið kemur upp hentugu kennslu- og heimavistarhúsnæði á Ísafirði fyrir fiskvinnsluskólann.

3. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, þannig:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til komið hefur verið upp nauðsynlegri aðstöðu á Ísafirði fyrir fiskvinnsluskólann, er heimilt að starfrækja hann í Reykjavík.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í málefnasamningi ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar frá 14. júlí 1971 segir: „Stefnt verði að því, að ríkisstofnunum verði valinn staður úti um land meir en nú er gert."

Á undanförnum árum hefur skilningur mjög aukizt á nauðsyn þessarar þróunar. Mönnum verður ljósara með hverjum degi, að sú þróun er hættuleg þjóðinni allri, að í Reykjavík safnist saman nálægt því allar opinberar stofnanir. Hins vegar er mönnum jafnframt ljóst, að það er í mörgum tilfellum miklum erfiðleikum bundið að flytja ríkisstofnanir frá Reykjavík. Það hlýtur að verða langtímaþróun, og hvert einstakt tilfelli ber að skoða vandlega.

Norðmenn gerðu fyrir nokkrum árum ýtarlega athugun á þessu hjá sér. Þeir vildu flytja ríkisstofnanir frá Osló. Í fáum orðum varð það niðurstaða nefndar, sem málið kannaði, að sérstaklega væri það miklum erfiðleikum háð að tvístra opinberum þjónustustofnunum ríkisins og þeim öðrum stofnunum þess, sem mikil innbyrðis samskipti þurfa að hafa og þurfa helzt að vera nálægt ráðuneytum, ríkisstjórn og þingi. Aftur á móti taldi nefndin stórum auðveldara að staðsetja skóla víða um landið og í mörgum tilfellum hagkvæmt.

Fiskvinnsluskóli var stofnaður með lögum, sem samþykkt voru á Alþingi 2. apríl 1971. Hér er því um nýja stofnun að ræða, sem enn hefur ekki fest rætur.

Lögin voru afgreidd á allra síðustu dögum þingsins. Nokkrar umræður urðu um staðsetningu skólans, og gerðar voru á 6. gr. þær breytingar, að skólanum var ákveðinn staður á Suðvesturlandi í stað Reykjavíkur. Hins vegar var tími hvergi nærri nægur til þess að kanna það mál til hlítar. Meðal annars náðu áskoranir utan af landi ekki eyrum alþingismanna vegna hins nauma tíma, sem var til afgreiðslu málsins. Svo fór m. a. um ábendingu frá Akureyri og frá Ísafirði um staðsetningu skólans á Ísafirði.

Vestfirðirnir eru eitt mikilvægasta fiskvinnslusvæði landsins. Sjávarútvegur og fiskvinnsla eru þar að tiltölu mikilvægari atvinnugreinar en víðast annars staðar. Á Ísafirði eru einhver glæsilegustu frystihús landsins og fiskvinnsla fjölbreytt. Þar mundi fást hin hentugasta aðstaða til þjálfunar fyrir nemendur fiskvinnsluskólans.

Nú er að rísa á Ísafirði menntaskóli. Bygging skólahúsnæðis er hafin og aðsókn að skólanum mikil. Á Ísafirði er því að rísa menntamiðstöð Vestfjarða.

Með tilliti til þess, sem nú hefur verið rakið, virðist Ísafjörður vera kjörinn staður fyrir fiskvinnsluskóla. Auk þess eru kennarar við fiskvinnsluskólann mjög fáir enn sem komið er, og ætti það ekki að valda erfiðleikum, enda getur reynzt æskilegt að nýta betur t. d. kennslukrafta, sem eru þegar við hinn nýja menntaskóla.

Ljóst er, að hið opinbera verður að koma upp hentugu húsnæði fyrir hvern þann skóla, sem út á land flyzt, og heimavist verður einnig fljótlega nauðsynleg. Að því leyti er staðsetning skólans utan Reykjavíkur nokkru kostnaðarmeiri en almennt þarf að verða á höfuðborgarsvæðinu. Nauðsynlegt er að horfast í augu við þetta. Því er lagt til, að í lög um fiskvinnsluskóla verði bætt grein, sem taki af

allar efasemdir um þetta atriði og skuldbindi ríkið til þess að koma upp nauðsynlegri aðstöðu á Ísafirði. Engu að síður má vel vera, að við athugun komi í ljós, að unnt sé að staðsetja fiskvinnsluskólann til bráðabirgða í hinu nýja húsnæði menntaskólans. Þetta þarf að kanna.

Loks er lagt til, að bætt verði við lögin ákvæði til bráðabirgða þess efnis, að heimilt sé að starfrækja fiskvinnsluskólann í Reykjavík, þar til hentug aðstaða hefur fengizt á Ísafirði, því að nauðsynlegt er, að starfræksla skólans tefjist ekki af þessum sökum.

1) Vegna nálægðar gömlu brúarinnar á Eiðalæk, varð að byggja nýju brúna í tveim áföngum, og var einungis lokið við þann fyrri og umferð hleypt á hann s. l. haust.

Brú á Deildará í Mýrdal (G 1):

Í miklum vatnavöxtum í byrjun árs laskaðist gamla brúin á Deildará svo, að ekki reyndist unnt að gera við hana. Til bráðabirgða var sett upp stálbitabrú, en samgönguráðuneytið ákvað að tillögu vegamálastjóra að byggja þarna nýja steypta bitabrú, 14 m langa. Áætlaður kostnaður við smíði brúarinnar og nauðsynlega vegarlagningu að henni var 2.6 m.kr., og telst sú upphæð með öðrum kostnaði við náttúruhamfarir sbr. lið 2.2.1. B.

Smábrýr.

Brú á Stampafossgil (B 33):

Byggð var 5 m löng steypt plötubrú. Áætlaður kostnaður var 0.9 m.kr., og var hann greiddur af lánsfé til Heydalsvegar samkv. grein III. 2.1. í vegáætlun.

Brú á Lambanesá í Fljótum (D 33):

Byggð var 8 m löng steypt plötubrú. Áætlaður kostnaður var 1.2 m.kr., og var fjárveiting til Siglufjarðarvegar um Haganesvík notuð til að greiða hann til bráðabirgða samkv. samkomulagi við þingmenn Norðurlandskjördæmis vestra, og er þá gert ráð fyrir, að þessi upphæð verði endurgreidd af smábrúafé 1972.

Brú á Fremstu-Rjúkandi á Jökuldal (F 1):

Byggð var 5 m löng steypt plötubrú. Áætlaður kostnaður var 1.6 m.kr., og var hann greiddur af lánsfé til Austurlandsáætlunar samkv. grein III. 2.5 í vegáætlun.

Brú á Kringilsá á Jökuldal (F 11):

Byggð var 8 m löng steypt plötubrú. Áætlaður kostnaður var 1.0 m.kr., og var hann greiddur af fjárveitingu Geitdalsár í Skriðdal sbr. lið 36. í grein 2.5.1. hér á undan.

Brú á Þorleifará á Héraði (F 16):

Byggð var 8 m löng steypt plötubrú. Áætlaður kostnaður var 1.0 m.kr., og var hann einnig greiddur af fjárveitingu Geitdalsár í Skriðdal.

2.6. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA

Fjárveiting til sýsluvegasjóða í vegáætlun á árinu 1970 var 21.2 m.kr., og skiptist hún milli sýslna samkvæmt reglugerð nr. 62/1964, eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

Í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1970 voru tekjur sýsluvegasjóðanna samkvæmt 23. gr. vegalaga áætlaðar alls 377 þús. kr., en reyndust 424 þús. kr. Tekjur samkvæmt 21. og 26. gr. voru áætlaðar 9.724 þús. kr., en reyndust 9.917 þús. kr. Heildartekjur samkvæmt þessum þrem greinum urðu því 10.341 þús. kr., eða 340 þús. kr. hærri en áætlað var.

Ríkisframlag samkvæmt 28. gr. vegalaga á árinu 1971 var því 0.5 m.kr. hærra en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda á árinu 1970. Hins vegar var við afgreiðslu vegáætlunar fyrir árin 1969—1972 ákveðið af fjárveitinganefnd, að ríkisframlag til sýsluvegasjóðanna skyldi á áætlunartímabilinu vera 1.0 m.kr. hærra en 28. gr. segði til um til þess að bæta sýsluvegasjóðunum upp þá lengingu sýsluvega, sem leiddi af breytingu á vegalögum nr. 24/1969. Vantar því á árinu 1971 0.5 m.kr. á fyrirheit fjárveitinganefndar.

Á árinu 1971 var innheimta sýsluvegasjóðsgjalda samkvæmt 21. og 26. gr. vegalaga miðuð við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. des. 1970, sem var 81.23 kr. á klst., og var það 28.9% hækkun frá sama kaupgjaldi 1. des. 1969. Samkvæmt því voru áætlaðar tekjur samkvæmt 21. og 26. gr. 12.783 þús. kr.

Þegar lög nr. 98 frá 28. desember 1970 um breytingu á vegalögum nr. 23/1970 voru samþykkt á Alþingi, var eigi annað vitað en hið nýja fasteignamat tæki gildi 1. janúar 1971. Af þeim sökum var með 5. gr. téðra laga breytt 2. mgr. 23. gr. vegalaga nr. 23/1970 til samræmis við hið nýja fasteignamat. Var vegaskattur lækkaður í 1/20 af því, sem áður var. Munu því heildartekjur sýsluvegasjóða samkv. 23. gr. á árinu 1971 væntanlega aðeins verða liðlega 20 þús. kr. Heildartekjur innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda á árinu verða því um 12.8 m.kr., sem skiptast eins og að neðan greinir:

Áætlaðar tekjur sýsluvegasjóða 1971.

Upphæðir í þús. kr.

Sýsla:	Tekjur skv. 21. og 26. gr. vegalaga	Tekjur skv. 23. gr. vegalaga	Ríkisframlag	Samtals
Gullbringusýsla	1 198	3	492	1 693
Kjósarsýsla	599	5	608	1 212
Borgarfjarðarsýsla	344	1	452	797
Mýrasýsla	384	0	865	1 249
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	713	0	1 078	1 791
Dalasýsla	285	0	608	893
Austur-Barðastrandarsýsla	102	0	463	565
Vestur-Barðastrandarsýsla	525	0	379	904
Vestur-Ísafjarðarsýsla	427	0	725	1 152
Norður-Ísafjarðarsýsla	470	0	453	923
Strandasýsla	286	0	662	948
Vestur-Húnavatnssýsla	299	0	832	1 131
Austur-Húnavatnssýsla	425	0	747	1 172
Skagafjarðarsýsla	573	0	1 360	1 933
Eyjafjarðarsýsla	735	1	804	1 540
Suður-Þingeyjarsýsla	684	1	1 450	2 135
Norður-Þingeyjarsýsla	336	0	1 329	1 665
Norður-Múlasýsla	557	0	2 013	2 570
Suður-Múlasýsla	904	0	1 324	2 228
Austur-Skaftafellssýsla	269	0	515	784
Vestur-Skaftafellssýsla	338	0	853	1 191
Rangárvallasýsla	782	0	1 508	2 290
Árnessýsla	1 548	9	1 606	3 163
Samtals	12 783	20	21 126	33 929

2.7 TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Mannfjöldi kaupstaða og þéttbýlisstaða með 300 íbúum og fleiri var, samkv. endanlegum tölum um mannfjölda á Íslandi, þann 1. des. 1970, útgefnum af Hagstofu Íslands þann 30. júní 1971:

Kaupstaðir	140 358	íbúar
Þéttbýlisstaðir með 300 íbúum og fleira	31 653	—
Samtals	172 011	íbúar

Framlag samkv. 32. gr. vegalaga:

Áætlaðar tekjur árið 1971	kr.	883 800 000.00
÷ Framlag til hraðbr. skv. 32. gr. vegal.	—	162 100 000.00
	kr.	721 700 000.00

12½% framl. af kr. 721 700 000.00, skv. 32. gr. vegalaga ..		kr. 90 212 500.00
Tekjur vegasjóðs árið 1970	kr. 523 357 735.00	
÷ Framlag til hraðbrauta	— 85 000 000.00	
	kr. 438 357 735.00	
12½% framlag af kr. 438 357 735.00 skv. 32. gr. vegalaga	— 54 794 716.88	
÷ Tekið til skipta 1970	— 62 325 000.00	
		— 7 530 283.12
		kr. 82 682 216.88
÷ 10% skv. 34. gr. vegalaga		— 8 268 221.69
		Til skipta 1971 kr. 74 413 995.19

Skiptitala á hvern íbúa:

$$\frac{74\,413\,995.19}{172\,011} = 432.61184 \text{ kr. pr. íbúa.}$$

Þéttbýlissvæði, með 300 íbúum og fleiri, þann 1. des. 1970, skv. töflu frá Hagstofu Íslands frá 30. júní 1971.

	Íbúatala	Framlag
Reykjavík	81 684	kr. 35 337 462.00
Kópavogur	11 165	— 4 830 111.00
Hafnarfjörður	9 695	— 4 194 171.00
Keflavík	5 663	— 2 449 881.00
Akranes	4 253	— 1 839 892.00
Ísafjörður	2 680	— 1 159 400.00
Sauðárkrókur	1 600	— 692 179.00
Siglufjörður	2 161	— 934 874.00
Ólafsfjörður	1 086	— 469 816.00
Akureyri	10 755	— 4 652 740.00
Húsavík	1 993	— 862 195.00
Seyðisfjörður	884	— 382 429.00
Neskaupstaður	1 552	— 671 414.00
Vestmannaeyjar	5 186	— 2 243 525.00
Grindavík	1 169	— 505 723.00
Sandgerði	922	— 398 868.00
Gerðar Gerðahr.	321	— 138 868.00
Njarðvíkur	1 512	— 654 109.00
Garðakauptún	2 868	— 1 240 731.00
Seltjarnarnes	2 153	— 931 413.00
Varmár- og Álafosshverfi	362	— 156 605.00
Borgarnes	1 157	— 500 532.00
Hellissandur	506	— 218 902.00
Ólafsvík	995	— 430 449.00
Grafarnes, Grundarfirði	599	— 259 134.00
Stykkishólmur	1 042	— 450 781.00
Patreksfjörður	996	— 430 881.00
Bíldudalur	311	— 134 542.00
Þingeyri	395	— 170 882.00
Flateyri	455	— 196 838.00
Suðureyri	459	— 198 569.00

	Íbúatala		Framlag
Bolungarvík	978	kr.	423 094.00
Hnífsdalur	325	—	140 599.00
Hólmavík	331	—	143 195.00
Hvammstangi	361	—	156 173.00
Blönduós	690	—	298 502.00
Skagaströnd	532	—	230 149.00
Dalvík	1 055	—	456 405.00
Hrísey	291	—	125 890.00
Raufarhöfn	446	—	192 945.00
Þórshöfn	405	—	175 208.00
Vopnafjörður	514	—	222 362.00
Egilsstaðir	718	—	310 615.00
Eskifjörður	936	—	404 925.00
Búðareyri, Reyðarfirði	532	—	230 149.00
Búðir, Fáskrúðsfirði	720	—	311 480.00
Djúpivogur	321	—	138 868.00
Höfn í Hornafirði	901	—	389 783.00
Vík í Mýrdal	379	—	163 960.00
Hella, Rangárvöllum	367	—	158 769.00
Stokkseyri	392	—	169 584.00
Eyrarbakki	511	—	221 065.00
Selfoss	2 397	—	1 036 970.00
Hveragerði	807	—	349 118.00
Þorlákshöfn	523	—	226 271.19
Samtals	172 011	kr.	74 413 995.19

Skipting á framlagi samkv. 34. gr. vegalaga (10% sjóður).

1.	Til Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi	kr. 6 900 000.00
2.	Til Suðurlandsvegar á Selfossi	— 1 200 000.00
3.	Til Reykjavegar í Hveragerði	— 168 000.00
	Samtals	kr. 8 268 000.00

2.8. TIL VÉLA- OG ÁHALDAKAUPA

2.8.1. Vélakaup.

Fjárveiting var 15.0 m.kr. Þegar lán var tekið hjá Alþjóðabankanum til hraðbrautaframkvæmda, var einnig tekið þar lán til kaupa á vegagerðarvélum að upphæð 517 þús. dollarar eða um 45 m.kr. Ákveðið var að nota lánið til kaupa á vélum til að annast viðhald malarvega. Lánið mátti nota til að greiða með cif-verð vélanna. Var gert ráð fyrir að kaupa vélarnar á tveimur árum og að innlendur kostnaður, tollar, söluskattur o. fl. yrði greiddur af fjárveitingum og afskriftafé véla á þeim tíma. Var þó horfið að því að kaupa vélaranr á árinu 1971, og heimilaði fjármálaráðuneytið yfirdrátt á þeim hluta innlenda kostnaðarins, sem greiða átti á árinu 1972.

Fyrir þetta lán voru keyptar vélar fyrir 64 m.kr., og var innlendi kostnaðurinn þar af 19.0 m.kr.

Alls voru keyptar vélar fyrir 79 m.kr. eins og hér segir:

6 vegheflar með útbúnaði til snjómoksturs.
4 hjólaskóflur.
3 snjóblásarar.
1 mulningsvélasamstæða.

1 vöruflutningabifreið.
6 bifreiðar fyrir mælingar o. fl.
2 festivagnar.
1 mulningsvél, notuð.

Auk ofanskráðra véla voru keyptar ýmsar minni vélar og tæki, svo sem rafstöðvar, vélbörur, steypuþjöppur, vélsagir, vélspil, lofthitarar o. fl.

2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Fjárveiting var 4.0 m.kr., sem varið var eins og hér segir:

1. Lokið var að mestu við þann áfanga áhaldahússins á Akureyri, sem byrjað var á 1969. Sá hluti hússins, sem ætlaður er fyrir skrifstofur og matstofu, var tekinn í notkun s. l. sumar, en vélaverkstæði var tekið í notkun í síðari hluta desembermánaðar. Birgðadeild áhaldahússins er til húsa í þeim hluta hússins, sem ætlaður er fyrir íbúð húsvarðar. Eftir er að mála húsið að utan og ganga frá lóð.
2. Haldið var áfram byggingu áhaldaskemmu vestan Lagarfljótsbrúar, en áætlað er að ljúka byggingu hennar á næsta ári. Gamla húsið, sem var úr timbri og mjög gamalt, er áætlað að selja til niðurrifs.
3. Á Blönduósi voru gerðar minni háttar lagfæringar á húsi því, sem keypt var árið áður.
4. Minni háttar lagfæringar og endurbætur voru gerðar á nokkrum öðrum áhaldahúsum.

2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ

Fjárveiting á vegáætlun 1971	4.5 m.kr.
Geymt fé frá 1970	1.9 —
Alls	6.4 m.kr.

Fjárveitingu þessari var veitt til eftirfarandi tilrauna og rannsóknarstarfsemi.

1. Rannsóknir á möl til mannvirkjagerðar:
   Hér er um að ræða framhald rannsókna, sem hófust árið 1957.

2. Vegheflun:
   Í sambandi við námskeið í vegheflun (2.2.1.c) voru gerðar tilraunir með viðbótartæki fyrir veghefla, m. a. til að hreinsa upp úr skurðum og taka fláa á vegkanta. Tilraunum þessum verður haldið áfram.

3. Rykbinding:
   Gerðar voru tilraunir með rykbindingu á malarvegum með asfaltupplausn. Til þeirra voru valdir vegarkaflar á Norður-, Vestur- og Suðurlandi, nýir og gamlir, með mismunandi slitlagsmöl og mismikilli umferð. Voru kaflarnir samtals 28.6 km langir. Tilgangur tilraunanna er, auk þess að hefta rykið, að fá úr því skorið, að hve miklu leyti heflun og mölburður sparast við notkun slíks efnis. Reynsla af þessum tilraunum varð mjög misjöfn, en gefur fulla ástæðu til að þeim verði haldið áfram.

4. Vegir byggðir á mýri:
   Haldið var áfram mælingum á sigi á kafla á Suðurlandsvegi austur undir Hellu, sem byggður var á mýri 1968. Sömuleiðis var haldið áfram mælingum á sigi á

Suðurlandsvegi milli Bakkarholtsár og Selfoss, sem byggður var á mýri haustið 1969 og fyrri hluta árs 1970. Síðastliðið haust voru hafnar frekari rannsóknir á þessu sviði, framkvæmdar af Vegagerðinni og Verkfræðiþjónustu dr. Gunnars Sigurðssonar. Verða þar dregnar saman niðurstöður allra þekktra rannsókna á mýrarjarðvegi hér á landi og gerð grein fyrir reikningsaðferð til að spá fyrir um sig vega í mýrarjarðvegi. Greinargerð um þessar rannsóknir mun liggja fyrir í febrúar.

5. Einangrun vega:
   Mælingum lauk vorið 1971, og er verið að ganga frá skýrslu um niðurstöður. Mun hún liggja fyrir í febrúar—marz.

6. Snjógirðingar við vegi:
   Haldið er áfram athugunum á skaflamyndun í vissum vindáttum.


7. Aðrar tilraunir:
   a) Fylgzt er með malbiki og steypu á Reykjanesbraut með tilliti til burðarþols, slits, yfirborðsójafna o. fl.
   b) Enn er leitað stöðlunar fyrir því, hvenær malarefni er frosttryggt. Skilað hefur verið þremur áfangaskýrslum og tvær til viðbótar eru í vinnslu. Telja má, að fundin sé einföld og fljótvirk aðferð til þess að segja fyrir um það, hvenær efni er frosttryggt í frost-þíðu tilraun í rannsóknarstofu. Næsti áfangi þessara rannsókna er að finna samband milli niðurstaða úr þessari aðferð og hegðunar malarefna í vegunum.

Heildarkostnaður við tilraunir varð á árinu aðeins um 3 m.kr. Er það m. a. vegna þess, að allar tilraunir og rannsóknir, sem gerðar eru á rannsóknarstofu, svo og ýmsar mælingar við aðrar tilraunir, eru gerðar á Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, en á s. l. ári hafði stofnunin varla undan þjónusturannsóknum, einkum vegna aukins álags frá hinum óvenju miklu hraðbrautaframkvæmdum, svo að hvorki gafst tími né aðstaða til hinnar venjulegu rannsóknarstarfsemi.

2.10. Greiðsluhalli á vegáætlun.

1.	Samkvæmt lið 1.1—1.3 voru áætlaðar tekjur á árinu 836.8 m.kr., en verða væntanlega 815.0 m.kr., sbr. lið 1.2	Halli	21.8 m.kr.
2.	Útgjöld samkv. lið 2.1 urðu 7.3 m.kr. hærri en áætlun	—	7.3 —
3.	Útgjöld samkv. lið 2.2 urðu 10.9 m.kr. hærri en áætlun	—	10.9 —
4.	Útgjöld samkv. lið 2.5 urðu 2.7 m.kr. hærri en áætlun	—	2.7 —
5.	Útgjöld samkv. 2.7 og 2.9 urðu 3.0 m.kr. lægri en áætlun ..	—	÷3.0 —
		Halli alls	**39.7 m.kr.**

Fskj. 2.1.5—1.


VEGAGERÐ RÍKISINS
Umferðartalning
Afstöðumynd
Meðalumferð mánuðina júní—september 1971
Bifreiðar á sólarhring
Reykjavík í okt. 1971
SUÐURLANDSVEGUR
vestan Hellu
austan Oddavegar
vestan Hvolsvallar
við Þverá
austan Markarfljóts
871
VESTURLANDSVEGUR:
Norðan vegamóta hjá Haugum
hjá Bifröst
Sunnan Dalsmynnis
Vestan Dalsmynnis
477
188
NORÐURLANDSVEGUR
Norðan Dalsmynnis
1971

Fskj. 2.3.1—1.

Tekjur vegna umferðargjalds á Reykjanesbraut, frá upphafi, 26.10.'65, til loka ársins 1971.

	Tala bifreiða um gjaldstöð	Tekjur alls (brúttó) kr.	Innheimtu-kostnaður kr.	Tekjur alls (nettó) kr.	Meðalumferð á dag, báðar áttir	Hlutfalls-tala umferðar
1965:						
26.10.—31.12. ...	39 065	2 600 690.00	365 796.21	2 234 893.79	1182	
1966:						
1.1.—31.12.	249 839	13 964 927.50	1 817 004.67	12 147 922.83	1369	100
1967:						
1.1.—31.12.	272 564	15 007 180.00	2 286 596.66	12 720 583.34	1494	109
1968:						
1.1.—31.12.	281 095	15 848 776.50	1 868 178.47	13 980 598.03	1540	112
1969:						
1.1.—31.12.	294 924	16 172 960.00	2 568 908.03	13 604 051.97	1616	118
1970:						
1.1.—31.12.	319 889	17 307 687.50	2 629 522.80	14 678 164.70	1753	128
1971:						
1.1.—31.12.	382 595	20 494 012.50	4 000 000.00*)	16 494 012.50*)	2096	153
	1 839 971	101 396 234.00	15 536 006.84	85 860 227.16		

*) Áætluð tala.

Greinargerð um kostnað við framkvæmdir fyrir lán frá Alþjóðabankanum.

(Í millj. kr.).

Áfangi	Lengd, km	Áætlun samkvæmt verðlagi í maí 1970				Tilboð í framkv.		Áfallinn kostnaður í lok 1971				Áætlaðar hækkanir kostn.			Áætl. lokakostn.
		Framkv. kostn.	Eftirlits-kostn.	Kostn. við vegstæði	Áætlaður heildar kostn.	Verðlag í júlí 1970	Verðlag í febrúar 1971	Framkv. kostn.	Eftirlits kostn.	Kostn. við vegstæði	Kostn. alls	v/magn-aukn., verkbreyt. og viðbóta	v/verð-hækkana	v/aukins kostn. við vegstæði	
VV2	3.0	63.4	5.3	5.0	73.7	58.6		71.4	5.0	5.4	81.8	17.9	3.3	5.0	95.1
VV3	6.4	55.4	6.3	2.0	63.7		74.7	31.4	2.1	4.6	38.1	4.7	6.1	10.0	103.8
VV4	4.6	61.0	7.0	3.0	71.0		87.3	52.0	2.7	3.0	57.7	13.0	6.4	5.5	122.2
SV1	7.2	103.1	8.7	7.6	119.4		110.4	50.3	3.7	3.5	57.5		7.5	4.9	139.1
SV5	6.3	46.9	3.2	1.3	51.4		44.1	24.7	1.4		26.1	12.1	3.7	÷ 0.1	64.3
SV6	6.1	64.2	4.3	0.8	69.3		62.1	29.6	1.9		31.5	7.3	5.0		79.5
SV7/8	14.1	74.7	7.6	3.5	85.8	57.6		62.3	5.0	3.5	70.8	19.5	4.3	6.5	99.0
	47.7	468.7	42.4	23.2	534.3	494.8		321.7	21.8	20.0	363.5	74.5	36.3	31.8	703.0
% af lokakostn.		66.7	6.0	3.3	75.0	70.4		46.1	3.1	2.8	51.7	10.6	5.2	4.5	

Fskj. 2.3.2—1.

Yfirlit um framkvæmdir samkv. vegáætlun 1971.

1.	**Hraðbrautir:**	
	a) Fullnaðarfrágangur undirbyggingar	15.4 km
	b) Lagning malarslitlags	2.5 km
	c) Lagning varanlegs slitlags	18.3 km
	d) Brýr 10 m og lengri, 2 brýr	31 m
	e) Smábrýr, 1 brú	8 m
2.	**Þjóðbrautir:**	
	a) Undirbyggðir vegir	95.9 km
	b) Lagt slitlag og burðarlag	81.1 km
	c) Brýr 10 m og lengri, 6 brýr	204 m
	d) Smábrýr, 6 brýr	31 m
3.	**Landsbrautir:**	
	a) Undirbyggðir vegir	102.5 km
	b) Lagt slitlag og burðarlag	128.4 km
	c) Brýr 10 m og lengri, 4 brýr	153 m
	d) Smábrýr, 7 brýr	40 m
4.	**Sýsluvegir:**	
	a) Brýr 10 m og lengri, 2 brýr	27 m
	b) Smábrýr, 4 brýr	23 m
5.	**Fjallvegir:**	
	a) Brýr 10 m og lengri, 1 brú	22 m
6.	**Einkavegir:**	
	a) Brýr 10 m og lengri, 1 brú	22 m

Nd. 495. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til l. um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. marz 1972.

Bjarni Guðnason, form., frsm.	Svava Jakobsdóttir, fundaskr.	Gunnar Gíslason.
Ellert B. Schram.	Ingvar Gíslason.	Eysteinn Jónsson.
	Bragi Sigurjónsson.	

Ed. **496. Frumvarp til laga** [233. mál]

um breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Páll Þorsteinsson, Jón Helgason.

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna, á undan V. kafla, komi tvær nýjar greinar, þannig:

a. (28. gr.) Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins skal starfrækja rannsóknastofu á Ísafirði, Sauðárkróki, Húsavík, Höfn í Hornafirði og í Vestmanneyjum og einnig, ef ráðherra ákveður, á öðrum fiskvinnslusvæðum. Skulu rannsóknastofur þessar veita fiskiðnaði viðkomandi landshluta þjónustu með rannsóknum, gæðaeftirliti og leiðbeiningum, gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins eins og við á.

b. (29. gr.) Rétt er að leita samstarfs við fiskiðnað á viðkomandi svæði og sveitarfélag um starfrækslu rannsóknastofu, sem um getur í 28. gr. Sömuleiðis skal athugað að nýta aðstöðu og samstarf við menntastofnanir á staðnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum þeim, sem talið er, að muni verða samþykkt í Bandaríkjunum í ár um hollustuhætti í fiskiðnaði, verða gerðar stórauknar kröfur til gæðaeftirlits og meðferðar á öllum fiski í fiskvinnslustöðvum hér á landi, sem framleiða fyrir Bandaríkjamarkað. Í frumvarpi því, sem þegar hefur verið samþykkt í Öldungadeild Bandaríkjaþings, er gert ráð fyrir, að umsjónarmenn heimsæki öðru hverju slíkar fiskvinnslustöðvar og hafi þeir heimild til þess að stöðva innflutning frá þeim fiskvinnslustöðvum, sem ekki fullnægja settum reglum.

Undanfarin ár hefur starfað svonefnd tillögunefnd um hollustuhætti í fiskiðnaði. Er það meginverkefni hennar að gera tillögur um þær breytingar, sem nauðsynlegar verða á fiskvinnslustöðvum hér á landi. Jafnframt hefur verið vakin athygli á því, að stórauka þarf þjónustu og eftirlit með fiskvinnslustöðvunum. Eðlilegt hefur verið talið, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annist það eftirlit.

Sú þjónusta, sem hér er um að ræða við fiskiðnaðinn, verður aldrei framkvæmd, svo að vel sé, nema sérfræðingar séu staðsettir í landshlutunum. Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því að koma upp fimm slíkum rannsóknastöðvum til að byrja með. Ætla verður, að unnt sé að sinna hinum mikilvægu fiskvinnslustöðvum á Suðurlandi, Suðvesturlandi og Vestfjörðum frá aðalstofnuninni í Reykjavík. Þó má vel vera, að nauðsynlegt reynist að fjölga rannsóknastofunum, og er ráðherra veitt heimild til þess.

Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er lögð áherzla á, að leitað verði samstarfs við fiskiðnað og sveitarstjórn viðkomandi staðar. Er hér að nokkru farið að því fordæmi, sem skapazt hefur í Vestmannaeyjum. Þar er að hefjast starfræksla rannsóknastofu, og er gert ráð fyrir því, að um samvinnu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og fiskvinnslustöðva í Vestmannaeyjum verði að ræða. Eðlilegt virðist, að einnig sé leitað til sveitarstjórna um samstarf. Loks er sjálfsagt að nýta aðstöðu, sem fáanleg kann að vera við menntastofnanir á viðkomandi stað, báðum aðilum til hagsbóta. Sérfræðingur getur t. d. tekið að sér kennslu og nemendur kynnzt rannsóknastarfseminni.

Með þjónustu þeirri, sem rætt er um í frumvarpi þessu, er átt við rannsóknir á hinum ýmsu þáttum fiskvinnslunnar, t. d. gerlarannsóknir, sem stöðugt verða

mikilvægari, athuganir á allri meðferð á fiski, söfnun margs konar upplýsinga, almennt gæðaeftirlit og leiðbeiningastarfsemi. Að sjálfsögðu mundu fiskvinnslustöðvar greiða fyrir þjónustu samkvæmt gjaldskrá rannsóknastofnunarinnar. Þó er nauðsynlegt, að stofan hafi nokkur fjárráð til sjálfstæðra athugana.

Hins vegar er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að viðamikil sjálfstæð rannsóknastarfsemi fari fram á slíkri stofu. Eðlilegra er, að þær rannsóknir séu framkvæmdar í höfuðstöðvum stofnunarinnar í Reykjavík, enda yrði að sjálfsögðu náið samband á milli þeirra, sem þar starfa, og sérfræðings í rannsóknastofu, sem um ræðir í þessu frumvarpi.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja, að ekki þurfi að reynast mjög kostnaðarsamt að koma upp rannsóknastofum þeim, sem hér um ræðir, ef leitað er þess samstarfs við aðila heima fyrir, sem lagt er til að gert verði. Hins vegar ber þó að leggja ríka áherzlu á þá staðreynd, að umrædd þjónusta verður svo mikilvæg fyrir íslenzkan fiskiðnað, að sjálfsagt virðist vera að verja nokkru fjármagni til þess að koma henni á fót.

Sþ. 497. Tillaga til þingsályktunar [234. mál]

um rannsókn á áhrifum vísitölu- og gengistryggðra lána Ferðamálasjóðs á greiðslugetu lántakenda og sérstaka aðstoð, þar sem þörf reynist.

Flm.: Steingrímur Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna án tafar áhrif vísitölu- og gengistryggingar á lánum Ferðamálasjóðs á greiðslugetu lántakenda og gera ráðstafanir til þess að veita þeim lántakendum sérstaka fjárhagsaðstoð, þar sem í ljós kemur, að um sérstaka erfiðleika er að ræða af þessum sökum.

Greinargerð.

Undanfarin ár, að minnsta kosti, hefur sá háttur verið á hafður að binda lánveitingar Ferðamálasjóðs annaðhvort við framfærsluvísitölu eða gengi íslenzkrar krónu. Í ýmsum tilfellum getur þetta talizt eðlilegt, einkum þegar um er að ræða lán til aðila, sem njóta aukinna tekna af erlendum ferðamönnum með breyttu gengi eða fylgja í rekstri sínum að öllu eða mestu leyti almennum kostnaði í landinu.

Víða er hins vegar ekki þannig ástatt. Svo er t. d. ekki á ýmsum smærri stöðum úti um land, þar sem gisting og matarsala getur að vísu verið mjög nauðsynleg og aðeins fáanleg á örfáum stöðum á langri leið, en gestakoma hins vegar bundin við örfáa mánuði á ári hverju og erlendir ferðamenn sjaldséðir. Á slíkum stöðum er það víða nánast byggðamál að halda við þess háttar rekstri fremur en að um hagnaðarvon geti verið að ræða.

Slíkir staðir hafa flestir átt í verulegum erfiðleikum með greiðslu vaxta og afborgana af lánum Ferðamálasjóðs vegna vísitölu- og gengistryggingar þessara lána. Til dæmis skal það nefnt, að lítill veitingastaður úti á landi fékk lánaðar 300 000 kr. árið 1968. Síðan hefur lántakandi greitt af þessu láni samtals 50 000 kr. og vexti tæplega 70 000 kr., en eftirstöðvar eru engu að síður rúmlega 401 000 kr. Þessi sami aðili fékk annað lán að upphæð 200 000 kr., og eru eftirstöðvar af því nú 288 000 kr., þrátt fyrir greiðslu afborgana og vaxta. Sá lántakandi, sem hér um ræðir, á í vaxandi erfiðleikum með greiðslu vaxta og afborgana, enda er ljóst, að tekjuaukning hans hefur á engan máta fylgt skráðu gengi sterlingspundsins eins og lánin. Á þessum stað er ferðatíminn aðeins u. þ. b. fjórir mánuðir. Annan tíma ársins er lítil von á gestum.

Einnig mætti nefna annan veitinga- og gististað, sem er sá eini í viðkomandi sýslu. Lántakandi hefur vísitölutryggt lán frá Ferðamálasjóði. Síðasta greiðsla nam samtals u. þ. b. 62 000 kr. Af því voru 16 000 kr. afborgun, 24 000 kr. vextir, en rúmlega 23 000 kr. vísitöluálag. Einnig á þessum stað er augljós mikill erfiðleiki með að standa í skilum, enda hafa aðeins komið þar við 7 gistigestir frá því í októbermánuði.

Þannig mætti nefna fjölmörg dæmi um staði, þar sem nauðsynlegt má telja, að gisti- og veitingaaðstaða sé fyrir hendi, en arður af rekstrinum hvergi nærri slíkur, að unnt sé að standa skil á vísitölu- eða gengistryggðum lánum.

Tilgangurinn með þessari þingsályktunartillögu er fyrst og fremst sá að vekja athygli á þessum staðreyndum, mælast til þess, að málið verði athugað án tafar og ráðstafanir gerðar til þess að veita sérstaka fjárhagsaðstoð, þar sem það dæmist rétt vera að undangenginni rannsókn. Lögð er áherzla á, að rannsókninni verði hraðað.

Ed. 498. Frumvarp til laga [17. mál]

um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð.

(Eftir 3. umr. í Nd., 22. marz.)

1. gr.

Sveitarfélögum skal heimilt að stofna til atvinnufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð, sem þau reka ein sem einkaeigendur án hlutdeildar annarra. Skal ábyrgðin þá takmörkuð við stofnfé það, sem lagt er fram til fyrirtækisins, og önnur framlög og ábyrgðir, sem sveitarstjórn kann að ákveða.

2. gr.

Fyrirtækjum sveitarfélaga með takmarkaðri ábyrgð er rétt og skylt að hafa orðin: „Sveitarfélagarekstur með takmarkaðri ábyrgð“ í heiti sínu, eða skammstöfunina: „STÁ“.

3. gr.

Nú er fyrirtæki stofnað skv. lögum þessum, og skal stofnandi þess þá setja því samþykktir, er staðfestar séu af félagsmálaráðherra. Í samþykktum þessum skal greina heiti fyrirtækis og heimilisfang, tilgang þess og upphæð stofnfjár. Þar skulu vera skýr ákvæði um stjórn fyrirtækis og framkvæmdastjóra, valdsvið þeirra og verksvið og hverjir skuldbindi fyrirtækið. Enn fremur skulu vera þar ákvæði um reikningsskil og endurskoðun. Skal hafa hliðsjón af reglum hlutafélagalaga um þessi efni, eftir því sem við á. Ef ráðherra telur, að gallar séu á samþykktum fyrirtækis, skal hann veita stofnanda tækifæri til að bæta úr þeim, en synjar um staðfestingu ella.

4. gr.

Lágmarksstofnfé fyrirtækja þeirra, sem hér um ræðir, skal vera kr. 100 000.00.

5. gr.

Lögreglustjóri skal halda skrá um fyrirtæki þau, sem stofnuð eru skv. lögum þessum. Skal senda honum tilkynningu um stofnun fyrirtækis, er ráðherra hefur staðfest samþykktir þess. Tilkynningin skal síðan birt í Lögbirtingablaði eins og aðrar tilkynningar til félagaskrár. Ráðherra skal setja nánari reglur um, hvað greina skuli í tilkynningum, og láta gera eyðublöð fyrir þær. Breytingar á samþykktum, stjórn og prókúru skal tilkynna og birta eftir sömu reglum og gilda um tilkynningu um stofnun.

6. gr.

Fyrirtæki stofnuð og rekin samkvæmt lögum þessum skulu hlíta skattskyldu eins og félög þau, sem um ræðir í fyrri málslið a-liðar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

7. gr.

Ákvæði VIII. kafla laga um hlutafélög, nr. 77 frá 27. júní 1921, um refsingar o. fl. skulu gilda um brot gegn lögum þessum, eftir því sem við á.

8. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 499. Frumvarp til laga [235. mál]

um breyting á skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964.

Flm.: Lárus Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Geir Gunnarsson, Stefán Gunnlaugsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 34. gr. laganna bætist ný mgr., sem verður 3. mgr., svo hljóðandi:

Þá getur skipulagsstjórn heimilað sveitarstjórn að annast á eigin kostnað tiltekið skipulagsverkefni undir yfirstjórn skipulagsstjórnar. Ráðherra er þá heimilt að láta greiða úr ríkissjóði allt að helmingi kostnaðar sveitarstjórnar við það verkefni, enda hafi skipulagsstjórn staðfest samning sveitarstjórnar við þann aðila, sem verkefnið tekur að sér, þ. á m. kveðið á um hámarksframlag ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram að beiðni stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Ástæðan til þess, að frumvarpið er fram komið, er sú, að skipulagsskyld sveitarfélög hafa í vaxandi mæli óskað þess að fá sjálf að annast gerð skipulags undir yfirstjórn skipulagsstjórnar ríkisins, sem hefur lýst sig hlynnta því fyrirkomulagi, enda teiknistofa skipulagsstjóra mjög fáliðuð.

Sá hængur er á, að í 2. mgr. 34. gr. skipulagslaga er heimild ríkissjóðs til þátttöku í kostnaði við gerð skipulags, þegar þannig stendur á, takmörkuð við helming áfallinna skipulagsgjalda í sveitarfélaginu. Í minni sveitarfélögum getur þessi fjárhæð ekki náð nema hluta af slíkum kostnaði, nema á löngu árabili. Með þessari takmörkun er því ákvæðið um heimild sveitarfélaga til að vinna sjálf að skipulagi gert óvirkt að mestu leyti nema í stærstu sveitarfélögunum, þar sem skipulagsgjaldið nemur umtalsverðum fjárhæðum.

Frumvarpið á ekki að leiða til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð, heldur miða eingöngu að því að veita sveitarstjórnum aukið svigrúm um skipulagsmál og ætti að stuðla að því, að fleiri aðilar en nú er yrðu virkir í þessu þýðingarmikla starfi.

Ed. 500. Frumvarp til laga [236. mál]

um Rannsóknastofnun fiskræktar.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Stefán Jónsson.

1. gr.

Rannsóknastofnun fiskræktar er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir landbúnaðarráðuneytið.

2. gr.

Í stjórn Rannsóknastofnunar fiskræktar skulu vera fimm menn, skipaðir af landbúnaðarráðherra til fjögurra ára í senn, þannig: Veiðimálastjóri, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenzkra veiðiréttareigenda, einn samkvæmt tilnefningu stjórnar Hafrannsóknastofnunarinnar, og skal hann vera líffræðingur, einn samkvæmt tilnefningu sérfræðinga, sem við stofnunina starfa, og einn samkvæmt tilnefningu Félags áhugamanna um fiskeldi og fiskrækt. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður þóknun hennar.

3. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og samþykkir starfsáætlun og fjárhagsáætlun hennar fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal send ráðherra til staðfestingar.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður forstjóra til fjögurra ára í senn. Sé forstjóri ekki endurráðinn, skal honum tiltæk staða deildarstjóra við stofnunina, óski hann þess. Stjórnin ræður, í samráði við forstjóra, sérfræðinga og aðra tæknimenntaða starfsmenn við stofnunina. Forstjóri stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

5. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs. Forstjóri og annað starfslið tekur laun samkvæmt gildandi kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

6. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar fiskræktar skulu vera hvers konar rannsóknir og tilraunir til þess að auka fiskgengd og fiskmagn í íslenzkum vötnum og stuðla að aukinni fiskrækt í landinu. Í því skyni skal stofnunin m. a.:

1) annast rannsóknir á íslenzkum vötnum og sjávarlónum í því skyni að afla sem ýtarlegastra upplýsinga um lífsskilyrði fisks,
2) gera tilraunir til þess að bæta lífsskilyrði í íslenzkum vötnum og sjávarlónum,
3) annast rannsóknir og tilraunir með klak og eldisfisk og fiskræktun í eldisstöðvum,
4) gera tilraunir með eldi og dreifingu á göngufiski,
5) veita fræðslu um meðferð klaks og um fiskeldi, eftir því sem við verður komið.

7. gr.

Klak- og eldisstöðvar ríkisins skulu vera í umsjón og rekstri stofnunarinnar.

8. gr.

Klak- og eldisstöðvum ríkisins er heimilt, að fengnu leyfi ráðherra, að afla stofnfisks til klaks í hvaða veiðivatni sem er, enda séu svo mörg seiði sett í vatn í staðinn, að því sé, að dómi veiðimálastjóra, að fullu bættur skaðinn.

9. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru sem hér segir:

1) Fé, sem veitt er til starfseminnar á fjárlögum.
2) Tekjur af sölu seiða úr klak- og eldisstöðvum, sem stofnunin rekur, þó fyrst og fremst í rannsóknaskyni.
3) Tekjur af sölu veiðikorta, en um þau skulu gilda eftirgreindar reglur:
   Sérhver einstaklingur, sem kaupir leyfi til veiða í íslenzku vatni, skal áður hafa keypt veiðikort, sem gildir fyrir veiðitímann. Fyrir veiðikort skal greiða sem hér segir:
   a. Íslenzkur ríkisborgari greiðir kr. 100.00 fyrir veiðikort, sem veitir heimild til veiði á silungi, en kr. 500.00 fyrir heimild til laxveiði.
   b. Erlendur ríkisborgari greiðir kr. 500.00 fyrir veiðikort, sem veitir heimild til veiði á silungi, en kr. 5000.00 fyrir heimild til laxveiði.

10. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi þau ákvæði laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi.

11. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur mjög aukizt skilningur manna á mikilvægi fiskeldis og fiskræktar, bæði sem atvinnugreinar og til þess að auka verulega veiði í ám og vötnum landsins. Hefur komið fram greinilegur skilningur löggjafans á nauðsyn þess að skipuleggja þessi mál með ýtarlegum lögum um lax- og silungsveiði, sem síðast voru endurskoðuð á Alþingi árið 1970.

Í lax- og silungsveiðilöggjöfinni eru ýtarleg ákvæði um veiðirétt, skrásetningu veiðivatna, merkingu veiðarfæra og veiðiskýrslur, um friðun göngusilungs og vatnasilungs, um veiðitæki og veiðiaðferðir, um fiskvegi og aðrar mannvirkjagerðir í veiðivötnum, veiðifélög, um fiskeldi, um stjórn veiðimála og eftirlit, um fiskræktarsjóð og styrkveitingar til fiskræktar, skaðabætur, refsiákvæði og réttarfar o. fl. Hins vegar eru í lögum þessum hvergi nærri tæmandi ákvæði um nauðsynlega rannsóknastarfsemi og tilraunir á þessu sviði. Þessi mikli lagabálkur fjallar með öðrum orðum fyrst og fremst um lagaleg réttindi og skyldur veiðiréttareigenda og takmarkanir, sem löggjafanum hefur þótt nauðsynlegt að setja í þessu sambandi. Framkvæmd laganna og eftirlit er fyrst og fremst í höndum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar.

Það litla, sem í fyrrgreindum lögum er fjallað um rannsóknastarfsemi, er ofið inn í þennan mikla lagabálk á þann máta, að sem algjört aukaatriði verður. Eins og eðlilegt er, hafa orðið miklar deilur um framkvæmd lax- og silungsveiðilaganna, enda snerta þau hagsmuni fjölmargra. Sá styr, sem um þau stendur og að öllum líkindum mun um þau standa, er að dómi flutningsmanna þessa frumvarps afar óæskilegur fyrir þá rannsóknastarfsemi, sem veiðimálastjóra er jafnframt falið að hafa yfirumsjón með. Rannsóknastarfsemin þarf að vera óháð slíkum hagsmunaátökum.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er því tvíþættur: annars vegar að gera rannsóknastarfsemina sjálfstæða og óháða deilum um framkvæmd laga um lax- og silungsveiði og hins vegar að efla rannsóknastarfsemina verulega.

Það er á allra vitorði, að stórauka má fiskgengd og fiskmagn í íslenzkum vötnum. Hefur þegar mikið áunnizt á því sviði. Hins vegar eru rannsóknaverkefnin, sem á engan máta hefur verið unnt að sinna, fjölþætt og mikil. Enn hafa litlar sem engar rannsóknir verið gerðar á lífsskilyrðum fisks í íslenzkum vötnum, en að sjálfsögðu verða slíkar athuganir að skapa þann grundvöll, sem nauðsynlegur er fyrir fiskeldi í náttúrlegum vötnum landsins. Því síður hafa verið gerðar tilraunir með að endurbæta slík lífsskilyrði. Afar litlar rannsóknir og tilraunir hafa verið gerðar með ræktun á sem beztum lax- og silungsstofni, og þannig mætti lengi telja verkefnin.

Með þessu er ekki verið að vanmeta það, sem gert hefur verið. Til dæmis hafa merkingar mjög færzt í vöxt og þannig verið aflað athyglisverðra upplýsinga. Sömuleiðis hefur mikið áunnizt með rekstri klak- og eldisstöðvar ríkisins í Kollafirði. Staðreyndin er þó sú, að rekstur þeirrar stöðvar hefur um of einkennzt af öflun tekna til þess að standa undir gífurlegum stofnkostnaði, fremur en af óháðri rannsóknastarfsemi. Á þessu þarf að verða breyting. Stofnkostnað stöðvarinnar verður að afskrifa í eitt skipti fyrir öll, og stöðina ber að starfrækja með rannsóknir og tilraunir að markmiði og ekkert annað.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir stofnun, sem sé með svipuðu sniði og aðrar rannsóknastofnanir hins opinbera í þágu atvinnuveganna. Gert er ráð fyrir því, að stofnunin heyri undir landbúnaðarráðuneytið, enda er í þessu sambandi mjög um hagsmuni bænda að ræða og framkvæmd lax- og silungsveiðilöggjafarinnar er í höndum þess.

Leitazt er við að fá í stjórn stofnunarinnar menn tilnefnda af þeim aðilum, sem hagsmuna eiga að gæta eða ætla má að geti lagt fram mikilvæga þekkingu og reynslu. Sérstaklega er lögð áherzla á, að veiðimálastjóri sitji í stjórn stofnunarinnar.

Gert er ráð fyrir því, að forstjóri sé ráðinn af stjórn stofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Er með þessu farið út á nokkuð nýja braut. Það er skoðun flutningsmanna, að fastráðning í slíka stöðu sé vafasöm og leiði iðulega til stöðnunar. Hins vegar er að sjálfsögðu frjálst að endurráða forstjóra, og rétt er að tryggja forstjóra t. d. deildarstjórastöðu við stofnunina, sé hann ekki endurráðinn og óski hann þess.

Sjálfsagt þykir, að stofnunin taki við rekstri klak- og eldisstöðvar ríkisins í Kollafirði og annarra slíkra stöðva, sem ríkið kemur á fót. Þær eiga að vera grundvöllurinn að þeirri rannsóknastarfsemi á sviði klaks og fiskeldis, sem efla verður stórlega á næstu árum.

Verkefni stofnunarinnar eru talin hver þau, sem stuðla að aukinni þekkingu á sviði klaks, fiskeldis og fiskræktar almennt. Ekki er talið nauðsynlegt að telja þau upp í einstökum atriðum, enda víðtæk og margþætt.

Í þessu sambandi verður aldrei lögð of rík áherzla á, að rannsóknastofnunin sé óháð öllu eftirliti með framkvæmd laga um lax- og silungsveiði.

Flutningsmenn hafa talið rétt að takmarka verksvið stofnunarinnar við lax og silung. Það svið er vel þekkt og þróað. Hins vegar var ekki talið fært að fela stofnuninni rannsóknir á eldi á sjávarfiskum í sjó. Það svið er enn mjög á byrjunarstigi og er meðal verkefna Hafrannsóknastofnunarinnar, þar sem það á vel heima. Hins vegar er gott samstarf á milli þessara stofnana sjálfsagt, og er í því skyni lagt til, að Hafrannsóknastofnunin tilnefni mann í stjórn Rannsóknastofnunar fiskræktar.

Í sambandi við tekjur stofnunarinnar er að einu leyti farið inn á nýja braut. Gert er ráð fyrir því, að tekin verði upp sala á veiðikortum og sé hverjum veiðimanni skylt að hafa undir höndum slíkt kort, ef hann hyggst kaupa veiðileyfi í íslenzkum vötnum. Er þar fylgt algengu fordæmi erlendis. Eðlilegt þykir, að gjald fyrir veiðikort sé verulega hærra fyrir erlenda ríkisborgara en íslenzka. Er í þessu sambandi fylgt algengri reglu erlendis, t. d. í Bandaríkjunum, enda er slíkt rökrétt og eðlilegt, þegar þess er gætt, að íslenzkir ríkisborgarar hafa þegar greitt kostnað við fjölmargar framkvæmdir tengdar veiðimálum, eins og t. d. framkvæmd lax- og silungsveiðilöggjafarinnar, rekstur klak- og eldisstöðvarinnar í Kollafirði, svo að

ekki séu taldar almennar framkvæmdir í landinu, eins og vegagerð, rafvæðing, lagning síma og fjölmargt fleira, sem allt stuðlar að því að gera veiðivötnin nothæf. Þessa njóta erlendir ríkisborgarar ekki síður en innlendir. Er því full ástæða til þess að skattleggja þá lítillega umfram innlenda.

Lauslega er áætlað, að tekjur af sölu veiðikorta geti numið um 5—6 millj. kr.

Ef frv. þetta verður að lögum, er nauðsynlegt að breyta ýmsum ákvæðum lax- og silungsveiðilöggjafarinnar, eins og t. d. að fella niður 63. gr. þeirra laga, 64. gr., b-lið 87. gr. og ef til vill að breyta fleiri atriðum við nánari athugun. Mikilvægast er þó, að framkvæmd lax- og silungsveiðilöggjafarinnar og þessara laga, ef frv. verður samþykkt, verði vel samræmd. Er þess vænzt, að svo verði með sameiginlegri yfirstjórn í landbúnaðarráðuneyti.

Mörgum er nú orðið ljóst, að fiskeldi og fiskrækt geta orðið einn af meginatvinnuvegum þessarar þjóða. Við Íslendingar erum svo lánsamir að eiga gnægð af góðu og hreinu vatni, bæði stöðuvötn á fjöllum og í byggð og fallvötn, þar sem eru víða hin ágætustu skilyrði til fiskeldis. Við eigum einnig mjög góða aðstöðu til rekstrar fiskeldisstöðva, bæði með köldu og volgu vatni. Þessi atvinnuvegur allur er enn þá á frumstigi. Tilgangurinn með þessu frv. er að skapa þann grundvöll með rannsóknum og tilraunum, sem nauðsynlegur er, til þess að efla megi verulega þessa atvinnugrein.

Sþ. 501. Nefndarálit [12. mál]

um till. til þál. um samgöngumál Vestmanneyinga.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur haft til athugunar tillögu til þingsályktunar á þskj. 12 um samgöngumál Vestmanneyinga.

Var tillagan send til umsagnar Skipaútgerðar ríkisins og flugmálastjórnar.

Umsagnir hafa borizt frá báðum aðilum.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að þáltill. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist þannig:

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa 5 manna nefnd, er gera skal tillögu um það, með hverjum hætti samgöngur við Vestmannaeyjar verði bezt tryggðar. Skulu tveir nefndarmenn tilnefndir af bæjarstjórn Vestmannaeyja, einn af Skipaútgerð ríkisins, einn af flugmálastjórn og einn af samgönguráðuneytinu, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Einn nefndarmanna (KP) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 23. marz 1972.

Geir Gunnarsson, form. Ingvar Gíslason, fundaskr. Ágúst Þorvaldsson, frsm.

Ásberg Sigurðsson. Jón Árm. Héðinsson. Kristján Ingólfsson.

Steinþór Gestsson. Jón Árnason.

Ed. 502. Lög [41. mál]

um breyting á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz.)

Samhljóða þskj. 42.

Ed. 503. Frumvarp til laga [237. mál]

um lögreglumenn.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Ríkið heldur uppi starfsemi lögregluliðs, sem hefur það verkefni að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, stemma stigu við lögbrotum og vinna að uppljóstrun brota, sem framin eru, samkvæmt því, sem nánar greinir í V. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 82/1961.

2. gr.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn lögreglunnar, en lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi.

Sýslumenn eru lögreglustjórar í sýslum og bæjarfógetar í kaupstöðum. Þar sem sérstakir lögreglustjórar eru skipaðir, fara þeir með lögreglustjórn í umdæmi sínu.

Ráðherra getur ákveðið, að hluti lögregluliðs skuli gegna lögreglustörfum hvar sem er á landinu. Hann setur reglur um störf þess lögregluliðs og hvernig stjórn þess skuli háttað.

3. gr.

Ráðherra ákveður tölu lögreglumanna í hverju umdæmi, að fengnum tillögum hlutaðeigandi lögreglustjóra.

Ráðherra setur reglur um störf og starfssvið lögreglumanna og skipar þá í störf sín. Hann getur og sett reglur um starfsstig innan lögregluliðs.

Ekki má skipa í fast lögreglumannsstarf, nema fé hafi verið veitt til þess í fjárlögum, bæði að því er varðar tölu lögreglumanna og starfsstig.

Þegar sérstaklega stendur á og ráðherra telur nauðsynlegt, öryggis vegna, að lögreglulið sé aukið umfram hið fasta lögreglulið, getur hann bætt við varalögreglumönnum um afmarkaðan tíma. Varalögreglumenn fá laun úr ríkissjóði eftir reglum, sem ráðherra setur.

Á stöðum, þar sem þörf er á löggæzlu vegna sérstakra aðstæðna, svo sem á vertíðum, má ráða lögreglumenn til starfa, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum.

4. gr.

Skipshafnir varðskipanna og tollverðir teljast til lögreglumanna ríkisins. Tollverðir, sem voru í starfi fyrir gildistöku laga nr. 56/1963, verða þó ekki kvaddir til lögreglustarfa gegn vilja sínum.

Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri.

Heimilt er dómsmálaráðherra að ákveða, með samkomulagi við fjármálaráðherra, að lögreglumenn skuli gegna tollgæzlustörfum jafnframt öðrum löggæzlu-

störfum, eftir nánari fyrirmælum lögreglustjóra og eftir reglum, sem settar eru í samráði við tollgæzlustjóra. Þar sem slík starfstilhögun er ákveðin, skal þess getið við auglýsingu á lögreglumannsstarfi.

5. gr.

Lögreglumenn, hvort sem eru í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru opinberir starfsmenn og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn, er gegna borgaralegri skyldu. Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni lögreglustörfum. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum, og skal með mál út af brotum þessum fara að hætti opinberra mála.

Lögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

6. gr.

Ef sérstaklega stendur á, getur ráðherra mælt svo fyrir, að lögreglulið skuli gegna löggæzlustörfum utan umdæmis síns, og ákveður þá jafnframt, hver skuli fara með stjórn þess.

Gæta skal þess þó jafnan, að hægt sé að halda uppi löggæzlu á þeim stað, sem lið er flutt frá.

7. gr.

Að fengnum tillögum sýslunefndar er ráðherra heimilt að ákveða, að í lögsagnarumdæmi skuli vera starfandi 2—8 héraðslögreglumenn.

Hlutverk héraðslögreglumanna er að gegna almennum löggæzlustörfum, þegar á þarf að halda, þar á meðal að halda uppi reglu á mannfundum og skemmtunum.

Ráðherra setur reglur um störf héraðslögreglumanna og um greiðslu kostnaðar vegna þeirra.

Lögreglustjóri getur heimilað héraðslögreglumönnum að taka sér aðstoðarmenn til þess að halda uppi reglu á skemmtistöðum.

8. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að binda skemmtanaleyfi því skilyrði, að lögreglumenn verði á skemmtistað, og skal þá leyfishafi greiða kostnað af þeirri löggæzlu, samkvæmt reglum, sem ráðherra setur.

Enn fremur má í slíkum reglum kveða á um greiðslu kostnaðar af gæzlustörfum vegna framkvæmda á almannafæri, þar sem lögreglustjóri telur nauðsynlegt að fyrirskipa slíka löggæzlu.

9. gr.

Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfræktur lögregluskóli, er veiti lögreglumönnum undirstöðumenntun í lögreglufræðum. Skal að jafnaði eigi skipa aðra í lögregluþjónsstöðu en þá, er staðizt hafa próf í skólanum. Framhaldsnámskeið skulu haldin svo oft sem aðstæður leyfa. Heimilt er og að efna til lögreglunámskeiða utan Reykjavíkur.

Ráðherra setur reglugerð um námstilhögun í lögregluskólanum og prófkröfur.

10. gr.

Lögreglumenn má ekki nota til að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar eins og annars staðar uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

11. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Hann ákveður, hver skuli vera einkenni og búnaður lögreglumanna, og setur reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

12. gr.

Greiða skal úr ríkissjóði kostnað við framkvæmd laga þessara, sem ekki er samkvæmt lögunum greiddur af öðrum aðilum.

13. gr.

Frá 1. janúar 1972 greiðist kostnaður við starfsemi lögreglunnar, sem áður var greiddur af sveitar- eða sýslufélögum, úr ríkissjóði. Þó skulu sveitar- eða sýslufélögin annast greiðslu kostnaðar, svo sem verið hefur, gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði, til þess tíma er ákveðið verður, með samkomulagi aðila, að kostnaðargreiðslur færist til ríkissjóðs og umboðsmanna hans.

Lögreglumenn, sem verið hafa í þjónustu sveitar- eða sýslufélags, eiga kost á því til ársloka 1973 að gerast starfsmenn ríkisins með þeim réttindum og skyldum, sem því fylgja. Lögreglumaður, sem ekki kýs þessa leið, skal teljast vera áfram starfsmaður sveitar- eða sýslufélagsins með kjörum skv. gildandi kjarasamningi óbreyttum til loka gildistíma hans.

Sveitar- eða sýslufélagi er óheimilt að gera breytingar á þeim samningi eða gera sérsamninga við lögreglumenn, enda fer um almennar breytingar á þeim kjarasamningum eftir reglum um kjarasamninga ríkisstarfsmanna.

Um mál þeirra lögreglumanna, sem ekki kjósa að gerast ríkisstarfsmenn fyrir 31. desember 1973, þegar gildistíma núgildandi kjarasamnings þeirra lýkur, skal farið eftir almennum reglum um niðurlagningu stöðu í 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

14. gr.

Ríkið tekur við, án sérstakrar greiðslu, þeim tækjum og búnaði, sem sveitar- eða sýslufélag hefur lagt lögreglunni til.

Ríkið tekur við húsnæði, sem ríki og sveitar- eða sýslufélög hafa stofnað til sameiginlega, án greiðslu fyrir viðtöku þess, en sveitar- eða sýslufélög halda eignarhluta sínum í því. Ef afnotum í þágu lögreglunnar lýkur, ráðstafa eignaraðilar sameiginlega slíkum fasteignum.

Ríkið tekur við fullnustu leigusamninga, sem sveitar- eða sýslufélög hafa gert í þágu lögreglunnar. Um aðrar óloknar skuldbindingar sveitar- eða sýslufélags vegna ráðstafana í þágu lögreglunnar fer eftir samkomulagi aðila og má leggja ágreining undir mat dómkvaddra manna.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 56 20. apríl 1963, um lögreglumenn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í tengslum við athugun á skiptingu tekjustofna milli ríkisins og sveitarfélaganna hefur, í viðræðum milli fulltrúa þessara aðila, verið um það rætt að rétt væri, að ríkið bæri allan kostnað af almennri löggæzlu í landinu. Komizt var að niðurstöðu um þetta efni áður en fjárlög ársins 1972 voru afgreidd á Alþingi í desember 1971, og var í þeim tekin upp fjárveiting til löggæzlu, sem við það var miðuð, að kostnaður af henni yrði allur greiddur úr ríkissjóði á árinu 1972. Samfara þessari tilfærslu löggæzlukostnaðar er nauðsynlegt að breyta lögum um lögreglumenn, en lögreglumennirnir eru samkvæmt gildandi lögum flestir starfsmenn sveitarfélaga, þótt embættismenn ríkisins, lögreglustjórarnir, stýri störfum þeirra, en þeir lúta aftur yfirstjórn ráðherra. Þar sem þær breytingar, sem eðlilegt er að gerðar verði á lögunum, snerta flestar greinar gildandi lögreglumannalaga, hefur þótt rétt að semja lögin að nýju í heild.

Verður gerð grein fyrir breytingum frá gildandi lögum í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru almenn ákvæði um verkefni lögregluliðs, en samsvarandi ákvæði eru ekki í núgildandi lögum um lögreglumenn. Er eðlilegast að slík almenn ákvæði séu í þessum lögum, en ekki einvörðungu í lögum um meðferð opinberra mála, sem einnig er vísað til í greininni.

Um 2. gr.

Hér eru markaðar reglur um yfirstjórn lögreglunnar með skýrari hætti en í gildandi lögum, en í núgildandi lögum um lögreglumenn eru engin ákvæði um það efni, og aðeins að nokkru leyti í lögum um meðferð opinberra mála. Þau ákvæði sýnast fyrst og fremst eiga heima í þessum lögum. Í 3. málsgr. er heimild fyrir ráðherra til þess að setja reglur, sem ákveða, að hluti lögregluliðs skuli gegna störfum hvar sem er á landinu, svo og um verkefni og stjórn þess liðs.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um þau atriði, sem fjallað er um í fyrstu fjórum greinum gildandi laga um lögreglumenn, með þeim breytingum, fyrst og fremst, sem fylgja því, að ríkið tekur við rekstri lögreglustarfseminnar af sveitarfélögunum. Þar sem ákvörðunartaka um málefni lögreglunnar kemur samkvæmt hinni fyrirhuguðu breytingu í hendur ráðherra og fjárveitingavalds Alþingis, er eðlilegast að binda ákvæði um fjölda lögreglumanna ekki við fast markaðar tölur, heldur fyrst og fremst við ákvörðun ráðherra og samþykki fjárveitingavaldsins.

Um 4. gr.

Í þessari grein felast, efnislega óbreyttar, reglur 5. greinar gildandi laga um lögreglumenn.

Um 5. gr.

Óbreytt 6. gr. gildandi laga.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar svara til ákvæða síðari málsliðar 1. málsgreinar 7. greinar og 3. málsgreinar sömu greinar gildandi laga um lögreglumenn, en breytingar frá gildandi 7. gr. eru fyrst og fremst afleiðing þess, að ríkið á nú að greiða allan kostnað af störfum lögreglumanna, og ráðstafar jafnframt störfum þeirra að fullu.

Um 7. gr.

Í þessari grein er að finna, að mestu óbreyttar í öðrum efnum en varðar kostnaðarþátttöku úr héraði, ákvæði 8. gr. gildandi laga um lögreglumenn. Ákvæði þessi fjalla um héraðslögreglumenn, sem fyrst og fremst hafa starfað að löggæzlu á samkomum, en hafa þó sinnt fleiri verkefnum í einstökum umdæmum. Þörf væri á að móta skýrari reglur um störf þessara lögreglumanna, sem segja má að hafi þá almennu sérstöðu, að þeir gegna lögreglumannsstarfi sem aukastarfi. Væntanlega er að mestu hægt að setja slíkar reglur með reglugerð, samkvæmt heimild í þessari grein, enda ekki nú fyrir hendi mótaðar hugmyndir um þær reglur, sem rétt þætti að hafa í lagagreininni fremur en í reglugerð.

Um 8. gr.

Tíðkazt hefur um langt skeið við tilkvaðningu lögreglumanna til gæzlustarfa vegna sérstakrar þarfar, í sambandi við atvinnustarfsemi eða skemmtanir einstakra aðila, að lögreglustjórar hafa gert sérstaka kröfu um að lögregla sé tilkvödd, og að þá sé jafnframt hlutaðeigandi aðilum gert að greiða kostnað af störfum löggæzlumanna, sbr. um skilyrði fyrir skemmtanaleyfi ákvæði í 4. málsgr. 8. greinar gildandi laga um lögreglumenn. Rétt þykir að marka þessa heimild lögreglustjóranna skýrar en gert er í gildandi lögum.

Um 9.—11. gr.

Óbreyttar 9.—11. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

Efnislega samsvarandi ákvæðum 12. gr. gildandi laga sbr. einnig ákvæði 8. gr. frumvarpsins.

Um 13. og 14. gr.

Segja má, að ákvæði þessara greina séu að innihaldi til að mestu „gildistöku-ákvæði", sem tíðkanlegra er að hafa í bráðabirgðaákvæðum aðgreint frá efni og greinatölu lagatexta. Hér þykir þó réttara að hafa á þeim þetta form, þar sem ýmsum atriðum ákvæðanna er ætlað að hafa gildisverkanir um óákveðinn tíma, í og með langt árabil.

Í 13. gr. er fjallað um viðtöku ríkisins á kostnaðargreiðslunni og greiðslufram-kvæmd svo og um tilfærslu lögreglumanna, úr þjónustu sveitar- (og sýslu-) félaga í ríkisþjónustu, svo og ýmis atriði sem þeirri breytingu eru samfara. Um réttindi lögreglumanna til inngöngu í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og flutning á lífeyrissjóðsréttindum þarf ekki sérstök ákvæði, þar sem almenn lagaákvæði eiga við, til úrlausnar í því efni.

Í 14. gr. er fjallað um viðtöku ríkisins á þeim tækjum og búnaði sem aflað hefur verið til lögreglunnar. Sýnist ekki eðlilegt að til greiðslu komi af ríkisins hálfu vegna þeirrar viðtöku. Sama á við um viðtöku ríkisins á afnotum af þeim fasteignum, sem ríki og sveitarfélög hafa sameiginlega lagt lögreglunni til. Meðan slíkt húsnæði er áfram notað til þeirra þarfa, sem það var ætlað til, sýnist ekki rétt að greiðslur komi fyrir afnotin, þótt eignaraðild haldist hjá báðum.

Nd. 504. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.
Þrír nefndarmanna, KP, MÁM og GÞG, voru fjarstaddir.

Alþingi, 24. marz 1972.

Kristján Ingólfsson, form.	Karl G. Sigurbergsson, fundaskr.	Ásberg Sigurðsson, frsm.
	Tómas Karlsson.	

Nd. 505. Frumvarp til höfundalaga. [238. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

I. KAFLI
Réttindi höfunda o. fl.

1. gr.

Höfundur að bókmenntaverki eða listaverki á eignarrétt á því með þeim takmörkunum, sem í lögum þessum greinir.

Til bókmennta og lista teljast samið mál í ræðu og riti, leiksviðsverk, tónsmíðar, myndlist, byggingarlist, kvikmyndir, ljósmyndalist, nytjalist og aðrar samsvarandi listgreinar, á hvern hátt og í hverju formi sem verkið birtist.

Uppdrættir, teikningar, mótanir, líkön og önnur þess háttar gögn, sem fræðslu veita um málefni eða skýra þau, njóta verndar með sama hætti og bókmenntaverk.

2. gr.

Það er eintakagerð, þegar hugverk (bókmenntaverk eða listaverk) er tengt hlutum, einum eða fleiri.

Verk telst gefið út, þegar eintök af því eru með réttri heimild og í álitsverðum fjölda boðin opinberlega til sölu, láns eða leigu eða þeim er dreift til almennings með öðrum hætti. Nú er vernd verks háð því, að það hafi fyrst verið gefið út hér á landi, og telst því skilyrði þá fullnægt, ef það er gefið hér út innan 30 daga frá því, að það kom fyrst út erlendis.

Verk telst birt, þegar það er með réttri heimild flutt eða sýnt opinberlega eða eintök af því hafa verið gefin út, eins og segir í 2. málsgr.

Það telst sjálfstæð opinber birting, þegar útvarpsflutningi á tónlist eða bókmenntaverki er dreift til almennings með hátalara eða á annan hátt.

Nú er verk flutt eða sýnt á atvinnustöðvum, þar sem 10 menn vinna eða fleiri, og telst það þá opinber birting.

Þegar rætt er í lögum þessum um flutning verks eða birtingu í útvarpi, nær það bæði til hljóðvarps og sjónvarps, nema annars sé getið.

3. gr.

Höfundur hefur einkarétt til að gera eintök af verki sínu og til að birta það í upphaflegri mynd eða breyttri, í þýðingu og öðrum aðlögunum.

4. gr.

Skylt er, eftir því sem við getur átt, að geta nafns höfundar bæði á eintökum verks og þegar það er birt.

Óheimilt er að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni.

Ógilt er afsal höfundar á rétti samkvæmt þessari grein, nema um einstök tilvik sé að ræða, sem skýrt eru tilgreind bæði um tegund og efni.

5. gr.

Sá, sem þýðir verk, aðhæfir það tiltekinni notkun, breytir því úr einni grein bókmennta eða lista í aðra eða framkvæmir aðrar aðlaganir á því, hefur höfundarétt að verkinu í hinni breyttu mynd þess. Ekki raskar réttur hans höfundarétti að frumverkinu.

Nú hefur verk verið notað sem fyrirmynd eða með öðrum hætti við gerð annars verks, sem telja má nýtt og sjálfstætt, og er þá hið nýja verk óháð höfundarétti að hinu eldra.

6. gr.

Þegar verk eða hlutar af verkum höfunda, eins eða fleiri, eru tekin upp í safnverk, sem í sjálfu sér má telja til bókmennta eða lista, hefur sá, sem safnverkið gerði, höfundarétt að því. Ekki raskar réttur hans höfundarétti að þeim verkum, sem í safnverkið eru tekin.

Ákvæði 1. málsgr. taka ekki til blaða og tímarita, sbr. 40. gr.

7. gr.

Nú eru tveir menn eða fleiri höfundar að sama verki, og framlög þeirra verða ekki aðgreind hvert frá öðru sem sjálfstæð verk, og eiga þeir þá saman höfundarétt að verkinu.

8. gr.

Höfundur verks telst sá, unz annað reynist, sem nafngreindur er á eintökum þess með venjulegum hætti eða lýstur er höfundur, þegar verk er birt. Gildir þetta einnig um höfunda, sem nota gervinöfn eða merki, þegar almennt er vitað, hver þar felst að baki. Framangreindum ákvæðum skal einnig beita um framleiðanda kvikmyndaverks.

Nú er verk gefið út, án þess að höfundar þess sé getið samkvæmt 1. málsgr., og kemur útgefandi þá fram fyrir hönd hans, unz nafn hans er birt á nýrri útgáfu eða með tilkynningu til menntamálaráðherra.

9. gr.

Lög, reglugerðir, fyrirmæli stjórnvalda, dómar og önnur áþekk gögn, sem gerð eru af opinberri hálfu, njóta ekki verndar eftir lögum þessum, og ekki heldur opinberar þýðingar á slíkum gögnum.

10. gr.

Mynztur njóta verndar sem nytjalist, enda fullnægi þau skilyrðum um notagildi og listræn einkenni.

II. KAFLI

Takmarkanir á höfundarétti.

11. gr.

Heimilt er að gera eintök af birtu verki til einkanota eingöngu. Enginn má þó gera eða láta gera fleiri en þrjú slík eintök til notkunar í atvinnu sinni.

Ákvæði 1. málsgr. veita ekki rétt til mannvirkjagerðar eftir verki, sem verndar nýtur eftir reglum um byggingarlist, og ekki heldur til eftirgerðar á verkum, sem verndar njóta eftir reglum um höggmyndalist, nytjalist eða dráttlist, ef leitað er til hennar aðstoðar annarra manna.

12. gr.

Ákveða má í reglugerð, að tilgreindum opinberum bókasöfnum, skjalasöfnum og vísinda- og rannsóknastofnunum sé heimilt að ljósmynda verk til sjálfs sín nota. Greina skal skilyrði fyrir heimildinni, þar á meðal um umráð eintakanna og varðveizlu. Ekki má lána þau né afhenda út fyrir stofnunina.

13. gr.

Nú nýtur mannvirki verndar eftir reglum um byggingarlist, og er eiganda þó allt að einu heimilt að breyta því án samþykkis höfundar, að því leyti sem það verður talið nauðsynlegt vegna afnota þess eða af tæknilegum ástæðum.

Heimilt er án samþykkis höfundar að breyta munum, sem verndar njóta eftir reglum um nytjalist.

14. gr.

Heimil er tilvitnun í birt bókmenntaverk, þar á meðal leiksviðsverk, svo og birt kvikmyndaverk og tónverk, ef hún er gerð í sambandi við gagnrýni, vísindi, almenna kynningu eða í öðrum viðurkenndum tilgangi, enda sé hún gerð innan hæfilegra marka og rétt með efni farið.

Með sömu skilyrðum er heimilt að birta myndir og teikningar af birtum listaverkum og gögnum, sem getið er í 3. málsgr. 1. gr.

Nú eru birtar myndir eða teikningar af tveimur verkum eða fleiri hins sama höfundar í sambandi við meginmál, sem lýtur að almennri kynningu, og á hann þá rétt til þóknunar.

15. gr.

Taka má upp í blöð eða tímarit og flytja í útvarpi dægurgreinar um hagfræðileg efni, stjórnmál eða trúmál úr blöðum eða tímaritum svo og útvarpsefni af sama tagi, nema þess sé getið við greinarnar eða í útvarpssendingu, að slík endurbirting sé bönnuð. Jafnan skal heimildar getið við slíka endurbirtingu.

Heimilt er að birta í blöðum, tímaritum, sjónvarpi og kvikmyndum myndir eða teikningar af birtum listaverkum í sambandi við frásögn af dægurviðburðum. Þetta nær þó ekki til verka, sem gerð eru í þeim tilgangi að birta þau með framangreindum hætti.

Þegar flutningur eða sýning verks er þáttur í dægurviðburði, sem kynntur er almenningi í útvarpi eða kvikmynd, er heimilt að láta einstaka þætti úr verkinu fylgja með í sýningu viðburðarins eða frásögn af honum.

16. gr.

Heimilt er að taka og birta myndir af byggingum, svo og listaverkum, sem staðsett hafa verið varanlega utanhúss á almannafæri. Nú er bygging, sem nýtur verndar eftir reglum um byggingarlist, eða slíkt listaverk, sem áður greinir, aðalatriði myndar, sem hagnýtt er til markaðssölu, og á höfundur þá rétt til þóknunar, nema um blaðamyndir eða sjónvarpsmyndir sé að ræða.

17. gr.

Heimilt er að birta í safnverkum, sem tekin eru saman úr verkum margra höfunda og ætluð til notkunar við guðsþjónustu, skólakennslu eða útvarpskennslu:

1. Einstök bókmenntaverk eða tónverk, ef smá eru að vöxtum, og kafla úr stærri verkum, þegar liðin eru 5 ár frá næstu áramótum eftir útgáfu þeirra.
2. Myndir eða teikningar af listaverkum eða gögnum, sem getið er í 3. málsgr. 1. gr., í tengslum við meginmál samkvæmt 1. tölul., enda séu 5 ár liðin frá næstu áramótum, eftir að verkið var birt.

Verk, sem samin hafa verið til notkunar við skólakennslu, má þó ekki án samþykkis höfundar taka að neinu leyti upp í safnverk, sem gefið er út í sama skyni.

Þegar verk eða hluti af verki höfundar er birt í safnverki samkvæmt þessari grein, á hann rétt til þóknunar.

18. gr.

Fræðslumálastjórninni er heimilt að láta fara fram innan opinberra skóla upptöku birtra verka á hljóðrit til bráðabirgðanotkunar við kennslu. Ekki má nota hljóðritin í öðru skyni.

Ákvæði 1. málsgr. veitir ekki rétt til beinnar upptöku eftir hljómplötum eða öðrum hljóðritum, sem framleidd eru til markaðssölu.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar, þar á meðal um notkun og varðveizlu umræddra bráðabirgðahljóðrita.

19. gr.

Heimilt er að prenta og gefa út með blindraletri bókmenntaverk og tónverk, sem út hafa verið gefin. Einnig má ljósmynda þau til notkunar í heyrnar- og málleysingjaskólum.

20. gr.

Þegar lög eru sungin opinberlega á hljómleikum, er heimilt að nota sem texta einstök kvæði eða kafla úr stærri verkum, sem út hafa verið gefin. Má þá einnig prenta textann á söngskrá án nótna til afnota fyrir áheyrendur.

Höfundur á rétt til þóknunar fyrir afnot samkvæmt þessari grein.

21. gr.

Opinber flutningur bókmenntaverks eða tónverks, sem út hefur verið gefið og ekki er leiksviðsverk, er heimill, eins og hér segir:

1. Við fræðslustarfsemi. Höfundi ber þóknun, ef greitt er sérstaklega fyrir flutninginn.
2. Á samkomum, sem stofnað er til í góðgerðaskyni, til almenns mannfagnaðar, til kynningar á menntum og menningu eða til styrktar málefnum, sem að öðru leyti miða að almannaheill, enda komi ekki þóknun fyrir flutninginn.
3. Á mannfundum, sem ekki er stofnað til í atvinnuskyni eða ávinnings, svo sem á samkomum skóla eða félaga og við önnur svipuð tækifæri, enda sé ekki greitt fyrir flutninginn og aðgöngueyrir ekki hærri en svarar beinum kostnaði.
4. Við guðsþjónustu og aðrar kirkjulegar embættisathafnir. Höfundur á rétt til þóknunar samkvæmt þessum tölulið eftir reglum, sem menntamálaráðherra setur.

22. gr.

Heimil er prentun, upptaka á hljóðrit og önnur eintakagerð og birting á umræðum, sem fram fara í heyranda hljóði á opinberum fulltrúasamkomum, og á gögnum, sem þar eru lögð fram opinberlega og starfsemi þeirra varða. Sama gildir um dómþing, sem háð eru fyrir opnum dyrum, nema dómstóll leggi bann við birtingu tiltekinna gagna.

Ákvæði 1. málsgr. ná einnig til umræðna um málefni, sem varða almenna hagsmuni og fram fara á samkomum, sem almenningur á aðgang að, eða í útvarpi.

Höfundur hefur einkarétt til að gefa út safn af sjálfs sín framlagi til umræðna, sem getur í 1. og 2. málsgr., og af gögnum, sem hann hefur lagt þar fram.

23. gr.

Nú hefur stéttarfélag eða stéttarsamband höfunda fengið almenna aðild eða umboð um flutningsrétt á bókmenntaverkum eða tónverkum eða sérstökum greinum þeirra og menntamálaráðherra sett reglur um það efni, og skal þá heimilt án sérstaks leyfis höfundar hverju sinni að flytja í útvarpi áður útgefin einstök kvæði, smásögur og ritgerðir eða kafla úr stærri verkum og einstök lög og tónverk, ef smá eru, og kafla úr stærri tónverkum, enda sé fullnægt skilyrðum um greiðslu til höfundar. Nú er höfundur ekki í stéttarfélagi, og nýtur hann þó sama réttar sem áskilinn er í hinum almennu reglum, en hvorki meiri né minni. Framangreindar reglur um afnotakvöð gilda ekki um leiksviðsverk og ekki heldur um önnur verk, er höfundur hefur lagt bann við flutningi þeirra í útvarpi.

Þegar útvarpsstofnun er heimilt að útvarpa verki, er henni frjáls upptaka þess á hljóðrit eða filmur til sjálfs sín nota, en ekki í öðru skyni. Menntamálaráðherra setur reglur um notkun og varðveizlu slíkrar upptöku. Reglur þær, sem hér var getið, skulu þó ekki koma til framkvæmdar, ef tiðkazt hefur, að um það málefni sé gerður samningur milli útvarpsstofnana og stéttarsambands höfunda.

24. gr.

Heimil er sala, lán, leiga og önnur dreifing til almennings á eintökum bókmenntaverks eða tónverks, sem út hefur verið gefið. Útleiga og lán tónverka á nótum til almennings er þó óheimil án samþykkis höfundar.

25. gr.

Nú hefur eintak af myndlistarverki verið afhent til eignar, og er eiganda þá heimilt, nema annað sé áskilið, að láta eintakið af hendi og sýna það almenningi. Opinber kynning þess á listsýningum er þó óheimil án samþykkis höfundar, nema á listasöfnum sé, sem opin eru almenningi samkvæmt staðfestri reglugerð. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um eintök, sem gerð hafa verið eftir listaverki og gefin út.

Heimilt er eiganda myndlistarverks að taka eða leyfa töku mynda af því til sýningar í kvikmynd eða sjónvarpi, ef myndin er aðeins aukaatriði í efni kvikmyndar eða sjónvarpsdagskrár.

Þegar listaverk heyrir til listasafni, er heimilt að birta myndir af því í safnmunaskrá.

Nú er listaverk boðið til sölu, og má þá birta myndir af því í tilkynningu um sölutilboð.

Nú hefur andlitsmynd verið máluð, mótuð eða gerð með öðrum hætti eftir pöntun, og er höfundi þá ekki heimilt að neyta einkaréttar síns samkvæmt 3. gr. án samþykkis þess, sem lét gera myndina, eða erfingja hans, ef hann er látinn.

26. gr.

Ákvæði kafla þessa, að undanskilinni 13. gr., raska ekki rétti höfundar eftir 4. gr.

Þegar verk er birt almenningi samkvæmt þessum kafla, skal auk nafns höfundar geta þeirrar heimildar, sem notuð er, eftir því sem ástæður leyfa.

Þegar eintök af verki eru gerð samkvæmt þessum kafla, má ekki án samþykkis höfundar gera breytingar á verkinu fram yfir það, sem lögmæltur tilgangur með eintakagerðinni leyfir.

III. KAFLI

Um aðiljaskipti að höfundarétti.

Almenn ákvæði.

27. gr.

Framsal höfundaréttar að nokkru leyti eða öllu er heimilt með þeirri takmörkun, sem leiðir af ákvæðum 4. gr.

Nú er eintak af verki afhent til eignar, og felst þá ekki í þeim gerningi framsal á höfundarétti að verkinu, nema þess sé getið sérstaklega.

28. gr.

Framsal höfundaréttar að verki veitir framsalshafa ekki rétt til að gera breytingar á því, nema svo hafi verið um samið.

Ekki er framsalshafa heimilt að framselja öðrum höfundaréttinn án samþykkis höfundar. Ef rétturinn er þáttur í eignum fyrirtækis, má þó framselja hann á-

samt því eða tiltekinni grein þess. Þrátt fyrir slíkt framsal ber framseljandi áfram ábyrgð á efndum skuldbindinga sinna við höfund.

29. gr.

Gerning um framsal höfundaréttar má meta ógildan í heild eða í einstökum atriðum, ef hann mundi leiða til niðurstöðu, sem væri bersýnilega ósanngjörn. Sama gildir, ef ákvæði í framsalsgerningi brýtur mjög í bága við góðar venjur í höfundaréttarmálum.

30. gr.

Nú er höfundur í hjúskap, og skal höfundaréttur þá vera séreign hans, sem ekki verður skert með kaupmála eða með öðrum hætti, þar á meðal ekki við slit á fjárfélagi né við búskipti, meðan höfundur lifir. Tekjur af höfundarétti og endurgjald fyrir framsal hans verða hjúskapareign, nema ákveðið sé á annan veg í kaupmála. Að höfundi látnum telst höfundaréttur til hjúskapareignar hans, nema kaupmáli hjóna standi til annars, sbr. og 2. málsgr. 31. gr.

Skuldheimtumenn geta ekki leitað fullnustu í höfundarétti, hvorki hjá höfundi sjálfum né neinum þeim, sem hlotið hafa réttinn að arfi eða fyrir hjúskap. Nú hefur aðili eignazt höfundarétt með framsali, og má þá aðeins leita fullnustu hjá honum í þeim rétti, sem honum er heimilt að framselja, sbr. 2. málsgr. 28. gr.

Ákvæði 1. og 2. málsgr. gilda einnig um eintök listaverka, sem höfundur hefur ekki haft til sýnis almenningi, boðið opinberlega til sölu eða viðurkennt með öðrum hætti, að birta megi opinberlega, svo og um handrit.

31. gr.

Nú deyr höfundur, og fer þá um höfundarétt eftir ákvæðum erfðalaga, sbr. og 30. gr.

Höfundur getur með ákvæði í erfðaskrá gert ráðstafanir um framkvæmd höfundaréttar að honum látnum og meðal annars falið sérstökum tilsjónaraðilja að annast hana. Skulu slík ákvæði hafa gildi gagnvart öllum erfingjum, þar á meðal skylduerfingjum, og einnig að því er varðar búshluta maka.

Fyrirmæli 2. málsgr. taka einnig til slíkra eintaka af verkum, sem getið er í 3. málsgr. 30. gr.

Flutningsréttur.

32. gr.

Þegar höfundur hefur veitt heimild til opinbers listflutnings á verki, fylgir henni ekki einkaréttur til flutnings, nema svo hafi verið um samið.

Ef heimildin er veitt um óákveðinn tíma, hvort sem í henni felst einkaréttur eða ekki, skal talið, að hún gildi ekki lengur en 3 ár. Ákvæði þetta tekur ekki til samninga um flutningsrétt, sem samtök eigenda slíkra réttinda eru aðilar að.

Nú hefur einkaréttur til flutnings verið veittur um tiltekinn tíma, lengur en 3 ár, og skal höfundi þó heimilt að flytja verkið sjálfur eða leyfa öðrum flutning þess, ef umrædds einkaréttar hefur ekki verið neytt í 3 ár samfleytt, enda hafi ekki verið á annan veg samið.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til kvikmyndagerðar.

Útgáfusamningar.

33. gr.

Það er útgáfusamningur, er höfundur veitir tilteknum aðilja (útgefanda) rétt til að framleiða á prenti eða með svipuðum hætti eintök af bókmenntaverki eða listaverki og gefa þau út.

Útgáfusamningur veitir útgefanda ekki eignarrétt að handriti því eða annars konar eintaki af verki, sem notað er til eftirgerðar, nema svo sé um samið sérstaklega.

34. gr.

Útgefandi hefur, ef ekki er á annan veg samið, rétt til að gefa út upplag, er nemi 2000 eintökum af bókmenntaverki, 1000 eintökum af tónverki og 200 eintökum af myndlistarverki.

Með orðinu upplag er átt við þann eintakafjölda, sem út er gefinn í einu lagi.

35. gr.

Skylt er útgefanda að gefa verkið út innan hæfilegs tíma og stuðla að dreifingu þess, eftir því sem aðstæður leyfa og venja er um sams konar verk.

36. gr.

Nú hefur bókmenntaverk eða myndlistarverk ekki verið gefið út innan 2 ára eða tónverk innan 4 ára frá því, að útgefandi fékk í hendur fullgert handrit eða annað eintak, sem nota skal til eftirgerðar, og er höfundi þá, ef ekki hefur verið samið um lengri frest til útgáfu, heimilt að rifta útgáfusamningi, enda þótt skilyrði til riftunar eftir almennum réttarreglum séu ekki fyrir hendi. Sama gildir, ef upplag hefur selzt upp og útgefandi, sem fengið hefur rétt til nýrrar útgáfu, hefur ekki gefið verkið út að nýju innan 2 ára frá því, að höfundur krafðist þess.

Þegar útgáfusamningi er riftað samkvæmt 1. málsgr., er höfundi ekki skylt að skila aftur greiðslu, sem hann hefur þegar fengið. En hafi hann beðið tjón vegna saknæmra vanefnda útgefanda, sem ekki er bætt að fullu með þeirri greiðslu, á hann rétt til frekari bóta.

37. gr.

Skylt er útgefanda að láta höfundi í té skriflega yfirlýsingu prentsmiðju eða annars aðilja, sem framkvæmir eintakagerð, um eintakafjölda þann, sem gerður hefur verið.

Nú á höfundur rétt til þóknunar, miðað við sölu eða leigu eintaka á reikningsári, og ber útgefanda þá að senda honum innan 9 mánaða frá lokum reikningsárs skilagrein um sölu eða leigu á reikningsárinu og um eftirstöðvar upplags í lok reikningsárs.

Þó að höfundur eigi ekki að fá þóknun, eins og getið er í 2. málsgr., á hann samt rétt til að fá skilagrein um eftirstöðvar upplags í lok reikningsárs, þegar 9 mánuðir eru liðnir frá þeim tíma.

Höfundur getur ekki með samningi fallið frá rétti þeim, sem honum er áskilinn með þessari grein.

38. gr.

Ef hafizt er handa um útgáfu á nýju upplagi, þegar meira en ár er liðið frá útkomu hins fyrra, ber útgefanda að gefa höfundi kost á að gera breytingar, enda hafi þær ekki í för með sér verulegan kostnað né breyti heildarsvip verksins.

39. gr.

Ef ekki er á annan veg samið, fær útgefandi einkarétt til að gefa verkið út með þeim hætti og í því formi, sem útgáfusamningur greinir. Nú hefur útgefandi fengið einkarétt, og er höfundi þá ekki heimilt að gefa verkið út með greindum hætti né leyfa öðrum að gera það, fyrr en uppselt er upplag það eða upplög, sem útgáfusamningur tekur til.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. hefur höfundur rétt til að gefa bókmenntaverk út sem hluta af heildarútgáfu verka sinna eða úrvals úr þeim, þegar liðin eru 15 ár frá næstu áramótum, eftir að útgáfusamningur var gerður. Höfundur getur með samningi fallið frá þessum rétti sínum.

40. gr.

Útgefendur blaða og tímarita hafa einkarétt til að endurprenta rit þessi bæði í heild og einstök blöð eða hefti.

Ekki raskar réttur útgefenda höfundarétti að einstökum ritgerðum, myndum eða öðrum verkum, sem í blöðum eða tímaritum birtast. Þó þarf ekki að leita samþykkis höfunda til þeirrar endurprentunar, sem í 1. málsgr. getur, nema svo hafi verið um samið.

Ákvæði þessa kafla um útgáfusamninga taka ekki til blaða og tímarita framar en segir í 1. og 2. málsgr.

Ákvæði 35. og 36. gr. gilda ekki um framlög til safnverka.

Samningar um kvikmyndagerð.

41. gr.

Nú hefur höfundur veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks, og getur hann þá ekki, nema sérstakur áskilnaður sé gerður á annan veg, hindrað eintakagerð, útbreiðslu, opinbera sýningu, hvers konar dreifingu til almennings um þráð eða þráðlaust né aðra notkun verksins.

Ákvæði 1. málsgr. taka ekki til tónverka, kvikmyndahandrita né samtalstexta, sem gerð hafa verið til notkunar í kvikmynd, og ekki heldur til framlags aðalleikstjóra.

42. gr.

Nú hefur aðili fengið með samningi rétt til að nota bókmenntaverk eða tónverk við gerð kvikmyndar, sem ætluð er almenningi til sýnis, og skal hann þá, ef ekki er á annan veg samið, ljúka gerð kvikmyndarinnar innan hæfilegs tíma og annast um, að hún verði sýnd, eftir því sem aðstæður leyfa og venja er um sams konar verk.

Nú er gerð kvikmyndar ekki lokið innan 5 ára frá því, að höfundur fullnægði samningsskyldum sínum, og er höfundi þá heimilt, ef ekki hefur verið samið um lengri frest, að rifta samningnum, enda þótt riftunarskilyrði eftir almennum reglum séu ekki fyrir hendi. Ákvæði 2. málsgr. 36. gr. gilda hér, eftir því sem við á.

IV. KAFLI

Gildistími höfundaréttar.

43. gr.

Höfundaréttur helzt, unz 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar. Nú er um verk að ræða, sem ákvæði 7. gr. taka til, og skal þá telja greint 50 ára tímabil frá næstu áramótum eftir lát þess höfundar, sem lengst lifir.

44. gr.

Þegar verk hefur verið birt, án þess að höfundur sé nafngreindur, sbr. 2. málsgr. 8. gr., helzt höfundaréttur að verkinu, unz 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir fyrstu birtingu þess. Nú er slíkt verk gefið út í deildum, sem mynda þó eina heild eftir efni sínu, og telst greint 50 ára tímabil þá frá næstu áramótum eftir birtingu síðustu deildarinnar.

Ef höfundur er nafngreindur með þeim hætti, sem segir í 2. málsgr. 8. gr., áður en framangreint 50 ára tímabil er liðið, eða leitt er í ljós, að höfundur var látinn, er verkið birtist, skal um gildistíma höfundaréttar fara eftir ákvæðum 43. gr.

V. KAFLI

Ýmis réttindi, skyld höfundarétti.

45. gr.

Óheimilar eru án samþykkis listflytjanda þær aðgerðir, sem hér eru taldar:

1. Upptaka til endurflutnings á beinum listflutningi hans. Það telst beinn listflutningur, sem listflytjandi flytur persónulega, þar á meðal flutningur í út-

varp. Nú hefur útvarpsstofnun framkvæmt bráðabirgðaupptöku á persónulegum listflutningi, og fer þá um útvarp eftir slíkri upptöku sem um beinan listflutning.
2. Útvarp á beinum listflutningi.
3. Dreifing beins listflutnings með tækniaðferðum, um þráð eða þráðlaust, frá flutningsstað til annarra tiltekinna staða, sem almenningur á aðgang að.
4. Eftirgerð á upptöku listflutnings, sem framkvæmd hefur verið með samþykki listflytjanda. Réttur listflytjanda samkvæmt þessum tölulið helzt í 25 ár frá næstu áramótum, eftir að upptaka fór fram.

Um upptöku, dreifingu og eftirgerð listflutnings, sem um getur í 1. málsgr., skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði 4. gr., 1. málsgr. 11. gr., 1. málsgr. 14. gr., 3. málsgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr., 2. málsgr. 23. gr., 26.—31. gr. og 53. gr.

46. gr.

Óheimil er eftirgerð á hljómplötum og öðrum hljóðritum án samþykkis framleiðanda, unz liðin eru 25 ár frá næstu áramótum, eftir að frumupptaka var framkvæmd.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 1. málsgr. 11. gr., 1. málsgr. 14. gr., 3. málsgr. 15. gr., 18. gr. og 2. málsgr. 23. gr.

47. gr.

Nú er hljóðrit, sem gefið hefur verið út í markaðssöluskyni, notað á því tímabili, sem í 46. gr. getur, 1) til flutnings í útvarpi eða 2) til annarrar opinberrar dreifingar listflutnings í atvinnuskyni eða ávinnings, hvort heldur með beinni notkun eða eftir útvarpi, og ber notanda þá að greiða framleiðanda þess og listflytjendum þóknun í einu lagi.

Setja má í reglugerð fyrirmæli um þessi efni, þar á meðal um fyrirsvar af hálfu listflytjenda, ef þeir standa fleiri saman að hinum sama listflutningi, hvernig viðtöku þóknunar skuli háttað og skiptingu hennar milli framleiðenda og listflytjenda. Þessar reglur koma þó ekki til framkvæmdar, ef sameiginleg félagssamtök framleiðenda og listflytjenda, sem hlotið hafa staðfestingu menntamálaráðherra, hafa gert heildarsamning við notanda eða notendur eða sérsamningar eru fyrir hendi í einstökum tilvikum.

Með samþykki félagssamtaka listflytjenda og framleiðenda, sem um ræðir í 2. málsgr., má ákveða í reglugerð, að þóknun samkvæmt 1. málsgr. renni í sérstakan sjóð, er sé í tveimur deildum, annarri fyrir listflytjendur og hinni fyrir framleiðendur. Um vörzlu sjóðsins og úthlutanir úr deildum hans fer eftir því, sem ákveðið verður í reglugerð með samþykki áðurgreindra félagssamtaka.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 1. málsgr 14. gr., 3. málsgr. 15. gr. og 21. gr. Sama er um ákvæði 27.—31. gr., að því er til listflytjenda tekur.

Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um hljómkvikmyndir.

48. gr.

Óheimilar eru eftirgreindar aðgerðir án samþykkis útvarpsstofnunar:
1. Endurvarp (samtímisútvarp) á útvarpi hennar og dreifing þess um þráð.
2. Upptaka til endurflutnings á útvarpi hennar.
3. Birting á sjónvarpi hennar í atvinnuskyni eða ávinnings.
4. Eftirgerð á áður framkvæmdri upptöku útvarps hennar. Réttur útvarpsstofnunar samkvæmt þessum tölulið helzt, unz liðin eru 25 ár frá næstu áramótum, eftir að útvarp fór fram.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 1. málsgr. 11. gr., 1. málsgr. 14. gr., 3. málsgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr. og 2. málsgr. 23. gr.

49. gr.

Eftirgerð ljósmynda, sem ekki njóta verndar laga þessara sem listaverk, sbr. 2. málsgr. 1. gr., er óheimil án samþykkis ljósmyndara eða þess aðilja, sem rétt hans hefur hlotið. Nú er slík mynd birt opinberlega í atvinnuskyni eða ávinnings, og á ljósmyndari eða síðari rétthafi þá kröfu til þóknunar. Vernd ljósmyndar samkvæmt þessari grein skal haldast, unz liðin eru 25 ár frá næstu áramótum eftir gerð hennar.

Ákvæði II. kafla laga þessara taka til ljósmynda þeirra, sem í 1. málsgr. getur, eftir því sem við á.

50. gr.

Nú taka reglur um höfundarétt ekki til rits, sem út hefur verið gefið, og er þá eftirprentun eða önnur eftirgerð óheimil, unz liðin eru 10 ár frá næstu áramótum, eftir að það var gefið út.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum II. kafla laga þessara.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

51. gr.

Nú hefur höfundur notað sérstakan titil, gervinafn eða merki á birtu verki, og er öðrum þá óheimilt að birta verk með sams konar auðkenni eða svo áþekku, að líklegt sé, að villzt verði á verkunum eða höfundum þeirra.

52. gr.

Engum er heimilt án samþykkis höfundar að setja nafn hans eða höfundarauðkenni á listaverk.

Óheimilt er bæði höfundi og öðrum að setja nafn hans eða höfundarauðkenni á eintak, sem gert hefur verið eftir listaverki, ef hætta er á, að villzt verði á eftirgerðinni og frumverkinu.

53. gr.

Ákvæði 2. málsgr. 4. gr. skulu gilda um bókmenntaverk og listaverk, sem ekki eru háð höfundarétti.

Mál út af brotum gegn 1. málsgr. skal aðeins höfða eftir kröfu menntamálaráðherra, enda telji hann þess þörf vegna tillits til almennrar menningarverndar.

VII. KAFLI

Refsiákvæði, bætur, ákærureglur o. fl.

54. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal því aðeins refsa, að þau séu framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Sektum eða varðhaldi, allt að 3 mánuðum, varða:

1. Aðgerðir, sem brjóta í bága við einkarétt höfundar samkvæmt 3. gr.
2. Brot á 1. og 2. málsgr. 4. gr., 2. og 3. málsgr. 26. gr., 1. málsgr. 28. gr., 1. málsgr. 39. gr., 53. gr. og fyrirmælum, sem getur í 2. málsgr. 31. gr.
3. Brot á 1. málsgr. 45. gr. og 2. málsgr. sömu gr., sbr. tilvitnanir þar í 4. gr., 1. málsgr. 28. gr. og fyrirmæli, sem getur í 2. málsgr. 31. gr.
4. Brot á 1. málsgr. 46. gr., 1. málsgr. 48. gr., 1. málsgr. 49. gr., 1. málsgr. 50. gr., 51. gr. og 52. gr.
5. Innflutningur til landsins á eintökum af verkum eða annarri framleiðslu, sem verndar nýtur eftir V. kafla laga þessara, ef eintökin eru gerð erlendis og atvikum svo háttað, að gerð þeirra hér á landi hefði brotið í bága við lögin, enda séu eintökin flutt inn í þeim tilgangi að sýna þau opinberlega eða dreifa þeim til almennings.

Nú er brot framið á vegum félags eða annars fyrirtækis, og má þá dæma fésekt á hendur því.

55. gr.

Nú hafa eintök af verkum verið gerð, flutt hingað til lands eða birt almenningi, þannig að í bága fari við ákvæði laga þessara eða fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt 2. málsgr. 31. gr., og má þá ákveða í dómi, að eintökin séu án endurgjalds upptæk til handa þeim, sem misgert var við, eða afhent honum gegn endurgjaldi, sem ekki má nema hærri fjárhæð en framleiðslukostnaði. Sama gildir um prentmót, prentsteypu, myndamót og þess háttar muni, sem varða undirbúning eða framkvæmd brots eða eru til slíks fallnir.

Ákveða má, að í stað upptöku til afhendingar samkvæmt 1. málsgr. séu munir eða eintök ónýtt að öllu leyti eða nokkru, eða gerð á annan hátt óhæf til hinna ólöglegu nota.

Ákvæðum 1. og 2. málsgr. verður ekki beitt gagnvart aðiljum, sem hafa eignazt í grandleysi eintak eða eintök til einkanota.

Ákvæði um upptöku og ónýtingu taka ekki til bygginga.

56. gr.

Þegar saknæmt brot á lögum þessum hefur haft fétjón í för með sér, ber að bæta það eftir almennum reglum fébótaréttar.

Dæma má höfundi og listflytjanda miskabætur úr hendi þess, sem raskað hefur rétti þeirra með refsiverðri háttsemi.

Heimilt er að dæma þeim, sem misgert er við, bætur úr hendi þess, sem réttarröskun olli, þó að hann hafi gert það í grandleysi, en ekki mega bæturnar nema hærri fjárhæð en ávinningi hans af brotinu.

57. gr.

Þegar afnot verndaðs verks eru heimil samkvæmt lögum þessum með því skilyrði, að höfundi sé greidd þóknun, svo og þegar framleiðandi hljóðrits eða listflytjandi á rétt til þóknunar samkvæmt 47. gr., skal hún fara eftir heildarsamningi, ef til er, milli stéttarfélags viðkomandi rétthafa annars vegar og greiðanda eða stéttarfélags hans hins vegar.

Nú eru skilyrði til ákvörðunar þóknunar samkvæmt 1. málsgr. ekki fyrir hendi, og geta aðilar þá, ef þeir eru sammála um það, lagt ágreininginn undir úrskurð gerðardóms, sem skipaður skal 3 mönnum, nefndum af Hæstarétti til 5 ára í senn. Úrskurður gerðardómsins er fullnaðarúrlausn um ágreiningsefnið. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um þetta, þar á meðal um þóknun úr ríkissjóði til gerðardómsmanna.

Nú rís ágreiningur um þóknun, sem um ræðir í 1. málsgr., og skulu þá, unz fullnaðarúrlausn er fengin fyrir dómstólum eða gerðardómi, afnot verks heimil gegn þóknun samkvæmt eldri reglum, en dómstóll eða gerðardómur getur kveðið á um viðbótargreiðslur fyrir þann tíma, sem liðinn er síðan eldri ákvæði skyldu falla úr gildi eftir uppsögn eða ákvæði í þeim sjálfum.

58. gr.

Til ráðuneytis menntamálaráðherra um höfundaréttarmálefni skal vera höfundaréttarnefnd, sem ráðherra skipar til 4 ára í senn. Samkvæmt tilnefningu aðila þeirra, sem fengið hafa löggildingu ráðuneytis um aðild að flutningsrétti, skal skipa í nefndina einn fulltrúa fyrir hvern aðila. Einn nefndarmann skal skipa samkvæmt tilnefningu Ríkisútvarpsins. Auk þess skipar ráðherra einn eða fleiri nefndarmenn án tilnefningar. Ráðherra setur nánari reglur um nefndina og störf hennar.

59. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum getur sá höfðað, sem misgert er við.

Nú er höfundur látinn, og getur þá tilsjónaraðili, sem nefndur hefur verið eftir

2. málsgr. 31. gr., en ella eiginmaður eða eiginkona hins látna, foreldrar, börn og systkin höfðað mál út af brotum gegn 1. og 2. málsgr. 4. gr., 2. og 3. málsgr. 26. gr., 1. málsgr. 28. gr. og fyrirmælum höfundar samkvæmt 2. málsgr. 31. gr. eða listflytjanda samkvæmt sama ákvæði, sbr. 2. málsgr. 45. gr.

Mál út af brotum gegn ákvæðum 53. gr. sæta opinberri saksókn eftir kröfu menntamálaráðherra.

VIII. KAFLI
Gildissvið laganna.

60. gr.

Ákvæði um höfundarétt í lögum þessum taka til:

1. Verka íslenzkra ríkisborgara.
2. Verka erlendra ríkisborgara, sem eiga heimilisfang hér á landi.
3. Verka ríkisfangslausra manna og flóttamanna, sem hafa samfellt aðsetur hér á landi.
4. Verka, sem fyrst hafa verið gefin út hér á landi, sbr. og 2. málsgr. 2. gr.
5. Bygginga, sem reistar hafa verið hér á landi, og listaverka, sem eru hluti af slíkum byggingum.
6. Kvikmyndaverka, ef atvinnufyrirtæki framleiðanda þeirra hefur aðalstöðvar sínar hér á landi eða framleiðandinn sjálfur á hér fast aðsetur.

Ákvæði 2. málsgr. 4. gr. og 51.—53. gr. gilda um öll verk, sem falla undir ákvæði 1. gr., án tillits til uppruna þeirra eða þjóðernis höfunda.

61. gr.

A. Ákvæði 45. gr. taka til:
   1. Listflutnings íslenzkra ríkisborgara, hvar sem hann hefur fram farið.
   2. Listflutnings erlendra ríkisborgara og ríkisfangslausra manna, sem hér segir:
      a. Ef listflutningur hefur farið fram hér á landi.
      b. Ef listflutningur hefur verið tekinn upp á hljóðrit, sem verndar nýtur eftir ákvæðum 2. tölul. C-liðs, hér á eftir.
      c. Ef listflutningi, sem ekki hefur verið tekinn upp á hljóðrit, er útvarpað af útvarpsstofnun, sem verndar nýtur eftir ákvæðum í D-lið hér á eftir.

B. Ákvæði 46. gr. taka til hljóðrita, hvar og af hverjum sem þau hafa verið framleidd.

C. Ákvæði 47. gr. taka til:
   1. Listflutnings íslenzkra ríkisborgara, sem tekinn hefur verið upp á hljóðrit.
   2. Hljóðrita, svo og listflutnings þess, er þau hafa að geyma, ef framleiðandi hljóðrits er íslenzkur ríkisborgari eða fyrirtæki, sem hefur aðsetur hér á landi.

D. Ákvæði 48. gr. taka til útvarpsstofnana, ef þær fullnægja öðru hvoru því skilyrði, sem hér segir:
   1. Að aðalstöðvar stofnunarinnar séu hér á landi.
   2. Að útvarpað hafi verið með senditæki, staðsettu hér á landi.

62. gr.

Ákvæði 1.—4. tölul. 1. málsgr. 60. gr. skulu, eftir því sem við getur átt, gilda um ljósmyndir og rit, sem getur í 49. og 50. gr.

63. gr.

Ákvæði laga þessara skulu einnig taka til bókmenntaverka og listaverka, sem til hafa orðið fyrir gildistöku laganna. Sama gildir um listflutning, hljóðrit og útvarp samkvæmt V. kafla laga þessara.

64. gr.

Frá því, er lög þessi koma til framkvæmdar, falla eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

Tilsk. 11. des. 1869, um eftirmyndun ljósmynda o. fl.

Augl. 10. febr. 1870, um tilkynningu um einkarétt til að eftirmynda ljósmyndir.

Lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Lög nr. 127 9. des. 1941, um viðauka við lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Lög nr. 49 14. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Lög nr. 74 5. júní 1947, um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, 2. gr.

Lög nr. 11 2. febr. 1956, um breyting á lögum nr. 13 frá 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Loks eru öll önnur eldri lagafyrirmæli úr gildi felld, er brjóta í bága við lög þessi.

65. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Aðalákvæði um höfundarétt eru nú í lögum um rithöfundarétt og prentrétt, nr. 13 20. okt. 1905, en þau eru fyrir löngu orðin á eftir tímanum í mörgum atriðum. Breyting sú, sem á þeim var gerð með lögum nr. 49 frá 1943 ber með sér, að hún var aðeins gerð til bráðabirgða til að bæta úr helztu vanköntunum og koma því til leiðar, að Ísland fengi inngöngu í Bernarsambandið.

Hinn 12. maí 1959 var samþykkt í neðri deild Alþingis rökstudd dagskrá, þar sem þess er vænzt, að ríkisstjórnin láti fara fram endurskoðun á löggjöf um höfundarétt. Af því tilefni fól þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, dr. Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara að semja frumvarp til höfundalaga. Samdi hann þá frv. til höfundalaga ásamt athugasemdum, sem lagt var fyrir Alþingi árið 1962, en hlaut ekki afgreiðslu.

Eftir að frv. frá 1962 var samið, hafa orðið ýmsar breytingar á erlendum og alþjóðlegum höfundarétti. Skiptir þar mestu máli, að á ráðstefnu Bernarsambandsríkja, sem haldin var í Stokkhólmi 1967, voru samþykktar víðtækar breytingar á Bernarsáttmálanum. Nokkrar breytingar hafa enn verið gerðar á sáttmálanum á ráðstefnu sömu ríkja í París sumarið 1971. Þegar vitnað er til Bernarsáttmálans í greinargerðinni, er átt við nýjustu gerð hans, þ. e. Parísartextann 24. júlí 1971. Á þeim árum, sem liðin eru frá samningu frv. frá 1962, hefur að sjálfsögðu margt verið ritað um ýmsar greinar höfundaréttar, aðallega í erlend tímarit.

Á árinu 1970 fól þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, þeim Knúti Hallssyni, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu, Sigurði Reyni Péturssyni, hæstaréttarlögmanni, og dr. Þórði Eyjólfssyni að taka frumvarpið frá 1962 til endurskoðunar og gera á því þær breytingar, sem hæfa þættu, m. a. með tilliti til breytinga, sem gerðar höfðu verið á Bernarsáttmálanum. Urðu þeir sammála um allmargar breytingar á frv., og var það síðan lagt fyrir Alþingi 1970, en hlaut ekki afgreiðslu. Nú hafa sömu menn enn athugað frv. að beiðni menntamálaráðherra, Magnúsar Torfa Ólafssonar, og gert á því nokkrar breytingar, m. a. samkvæmt tillögum frá Ríkisútvarpinu, og er frv. nú lagt fyrir Alþingi í því formi, en frv. fylgdi svofelld greinargerð:

I.
Inngangur.

1. Hlutverk og efni höfundalaga er að veita mönnum réttarvernd á tilteknum andlegum verðmætum: bókmenntum og listum. Með lögunum er viðurkenndur réttur þess, sem verkið hefur gert, þ. e. höfundarins, til umráða yfir því, sem ýmist eru fjárhagslegs eða persónulegs eðlis.

Þau ytri gæði, sem menn geta haft af fjárhagslegar nytjar og réttarverndar njóta, eru með ýmsum hætti. Má þar m. a. greina á milli líkamlegra hluta, þ. e. fasteigna og lausafjár, og ólíkamlegra verðmæta, svo sem orku, auðkenna, t. d. vörumerkja, og hugverka, þ. e. verka á sviði bókmennta, lista, vísinda og tækni, sem eru árangur andlegs sköpunarstarfs. Meginhluti hugverka er látinn njóta verndar samkvæmt höfundalögum. Hvarvetna er þó haldið utan höfundaréttar einkarétti þeim, sem veittur er vegna uppfinninga á sviði vísinda eða tækni, sbr. lög um einkaleyfi, nr. 12 20. júní 1923.

Fyrr og síðar hafa reglur fjármunaréttar beinzt að langmestu leyti að eignarrétti á líkamlegum hlutum. Enginn veit nú um aldur og uppruna slíkra reglna, og miðað við þær má telja, að réttarvernd hugverka sé nýtilkomin. Líkamleg og andleg verðmæti eru svo mismunandi eðlis, að lagareglur um umráð þeirra og vernd hljóta að verða með mjög ólíkum hætti. Meðal annars lýsir munurinn sér í því, að líkamlegir hlutir, sem eignarrétti eru háðir, eru venjulega í föstum vörzlum á meira eða minna vísum stað, þar sem hagnýting þeirra fer fram, en andleg verðmæti eru hvorki bundin við stað né stundir, og af þeim má hafa fjárhagsleg not á mörgum stöðum samtímis. Þau eyðast ekki heldur né rýrna við notkun, og um réttargæzlu þeirra verður að beita öðrum aðferðum en um líkamlega hluti.

Andlag höfundaréttar, sem lagaverndin er veitt, er ávallt ólíkamlegt, þ. e. hugsmíð sú eða sköpunarstarfsemi, sem birtist í bókmenntaverki eða listaverki. Ef aðrir menn en höfundurinn sjálfur eiga að geta notið þess, verður að koma því til vitundar þeirra með einhverjum hætti. Um bókmenntaverk og tónverk er þetta unnt án þess að tengja verkið líkamlegum hlut, þ. e. með hljómum eingöngu, svo sem munnlegri frásögn eða upplestri, söng, hljóðfæraleik o. s. frv. Getur verkið þá gengið þannig frá manni til manns og dreifzt meðal ótiltekins fjölda, sem nemur það og nýtur þess. Þannig hefur ávallt verið um kvæði og sögur, áður en ritlist var upp fundin, og tónverk, meðan þau voru ekki á nótur skráð. Önnur verk, þ. e. listaverk, sem fólgin eru í litum eða formi, svo sem málverk, höggmyndir, nytjalist o. fl., verða hins vegar ekki skynjuð, nema þau (þ. e. hugsmíð höfundar) séu fyrst á efni fest. Og nú á dögum fer dreifing bókmenntaverka og tónverka einnig oftast fram með þeim hætti, að þau eru tengd líkamlegum hlutum, bókum, nótnaheftum, hljómplötum o. s. frv. Eru fjárhagsleg afnot verksins og oftast við það bundin.

Sú tenging hugverks við fast efni, sem hér var getið, er í höfundarétti nefnd eintakagerð eða eftirgerð af verkinu. Í lögum nr. 49 frá 1943 er þetta einnig nefnt margföldun verksins, en það orðalag er órökrænt, því að í fyrsta lagi er hugverkið aðeins eitt, hversu mörg eintök sem af því eru gerð, og í öðru lagi telst það til eintakagerðar eða eftirgerðar, þó að aðeins sé gert eitt eintak af hugverki, t. d. málverk, sem einungis er til í frumgerð sinni. Þess er að gæta, að hinir líkamlegu hlutir, eintökin, eru ekki andlag höfundaréttar, þó að þau komi þar mjög við sögu. Þau lúta hins vegar yfirleitt almennum reglum um eignarrétt að líkamlegum hlutum. Þó eru í höfundalögum lagðar tilteknar hömlur á meðferð þeirra, einkum að því leyti, að umráð þeirra eða afnot mega ekki fara í bága við rétt höfundar yfir sjálfu hugverkinu, sbr. einkum 24. og 25. gr. frv.

Auk hins fjárhagslega réttar hafa aðrir og persónulegri hagsmunir höfundar verið teknir undir vernd höfundalaga. Bókmenntaverk eða listaverk, sem höfundur

hefur skapað, er í nánari tilfinningatengslum við hann en venjulegt er um líkamlega hluti. Af þeim sökum er honum m. a. veitt vernd gegn breytingum á verkum sínum og tillit tekið til persónulegra hagsmuna í sambandi við reglur, sem að meginefni eru fjárhagslegs eðlis, sbr. 4. gr. frv.

2. Ekki er í fornum lögum, hvorki innlendum né erlendum, neinn vísir að vernd bókmenntaverka eða listaverka. Það var líka fjarri hugsunarhætti hinna fornu menningarþjóða, t. d. Grikkja og Rómverja, að viðurkenna eignarrétt að öðru en líkamlegum munum. Höfundar áttu vitanlega, eins og nú, þau eintök af verkum sínum, sem þeir gerðu sjálfir, handrit, málverk, höggmyndir o. s. frv., og gátu áskilið sér gjald fyrir þau, ef þeir létu þau af hendi. En eftir það var hverjum manni heimilt án samþykkis höfundar að gera ný eintök af verkunum og með þeim breytingum, sem henta þótti. Meðan tækni var skammt á veg komin, skipti þetta höfunda litlu máli fjárhagslega. Öll eintakagerð, jafnvel afritun handrita, var seinunnin og dýr og fremur framkvæmd til einkanota en til sölu á almennum markaði.

Afstaða höfunda til þessara mála tekur þá fyrst að breytast, er tækni um gerð eintaka kemst á það stig, að framleiðsla þeirra til markaðssölu verður almennt arðvænleg. Hefst það með tilkomu prentlistarinnar á síðara hluta 15. aldar og þeirri byltingu í bókagerð og dreifingu rita, sem hún hafði í för með sér. Þegar bókaútgefanda tókst að ná í handrit að verki, sem hann taldi vænlegt til sölu, gat hann gefið það út undir nafni höfundar án þess að spyrja hann um leyfi. Það var einnig algengt, að verkin væru gefin út eftir breyttum og afbökuðum handritum, og stóðu höfundar varnarlausir gegn því. Enn síður var um það að ræða, að höfundar ættu rétt til þóknunar fyrir prentun og útgáfu verkanna eða til arðs af sölu þeirra. Þó að höfundar teldu sig hart leikna, höfðu þeir öldum saman engin samtök með sér til að hrinda þessari ágengni, enda var það rótgróið í almenningsáliti, að þegar höfundur hefði látið verk af hendi, væri það þar með orðið almenningseign, sem hver mætti gera við það, sem hann vildi. En lagaleysi á þessu sviði kom sér einnig illa fyrir útgefendur. Þegar einn þeirra gaf út rit, sem vel seldist, komu aðrir þegar til, endurprentuðu ritið og kepptu við frumútgefandann um söluna Með því að bókaútgefendur urðu brátt áhrifamiklir í þjóðfélögunum, gátu þeir komið því til leiðar, að þjóðhöfðingjar veittu þeim einkaleyfi til útgáfu tiltekinna rita og síðar jafnvel heilla bókmenntagreina. Ef höfundur var á lífi, var stundum gert að skilyrði fyrir einkaleyfunum, að hann gæfi samþykki sitt til útgáfunnar. Veitti það honum þá færi á að áskilja sér þóknun og gæta þess, að rétt væri með verk hans farið. Er þetta talinn fyrsti vísir að opinberri viðurkenningu á rétti höfunda. Þetta fyrirkomulag um veitingu einkaleyfa reyndist óheppilegt og hvarf síðar úr sögunni, en það stuðlaði að auknum skilningi á því, að höfundum væri nauðsyn á sérstakri lagavernd um verk sín.

England varð fyrst til að hefjast handa um setningu höfundalaga árið 1709. Í lögunum var bönnuð útgáfa rita án samþykkis höfunda, en opinber skráning hins prentaða rits gerð að skilyrði fyrir verndinni (registered copyright). Nokkrar fleiri þjóðir settu sér lög á 18. öldinni um bókaútgáfu, en þau voru fremur í hag útgefendum en höfundum. Á dögum frönsku stjórnarbyltingarinnar var komið á höfundalöggjöf í Frakklandi (1791 og 1793), sem bar langt af höfundalögum annarra landa á þeim tíma. Hafa Frakkar síðan talið sig forustuþjóð um höfundalöggjöf og endurbætur á henni. Á 19. öldinni bættust sífellt fleiri lönd í hópinn um setningu höfundalaga, og má telja, að þegar kemur fram yfir miðja öldina, sé höfundalöggjöf orðin almenn. Fyrst í stað tóku lögin aðeins til bókmennta og tónsmíða, en þegar fram í sækir, bætast við fleiri listgreinar, m. a. málaralist og myndlist.

Bókmenntir og listir eru alþjóðleg að eðli og berast fljótt land úr landi, óbreytt eða í þýðingum, en samkvæmt höfundalögum nutu höfundar einungis

verndar í heimalandi sínu. Erfitt var að koma á samningum milli einstakra ríkja um gagnkvæma vernd, með því að lög þeirra greindi oft á um ýmis mikilsverð atriði. Varð þá að samkomulagi með mörgum ríkjum að koma á alþjóðasamþykkt um höfundarétt, sem öllum ríkjum væri heimilt að gerast aðiljar að, ef þau veittu höfundum í heimalandi sínu þá lágmarksvernd, sem í samþykktinni yrði áskilin. Árið 1886 var alþjóðleg ráðstefna haldin í Bern í þessu skyni. Tókst þar að ná samkomulagi um höfundaréttarsamþykkt, sem nefnd hefur verið Bernarsáttmálinn, en samtök aðildarþjóðanna eru nefnd Bernarsambandið. Með sáttmála þessum var höfundum í fyrsta sinn opnuð leið til heimsmarkaðarins. Fjöldi ríkja hefur gengið í Bernarsambandið, en margar þjóðir hafa þó til þessa dags staðið utan samtakanna, þar á meðal Bandaríkin og Ráðstjórnarríkin. Eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar gengust Sameinuðu þjóðirnar fyrir því, að gerður yrði nýr alþjóðasáttmáli um höfundarétt, einkum í því skyni að ná til ríkja, sem af einhverjum ástæðum vildu ekki gerast aðiljar að Bernarsáttmálanum. Á alþjóðlegri ráðstefnu, sem haldin var í Genf árið 1952, var gerð ný höfundaréttarsamþykkt, sem nefnd er Genfarsáttmálinn. Gekk hann í gildi árið 1955, eftir að tilskilinn fjöldi ríkja hafði fullgilt hann, þar á meðal Bandaríkin. Heimilt er hverri þjóð að vera samtímis aðili að báðum sáttmálunum, en í skiptum tveggja ríkja, sem þannig er ástatt um, skal fara eftir Bernarsáttmálanum.

Eftir að Bernarsáttmálinn gekk í gildi, hefur hann orðið fyrirmynd um höfundalöggjöf víða um heim. Margar þjóðir settu sér ný höfundalög kringum síðustu aldamót og samræmdu þau ákvæðum sáttmálans. Á Bernarsáttmálanum hafa verið gerðar víðtækar breytingar og endurbætur á alþjóðaráðstefnum í París 1896, Berlín 1908, Róm 1928, Brüssel 1948, Stokkhólmi 1967 og París 1971. Hafa þá verið teknar upp nýjar reglur í samræmi við tækniframfarir yfirstandandi aldar, þar á meðal tilkomu tal- og tónmynda, útvarps og sjónvarps. Einstök ríki hafa þá einnig endurbætt höfundalöggjöf sína. Meðal annars hafa Norðurlandaríkin Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð sett sér höfundalög á árunum 1960—1961. Eru þau árangur af samstarfi þessara landa, er hófst árið 1939, um endurbætur og samræmingu á höfundalöggjöf þeirra.

Höfundalög höfðu lengi framan af einungis ákvæði um réttindi og vernd höfunda, þ. e. þeirra, sem skapað höfðu bókmenntaverk eða listaverk. Eru þá þar með taldir þeir, sem aðlöguðu verk tiltekinni notkun, svo sem þýðendur rita, þeir, sem breyttu skáldsögu í leikrit, sömdu kvikmyndahandrit eftir skáldsögu eða leikriti o. s. frv. Hins vegar voru lögin yfirleitt ekki látin taka til listflytjenda, þ. e. manna, sem túlkuðu verk höfunda með listflutningi, svo sem söngvara, hljóðfæraleikara, leiksviðsleikara, upplesara o. s. frv. Sökum náins sambands slíkra listamanna við höfunda hefur á síðari tímum verið talið haganlegt að hafa ákvæði um réttindi þeirra í höfundalögum. Sama er að segja um réttindi einstaklinga eða fyrirtækja, sem framleiða hljómplötur eða önnur hljóðrit, svo og útvarpsstofnana. Á alþjóðlegri ráðstefnu, sem haldin var í Róm árið 1961, var samþykktur alþjóðasáttmáli um vernd listflytjenda, hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana.

3. Saga höfundaréttar hér á landi hefst ekki fyrr en á síðari hluta 19. aldar. Þó má geta þess, að hér var birt dönsk tilskipun frá 7. maí 1828 um bann við eftirprentun rita, útgefinna í ríkjum, er Danmörk hafði gert við samninga um gagnkvæma vernd forlagsréttar. Var þar vísað til danskrar tilskipunar frá 7. janúar 1741, sem ekki hafði verið lögleidd hér.

Tilskipun 11. desember 1869 um einkarétt til að eftirmynda ljósmyndir o. fl. var lögleidd hér, eftir að Alþingi hafði á hana fallizt, sbr. og augl. 10. febrúar 1870. Með tilskipun þessari var veittur einkaréttur um 5 ára skeið hverjum þeim, „sem á sjálfs sín kostnað býr til frumlega ljósmynd eftir náttúrunni eða ljósmyndar eitthvert listaverk, sem enginn hefur einkarétt á að eftirmynda“. Svarar ákvæðið til þess, að listrænum ljósmyndum sé veitt vernd, en öðrum ekki. Einkarétturinn

er í tilskipuninni bundinn ströngum formskilyrðum, og hefur því verið óþjáll í framkvæmd. Lagaákvæði þetta hefur ekki verið fellt formlega úr gildi, en í lögum nr. 49 frá 1943 eru ljósmyndir taldar meðal verndaðra verka, og eru ákvæði tilskipunarinnar því úrelt orðin.

Árið 1889 flutti Jón Ólafsson rithöfundur frumvarp á Alþingi um eignarrétt á sömdu máli. Var það að mestu sniðið eftir dönskum höfundalögum frá 1857. Alþingi samþykkti frv. með nokkrum breytingum, en konungur synjaði því staðfestingar. Á þeim tíma var ráðgerð í Danmörku gagngerð breyting á höfundalögunum frá 1857 vegna tilkomu Bernarsáttmálans árið 1886, og mun það einkum hafa valdið synjuninni. Frumvarp Jóns Ólafssonar með áorðnum breytingum var endurflutt á Alþingi 1901, og voru flutningsmenn þeir Stefán Stefánsson skólameistari og Hermann Jónasson á Þingeyrum. Frumvarpið varð ekki útrætt á þinginu, og féll það þar með úr sögunni.

Árið 1905 bar ríkisstjórnin fram á Alþingi frumvarp til laga um rithöfundarétt og prentrétt. Var það sniðið eftir nýjum dönskum höfundalögum frá 1904, en þó með þeirri takmörkun, að ákvæði laganna skyldu aðeins ná til bókmennta og tónsmíða, en ekki annarra listgreina. Er tekið fram í greinargerð frv., að listamennska sé svo í bernsku hér á landi, að of snemmt sé að setja lög um vernd íslenzkra listaverka. Frv. varð að lögum nr. 13 20. október 1905. Eru þau enn í gildi og hafa að geyma höfuðákvæði íslenzks höfundaréttar.

Á lögum nr. 13 frá 1905 hafa verið gerðar allmiklar breytingar og við þau aukið. Með lögum nr. 11 frá 1912 var ákveðið, að höfundavernd skyldi ná til hvers konar mynda og uppdrátta, þar á meðal þeirra, er hefðu listgildi. Lög þessi voru af numin með lögum nr. 49 frá 1943. Með lögum nr. 127 frá 1941 var meðal annars ákveðin sérstök vernd á ritum eftir lok höfundaréttar. Gagngerðasta breytingin var svo gerð með lögum nr. 49 frá 1943. Þar eru teknar undir vernd höfundaréttar hvers konar listgreinar, sem eldri lög náðu ekki til, en ákvæði um efni réttindanna í einstökum atriðum eru ófullnægjandi. Loks var verndartímabil verka gagnvart þýðingum lengt úr 10 árum í 25 ár með lögum nr. 11 frá 1956.

Ísland hefur gerzt aðili að Bernarsambandinu, sbr. lög nr. 74 frá 1947 og augl. nr. 110 frá sama ári. Af þess hálfu var samþykkt breyting sú, sem gerð var á Bernarsáttmálanum í Brüssel árið 1948, en fullgilding á sáttmálanum þannig breyttum hefur ekki farið fram. Þá hefur Ísland einnig gerzt aðili að Genfarsáttmálanum, sbr. þingsályktun 4. nóv. 1953 og augl. nr. 82 frá 1956. Af Íslands hálfu hefur og verið samþykktur sáttmáli sá um vernd listflytjenda o. fl., sem gerður var í Róm 1961, en fullgilding hans hefur ekki farið fram.

4. Við samningu frv. þessa hafa í öllum aðalatriðum verið lögð til grundvallar hin nýju, norrænu höfundalög frá 1960—1961. Með því er fylgt þeirri stefnu, að Ísland sé þátttakandi að samræmingu norrænnar löggjafar, þar sem því verður vel við komið. En ekki er síður á það að líta, að Norðurlandalögin höfðu fengið ágætan undirbúning og að þar er fylgt nýjustu fræðikenningum á sviði höfundaréttar. Í nokkrum atriðum víkur frv. þetta þó frá norrænu lögunum, enda eru þau ekki heldur að öllu leyti samhljóða sín á milli. Á þetta einkum við um skipun efnisins og niðurröðun, en aðeins að litlu leyti um efnisatriðin sjálf. Auk hinna norrænu laga hefur aðallega verið höfð hliðsjón af frönskum höfundalögum frá 11. marz 1957 og frumvarpi til höfundalaga Sambandslýðveldisins Þýzkalands frá 23. marz 1962, sem nú er orðið að lögum frá 9. sept. 1965. Loks hefur þess verið gætt sérstaklega að haga ákvæðum frumvarpsins þannig, að þau fullnægðu kröfum Bernarsáttmálans og Genfarsáttmálans.

Í fræðiritum um höfundarétt og umræðum, sem um hann hafa spunnizt á ráðstefnum og þingum, hafa komið fram ýmis atriði, sem frv. þetta hefur engin ákvæði um. Hafa sum þessara atriða verið tekið upp í höfundalög einstakra ríkja, en þar

er þó aðeins um undantekningar að ræða. Verður nánar að þessu vikið, eftir því sem við á, í umsögn um einstakar greinar frv. Kemur hér einkum til sögu:

a. Réttur höfunda vegna upptöku tónsmíða á segulbönd til einkanota, sjá umsögn um 11. gr.
b. Réttur höfunda vegna útlána á bókum, sjá umsögn um 24. gr.
c. Að höfundum sé áskilinn hluti af söluverði listaverka á uppboðum, sjá umsögn um 25. gr.
d. Skattlagningu í þágu höfunda á útgáfu rita, sem ekki eru háð höfundarétti, sjá umsögn um IV. kafla.

II.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um meginatriði höfundaréttar. Þess er getið í 1. málsgr. 1. gr. og 5.—7. gr., hverjir eigi að njóta þess réttar, sem lögin veita. Er orðalag hér, eins og í frv. yfirleitt, miðað við höfundinn sem hinn fyrsta eiganda réttindanna, en samkvæmt III. kafla getur höfundaréttur einnig komizt í hendur annarra aðilja, og njóta þeir þá sama réttar og höfundur, nema annað sé tekið fram eða leiði af eðli málsins. Þá er ákveðið í kaflanum, hvaða verðmæti eða gæði séu vernduð með lögunum, sbr. 1., 6. og 10. gr. og undantekningarreglu 9. gr. Hér er þó ekki um tæmandi upptalningu að ræða, sbr. ákvæði V. kafla um ýmis réttindi, sem ekki teljast til höfundaréttar. Um efni höfundaréttar ræðir svo í 1. málsgr. 1. gr., 3. gr. og 4. gr. Ákvæði 2. gr. eru tengd 3. gr. um ákvörðun á efni hins fjárhagslega réttar. Loks eru tilteknar sönnunarreglur í 8. gr.

Um 1. gr.

Ákvæði greinar þessarar fela ekki í sér efnisbreytingar á þeim rétti, sem nú gildir, sbr. 1. gr. laga nr. 49 frá 1943 og áður 1. gr. laga nr. 13 frá 1905. Hins vegar er niðurskipan efnisins með öðrum hætti.

Um 1. málsgr. Sá, sem skapar andlegt verk á sviði bókmennta eða lista, telst höfundur þess. Réttur hans yfir verkinu stofnast um leið og það verður til. Af þessu má ráða, að höfundarhugtakið er bundið við einstaklinga. Ópersónulegir aðiljar, svo sem félög og stofnanir, geta ekki verið höfundar, en þeir kunna að verða eigendur höfundaréttar, að svo miklu leyti sem yfirfærsla hans er heimil, sbr. ákvæði III. kafla. Höfundur telst ekki einungis sá, sem frumverk skapar, heldur og sá, sem aðlagar verk annars manns nýju formi, sbr. 5. gr. Einnig geta fleiri menn en einn staðið að sköpun sama verksins, verið samhöfundar, eins og getið er í 7. gr.

Samkvæmt 1. málsgr. er andlag höfundaréttar verk, sem telst til bókmennta eða lista. Þar er um að ræða hina andlegu sköpun, hugsmíðina, en ekki þann líkamlega hlut, sem verk kann að vera tengt, og hefur áður verið að því vikið. Í sumum höfundalögum og í Genfarsáttmálanum eru vísindaleg verk nefnd sem hin þriðja grein verndaðra hugverka, en þar sem þau falla undir hugtakið bókmenntir, ef höfundaréttur á að taka til þeirra á annað borð, þá er ekki ástæða til að geta þeirra sérstaklega. Ekki eru nein föst takmörk milli bókmenntaverka og listaverka, með því að sum verk í ræðu og riti heyra listinni til (fagrar bókmenntir), en meginhluti samins máls er á öðru sviði.

Hugtökin bókmenntaverk og listaverk ber að skýra svo, eins og áður hefur verið gert, að í verkinu eigi að koma fram andleg sköpun, sem sé ný og sjálfstæð, a. m. k. að formi til. Þess er þó að gæta, að það er tegund verksins, heimfærsla þess undir bókmenntir eða tiltekna listgrein, en ekki mat á gæðum þess, sem oftast kemur til álita við framkvæmd höfundaréttar. Mörkin niður á við eru óglögg,

en jafnan hefur verið talið, að rit, sem aðallega eru samtíningur staðreynda án sjálfstæðrar úrvinnslu, verði ekki til bókmennta talin.

Að því er efni réttarins varðar, hefur sú leið verið farin í flestum höfundalögum að áskilja höfundum ekki almennan rétt til verka sinna, heldur er látið nægja að telja upp tilteknar heimildir þeim til handa um umráð og ráðstöfun á verkunum, og er þeim þá oftast veittur einkaréttur, að því er til þeirra heimilda tekur. Nú á dögum er þó í sífellt ríkara mæli farið að viðurkenna, að slíkar upptalningar eigi ekki að vera tæmandi, enda sé þróun réttarins svo ör, meðal annars vegna nýrra tækniaðferða, að tæmandi tilgreiningar mundu verða vexti og viðgangi höfundaréttar fjötur um fót.

Frá því að höfundalög voru fyrst sett hér á landi árið 1905, hefur verið tekið fram berum orðum í lögunum, að höfundar ættu eignarrétt á verkum sínum, sbr. 1. gr. laga nr. 13 frá 1905 og nú 1. gr. laga nr. 49 frá 1943. Hvort tveggja er, að eignarréttarhugtakið er svo rúmt, að heimildir þær, sem höfundarétti fylgja, geta vel rúmazt innan þess, og að ekki verður séð, að réttur höfunda verði gerður óeðlilega víðtækur, þó að hann sé til eignarréttar talinn. Yrði það að teljast spor aftur á bak, ef nú væri vikið frá þessari réttarskipun, eftir að hún hefur haldið gildi í meira en hálfa öld. Hins vegar verður um framkvæmd höfundaréttar að hafa í huga, að eignarrétti að hugverkum er að ýmsu leyti öðruvísi háttað en eignarrétti að líkamlegum munum, bæði samkvæmt ákvæðum höfundalaganna sjálfra og eðli málsins.

Um 2. málsgr. Í samræmi við forna hefð, bæði í höfundalögum og alþjóðasáttmálum um höfundarétt, eru í 2. málsgr. nefndar hinar helztu greinar þeirra verka, sem heyra til bókmenntum og listum, án þess að sú upptalning sé tæmandi. Tilgreiningin hefur tvenns konar hlutverki að gegna. Annars vegar skýrir hún efni heildarhugtakanna bókmennta og lista, og hins vegar tekur hún af tvímæli um, það, að þau verk, sem þar eru talin, eigi að njóta verndar laganna.

Um einstakar greinar verka, sem í 2. málsgr. getur, skal eftirfarandi tekið fram.

Með orðunum „**samið mál í ræðu og riti**" er átt við bókmenntir. Þarf þá að vera fullnægt því skilorði um nýsköpun, sem áður greinir, og að því lýtur einnig það orðalag, að verk skuli vera „samið". Hefur það einkum þýðingu um mál, sem birt er, án þess að það sé áður fært í letur, svo sem munnlega fyrirlestra og ræður. Að vísu getur mál stundum talizt samið, þó að það sé mælt af munni fram (improviserað), t. d. tækifærisræður. En venjulegar viðræður mundu yfirleitt ekki njóta verndar sem bókmenntaverk, þó að þær væru jafnótt skráðar eða hljóðritaðar.

Til **leiksviðsverka**, sem eru ein grein bókmennta, teljast þau verk, sem ætluð eru til listflutnings á leiksviði, svo sem venjulegir sjónleikir, leikræn tónverk eða söngleikir og verk, sem heyra danslist til og látbragðalist. Er hér vitanlega átt við verkið sjálft, en ekki listflutninginn.

Hugtakið **tónsmíðar** tekur til hvers konar hljómlistarverka, með eða án orða, og án tillits til þess, hvort verkið hefur verið samið áður eða um leið og það er flutt.

Til **myndlistar** teljast í höfundarétti m. a. málverk, listrænar teikningar og önnur dráttlistarverk, málmristur, steinprent, tréskurðarverk, höggmyndalist og önnur samsvarandi verk í litum og formum (grafisk og plastisk).

Byggingarverk falla undir vernd laganna, en þó vitanlega háð því almenna skilyrði, að þau geti talizt til listaverka. Hér til heyra ekki eingöngu hús, heldur og önnur mannvirkjagerð, ef í henni kemur fram sjálfstæð, listræn sköpun. M. a. hefur skrautgarðagerð verið talin til byggingarlistar (arkitektur). Verndin nær einnig til teikninga og líkana af byggingum, með því skilorði, sem hér var greint. Einstakir hlutar af byggingum, bæði hið innra og ytra, geta og notið sjálfstæðrar

verndar, hvort sem byggingin er vernduð í heild eða ekki, t. d. sérstakar gerðir súlna eða turna, veggskreytingar, myndskreyttar rúður o. s. frv.

Kvikmyndaverk voru tekin upp í Bernarsáttmálann árið 1928 meðal verndaðra verka, sbr. 14. gr., og svo hefur einnig verið gert yfirleitt í höfundalögum, sbr. 1. gr. laga nr. 49 frá 1943. Verndin tekur til verksins sem heildar, en auk þess geta einstakir þættir þess notið sjálfstæðrar verndar, t. d. tónverk í hljómmynd. Höfundarétt að heildarverkinu öðlast þeir, sem með listrænu framlagi eiga þátt í heildarsköpun þess, og þá einkum höfundur kvikmyndahandritsins og leikstjórinn í sameiningu. Oftast fær framleiðandi kvikmyndarinnar þó með fyrirframgerðum samningi flestar þær heimildir, sem höfundarétti fylgja, svo sem rétt til eintakagerðar, birtingar og hagnaðar af afnotum. Þetta gildir þó ekki að öllu leyti um tónverk, sem notuð eru í kvikmyndum. Ákvæði um kvikmyndalist taka að sjálfsögðu einnig til mynda, sem upp eru teknar til sýninga í sjónvarpi.

Ljósmyndagerð á sér ekki langa sögu og er í nánari tengslum við tækni en hin eldri myndlist. Alþjóðleg viðurkenning er samt fengin á því, að ljósmyndaverk geti haft listgildi. Í Bernarsáttmálanum, eins og frá honum var gengið árið 1948, eru ljósmyndaverk nefnd í flokki þeirra listgreina, sem undir höfundarétt falla. Samt er ljóst, að þetta á ekki við um meginhluta ljósmynda, sem er á venjulegu iðnaðarsviði. Sumar þjóðir hafa ekki tekið ákvæði um ljósmyndagerð upp í almenn höfundalög, heldur sett sérstök lög um vernd hennar í heild án tillits til þess, hvort myndir hefðu listgildi eða ekki. Þannig hafa Norðurlandaþjóðirnar farið að í sambandi við setningu höfundalöggjafar sinnar. Vegna ákvæða Bernarsáttmálans má vernd listrænna ljósmynda þó ekki vera minni en þar er áskilið. Önnur ríki, þar á meðal Þýzkaland, hafa um langan aldur haft ákvæði um ljósmyndagerð í heild í almennum höfundalögum um vernd listaverka, en látið hana lúta nokkrum sérreglum. Er þetta enn gert í þýzku höfundalögunum frá 9. sept. 1965, og má af því ráða, að þetta fyrirkomulag hefur ekki valdið vandkvæðum í framkvæmd. Í 1. gr. gildandi laga nr. 49 frá 1943 eru ljósmyndir taldar meðal verndaðra verka, og tekur það vitanlega aðeins til listrænna ljósmynda. Þykir ekki þörf að gera breytingu á þessu, enda er þá líka fullnægt kröfum Bernarsáttmálans. Um vernd annarra ljósmynda eru svo sett sérákvæði í 49. gr., sbr. nánar umsögn um hana.

Loks er **nytjalist** nefnd sérstaklega í 2. málsgr. Hér gegnir svipuðu máli og um byggingarlist og ljósmyndalist, að meginhluti allra nytjamuna hefur ekki listrænt gildi. Nytjalist nýtur nú höfundaréttarverndar hér á landi, sbr. orðið listsmíði í 1. gr. laga nr. 49 frá 1943. Á ráðstefnunni í Brüssel árið 1948 var ákveðið, að nytjalist skyldi njóta verndar samkvæmt Bernarsáttmálanum. Í sænsku höfundalögunum er verndartímabil nytjalistar aðeins haft 10 ár, en það hefur sætt mikilli gagnrýni. Ekki skiptir máli, hvernig eintök nytjahluta eru framleidd, ef þau fullnægja skilyrðum um listrænt gildi, þ. e. hvort þau eru gerð í verksmiðjum eða handunnin.

Í lok 2. málsgr. er tekið fram, að einu gildi, á hvern hátt eða í hvaða formi verkið birtist. Sem dæmi má nefna, að bókmenntaverk nýtur jafnt verndar, hvort heldur það birtist í munnlegum upplestri, á prenti eða á hljómplötu.

Um 3. málsgr. Hér ræðir um teikningar, mótanir og þess háttar verk, sem ekki hafa listgildi og ekki geta heldur beint til bókmennta talizt, en standa venjulega í nánu sambandi við þær til fyllingar þeim eða skýringar, sbr. m. a. línurit, landabréf o. s. frv. Sams konar ákvæði var upphaflega í 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 13 frá 1905, sbr. síðar lög nr. 11 frá 1912 og nú b-lið 1. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 49 frá 1943.

Um 2. gr.

Eins og nánar verður getið í umsögn um 3. gr., er höfundum almennt veittur einkaréttur til að gera eintök af verkum sínum og til að birta þau opinberlega. Hugtökin eintakagerð og birting eru því svo mikilvæg, að rétt þykir að skýrgreina þau sérstaklega.

Um 1. málsgr. Um eintakagerð af hugverki er rætt í 1. tölul. inngangsins hér að framan, og vísast almennt til þess. Um orðalag skal þess getið, að fræðilega merkja orðin eintakagerð, eftirgerð og margföldun verks eitt og hið sama. Eins og fyrr var greint, er orðið margföldun óheppilegt. Orðið eftirgerð leiðir og hugann að því, að frumeintak sé notað til nýrrar eintakagerðar, sbr. orðið eftirprentun, eftirmyndun, eftirlíking o. s. frv. En það, sem við er átt, er eftirgerð hugverksins eða hugsmíðarinnar. Hugtakið á því bæði að ná til þess, er höfundur festir sjálfur verk sitt á efni í fyrsta sinni, t. d. skrifar handrit eða málar málverk, og allrar síðari eftirgerðar. Þykir orðið eintakagerð ná bezt þeirri hugsun, sem hér felst að baki.

Upptaka hljóma á hljómplötur, segulbönd eða önnur hljóðrit og upptaka kvikmynda á filmur er að sjálfsögðu eintakagerð, og er ekki ástæða til að geta þess sérstaklega í lögunum.

Um 2. málsgr. Útgáfa verks er ein tegund birtingar þess, eins og sjá má af 3. málsgr. Eru ýmis réttaráhrif bundin við þenna sérstaka birtingarhátt. Það er skilyrði fyrir útgáfu, að gerð hafi verið eintök af verki og almenningi veittur aðgangur að þeim í álitsverðum fjölda, eins og greinir í 3. tölul. 3. gr. Bernarsáttmálans. Meta verður hverju sinni eftir tegund verksins og öðrum aðstæðum, hvort um nægilegan fjölda sé að ræða. Útgáfa tekur einkum til bókmenntaverka og tónverka á nótum, en listaverk, t. d. málverk, teljast einnig gefin út, ef gerðar eru af þeim eftirmyndir og þær boðnar almenningi.

Ákvæði 2. málsl. 2. málsgr. er sett í samræmi við fyrirmæli í 4. tölul. 3. gr. Bernarsáttmálans, sbr. og 2. tölul. 5. gr. Rómarsáttmálans frá 1961 um vernd listflytjenda o. fl.

Um 3. málsgr. Hér er heildarskýrgreining á hugtakinu birting. Það er skilyrði, að almenningur eigi þess kost að kynna sér verkið. Bókmenntaverk og tónverk má kynna með flutningi þeirra, svo sem upplestri eða framsögu samins máls, leiksviðsverk er flutt á leiksviði, tónverk er sungið eða leikið á hljóðfæri o. s. frv. Slík kynning getur farið fram án undanfarandi eintakagerðar af verkinu. Sem dæmi um birtingu verka, sem heyra myndlist til, má nefna, að þau séu sett á opinbera listsýningu, höfð til sýnis í sýningargluggum, höggmynd komið fyrir á almannafæri o. s. frv. Svipað kemur til greina um byggingarlist og nytjalist. En auk slíkrar beinnar kynningar, sem hér var getið, telst verk jafnan birt, þegar það hefur verið gefið út, sbr. 2. málsgr. Þegar lögin tengja sérstök réttaráhrif við það, að verk hafi verið birt, er átt við fyrstu birtingu, nema annars sé getið.

Önnur kynning verka en opinber fellur ekki undir hugtakið birting. Verk telst jafnan birt opinberlega, þegar það hefur verið gefið út, flutt eða sýnt á stöðum, sem almenningur á frjálsan aðgang að, hvort heldur gegn aðgangseyri eða gjaldfrjálst, flutt eða sýnt í útvarpi, sjónvarpi o. s. frv. Hins vegar tekur þetta ekki til kynningar verka á heimilum, í lokuðum hópi fjölskyldu eða kunningja, m. a. í tækifærisveizlum o. fl. Mörkin eru hér vitanlega óglögg. Talið hefur verið, sbr. m. a. Knopf: Aandsretten, bls. 90, að ákveða verði svið einkabirtingar þröngt. T. d. beri að telja birtingu opinbera, ef hún fer fram á fundum félaga, jafnvel þó að félagatala sé takmörkuð. Almenna reglu um þetta mun vart unnt að setja, heldur verður að meta það hverju sinni, ef ágreiningur rís. Má þá hafa hliðsjón af venjum og réttarframkvæmd í löndum, þar sem löggjöf er á sama veg háttað.

Um 4. málsgr. Ákvæði þetta er sett til að taka af tvímæli um, að það skuli talin sjálfstæð opinber birting, þegar útvarpsflutningi á tónlist eða bókmenntaverki er dreift til almennings með hátalara eða á annan hátt.

Um 5. málsgr. Á síðari tímum hefur í mörgum löndum orðið að fastri reglu, að til opinberrar birtingar sé talinn flutningur verka, einkum hljómlistar, á atvinnustöðvum, þar sem margir starfsmenn vinna. Skiptir þá ekki máli, hvort verkið er flutt af listflytjanda þar á staðnum, hljómplata er leikin eða útvarpsflutn-

ingi er dreift til áheyrenda, venjulega með hátalarakerfi. Í 5. málsgr. er sett sú meðalhófsregla, að um birtingu á atvinnustöðvum, þar sem 10 menn eða fleiri vinna, skuli fara sem um opinbera birtingu. Er þetta í samræmi við venju, sem hér hefur myndazt í þessum efnum.

Um 6. málsgr. Til hægri verka er í frv. orðið útvarp látið ná bæði til hljóðvarps og sjónvarps, nema annars sé getið.

Um 3. gr.

Þess er getið í 1. gr., að höfundur hafi eignarrétt á verkum sínum. Leiðir þegar af því, að höfundur nýtur þeirra umráðaheimilda, sem almennt fylgja eignarrétti, m. a. réttar til afnota verksins og ráðstöfunar á því með löggerningi í lifanda lífi og með erfðaskrárákvæði. Réttarráð höfundar eru þó háð þeim takmörkunum, sem í lögunum greinir. T. d. fylgir eignarrétti að líkamlegum hlutum yfirleitt réttur til almennrar skuldfestingar, en svo er ekki með höfundarétt, sbr. 2. málsgr. 30. gr. Þrátt fyrir hið almenna ákvæði í 1. gr. þykir rétt að hafa í lögunum sérstakt ákvæði um rétt höfundar til eintakagerðar og birtingar, enda er þar um aðalinntak höfundaréttar að tefla.

Að því leyti sem ekki eru gerðar undantekningar, sbr. ákvæði II. kafla, nær einkaréttur höfundar samkvæmt 3. gr. til hvers konar eintakagerðar af verkum hans. Þó að höfundur hafi aðeins gert eitt eintak af verki og selt það af hendi, hefur hann, en ekki eigandi þess, rétt til eftirgerðar. Einkarétturinn nær einnig til eintakagerðar af verkum í breyttri mynd þess eða breyttum formum, t. d. að gera ljósmyndir eða eftirprentanir af málverki, upptöku tónverks á hljóðrit, útgáfu á bókmenntaverkum í þýðingum og öðrum aðlögunum, sbr. 5. gr., o. s. frv.

Í öðru lagi hefur höfundur einkarétt til að birta verk sitt, sbr. 3. málsgr. 2. gr. Gildir það bæði um fyrstu birtingu og aðrar síðar. Kynning verks fyrir almenningi skiptir mestu máli um fjárhagsleg afnot þess, og er því eðlilegt, að höfundi einum sé áskilinn réttur til slíkra aðgerða. En auk þess koma sjónarmið persónuréttar þar mjög til greina, einkum um fyrstu birtingu. Um einkarétt til birtingar gildir sama og um einkarétt til eintakagerðar, að hann nær einnig til breyttra forma af frumverkinu. Réttur höfundar nær bæði til birtingar verksins í heild og einstakra hluta þess. Hins vegar er heimil almenn frásögn af efni birts verks (referat).

Um 4. gr.

Ákvæði greinar þessarar lúta að persónuréttindum, sem varða álit höfundar og heiður í sambandi við kynningu verka hans. Eiga þau að veita höfundum tryggingu fyrir því, að verk þeirra komist óbrjáluð í hendur almenningi og að ekki sé um villt, frá hverjum þau stafa. Réttur þessi er í höfundarétti nefndur **droit moral**, sbr. og 6. gr. a Bernarsáttmálans.

Um 1. málsgr. Hér ræðir um rétt höfundar til að fá nafns síns getið, þegar verk hans er birt almenningi. Lagt er til grundvallar, að höfundum sé almennt annt um að koma orði á sig og verk sín og fá að njóta heiðurs af þeim. Nafngreining getur orðið með þeim hætti, að hún sé prentuð eða hennar getið á annan veg á eintökum, sem af verkinu eru gerð, svo sem á bókum eða hljómplötum. Er útgefanda skylt að geta þess, en þó með þeim undantekningum, sem síðar greinir. Í öðru lagi skal nafngreining fara fram, þegar verk er flutt eða sýnt opinberlega. Sem dæmi má nefna, að á hljómleikum eiga höfundar bæði lags og texta rétt til að fá nafns síns getið, á málverkasýningu ber að greina nöfn málara, þegar tónlist er flutt í útvarpi, skal geta um nöfn höfunda lags og texta og einnig greina nafn listflytjanda, sbr. 2. málsgr. 45. gr., o. s. frv.

Í 1. málsgr. segir, að nafngreining skuli fara fram, eftir því sem við getur átt. Þegar höfundur kynnir verk sín undir gervinafni, skal greina það, og er óheimilt að kynna nafn höfundar nema með samþykki hans. Ef höfundur hefur birt

verk sitt nafnlaust, verður ekki um nafngreiningu að ræða, jafnvel þó að um höfund sé vitað, enda nafnbirting þá óheimil, nema hann samþykki hana. Við sum tækifæri verður nafngreiningu ekki komið við, svo að vel fari á því, t. d. við söng og annan hljómlistarflutning í kirkjum, tilvitnanir í tækifærisræður o. fl. Verður að meta þetta eftir ástæðum hverju sinni.

Um 2. málsgr. Efni þessarar málsgr. er tvíþætt, og skal fyrst vikið að því fyrirmæli, að ekki megi breyta verki höfundar þannig, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni.

Höfundi er í 3. gr. veittur einkaréttur til að breyta verki sínu. Er öðrum því óheimil hvers konar breyting þess án samþykkis hans. Ákvæði 2. málsgr. gildir því við hlið nefnds ákvæðis 3. gr., en er að því leyti þrengra, að það nær aðeins til breytinga, sem höfundi gæti orðið vansæmd að. Hefur það og sjálfstæðu hlutverki að gegna, þar sem um það koma til greina almennar reglur persónuréttar, sbr. einkum ákvæði 3. málsgr.

Við mat á því, hvort breyting sé til þess fallin að skerða heiður höfundar, koma m. a. til greina svipuð sjónarmið og um ærumeiðingar almennt. En þar sem um höfundarheiður er að tefla, ber einnig mjög á það að líta, hvort breytingin dregur úr listgildi verksins. Í framkvæmd koma breytingar á verki höfundar helzt til sögu, þegar hann hefur veitt öðrum heimild til aðlögunar á því, sbr. 5. gr. Ef höfundur hefur t. d. heimilað, að harmleikur sé notaður til kvikmyndagerðar, mundi höfundarheiður hans vera skertur, ef leiknum væri breytt þannig, að hann fengi hamingjusaman endi. Gæti hann þá stöðvað sýningu kvikmyndarinnar þannig gerðrar. Þess má geta, að skopstælingar teljast ekki til slíkra breytinga, sem ákvæði 2. málsgr. veita vernd fyrir.

Breyting má ekki heldur vera til þess fallin að skerða höfundarsérkenni þess, sem verkið hefur samið. Gildir það bæði um form verks og efni og er óháð því, hvort breytingin yrði almennt talin vansæmandi. Sem dæmi má nefna, að rit manns, sem kunnur er að baráttu fyrir tilteknu málefni, er notað sem uppistaða í kvikmynd, sem flytur andstæðan boðskap.

Í 2. málsgr. er höfundi einnig veitt vörn gegn því, að verk hans sé birt með þeim hætti eða í því samhengi, að honum verði til vansæmdar. Ef höfundur hefur t. d. selt tilteknu útgáfufyrirtæki rétt til að birta skáldsögu sem framhaldssögu í nýju tímariti, þá gæti hann hindrað birtingu á framhaldi sögunnar, ef efni tímaritsins reynist þannig að öðru leyti, að telja mætti það til sorprita. Sama er, ef listaverki væri í listasafni valinn staður, sem telja mætti óvirðulegan, o. s. frv.

Þegar brotið er gegn ákvæðum 1. eða 2. málsgr., mundi höfundur oft eiga rétt til miskabóta, sbr. 2. málsgr. 56. gr.

Um 3. málsgr. Ákvæði þetta er í samræmi við almennar reglur um afsal persónuréttinda eða uppgjöf á þeim.

Um 5. gr.

Um 1. málsgr. Aðlaganir (adaptations) eru hér nefndar einu nafni breytingar á bókmenntaverki eða listaverki, sem fullnægja þeim skilyrðum, að hin breytta gerð verksins gegni sérstöku hlutverki við hlið aðalverksins og að hún sé árangur sjálfstæðrar, andlegrar starfsemi.

Aðlögun getur verið þannig háttað, að hún heyri til hinni sömu grein bókmennta eða lista og aðalverkið, en breytt frá upphaflegri gerð þess. Þar til teljast fyrst og fremst þýðingar bókmenntaverka á önnur tungumál. Þær eru oft gerðar af mikilli list, þó að frumleiki efnisins sé í aðalverkinu. Auk þýðinga má í þessu sambandi nefna, að skáldsaga sé endursögð í styttra og einfaldara máli sem lestrarefni handa börnum, eða tónverk sett út fyrir fleiri raddir eða fleiri hljóðfæri en höfundurinn hafði gert. Mörkin niður á við eru hér óglögg. Ýmsar breytingar, þó að nauðsynlegar geti verið, eru ekki svo mikilvægar, að þær verði taldar til aðlagana. Sviðsetning og önnur leikstjórn á leiksviðsverki er sjaldan þess eðlis, að hún

yrði álitin aðlögun á leikritinu, en í sumum tilvikum kann hún að vera svo frumleg og sjálfstæð, að leikstjórinn yrði talinn eiga höfundarétt að henni samkvæmt 5. gr.

Verki má einnig breyta frá upphaflegu formi sínu í aðra grein bókmennta eða lista. T. d. er titt, að skáldsögu sé snúið í leikrit og að kvikmyndaverk sé gert eftir skáldsögu eða leikriti. Einnig má nefna sem dæmi, að málmstunga sé gerð eftir málverki.

Í höfundalöggjöf sumra landa hefur listflutningur, t. d. söngvara, hljóðfæraleikara, leiksviðsleikara o. fl., verið talinn aðlögun á verki því, sem flutt er. Þetta hefur þó ekki hlotið almenna viðurkenningu, og eftir setningu alþjóðasáttmála um vernd listflytjenda o. fl. í Róm 1961 mun þetta vera úr sögunni. Enn síður getur upptaka tónverks á hljómplötur talizt til aðlögunar á verkinu, þó að svo hafi verið gert í dönsku höfundalögunum frá 1933, enda er frá því horfið í hinum nýju dönsku höfundalögum frá 1961.

Sá, sem framkvæmir aðlögun á verki, öðlast höfundarétt á því í hinni breyttu gerð þess, en vitanlega haggar það ekki rétti höfundar yfir aðalverkinu. Þegar þýðing eða önnur aðlögun er gerð á óvernduðu verki, er aðlagandinn einn um höfundaréttinn, en öðrum er heimil sams konar aðlögun á verkinu með sínum hætti. Ef um vernduð verk er að ræða, þarf að vísu ekki samþykki höfundar til sjálfrar aðlögunarinnar. Öllum er t. d. heimilt að þýða vernduð erlend verk til sjálfs sín nota, sbr. 11. gr. En höfundur hefur einkarétt til opinberrar birtingar á aðlögunum verka sinna. Útgáfa, flutningur í útvarp og önnur opinber birting á þýðingu verndaðs rits er því óheimil, nema samþykki höfundar komi til, og sama er að segja um hvers konar aðlaganir. Af þessu leiðir, að sérstakt réttarsamband stofnast milli höfundar og aðlaganda. Þeir verða hvor öðrum háðir um birtingarrétt á aðlöguninni með svipuðum hætti og væru þeir sameigendur að henni. Sá þeirra, sem birti aðlögun án samþykkis hins, gæti sætt viðurlögum fyrir það samkvæmt VII. kafla. En ekki mundi slíkt brot af hálfu aðlaganda leiða til þess, að hann glataði höfundarétti að aðlöguninni.

Aðlagandi nýtur um verk sitt sömu réttarráða, sem almennt fylgja höfundarétti, og með sömu takmörkunum. Hann nýtur m. a. verndar eftir 4. gr. Verndartímabil aðlögunar er hið sama sem annarra verndaðra verka, þ. e. ævi aðlaganda og 50 ár frá næstu áramótum eftir lát hans, sbr. 43. gr. Getur það því staðið lengur en verndartímabil aðalverksins.

Um 2. málsgr. Mörk aðlögunar upp á við fara eftir mati á því, hvort telja megi nýtt og sjálfstætt verk til orðið, þó að eldra verk sé að meira eða minna leyti notað sem uppistaða þess. Ef hið nýja verk er metið nýtt frumverk, fylgir því höfundaréttur samkvæmt 1. málsgr. 1. gr., sbr. og 13. gr. laga nr. 13 frá 1905. Sem dæmi úr réttarframkvæmd má benda á Hæstaréttardóma 1953, bls. 130. Þar var leikritið Valpone eftir Stefan Zweig talið sjálfstætt frumverk, en ekki aðlögun á samnefndu leikriti Ben Jonsons. Að vísu mundi niðurstaða hafa orðið hin sama, þó að verkið hefði verið metið aðlögun.

Um 6. gr.

Um 1. málsgr. Í samræmi við meginreglur höfundaréttar og erlend höfundalög nú á tímum er þeim, sem unnið hefur að samsetningu safnverks, því aðeins veittur höfundaréttur að því, að það sé árangur sjálfstæðrar, andlegrar starfsemi, en ekki einungis samsafn af handahófi. Ákvæðið tekur aðallega til bókmenntaverka, en listræn samsetning listaverka, t. d. myndlistar, getur og fallið undir það. Sem dæmi um vernduð safnverk, má nefna úrval ljóða, smásagna eða ferðasagna, lestrarbækur handa nemendum til kynningar á bókmenntum, alfræðibækur (sjálfstæð, andleg starfsemi við samsetningu er þar einkum fólgin í vali uppsláttarorða), o. s. frv. Úrval úr verkum eins höfundar getur verið safnverk í merkingu 6. gr.

Höfundarétt að safnverki fær sá, sem lagt hefur til hina andlegu starfsemi við gerð þess. Verk hans á mjög skylt við aðlögun, þar sem hér er verið að hagræða verkum annarra manna. Ef safnverk geymir eingöngu óvernduð verk, t. d. úrval ljóða frá 17. öld, er höfundur þess einn um höfundaréttinn. En séu þar einnig eða eingöngu vernduð verk, er opinber birting safnverksins háð samþykki höfundar eða höfunda hinna vernduðu verka. Gildir það einnig um síðari útgáfur safnverksins, eins og um önnur verk. Hinir einstöku höfundar halda að sjálfsögðu höfundarétti sínum að verkunum, þrátt fyrir birtingu þeirra í safnriti.

Oft er útgáfu safnrita hagað þannig, að útgefandi öðlast með samningi við þann, sem verkið vinnur, m. a. starfssamningi, ýmsar þær heimildir, sem almennt fylgja höfundarétti.

Um 2. málsgr. Um dagblöð og tímarit gegnir sérstöku máli. Útgefendur þeirra eru að jafnaði ópersónulegir aðiljar, félög eða stofnanir. Ritstjórar, sem koma og fara, ráða að vísu hverju sinni um gerð ritsins og efni, en ekki er ástæða til að láta þá, hvern um sig, fá höfundarétt að þeim árgöngum eða hlutum árganga af ritunum, sem út eru gefin í ritstjórnartíð þeirra. Í 3. gr. laga nr. 13 frá 1905 er útgefendum blaða og tímarita veittur einkaréttur á að gefa út rit þessi í einni heild sem höfundar væru. Rétt þykir að láta reglu þessa haldast, en samkvæmt niðurröðun efnis á ákvæði um hana heima í III. kafla, sbr. 40. gr. Skýrgreining á hugtakinu tímarit í 9. gr. laga nr. 57 frá 1956 gildir ekki hér, að því leyti sem þar ræðir um útgáfu rits ekki sjaldnar en tvisvar á ári.

Um 7. gr.

Verk, sem höfundaréttur fylgir, er stundum skapað af tveimur eða fleiri mönnum í sameiningu. Það á þó einkum við um leiksviðsverk. Getur slíkt samstarf verið með ýmsum hætti. Þegar unnt er að aðgreina framlögin án þess að rjúfa heildarverkið, hefur hvor eða hver höfundur sjálfstæðan rétt á sínu verki. T. d. hefur höfundur söngleikstexta höfundarétt að honum og tónskáldið að tónverkinu, þó að í flutningi söngleiksins komi báðir þættirnir fram í sameiningu. Sama er oftast að segja um myndskreytingar bóka, þar sem annar er höfundur texta, en hinn mynda. Taka ákvæði 7. gr. ekki til slíkra verka. En þegar aðgreining er ógerleg eða mundi skaða heildarverkið verulega, eignast báðir eða allir höfundarnir höfundarétt í sameiningu.

Almennar reglur um sameign á líkamlegum hlutum eiga ekki að öllu leyti við um sameign höfunda á bókmenntaverki eða listaverki, með því að persónuréttindi tengjast þar hinum fjárhagslega rétti, sbr. m. a. 4. gr. Um slíka sameign er það almenn regla, að til umráða og ráðstöfunar á verkum þarf samþykki allra samhöfundanna. Gildir það um opinbera birtingu, bæði í fyrsta sinn og síðar, breytingar á verkinu og afnot þess. Þó má vera, að synjun um fjárhagsleg afnot, einkum eftir að verkið hefur verið birt almenningi, þyki svo rakalaus, að hún eigi ekki rétt á sér, t. d. synjun um upplestur í útvarpi á bók, sem er til sölu á almennum markaði. Brot á höfundaréttinum getur hver samhöfundanna átalið sjálfstætt, enda á enginn þeirra að þurfa að hlíta því að brotinn sé á honum réttur, þó að hinir vilji sætta sig við það, e. t. v. af því, að þeir hafa ráðstafað verkinu leynt eða ljóst í bága við rétt þess, sem vill átelja brotið. Þykir ekki þörf á að taka þetta sérstaklega fram í lögunum, þar sem það er í samræmi við almennar réttarreglur, sbr. og Hæstaréttardóma 1960, bls. 512.

Ef samhöfundar hafa ekki sjálfir samið með sér um skiptingu þóknunar fyrir afnot verksins, mundi bera að ákveða þeim hlut að tiltölu við framlög þeirra, hvers um sig.

Um 8. gr.

Ákvæði greinar þessarar er ætlað að stuðla að því, að unnt sé í viðskiptum manna að henda reiður á því, hver sé höfundur tiltekins verks eða fari með fyrir-

svar höfundar. Þegar samið er um líkamlega hluti, er venjulega auðvelt að kynna sér, hvernig umráðum þeirra er háttað, sbr. og reglur um þinglýsingu eignarráða á fasteignum. Andlag höfundaréttar er hins vegar ólíkamlegt, og ytri atvik gefa yfirleitt ekki til kynna umráð þess. Þegar eintök eru gerð af verkinu, má nokkuð úr þessu bæta með nafngreiningu höfundar á þeim, og þegar verk er flutt eða sýnt opinberlega, má jafnframt kynna nafn höfundar, sbr. og ákvæði 4. gr.

Um 1. málsgr. Hér eru reglur um löglíkur fyrir því, hver sé höfundur verks, þegar nafngreining hefur farið fram á eintökum þess eða við birtingu. Ákvæðið er í hag höfundi, þar sem tekið er af honum ómak um að sanna höfundarétt sinn hverju sinni. Í reglunni felst einnig hagræði til handa viðsemjanda höfundar, sem á að geta treyst því, að hann semji við réttan umráðamann, ef engin sérstök atvik gera það tortryggilegt.

Í 15. gr. Bernarsáttmálans er sams konar regla um löglíkur, þegar höfundur er nafngreindur á eintökum verks. Í samræmi við hina nýju norrænu höfundalöggjöf eru löglíkur einnig látnar koma til, þegar nafns höfundar er getið við annars konar birtingu verks. Gervinöfn og höfundarmerki eru hér, eins og í nefndri grein Bernarsáttmálans, látin jafngilda nafngreiningu, þegar alkunna er, hver gervinafnið eða merkið notar, sbr. t. d. gervinöfnin Jón Trausti og Steinn Steinarr. Framangreindum reglum skal einnig beita um framleiðanda kvikmyndaverks, þannig að sá aðili telst framleiðandi, sem nafngreindur er sem slíkur á eintökum verksins eða lýstur er framleiðandi, þegar verkið er birt.

Um 2. málsgr. Nauðsynlegt er að hafa reglur um lögmælt fyrirsvar fyrir höfund, þegar hann er ekki nafngreindur samkvæmt 1. málsgr. Ákvæðið tekur þó aðeins til verka, sem út hafa verið gefin, sbr. 2. málsgr. 2. gr. Er útgefanda verksins þá falið fyrirsvarið. Orðið útgefandi er hér notað í sömu merkingu sem í 3. tölul. 15. gr. Bernarsáttmálans, enda er það, að því er bókmenntaverk varðar, í samræmi við 3. sbr. 10. gr. laga um prentrétt nr. 57 frá 1956. Orðið á því ekki við um ritstjóra, sem ráðnir eru af útgefanda, og enn síður um aðra menn, sem ráðnir hafa verið til að búa verk undir prentun, þó að þeir séu stundum gegn rökréttri orðmyndun og málvenju nefndir útgefendur. Sbr. og ákvæði 33.—40. gr. frv. þessa.

Útgefendur verndaðra verka hafa yfirleitt fengið útgáfurétt með samningi, sbr. 33. gr. Vegna ákvæða 2. málsgr. um lögmælt fyrirsvar, verður höfundur bundinn við gerðir útgefanda gagnvart grandlausum viðsemjanda, þó að þær brjóti í bága við fyrirmæli í útgáfusamningi, en þá getur og útgefandi sætt viðurlögum eftir almennum reglum. Er höfundur birtir nafn sitt, getur hann ef til vill komið því til leiðar, að viðsemjendur útgefanda verði ekki grandlausir um heimild hans. En gagnvart grandlausum viðsemjendum verður fyrirsvarið aðeins fellt niður með nafngreiningu höfundar á nýrri útgáfu verksins eða í tilkynningu til menntamálaráðherra.

Meðan fyrirsvar helzt, hefur útgefandi á hendi hvers konar réttarráð, sem höfundarétti fylgja, þar á meðal að leyfa afnot verksins og ráðstafa því á annan hátt með samningi, sem væri hann sjálfur höfundur. Hann getur og tekið við greiðslum, átalið brot á réttinum, þar á meðal á ákvæðum 4. gr., o. s. frv. Með því að höfundur er ókunnur, verður útgefandi persónulega bundinn við samningsgerð, og er það undantekning frá almennum fyrirsvarsreglum.

Rétt til að birta nafn höfundar á nýrri útgáfu eða með tilkynningu til menntamálaráðherra hefur höfundur einn, meðan hann lifir (persónulegur réttur), en að honum látnum handhafi höfundaréttar eða handhafar, enda séu þeir, ef fleiri eru, sammála um nafngreiningu. Jafnan er þó óheimilt að birta nafn höfundar eftir lát hans, ef hann hefur lagt bann við því í erfðaskrárákvæði samkvæmt 2. málsgr. 31. gr.

Um 9. gr.

Í 8. gr. laga nr. 13 frá 1905 er mælt, að ýmis gögn, sem þar eru talin, megi „hver gefa út sem vill“. Þessi regla er hér látin haldast um nokkurn hluta þeirra gagna, sem getið er í nefndri 8. gr., og þau gerð að öllu leyti óháð höfundarétti. Er þar um að tefla ákvarðanir eða niðurstöður löggjafarvalds, framkvæmdavalds og dómsvalds, sem annaðhvort ber að birta eða ekki skal halda leyndum fyrir almenningi. Þykir rétt, bæði vegna hins opinbera og almennings, að greitt sé fyrir kynningu slíkra gagna. Tilgreining 9. gr. á gögnum er ekki tæmandi. T. d. mundu ákvæði hennar einnig taka til þingsályktana.

Um ýmis gögn, sem getið er í 8. gr. laga nr. 13 frá 1905 er það að segja, að ekki þykir ástæða til að fella þau með öllu undan vernd laganna. Eru þau með nokkrum breytingum tekin upp í 22. gr. frv. og víðtæk takmörkun gerð á vernd þeirra. Skiptir því yfirleitt ekki miklu máli, hvort tiltekin gögn eigi að færa undir ákvæði 9. gr. eða 22. gr., en þegar vafi er, ber fremur að nota 22. gr.

Fyrirmæli 9. gr. taka aðeins til þar greindra gagna, eins og þau koma frá hendi hins opinbera. Ef úr þeim er unnið, t. d. gefið út lagasafn með skýringum, fellur slíkt verk undir vernd laganna. Sama er að segja um þýðingar á erlend mál á lögum, dómum o. s. frv., nema um opinberar þýðingar sé að ræða.

Um 10. gr.

Í ýmsum löndum hafa verið sett sérlög um vernd á mynztrum, án tillits til listgildis þeirra, en ekki hafa slík lög verið sett hér á landi.

Með ákvæðum 10. gr. er þeim mynztrum einum veitt höfundaréttarvernd, sem sameina notagildi og listrænt gildi. Í 7. tölul. 2. gr. Bernarsáttmálans er lagt á vald aðildarríkjanna, hvort og að hverju leyti þau veiti mynztrum vernd í höfundalögum.

Um II. kafla.

Eignarréttur að líkamlegum hlutum er í lögum allra þjóða háður margs konar almennum takmörkunum. Sama hefur verið um höfundarétt, frá því hann kom fyrst til sögu. Var þess og að vænta í upphafi, að verndin væri af skornum skammti, meðan enn var rótgróið í hugum manna, að afnot andlegra verka ættu að vera öllum frjáls, eftir að höfundur hafði kynnt þau. Í þessum kafla eru ákvæði um almennar takmarkanir á höfundarétti. Gætir þar mest undantekninga frá reglum 3. gr. um einkarétt höfundar til eintakagerðar af verki sínu og til að birta það almenningi. Um takmarkanir á rétti höfunda samkvæmt 4. gr. (droit moral) er yfirleitt ekki að ræða, að undanteknum ákvæðum 13. gr. Takmarkanir eru ýmist þannig, að tiltekin afnot verka eru heimiluð kvaðalaus, eða að þau eru leyfð án samþykkis höfundar, en gegn þóknun til hans (afnotakvöð, compulsory licence, tvangslån).

Ástæður til takmörkunar á verndinni eru mismunandi, og verður að því vikið í umsögn um einstakar greinar. Til grundvallar þeim öllum liggur þó það, að hagsmunir höfunda verði að þoka fyrir tilteknum, almennum hagsmunum, sem meira eru metnir. Þegar takmarkanir eru gerðar í þágu ríkisins, þykir þó ekki rétt að leyfa gjaldfrjáls afnot vegna þess eins, að með því séu ríkissjóði spöruð útgjöld. Mun slíkt hvergi tíðkast nú á tímum.

Um 11. gr.

Um 1. málsgr. Samkvæmt 3. gr. hefur höfundur einkarétt til að gera eintök af verki sínu. Frá þeirri meginreglu er hér gerð víðtæk undantekning. Leyfð er eintakagerð án samþykkis höfundar, en heimildin því skilyrði bundin, að eintökin séu aðeins höfð til einkanota. Eru því umráð yfir slíkum eintökum að miklum mun takmarkaðri en á eintökum, sem gerð eru af höfundi sjálfum eða samkvæmt heimild

frá honum og menn hafa eignazt með kaupum eða öðrum löglegum hætti, sbr. um það einkum ákvæði 24. og 25. gr.

Höfundaréttur hefur hvarvetna verið háður þeirri takmörkun, sem leiðir af einkanotum. Liggja til þess ýmis rök, og eru þau veigamest, að almenn menning er mjög undir því komin, að menn geti í einkalífi sínu tileinkað sér bókmenntir og listir, sem almenningur hefur fengið aðgang að, enda eyðist hér ekki það, sem af er tekið. Um hinn fjárhagslega rétt höfunda skiptir mestu máli, að þeim sé áskilin þóknun fyrir afnot verka sinna í atvinnurekstri eða að öðru leyti í ávinningsskyni. Fyrir menningarframlög höfunda vegna einkanota á verkunum verða þjóðfélögin að launa þeim með öðrum hætti.

Á síðustu áratugum hefur komið til sögu vandamál, sem mjög hefur verið rætt í sambandi við höfundarétt og setningu nýrra höfundalaga. Er hér átt við segulbandstæki, sem hafa gert mönnum kleift að taka upp tónlist og talað mál eftir hljómplötum eða útvarpi til afnota í heimahúsum. Almennt er viðurkennt að útbreiðsla og síaukin notkun segulbandstækja dragi úr sölu á hljómplötum og skerði þar með hag höfunda (auk framleiðenda og listflytjenda). Ekki er kunnugt, að í nokkru landi hafi enn verið sett lagaákvæði, sem banni upptöku verndaðra verka á segulbandstæki til einkanota án samþykkis höfunda, né að þeim hafi verið áskilin þóknun fyrir slíka notkun eftir reglum um afnotakvöð. Hins vegar gekk dómur í Sambandslýðveldinu Þýzkalandi hinn 18. maí 1955 á þá leið, að samkvæmt meginreglum höfundaréttar sé umrædd upptaka til einkanota á heimilum óheimil án samþykkis höfunda. Ákveðið er í þýzku höfundalögunum frá 9. sept. 1965, að ekki þurfi að leita samþykkis höfunda til segulbandsupptöku, en að þeir eigi rétt til þóknunar fyrir afnot tækjanna, þ. e. að afnotakvöð komi í stað einkaréttar samkvæmt dóminum. Meðan frumvörp til hinna norrænu höfundalaga voru á döfinni, tóku Danir einir upp í sitt frv., að eigendur segulbandstækja skyldu greiða afgjald til höfunda eftir nánari ákvörðun í reglugerð, en síðar felldu þeir ákvæði þetta niður. Leyfa öll norrænu lögin upptöku á segulbönd án samþykkis höfunda og án greiðsluskyldu. Hefur og verið talið lítt framkvæmanlegt að hafa eftirlit með einkanotkun bæði á þessu sviði og öðrum. Til orða hefur komið að leggja innflutningsgjald eða söluskatt á segulbandstæki til hagnaðar fyrir höfunda, en slík ákvæði ásamt reglum um sjóðstofnun, sem þeim væri samfara, ættu heima í sérlögum, en ekki almennum höfundalögum. Eins og þessum málum er háttað, hafa ekki verið teknar í frv. þetta neinar sérreglur um segulbandsupptöku.

Þess má einnig geta, að fundin hafa verið upp og tekin í notkun sérstök ljósmyndunartæki, sem mynda ritað og prentað mál í mjög smækkuðu formi á filmur, sem síðan má lesa af með þar til gerðum lestækjum. Hafa bókasöfnum reynzt tæki þessi hagkvæm að ýmsu leyti, en ekki er notkun þeirra orðin svo almenn, að hag bókaútgefenda sé í hættu stefnt.

Einkanot samkvæmt 1. málsgr. taka fyrst og fremst til beinna persónulegra afnota. Nefna má sem dæmi afritun kvæða úr ljóðabókum, ljósmyndun á listaverkum til geymslu í myndasafni, afrit nemenda á fyrirlestrum kennara til notkunar við námið, æfingar í að þýða erlend rit eða gera eftirmyndir eftir málverkum o. s. frv. Einnig hefur verið talið, að auk slíkra persónulegra nota séu heimil almenn afnot innan fjölskyldu og í þröngum kunningjahópi. Spurning hefur verið um, hvort þeim, sem gert hefur eintak til einkanota, sé heimilt að láta það af hendi. Því hefur almennt verið svarað þannig, að afhending sé leyfileg innan sama hóps fjölskyldu og kunningja, sem leyfa mætti afnot eintakanna samkvæmt framansögðu, en þó eingöngu til einkanota fyrir viðtakanda. Hins vegar væri gengið á rétt höfundar, ef gerð væru póstkort eftir ljósmynd af verki hans og höfð til sölu, afrit af fyrirlestri væri fjölritað og dreift meðal nemenda, eftirmynd eftir málverki höfð til sýnis opinberlega eða æfingar í þýðingu á verndaðu verki lesnar upp á almennri samkomu eða í útvarpi o. s. frv. Í 3. gr., sbr. 3. málsgr. 2. gr., er höfundum veittur

einkaréttur til að birta verk sín opinberlega, og felst ekki í 1. málsgr. 11. gr. nein undantekning frá þeirri reglu.

Hugtakið einkanot hefur ávallt verið skýrt svo, að það nái ekki til notkunar í atvinnurekstri. Undantekningar frá því hafa samt verið taldar eiga rétt á sér, ef afnotin eru algerlega persónuleg, t. d. ef læknir eða verkfræðingur afritar eða ljósmyndar kafla úr vísindariti til afnota við starf sitt. Er í 1. málsgr. leyfð eftirgerð þriggja eintaka í þessu skyni.

Heimilt er samkvæmt 1. málsgr. að gera fleiri eintök en eitt af vernduðu verki. Höfundur mundi þó hafa rétt til að hindra eintakagerð, ef hún væri framkvæmd í mun stærri stíl en tilefnið helgar.

Um 2. málsgr. Sú undantekning er gerð hér frá reglu 1. málsgr., að mannvirkjagerð er ávallt óheimil eftir vernduðu verki, sem heyrir byggingarlist til. Er auðsætt, að höfuðtilgangi með vernd byggingarlistar yrði ekki náð, ef öllum væri heimilt að koma sér upp slíkum mannvirkjum til einkanota. Ákvæðið nær aðeins til þess, að mannvirki sé gert, t. d. hús smíðað. Aðrar tegundir eintakagerðar innan sviðs einkanota eru því heimilar, svo sem eftirmyndun teikninga, smíði líkana, ljósmyndagerð o. s. frv. Eftirgerð til einkanota er einnig óheimil á verkum, sem tilheyra höggmyndalist, nytjalist eða dráttlist, ef leitað er aðstoðar annarra manna.

Um 12. gr.

Þar sem opinber bóka- og skjalasöfn eru opin almenningi til afnota, njóta þau ekki góðs af ákvæðum 11. gr. um eintakagerð verndaðra verka til einkanota. Nú á tímum er mjög mikilvægt fyrir söfnin að eiga kost á því að ljósmynda verk til notkunar í starfsemi sinni, einkum eftir að ljósmyndun í smækkuðu formi (mikrofilming) kom til sögu. Þykir því rétt að veita þeim heimild til eintakagerðar, eins og í þessari grein segir. Hagsmunir höfundar eru ekki heldur að neinu ráði skertir, ef notkun eintakanna er bundin við starfsemi innan safnanna.

Svipuðu máli og um söfn gegnir um vísinda- og rannsóknastofnanir. Þeim er það mikið hagræði að geta safnað saman, eftir því sem við á, efni úr vísindalegum verkum og sérfræðitímaritum. Er þeim því veitt sama heimild og opinberum bóka- og skjalasöfnum. Hvorki haggar þessi grein né önnur ákvæði frv. rétti Listasafns Íslands samkvæmt lögum nr. 53 frá 1961.

Lagt er á vald ráðherra að ákveða í reglugerð, hvaða stofnanir eigi að njóta réttar til eintakagerðar eftir þessari grein. Má bæði gera það með því að nefna tilteknar stofnanir og með almennri tilgreiningu. Einnig skal þá setja nánari reglur um umráð eintakanna. Ekki er heimilt að afhenda þannig gerð eintök af vernduðum verkum út fyrir stofnunina.

Um 13. gr.

Höfundur hefur samkvæmt 3. gr. einkarétt til að gera breytingar á verki sínu, og í 4. gr. er bannað að breyta verki þannig, að skert geti höfundarheiður eða höfundarsérkenni þess, sem það hefur skapað. Þegar listaverk er einungis gert til skrauts eða listnautnar, er auðvelt að koma þessum reglum við, en öðru máli gegnir, þegar það hefur jafnframt nytjagildi. Þá getur verið, að afnot þessi hafi í för með sér nauðsyn á breytingum. Getur það leitt til hagsmunaárekstrar á milli eiganda og höfundar. Að því lúta ákvæði greinar þessarar.

Um 1. málsgr. Hér ræðir um verk, sem verndar njóta eftir reglum um byggingarlist. Um breytingar ber að hafa í huga, að verndin nær aðeins til hins listræna forms verksins, og eru ýmsar aðgerðir á mannvirkinu óháðar því, t. d. að jafnaði breytingar á herbergjaskipun innan húss. En þegar breytingin hefur áhrif á hið listræna form, verður að meta hverju sinni, hvort meira má sín tillitið til hagsmuna höfundar, og þá einkum réttar hans eftir 4. gr., eða tillit til hagsmuna eiganda, sem venjulega eru fjárhagslegs eðlis. Við matið kemur m. a. til greina,

hvort eiganda er unnt að bæta úr þörf sinni með öðrum hætti, og hver kostnaðarauki honum yrði að því. Ekki er réttur eiganda samkvæmt 1. málsgr. við það bundinn, að nota eigi mannvirkið eftir upphaflegu hlutverki þess.

Um 2. málsgr. Breyting muna, sem heyra nytjalist til, er hér gerð frjáls og óháð höfundi. Oft er þar um fjöldaframleiðslu að ræða, og hefur meðferð einstakra muna þá yfirleitt engin áhrif á rétt höfundar til verksins sjálfs.

Hvergi mun í höfundalögum lagt bann við því, að eigandi eintaks af listaverki ónýti það eða eyði því, og eru engin ákvæði þess efnis tekin upp í frv. Eiganda byggingar, sem háð er höfundarétti, er því heimilt að láta fara fram niðurrif á henni.

Sams konar ákvæði og hér eru í 13. gr. hafa verið tekin upp í lög ýmissa Bernarsambandsríkja, og er ekki talið, að þau brjóti í bága við fyrirmæli 6. gr. a í sáttmálanum.

Um 14. gr.

Í sjálfstæðum ritverkum er oft þörf á að vitna til eldri rita, þar á meðal verndaðra verka. Gildir þetta einkum um vísindaleg verk, gagnrýni og almenna bókmenntakynningu. Af þessum sökum hefur í höfundarétti ávallt verið talið óhjákvæmilegt að leyfa tilvitnanir í birt verk höfunda án samþykkis þeirra. Hitt hefur þótt meiri vandkvæðum bundið, hverjum takmörkunum tilvitnunarréttur eigi að vera háður. Tilvitnanir varða aðallega bókmenntaverk og tónverk, en þær koma einnig til greina um fleiri tegundir verndaðra verka. Þó er auðsætt, að rétti höfunda myndlistar væri oftast misboðið, ef aðeins væri birt mynd af hluta verks, en ekki af því í heild. Eru í 2. og 3. málsgr. sérreglur, sem að slíkum listaverkum lúta,

Um 1. málsgr. Hér er þess getið, að tilvitnanir séu heimilar í sambandi við gagnrýni, vísindi og almenna kynningu, en sú upptalning er ekki tæmandi. Aðalatriðið er það, að tilvitnun helgist af réttmætum tilgangi, þ. e. að ástæðan til hennar sé slík, að viðurkenna megi hana við framkvæmd laganna. Auk þeirra dæma, sem nefnd eru, hafa tilvitnanir m. a. verið taldar eiga rétt á sér til að krydda með ræður og ritgerðir við sérstök tækifæri. Ekki mun hafa verið amazt við því, þó að stuttar tilvitnanir hafi verið notaðar í blöðum og tímaritum án beins sambands við meginmál, svo sem þegar tínd eru saman spakmæli eða hnyttiyrði um tiltekin efni úr ýmsum ritum, tilvitnun notuð sem einkunnarorð fyrir ritgerð o. s. frv. Ávallt er það þó skilyrði, að tilvitnun sé ekki að ráði víðtækari en hæfa þykir eftir tilganginum. Ef teknir væru upp kaflar úr verndaðu riti að óþörfu eða til að spara blaði eða tímariti útgjöld, væri með því gengið á fjárhagslegan rétt höfundar.

Í öðru lagi er þess krafizt, að rétt sé með efni farið. Í því felst, að tilvitnun verður að vera gerð á tilhlýðilegan hátt og í samræmi við góðar venjur á sviði höfundaréttar. Lýtur þetta einkum að höfundarheiðri, sbr. 4. gr., svo sem að ekki má gefa tilvitnun rangt innihald með því að slíta hana úr samhengi eða afbaka hana.

Ýmsir fræðimenn hafa talið það felast í sjálfu hugtakinu tilvitnun (citat), að ekki megi birta verk í heild, heldur aðeins hluta úr því. Höfundalög sumra landa hafa verið í samræmi við þetta, en önnur hafa leyft, að stutt kvæði eða lög séu tekin í heild upp í tilvitnun, sbr. t. d. dönsku höfundalögin frá 1933. Í þýzkum höfundalögum er upptaka einstakra kvæða eða tónsmíða, ef smá eru, leyfð í vísindalegum verkum eingöngu (Grosse Zitat), en í öðrum ritum er aðeins heimilað að taka hluta af verki upp í tilvitnun (Kleine Zitat). Í norrænu höfundalögunum er ekki tekin bein afstaða til þessa atriðis, en í greinargerð danska frv. er gert ráð fyrir, að almennt sé óheimilt að taka verk í heild upp í tilvitnun, en undantekningar ætti þó að mega gera, t. d. um smákvæði í sambandi við vísindaleg rit eða gagnrýni. Í a-lið 15. gr. laga nr. 13 frá 1905 er leyft „að taka einstaka kafla úr útgefnum ritum annarra upp í önnur rit, sem samkvæmt aðalefni sínu eru fullkomlega sjálfstæð". Í frv. þessu er ekki, fremur en í norrænu lögunum, tekin bein afstaða til þessa máls,

og útilokar ákvæði 1. málsgr. því ekki, að í framkvæmd laganna yrði leyfð upptaka smárra kvæða eða tónsmíða í heild í tilvitnunum, ef það þykir við eiga.

Um 2. málsgr. Hér er leyfð birting mynda eða teikninga af birtum listaverkum, þegar eins stendur á og áður segir um tilvitnanir í ritum. Sá munur er þó gerður samkvæmt eðli málsins, að gert er ráð fyrir því, að slíkar myndir yrðu að jafnaði birtar í heild.

Um 3. málsgr. Hér er ákveðið, að þegar tilgangur með birtingu mynda eða teikninga er almenn kynning lista, þá skuli höfundur eiga rétt til þóknunar, ef birtar eru myndir af tveimur verkum hans eða fleiri. Slík kynning fer einkum fram í blöðum og tímaritum, og þykir ekki ástæða til, að höfundar leggi þeim til gjaldfrjálst efni. Þar sem ekki þarf að leita samþykkis höfundar til birtingarinnar, er hér um afnotakvöð að ræða.

Um 15. gr.

Efni þessarar greinar er að greiða fyrir almennri fréttaþjónustu blaða og útvarps, að því er varðar dægurviðburði og dægurgreinar um þjóðmál.

Um 1. málsgr. Í 16. gr. laga nr. 13 frá 1905 var blöðum og tímaritum leyfð eftirprentun á hvers konar greinum úr öðrum blöðum og tímaritum, ef þess var ekki getið, að eftirprentun væri bönnuð. Með 2. gr. laga nr. 74 frá 1947 var heimildin þrengd í samræmi við 2. tölul. 9. gr. Bernarsáttmálans, þannig að hún nær nú aðeins til greina um hagfræðileg efni, stjórnmál eða trúmál. Eru þessi ákvæði tekin upp hér og jafnframt látin ná til útvarps.

Um 2. málsgr. Blöðum, tímaritum og útvarpi er hér veitt rýmri heimild en leiðir af ákvæðum 2. málsgr. 14. gr. til birtingar mynda af listaverkum án samþykkis höfunda. Þó verður að gæta þess skilyrðis, að birting myndar sé í nægilega nánu sambandi við frásögn af dægurviðburði. Undantekningin í síðara málslið er gerð til að spilla ekki atvinnu þeirra, sem framleiða myndir til birtingar í blöðum eða tímaritum.

Um 3. málsgr. Ákvæði þetta er sett í samræmi við 10. gr. a Bernarsáttmálans. Í frásögn um dægurviðburðinn eða sýningu hans verður hlutur verksins að vera aukaatriði. Ella verður að leita samþykkis höfundar og greiða honum þóknun eftir venjulegum reglum. Undir ákvæði 3. málsgr. falla allar tegundir verndaðra verka.

Um 16. gr.

Um 1. málsgr. Réttur höfunda er ekki látinn standa því í vegi, að mönnum sé frjálst að taka myndir utan húss og birta þær, þó að vernduð listaverk, sem þar hefur verið valinn fastur staður, verði með á myndinni eða jafnvel aðalefni hennar. Gildir einu, hvort listaverkið er í opinberri eign eða einkaeign. Ekki nær heimildin til að gera líkan af slíku listaverki nema til einkanota, sbr. 11. gr. Í samræmi við meginreglur höfundaréttar er höfundi áskilinn réttur til þóknunar, ef myndir af listaverki eru hagnýttar í ávinningsskyni, t. d. með sölu póstkorta af þeim. Birting slíkra mynda í blöðum, tímaritum eða útvarpi þykir þó ekki vera slíkt atvinnuatriði, að ástæða sé til að láta ákvæði um greiðsluskyldu ná til þeirra.

Um 2. málsgr. Ástæður til þessa ákvæðis eru hinar sömu, sem um ræðir í 1. málsgr., enda nær það aðeins til mynda, sem teknar eru af byggingum utan frá. Ekki veitir ákvæðið rétt til birtingar á teikningum eða líkönum af mannvirki, sem nýtur verndar eftir reglum um byggingarlist.

Um 17. gr.

Um 1. málsgr. Með gr. þessari er lögð sú afnotakvöð á vernduð verk höfunda, að leyft er að taka án samþykkis þeirra verk eða hluta af verkum í safnverk, sbr. 6. gr., sem ætluð eru til notkunar við guðsþjónustu, skólakennslu eða útvarpskennslu. Ákvæði um þetta efni eru nú í b-lið 15. gr. laga nr. 13 frá 1905, en á þeim eru gerðar nokkrar breytingar, eins og hér skal rakið. Sbr. og 2. tölul. 10. gr. Bernarsáttmálans.

Gert er að skilyrði fyrir heimildinni, að í safnverki séu verk eða kaflar úr verkum margra höfunda. Er því óheimilt að gefa út t. d. úrval úr verkum eins höfundar eða fárra.

Heimildin tekur, eins og í gildandi lögum, til skólabóka. Verða bækurnar því að vera gefnar út í því skyni, að þær séu notaðar við kennslu í opinberum skólum, hærri eða lægri, eða einkaskólum. Hins vegar er hér felld niður heimild gildandi laga um upptöku verndaðra verka í almennar lesbækur, svo sem úrval sönglagatexta o. fl.

Heimildin um upptöku verndaðra verka í safnverk til notkunar við guðsþjónustu og útvarpskennslu er nýmæli.

Þá er það og nýmæli, að taka megi með í safnverk án samþykkis höfundar myndir eða teikningar af listaverkum o. fl. í sambandi við meginmál ritanna.

Biðtíminn, frá því að verk kom út og þangað til taka má það eða hluta af því í safnverk, er hér ákveðinn 5 ár, en er nú 2 ár, sbr. b-lið 15. gr. laga nr. 13 frá 1905.

Um 2. málsgr. Ákvæði þetta er nýmæli. Á höfundur ekki að þurfa að hlíta því, að verk hans sé að honum forspurðum tekið upp í safnrit, sem dregið getur úr sölu hans eigin rita.

Um 3. málsgr. Safnverk þau, sem grein þessi fjallar um, eru ekki þess eðlis, að ástæða sé til að skylda höfunda til að leggja þeim til efni án greiðslu.

Um 18. gr.

Eftir að upp voru fundin handhæg tæki handa almenningi til upptöku hljóma og endurflutnings, hafa þau, einkum segulbandstækin, víða erlendis verið tekin til notkunar í skólum til að auðvelda og bæta kennslu í ýmsum námsgreinum, og þó sérstaklega tungumálakennslu. Eru ákvæði, sem að þessu lúta, tekin í ýmis ný höfundalög. Er og auðvelt að haga framkvæmd þannig, að ekki verði hag höfunda til hnekkis.

Hér skiptir ekki máli önnur upptaka en á vernduðu efni. Er þess þá fyrst að geta, að í 2. málsgr. er gert óheimilt að taka upp efni af hljómplötum eða öðrum hljóðritum, sem eru til sölu á almennum markaði, svo að upptakan spilli ekki fyrir sölu þeirra. Ná ákvæði greinarinnar því aðallega til hljóðritunar á efni, sem í útvarpi er flutt. Oft getur verið hagkvæmt að taka þannig upp útvarpsefni, sem sérstaklega er ætlað skólum eða flutt til kennslu, og endurflytja það á þeim tímum, sem bezt hentar hverjum skóla fyrir sig samkvæmt stundaskrá hans. Líka getur komið sér vel að endurtaka sama efni mörgum sinnum. Og þó að ekki sé um skólaútvarp að ræða, getur upptaka annars efnis orðið nemendum að miklum notum, t. d. að heyra lestrarlag góðra upplesara, framburð erlendra manna, sem í útvarp tala á sínu tungumáli, o. s. frv. Hér hefur höfundur fengið greiðslu fyrir flutninginn frá útvarpsstofnuninni, og skiptir hann litlu máli, þó að efni sé endurflutt innan skólans.

Greinin heimilar aðeins bráðabirgðaupptöku, en ekki gerð varanlegra hljóðrita. Og ekki má nota hljóðritin nema í kennsluskyni. Er fræðslumálastjórn (þ. e. menntamálaráðuneyti) falin framkvæmd og forsjá þessara mála.

Um 19. gr.

Fyrri málsl. miðar að því að greiða fyrir útgáfu á bókum með blindraletri og þarfnast ekki skýringar. Síðari málsl. lýtur að því, að í heyrnar- og málleysingjaskólum þykir hentugt að ljósmynda lestrarefni á filmur og sýna það í stækkuðu formi á tjaldi til afnota við kennsluna.

Um 20. gr.

Tíðkazt hefur í höfundalögum að gera tilteknar takmarkanir á einkarétti ljóðskálda til eintakagerðar og birtingar á verkum sínum í þágu tónlistar og til að efla útbreiðslu hennar. Eru takmarkanir þessar mismunandi víðtækar í höfundalögum.

Í c-lið 15. gr. laga nr. 13 frá 1905 eru nú ákvæði um þetta efni. Þar er meðal annars heimilað að prenta án samþykkis höfundar „áður útgefin kvæði sem texta, þegar sönglög eru gefin út". Samsvarandi ákvæði er ekki tekið í frv. þetta, og þykir rétt að gera grein fyrir ástæðum til þess. Fyrir ákvæðinu hafa að jafnaði verið færð þau rök, að tónsmíðar séu oft í svo nánum listtengslum við texta þann, kvæði eða ljóð, sem þau eru gerð við, að ekki megi rjúfa það samband. Hagsmunir ljóðskáldsins eigi ekki að standa í vegi fyrir opinberri kynningu lagsins. Þessi rök eru mjög einhliða. Ef litið er til hagsmuna höfundar ljóðsins, þá er auðsjáanlega nærri honum gengið með því að gera hann varnarlausan fyrir útgáfu ljóðs hans í sambandi við lag, sem kann að vera því ósamboðið. Með slíkri heimild er opnuð leið til þess, að ljóð þjóðskálda séu að þeim forspurðum gefin út sem texti við léleg dægurlög á nótnaheftum eða hljómplötum. Á það er einnig að líta, að oftast mundu ljóðskáld leyfa útgáfu texta ásamt lagi, sem honum hæfir.

Í stað slíkrar eintakagerðar af ljóði og lagi sameiginlega, sem hér var getið, er í 20. gr. veitt heimild til að nota einstök kvæði eða kafla úr stærri verkum ljóðskálda án samþykkis þeirra, þegar lög eru sungin opinberlega á hljómleikum. Er tónskáldinu þá veittur kostur á að koma lagi sínu á framfæri í sambandi við ljóðið. Ákvæðið er þó ekki við það bundið, að lagið hafi verið samið við ljóðið, og má því á hljómleikum m. a. nota yngra ljóð við eldra lag. Þá er látin haldast heimild í c-lið 15. gr. laga nr. 13 frá 1905 til að prenta á söngskrár án samþykkis höfundar þau kvæði eða hluta af ljóðum, sem á hljómleikum eru sungin. Prentunin verður þó að vera án nótna, því að rétt þykir að sporna við útgáfu ljóðs og lags sameiginlega án samþykkis réttra hlutaðeigenda. Með því að hljómleikar eru venjulega haldnir í ávinningsskyni, er höfundi söngtexta áskilinn réttur til þóknunar.

Um 21. gr.

Í 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 49 frá 1943 er leyfður opinber flutningur bókmenntaverka og tónverka í ýmsum tilvikum án samþykkis höfunda og án greiðslu til þeirra. Ákvæðin í 1. og 4. tölul. um flutning við guðsþjónustu og fræðslustarfsemi eiga ekki beina hliðstæðu í gildandi lögum, en efni þeirra mundi að sumu leyti falla undir almenn ákvæði í 2. gr. laga nr. 49 frá 1943. Samsvarandi ákvæði eru í hinum nýju norrænu höfundalögum. Í Bernarsáttmálanum eru engar reglur, sem svara til efnis þessarar greinar, en í aðalgreinargerð fyrir honum í Brüssel 1948 er þess getið, að heimilt sé að setja slíkar reglur í höfundalög aðildarríkjanna.

Ákvæði greinarinnar eiga ekki við um öll vernduð verk, heldur aðeins bókmenntaverk og tónverk. Leiksviðsverk eru þó undanskilin. Þykir ekki rétt að leyfa flutning þeirra án samþykkis höfunda í þeim tilvikum, sem greinin fjallar um, með því að miklu máli skiptir um fjárhagsleg afnot slíkra verka, hvar og hvenær leiksýningar fara fram, t. d. að sjónleikur sé ekki sýndur samtímis á fleiri stöðum en einum í sama bæ eða borg. Ákvæði greinarinnar taka að sjálfsögðu ekki til kvikmynda.

Flytja má að frjálsu þau ein verk, sem út hafa verði gefin, sbr. 2. málsgr. 2. gr. Það nægir því ekki, að verk hafi verið birt með öðrum hætti, svo sem með flutningi einum saman á samkomum, í útvarpi o. s. frv.

Greinin heimilar ekki eintakagerð að neinu leyti og því ekki heldur rétt til útgáfu verks.

Ákvæði 1. tölul. eiga við um almenna fræðslustarfsemi í skólum og útvarpi. Höfundi ber þóknun, ef greitt er sérstaklega fyrir flutninginn. Aftur á móti ber höfundum ekki þóknun, ef ekki kemur sérstök greiðsla fyrir kynninguna, svo sem þegar kennari annast hana, útvarpstónlist er dreift í skólum eða hljómplötur þar leiknar.

Ákvæði 2. tölul. gilda um samkomur, þar sem aðgöngueyrir er tekinn, en haldnar eru í sérstökum tilgangi, eins og þar greinir. Gert er að skilyrði, að listflytjendur taki ekki laun fyrir flutninginn.

Fyrirmæli 3. tölul. eru tekin óbreytt úr gildandi lögum að efni til. Það skilur aðallega 2. og 3. tölul., að í 3. tölul. er gert að skilyrði, að ekki sé um samkomu í ávinningsskyni að ræða. Þó má taka aðgöngueyri, ef hann er ekki hærri en svarar beinum tilkostnaði. Hér gildir einnig það skilyrði, að listflytjendum sé ekki greidd þóknun.

Í 4. tölul. er heimilaður opinber flutningur verka við guðsþjónustu og aðrar kirkjulegar embættisathafnir. Undir ákvæðið fellur einnig útvarp á greindum athöfnum, og ekki skiptir máli, þó að þær fari fram eftir beiðni einstaklinga, t. d. kirkjubrúðkaup eða jarðarfarir. Hins vegar nær ákvæðið ekki til sjálfstæðra kirkjuhljómleika. Höfundum er hér áskilin þóknun, enda eru afnot af verkum höfunda sálma og sálmalaga að mestu bundin við kirkjuathafnir.

Um 22. gr.

Þess er getið í umsögn um 9. gr., að ákvæðum 8. gr. laga nr. 13 frá 1905 sé í frv. þessu skipt á milli 9. og 22. gr. Eru verk, sem falla undir 9. gr., gerð algerlega óháð höfundarétti, en hér í 22. gr. er verndin mjög takmörkuð, en höfundum þó áskilinn réttur til safnverka, sbr. 3. málsgr., auk þess sem þeir njóta um verk sín verndar 4. gr., sbr. 26. gr. Í 2. gr. a í Bernarsáttmálanum er leyft að setja í höfundalög þær takmarkanir á höfundarétti, sem hér greinir.

Um 1. málsgr. Hér ræðir um samkomur, sem haldnar eru af opinberri hálfu og fulltrúar eru til kjörnir, svo sem Alþingi, sveitarstjórnarfundi, Kirkjuþing o. fl. Hins vegar nær heimildin ekki til þess, er sérstakir embættismannaflokkar koma saman til að ræða málefni stéttar sinnar, t. d. á prestastefnu, dómarafélagsfundum o. s. frv. Undir ákvæðið falla enn síður samkomur, sem eru einkaeðlis, t. d. samkomur verkalýðssambanda eða atvinnurekendasambanda.

Ekki er heimilt að birta aðrar umræður en þær, sem fram fara á opnum fundum, og ekki önnur gögn, þótt fram séu lögð, en þau, sem fundarstörf varða og talizt geta beinn þáttur í þeim. Er því ekki heimilt að birta gögn í heild, sem háð eru höfundarétti annars en þess, sem leggur þau fram, t. d. álitsgerð til rökstuðnings framkominnar tillögu, en vitanlega má sem ella segja almennt frá efni þeirra, sbr. umsögn um 3. gr.

Þá er og í 1. málsgr. fylgt dæmi erlendra höfundalaga og Bernarsáttmálans svo og alþjóðlegri venju um frjálsa birtingu þess, sem fram fer á opnum dómþingum.

Ekki þykir rétt að heimila frjálsa eintakagerð eða birtingu á verkum, sem fyrir koma í starfsemi opinberra starfsmanna á sviði framkvæmdarvalds, fram yfir það, sem í 9. gr. er ákveðið. Er ógerlegt að greina þar almennt á milli þess, sem varðar einstaklinga og opinbera hagsmuni.

Um 2. málsgr. Heimild 1. málsgr. er hér látin gilda um samkomur, sem ekki þurfa að vera haldnar af opinberri hálfu, en geta verið það. Sett er það skilyrði, eins og í 1. málsgr., að almenningur eigi aðgang að samkomunni. Ef svo er eigi, en t. d. blaðamönnum boðið, hafa þeir aðeins heimild til að segja almennt frá efni umræðna, en ekki til að birta þær í heild, nema það sé leyft sérstaklega. Í 8. gr. laga nr. 13 frá 1905 er birtingarheimildin látin ná til umræðna á hvers konar samkomum, sem almenningur á aðgang að, en hér er gerð sú takmörkun, að umræður fari fram um málefni, sem varða almenna hagsmuni, hvort heldur í víðtækum skilningi, t. d. um stjórnmál á opinberum þingmálafundum, eða um sérstök málefni, t. d. flugmál, aðflutningsbann á áfengi o. s. frv. Ef stofnað er til sams konar umræðna í útvarpi, má og birta þær, t. d. kosningaræður stjórnmálaflokka og dagskrárathuganir, þar sem stefnt er saman mönnum undir fundarstjórn til að ræða almenn málefni.

Um 3. málsgr. Um rétt þann, sem hér er áskilinn, gilda almennar reglur um safnverk, sbr. umsögn um 6. gr. Samkvæmt 2. gr. a (3) í Bernarsáttmálanum er aðildarríkjunum ekki heimilt að svipta höfunda þeim rétti, sem hér greinir.

Um 23. gr.

Um 1. málsgr. Hér eru tekin upp óbreytt að efni ákvæði 1. málsgr. 2. gr. laga nr. 49 frá 1943 um heimild útvarpsstofnunar til flutnings á bókmenntaverkum og tónverkum án samþykkis höfunda, ef fullnægt er sérstökum skilyrðum, m. a. um greiðslu fyrir flutninginn. Slík ákvæði um afnotakvöð eru talin heimil samkvæmt 11. gr. a (2) Bernarsáttmálans. Þess skal getið, að reglur gildandi laga um þetta efni, sem hér er gert ráð fyrir að haldist, eru víðtækari en samsvarandi ákvæði í norrænu höfundalögunum. Þar er gert að skilyrði, að samningar hafi tekizt milli útvarpsstofnunar annars vegar og stéttarsambanda höfunda hins vegar, og nær afnotakvöðin þá aðeins til höfunda, sem standa utan stéttarsambandanna. Ekki þykir næg ástæða til að þrengja heimild útvarpsstofnana frá því, sem nú gildir. Er ekki heldur líklegt, að í framkvæmdinni verði almennt notuð víðtækari afnotakvöð en annars staðar á Norðurlöndum, því að ætla má, að hér verði höfð sama skipan og þar um samninga útvarpsstofnana við stéttarsambönd höfunda. Ber þá að fara eftir samningunum í samskiptum við félagsbundna höfunda, en eftir afnotakvöðinni, að því er tekur til hinna ófélagsbundnu.

Síðasti málsl. 1. málsgr. er nýmæli. Þykir ekki rétt að láta afnotakvöðina taka til leiksviðsverka af sömu ástæðum sem um slík verk greinir í umsögn um 21. gr. Þá telst og rétt að leyfa höfundum að leggja bann við flutningi tiltekinna verka, sbr. meginregluna í 4. gr. Gildir það einnig um höfunda, sem að allsherjarsamningum standa.

Um 2. málsgr. Almennt er viðurkennt, að útvarpsstofnunum sé nauðsynlegt vegna starfsemi sinnar að hafa heimild til bráðabirgðaupptöku til sjálfs sín nota, Eru ákvæði 2. málsgr. um þetta í samræmi við ákvæði í 11. gr. a (3) Bernarsáttmálans og 2. tölul. 7. gr. Rómarsáttmálans frá 1961 um vernd listflytjenda o. fl.

Um 24. gr.

Grein þessi fjallar um eignarumráð á **eintökum** af bókmenntaverkum og tónverkum. Um eintök af listaverkum er rætt í 25. gr.

Í höfundarétti er viðurkennt, að almennt eigi eigandi eintaks af bókmenntaverki eða tónverki, t. d. bók, nótnahefti eða hljómplötu, að hafa sömu eignarréttarheimildir að því sem hverjum öðrum líkamlegum hlut, enda virði hann sem aðrir einkarétt höfundar til eintakagerðar og opinbers flutnings á verkinu. Spurning hefur einkum risið um afstöðu höfunda til útlána á bókum til almennings frá opinberum bókasöfnum, en um það gilda nú lög nr. 22/1963.

Útleiga frá verzlunum á bókum, hljómplötum eða öðrum eintökum bókmenntaverka eða tónverka hefur ekki tíðkazt hér. Þykir því ekki ástæða til að setja reglur, sem þar að lúta, í frv. þetta. Þó er í 2. málsl. tekin upp regla um útleigu og útlán tónverka á nótum. Sú regla er á því reist, að tónverk séu yfirleitt gefin út í mjög litlu upplagi, og mundi það spilla tilfinnanlega fyrir sölu slíkra eintaka, ef útleiga eða útlán á þeim til almennings væri heimiluð.

Um 25. gr.

Reglur um eignarumráð á eintökum listaverka, t. d. málverka og höggmynda, hljóta að sumu leyti að verða með öðrum hætti en á eintökum bókmenntaverka og tónverka, sbr. 24. gr. Um listaverk er títt, að af þeim er gert aðeins eitt eintak, og jafnvel þó að eintök séu fleiri, hafa eftirmyndanir oft ekki sama gildi og frumverkið. Sá, sem eignast eintak af listaverki, öðlast ekki þar með höfundarétt að því. Hins vegar fær hann venjuleg eigandaumráð yfir eintakinu, sem þó eru háð tilteknum takmörkunum vegna höfundaréttar í höndum annars aðilja. Svo getur einnig verið, að eiganda listaverks séu veittar rýmri heimildir en öðrum mönnum til eftirmyndunar af því, sbr. 2.—4. málsgr. Þegar um þetta eru settar reglur, verður að taka tillit til hagsmuna beggja, höfundar og eiganda eintaksins, og láta

ríkari hagsmuni ganga fyrir þeim, sem veigaminni eru, eins og venja er til. En við slíkan samjöfnuð verða menn ekki alltaf á einu máli, enda er úr þessu efni leyst með mismunandi hætti í höfundalögum.

Um 1. málsgr. Hér eru aðalákvæði um ráðstöfunarrétt á listaverkum. Tekið er fram, að eiganda eintaks af listaverki sé heimilt að láta það af hendi. Honum er því frjáls sala þess, lán eða leiga, nema annað hafi verið áskilið, er hann eignaðist það, eða hömlur á afhendingu séu ákveðnar í lögum, sbr. 9. og 10. gr. í lögum um Listasafn Íslands nr. 53 frá 1961.

Það er alkunna, að verk ýmissa frægra listamanna hafa verið lítils metin í upphafi listaferils þeirra og stundum lengur. En þegar augu manna opnuðust fyrir listagildi verkanna, stigu þau í verði, og rann þá ágóðinn af verðhækkuninni í vasa þeirra, sem listaverkin höfðu keypt af höfundi á sínum tíma fyrir lítið fé. Til þess að rétta að nokkru hlut höfunda, þegar þannig hefur staðið á, hafa nokkur lönd tekið upp í höfundalög sín ákvæði um, að þegar listaverk eru seld á opinberu uppboði, skuli tiltekinn hluti söluverðs, allt að 6% renna til höfundarins eða annarra handhafa höfundaréttar. Hefur þessi réttur verið nefndur fylgiréttur (droit de suite). Sum lönd, svo sem Frakkland og Belgía, láta hlut höfundar vera óháðan því, hvort listaverkið hefur hækkað í verði frá síðustu sölu, en önnur, svo sem Ítalía, veita höfundi aðeins hlutdeild í verðhækkun verksins. Í 14. gr. b í Bernarsáttmálanum er gert ráð fyrir, að aðildarríkin kunni að setja slík fylgiréttarákvæði í höfundalög sín, en ekki er þeim gert skylt að gera það. Ákvæði um fylgirétt hafa ekki verið tekin upp í norrænu höfundalögin, enda telja nefndir þær, sem unnu að undirbúningi laganna, reynslu hafa sýnt, að fyrirkomulag þetta hafi orðið höfundum að litlum notum í þeim löndum, sem hafa lögfest það. Eins og sölu listaverka er háttað hér á landi, virðist ekki vera næg ástæða til að taka ákvæði um fylgirétt upp í lögin.

Fyrirmæli 1. málsgr. hagga ekki við einkarétti höfundar til að gera breytingar á verkum sínum, sbr. og 4. gr. Eiganda listaverks er því óheimilt að gera breytingu á því í öðrum tilvikum en þeim, sem getur í 13. gr.

Í 3. gr. er höfundi veittur einkaréttur til að sýna verk sín opinberlega. Er þá spurning um, hvort eða að hverju leyti þessi réttur hans á að sæta takmörkunum vegna afhendingar listaverks í hendur annars aðilja. Í flestum höfundalögum, þar á meðal hinum norrænu, er eiganda listaverks veittur ótakmarkaður réttur til að sýna það opinberlega, m. a. á listsýningum. Í c-lið 1. gr. laga nr. 49 frá 1943 er gagnstæð regla. Höfundur er þar látinn halda óskertum rétti til að sýna listaverk opinberlega, í hvaða skyni sem það er, þó að það sé í einkaeign. Undantekning er aðeins gerð um einkasöfn, sem opin eru almenningi samkvæmt staðfestri reglugerð. Auðsætt er, að þessi regla gildandi laga er of víðtæk. Ekki er ástæða til að meina eiganda að sýna listaverkið hverjum þeim, sem þess óskar, enda væri hann við því yfirleitt ekki höfundum í hag. Af söluheimild eiganda leiðir einnig, að hann verður að hafa rétt til að auglýsa það og kynna í söluskyni, m. a. með því að hafa það til sölu í listmunaverzlunum eða á listmunauppboðum. Um kynningu listaverka á listsýningum koma þó sérstök sjónarmið til greina. Um það hefur eigandi venjulega lítilla eða engra hagsmuna að gæta. Hins vegar skiptir höfund mjög miklu máli, hvernig fer um val verka hans á opinberar listsýningar, innanlands eða utan, þar sem listrænt gildi verka hans er metið og samanburður gerður á þeim og verkum annarra listamanna. Höfundur á ekki að þurfa að hlíta því, að slíkt val sé í höndum óviðkomandi aðilja, e. t. v. lítt vinveittra og með ólíkar listskoðanir. Ákvæði 4. gr. veita honum hér engan veginn nægа vernd, þar sem breitt bil er á milli þess, hvort höfundur telur heppilegt að setja tiltekið verk á listsýningu og hvort sýning þess yrði talin honum til vansæmdar.

Samkvæmt því sem að framan segir, er í 1. málsgr. gert að aðalreglu, að eigandi listaverks hafi rétt til að kynna það almenningi, en einkaréttur höfundar látinn

haldast um listsýningar. Sá einkaréttur er þó ekki látinn ná til listasafna, sem opin eru almenningi samkvæmt staðfestri reglugerð. Er eiganda þá einnig heimilt að afhenda slíkum söfnum listaverkið. Það skal tekið fram, að þó að höfundur hafi einkarétt til að kynna verk sín á listsýningum, þá leiðir ekki af því, að eiganda sé skylt að láta listaverk af hendi í því skyni, nema svo hafi verið um samið. Sama er að segja um afhendingu þess til að gera eftirmyndir af því.

Um 2.—4. málsgr. Hér eru gerðar smávægilegar undantekningar frá einkarétti höfundar til eintakagerðar. Lúta þær eingöngu að myndatöku, en ekki öðrum tegundum eftirgerðar.

Um 5. málsgr. Í þessari málsgr. er gerð almenn takmörkun á einkarétti höfundar samkvæmt 3. gr., að því er tekur til andlitsmynda. Þeir, sem slíkar myndir panta sjálfum sér til eignar eða í gjafaskyni, munu ógjarnan vilja, að eftirmyndir séu almennt á boðstólum, þar sem það getur dregið úr gildi frumverksins. Höfundur heldur, þrátt fyrir ákvæðið, höfundarétti að verkinu, getur t. d. hindrað, að því sé breytt, eftirmyndir gerðar af því, að það sé sett á listsýningar o. s. frv.

Um 26. gr.

Um 1. málsgr. Með því að í þessum kafla er í ýmsum tilvikum heimiluð eintakagerð af verki og opinber birting þess án samþykkis höfundar, þykir rétt að taka fram, að ákvæði 4. gr. um vernd á höfundarheiðri nái til slíkrar eintakagerðar og birtingar.

Um 2. málsgr. Þegar verk höfundar er notað til birtingar eftir þessum kafla án samþykkis hans eða annarra handhafa höfundaréttar, ber þeim, sem það gerir, að geta heimildar þeirrar, sem eftir er farið, ef unnt er, t. d. þegar vitnað er til rita samkvæmt 14. gr.

Um 3. málsgr. Ákvæði þetta á að koma í veg fyrir, að þegar eintök af verki eru gerð samkvæmt þessum kafla án samþykkis höfundar, sé verki breytt, nema að því leyti sem ekki verður hjá því komizt, t. d. vegna annarrar leyfilegrar tækni við eftirgerðina.

Um III. kafla.

Höfundur einn hefur höfundarétt að verki, þegar það verður til, sbr. 1. gr. Í þessum kafla eru ákvæði um, með hverjum hætti höfundaréttur getur flutzt úr höndum höfundar til annars aðilja og síðan gengið manna á milli. Þess má geta, að vegna samnings, m. a. starfssamnings, getur höfundaréttur fallið í skaut öðrum aðilja en höfundi, um leið og verkið verður til, en til grundvallar því liggur hinn upphaflegi réttur höfundar, enda helzt þá hjá honum sá réttur, sem ekki verður framseldur, sbr. 4. gr. og 1. málsgr. 27. gr.

Framsal á höfundarétti víkur að ýmsu leyti frá almennum reglum um afsal á eignarrétti að líkamlegum hlutum. Til þess liggja tvenn meginrök. Þar sem andlag höfundaréttar er hvorki líkamlegt né staðbundið, er unnt að hafa samtímis á mörgum stöðum bæði hin sömu og mismunandi afnot verksins, án þess að til árekstrar þurfi að koma. Í öðru lagi verður að taka meira tillit til persónulegra hagsmuna höfundar við hin fjárhagslegu afnot verksins en venjulegt er um eigendur líkamlegra muna.

Í 27.—31. gr. ræðir um yfirfærslu höfundaréttar með löggerningi í lifanda lífi, vegna hjúskapar, arfs og lögsóknar skuldheimtumanna. Í 32.—42. gr. eru svo reglur um sérstakar tegundir samninga, sem gerðir eru í sambandi við yfirfærslu höfundaréttar í heild eða að hluta. Þar er þó aðeins um nokkrar meginreglur að ræða, sem í framkvæmd verður að fylla með almennum réttarreglum. Eins og ráða má af orðalagi nefndra greina, koma ákvæði þeirra því aðeins til framkvæmdar, að ekki sé á annan veg samið, nema tekið sé fram sérstaklega, að regla sé ófrávíkjanleg, sbr. 37. gr.

Um 27. gr.

Um 1. málsgr. Framsal á höfundarétti getur aðeins tekið til hins fjárhagslega réttar höfundar, og þá sérstaklega einkaréttar hans eftir 3. gr. til eintakagerðar af verki og birtingar þess. Þó að afsal á hreinum persónuréttindum sé ekki gilt eftir almennum reglum, er samt tekið fram hér til öryggis, að óheimilt sé framsal á rétti höfundar eftir 4. gr.

Framselja má höfundarétt (þ. e. hinn fjárhagslega rétt) í heild og einnig sér í lagi tilteknar heimildir, er í honum felast. Í sumum höfundalögum er aðeins leyft framsal tiltekinna afnotaheimilda, en ekki réttarins í heild, sbr. t. d. ákvæði þýzkra höfundalaga um **Nutzungsrechte.** Ekki þykir ástæða til að taka upp slíka reglu, enda unnt að ná svipaðri niðurstöðu og um heildarframsal með upptalningu hinna mismunandi greina afnotaheimilda. Annað mál er það, að í framkvæmd er tíðast framsal á tilteknum afnotarétti.

Gerningar um framsal á einstökum heimildum, sem höfundarétti fylgja, geta verið mjög fjölbreytilegir að efni innan hverrar bókmenntagreinar eða listgreinar. T. d. er unnt að gera sér í lagi samninga um útgáfu á riti í bókarformi, þýðingu á því og notkun þess til að semja eftir því leikrit og kvikmyndahandrit. Semja má um útgáfu á tónverki á nótum eða með upptöku á hljómplötur o. s. frv. Þá getur framsal í einstökum tilvikum verið staðbundið eða tímabundið, t. d. framsal á einkarétti til að sýna ákveðið leikrit um eins árs skeið í tiltekinni borg. Sérstaklega má nefna, að framsal til eintakagerðar felur ekki í sér rétt til flutnings eða sýningar og gagnkvæmt, nema það verði talið fólgið í samningi eða helgist af venju. Það leiðir af sjálfu sér, að framsalshafi öðlast ekki rétt til annarra afnota af verkinu en áskilið er í samningi eða verður talið í honum fólgið.

Framsali getur fylgt einkaréttur til þeirra afnota, sem gerningur fjallar um, og er höfundi þá óheimilt að veita öðrum sams konar afnot, meðan réttur framsalshafa stendur, og að neyta þeirra sjálfur. Er það tíðast um útgáfusamninga og heimildir til leiksýninga í tilteknum bæjum eða borgum. Þegar ekki er veittur einkaréttur, er afnotaheimildin nefnd leyfisréttur (licence), og má höfundur þá neyta sama réttar við hlið leyfishafa eða veita hann öðrum. Svo er t. d. venjulega, þegar veitt er leyfi til flutnings tónverka í útvarpi eða á tilteknum stöðum.

Þegar samtök höfunda hafa fengið rétt til að koma fram fyrir þeirra hönd, er venjulega um umboð að ræða, en ekki framsal á höfundarétti.

Um 2. málsgr. Um reglu þá, sem felst í þessari málsgr., hefur áður verið getið í umsögn um 25. gr.

Um 28. gr.

Um 1. málsgr. Rétt þykir að taka fram, að framsal til eintakagerðar, í hverri mynd sem er, eða til sýningar, flutnings og annarrar birtingar á verki, hefur ekki í för með sér rétt til að gera breytingar á því, nema höfundur eða annar réttur hlutaðeigandi hafi veitt til þess sérstakt leyfi. Ef framsalsréttar verður ekki neytt án breytingar, mundi réttur til hennar oft felast þegjandi í samningnum, en ella verður að leita leyfis framseljanda. Það telst ekki breyting á riti, þó að útgefandi láti leiðrétta eða samræma stafsetningu, greinarmerkjaskipun o. s. frv., nema ljóst sé, að höfundur hafi viljað hafa þetta með þeim hætti, sem í handriti stendur.

Um 2. málsgr. Ákvæði þetta um bann við framsali framsalshafa er á því reist, að höfund skiptir miklu máli, hver fer með hinn framselda rétt. Ef höfundur hefur t. d. selt góðkunnu útgáfufyrirtæki útgáfurétt að riti, þarf hann ekki að hlíta því, að það framselji réttinn til annars fyrirtækis, sem hefur miður gott orð á sér. Enn ljósara er þetta þó um leyfi eða framsal á flutningsrétti á tónverki til söngvara eða hljómsveitar eða á leikriti til sýningar í tilteknu leikhúsi. Sú undantekning er gerð, að framselja má réttinn ásamt fyrirtæki því, sem hann hefur fengið, enda má ætla, að það skerði ekki hag framseljanda. Síðari málsl. er í samræmi við almennar reglur.

Um 29. gr.

Heimild þessarar greinar til að meta gerning ógildan að öllu leyti eða nokkru er áþekk fyrirmæli í 34. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20 frá 1954. Heimild til ógildingar samkvæmt fyrra skilyrðinu, þ. e. ef gerningurinn mundi leiða til bersýnilega ósanngjarnrar niðurstöðu, er víðtækari en ógildingarheimildir samkvæmt 32. gr. laga nr. 7 frá 1936 og 7. gr. laga nr. 58 frá 1960, þar sem hér má eftir 29. gr. einnig meta til ógildingar atvik, sem gerzt hafa eftir lok samningsgerðar. Ástæður til setningar þessa ákvæðis eru einkum þær, að oft er erfitt fyrir höfunda, einkum á ungum aldri, að meta fjárgildi verka sinna. Handrit, sem lágu verði er selt, getur orðið metsölubók, og samningar, einkum þeir, sem gerðir eru til langs tíma, verða þá oft ósanngjarnir. En ákvæðið má einnig nota í hag framsalshafa, t. d. þegar útgáfuréttur að skáldsögu er keyptur háu verði, en hún reynist stæling á eldra verki og því gildislítil. Enn má vera, að eftir gerð framsalsgernings verði fundnar upp nýjar aðferðir til hagnýtingar á verkinu, og er þá réttmætt, að höfundur njóti góðs af því. Kæmi þetta einkum til greina, þegar höfundaréttur er framseldur í heild.

Um 30. gr.

Um 1. málsgr. Ákveðið var í 17. gr. laga um fjármál hjóna nr. 3 frá 1900, sem nú eru úr gildi numin, að rithöfundaréttur og sams konar réttindi skuli vera séreign höfundar, en arður af þeim renna í félagsbúið, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum, kaupmála eða annarri lögmætri ráðstöfun. Sams konar ákvæði eru ekki í gildandi lögum um réttindi og skyldur hjóna nr. 20 frá 1923, en í stað þess segir í 2. málsgr. 17. gr., að þegar annað hjóna eigi réttindi, sem ekki megi afhenda eða séu að öðru leyti persónulegs eðlis, þá skuli reglur um hjúskapareign koma að svo miklu leyti til framkvæmdar, „sem þær fara ekki í bága við sérreglur þær, sem um þau réttindi gilda.“ Vafalaust er, að höfundaréttur fellur undir þessi ákvæði, en sérreglur þær, sem gert er ráð fyrir, eru ekki í skráðum lögum, að því er hann varðar. Þykir því rétt að skipa þessum málum hér.

Ákvæði 1. málsgr. eru í höfuðatriðum í samræmi við framangreind fyrirmæli 17. gr. laga nr. 3 frá 1900 um þá skipun, sem höfundaréttur sætir, meðan hjónaband helzt. Mun það og vera almenn skoðun, að eftir svipuðum reglum beri að fara án skráðra lagaákvæða, þó að höfundaréttur verði nú væntanlega ekki talinn beinlínis til séreignar. Ákveðið er hér, að þessu fyrirkomulagi verði ekki breytt með kaupmála og höfundaréttur ekki að neinu leyti skertur við búskipti meðan höfundur lifir, t. d. ekki samkvæmt 52. gr. laga nr. 20 frá 1923. Sama gildir vitanlega um slit á fjárfélagi án skilnaðar. Athuga ber, að það, sem fyrir höfundarétt kemur við framsal hans, verður hjúskapareign, sbr. hins vegar 3. tölul. 23. gr. laga nr. 20 frá 1923. Þá þykir og rétt að ákveða í samræmi við almennar fræðiskoðanir, að við lát höfundar, ef hann er þá í hjónabandi, verði höfundaréttur við skipti talinn hjúskapareign hans. Verður rétturinn því tekinn með, þegar ákveðinn er búshelmingur maka og erfðahluti hans. Ekkert virðist vera því til fyrirstöðu, að höfundaréttur teljist til eigna við setu í óskiptu búi.

Um 2. málsgr. Ákvæði þessi um takmarkanir á rétti skuldheimtumanna til að leita fullnustu í höfundarétti eru að mestu í samræmi við meginreglur 12. gr. laga nr. 13 frá 1905, að því undanteknu, að felldur er niður réttur til að leita fullnustu í fjárarði af verkum, sem eigi eru enn útgefin. Sá réttur er lítt raunhæfur, og þykir ekki rétt að gera verkin háð skuldheimtumönnum, áður en ákvörðun er tekin um útgáfu þeirra. Látið er haldast það fyrirmæli 12. gr. laga nr. 13 frá 1905, að bann við því að leita fullnustu í höfundarétti nái einnig til þess, er rétturinn er kominn í hendur erfingjum höfundar, þar á meðal bréferfingjum, og bætt er við, að sama gildi um búshelming maka. Þá er sett það nýmæli, að fullnustu verði einungis leitað í þeim rétti framsalshafa, sem framseljanlegur kann að vera. Höfundur, sem t. d. hefur samið við tiltekið útgáfufyrirtæki um útgáfu rits, á ekki að þurfa að sætta

sig við það, að skuldheimtumaður fyrirtækisins gangi að því og taki útgáfuréttinn í sínar hendur með lögsókn.

Um 3. málsgr. Í 1. og 2. málsgr. eru gerðar undantekningar frá almennum reglum, að því er tekur til sjálfs höfundaréttarins. Í 3. málsgr. eru svo sett fyrirmæli um sams konar takmarkanir, að því er varðar einstök eintök af verkum höfundar, sem eru í sérstaklega nánum persónulegum tengslum við hann. Að því er handrit varðar, eru nú samsvarandi reglur í 12. gr. laga nr. 13 frá 1905. Eru ákvæði 1. og 2. málsgr. látin ná til handritanna, hvort sem verkið hefur verið út gefið eða ekki. Hins vegar gilda almennar reglur um eintök af slíkum verkum, sem út hafa verið gefin, t. d. bókaupplag, sem kann að vera í eign höfundar. Þá eru ákvæði 1. og 2. málsgr. einnig látin taka til eintaka af listaverkum, sem höfundur hefur hvorki birt opinberlega né viðurkennt, að birta megi. Er þá líka oft óvíst, að um fullgerð verk sé að ræða.

Um 31. gr.

Um 1. málsgr. Að höfundi látnum fer um höfundarétt eftir almennum reglum erfðalaga, sbr. þó 2. og 3. málsgr. Er hér tekin upp um þetta óbreytt regla 1. málsgr. 11. gr. laga nr. 13 frá 1905. Hins vegar eru felldar niður sérreglur 3. og 4. málsgr. sömu greinar um afdrif höfundaréttar, þegar höfundur lætur ekki eftir sig neinn erfingja. Gilda því um það eftir frv. almennar reglur erfðalaga, þ. e. að höfundarétturinn fellur þá til erfðafjársjóðs, sbr. VIII. kafla erfðalaga nr. 8 frá 1962. Höfundur hefur rétt til að ráðstafa höfundarétti í heild og einnig einstökum afnotaheimildum með erfðaskrá, enda sé gætt ákvæða erfðalaga um skylduarf.

Í arf fellur hinn fjárhagslegi réttur, sem í höfundarétti felst, en heimild til að halda uppi heiðri höfundar að honum látnum og átelja brot á ákvæðum 4. gr. er persónulegur réttur, sem ekki verður til arfs talinn. Eru ákvæði um uppihald þess réttar í 59. gr.

Um 2. málsgr. Í 2. málsgr. 11. gr. laga nr. 13 frá 1905 er höfundi heimilað að setja í erfðaskrá tiltekin fyrirmæli um framkvæmd höfundaréttar að honum látnum, þannig að bindandi sé fyrir erfingja. Er sú regla tekin hér upp og aukin. Ákvæði 2. málsgr. eru undantekning frá hinni almennu reglu í 1. málsgr. 36. gr. fyrrnefndra erfðalaga um, að arfleifanda sé óheimilt að setja erfingja fyrirmæli um meðferð á skylduarfi. Ekki hefði höfundur heldur getað lagt bönd á réttindi, sem tilheyra búshelmingi maka, nema lagaákvæði kæmi til.

Höfundi er ekki með 2. málsgr. veittur réttur til að auka erfðahluta eins skylduerfingja á kostnað annars, og ekki getur hann áskilið tilteknum skylduerfingja höfundaréttinn framar en segir í 2. málsgr. 36. gr. erfðalaganna. En hann getur þrengt kosti erfingjanna í heild fjárhagslega með því t. d. að leggja bann við útgáfu tiltekinna verka, hvort sem þau hafa verið áður út gefin eða ekki. Honum er og heimilt að leyfa sum afnot verkanna, en banna önnur, t. d. leyfa sýningu leikrits í leikhúsi, en leggja bann við því, að það sé kvikmyndað o. s. frv. Að sjálfsögðu hagga slík fyrirmæli ekki rétti aðilja, þar á meðal erfingja, sem þeir kunna að hafa eignazt fyrir lát höfundar. Loks er þess að geta, að höfundur getur tekið af erfingjum rétt til að annast framkvæmd höfundaréttarins að öllu eða nokkru leyti og fengið hann sérstökum tilsjónaraðilja í hendur.

Um 32. gr.

Ákvæði þessarar greinar lúta að sérstakri tegund framsalsgerninga um höfundarétt, þ. e. þegar heimild er veitt til opinbers listflutnings á verki. Þau ná því til þeirra verka einna, sem háð geta verið listflutningi, bókmenntaverka og tónverka. Samningar um kvikmyndagerð eru þó undanskildir samkvæmt 4. málsgr.

Í greininni eru ekki settar allsherjarreglur um framsal á listflutningsrétti. Um slíka samninga koma til greina almennar reglur samningsréttar og þær sérreglur, sem í þessum kafla eru settar um framsal á höfundarétti. Hér koma svo að auki nokkrar reglur til fyllingar og skýringar, og koma þær ekki til framkvæmdar, ef á annan veg er samið.

Um 1. málsgr. Leyfum til listflutnings fylgir venjulega ekki einkaréttur, og er regla 1. málsgr. við það miðuð. Þegar meta skal, hvort um einkarétt hafi verið samið, koma ekki aðeins til greina bein samningsákvæði, heldur ber og að athuga, hvað telja megi í samningi fólgið, og geta þá venjur á þessu sviði komið til álita. En sönnunarbyrði fyrir því, að um einkarétt hafi verið samið, hvílir á viðsemjanda höfundar, og komi slík sönnun ekki fram, hefur höfundur þrátt fyrir heimildina rétt til að flytja verkið sjálfur við hlið framsalshafa eða leyfa öðrum flutning þess.

Um 2. málsgr. Hér eru með tiltekinni undantekningu sett mörk fyrir tímagildi heimildarinnar, ef ekki er samið um tiltekinn tíma. Það telst óákveðinn tími, ef heimild er veitt út verndartímabilið, sbr. 43. gr. Reglan er sett með það fyrir augum, að áhættusamt getur verið fyrir höfund að binda sig um langan, óákveðinn tíma, og þó sérstaklega, þegar einkaréttur er veittur. Samt þykir rétt að láta samninga haldast, þegar samið er um tiltekinn tíma, þó að lengri sé en 3 ár, enda geta og ákvæði 29. gr. jafnan komið til álita við hlið þessarar greinar.

Ekki þykir fært að setja hér almennar skýringar- eða fyllingarreglur um það, hvort framsalshafa sé heimilt að flytja verkið víðar en á einum stað. Verður það að fara eftir venjulegri skýringu á samningnum hverju sinni.

Um 3. málsgr. Tómlæti framsalshafa um notkun heimildar er hér látið valda því, að einkaréttur hans fellur niður, en samt sem áður heldur hann rétti til flutnings verksins út tímabilið við hlið höfundar eða þeirra, sem höfundur veitir flutningsleyfi.

Um 4. málsgr. Um réttarsamband höfunda og kvikmyndaframleiðenda hafa myndazt ýmsar sérreglur og venjur, og þykir því ekki rétt að láta samninga þeirra á milli verða háða ákvæðum þessarar greinar.

Um 33. gr.

Um 1. málsgr. Útgáfusamningar hafa komið mjög við sögu höfunda bókmenntaverka og tónverka. Hefur því þótt rétt að setja í höfundalög hinar helztu reglur, sem sérkenna þessa tegund samningsgerðar. Um ákvæði 33.—40. gr. gegnir sama máli og um listflutningssamninga, sbr. umsögn um 32. gr., að þar sem sérreglur þeirra þrýtur, koma til greina önnur sérákvæði þessa kafla um framsal höfundaréttar og svo almennar reglur samningsréttar. Ákvæðin koma ekki til framkvæmdar, ef samið hefur verið á annan veg, að undanteknum fyrirmælum 37. gr.

Reglur 33.—40. gr. gilda um framleiðslu eintaka á prenti eða með svipuðum hætti, svo sem ljósprentun, málverkaprent o. fl. Geta þær því náð til myndlistar auk bókmenntaverka og tónverka. Ekki fellur upptaka hljóma eða mynda á hljóðrit og filmur undir ákvæðin, enda svipar þeirri eintakagerð ekki til prents.

Það felst í hugtakinu útgáfa, að gera eigi eintök af verki í álitsverðum fjölda til dreifingar, sbr. umsögn um 2. gr. Orðið útgefandi er hér notað um þann aðilja, sem útgáfurétt fær samkvæmt samningi þar um og síðan ræður útgáfu verksins, sbr. og umsögn um 2. málsgr. 8. gr.

Um 2. málsgr. Efni útgáfusamnings er framsal á höfundarétti eða tilteknum heimildum samkvæmt honum, en ekki á eintökum verks, þó að höfundur leggi þau til í sambandi við útgáfuna, t. d. handrit, málverk til málverkaprents o. s. frv. Þykir rétt að taka þetta fram berum orðum í lögum.

Um 34. gr.

Ekki verður hjá því komizt að setja reglur um eintakafjölda til þess að fara eftir, þegar útgáfa er heimiluð, en ekki getið um stærð upplags. Ætti það líka að ýta undir, að ekki sé gengið fram hjá svo veigamiklu atriði í útgáfusamningum. Í 9. gr. laga nr. 13 frá 1905 er ákveðið, að réttur útgefanda nái til prentunar á 1000 eintökum, nema öðruvísi sé samið. Miðað við aukinn fólksfjölda og fjárráð ætti nú að mega tvöfalda þá tölu, þegar um bókmenntaverk er að ræða. Er eintakafjöldinn hér hafður hinn sami sem í norrænu höfundalögunum.

Um 35. gr.

Með útgáfusamningi fær útgefandi ekki einungis útgáfurétt gegn umsaminni greiðslu, heldur tekur hann og á sig skyldu til að gefa verkið út og vinna að sölu þess og dreifingu. Gildir þetta eins, þó að höfundur hafi þegar fengið fulla greiðslu, því að hann hefur persónulegra hagsmuna að gæta auk hinna fjárhagslegu.

Ef útgefandi vanefnir skyldur sínar samkvæmt þessari grein, getur hann orðið skaðabótaskyldur eftir almennum reglum, hvort sem vanefndir leiða til riftunar eða ekki.

Um 36. gr.

Um 1. málsgr. Í málsgr. þessari er sérregla um heimild til riftunar á útgáfusamningi. Þegar samið hefur verið um tiltekinn útgáfufrest, ber eftir því að fara. Ef frestur er lengri en segir í 36. gr., koma reglur hennar ekki til framkvæmdar. Ef frestur er styttri, t. d. eitt ár, getur verið, að höfundur hafi vegna vanefnda útgefanda öðlazt riftunarrétt eftir almennum reglum fyrr en í 36. gr. getur, og er honum þá heimilt að neyta riftunarréttar þegar í stað, því að ákvæði 36. gr. lengja ekki umsaminn frest í hag útgefanda. Ákvæði 36. gr. eiga því við um það, er ekki hefur verið um neinn tiltekinn útgáfufrest samið, eða umsaminn frestur er liðinn, án þess að riftun hafi farið fram. Þegar svo er ástatt, er höfundi ávallt heimil riftun, þegar liðin eru 3 ár frá þeim tíma, er útgefandinn fékk í hendur fullnægjandi eintak til eftirgerðar. Skiptir ekki máli um riftunarréttinn, þó að vanefnd útgefanda verði ekki talin honum saknæm, t. d. vegna hlutlægs ómöguleika. Atvik, sem drætti valda, gerast því á áhættu útgefanda. Að sjálfsögðu gildir reglan þó ekki, er höfundur hefur sjálfur með síðari aðgerðum átt sök á drættinum.

Riftunarheimild eftir 2. málsl. 1. málsgr. er þeim skilyrðum bundin, að útgefandi hafi fengið rétt til nýrrar útgáfu, að fyrra eða fyrri upplög séu uppseld, og að höfundur hafi gert sérstaka kröfu um nýja útgáfu. Er fresturinn þá eitt ár frá kröfugerð. Upplag telst uppselt, þegar eintök þess eru þrotin í almennum bókaverzlunum og þær eiga þess ekki lengur kost að afla sér nýrra eintaka frá útgefanda eða öðrum, sem upplag kann að hafa eignazt.

Um 2. málsgr. Hvort sem dráttur hefur verið útgefanda saknæmur eða ekki, er höfundi ekki skylt að skila aftur greiðslu, sem hann kann að hafa fengið, og leiðir þetta af áhættu þeirri, sem lögin leggja á útgefanda. Ekki má draga þá gagnályktun af þessu ákvæði, að höfundi muni jafnan bera að skila aftur greiðslu, þegar samningi er rift vegna vanefnda á fyrirmælum 35. gr., nema hann sanni meira tjón af vanefndunum. Um það fer eftir almennum reglum fébótaréttar. Ef útgefandi er bótaskyldur eftir almennnum reglum í þeim tilvikum, sem 36. gr. fjallar um, og greiðsla sú, sem höfundur kann að hafa fengið, nægir ekki til að bæta tjón hans, skal útgefandi greiða frekari bætur.

Um 37. gr.

Hér ræðir um ýmsar skyldur útgefanda til að láta höfundi í té vitneskju um framkvæmd útgáfunnar.

Um 1. málsgr. Ákvæðið er sett til að tryggja höfundi, að ekki séu gerð fleiri eintök af verkinu en um var samið eða leiðir af ákvæðum 34. gr.

Um 2. málsgr. Þegar höfundur á rétt til þóknunar, miðað við sölu eða leigu eintaka, t. d. tiltekna fjárhæð af hverju eintaki, ber útgefanda af sjálfsdáðum að senda höfundi árleg reikningsskil. Er 9 mánaða fresturinn settur með það fyrir augum, að útgefanda sé unnt að fá áður reikningsskil frá útsölumönnum.

Um 3. málsgr. Hér er útgefanda gert að skyldu að láta höfundi í té, ef hann æskir þess, vitneskju um fjölda óseldra eintaka í lok reikningsárs, enda þótt hann hafi greitt að fullu fyrir útgáfuréttinn. Er höfundi oft nauðsynlegt að fá vitneskju um óselt upplag vegna nýrra útgáfusamninga.

Um 4. málsgr. Ákvæði greinar þessarar skipta höfunda svo miklu máli, m. a. um reikningsskil, að rétt þykir að hafa þau ófrávíkjanleg.

Um 38. gr.

Nauðsynlegt getur verið fyrir höfund að gera ýmsar smábreytingar á verki, þegar það er gefið út að nýju. Getur þetta m. a. stafað af málvöndunarástæðum, til að leiðrétta villur í fyrri útgáfu eða koma að nýjum atriðum í fræðibókum. Er þá og oftast hagur að því fyrir útgefanda, að til útgáfunnar sé vandað. Ber útgefanda að grennslast eftir því hjá höfundi, áður en ný útgáfa hefst, hvort hann æski eftir slíkum breytingum.

Um 39. gr.

Um 1. málsgr. Þó að ekki sé beint tekið fram í útgáfusamningi, að útgefandi eigi að fá einkarétt, er það venjulega þegjandi undirskilið. Þykir samt rétt að setja um þetta fasta reglu, þannig að höfundur, sem ekki vill veita einkarétt, verði að áskilja það í samningnum. Þegar útgáfuréttur er veittur um óákveðið tímabil, helzt einkarétturinn, unz upplag er uppselt, sbr. umsögn um 36. gr. En sé um tiltekið tímabil samið, og upplag selst upp, áður en það er liðið, hefur höfundur rétt til að krefjast nýrrar útgáfu, sbr. nánar um það og riftunarheimild höfundar í 36. gr. Þó að tekið sé fram, að einkaréttur nái til þess að gefa verk út með þeim hætti og í því formi, sem í útgáfusamningi greinir, verður að meta í hverju einstöku tilviki, hvort útgáfa með öðrum hætti kunni ekki að brjóta í bága við forsendur útgáfusamningsins.

Um 2. málsgr. Ákvæði þetta er sett í hag höfundi og nær hvorki til útgáfu á tónverkum né myndlistarverkum.

Um 40. gr.

Um 1. málsgr. Blöð og tímarit teljast til safnverka, sbr. 6. gr., en útgáfa þeirra er með svo sérstökum hætti, að ekki þykir rétt að láta höfundarétt að þeim sem safnverki falla til ritstjóra, nema hann sé jafnframt útgefandi, sbr. umsögn um 6. gr. Í samræmi við þetta er ákveðið hér, að útgefandi blaðs eða tímarits hafi einkarétt á því að endurprenta ritin í heild eða einstök blöð og hefti.

Um 2. málsgr. Efni fyrra málsl. er í samræmi við reglur 6. gr. um safnverk, en í síðara málslið er gert það frávik, að ekki þarf að leita samþykkis einstakra höfunda við endurútgáfu. Hér er venjulega um svo marga og oft óvissa höfunda að ræða, að vart væri kleift að ná til þeirra eða síðari handhafa höfundaréttar, einkum þegar langur tími er liðinn frá frumútgáfu.

Um 3. og 4. málsgr. Ákvæði þessa kafla um útgáfusamninga henta ekki birtingu einstakra verka í blöðum og tímaritum, og eru ritin því undanskilin útgáfuákvæðunum. Sama er að segja um fyrirmæli 35. og 36. gr., að því er varðar önnur safnverk.

Um 41. gr.

Kvikmyndagerð hefur í framkvæmd öðlazt allmikla sérstöðu meðal verndaðra listgreina. Auk sjálfs kvikmyndahandritsins er þörf fyrir margs konar aðra listsköpun, svo sem danslist, skreytingarlist, jafnvel byggingarlist o. fl. Þá er og tónlist oftast einn af aðalþáttum kvikmyndar. Sú venja hefur myndazt, að framleiðendur kvikmynda hafa tryggt sér með samningi rétt til eintakagerðar og birtingar á þeim. Þetta hefur þó ekki tekið til tónlistar að því leyti, að höfundar hennar hafa átt sjálfstæðan rétt til þóknunar við sýningar kvikmyndanna, sbr. Hæstaréttardóma 1952, bls. 457. Reglur þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði í 2. og 3. tölul. 14. gr. a Bernarsáttmálans.

Um 42. gr.

Hér eru settar um samninga, er lúta að kvikmyndagerð, sams konar reglur og um útgáfusamninga í 35. og 36. gr. Nægir að vísa til umsagnar um þær greinar.

Um IV. kafla.

Í 7. gr. Bernarsáttmálans er öllum aðildarríkjum gert skylt að láta höfundarétt haldast hið skemmsta, unz 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar, ef hann er nafngreindur, en ella 50 ár frá næstu áramótum eftir birtingu (publication) verksins. Reglur íslenzks réttar um þetta efni eru nú í 22.—24. gr. laga nr. 13 frá 1905 og, að því er til þýðinga tekur, í 4. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 11 frá 1956. Reglur 22.—24. gr. laganna frá 1905 eru í meginatriðum hinar sömu sem í Bernarsáttmálanum. Frestur telst þó frá dánardegi höfundar, en ekki næstu áramótum eftir lát hans, og skiptir það litlu máli. Í frv. þessu eru ákvæðin höfð að öllu leyti í samræmi við Bernarsáttmálann og norrænu lögin. Nær þetta einnig til þýðinga, sbr. nú lög nr. 11/1956.

Lengd verndartímabilsins er við það miðuð, að höfundur sjálfur og nánir niðjar hans og aðrir erfingjar fái notið hagnaðar af verkum hans. Fram hafa komið á ýmsum tímum tilmæli um, að verndin væri látin haldast um lengri tíma. Ákvörðun um þetta efni er vitanlega álitamál. Það er þó ljóst, að þegar langir tímar líða, verður vart um það að ræða, að höfundaréttur haldist sameiginlega í höndum niðja höfundar eða annarra manna, sem erfðaheimildir geta til hans rakið, enda mundi hinn fjárhagslegi réttur verða lítils virði hjá hverjum einum, er hann dreifðist þannig á margar hendur. Þess mætti því vænta, að höfundaréttur yrði brátt framseldur í heild einstökum aðilum og gengi svo kaupum og sölum í þjóðfélaginu, slitinn úr tengslum við ætt höfundar. Það liggur í augum uppi, að ekki væri æskilegt, að hinn sameiginlegi menningararfur þjóðanna í bókmenntum og listum yrði um langan aldur látinn vera í höndum einstakra aðilja, háður gróðavon þeirra og öðrum annarlegum sjónarmiðum, og þeim hömlum, sem slíkt fyrirkomulag hefði í för með sér. Verður ekki heldur séð, að minningu höfundar væri með því betur borgið. Yfirleitt hafa 50 ár eftir lát höfundar verið talin hæfilegur verndartími, og segja má, að það sé orðin alþjóðleg regla, þó að benda megi á fáar og þýðingarlitlar undantekningar. Helzt gæti þótt sanngjarnt, að rétturinn væri látinn haldast, meðan börn höfundar væru á lífi. Á síðustu árum hefur verið uppi hreyfing í Bernarsambandslöndum um lengingu frestsins upp í 80 ár, en óvíst er enn, hvort sú breyting verður gerð.

Þeirri spurningu hefur verið hreyft, hvort rétt væri að láta höfundarétt falla til ríkisins að verndartímabilinu loknu (domaine d'état), en svo veigamikil rök hafa þótt mæla í gegn því, að nú á tímum munu engar þjóðir utan einræðisríkja ljá þeirri hugmynd fylgi. Fremur hefur komið til álita, að lagður væri sérstakur skattur á afnot verka eftir liðinn verndartíma (domaine public payant), og þá einkum með það fyrir augum, að af gjaldinu yrði myndaður sjóður, sem höfundar á hverjum tíma nytu góðs af með einhverjum hætti. Til þessa dags munu fimm lönd hafa komið á slíkri skipun (Búlgaría, Ítalía, Júgóslavía, Rúmenía og Uruguay). Önnur lönd, þar sem þetta hefur borið á góma, þar á meðal Norðurlandaríkin, hafa ekki talið nægja ástæðu til að fara þessa leið. Hefur og verið á það bent, að ákvæði um skattlagningu og sjóðstofnanir eigi fremur heima í sérlögum en almennri höfundalöggjöf.

Um 43. gr. og 44. gr.

Um greinar þessar vísast til hinnar almennu umsagnar um IV. kafla, hér að framan.

Um V. kafla.

Safnað er í þennan kafla ákvæðum um vernd tiltekinna aðilja, sem ekki teljast til höfunda, en eru í þeim tengslum við þá, að hagkvæmt þykir að hafa reglur um réttindi þeirra í höfundalögum.

Þegar tónverk hefur verið gert, nær það yfirleitt ekki til almennings, nema til komi sérstakur listflutningur. Leiksviðsverk eru einnig gerð til listflutnings, og flytja

má önnur bókmenntaverk, kvæði og sögur, með listrænum upplestri eða framsögu, sem gefa þeim aukið gildi. Þeir, sem koma verkum höfunda þannig á framfæri, eru nefndir listflytjendur eða listtúlkendur. Til þeirra teljast söngvarar, hljóðfæraleikarar, leiksviðsleikarar, danslistarmenn, upplesarar o. s. frv. Í höfundalögum sumra þjóða hefur listflutningur verið talinn til aðlögunar á verki því, sem flutt er, enda gefur hver listflytjandi verkinu sérstakan og oft sjálfstæðan blæ í túlkun sinni. Nú er þó almennt ríkjandi sú skoðun, að réttindi listflytjenda eigi ekki að falla beint undir höfundarétt, heldur verði að setja um þau sérreglur.

Um útgáfu tónverka á nótum hafa frá öndverðu gilt sömu reglur sem um útgáfu á bókmenntaverkum. Þegar upptaka á hljómum á hljómplötur og síðar önnur hljóðrit komu til sögu, opnaðist ný leið til að dreifa tónverkum til almennings. Ekki hefur þótt henta að láta reglur um útgáfusamninga taka til framleiðslu á hljóðritum, en hins vegar talið rétt að hafa sérreglur um réttindi framleiðendanna í höfundalögum.

Kynning bókmennta og tónlistar svo og listflutnings á þeim er eitt af aðalhlutverkum útvarpsstofnana, bæði hljóðvarps og sjónvarps. Eiga útvarpsstofnanir því náin samskipti við höfunda og listflytjendur. Auk þess eru ýmsir dagskrárliðir stofnananna sjálfra teknir saman í sjálfstæðu, listrænu formi. Af þessum sökum hafa tilteknar reglur um réttindi útvarpsstofnana verði teknar upp í höfundalög.

Réttindi framangreindra þriggja aðilja, listflytjenda, hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana, eru í höfundarétti oft nefnd skyld eða hliðstæð réttindi, þegar miðað er við réttindi höfunda (droits voisins, neighbouring rights o. s. frv.). Árið 1961 var á ráðstefnu í Róm samþykktur alþjóðasáttmáli um vernd aðilja þessara.

Í 49. gr. eru ákvæði um vernd ljósmynda, sem ekki falla undir höfundaréttarvernd. Vísast um það til umsagnar um 1. gr.

Loks eru í 50. gr. ákvæði um vernd rita, sem ekki eru þess eðlis, að þau eigi að njóta verndar eftir höfundarétti.

Um 45. gr.

Um 1. málsgr. Hér eru listflytjendum veittar tilteknar einkaréttarheimildir um listflutning sinn. Eru aðgerðir þær, sem í 1.—4. tölul. eru greindar, óheimilar án samþykkis þeirra.

Um 1. tölul. Listflytjanda er áskilinn einkaréttur til að framkvæma eða leyfa öðrum upptöku á beinum listflutningi sínum, hvort heldur hljómum eða myndum. Með beinum listflutningi er átt við frumflutninginn, sem listflytjandi flytur persónulega. Er þá útvarpssending, sem fram fer samkvæmt bráðabirgðaupptöku útvarpsstofnunar, látin jafngilda beinum listflutningi.

Um 2. tölul. Útvarp á beinum listflutningi er óheimilt án samþykkis listflytjanda. Hins vegar þarf ekki leyfi listflytjanda til útvarps samkvæmt hljómplötum eða öðrum hljóðritum, sem afla má á almennum markaði, en um rétt hans til þóknunar fer þá eftir ákvæðum 47. gr.

Um 3. tölul. Hér ræðir um dreifingu beins listflutnings með tækniaðferðum frá listflutningsstað til annarra tiltekinna staða án samþykkis listflytjanda. Nær það bæði til hljóma og mynda. Almenn dreifing í útvarpi fellur ekki hér undir, heldur 2. tölul. Ákvæðið á t. d. við um það, að hljómsveit leikur í tilteknu veitingahúsi, en hljómlistin er flutt með tækniaðferðum í annað veitingahús. Er hér venjulega um að tefla leynilega dreifingu, þ. e. án vitundar listflytjanda.

Um 4. tölul. Þó að listflytjandi hafi samþykkt upptöku listflutnings í hljómum eða myndum, á hann samt ekki að þurfa að hlíta því, að annar aðili en sá, sem hann samdi við, framkvæmi eftirgerð á hljóðriti eða filmu og noti hana t. d. í atvinnurekstri. Réttur listflytjanda til að hindra eftirgerð er sjálfstæður og óháður því, hvort framleiðandi sá, sem við var samið, hefur sams konar rétt, sbr. um hljóðrit 46. gr. En um réttindi aðilja þess, sem við var samið um eintakagerð, fer eftir upptökusamningnum. Ef framleiðandinn gerist sekur um brot á samningnum, t. d. með því að framleiða fleiri eintök en áskilið var, mundi það að jafnaði aðeins hafa

í för með sér venjuleg vanefndaáhrif, en ekki viðurlög eftir VII. kafla. Réttur listflytjanda samkvæmt þessum tölulið fellur niður eftir 25 ár frá þeim degi, er upptaka fór fram. Hins vegar fellur ekki niður réttur hans til að átelja upptöku, sem gerð hefur verið á beinum listflutningi án samþykkis hans, og eftirgerð slíkrar upptöku.

Um 2. málsgr. Einkaréttur listflytjenda, bæði um eintakagerð og birtingu, er hér gerður háður margs konar takmörkunum, sbr. skírskotanir til ýmissa greina í II. kafla. Eru undantekningarnar, eftir því sem við getur átt, hinar sömu sem gerðar eru í sambandi við einkarétt höfunda. Tilvitnun í 4. gr. sýnir, að listflytjendum er áskilin vernd gegn aðgerðum, sem skert geta listamannaheiður þeirra, og að geta ber nafns listflytjanda, þegar eintök eru gerð eða listflutningur fer fram. Aðiljaskipti geta orðið að réttindum listflytjenda, sbr. tilvitnun í 26.—31. gr. Svo eru og ákvæði í 53. gr. látin ná jafnt til listflytjenda sem höfunda.

Til glöggvunar skal þess að lokum getið, þó að það leiði óbeint af ákvæðum 1. málsgr., að einkaréttur listflytjenda nær ekki til neins konar notkunar á hljómplötum eða öðrum hljóðritum, sem á markað hafa verið sett. Þarf því ekki að leita samþykkis viðkomandi listflytjanda, þegar hljómplata er notuð til útvarpsflutnings, í veitingahúsum eða með öðrum hætti í atvinnuskyni eða ávinnings. En um rétt listflytjanda til þóknunar fyrir afnot fer eftir 47. gr.

Um 46. gr.

Um 1. málsgr. Það mun almennt viðurkennt, þó að ekki sé í lög komið, að eftirgerð á hljómplötum og öðrum hljóðritum eigi að vera óheimil án samþykkis framleiðanda. Gegnir um það svipuðu máli og um útgáfu bóka. Verndartími er hér ákveðinn 25 ár frá frumupptöku, sbr. og 4. tölul. 45. gr. Er verndin yfirleitt ekki látin haldast lengur samkvæmt erlendum höfundalögum. Ekki er það skilyrði fyrir vernd hljóðrita, að þau geymi listflutning.

Ekki skiptir máli, með hverjum hætti eftirgerð er framkvæmd, hvort t. d. er um beina afsteypu að ræða eða flutning hljóms með öðrum aðferðum af einum hlut á annan.

Um hljóðritaframleiðendur gildir hið sama, sem sagt var síðast í umsögn um 45. gr., að einkaréttur þeirra tekur ekki til neins konar notkunar á hljóðritum, sem sett hafa verið á markað, en fyrir tiltekin afnot eiga þeir rétt til þóknunar eftir 47. gr.

Um 2. málsgr. Með tilvitnunum til ákvæða í II. kafla eru hér gerðar ýmsar takmarkanir á einkarétti hljóðritaframleiðenda til eintakagerðar.

Um 47. gr.

Um 1. málsgr. Það er alkunna, að afnot af hljóðritum eru nú á dögum ríkur þáttur í starfsemi útvarpsstofnana og að notkun þeirra í atvinnuskyni hefur færzt mjög í vöxt. Víða í löndum hafa listflytjendur og framleiðendur hljóðrita fengið viðurkenndan rétt til þóknunar fyrir slík afnot, ýmist með frjálsum samningum eða með lagaákvæðum.

Samkvæmt 1. málsgr. eiga listflytjendur og framleiðendur hljóðrita rétt til þóknunar, þegar tónlist af hljómplötum eða öðrum hljóðritum, sem á markað hafa verið sett, er notuð í útvarpi. Í öðru lagi eiga þeir rétt til greiðslu, þegar tónlist af slíkum hljóðritum er dreift til almennings í atvinnuskyni eða ávinnings, svo sem á atvinnustöðvum, skemmtistöðum, í veitingahúsum o. s. frv. Skiptir þá ekki máli, hvort hljómplata eða annað hljóðrit er leikið beint á staðnum eða útvarpstónlist af hljóðritum er dreift þar með hátalara eða öðrum hætti. Um afnot á atvinnustöðvum er sett sérstök regla í 4. málsgr. 2. gr., en hún á ekki við um afnot á skemmtistöðum, veitingahúsum og víðar, þar sem tónlist er dreift í þágu viðskiptamanna. Í framkvæmd hefur verið mjög eftir því farið, hvort komið hefur verið upp sérstöku hátalarakerfi til dreifingar á tónlistinni.

Samkvæmt gildandi lögum eiga höfundar rétt til þóknunar fyrir afnot tónverka í þeim tilvikum, sem hér ræðir um. Er lagt til grundvallar, að um mat á því, hvort

dreifing listflutnings af hljóðritum fari fram í atvinnuskyni eða ávinnings, fari með sama hætti og verið hefur í sambandi við greiðslu til höfunda.

Notendum er aðeins gert skylt að greiða þóknunina í einu lagi til listflytjenda og framleiðenda hljóðrita. Þeir þurfa því ekki að leita uppi marga viðtakendur, sbr. 2. málsgr.

Um 2. og 3. málsgr. Gert er ráð fyrir, að um framkvæmdaatriði verði settar reglur í reglugerð. Þær verða þó ávallt að víkja fyrir samningsákvæðum.

Um 4. málsgr. Rétt þykir, að reglur um afgjaldslaus afnot af verkum höfunda taki einnig til listflytjenda og framleiðenda hljóðrita, sbr. tilvitnanir til ákvæða í II. kafla. Einnig eru reglur um aðiljaskipti látnar ná til listflytjenda.

Um 5. málsgr. Vegna sérreglna, sem gilda um kvikmyndagerð, sbr. umsögn um 4. málsgr. 32. gr., þykir ekki rétt að láta ákvæði 47. gr. ná til hljómkvikmynda.

Um 48. gr.

Útvarpsstarfsemi er þannig háttað, bæði um undirbúning og samningu einstakra dagskrárliða og kostnað við öflun útvarpsefnis, að rétt þykir að veita útvarpsstofnunum vernd gegn tilteknum afnotum annarra á útvarpi þeirra.

Um 1. tölul. Samkvæmt þessu ákvæði er útvarpsstofnunum gert óheimilt að endurvarpa útvarpssendingu annarra útvarpsstofnana án samþykkis þeirra.

Um 2. tölul. Útvarpsstofnun er hér veittur einkaréttur til upptöku á útvarpssendingum sínum. Nær það bæði til hljóðvarps og sjónvarps. Ekki veitir ákvæðið útvarpsstofnun rétt til sjálfstæðrar eintakagerðar á vernduðum listflutningi, þ. e. upptakan má ekki skerða á neinn hátt lögmæltan rétt höfunda, listflytjenda eða framleiðenda hljóðrita. T. d. er hljóðritaframleiðanda heimilt með samþykki höfundar og listflytjanda að taka upp eftir útvarpi sérstakan listflutning og gefa hann út á hljómplötum. Að því er sjónvarp varðar, hindrar einkarétturinn ekki töku einstakra ljósmynda, t. d. til birtinga í blöðum, enda nær hugtakið upptaka ekki til slíkra mynda (still photographs). En þess er að gæta, að birting slíkra mynda kann að brjóta í bága við rétt höfunda.

Um 3. tölul. Ekki þykir næg ástæða til að láta afnot útvarps í atvinnuskyni eða ávinnings vera almennt háð samþykki útvarpsstofnana. Undantekning er gerð um sjónvarp. Þar gætir listrænna vinnubragða meira en algengt er um útvarpsefni, auk þess sem fleiri atriði, m. a. fjárhagsleg, koma til greina. Samkvæmt þessu geta útvarpsstofnanir áskilið sér þóknun fyrir dreifingu sjónvarps í atvinnuskyni eða ávinnings.

Um 4. tölul. Ákvæði þetta er í samræmi við fyrirmæli 46. gr. um vernd á hljóðritum.

Frá einkarétti útvarpsstofnana eru gerðar sams konar undantekningar og um einkarétt höfunda, sbr. tilvitnanir til II. kafla.

Um 49. gr.

Um vernd ljósmynda er áður rætt í umsögn um 1. gr. Vernd sú, sem hér er veitt öðrum ljósmyndum en þeim, sem teljast til listaverka, nær til allrar eftirgerðar á myndunum, óbreyttum eða lítt breyttum, en heimilt er að nota efni þeirra við gerð sjálfstæðra verka, t. d. málverka, sbr. 2. málsgr. 5. gr. Eintakagerð til einkanota er og jafnan heimil, einnig með aðstoð annarra manna. Ekki þykir koma til greina að meina almennt opinbera birtingu á ljósmyndum, sem fengnar eru með réttri heimild. Réttur ljósmyndara á að vera nægilega tryggur, ef honum er áskilin þóknun fyrir birtingu mynda í atvinnuskyni eða ávinnings. Verndartími er hér hinn sami, sem almennt er ákveðinn í höfundalögum eða sérlögum um ljósmyndir. Svo þykir og rétt að gera heimildir ljósmyndara háðar sömu takmörkunum og rétt höfunda, sbr. tilvitnanir til II. kafla.

Um 50. gr.

Í umsögn um 1. gr. er þess getið, að til bókmenntaverka verði aðeins talin þau verk, sem í felst sjálfstæð andleg sköpun. Vernd höfundaréttar nær því ekki til rita,

sem hafa aðallega að geyma upplýsingar um tilteknar staðreyndir, svo sem er um ýmsar skrár og töflur. Rétt þykir samt að láta þá vinnu, sem þar felst að baki, njóta nokkurrar verndar. Í grein þessari er bönnuð eftirgerð umræddra rita, og verndartími ákveðinn 10 ár.

Um VI. kafla.

Hér eru ákvæði um nokkur mismunandi efni, sem tengd eru höfundarétti. Vísast um það til umsagnar um einstakar greinar.

Um 51. gr.

Þó að ákvæði laga nr. 84 frá 1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum kunni stundum að eiga við um það efni, sem grein þessi fjallar um, þykir samt henta að hafa um það sérákvæði í höfundalögum. Fyrirmælin taka til titla (heita, fyrirsagna) á bókmenntaverkum, t. d. bókum og tímaritum, svo og gervinafna og merkja á hvers konar bókmenntaverkum og listaverkum án tillits til þess, hvort þau eru vernduð eða verndartími liðinn. Fyrirmælin taka hins vegar ekki til eiginnafns höfundar, og kunna því að koma til greina um misnotkun eiginnafna ákvæði 9. gr. laga nr. 84 frá 1933.

Um 52. gr.

Sjálfsagt þykir, að höfundur einn fái ráðið því, hvort nafn hans eða annað auðkenni sé sett á verk hans, hvort sem hann hefur látið eintak eða eintök af þeim af hendi í lifandi lífi eða lætur þau eftir sig, er hann fellur frá.

Ákvæði 2. málsgr. er sett til að koma í veg fyrir, að kaupendur listaverka verði blekktir, þannig að þeir ætli það frumverk, sem aðeins er eftirgerð. Þrátt fyrir ákvæðið er heimilt að láta nafn eða merki höfundar koma fram á eftirprentunum málverka, enda tekur orðalag ekki til þess, og um hættu á blekkingu er þar vart að ræða. Fyrirmæli þessarar greinar gilda án tillits til þess, hvort verndartími er liðinn eða ekki.

Um 53. gr.

Þó að liðið sé verndartímabil eftir IV. kafla og bókmenntaverk eða listaverk sé orðið hluti af sameiginlegum, alþjóðlegum menningararfi, rís spurning um, hvort verkin eigi að vera óvernduð gegn hvers konar misþyrmingum og spjöllum, sem á þeim kunna að vera gerð. Sú skoðun hefur á síðari tímum hlotið mikið fylgi, að veita beri verkunum vernd gegn slíkum aðgerðum með nokkrum hætti. Hefur þá og verið talið, að verndin ætti að ná til allra bókmenntaverka og listaverka án tillits til uppruna þeirra eða þess, hvort þau hafa á sínum tíma verið háð höfundarétti eða ekki. Samkvæmt þessu er tekin hér upp með nokkrum breytingum regla úr fyrra málslið 1. gr. laga nr. 127 frá 1941. Er verndin látin ná til erlendra verka jafnt sem íslenzkra, sbr. 2. málsgr. 60. gr.

Í refsirétti nútímans er þess krafizt, að verknaðarlýsing refsiverðs brots sé svo glöggt skilgreind í lögum, að almenningur geti gert sér grein fyrir því, hvort tiltekinn verknaður fari í bága við refsiákvæðið. Það mundi vera of óákveðin verknaðarlýsing, ef refsinæmi væri við það miðað, að háttsemi færi í bága við almenna menningu. Þykir ekki fært að gera refsinæmi brots á ákvæðum 53. gr. háð slíku skilyrði. Hins vegar er ráðgert, að menntamálaráðherra geri ekki kröfu um málshöfðun, nema hann telji þess þörf vegna almennrar menningarverndar.

Réttur menntamálaráðherra til að krefjast málshöfðunar hefst þegar við gildistöku laganna um verk, sem ekki njóta verndar höfundaréttar, en ella þegar höfundaréttur fellur niður eftir ákvæðum IV. kafla. Að vísu kunna þá að vera til aðiljar, sem málssóknarrétt eiga samkvæmt 2. málsgr. 59. gr., en ekki virðist það geta komið að sök.

Um VII. kafla.

Í kafla þessum eru ákvæði um viðurlög við brotum, ákærureglur, gerðardóm og höfundaréttarnefnd. Ákvæði laga nr. 13/1905 um viðurlög og ákærureglur eru

fyrir löngu orðin úrelt og því nauðsynlegt að færa þau til nútíðarhorfs. Að öðru leyti vísast um þetta til umsagnar um einstakar greinar.

Um 54. gr.

Verk þau, sem verndar njóta að höfundalögum, eru ólíkamleg og fara því ekki forgörðum, þótt brotið sé gegn ákvæðum laganna. Verkin eru að vísu eignarrétti háð, en hér gegnir öðru máli en um brot gegn eignarrétti á líkamlegum munum. Aftur á móti eru eintök, sem gerð eru af verkum höfunda, svo sem bækur, málverk, hljómplötur o. s. frv., líkamlegir hlutir, sem m. a. njóta refsiverndar eftir 26. og 27. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Með brotum á ákvæðum höfundalaga er annaðhvort skertur möguleiki höfundar til fjárhagslegra nytja af verkum sínum, er skylt á við venjuleg atvinnuréttindi, eða raskað er rétti þeirra til að njóta heiðurs af verkunum, og á það skylt við æruréttindi. Þykir hæfilegt, miðað við refsingar fyrir áþekk brot í almennri löggjöf, að hafa hámark refsingar fyrir brot á höfundarétti varðhald 3 mánuði. Er og á það að líta, að brot gegn ákvæðum 4. gr. getur jafnhliða verið brot á æruréttindum og þá refsivert eftir 25. kafla alm. hegningarlaga. Í gildandi rétti er aðeins lögð fésekt við brotum á höfundarétti, og er því um aukið refsihámark að ræða samkvæmt frv. þessu.

Um 55. gr.

Um 1. málsgr. Nauðsynlegt er að hafa í lögunum ákvæði um aðgerðir til að koma í veg fyrir misnotkun á eintökum verka, sem ólöglega hafa verið gerð, og munum, sem varða undirbúning að gerð slíkra eintaka. Skiptir ekki máli, hvort eintökin hafa verið gerð með saknæmum hætti eða í grandleysi. Lagt er á vald dómstóla að ákveða upptöku á ólöglegum eintökum og undirbúningsmunum til handa þeim, sem misgert er við, gegn endurgjaldi eða án þess, eftir því sem við þykir eiga.

Um 2. málsgr. Látin er haldast heimild í 17. gr. laga nr. 13 frá 1905 um ónýtingu slíkra hluta, sem getur í 1. málsgr. Dómstólar skera úr um það, hvort beitt er heimild 1. eða 2. málsgr. í einstökum tilvikum, en vitanlega munu þeir haga ákvörðunum sínum um það í samræmi við megintilgang laganna um vernd höfundaréttar. Þess vegna verður að taka ríkt tillit til óska þess, sem misgert er við, um upptöku honum til handa eða ónýtingu. Það mun því heyra til undantekninga, að ekki sé farin önnur hvor sú leið. Dómstólar geta þó samkvæmt 2. málsgr. ákveðið, að eintök eða aðrir munir séu án afhendingar eða ónýtingar gerðir óhæfir til ólöglegra nota. Má þar til nefna, að ólöglegu bókaupplagi sé komið í örugga geymslu, það sem eftir er verndartímans, einkum þegar skammt er til loka hans, sbr. 6. málsgr. 17. gr. laga nr. 13 frá 1905. Þá getur og ólögleg eftirgerð af listaverki verið svo listræn í sjálfu sér, að ekki þætti hæfa að ónýta hana. Mætti þá ákveða, að hún sé geymd án tjóns fyrir höfund eða annan handhafa höfundaréttar, unz verndartímabilið er liðið, enda sé þess og gætt, að meðferð hennar, að því tímabili loknu, fari ekki í bága við ákvæði 51. gr.

Um 3. málsgr. Ekki þykir rétt að láta ákvæði greinarinnar ná til aðilja, sem eignazt hafa í grandleysi ólögleg eintök til einkanota, sbr. áþekka reglu í 1. tölul. 69. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

Um 4. málsgr. Þar sem verðmæti bygginga er að jafnaði mikið, ekki sízt þeirra, sem verndar eiga að njóta eftir höfundarétti, þykir ekki fært að láta ákvæði um upptöku eða ónýtingu ná til þeirra.

Um 56. gr.

Fyrsta málsgr. þarfnast ekki skýringar. Í 2. málsgr. ræðir um miskabætur, sem aðeins höfundi eða listflytjanda verða dæmdar, og það allt að einu, þó að þeir kunni að hafa framselt rétt sinn til annarra aðilja. Vænta má, að miskabætur verði einkum dæmdar vegna brota á ákvæðum 4. gr., en ekki er ákvæðið þó einskorðað

við þá grein. Fyrirmæli 3. málsgr. lýtur að því, að tiltekinn aðili hafi hlotið ávinning með hlutlægu broti á rétti höfundar eða listflytjanda, en án huglægrar sakar. Gert er ráð fyrir, að ákvæði 3. málsgr. verði þá beitt í samræmi við það, sem talið er gilda um bætur samkvæmt svonefndri auðgunarreglu.

Um 57. gr.

Þegar heimiluð eru afnot lögverndaðra verka gegn þóknun til höfunda (afnotakvöð), án þess að leita þurfi samþykkis þeirra hverju sinni, sbr. 3. málsgr. 14. gr., 1. málsgr. 16. gr., 3. málsgr. 17. gr., 2. málsgr. 20. gr., 1. og 4. tölul. 21. gr., 23. gr. og 1. málsgr. 49. gr., getur risið ágreiningur um greiðslufjárhæðir. Sama er um fjárhæð þóknunar til framleiðenda hljóðrita og listflytjenda samkvæmt 47. gr. Skal upphæð þóknunar þá fara eftir ákvæðum stéttarsamnings, ef hann er fyrir hendi, en sé svo ekki, er aðiljum veittur kostur á að leggja ágreiningsefnið undir fullnaðarúrskurð gerðardóms, ef þeir eru sammála um það. Þykir þetta heppilegt, þar sem oft mundi vera um smáar fjárhæðir að ræða, en tímafrekt og kostnaðarsamt að leita til almennra dómstóla. Eins og sjá má, er aðiljum ekki skylt að láta málið ganga til gerðardóms. Hvor þeirra um sig á þess kost að leggja málið undir úrlausn almennra dómstóla, ef hann kýs það heldur.

Um 58. gr.

Þessi grein fjallar um skipun sérstakrar nefndar, sem menntamálaráðherra og menntamálaráðuneyti geti leitað til við úrlausn málefna, er varða höfundarétt. Þó að nefndin sé aðeins ráðgefandi, má ætla, að hún muni m. a. geta stuðlað að heppilegri lausn ágreiningsefna, sem upp kunna að koma.

Um 59. gr.

Um 1. málsgr. Ákvæði þetta er óbreytt frá því, sem nú gildir, sbr. 25. gr. laga nr. 13 frá 1905. Eftir almennri löggjöf sæta áþekk brot ekki opinberri málssókn, sbr. m. a. 22. gr. laga um einkaleyfi nr. 12 frá 1923, sbr. 124. gr. laga nr. 85 frá 1936 og 3. tölul. 242. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Þykir ekki næg ástæða til að gera breytingu að þessu leyti á gildandi löggjöf.

Um 2. málsgr. Ef tilsjónaraðili hefur verið nefndur eftir 2. málsgr. 31. gr., hefur hann einn málshöfðunarrétt út af þeim brotum, sem hér ræðir um, meðan hans nýtur við. Ella hafa málshöfðunarrétt hinir sömu aðilar, sem greindir eru í 3. málsgr. 25. gr. laga nr. 19 frá 1940.

Um 3. málsgr. Þar sem enginn einkaaðili er til eftirmáls, þegar brot kunna að verða framin á ákvæðum 53. gr., þykir verða að ákveða, að saksókn út af þeim fari að hætti opinberra mála. Samkvæmt 2. málsgr. 53. gr. er skilyrði, að menntamálaráðherra krefjist saksóknar.

Um VIII. kafla.

Ákvæði um gildissvið íslenzkra höfundalaga eru nú í 27. gr. laga nr. 13 frá 1905. Fullnægja þau hvergi nærri þeim kröfum, sem nú eru hvarvetna gerðar um alþjóðlegar einkaréttarreglur, er varða vernd höfundaréttar.

Við samningu fyrirmæla í þesum kafla hefur þess verið sérstaklega gætt, að þau fullnægðu kröfum Bernarsáttmálans, að því er til höfunda tekur. Einnig hefur um vernd listflytjenda, hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana verið höfð hliðsjón af alþjóðasáttmála þeim, er um það efni var gerður í Róm 26. okt. 1961.

Um 60. gr.

Um 1. málsgr. Ákvæði þessarar málsgr. gilda um bókmenntaverk og listaverk, sem verndar skulu njóta eftir lögunum.

Regla 1. tölul. er í samræmi við gildandi rétt, sbr. 27. gr. laga nr. 13 frá 1905. Samsvarandi regla er í 1. tölul. 3. gr. Bernarsáttmálans.

Ákvæði 2. tölul. er nýmæli, sbr. 2. tölul. 3. gr. Bernarsáttmálans. Hér er átt við lögheimili, sbr. lög nr. 35 frá 1960.

Í 3. tölul. er flóttamönnum og ríkisfangslausum mönnum mæltur sami réttur og íslenzkum ríkisborgurum, ef þeir hafa hér samfellt aðsetur. Er regla þessi sett í samræmi við 14. gr. alþjóðasáttmála frá 28. júlí 1951 um stöðu flóttamanna, sem Ísland hefur gerzt aðili að, sbr. augl. nr. 74 frá 1955. Orðin „samfellt aðsetur" eru hér notuð í sömu merkingu sem í 10. gr. nefnds sáttmála.

Ákvæði 4. tölul. eru óbreytt frá því sem nú gildir samkvæmt 27. gr. laga nr. 13 frá 1905, sbr. og 1. tölul. 3. gr. Bernarsáttmálans.

Í 5. tölul. er tekin upp regla í samræmi við ákvæði í 4. gr. Bernarsáttmálans.

Ákvæði 6. tölul. um kvikmyndaverk eru sett í samræmi við fyrirmæli í 4. gr. Bernarsáttmálans.

Um 2. málsgr. Í umsögn um 53. gr. var þess getið, að vernd samkvæmt þeirri grein gegn spjöllum á bókmenntaverkum eða listaverkum, sem ekki eru háð höfundarétti, ætti að ná jafnt til erlendra verka sem íslenzkra. Það væri óviðkunnanlegt, að slík vernd á verkum erlendra manna hæfist þá fyrst, er höfundaréttur væri niður fallinn. Ekki virðast heldur nein rök liggja til þess, að meina eigi erlendum manni að reka hér réttar síns í sambandi við spjöll á höfundarheiðri hans, þó að hann njóti hér ekki fjárhagslegrar verndar um verk sín. Er því ákveðið hér, að öll erlend verk skuli njóta verndar eftir 2. málsgr. 4. gr. Fyrirmæli 51. og 52. gr. eru sett ekki síður í þágu almennings en höfundar, og kæmi sú vernd ekki að fullum notum, nema hún sé látin ná til allra verka, án tillits til uppruna.

Um 61. gr.

Rétt þykir, að íslenzkir ríkisborgarar njóti hér verndar um listflutning sinn, eins og íslenzkir höfundar um verk sín, sbr. 1. tölul. 60. gr. Þá liggja og næg rök til þess að banna eftirgerð hljóðrita án samþykkis framleiðanda, hvar sem hann kann að eiga ríkisfang.

Um 62.—65. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 506. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 14. júní 1929, um gjaldþrotaskipti.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarpið var sent til umsagnar Verzlunarráði Íslands og embætti yfirborgarfógeta 8. nóv. s. l. Umsögn hefur ekki borizt frá hinum síðarnefnda aðila, en Verzlunarráð Íslands hefur sent nefndinni ályktun aðalfundar V. Í. 1971.

Að athuguðu máli mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 13. marz 1972.

Svava Jakobsdóttir, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Ellert B. Schram, frsm.
Stefán Valgeirsson.	Gísli Guðmundsson.	Stefán Gunnlaugsson.

Nd. 507. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41/1968, um verzlunaratvinnu.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar og rætt það á nokkrum fundum.

Í 1. gr. laganna um verzlunaratvinnu, nr. 41/1968, kemur fram, að markmið þeirra sé m. a. að tryggja, eftir því sem tök eru á, að fólk geti átt völ á sem beztri verzlunarþjónustu á hverjum stað og tíma. Á árinu 1970 var talið nauðsynlegt að gera þá breytingu með lögum um breyting á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verzlunaratvinnu, nr. 7/1970, sem m. a. veitti ráðherra heimild til að víkja frá þeim skilyrðum, sem löggjöfin setur varðandi verzlunarleyfi til handa félögum eða stofnunum og enn fremur viðvíkjandi íslenzku ríkisfangi og heimilisfesti á Íslandi.

Með hliðsjón af ofangreindu meginmarkmiði laganna hefur komið í ljós, að nauðsynlegt er, að ráðherra hafi einnig heimild til að veita undanþágu frá þeim menntunarkröfum, sem gildandi lög gera ráð fyrir, þegar sótt er um verzlunarleyfi og sérstaklega stendur á að mati hans. Við framkvæmd þeirra hefur það sýnt sig, að hin ströngu menntunarskilyrði, sem lögin hafa að geyma, miðað við það, sem áður var, eru illframkvæmanleg út frá þjónustusjónarmiðum. Víða um land mun vera skortur á verzlunarþjónustu í sérgreinum. Sem dæmi má nefna sölu á ýmiss konar byggingarvörum, sem fólk telur sjálfsagt, að iðnaðarmenn hafi á boðstólum til sölu, en samkvæmt gildandi lögum er þeim meinað að fá verzlunarleyfi til slíkra viðskipta, nema þeir hafi verzlunarpróf. Þá hafa verzlunarnámskeið, sem lögin gera ráð fyrir, ekki komizt á.

Meiri hluti nefndarinnar er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt. — Fjarverandi við afgreiðslu málsins í nefndinni voru Gísli Guðmundsson og Ólafur G. Einarsson.

Alþingi, 5. apríl 1972.

Svava Jakobsdóttir, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Stefán Gunnlaugsson, frsm.
	Stefán Valgeirsson.	

Ed. 508. Lög [20. mál]

um breyting á lögum nr. 74 28. apríl 1962, um innflutning búfjár.

(Afgreidd frá Ed. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 414 (sbr. 20).

Nd. 509. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41/1968, um verzlunaratvinnu.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Í 4. gr. laganna um verzlunaratvinnu, nr. 41/1968, er fjallað um þau skilyrði, sem einstaklingar skulu fullnægja til þess að öðlast verzlunarleyfi. Í 3. tl. 4. gr. segir:

„Hefur lokið prófi úr verzlunarskóla, sem viðurkenndur er af ráðherra, eða hefur aðra menntun, sem ráðherra metur jafngilda. Enn fremur má veita þeim verzl-

unarleyfi, sem um þriggja ára skeið hefur starfað við verzlun og að þeim starfstíma loknum sótt sérstakt námskeið í verzlunarfræðum, sem ráðherra viðurkennir, og lokið þaðan prófi. Meðan ekki er völ á slíkum verzlunarnámskeiðum sem gert er ráð fyrir í þessum tölulið, má veita þeim verzlunarleyfi, sem starfað hefur þrjú ár við verzlun og sannar með vottorðum vinnuveitenda, að hann hafi vegna starfsreynslu sinnar þá þekkingu á bókhaldi, vörum og lagafyrirmælum, sem varða verzlunarrekstur, sem telja má nauðsynlega til að reka verzlun."

Skv. frumvarpinu, sem nefndin hefur haft til meðferðar, er gert ráð fyrir, að ráðherra geti veitt undanþágu frá skilyrðum þessa töluliðs, þegar sérstaklega stendur á að hans mati.

Í grg. með frumvarpinu segir, að í ljós hafi „komið við framkvæmd laganna, að erfitt er að veita ýmsum aðilum verzlunarleyfi, sem eðlilegt er að eigi kost á leyfi til verzlunar. Er því lagt til, að núgildandi heimild verði rýmkuð ....".

Minni hluti nefndarinnar getur fallizt á, að undir sérstökum kringumstæðum geti reynzt óhjákvæmilegt að veita heimild til undanþágu, en telur hins vegar, að sá rökstuðningur, sem fram kemur í tilvitnaðri grg., réttlæti engan veginn svo almenna og fortakslausa undanþáguheimild sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Slík undanþága verði að vera háð einhverjum lágmarksskilyrðum, öðru en því, að mat ráðherra ráði þar eitt úrslitum.

Minni hl. nefndarinnar taldi eðlilegt, að nefndin kannaði, hvort og þá hvaða skilyrði hægt væri að setja slíkum undanþágum, og mætti þá kveða nánar þar á um með reglugerð.

Meiri hluti nefndarinnar léði ekki máls á neinum slíkum breytingum, og þar sem frumvarpið óbreytt er að áliti minni hlutans óaðgengilegt, flytur minni hlutinn breytingartillögu á sérstöku þingskjali, en mun greiða atkvæði gegn frumvarpinu, verði hún ekki samþykkt.

Rétt þykir að gera eftirfarandi grein fyrir breytingartillögu minni hlutans til viðbótar því, sem tekið er fram hér að framan:

Með lögum um verzlunaratvinnu, nr. 41/1968, var það haft að meginmarkmiði að setja almennar reglur um, hvaða aðilar og hvaða skilyrði yrðu að vera fyrir hendi, þegar verzlunarleyfi væri veitt. Var það í samræmi við þá almennu þróun, að settar væru einhverjar skorður við því, að aðilar eða einstaklingar gætu ráðizt í hvers konar atvinnurekstur nema að uppfylltum lágmarkskröfum. Var þó alls ekki gengið eins langt í þessum lögum og í flestum öðrum atvinnugreinum, þar sem mjög er miðað við hagsmuni eða sérréttindi viðkomandi starfsstétta.

Í 3. tölulið 4. gr. laga nr. 41/1968 er að finna grundvallarforsendu þess, að einstaklingum sé veitt verzlunarleyfi, og veitir ákvæðið verulegt svigrúm í þeim efnum. Verður að telja, að þeim aðilum, sem hyggja á verzlunarrekstur, sé ekkert að vanbúnaði að fullnægja þeim skilyrðum, sem þar eru sett. Til þess þarf ekki að breyta lögunum, heldur eingöngu að framfylgja þeim.

Ef undanþágu þarf að veita engu að síður af óhjákvæmilegum ástæðum, sýnist sjálfsagt, að tilskildar séu einhverjar lágmarkskröfur, m. a. um þekkingu á bókhaldi, vörum og lagafyrirmælum, sem varða verzlunarrekstur, sem telja má nauðsynlega til að reka verzlun. Þá þekkingu má tryggja með námskeiðshaldi, eins og gert er ráð fyrir í lögunum að öðru leyti. Ekki kemur annað til greina en að undanþágur séu bundnar við minni háttar verzlunarrekstur.

Af þessum ástæðum er hér gerð tillaga um, að undanþáguheimild ráðherra sé veitt, að uppfylltum slíkum grundvallarforsendum, sem kveða skal nánar á um í reglugerð.

Alþingi, 5. apríl 1972.

Ellert B. Schram.

Nd. 510. Breytingartillaga [106. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 41/1968, um verzlunaratvinnu.

Frá minni hl. allsherjarnefndar (EBS).

Aftan við 1. gr. bætist orðin: enda sé fullnægt lágmarksskilyrðum, sem nánar skulu ákveðin með reglugerð.

Sþ. 511. Breytingartillögur [216. mál]

við till. til þál. um gerð alþjóðlegs varaflugvallar á Norðurlandi.

Frá Eysteini Jónssyni, Páli Þorsteinssyni, Sverri Hermannssyni, Helga F. Seljan og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Tillögugreinin orðist þannig:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram könnun á því, hvar hagkvæmast er að gera varaflugvöll fyrir millilandaflug. Niðurstöður þessarar könnunar verði lagðar fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði:
   Till. til þál. um varaflugvöll fyrir millilandaflug.

Ed. 512. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyting á skipulagsskrá nr. 79 18. sept. 1929, fyrir minningarsjóð hjónanna Halldórs Jónssonar og Matthildar Ólafsdóttur frá Suður-Vík og dætra þeirra, Guðlaugar og Sigurlaugar, til stofnunar elliheimilis fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 6. apríl 1972.

Benóný Arnórsson, form., frsm. — Björn Fr. Björnsson, fundaskr. — Oddur Ólafsson.
Bragi Sigurjónsson. — Auður Auðuns. — Helgi Seljan.
Ásgeir Bjarnason.

Ed. 513. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á skipulagslögum, nr. 19 1964.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 6. apríl 1972.

Benóný Arnórsson, form. — Björn Fr. Björnsson, fundaskr. — Oddur Ólafsson, frsm.
Bragi Sigurjónsson. — Auður Auðuns. — Helgi Seljan.
Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 514. Fyrirspurnir. [239. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um kjarnfóðurinnflutning.

Frá Braga Sigurjónssyni.

Hve mikill er kjarnfóðurinnflutningurinn orðinn frá 1. sept. s. l. að telja að magni og verðgildi og hve mikinn gjaldeyri hefur þjóðin orðið að greiða fyrir hann?

II. Til viðskiptaráðherra um hækkun á verðlagi.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hverjar hækkanir hafa orðið á einstökum vörum og þjónustuliðum, síðan kjarasamningar voru gerðir 4. desember 1971?
2. Hver áhrif hafa þessar hækkanir haft á framfærsluvísitölu og kaupgjaldsvísitölu?
3. Hversu miklar eru þær hækkanir, sem hafa ekki enn komið fram í hækkuðu kaupgjaldi, þ. e. hversu mikilli hækkun munu þær valda á framfærsluvísitölu og kaupgjaldsvísitölu?
4. Hverjar eru helztu beiðnir um verðhækkanir, sem bornar hafa verið fram við verðlagsyfirvöld, en afstaða hefur ekki verið tekin til?

Nd. 515. Breytingartillögur [149. mál]

við frv. til l. um Íþróttakennaraskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Við fyrirsögn I. kafla. Í stað orðsins „Markmið“ komi: Hlutverk.
2. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Hlutverk Íþróttakennaraskóla Íslands er þríþætt:
   a) að búa nemendur sína undir kennslu í íþróttum, slysahjálp, líkams- og heilsufræði í skólum;
   b) að búa nemendur sína undir kennslu í íþróttum og félagsstörfum hjá stofnunum, ungmenna- og íþróttafélögum;
   c) að efna árlega, ef þess er kostur, til námskeiða fyrir íþróttakennara í samráði við Íþróttakennarafélag Íslands og námskeiða fyrir væntanlega og starfandi leiðbeinendur í íþróttum í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands.
3. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
   Einnig geta nemendur að loknu prófi, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskóla Íslands, sbr. 1. tl. 1. gr. laga nr. 38 16. apríl 1971, um Kennaraháskóla Íslands, og lokið þaðan kennaraprófi með íþróttakennslu að sérgrein. Tilhögun viðbótarnámsins fer eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum tillögum skólastjórnar Kennaraháskóla Íslands og skólanefndar Íþróttakennaraskólans. Setja má í reglugerð ákvæði um lágmarkseinkunn frá Íþróttakennaraskólanum sem skilyrði fyrir inngöngu í Kennaraháskólann.
4. Við 3. gr. Síðasti málsl. orðist svo:
   Hefur skólinn umsjón með kennslunni.

5. Við 4. gr.
   a. b-liður orðist svo:
      að nemandi sé eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið og hamli skólavist að dómi skólaráðs.
   b. c-liður orðist svo:
      að nemandi sé eigi yngri en 18 ára á því ári, sem hann hefur nám.
6. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Inntaka nemenda er í höndum skólaráðs. Skólavist geta þeir hlotið, sem lokið hafa:
   1. a) stúdentsprófi,
      b) almennu kennaraprófi,
      c) prófi undirbúningsdeildar sérnáms Kennaraháskólans,
      d) prófi með ákveðinni lágmarkseinkunn frá framhaldsdeild gagnfræðaskóla.
   2. Annað nám veitir og réttindi til inntöku, ef skólaráð telur það jafngilt og mælir með því, en skólanefnd fellst á það.
      Heimilt er að úrskurða um skólavist nemenda með hliðsjón af hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum.
   3. Rétt til náms í II. bekk eiga þeir, sem lokið hafa prófi eftir nám í I. bekk með ákveðinni lágmarkseinkunn samkvæmt reglugerð, að viðbættri íþróttakennslu í a. m. k. 70 kennslustundir.
   4. Rétt til þátttöku í námskeiði fyrir leiðbeinendur í íþróttum eiga þeir, er náð hafa 18 ára aldri og hlotið meðmæli stjórnar hlutaðeigandi ungmenna- eða íþróttafélags.
7. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Stefnt skal að því að gera námsefni skólans þríþætt: kjarna, kjörsvið og valgreinar.
   Kjarninn er það námsefni, sem sameiginlegt er öllum nemendum skólans.
   Kjörsvið er það námsefni, greinar eða greinaflokkar, sem nemendur geta valið sér.
   Valgreinar eru allt það námsefni hvers nemanda, sem eigi telst til kjarna eða kjörsviðs nemanda. Nemandi verður að geta unnið sjálfstætt að valgreinum, en skal velja sér þær í samráði við skólastjóra.
   Í reglugerð skal kveða á um námsgreinar og vægi námsþátta.
   Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.
   Nánar skal kveðið á um námsefni í reglugerð, en skólanefnd ákveður námsefni á námskeiðum fyrir leiðbeinendur í samráði við Ungmennafélag Íslands, Íþróttasamband Íslands og sérsambönd þess, en fyrir íþróttakennara í samráði við Íþróttakennarafélag Íslands.
8. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   1. Próf skulu fara fram í lok hvors skólaárs. Skólaráði er þó heimilt að ákveða próf í einstökum greinum á öðrum tíma. Ljúka má námi í einstökum greinum á fyrra skólaári. Skulu einkunnir í þeim greinum skráðar á íþróttakennaraprófsskírteini. Í reglugerð skal kveðið á um námsefni til prófs. Skal þar miðað við, að vægi einkunna sé í réttu hlutfalli við vinnu nemenda og kennslustundafjölda í hverri grein.
      Við lokapróf skulu prófdómarar skipaðir af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum skólaráðs.
   2. Próf skulu fara fram í lok hvers námskeiðs fyrir leiðbeinendur. Viðkomandi sérsamband skipar þar prófdómara með samþykki skólastjóra.
      Nánar skal kveðið á um próf í reglugerð.

9. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

Skólaráð skal þannig skipað: Skólastjóri, sem er formaður, fastir kennarar, einn fulltrúi lausráðinna kennara og tveir fulltrúar nemenda. Hlutverk skólaráðs er að vera skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur auk annarra starfa samkv. lögum þessum. Skólastjóri stjórnar fundum, kveður skólaráð til funda reglulega og auk þess þegar þriðjungur skólaráðsmanna óskar. Kjörtímabil skólaráðs er eitt ár.

Skólanefnd skal þannig skipuð: Íþróttafulltrúi ríkisins, sem er formaður, einn tilnefndur af Íþróttasambandi Íslands, einn af Ungmennafélagi Íslands, einn af Íþróttakennarafélagi Íslands og einn af nemendum. Hlutverk skólanefndar er að vera skólastjóra til ráðuneytis og aðstoðar um málefni skólans auk annarra starfa samkv. lögum þessum. Skólastjóri á sæti á fundum skólanefndar með málfrelsi og tillögurétti. Kjörtímabil skólanefndar er þrjú ár, nema nemenda eitt ár.

Ákveða skal nánar í reglugerð starfssvið skólaráðs og skólanefndar.

10. Við 9. gr. Í stað orðsins „skólastjóra“ í fyrri málsgr. komi: skólaráðs.

11. Við 16. gr. Í stað orðanna „getur sett“ komi: setur.

Ed. 516. Frumvarp til laga [240. mál]

um breyting á lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Á eftir 33. gr. komi ný grein, sem verður 34. gr., svo hljóðandi:

Bannað er að henda hvers konar netum, vörpum eða öðrum veiðarfærum eða hlutum úr þeim í sjó.

Varðar slíkt refsingu samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það er alkunnugt, að oft er skemmdum veiðarfærum eða úrgangshlutum úr þeim fleygt í sjóinn af fiskiskipum. Síðustu ár hefur orðið mikil breyting á efnum til veiðarfæra í sjó, en almennt eru nú notuð gerviefni með litla eðlisþyngd. Eru þau efni miklu sterkari og endingarbetri en eldri efni og fúna seint eða aldrei.

Hér hefur því komið til nýtt vandamál vegna hinna nýju efna, þar sem línur og net og önnur veiðarfæri eða hlutar úr þeim, sem fleygt er í sjó, sökkva ekki né eyðast, heldur fljóta og eru til tjóns bæði fyrir dýralíf í sjónum og auk þess hættuleg fyrir siglingar, þar sem þessir úrgangshlutir flækjast oft í skrúfu skipa og geta því valdið ófyrirsjáanlegu tjóni og hættu.

Sjóslysanefnd, sem starfar samkvæmt 44. gr. laga nr. 52/1970, hefur vakið athygli á þessu vandamáli og talið nauðsynlegt að lögfest væri bann gegn því að henda slíkum veiðarfærum eða hluta úr þeim í sjóinn. Fulltrúi Íslands á fundum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMCO) hefur í nefnd um varnir gegn mengun sjávar lagt til, að sams konar ákvæði verði tekið inn í alþjóðasamþykkt, sem þar

er unnið að, og er slíkt ákvæði þegar komið inn í frumdrög slíkrar alþjóðasamþykktar, sem rædd verður á alþjóðlegri ráðstefnu árið 1973.

Þar sem ekki er heimild í lögum til að banna að henda úrgangsnetum eða vörpum í sjó, þykir nauðsynlegt að lögfesta slíkt bann og er það tilgangur þessa frumvarps.

Nd. 517. Frumvarp til laga [241. mál]

um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðákvarðanir, verðmiðlun, sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

I. KAFLI
Um skipan og verkefni Framleiðsluráðs.

1. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi aðalframkvæmd laga þessara undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra, og skal það skipað þannig: Sjö mönnum kosnum af Stéttarsambandi bænda á fulltrúafundi þess og fjórum mönnum, er stjórn Stéttarsambandsins skipar, samkvæmt tilnefningu eftirgreindra aðila, einum frá hverjum: Búvörudeild Sambands ísl. samvinnufélaga, Mjólkursamsölunni í Reykjavík, Sláturfélagi Suðurlands og mjólkurbúunum utan sölusvæðis Mjólkursamsölunnar. Skal hann tilnefndur á sameiginlegum fundi þeirra. Tilnefna skal jafnmarga varamenn í Framleiðsluráð með sama hætti. Fulltrúar þessir skulu valdir til tveggja ára í senn. Framleiðsluráð kýs sér formann til sama tíma.

Þegar rætt er um málefni Sölufélags garðyrkjumanna eða Sambands eggjaframleiðenda, ber að gefa fulltrúum þeirra samtaka, einum frá hvoru, kost á að sitja fundi Framleiðsluráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Framleiðsluráð kýs úr sínum hópi þrjá menn í framkvæmdanefnd og jafnmarga til vara. Verkefni nefndarinnar er að taka ákvörðun um og afgreiða mál, sem ekki þykir fært að fresta til fundar Framleiðsluráðs.

Framkvæmdanefndin hefur einnig á hendi stjórn Grænmetisverzlunar landbúnaðarins undir yfirstjórn Framleiðsluráðs.

Framleiðsluráð ræður sér framkvæmdastjóra og annað starfslið, eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Aðalverkefni Framleiðsluráðs (auk þess sem um ræðir í 1. gr.) eru:

1. að fylgjast með framleiðslu, sölu og vinnslu landbúnaðarvara;
2. að stuðla að eflingu landbúnaðarframleiðslunnar í samstarfi við Búnaðarfélag Íslands, svo að hún henti sem bezt þörfum þjóðarinnar;
3. að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð varanna;
4. að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir þessar vörur, utan lands og innan;
5. að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum, sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast bezt þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma.

Framleiðsluráð skal því, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, búnaðarsamböndin og þær stofnanir, sem vinna að áætlanagerð í þjóðfélaginu, gera áætlanir um æskilega þróun landbúnaðarins til lengri tíma, t. d. allt að 10 ára.

Áætlanir þessar skulu endurskoðaðar árlega með hliðsjón af áhrifum árferðis á þróunina, svo og breytingum á markaðsskilyrðum;

6. að ákveða verðmiðlun á búvörum, samkvæmt fyrirmælum þessara laga;
7. að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð mjólkur til framleiðenda eftir árstímum;
8. að ákveða mjólkursölusvæði samkvæmt lögum þessum;
9. að verðskrá landbúnaðarvörur í einstökum atriðum á grundvelli verðákvarðana Sexmannanefndar samkvæmt 7., 8., 9. og 10. gr.;
10. að hafa árlega fund með fulltrúum þeirra aðila, sem aðstöðu hafa til áhrifa á framleiðslu og neyzlu landbúnaðarvara, svo sem ríkisstjórnarinnar, Búnaðarfélags Íslands, Stofnlánadeildar landbúnaðarins o. fl.

    Á fundum þessum skal ræða samræmdar aðgerðir, til þess að markmið þau náist, sem um ræðir í ákvæðum 5. töluliðar þessarar greinar;
11. að setja vinnslustöðvum landbúnaðarins reglur um útborgun verðs til bænda, þar á meðal er Framleiðsluráði heimilt að setja reglur um jöfnun kostnaðar við flutning afurðanna til vinnslustöðvanna.

3. gr.

Nú skapast þær aðstæður, að búvöruframleiðsla verði meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fást erlendir markaðir, sem viðunandi teljast að dómi Framleiðsluráðs og landbúnaðarráðherra, fyrir allt það vörumagn, sem umfram er, og eru þá Framleiðsluráði heimilar eftirfarandi tímabundnar ráðstafanir:

a. Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Gjald þetta má aldrei vera hærra en 25% álag miðað við útsöluverð í Reykjavík og heldur ekki má verð á fóðureiningu með 150 gr. af meltanlegu hráproteini verða hærra, vegna álagsins, en verð á 1 kg mjólkur í verðlagsgrundvelli. Gjald þetta verði innheimt við innflutning vörunnar af sýslumönnum, bæjarfógetum og í Reykjavík af tollstjóra.

    Ekki er heimilt að beita þessari aðgerð, nema samþykki landbúnaðarráðherra komi til og fyrir liggi, að útflutningsbætur skv. 3. og 4. málsgr. 15. gr. séu ófullnægjandi verðtrygging.

    Sé heimild þessi notuð, hefur Framleiðsluráð rétt til að ákveða endurgreiðslu á gjaldinu til bænda í byggðarlögum, sem að dómi þess hafa of lítið heyfóður eða aðrar ástæður gera endurgreiðslu þess nauðsynlega. Má kveða nánar á um endurgreiðslur þessar í reglugerð.

    Gjald þetta hefur ekki áhrif á útsöluverð búvöru.

    Gæzla og ráðstöfun þess fjár, er innheimtist skv. a.-lið þessarar greinar, er í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins og notast til verðjöfnunar milli söluaðila, þegar útflutningsbætur samkv. 15. gr. ekki nægja.
b. Að ákveða mismunandi hátt verð á búvöru til bænda (kvótakerfi), ef árlegur framleiðsluauki í einhverri búvörutegund er mun meiri en framleiðsluáætlanir gera ráð fyrir.

    Framleiðsluráði er því aðeins heimilt að beita ákvæðum þessa stafliðar, að landbúnaðarráðherra samþykki reglur Framleiðsluráðs um framkvæmdina og að ekki sé jafnframt notuð heimild til töku gjalds af kjarnfóðri samkvæmt a-lið þessarar greinar.

Nú verður búvöruframleiðsla of lítil í landinu eða einstökum hlutum þess og framleiðsluáætlanir skv. 5. tölulið 2. gr. raskast verulega, og skal þá Framleiðsluráð gera tillögur til Sexmannanefndar og landbúnaðarráðherra um aðgerðir til úrbóta.

Skulu slíkar ráðstafanir ná til einstakra búgreina og/eða einstakra landshluta eða allrar búvöruframleiðslu í landinu, eftir því sem við á.

Þyki Framleiðsluráði nauðsyn bera til að grípa skyndilega til róttækra aðgerða í þessu efni, skal það efna til fundar með þeim aðilum, sem um getur í 10. tölulið 2. gr., og skýra fyrir þeim tillögur sínar og leita stuðnings þeirra við þær.

Heimilt er að innheimta gjald af erlendu kjarnfóðri til aðstoðar við nýbyggingar vinnslustöðva landbúnaðarins, svo sem mjólkurbúa og sláturhúsa, og annarrar hagræðingar í landbúnaði.

Gjald þetta má aldrei vera hærra en 5% álag á útsöluverð kjarnfóðurs, eins og það er í Reykjavík, og heildarverð á 1 kg kjarnfóðurs verði innan þeirra marka, sem segir í a-lið þessarar greinar.

Gjald þetta skal talið til útgjalda í verðlagsgrundvelli. Sexmannanefnd ákveður skiptingu þess og ráðstafar því í samræmi við 1. málsgr. þessa stafliðar að fengnum tillögum frá Framleiðsluráði.

Séu framangreindar heimildir um gjald á innflutt kjarnfóður notaðar, en síðar tekin ákvörðun um að fella gjaldið niður, skal endurgreiða það, sem kann að hafa verið innheimt af birgðum, sem til eru, þegar niðurfelling gjaldsins er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.

4. gr.

Framleiðsluráð lætur safna og gefa út ár hvert skýrslu um framleiðslu landbúnaðarvara, vinnslu þeirra og sölu, markaði, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma.

Skylt er öllum þeim fyrirtækjum og stofnunum, er hafa með höndum vinnslu eða sölu landbúnaðarvara, að láta ráðinu í té allar upplýsingar, er því geta að gagni komið við störf þess og þær geta veitt.

Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarafurða, svo sem kjöts, mjólkur, mjólkurvara, garðávaxta og gróðurhúsaframleiðslu, skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna Framleiðsluráðs. Skal þess jafnan gætt, að innflutningur á landbúnaðarvörum fari því aðeins fram, að innlend framleiðsla fullnægi ekki neyzluþörfinni, og útflutningur því aðeins, að nægilegt sé eftir í landinu til nota fyrir almenning af þeirri vöru, sem út er flutt.

II. KAFLI

Um verðákvörðun og verðskráningu.

5. gr.

Verðlagning landbúnaðarvara skal við það miðuð, að vinnulaun þeirra, sem landbúnað stunda, verði í samræmi við kaupgjald verkamanna og iðnaðarmanna.

Í verðlagsgrundvelli skal sbr. ákvæði 7. gr. tilfæra, sundurliðað í dagvinnu, eftirvinnu, nætur- og helgidagavinnu, ársvinnutíma bóndans, skylduliðs hans og hjúa á búi af þeirri stærð, sem miðað er við hverju sinni, og virða vinnutímann til samræmis við vegið tímakaup verkamanna og iðnaðarmanna eins og það er við upphaf hvers verðlagstímabils, þar með talin hvers konar samningsbundin fríðindi.

Vinnutími við búvöruframleiðslu skal ákveðinn eftir vinnuskýrslum búreikninga hjá Búreikningastofu landbúnaðarins ásamt öðrum þeim gögnum, sem Sexmannanefnd metur gild um þetta efni, m. a. niðurstöðum vinnurannsókna, er gerðar yrðu samkvæmt ákvæðum 11. gr.

6. gr.

Nefnd sex manna skal á grundvelli ákvæða 5. gr. ákveða afurðaverð til framleiðenda búvöru og verð landbúnaðarvara í heildsölu samkv. nánari ákvæðum laga þessara.

Stjórn Stéttarsambands bænda tilnefnir tvo menn í nefndina, Framleiðsluráð landbúnaðarins einn mann og ríkisstjórnin þrjá menn.

Nefnd þessi kallast Sexmannanefnd.

Tilnefna skal jafnmarga varamenn.

Tilnefning í Sexmannanefnd gildir til eins árs í senn og skal nefndin fullskipuð 1. júlí ár hvert.

Fundir Sexmannanefndar eru lögmætir, ef meiri hluti nefndarmanna er mættur. Nefndin skal setja sér starfsreglur, þar sem m. a. er kveðið á um fundarboðun, fundarstjórn og meðferð mála.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðuneytis sérfróða menn, t. d. á sviði landbúnaðar, verðlags- og markaðsmála.

Við aðalverðlagningu á sumri hverju skal nefndin hefja störf eigi síðar en 10. ágúst og hraða störfum svo sem kostur er á og ljúka þeim svo fljótt, að verðlagsgrundvöllur sé jafnan fullgerður og allri verðlagningu lokið 1. sept.

7. gr.

Sexmannanefnd skal leitast við að ná samkomulagi um verðlagsgrundvöll, þar sem kveðið er á um framleiðslukostnað og magn afurða.

Í því sambandi er heimilt að semja um sérstök fjárframlög ríkisins til landbúnaðarins, að því er varðar verðlagsmálin, niðurgreiðslur búvöruverðs á innlendum markaði, sbr. ákvæði 14. gr., svo og framleiðslustyrki til þeirra byggðarlaga, sem erfiðust skilyrði hafa, sbr. 16. gr.

Samhliða því, að Sexmannanefnd fjallar um ákvörðun verðlagsgrundvallar, skv. 1. málsgr. þessarar greinar, skal hún leitast við að ná samkomulagi um vinnslu- og dreifingarkostnað mjólkur, slátur- og heildsölukostnað kjöts og pökkunar- og dreifingarkostnað kartaflna.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal leggja fyrir nefndina rökstuddar tillögur um framantalda kostnaðarliði. Einnig skal það leggja fyrir nefndina tillögur um hækkanir á söluverði vegna vaxta- og geymslukostnaðar á kjöti og garðávöxtum.

Að loknum framangreindum ákvörðunum Sexmannanefndar er Framleiðsluráði heimilt að ákveða tilfærslur í verði á milli völuflokka innan hverrar búgreinar fyrir sig. Einnig er því heimilt að ákveða frávik til hækkunar eða lækkunar á skráðu heildsöluverði eftir árstímum eða markaðsástandi hverju sinni, enda skili heildarsala ársins meðalverði til söluaðila.

Framleiðsluráði eru heimilar aðgerðir til verðjöfnunar milli sölusvæða, svo slík ákvörðun raski ekki möguleikum til þess, að bændur fái sama verð fyrir sams konar vöru á viðkomandi verðlagstímabili.

Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður einnig smásöluverð einstakra vörutegunda, og skal það hafa hliðsjón af hinum almennu álagningarreglum, er gilda á hverjum tíma. Gefa skal fulltrúum Kaupmannasamtaka Íslands kost á að ræða við Framleiðsluráð, áður en ákvörðun er tekin í þessu efni.

Nú verður ágreiningur milli nefndarhluta um einhverja þætti verðlagningar, og skal þá vísa ágreiningsefnum til sérstakrar yfirnefndar til úrskurðar, sbr. 8. gr.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna yfirnefnd til tveggja ára í senn, sbr. þó 2. málsgr. þessarar gr. Yfirnefnd skal þannig skipuð, að fulltrúar framleiðenda í Sexmannanefnd tilnefna einn mann, fulltrúar ríkisstjórnarinnar tilnefna annan, en Hæstiréttur Íslands tilnefnir oddamann. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Starfstímabili yfirnefndar lýkur, þegar gildistími úrskurðar hennar er útrunninn, sbr. 7. og 8. málsgrein þessarar greinar.

Þegar ágreiningsefnum er vísað til yfirnefndar, skal hún taka þau þegar til afgreiðslu. Nefndin skal kynna sér gögn þau, sem fram hafa verið lögð. Henni er og heimilt að afla sér viðbótarupplýsinga eftir því, sem hún telur þörf á, enda tefji það ekki störf hennar óeðlilega. Henni er heimilt að kveðja sér til ráðuneytis sérfróða menn. Nefndin getur óskað eftir því, að nefndarhlutarnir tilnefni, hvor af sinni hálfu, málflytjendur, er skýri sjónarmið hvors málsaðila.

Nefndin hraðar störfum, svo sem kostur er á, og skal verðlagsgrundvöllur vera tilbúinn innan 14 daga frá því að ágreiningi var vísað til hennar. Verði tafir á gerð

verðlagsgrundvallar, þannig að verðlagningu sé ekki lokið 1. sept., skal bændum jafnan bætt það tjón, sem þeir kunna að verða fyrir af þessum sökum, með álagi á búvöruverð næsta verðlagstímabil.

Verksvið yfirnefndar nær aðeins til verðlagsgrundvallar og ákvörðunar um vinnslu- og heildsölukostnað.

Yfirnefnd skal skila til málsaðila rökstuddri greinargerð um niðurstöður sínar.

Telji annar hvor hluti Sexmannanefndar úrskurð yfirnefndar óviðunandi, getur sá hluti nefndarinnar krafizt þess, að úrskurður yfirnefndar gildi aðeins til sex mánaða, sé um haustverðlagningu að ræða, en annars til 1. september næstan á eftir, þegar um er að ræða verðbreytingu, sbr. 2. málsgr. 9. gr. og 1. og 2. málsgrein 10. greinar. Krafa um málsupptöku samkvæmt þessu ákvæði hefur því aðeins gildi, að hún sé samþykkt af meiri hluta á fulltrúafundi Stéttarsambands bænda eða af ríkisstjórn.

Þegar yfirnefnd fellir úrskurð, er málsaðilum heimilt að segja upp verðlagsgrundvelli að ári liðnu frá gildistöku úrskurðar, enda berist uppsögn innan þeirra tímamarka, sem tilgreind eru í 9. gr.

Úrskurður yfirnefndar er bindandi, sbr. þó ákvæði 7. málsgr. þessarar gr.

Ákvæði um úrskurð skv. þessari grein gilda á meðan veitt er fé til niðurgreiðslu á búvöruverði á innlendum markaði eða til útflutningsbóta á landbúnaðarvörur.

9. gr.

Verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar afurðaverðs til framleiðenda gildir fyrir tvö ár í senn frá byrjun verðlagstímabils 1. sept., og skal hann tilbúinn fyrir þann tíma ár hvert, sbr. þó ákvæði 8. gr. Fyrsti verðlagsgrundvöllur skv. þessum ákvæðum tekur gildi 1. sept. 1972.

Sexmannanefnd er heimilt að gera breytingar á verðlagsgrundvelli vegna breytinga á rekstrarkostnaði við búvöruframleiðslu ársfjórðungslega skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Á sama hátt er heimilt að gera breytingar á vinnslu- og dreifingarkostnaði eftir upplýsingum frá helztu sölufyrirtækjum landbúnaðarins.

Verðlagsgrundvöllur framlengist sjálfkrafa um eitt ár, sé honum ekki sagt upp fyrir 1. júní á því ári, sem verðlagstímabili lýkur.

Þó getur Sexmannanefnd komið sér saman um annan uppsagnartíma. Á miðju verðlagstímabili færir Hagstofa Íslands verðlagsgrundvöllinn fram í samræmi við áorðnar breytingar á verðlagi og kaupgjaldi eftir útreikningsreglum, sem Sexmannanefnd setur um það efni. Gildir sá framreikningur til ákvörðunar búvöruverðs næsta ár, sbr. þó 1. og 2. málsgr. þessarar greinar og 10. gr. Sama gildir, ef verðlagsgrundvelli er ekki sagt upp.

10. gr.

Sexmannanefnd skal breyta afurðaverði til framleiðenda ársfjórðungslega miðað við 1. desember, 1. marz, 1. júní og 1. sept. vegna breytinga á kaupi svarandi til þess, að launaliður í verðlagsgrundvelli sé færður til samræmis við launabreytingar í almennri verkamannavinnu í Reykjavík.

Ef laun breytast vegna breyttrar kaupgreiðsluvísitölu, skulu slíkar launabreytingar koma inn í launalið verðlagsgrundvallarins á sama tíma og þær koma til framkvæmda hjá viðmiðunarstéttunum. Breytingar á grunnlaunum eru bundnar við framangreind tímamörk. Verði bændur fyrir tjóni vegna dráttar á því, að launabreytingar komi í verðlagsgrundvöllinn, skal það bætt á næsta verðlagstímabili.

Ríkisstjórnin ákveður í samráði við Sexmannanefnd, hvort útsöluverð á búvörum hækkar vegna hækkaðra launa eða hvort hækkunin er greidd með öðrum hætti.

Verði ekki samkomulag um verðlagsbreytingar skv. ákvæðum 9. og 10. gr., skal vísa ágreiningsefnum til yfirnefndar til úrskurðar, sbr. 8. gr. Yfirnefnd tekur ágreininginn þegar til meðferðar og úrskurðar svo fljótt sem verða má.

11. gr.

Hagstofa Íslands skal fyrir 10. ágúst ár hvert afla þeirra upplýsinga, sem Sexmannanefnd óskar eftir um framleiðslukostnað búvara, afurðamagn og launatekjur viðmiðunarstétta þeirra, sem um ræðir í 5. gr.

Á sama tíma skilar Búreikningastofa landbúnaðarins til Sexmannanefndar upplýsingum um niðurstöður búreikninga og öðrum gögnum frá bændum, sem Sexmannanefnd óskar eftir og vinna má úr búreikningum.

Sexmannanefnd getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingagrundvöll fyrir þau atriði, er máli skipta fyrir verðlagningu landbúnaðarafurða, svo sem framleiðslu- og dreifingarkostnað, vinnutíma o. fl.

Skylt er að stofna til slíkra rannsókna, ef annar nefndarhlutinn krefst þess. Skal nefndin í því efni leita samstarfs við Hagstofu Íslands, Búreikngastofu landbúnaðarins, Framkvæmdastofnun ríkisins og aðrar opinberar stofnanir, að því leyti sem rannsóknir þessar snerta starfssvið viðkomandi stofnana.

Telji umræddar stofnanir sig ekki hafa starfslið til þess að framkvæma þær rannsóknir, er Sexmannanefnd hefur ákveðið að fram skuli fara, er nefndinni heimilt að ráða til þess nauðsynlega starfskrafta, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að láta þeim, er rannsóknirnar framkvæma, í té nauðsynlegar upplýsingar.

12. gr.

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. september, skal ákveða verð á kjöti af því fé þeim mun hærra en hið væntanlega haustverð, sem nemur áætluðum þyngdarauka kindanna, að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu, samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu. Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um verðlagningu garðávaxta, sem koma á markað fyrir 15. september. Skal verð þeirra við það miðað, að tryggt verði framboð snemmvaxinna garðávaxta.

Í hvert skipti, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins telur rétt, að ákveðið sé sumarverð á kjöti eða garðávöxtum eða að breyta áður ákveðnu sumarverði samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar gr., skal það tilkynna Sexmannanefnd áform sitt í því efni. Skal þá Sexmannanefnd taka málið til meðferðar og ákvörðunar og því síðan skotið til úrskurðar, náist ekki samkomulag í nefndinni.

13. gr.

Enginn má kaupa eða selja búfjárafurðir eða garðávexti á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

14. gr.

Allar meiri háttar breytingar niðurgreiðslna búvöruverðs á innlendum markaði skulu gerðar í samráði við Sexmannanefnd og Framleiðsluráð landbúnaðarins. Framleiðsluráði skal jafnan gefinn kostur á að fjalla um slíkar breytingar á fundi og gera álitsgerð um þær, áður en þær koma til framkvæmda.

Niðurgreiðslum skal þannig hagað, að þær raski sem minnst verðhlutföllum milli skyldra vöruflokka, sem falla undir verðákvarðanir Sexmannanefndar.

Þegar ákveðið hefur verið að greiða einhverja vörutegund niður, skal jafnan hafður til viðmiðunar vinnslu- og dreifingarkostnaður á viðkomandi vörutegund. Heimilt er að gera frávik frá þessu, ef sérstaklega stendur á og ekki er hætta á, að slík aðgerð hafi í för með sér röskun á eðlilegri sölustarfsemi eða framleiðslu á viðkomandi vörutegund.

Heimilt er Sexmannanefnd, sbr. 1. málsgr. 7. gr., að semja við ríkisstjórnina um niðurgreiðslu á innvegið magn vöru, t. d. mjólk, enda verði þá útsöluverði hennar svo og vinnsluvara mjólkur breytt til samræmis við þá niðurgreiðslu. Skal þá taka tillit til þess við greiðslur útflutningsbóta, sbr. 15. gr.

Einnig er Sexmannanefnd heimilt að semja um, að hluti niðurgreiðslu einhverrar vörutegundar sé greiddur framleiðendum án tillits til framleiðslumagns, enda komi til samþykki þeirra aðila, sem tilnefna menn í Sexmannanefnd. Þá er einnig heimilt að verja niðurgreiðslufé til að greiða niður kostnaðarliði við búrekstur, svo sem áburð.

15. gr.

Óheimilt er að bæta upp söluverð landbúnaðarvara á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands.

Ríkissjóður tryggir hverju sinni greiðslu á halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara.

Trygging þessi skal árlega vera 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar miðað við verðlagsgrundvallarverð á viðkomandi verðlagsári.

Verði eitthvert ár afgangur af fé því, sem um ræðir í 3. málsgr. þessarar greinar, er heimilt að geyma það í tvö ár og nota það á þeim tíma, ef þá er meiri þörf á útflutningi. Verði að þeim tíma loknum enn afgangur, má Sexmannanefnd ráðstafa því fé í þágu landbúnaðarins, í samráði við landbúnaðarráðherra.

Nú er fyrirsjáanlegt, að það fé, sem um ræðir í 3. málsgr., nægir ekki til fullrar verðtryggingar, og er Framleiðsluráði þá heimilt að grípa til ákvæða a-liðar 3. gr. um gjald á innflutt kjarnfóður, eða b-liðar, enda komi til samþykki landbúnaðarráðherra.

Fallist landbúnaðarráðherra ekki á að heimila Framleiðsluráði beitingu þessa ákvæðis og ekki verður samkomulag um aðrar aðgerðir í sama tilgangi, skal ríkissjóður greiða það, sem á vantar í útflutningstryggingu á því verðlagstímabili.

16. gr.

Stofna skal sjóð til styrktar búsetu í þeim landshlutum, sem við sérstaka erfiðleika eiga að stríða, þar sem hætta er á eyðingu byggðar eða skortur verður á búvöru.

Ríkisstjórnin skal árlega tryggja framlag til sjóðsins úr Byggðasjóði eða á annan hátt, er svari til 1% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar, sbr. 3. málsgr. 15. gr.

Fé þessu ráðstafar Sexmannanefnd, sbr. 7. gr., í samráði við og með samþykki þeirra aðila, er tilnefna menn í nefndina.

Áður en ákvörðun er tekin um úthlutun fjárins, skal fara fram nákvæm athugun á aðstöðu þeirra byggðarlaga, sem til greina koma í þessu efni.

Slík athugun skal fara fram í samráði við stofnun þá, sem fjallar um byggðaþróunarmál.

Fé sjóðsins má m. a. verja til flutningastyrkja, verðuppbóta eða framleiðslustyrkja, til niðurgreiðslu á áburði, til niðurgreiðslu á aðkeyptu fóðri o. fl. þess háttar eftir mati nefndarinnar. Einnig til að bæta úr tímabundnum skorti búvöru í þéttbýli viðkomandi byggðarlaga, sbr. ákvæði 28. gr.

Leita skal álits og tillagna eða umsagnar Búnaðarfélags Íslands, ráðunauta og stjórna viðkomandi búnaðarsambanda og sveitarstjórna, áður en styrkir eru veittir úr sjóðnum.

17. gr.

Kostnaður við framkvæmd II. kafla þessara laga greiðist úr ríkissjóði. Þó skal Framleiðsluráð standa straum af kostnaði við öflun gagna, sem það leggur fyrir Sexmannanefnd, skv. ákvæðum 3. málsgr. 7. gr.

III. KAFLI
Um sláturafurðir sauðfjár og stórgripa.

18. gr.

Framleiðsluráð úthlutar slátrunarleyfum, og má enginn slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis Framleiðsluráðs.

Leyfi til slátrunar skal veita öllum félögum og einstaklingum, sem slátrunarleyfi höfðu haustið 1971, svo og þeim, sem eignast sláturhús þessara aðila og taka við rekstri þeirra.

Framleiðsluráð getur enn fremur veitt öðrum aðilum slátrunarleyfi, eftir því sem það telur ástæðu til. Slátrunarleyfi, samkvæmt þessari grein, skulu því aðeins veitt, að aðilar fullnægi skilyrðum laga nr. 30 frá 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Framleiðsluráð ákveður fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra, svo og hvernig kjötið af því skuli verkað.

Framleiðsluráð getur svipt leyfishafa slátrunarleyfi, hafi hann ekki greitt hið ákveðna verðjöfnunargjald, sbr. 39. gr., eftir að tilskilinn gjaldfrestur hefur verið veittur, eða hafi hann brotið önnur ákvæði laga þessara eða fyrirmæli, sem sett eru samkvæmt þeim. Einnig getur Framleiðsluráð svipt leyfishafa slátrunarleyfi, hafi hann ekki staðið skil á hinum lögboðnu gjöldum, sem Framleiðsluráð innheimtir.

19. gr.

Þeir, sem slátra fé til sölu, gefa ráðinu skýrslu um slátrunina, staðfesta af kjötmatsmönnum, og standa skil á verðjöfnunargjaldinu til Framleiðsluráðs.

Framleiðsluráð ákveður ár hvert, hversu miklu hverjum leyfishafa ber að halda eftir af verði kjötsins til verðjöfnunar.

Skylt er öllum, sem verzla með sauðfjárafurðir, að láta Framleiðsluráðinu í té allar upplýsingar og skýrslur, er það óskar eftir og þeir geta veitt, viðvíkjandi sölu og söluhorfum á sláturfjárafurðum, bæði innan lands og utan, svo og um kostnað við slátrun og verkun varanna.

20. gr.

Framleiðsluráð gerir þær ráðstafanir, er það telur þurfa til þess, að innlendi markaðurinn fyrir kjöt og slátur nýtist sem allra bezt og fullnægt verði sanngjörnum óskum neytenda. Það hefur eftirlit með allri meðferð sláturfjárafurða, stuðlar að notkun beztu aðferða við slátrun og geymslu kjötsins og leiðbeinir eða hlutast til um, að gætt sé hagsýni og sparnaðar við slátrun og alla meðferð þessara vara. Það getur enn fremur takmarkað flutning á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum milli markaðsstaða, ef það telur það hagkvæmara fyrir söluna. Á sama hátt getur það fyrirskipað flutning á kjöti og sláturfjárafurðum milli markaðsstaða, til þess að innlendi markurinn nýtist sem allra bezt.

Sé fyrirmælum þessarar greinar ekki hlýtt, er Framleiðsluráði heimilt að svipta sláturleyfishafa greiðslum úr verðjöfnunarsjóði, sbr. a-lið 39. gr.

21. gr.

Framleiðsluráð úthlutar leyfum til slátrunar stórgripa, nautgripa og hrossa, og má enginn slátra stórgripum til sölu né verzla með kjöt af þeim í heildsölu, nema hann hafi fengið til þess slíkt leyfi. Um úthlutun slátrunarleyfa á stórgripum gilda sömu ákvæði og um úthlutun slátrunarleyfa fyrir sauðfé, sbr. 18. gr. þessara laga.

Landbúnaðarráðherra getur fyrirskipað eftir tillögum Framleiðsluráðs, að slátrun svína og alifugla skuli fara fram í löggiltum sláturhúsum, sbr. lög nr. 30 frá 28. apríl 1966.

Framleiðsluráð skal hafa eftirlit með sölu og meðferð stórgripakjöts.

IV. KAFLI

Um sölu mjólkur og mjólkurafurða.

22. gr.

Framleiðsluráð ákveður skipun mjólkursölusvæða. Að jafnaði markar sú aðstaða mjólkursölusvæði, að hægt sé að selja daglega til kaupstaða eða kauptúna innan mjólkursölusvæðisins óskemmda mjólk frá viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á því mjólkursölusvæði. Óheimilt er öllum mjólkurframleiðendum að selja mjólk eða rjóma og nýtt skyr utan þess mjólkursölusvæðis, sem þeir eru búsettir á, nema með leyfi Framleiðsluráðs.

23. gr.

Starfi fleiri en eitt mjólkurbú á sama mjólkursölusvæði, sem viðurkennd eru af Framleiðsluráði og hafa á hendi daglega sölu á mjólk og rjóma til neytenda, skulu þau, ef Framleiðsluráð ákveður, hafa sameiginlega yfirstjórn, er nefnist samsölustjórn. Þau kjósa á aðalfundi mjólkurbúanna fulltrúa á sameiginlegan fulltrúafund fyrir mjólkursölusvæðið, sem svo kýs stjórn samsölunnar á því svæði.

24. gr.

Stjórn mjólkursamsölu framkvæmir verðjöfnun milli starfandi mjólkursamlaga innan viðkomandi mjólkursölusvæðis. Verðjöfnunin skal jafnan við það miðuð, eftir því sem við verður komið, að mjólkurframleiðendur á mjólkursölusvæðinu fái sama verð, á hverjum árstíma, fyrir mjólk sína komna að mjólkursamlagi. Skylt er að greiða hæst verð fyrir 1. flokks mjólk, en stiglækkandi fyrir aðra flokka.

25. gr.

Þar sem samsölustjórn er starfandi, samkvæmt ákvæðum 23. gr., skal öll sala og dreifing á mjólk, rjóma og nýju skyri fara fram undir yfirstjórn hennar.

Þar sem aðeins eitt mjólkursamlag er starfandi á mjólkursölusvæði, skal stjórn þess annast alla sölu og dreifingu mjólkur, rjóma og nýs skyrs í kaupstöðum eða kauptúnum innan mjólkursölusvæðisins.

Nú er starfandi viðurkennd samsala eða mjólkursamlag, og er þá öðrum óheimilt að selja mjólk eða rjóma í þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem eru innan sama mjólkursölusvæðis.

Nú kemur upp deila milli mjólkursamlaga og/eða mjólkurframleiðenda á einhverju mjólkursölusvæði, eða deilt er um önnur atriði varðandi samskipti þessara aðila, og skal þá Framleiðsluráð leitast við að jafna ágreininginn milli málsaðila og úrskurða, ef með þarf.

26. gr.

Skylt er mjólkursamlögum, sem fengið hafa einkaleyfi til mjólkursölu, að sjá um, að ætíð sé nóg neyzlumjólk til sölu á þeim stöðum, svo sem framast er unnt, sbr. þó 16. gr.

Öll mjólk og rjómi, sem seld er frá sölumiðstöð mjólkursamlaganna, samkvæmt lögum þessum, skal vera gerilsneydd.

Nú telur héraðslæknir, eða Heilbrigðiseftirlit ríkisins, sbr. lög nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, að sölumjólk sé óhæf til neyzlu, og getur hann þá með rökstuddum úrskurði, er lagður sé fyrir framkvæmdastjóra hlutaðeigandi mjólkursamlags eða mjólkursamsölu, stöðvað sölu á þeirri mjólk. Skal héraðslæknir

eða heilbrigðisfulltrúi þó hafa samráð við heilbrigðisnefndir viðkomandi kaupstaða eða kauptúna varðandi slíkar aðgerðir.

27. gr.

Framleiðsluráð hefur á hendi yfirstjórn mjólkursölumála landsins. Skal það stuðla að því, að ávallt sé næg neyzlumjólk og mjólkurvörur til sölu í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, þar sem stöðugur markaður fyrir þessar vörur er fyrir hendi og líkur benda til, að sala aukist með skipulegri sölu.

Framleiðsluráð skal fylgjast með sölu mjólkur og mjólkurvara um land allt, ásamt þörfum neytenda fyrir þessar vörur. Það aflar sér nauðsynlegra skýrslna og upplýsinga, er að þessu lúta, og er mjólkurbúum og öðrum aðilum, er að þessum málum starfa, skylt að láta Framleiðsluráði í té allar upplýsingar um þessi efni, er þau geta veitt.

28. gr.

Nú kemur í ljós, að vöntun er á mjólk og mjólkurvörum, og skal þá Framleiðsluráð hlutast til um í samráði við Búnaðarfélag Íslands, mjólkurframleiðendur á hlutaðeigandi mjólkursölusvæði og forráðamenn viðkomandi kaupstaða og kauptúna, að bót fáist á mjólkurskortinum, t. d. með bættum samgöngum, félagsbundinni sölu o. s. frv. Enn fremur er Framleiðsluráði heimilt, ef mjólk vantar á vissum tíma árs, að ákveða misjafnt mjólkurverð til framleiðenda eftir árstíðum og aðrar þær verðlagsbreytingar á mjólk, er líklegar þykja til að tryggja jafnari mjólkurframleiðslu á mjólkursölusvæðinu.

Nú kemur í ljós, að mjólkurþörf kauptúna eða kaupstaða verður aðeins fullnægt með sérstaklega kostnaðarsömum flutningum, og er Framleiðsluráði þá heimilt, í samráði við Sexmannanefnd, að styrkja flutninga þessa, sbr. ákvæði 16. gr.

29. gr.

Framleiðsluráð hlutast til um, að mjólkurframleiðendur reisi mjólkursamlög í þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem engin eru fyrir eða ófullnægjandi og þeirra er þörf að dómi Framleiðsluráðs. Getur Framleiðsluráðið krafizt þess, að byggingu sé hagað þannig, að samlagið geti einnig tekið á móti mjólk til vinnslu, þegar þörf krefur.

Mjólkursamlög þessi skulu reist samkvæmt fyrirsögn sérfróðs manns, er Framleiðsluráð viðurkennir.

Telji Framleiðsluráð félagsskap framleiðenda, er að slíkri byggingu stendur, svo traustan, að af framkvæmdum hans megi vænta varanlegra umbóta á sviði mjólkurmálanna, skal ríkissjóður styrkja þau samlög að ¼ stofnkostnaðar, enda leggi hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög samlaginu til ókeypis lóð á hentugum stað. Hafa mjólkursamlög þessi sömu réttindi og skyldur og önnur mjólkursamlög, samkvæmt lögum þessum.

Mjólkursamlög skulu hlíta fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda um meðferð mjólkurinnar. Um útbúnað mjólkursölustaða fer eftir ákvörðunum viðkomandi heilbrigðisyfirvalda.

30. gr.

Nú verður samkomulag milli mjólkursamlaga, mjólkursamsölu og heildsöluaðila, sem hafa haft með höndum heildsölu á öðrum framleiðsluvörum mjólkursamlaganna en mjólk, rjóma og skyri, um að stofna og starfrækja sölumiðstöð fyrir þessar vörur, og er þá öðrum óheimilt að selja vörur þessar í heildsölu.

Slík sölumiðstöð skal þá, í samráði við Framleiðsluráð, vinna að aukinni vöruvöndun, fjölbreytni í framleiðslunni, verkaskiptingu mjólkursamlaganna, sparnaði í rekstri og dreifingu varanna og hagnýtingu markaða, svo að fullnægt verði sanngjörnum óskum neytenda. Skal sölumiðstöð þessi rekin á samvinnugrundvelli. Framleiðsluráð setur henni nánari starfsreglur, í samráði við stjórn hennar.

V. KAFLI
Um sölu matjurta, gróðurhúsaframleiðslu og eggja.

31. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn sölumála matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu landsins. Það skal stuðla að því, að markaðurinn notist sem allra bezt og að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Það getur haft eftirlit með meðferð matjurta og stuðlað að beztu aðferðum við ræktun, flutning, geymslu og vinnslu þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Enginn má verzla með kartöflur, gulrófur, gulrætur né hvers konar gróðurhúsaframleiðslu í heildsölu nema með leyfi Framleiðsluráðs. Leyfi skal veita til eins árs í senn.

32. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn og rekstur Grænmetisverzlunar landbúnaðarins, sem annast verzlun með kartöflur og annað grænmeti.

33. gr.

Ríkisstjórnin (landbúnaðarráðuneytið) hefur einkarétt til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti. Ákvæði þetta tekur þó ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur og grænmeti, ef birgðirnar eru að áliti hlutaðeigandi tollyfirvalda eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum.

Tollyfirvöld skulu gefa Framleiðsluráði skýrslur um slíkar birgðir og fleira í því sambandi, þegar Framleiðsluráðið óskar.

34. gr.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins velur sér umboðsmenn víðs vegar um landið til að annast móttöku á kartöflum og öðrum garðávöxtum. Framleiðsluráð ræður Grænmetisverzlun landbúnaðarins framkvæmdastjóra.

35. gr.

Framleiðsluráði er heimilt að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag ylræktarbænda svo og Samband eggjaframleiðenda sem sölufélag eggjaframleiðenda, enda starfi þessi félög á samvinnugrundvelli og hafi fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Framleiðsluráði.

Nú hefur Framleiðsluráð viðurkennt framangreinda aðila samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar, og er þá öðrum aðilum óheimilt að afhenda vörur þær, sem hér um ræðir, til smásöluverzlana, nema með leyfi Framleiðsluráðs.

36. gr.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins vinnur að því, að komið verði upp, þar sem hentugt þykir, vönduðum og hæfilega stórum geymslum fyrir garðávexti og grænmeti á helztu framleiðslu- og sölustöðum með hliðsjón af samgöngum og öðrum aðstæðum.

Til þess enn fremur að tryggja árvissa sölu garðávaxta skal Grænmetisverzlun landbúnaðarins leitast við að hafa tiltæk úrræði til að taka á móti og koma í verð þeim hluta garðávaxtaframleiðslunnar, sem selst ekki til manneldis hverju sinni.

37. gr.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins sér um, að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu útsæði. Skal hún þess vegna sjá um stofnræktun úrvals kartöfluafbrigða með því að semja við einstaka kartöfluframleiðendur um framleiðslu útsæðis af þessum afbrigðum, og sé þessi ræktun háð ströngu heilbrigðiseftirliti.

38. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa kafla laganna, þar sem m. a. er ákveðið:

1. um starfsemi Grænmetisverzlunar landbúnaðarins;
2. um flokkun og mat garðávaxta;
3. um stofnræktun úrvals afbrigða;
4. um ráðstafanir til að greiða fyrir sölu úrvals matjurta, þegar mikið berst á markaðinn.

VI. KAFLI
Um verðmiðlun.

39. gr.

Verðmiðlun á búvörum skal haga þannig, að sama verð fáist fyrir sams konar vörur komnar á vinnslustað, miðað við meðaltals vinnslukostnað og nýtingu.

a. Á kjöti: Af öllu kindakjöti skal greiða sérstakt gjald, er nota skal til verðjöfnunar. Við verðjöfnun er Framleiðsluráði heimilt að taka tillit til mismunandi fjármagnskostnaðar sláturhúsa, mismunandi flutningskostnaðar frá sláturstað til markaðsstaðar, verðtilfærslna, sbr. 7. gr., o. fl. Auk þess er Framleiðsluráði heimilt að framkvæma útjöfnun á flutningskostnaði sláturfjár að sláturhúsi, sérstaklega þegar svo stendur á, að það getur auðveldað hagkvæman rekstur sláturhúsa. Þá er Framleiðsluráði heimilt að taka upp verðjöfnun á stórgripakjöti, er taki til svipaðra aðstæðna og segir í grein þessari varðandi kindakjöt.
b. Á mjólk og mjólkurvörum: Greiða skal sérstakt gjald af allri innveginni mjólk mjólkursamlaga, er verja skal til þess að koma á hentugri vinnuskiptingu milli þeirra, svo og til verðmiðlunar milli mjólkursölusvæða, einnig vegna tilfærslna á verði, sbr. 7. gr. Þá er og heimilt að verja fé til jöfnunar á flutningskostnaði mjólkur að samlagi, ef þörf krefur að mati Framleiðsluráðs. Gjald þetta getur Framleiðsluráð einnig tekið af framleiðslu eða sölu einstakra mjólkurvara, eftir því sem það telur þörf.
c. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af eggjum.
d. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af kartöflum til útjöfnunar á flutningskostnaði milli landssvæða.

40. gr.

Framleiðsluráð ákveður, hve hátt verðjöfnunargjald skal tekið í samræmi við 39. gr. til þess að framkvæma þá verðmiðlun, sem þar um ræðir, og standa straum af framkvæmd laga þessara, þar á meðal kostnaði við Framleiðsluráð o. fl. (sjá þó 17. gr.).

41. gr.

Sláturleyfishafar og stjórnir mjólkurmálanna á hverju mjólkursölusvæði og aðrir, sem verzla með gjaldskyldar vörur samkvæmt 39. gr., skulu standa Framleiðsluráði skil á verðjöfnunargjaldinu samkvæmt fyrirmælum þess.

Gjald þetta er heimilt að taka lögtaki.

Framleiðsluráð annast um framkvæmd verðmiðlunarinnar og aflar sér þeirra gagna, sem þörf er á í því skyni. Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, er starfa fyrir landbúnaðinn, að veita Framleiðsluráði upplýsingar, er að þessu lúta og þær geta í té látið.

VII. KAFLI
Um iðnað úr landbúnaðarvörum.

42. gr.

Framleiðsluráð safnar árlega skýrslum um öll iðnfyrirtæki hér á landi, er vinna úr íslenzkum landbúnaðarvörum, hvers konar vinnsla þeirra er og magn hrávöru og vinnsluvöru. Enn fremur ber ráðinu að afla sér upplýsinga um markaði og markaðshorfur innan lands og utan fyrir íslenzkar iðnaðarvörur, unnar úr framleiðsluvörum landbúnaðarins.

43. gr.

Nú telur Framleiðsluráð, að skortur sé innanlands á iðnaðarvörum þeim, er um ræðir í 42. gr., eða að ónotuð séu góð markaðsskilyrði erlendis, svo að til tjóns sé fyrir landbúnaðinn, og ber þá Framleiðsluráði að stuðla að því, að ný iðnaðarfyrirtæki verði stofnuð eða önnur efld svo, að fullnægt verði varanlegri eftirspurn eftir þessum vörum og hinir erlendu markaðir nýtist eftir því sem bezt má verða.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

44. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara eftir tillögum Framleiðsluráðs.

Komi ósk frá sölusamlögum eggjaframleiðenda eða grænmetisframleiðenda um, að Framleiðsluráð hafi með höndum verðskráningu á framleiðsluvörum þeirra, getur landbúnaðarráðherra ákveðið það með reglugerð í samráði við Framleiðsluráð.

45. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem opinber lögreglumál. Varða brot sektum frá 10 000—100 000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ef aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að gefa Framleiðsluráði skýrslu eða upplýsingar, tregðast við að láta þær í té, má beita hann dagsektum frá 100—10 000 kr.

46. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1972. Frá sama tíma eru úr gildi numin lög nr. 101 frá 8. desember 1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt óbreytt frá því, sem nefnd sú, er skipuð var 14. sept. s. l., gekk frá því, eftir að aukafundur Stéttarsambands bænda hafði fjallað um málið. Frá nefndinni fylgdi eftirfarandi greinargerð.

Inngangur.

Með bréfi, dagsettu 14. september 1971, skipaði landbúnaðarráðherra nefnd 9 manna til að endurskoða lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum, o. fl., en þau lög eru nr. 101 frá 8. des. 1966.

Ástæður þær, er lágu til grundvallar þessari nefndarskipan, eru ákvæði í samningi þeirra stjórnmálaflokka, er nú mynda ríkisstjórn. Þegar þeir gengu til stjórnar-

samstarfs, á s. l. sumri, gerðu þeir með sér samning um stefnu stjórnarinnar. Í þeim samningi stendur m. a.:

„lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins verði endurskoðuð í samráði við Stéttarsamband bænda og að því stefnt, að Stéttarsambandið semji við ríkisstjórnina um kjaramál bændastéttarinnar og verðlagningu búvara. Miða skal jafnan við það, að kjör bænda verði sambærileg við launakjör vinnandi stétta".

Í skipunarbréfinu var nefndinni ætlað að athuga um horfur í framleiðslu landbúnaðarafurða og að hve miklu leyti sé rétt að hafa stefnumarkandi áhrif á þau mál.

Nefndinni var ætlað að kynna sér störf þeirrar nefndar, sem skipuð var 6. desember 1968 til að athuga ýmsa þætti landbúnaðarins, en með skipun hinnar nýju nefndar var sú nefnd leyst frá störfum.

Nefndin skyldi einnig athuga núverandi niðurgreiðslukerfi á landbúnaðarvörum, og skyldi hún vinna þann þátt í samráði við hagsýslustjóra, hagstofustjóra og ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytisins.

Einnig var nefndinni falið að kynna sér gögn fyrri nefndar þeirrar, sem að framan er getið, og hún hafði látið safna. Í þessu sambandi átti nefndin að hafa samstarf við Efnahagsstofnunina, eftir því sem ástæða þætti til.

Að lokum var nefndinni falið að hafa samband við norsku bændasamtökin og fá öruggar upplýsingar um norska verðlagskerfið, enda væri vitað, að Norðmenn hefðu hliðstætt kerfi um verðlagningu landbúnaðarvara og hér væri stefnt að.

Í nefndina voru eftirtaldir menn skipaðir:

Sveinn Tryggvason, framkvæmdastjóri, formaður,
Gunnar Guðbjartsson, form. Stéttarsambands bænda,
Ólafur Andrésson, bóndi, Sogni,
Ingi Tryggvason, bóndi, Kárhóli,
Guðmundur Þorsteinsson, bóndi, Skálpastöðum,
Þorvaldur G. Jónsson, fóðureftirlitsmaður, Hafnarfirði,
Jónas Jónsson, ráðunautur, Reykjavík,
Hjalti Gestsson, ráðunautur, Selfossi,
Ólafur Björnsson, prófessor, Reykjavík.

Í samráði við landbúnaðarráðherra var Guðmundur Sigþórsson, búnaðarhagfræðingur, ráðinn starfsmaður nefndarinnar, og kaus nefndin hann til ritarastarfa. Hafði Guðmundur verið starfsmaður þeirrar nefndar, er skipuð var 6. desember 1968, og á vegum þeirrar nefndar hafði hann unnið að athugunum og rannsóknum á ýmsum atriðum, er snerta landbúnaðinn. Formaður þeirrar nefndar var Bjarni Bragi Jónsson, forstjóri Efnahagsstofnunarinnar. Niðurstöður athugana og gögn, sem hafði verið aflað á vegum þeirrar nefndar, fékk nefndin til fullra afnota í góðu samstarfi við Efnahagsstofnunina og forstjóra hennar. Með nefndaráliti þessu er listi yfir þær skýrslur, sem aflað hefur verið í þessu skyni, bæði á vegum fyrrverandi nefndar og á vegum hinnar nýju nefndar. Skýrslurnar sjálfar fylgja ekki með þessari greinargerð né sjálfu frumvarpinu, vegna þess hve viðamiklar þær eru, en ef einstakir ráðherrar eða þingnefndir óska að kynna sér efni þeirra, er hægt að fá þær til afnota með því að snúa sér til formanns eða ritara nefndarinnar.

Eins og að framan er getið, var nefndinni ætlað að hafa samráð við norsku bændasamtökin og fá frá þeim upplýsingar um hið norska verðlagskerfi, því vitað var, að þar er um samninga að ræða milli bændasamtakanna og ríkisvaldsins.

Í þessu skyni fékk nefndin formann Norges Bondelag, J. Melbye, til fundar við sig. Sat hann á fundum með nefndinni í tvo daga samfleytt og skýrði fyrir nefndinni fyrirkomulag það, sem haft er á þessum málum í Noregi.

Nefndin hóf starf sitt þann 10. október og hefur setið á fundum síðan með nokkrum hléum. Yfirleitt hefur nefndin haft á þau vinnubrögð að sitja allan daginn á fundi, en hefur þó í nokkru notfært sér þau vinnubrögð að kjósa undirnefndir til ákveðinna verka, en annars rætt sameiginlega öll þau atriði, er snerta afurðasölu

og verðlagsmál landbúnaðarins, ásamt þeim atriðum öllum, er núverandi löggjöf um Framleiðsluráð landbúnaðarins nær til. Þá ber þess að geta, að fulltrúar Stéttarsambands bænda í nefndinni lögðu uppkast að frumvarpinu fyrir aukafund Stéttarsambandsins, sem haldinn var í Reykjavík dagana 9. og 10. febrúar s. l. Voru gerðar á frumvarpinu nokkrar breytingar eftir tillögu þess fundar, en stórvægilegar efnisbreytingar geta það naumast talizt. Fundur þessi varð yfirleitt sammála um aðalefni frumvarpsins, en ágreiningur varð með fundarmönnum um 3. grein frumvarpsins, þ. e. heimild fyrir sérstöku álagi á verð fóðurbætis, ef framleiðslan færi verulega fram úr þeim áætlunum, sem gerðar verða um þau efni. Þessi grein hlaut þó samþykki 34 fulltrúa gegn 7 (4 greiddu ekki atkvæði), í því formi, sem þetta ákvæði er í núverandi útgáfu.

En frumvarpið var á fundinum samþykkt í heild með þeim breytingum án mótatkvæða.

Helztu breytingar.

Nefndin hefur rætt mjög mikið um það atriði, sem í erindisbréfinu segir: „að hve miklu leyti það sé rétt að hafa stefnumarkandi áhrif á framleiðslu landbúnaðarafurða".

Nefndin er sammála um það í höfuðatriðum, að slík stefnumarkandi áhrif séu nauðsynleg, bæði frá sjónarmiði framleiðenda og frá sjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar. Við ákvarðanir um aðgerðir í þeim efnum verður þó ávallt að taka mið af markaðsástandinu hverju sinni, bæði því ástandi, sem er í þeim málum erlendis og einnig í landinu sjálfu. Það verður einnig að taka fullt tillit til þess ástands, sem er í framleiðslumálum landbúnaðarins, bæði í öllu landinu og einstökum landshlutum.

Nefndin gerir ráð fyrir því í tillögum sínum, að landbúnaðurinn njóti áfram þeirra útflutningsbótaréttinda, er hann hefur notið síðan 1959. Innan þeirra marka telur nefndin að æskilegt sé að halda landbúnaðarframleiðslunni.

Í samræmi við þessa skoðun er það því tillaga nefndarinnar, að Framleiðsluráðið geri, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og þær stofnanir, sem hafa með höndum áætlanagerð í þjóðfélaginu, áætlanir um æskilega þróun landbúnaðarins til lengri tíma og það haldi síðan árlega fund með fulltrúum þeirra aðila, sem hafa aðstöðu til áhrifa á framleiðslu og sölu landbúnaðarafurða.

Til þess að stuðla að þeirri þróun, sem æskileg er talin hverju sinni, eru Framleiðsluráðinu, sbr. 2. og 3. gr. frumvarpsins, gefnar heimildir af ýmsu tagi til tímabundinna aðgerða, svo sem að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð mjólkur til framleiðenda eftir árstímum, að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður eða að ákveða mismunandi hátt verð á búvöru til bænda eftir framleiðsluauka, hið svokallaða kvótakerfi.

Ekki má Framleiðsluráðið þó grípa til þessara heimilda, nema landbúnaðarráðherra samþykki nauðsyn þeirra og reglur um framkvæmdina.

Nefndin telur, að enda þótt heimild sé í frumvarpinu um að ákveða mismunandi hátt verð til bænda eftir framleiðsluauka, þá sé sú leið naumast fær, eins og á stendur, vegna margvíslegra framkvæmdaörðugleika. M. a. þarf að taka ákvörðun um það, hvort slík verðmismunun nái jafnt til bænda með litla framleiðslu og þeirra, sem hafa stærri búin. Nefndarmenn eru sammála um það, að slík takmörkun komi ekki til greina hjá þeim framleiðendum, sem hafa minni framleiðslu en gert er ráð fyrir í verðlagsgrundvelli hverju sinni, en ótal fleiri vandasöm ákvörðunaratriði eru samfara þessari aðferð.

Nefndin hefur ekki lokað augunum fyrir því, að það gæti komið fyrir, að hagkvæmt gæti talizt eða nauðsynlegt að auka framleiðsluna, bæði í landinu öllu eða í einstökum landshlutum. Um þetta efni eru einnig ákvæði í frumvarpinu.

Sú meginbreyting er gerð á gildandi lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, að nú skulu teknir upp samningar milli bændasamtakanna og ríkisstjórnarinnar. Er þetta í fullu samræmi við erindisbréf nefndarinnar.

Í rauninni hefur nefndin ekki rætt þetta atriði sérstaklega, en gengið þannig frá ákvæðum um val fulltrúa ríkisstjórnarinnar í Sexmannanefnd, að ríkisstjórninni er í sjálfsvald sett á hvern hátt fulltrúar hennar eru valdir, hvort þeir eru valdir úr röðum ákveðinna launþegahópa eða á annan hátt.

Í erindisbréfi nefndarinnar er sagt, að „miða skuli við það, að kjör bænda verði sambærileg við launakjör annarra vinnandi stétta".

Nefndin hefur látið gera athugun á því, hvernig háttað er kjörum bænda, miðað við hinar svokölluðu viðmiðunarstéttir.

Frá og með árinu 1962 hefur Hagstofan birt tölur um tekjur hinna einstöku starfsstétta. Eftirfarandi samanburður á brúttótekjum bænda og viðmiðunarstéttanna er byggður á úrvinnslu Hagstofunnar. Það mun skekkja samanburðinn, að ekki eru vextir af skuldum vegna búsins og að nokkru leyti fyrning og fasteignagjöld útihúsa talin á landbúnaðarframtali og koma því ekki öll til frádrags. Sama er að segja um útgjöld vegna viðhalds og viðgerða á útihúsum og tryggingariðgjöld fram til ársins 1965, en frá og með því ári eiga þessir liðir að koma til frádráttar á landbúnaðarframtali.

Meðalbrúttótekjur kvæntra karla á aldrinum 25—66 ára.

Þús. króna.

Ár	Bændur (1)	Viðmiðunarstéttir (2)	(1)/(2) (3)
1962	99	126	0,79
1963	118	152	0,78
1964	161	192	0,84
1965	199	232	0,86
1966	193	272	0,71
1967	194	300	0,65
1968	197	276	0,71
1969	233	316	0,74

Er nefndin þeirrar skoðunar, að Sexmannanefnd hafi ýmsa möguleika til að rétta þetta hlutfall við, með hinu breytta samningsformi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nýrri Sexmannanefnd, er skipuð sé þrem mönnum frá ríkisstjórninni og þrem frá bændasamtökunum. Það er einnig gert ráð fyrir því, að þriggja manna yfirnefnd verði starfandi, á svipaðan hátt og verið hefur.

Eins og áður er drepið á, átti nefndin að athuga möguleika á að setja reglur um niðurgreiðslur á verði landbúnaðarvara, sem seljast innanlands. Það hefur ætíð verið svo, að niðurgreiðslur hafa nær einhliða verið ákveðnar af ríkisstjórninni, þó að frá þessu hafi verið undantekningar. Það, sem jafnan hefur ráðið upphæð niðurgreiðslnanna, er þörfin á að greiða niður kaupgreiðsluvísitöluna hverju sinni.

Þetta vísitölusjónarmið hlýtur að vera mjög mikils ráðandi í þessum efnum. Hins vegar er því ekki að leyna, að breytingar á niðurgreiðslum geta haft slæm áhrif á þróun afurðasölunnar á innlendum markaði og óhagstæð áhrif á kjör bænda. Nefndin hefur því sett um það ábendingu í lögin, að þegar breyta eigi niðurgreiðslum, skuli haft samráð við Sexmannanefnd og Framleiðsluráð. Jafnframt telur nefndin, að niðurgreiðsla á rekstrarvörur, s. s. tilbúnum áburði, komi vissulega til greina. Hún útilokar heldur ekki möguleikann á því, að niðurgreiðslur geti átt sér stað, án þess að ákveðið magn afurða liggi þar á bak við. Hins vegar vill nefndin benda á, að bein greiðsla til framleiðenda, án tillits til framleiðslumagns, er mjög erfið í framkvæmd, og ýmis vandasöm ákvörðunaratriði eru samfara slíku fyrirkomulagi.

Nefndin hefur rætt mjög um þær misjöfnu aðstæður, sem bændur búa við í hinum ýmsu héruðum landsins. Í því sambandi telur hún sig hafa lært mikið af

skýrslum og upplýsingum þeim, sem formaður Norges Bondelag lét nefndinni í té um það, hvernig farið er með slík vandamál í Noregi.

Í höfuðatriðum er nefndin sammála um, að framkvæma þurfi sérstakar ráðstafanir til þess að rétta þeim hjálparhönd, sem við þessi erfiðu skilyrði búa. Leggur nefndin því til, að stofnaður verði sérstakur sjóður í þessu skyni, er fái ákveðið árlegt fjárframlag.

Gert er ráð fyrir, að ríkisstjórnin tryggi árlega fjármagn í þessu skyni. Ýmsar fjáröflunarleiðir virðast vera þarna fyrir hendi. Í 29. grein laga nr. 93 1971 um Framkvæmdastofnun ríkisins er það talið með verkefnum Byggðasjóðs að „bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði". Það ætti því ekki að vera úr vegi, að einhverjar fjárhæðir fáist til þeirrar fyrirgreiðslu við bændur í hinum erfiðu byggðarlögum, svo sem frumvarpið (16. gr.) gerir ráð fyrir. Þá má einnig reikna með nokkrum fjárhæðum, er kunna að verða afgangs af útflutningsbótafé í þessu skyni.

Á undanförnum árum hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins greitt talsverðar fjárhæðir til styrktar búsetu í einstökum sveitum. Er hér um rekstrarstyrk að ræða til hinna smærri mjólkurstöðva á Vestur- og Austurlandi, en tilvera þessara litlu mjólkurstöðva er alger forsenda þess, að íbúar kauptúna og kaupstaða fái gerilsneydda mjólk í svipuðu formi og neytendur hinna stærri þéttbýliskjarna annars staðar á landinu.

Árið 1971 greiddi Framleiðsluráðið slíka rekstrarstyrki til Mjólkurstöðvarinnar á Patreksfirði (kr. 2,92 á lítra), Mjólkurstöðvarinnar á Þórshöfn (kr. 3,76 á lítra), Mjólkurstöðvarinnar á Vopnafirði (kr. 2,85 á lítra) og til Mjólkurstöðvarinnar á Djúpavogi (kr. 4.45 á lítra).

Auk þess greiddi Framleiðsluráðið flutningastyrki á mjólk að mjólkursamlögum úr sveitum, sem hafa langa og erfiða flutninga og einhæfa framleiðslu. Til grundvallar greiðslu flutningastyrkja á mjólk liggja einnig þær ástæður, að hagkvæmara hefur þótt að greiða slíka flutningastyrki en að á þeim stöðum væri byggt nýtt mjólkursamlag, sem yrði óhagkvæmt í rekstri.

Flutningastyrki að mjólkursamlagi hefur Framleiðsluráðið o. fl. greitt, sem hér segir:

a. Til að forða stofnun nýrra mjólkursamlaga:

1. Á leiðinni Reykhólar til Búðardals	40	aurar á kg
2. Á leiðinni Fljót til Sauðárkróks	30	— —
3. Á leiðinni austan Mýrdalssands til Selfoss	55	— —
4. Á leiðinni Kelduhverfi til Húsavíkur	30	— —

b. Til styrktar fámennum sveitum, sem hafa erfiða afkomumöguleika og erfiðar flutningaleiðir:

1. Á leiðinni Breiðuvík til Borgarness	kr. 1.20	pr. ltr.
2. Aðflutningar að Ms. Patreksfirði	— 0.55	— —
3. Á leiðinni Breiðdalur til Djúpavogs	— 0.30	— —
4. Á leiðinni Jökulsárhlíð til Egilsstaða	— 0.10	— —

Þá hefur Framleiðsluráð orðið að taka á sig kostnað vegna flutninga mjólkur, skyrs og rjóma, milli sölusvæða.

Síðan í október hefur yfirleitt verið vöntun á mjólk, rjóma og skyri og súrmjólk á svæði mjólkurstöðvarinnar á Ísafirði. Hefur verið bætt úr þessu með flutningi mjólkur frá öðrum samlögum. Fyrst var flutt mjólk frá Búðardal til Ísafjarðar, meðan vegir voru færir, síðan hefur þurft að flytja þessar vörur frá Akureyri, ýmist beint með skipum eða þá um Reykjavík, vegna þess hve skipasamgöngur eru strjálar.

Kostnað við þessa flutninga greiðir Framleiðsluráðið. Þá hefur í allt haust skort rjóma og skyr á sölusvæði Reykjavíkur. Úr þessu hefur verið bætt með því að flytja þessar vörur frá Norðurlandi. Frá 1. okt. til 31. des. 1971 höfðu þannig verið

fluttar rúmlega 100 smálestir af rjóma og skyri að norðan til Reykjavíkursvæðisins. Eftir áramótin hafa þessir flutningar heldur aukizt. Þann aukakostnað, sem af þessu leiðir, greiðir Framleiðsluráðið, vegna þess að verðlagning varanna þolir ekki þennan aukakostnað, ef framleiðendur eiga að geta fengið hið umsamda grundvallarverð. Eru þetta tilfinnanlegar fjárhæðir og erfiðleikar fyrir Framleiðsluráðið að ná þessu fé.

Nefndin lítur svo á, að mjög skorti á, að þessi aðstoð hafi verið fullnægjandi. Er hún þeirrar skoðunar, að bændur þeir, er búa í hinum afskekktu og erfiðari byggðarlögum, þurfi í rauninni að fá hærra verð fyrir afurðir sínar en aðrir bændur landsins.

Greiðslur Framleiðsluráðs í þessu skyni hafa árlega numið 12—15 milljónum króna. Til viðbótar þessu hefur svo Bjargráðasjóður greitt hin síðari ár um 7 milljónir króna í heyflutningastyrki. Ef bændur hinna afskekktari sveita eiga að fá t. d. 10% hærra mjólkurverð en að meðaltali er greitt öðrum bændum í landinu, kostaði það um 7 milljónir króna. Flutningastyrkir þeir, sem þörf væri nú að greiða vegna mjólkurflutninga umfram það, sem greitt er, næmu nú minnst þrem milljónum króna. Samtals eru þetta um 29—32 milljónir króna, miðað við ár, og er þá ekki tekið tillit til aðstoðar við flutning á rekstrarvörum, s. s. áburði o. fl., til framleiðenda.

Þá hefur nefndin einnig orðið sammála um nokkru fyllri ákvæði um verðjöfnun, er taki m. a. tillit til fjármagnskostnaðar vinnslustöðva og flutningskostnaðar að vinnslustöðvum.

Rétt þykir að vekja athygli á því, að náin tengsl eru á milli einstakra greina frumvarpsins. Þetta á sérstaklega við um ákvæðin um framleiðsluáætlanagerð skv. 5. tölulið 2. gr., ákvæði 3. gr., útflutningstryggingarinnar í 15. gr., svo og ákvæðanna í 5. gr. um kaup bóndans.

Nefndin gerir ráð fyrir, að áætlanagerðin um framleiðslumagn og söluverð búsafurða, að viðbættri 10% útflutningsábyrgð 15. gr., myndi grundvöll að því vörumagni, sem eigi að gefa bændum laun sambærileg við aðrar stéttir.

Þarf ekki að grípa til ákvæða 3. gr. um framleiðslutakmarkanir eða annað því skylt, nema framleiðslumagn verði meira en framleiðsluáætlanir hafa gert ráð fyrir, ellegar að þeir markaðir, sem treyst hefur verið á, hafa brugðizt eða aðrar ófyrirsjáanlegar og óviðráðanlegar orsakir liggi til, að áætlanir raskist verulega.

Athugasemdir um einstakar greinar.

Hér fara svo á eftir skýringar á hinum einstöku greinum frumvarpsins, er ættu að varpa gleggri mynd á þær breytingar, sem nefndin leggur til:

Um 1. gr.

Að meginefni til er þessi grein óbreytt frá því, sem er í gildandi lögum. Þó er gerð tillaga um að fjölga um tvo fulltrúa í Framleiðsluráði. Er þetta í samræmi við fjölgun manna í stjórn Stéttarsambands bænda, sem átti sér stað fyrir tveim árum síðan.

Eftir þessa breytingu verða Framleiðsluráðsmenn 11 talsins í stað 9 áður.

Þá eru einnig sett skýrari ákvæði en áður voru um kosningu á fulltrúa mjólkursamlaganna utan sölusvæðis Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir því, að hann sé kosinn á sameiginlegum fundi þeirra.

Um 2. gr.

Að meginefni til er þessi grein óbreytt frá 2. grein gildandi laga. Þó er bætt inn í greinina nokkrum verkefnum, sem miða að því, að hægt sé að hafa stefnumarkandi áhrif á framleiðsluna. Felst þetta í ákvæðum 5. töluliðar, en þar segir, að Framleiðsluráð skuli, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og þær stofnanir,

sem fara með áætlanargerð í þjóðfélaginu, gera áætlanir um æskilega þróun landbúnaðarins til lengri tíma.

9. töluliður er nýr liður og er beint framhald af ákvæðum 5. töluliðar, en þar er ákveðið, að eitt af verkefnum Framleiðsluráðs sé að halda árlegan fund með fulltrúum þeirra aðila, sem hafi aðstöðu til áhrifa á framleiðslu og neyzlu landbúnaðarvara, svo sem fulltrúum ríkisstjórnarinnar, Búnaðarfélags Íslands, Stofnlánadeildar landbúnaðarins o. fl.

Á þessum fundum skal ræða samræmdar aðgerðir til þess, að markmið þau náist, sem um ræðir í 5. tölulið greinarinnar.

Þá er 11. liður nýr liður, sem gefur Framleiðsluráði heimild til að samræma ýmis atriði, er varða útborgun til bænda og að koma á jöfnun flutningskostnaðar á afurðum framleiðenda að vinnslustöð.

Um 3. gr.

Þessi grein er ný að efni til. Hún fjallar um heimild til handa Framleiðsluráði um þau stjórntæki, sem gert er ráð fyrir, að það geti gripið til, ef þær aðstæður skapast, að búvöruframleiðslan verður meiri en þörf er fyrir innanlands og ekki fást erlendir markaðir, sem viðunandi teljast að dómi ráðsins. Þessar ráðstafanir eru tímabundnar og eru:

a. Að leggja sérstakt álag á innflutt kjarnfóður. Álag þetta má þó aldrei vera hærra en 25% af útsöluverði kjarnfóðurs með 150 gr. meltanlegu hráproteini, eins og það er í Reykjavík, og heldur má verð á slíku kjarnfóðri, að viðbættu álaginu, ekki vera hærra en sem svarar verði á 1 kg mjólkur í verðlagsgrundvelli. Er hér um heimildarákvæði að ræða, og er Framleiðsluráði ekki heimilt að beita þessari aðferð, nema samþykki landbúnaðarráðherra komi til og fyrir liggi, að útflutningsbætur séu ekki nægjanleg verðtrygging.

   Framleiðsluráðinu er gefin heimild til endurgreiðslu á gjaldinu til bænda í byggðarlögum, sem að dómi þess hafa of lítið heyfóður eða aðrar ástæður gera endurgreiðslu þess nauðsynlega. Gjald þetta hefur ekki áhrif á útsöluverð búvöru.

b. Þá er Framleiðsluráði heimilt að ákveða mismunandi hátt verð á búvöru til bænda, ef árlegur framleiðsluauki af einhverri búvörutegund er mun meiri en framleiðsluáætlanir gera ráð fyrir. Þetta er hið svokallaða „kvótakerfi“, og er ekki gert ráð fyrir því, að hægt sé að grípa til beggja þessara stjórntækja samtímis, þ. e. bæði kjarnfóðurgjalds og kvótagreiðslu fyrirkomulags.

Í þessari grein eru einnig ákvæði um, að Framleiðsluráðið fái heimild til að innheimta sérstakt kjarnfóðurgjald til aðstoðar við vinnslustöðvar landbúnaðarins og annarrar hagræðingar í landbúnaði. Meðal þeirra mála, sem hér er átt við, er stuðningur við innlenda fóðurframleiðslu, t. d. heykögglagerð. Þetta gjald má þó aldrei vera hærra en sem svarar 5% álagi á kjarnfóðurverð í Reykjavík.

Í greininni eru einnig ákvæði um vörzlu fjárins, en annars gert ráð fyrir reglugerð um framkvæmd þessarar greinar.

Að lokum eru svo ákvæði í greininni um aðgerðir, sem Framleiðsluráð getur gripið til, ef búvöruframleiðslan í landinu eða einstökum landshlutum verður of lítil.

Um 4. gr.

Greinin er að efni til samhljóða 3. grein í gildandi lögum.

Um 5. gr.

Þessi gr. er um sama efni og 4. gr. í gildandi lögum. Greinin er þó orðuð á ótvíræðari hátt en núverandi ákvæði, einkum hvað snertir viðmiðun við launastéttirnar og vinnutíma bónda og skylduliðs hans.

Um 6. gr.

Þessi gr. er um sama efni og 5. gr. núgildandi laga, þ. e. tilnefningu manna í Sexmannanefnd, þó með þeirri breytingu, að í stað tiltekinna launþegasamtaka, er nú gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin tilnefni þrjá menn í Sexmannanefnd, er semji um verðlagsmálin við jafnmarga fulltrúa bændasamtakanna.

Um 7. gr.

Þessi gr. er sambærileg við fyrri hluta 6. gr. gildandi laga, þ. e. um störf Sexmannanefndar. Nefndinni er ætlað að reyna að ná samkomulagi um verðlagsgrundvöll og heildsöluverð varanna. Þá er henni einnig ætlað að leitast við að ná samkomulagi um fjárframlög ríkisins til landbúnaðarins, s. s. niðurgreiðslur, stuðning við þau byggðarlög, sem erfiðust skilyrði hafa, og önnur framlög tengd verðlagningu.

Gert er ráð fyrir því, að Framleiðsluráð ákveði smásöluverð varanna, og auk þess er því heimilt að framkvæma vissar tilfærslur á verði milli vöruflokka hverrar búgreinar fyrir sig. Einnig eru því heimil frávik frá hinu ákveðna verði til hækkunar eða lækkunar eftir árstímum eða markaðsástandi, enda skili heildarsala meðalverði til söluaðila á viðkomandi verðlagstímabili.

Í lok greinarinnar eru svo ákvæði um málskot til yfirnefndar, ef ekki næst samkomulag eða aðilar hafa hafnað samkomulagi því, sem gert hefur verið í nefndinni.

Felld eru niður ákvæði gildandi laga um störf sáttasemjara í þessum málum, og sá hluti 6. gr. gildandi laga, sem fjallar um yfirnefnd, er tekinn upp í næstu grein, með ýmsum breytingum.

Um 8. gr.

Fjallar um skipun og störf yfirnefndar og kemur í stað 3. og 4. málsliðar 6. gr. í gildandi lögum. Ef ekki næst samkomulag í Sexmannanefnd, er gert ráð fyrir því, að ágreiningsatriðum verði vísað til yfirnefndar. Í henni eru þrír menn. Einn frá fulltrúum ríkisstjórnarinnar í Sexmannanefnd og einn frá fulltrúum bændasamtakanna. Þriðji maður, oddamaðurinn, skal tilnefndur af Hæstarétti. Verksvið nefndarinnar nær aðeins til þeirra þátta, er snerta verðlagningu búvaranna, en ekki til þeirra mála, er samið kynni að vera um á öðrum sviðum í Sexmannanefnd.

Telji annar hvor aðili í Sexmannanefnd úrskurð yfirnefndar óviðunandi, getur sá nefndarhluti krafizt endurskoðunar. Þó hefur slík krafa aðeins gildi, að meiri hluti fulltrúa á Stéttarsambandsfundi hafi staðfest kröfu framleiðenda um þetta og ríkisstjórnin kröfu landbúnaðarráðherra um sama efni.

Þegar lögleg krafa um málsupptöku hefur komið fram, getur sá hluti Sexmannanefndar krafizt þess, að úrskurður hennar gildi aðeins í sex mánuði, sé um haustverðlagningu að ræða, en annars aldrei lengur en til 1. september næstan á eftir.

Nefndin hefur ekki getað mælt með sölustöðvunarheimild á búvörum, en þykir þessi leið æskilegri.

Um 9. gr.

Að meginmáli er þessi grein samhljóða 7. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir, að verðlagsgrundvöllurinn gildi í tvö ár, og sé honum ekki sagt upp fyrir tilskilinn tíma (1. júní), framlengist hann um eitt ár í senn, sbr. þó ákvæði 8. gr.

Þá eru einnig ákvæði í greininni um framreikning verðgrunnsins vegna verðlags- og kaupgjaldsbreytinga, sem kunna að verða á verðlagstímabilinu. Hagstofan á að framkvæma slíkan umreikning, sem gildir þá til ákvörðunar búvöruverðs út verðlagstímabilið, þó með ákveðnum undantekningum.

Um 10. gr.

Fjallar um sams konar efni og 9. gr. gildandi laga, þ. e. um ársfjórðungslegar breytingar á kaupgjaldslið verðgrunnsins. Orðalag greinar þessarar er nokkru

ákveðnara en í 9. gr. gildandi laga, en breytir þó engan veginn þeirri aðalreglu, sem nú gildir um þetta efni.

Um 11. gr.

Er að efni til samhljóða 8. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

Er að efni til samhljóða 10. gr. í gildandi lögum og fjallar um verðlagningu snemmsprottinna garðávaxta og sumarslátrun dilka.

Um 13. gr.

Er alveg samhljóða 11. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Er ný grein, sem fjallar um niðurgreiðslur á söluverði búvara innanlands. Er gert ráð fyrir því, að breytingar á niðurgreiðslum séu bornar undir Sexmannanefnd og Framleiðsluráð, áður en þær séu látnar koma til framkvæmda. Nefndin lítur svo á, að kostnaður við dreifingu og vinnslu búvara sé eðlileg viðmiðun og halda beri niðurgreiðslum innan þeirra marka. Þó má gera undantekningar frá þeirri aðalreglu.

Einnig má taka upp niðurgreiðslur í öðru formi en verið hefur til þessa, þ. e. að greiða á innvegna vöru í stað seldrar, eða þá á einstaka kostnaðarliði við búreksturinn, svo og að niðurgreiðslur séu ekki bundnar við ákveðið framleiðslumagn. Um slíkar breytingar ber þó að semja í Sexmannanefnd.

Um 15. gr.

Þessi gr. er um sama efni og 12. grein gildandi laga, þ. e. útflutningsbæturnar. Til viðbótar þeim efnisliðum, sem eru í núverandi lögum, eru ákvæði um meðferð þess fjár, sem kynni að verða afgangs, þegar greiðslum uppbóta viðkomandi verðlagsárs er lokið. Gert er ráð fyrir því, að slíka afganga megi nota til uppbótagreiðslna næstu tvö árin, ef þá er þörf á meiri útflutningi, en verði þá enn afgangur, skal verja honum í þágu landbúnaðarins í samráði við landbúnaðarráðherra.

Í síðari hluta greinarinnar eru svo ákvæði um, hvernig að málum skuli staðið, ef útflutningsbætur ekki nægja. Er landbúnaðarráðherra þá gefin heimild til að taka ákvörðun um kjarnfóðurgjald, sbr. a-lið 3. gr., eða að veita frekari útflutningsábyrgð.

Um 16. gr.

Þessi gr. er nýmæli. Fjallar hún um aðstoð við þá landshluta, sem við sérstaka erfiðleika hafa að stríða, og þar sem sérstök hætta er á eyðingu byggðar eða skortur er á búvörum.

Gert er ráð fyrir, að lögð sé fram árlega ákveðin fjárhæð í þessu skyni (1% af heildarverðmæti landbúnaðarafurða), og skal verja fénu til flutningastyrkja, verðbóta eða framleiðslustyrkja, niðurgreiðslu á verði áburðar, aðkeyptu fóðri o. fl. eftir mati nefndarinnar. Sexmannanefnd á að ráðstafa fénu í samráði við þá aðila, sem velja menn í nefndina. Skal hún láta fara fram nákvæma athugun á aðstöðu þeirra byggðarlaga, sem koma til greina í þessum efnum. Slík athugun skal fara fram í samráði við þá stofnun, sem fjallar um byggðaþróunarmál.

Um 17. gr.

Þessi gr. er samhljóða 13. gr. núgildandi laga og er um það, að kostnaður við störf Sexmannanefndar greiðist úr ríkissjóði.

Í þriðja kafla er slegið saman ákvæðum gildandi laga um sauðfjárafurðir og um sölu stórgripakjöts.

Um 18. gr.

Fjallar um leyfi fyrir sauðfjárslátrun og ýmsar skyldur leyfishafa, og eru þau ákvæði svipuð og ákvæði gildandi laga um sama efni. Orðalagi hefur þó sums

staðar verið breytt og taldar upp nokkrar fleiri skyldur, sem hvíla á þeim, er leyfi munu fá. Er þetta allt í samræmi við þá framkvæmd, sem verið hefur hin síðari ár.

Um 19. gr.

Í þessari grein eru þau atriði tekin upp, sem eru í 14., 15., 16. og 17. grein gildandi laga, en felld úr nokkur atriði, sem ekki hefur þurft að framkvæma að undanförnu og virðast úrelt.

Um 20. gr.

Þessi gr. er sama efnis og 20. gr. gildandi laga. Þó er í síðustu málsgreininni Framleiðsluráðinu fengin heimild til að svipta sláturleyfishafa greiðslu úr verðjöfnunarsjóði, ef hann óhlýðnast settum reglum um meðferð afurða, slátrun, flutning kjötsins og öðrum þeim skyldum, sem í greininni felast.

Um 21. gr.

Það nýmæli er í þessari gr., að Framleiðsluráð skal veita leyfi til stórgripaslátrunar, og má enginn slátra stórgripum, né verzla með kjöt af þeim í heildsölu, nema hann hafi fengið slíkt leyfi.

Um leyfisveitinguna gilda svipaðar reglur og um leyfisveitingar til sauðfjárslátrunar.

Um 22. gr.

Þessi grein er um skiptingu landsins í mjólkursölusvæði og er því að efni til eins og 22. grein gildandi laga. Þó eru felld úr greininni ýmis úrelt ákvæði, sem ekki er lengur þörf, eins og nú er háttað málum.

Um 23. gr.

Efnislega er þessi gr. samhljóða 23. gr. núverandi laga um skyldur og réttindi mjólkursamlaga, en felld út niðurlagsmálsgr. gildandi greinar, sem er orðin úrelt.

Um 24. gr.

Þessi gr. er efnislega eins og 24. gr. núverandi laga. Breytt er þó um orðalag varðandi verðjöfnun innan sölusvæða, þar sem starfandi eru fleiri en eitt mjólkursamlag. Felld eru niður ákvæði um töku sérstaks verðjöfnunargjalds af allri neyzlumjólk, en samsölustjórn gefin heimild til fullkominnar verðjöfnunar innan síns svæðis. Er þetta í samræmi við framkvæmd þeirra mála hin síðari ár.

Um 25. gr.

Er samhljóða 25., 26. og 27. gr. gildandi laga, en þær greinar fjalla um ýmis skipulags- og framkvæmdaatriði.

Um 26. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 28. gr. gildandi laga. Þó eru felld úr ákvæðin um sérstaka barnamjólk, sem eru orðin úrelt. Skerpt eru ákvæði laganna um heilbrigðiseftirlit og skyldur samlaga til útvegunar á mjólk og mjólkurvörum, þegar vöntun er á þeim eftir venjulegum leiðum.

Um 27. gr.

Er að efni til hin sama og 29. gr. gildandi laga.

Um 28. gr.

Er um sama efni og 30. gr. gildandi laga, þ. e. ráð til þess að bæta úr mjólkurskorti og einnig um deilur, sem kunna að rísa út af mjólkurverði, og annað í því sambandi. Felld eru úr ákvæði gildandi laga um, að hækka megi mjólkurverð til neytenda til að bæta úr mjólkurskorti á viðkomandi stað, að fengnu samþykki viðkomandi bæjarstjórnar. Þessi heimild hefur reynzt gagnslaus í framkvæmd, enda vísast í þessum efnum til ákvæða 6. gr. frumvarpsins.

Um 29. gr.

Þessi grein er sambærileg að efni til við 31. grein í gildandi lögum. Nokkur atriði eru felld úr, sem eru orðin úrelt, en jafnframt er bætt inn atriðum, er snerta heilbrigðiseftirlit og hollustuhætti, sbr. lög þar um.

Um 30. gr.

Er ný grein, sem snertir myndun sölusamtaka mjólkuriðnaðarins fyrir vinnsluvörur. Er með þessari grein lagt til, að lögfest verði ákvæði um réttindi og skyldur fyrirtækis eins og Osta- og smjörsölunnar sf. sem hefur reynzt mjög gagnlegt fyrirtæki, bæði til sparnaðar fyrir vörudreifinguna og eins til þess að bæta vörugæðin og auka fjölbreytni framleiðslunnar.

Um 31., 32., 33., 34., 35., 36., 37. og 38. gr.

Í V. kafla er fjallað um sölu matjurta, gróðurhúsaframleiðslu og eggja. Greinarnar eru samhljóða ákvæðum gildandi laga, þ. e. í greinum frá 32.—39. gr. Þó eru nokkrar smá orðalagsbreytingar í einstökum greinum.

Um 39. gr.

Þessi grein fjallar um sama efni og 40. grein gildandi laga. Nokkrar efnisbreytingar hafa verið gerðar. Í fyrsta lagi er Framleiðsluráðinu gefin heimild til að taka tillit til mismunandi fjármagnskostnaðar vinnslustöðvanna, einnig er því gefin heimild til að taka til útjöfnunar flutningskostnað lifandi fjár að sláturhúsi og mjólkur að mjólkursamlagi, sérstaklega þegar svo stendur á, að það getur auðveldað hagkvæmni í rekstri vinnslustöðvanna.

Í öðru lagi eru settar reglur um verðmiðlun á verði stórgripakjöts, og í þriðja lagi eru settar fyllri reglur um verðmiðlun mjólkur milli mjólkursölusvæða og sérstök heimild gefin til jafnaðarflutninga á mjólk að mjólkursamlagi.

Um 40. og 41. gr.

Eru óbreyttar frá 41. og 42. gr. gildandi laga.

Um 42. og 43. gr.

Eru algjörlega samhljóða ákvæðum gildandi Framleiðsluráðslaga, þ. e. núverandi 43. og 44. gr.

Um 44. og 45. gr.

Eru samhljóða ákvæðum í 45. og 46. gr. gildandi laga, nema að sektarákvæði eru hækkuð úr 5—50 þúsund krónum í 10—100 þúsundir króna, en dagsektir vegna dráttar á skýrsluhaldi eru látnar óbreyttar.

Nd. 518. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að athuguðu máli, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. D-liður orðist svo:
   Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, líknar- og menningarstofnana, skal greiða 10 af hundraði.
2. Upphaf 6. gr. orðist svo:
   Ef ekki fer fram sala á opinberu uppboði á fjármunum, öðrum en fasteignum, sem falla í erfðir, o. s. frv.

3. 9. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 10. apríl 1972.

Jónas Árnason, form. Bjarni Guðnason, fundaskr., frsm. Stefán Valgeirsson.
Gylfi Þ. Gíslason. Jón Skaftason.

Nd. 519. Frumvarp til laga [242. mál]

um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

1.1. Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði.
1.2. Heilbrigðisþjónusta tekur til hvers kyns heilsugæzlu, heilbrigðiseftirlits, lækningarannsókna, lækninga í sjúkrahúsum og endurhæfingarstarfs.
1.3. Ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála sér um, að heilbrigðisþjónusta sé eins góð og þekking og reynsla leyfir og í samræmi við lög og reglugerðir.

I. KAFLI
Yfirstjórn.

2. gr.

2.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer með yfirstjórn heilbrigðismála.
2.2. Ráðuneytisstjóri þess ráðuneytis skal vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa menntun í félagslækningum og heilbrigðisfræðum, sem telst jafngild.

3. gr.

3.1. Landlæknir er ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar um allt, er varðar heilbrigðismál, og annast framkvæmd tiltekinna málaflokka f. h. ráðuneytis samkvæmt lögum, reglum og venjum, er þar um gilda.
3.2. Forseti skipar landlækni. Hann skal vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa jafngilda menntun til starfsins.

4. gr.

4.1. Ráðuneytið annast framkvæmd mála fyrir hönd ráðherra og hefur eftirlit með því, að lögum og reglugerðum um framkvæmd heilbrigðismála sé framfylgt.

5. gr.

5.1. Ráðherra skal setja á stofn ráðgjafarnefnd um heilbrigðis- og almannatryggingamál: Heilbrigðisráð Íslands. Ráðuneytisstjóri er formaður ráðsins, en þessir aðilar tilnefna menn í það: læknadeild Háskóla Íslands, Læknafélag Íslands, Tannlæknafélag Íslands, Hjúkrunarfélag Íslands, Samband ísl. sveitarfélaga, tryggingaráð og stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs. Samtök heilbrigðisstétta tilnefni 2 menn í ráðið og ráðherra skipar 3 menn án tilnefningar.
5.2. Skipun í ráðið er til þriggja ára. Í fyrsta sinn skal þó skipa 6 fyrsttöldu til fjögurra ára.
5.3. Ráðið er ráðgjafar- og umsagnaraðili um heilbrigðis- og almannatryggingamál. Heimilt er að skipta ráðinu í deildir eftir sérverkefnum. Ráðið setur sér starfsreglur, sem ráðherra staðfestir.

6. gr.

6.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skiptist í starfsdeildir í samræmi við ákvörðun ráðherra hverju sinni, en jafnan skal fylgt eftirfarandi heildarskiptingu málefna:
1. Sjúkrahúsmál og heilsugæzla.
2. Heilbrigðiseftirlit.
3. Lyfjamál.
4. Tryggingamál.
5. Áætlanir, rannsókn, skýrslugerð.

6.2. Sérmenntað starfslið skal ráða til að veita forustu heildarstarfsemi og annað starfslið eftir ákvörðun ráðherra.

II. KAFLI
Um læknishéruð.

7. gr.

7.1. Á Íslandi skulu vera læknishéruð svo sem hér greinir:
1. Reykjavíkurhérað, tekur yfir svæðið frá Herdísarvík að Hvalfjarðarbotni.
Aðsetur héraðslæknis í Reykjavík.
2. Vesturlandshérað, tekur yfir svæðið frá Hvalfjarðarbotni að Vatnsfirði á Barðaströnd.
Aðsetur héraðslæknis í Borgarnesi.
3. Vestfjarðahérað, tekur yfir svæðið frá Vatnsfirði á Barðaströnd að Geirólfsgnúpi á Ströndum.
Aðsetur héraðslæknis á Ísafirði.
4. Norðurlandshérað, tekur yfir svæðið frá Geirólfsgnúpi á Ströndum að Siglunesi.
Aðsetur héraðslæknis á Sauðárkróki.
5. Akureyrarhérað, tekur yfir svæðið frá Siglunesi að Kollumúla ásamt Grímsey.
Aðsetur héraðslæknis á Akureyri.
6. Austurlandshérað, tekur yfir svæðið frá Kollumúla að Skeiðará.
Aðsetur héraðslæknis á Egilsstöðum.
7. Suðurlandshérað tekur yfir svæðið frá Skeiðará að Herdísarvík.
Aðsetur héraðslæknis á Selfossi.
8. Vestmannaeyjahérað, tekur yfir Vestmannaeyjar.
Aðsetur héraðslæknis Vestmannaeyjakaupstaður.

8. gr.

8.1. Héraðslæknar skulu vera sérmenntaðir embættislæknar eða hafa menntun í félagslækningum og heilbrigðisfræðum, sem telst jafngild.

8.2. Þeir eru skipaðir í embætti af forseta að fenginni umsögn nefndar, sbr. 34. gr.

9. gr.

9.1. Héraðslæknar annast embættisstörf hver í sínu héraði undir umsjá landlæknis og í samvinnu við viðkomandi deildir ráðuneytis. Þeir hafa ekki skyldu til almennra læknisstarfa, nema svo sé fyrir mælt í skipunarbréfi, en heimild hafa þeir til slíkra starfa, ef sérstaklega stendur á og leyfi landlæknis kemur til.

10. gr.

10.1. Héraðslæknir sér um, að framfylgt sé lögum og reglum um heilbrigðismál í héraðinu. Hann hefur í héraðinu yfirumsjón með öllu heilbrigðisstarfi í umboði

ráðuneytis, bæði á sjúkrahúsum, heilsugæzlustöðvum og annars staðar, þar sem slíkt starf fer fram. Hann annast samræmingu heilbrigðisstarfa í héraðinu og er ráðunautur ríkisvaldsins um öll heilbrigðismál héraðsins.

10.2. Ráðherra setur héraðslæknum erindisbréf, þar sem nánar er kveðið á um störf þeirra, réttindi og skyldur.

11. gr.

11.1. Kostnaður við embætti héraðslækna skal greiddur úr ríkissjóði.

11.2. Þeim skal tryggð starfsaðstaða á heilsugæzlustöð, þar sem þeir hafa aðsetur, og þeir skulu eiga kost á embættisbústað.

11.3. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um starfsaðstöðu og starfslið héraðslækna.

12. gr.

12.1. Héraðslæknar taka laun eftir launakerfi opinberra starfsmanna. Þeir skulu eiga rétt á staðaruppbót, þannig að laun þeirra séu á hverjum tíma í samræmi við laun lækna við sjúkrahús og heilsugæzlustöðvar.

13. gr.

13.1. Héraðslæknar skulu eiga rétt á 6 vikna leyfi annað hvert ár til rannsóknarstarfa og námsferða. Í slíku leyfi skulu þeir halda fullum launum og staðgengill vera launaður úr ríkissjóði. Þeir skulu og eiga rétt á að fá greiddan kostnað vegna ferða og námsdvalar á sama hátt og gildir um ferðir ríkisstarfsmanna erlendis og dvöl þeirra þar.

13.2. Læknaþing erlend og innlend skulu héraðslæknar sækja í samráði við landlækni og þá á kostnað ríkisins.

III. KAFLI
Um heilsugæzlu.

14. gr.

14.1. Heilsugæzla merkir í þessum lögum heilsuverndarstarf og allt lækningastarf, sem unnið er vegna heilbrigðra og sjúkra, sem ekki dveljast í sjúkrahúsum.

15. gr.

15.1. Í hverju læknishéraði samkvæmt 7. gr. skal setja á stofn heilsugæzlustöðvar til þess að annast heilsugæzlu samkvæmt lögum þessum.

15.2. Þar sem aðstæður leyfa, skal heilsugæzlustöð vera í starfstengslum við sjúkrahús og þá ávallt rekin sem hluti af því, og í sömu byggingu, sé þess kostur.

15.3. Þar sem sjúkrahús er fyrir og afráðið er, að stofna skuli heilsugæzlustöð, skal byggja stöðina í starfstengslum við sjúkrahúsið, þannig að þjónustudeildir og starfslið nýtist fyrir hvort tveggja.

15.4. Þar sem afráðið verður samkvæmt lögum þessum að reisa heilsugæzlustöð og ekki er sjúkrahús á staðnum fyrir, skal kanna þörf héraðsins (svæðisins) fyrir sjúkrahús, sbr. 36. gr., og hvort þörf sé fullnægt, einkum hvað viðvíkur hjúkrunarheimilum, og haga framkvæmdum í samræmi við það.

16. gr.

16.1. Á heilsugæzlustöð skulu starfa eigi færri en 2 læknar, heilsugæzluhjúkrunarkona, meinatæknir og ritari auk héraðslæknis og héraðshjúkrunarkonu, þar sem það á við.

16.2. Starfslið heilsugæzlustöðvar getur að hluta verið sameiginlegt með annarri heilbrigðisstofnun í starfstengslum við stöðina.
16.3. Lyfjaútibú eða lyfjaútsala samkv. 43. og 44. gr. lyfsölulaga eða lyfjasala undir stjórn læknastöðvarinnar skal jafnan vera á heilsugæzlustöð, ef lyfjabúð er ekki á staðnum.

17. gr.

Heilsugæzlustöðvar ein eða fleiri skulu vera í héruðum samkvæmt 7. gr. sem hér segir:

17.1. Reykjavíkurhérað.
1. Að Reykjalundi — starfssvæði Þingvallahreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.
2. Í Reykjavíkurborg — starfssvæði Reykjavík, Seltjarnarneshreppur.
3. Í Kópavogi — starfssvæði Kópavogskaupstaður.
4. Í Hafnarfirði — starfssvæði Hafnarfjarðarkaupstaður, Vatnsleysustrandarhreppur, Garðahreppur, Bessastaðahreppur.
5. Í Keflavík — starfssvæði Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurhreppur, Gerðahreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur og Grindavíkurhreppur.

17.2. Vesturlandshérað.
1. Á Akranesi — starfssvæði Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur.
2. Í Borgarnesi — starfssvæði Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur, Stafholtstungnahreppur, Borgarhreppur, Borgarneshreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur.
3. Í Ólafsvík — starfssvæði Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppur, Neshreppur, Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur.
4. Í Stykkishólmi — starfssvæði Miklaholtshreppur, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur, Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur, Saurbæjarhreppur, Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur og Flateyjarhreppur.

17.3. Vestfjarðahérað.
1. Á Patreksfirði — starfssvæði Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur, Suðurfjarðahreppur og Múlahreppur.
2. Á Ísafirði — starfssvæði Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Hólshreppur, Suðureyrarhreppur, Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur, Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur og Auðkúluhreppur.

17.4. Norðurlandshérað.
1. Á Hvammstanga — starfssvæði Bæjarhreppur, Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólshreppur, Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur, Óspakseyrarhreppur og Árneshreppur.
2. Á Blönduósi — starfssvæði Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur.

3. Á Sauðárkróki — starfssvæði Sauðárkrókur, Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur.
4. Á Siglufirði — starfssvæði Siglufjörður, Haganeshreppur og Holtshreppur.

17.5. Akureyrarhérað.
1. Á Dalvík — starfssvæði Ólafsfjarðarkaupstaður, Hríseyjarhreppur, Dalvíkurhreppur, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur.
2. Á Akureyri — starfssvæði Akureyrarkaupstaður, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hálshreppur, Grímseyjarhreppur.
3. Á Húsavík — starfssvæði Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur, Presthólahreppur.
4. Á Þórshöfn — starfssvæði Raufarhafnarhreppur, Skeggjastaðahreppur, Sauðaneshreppur, Þórshafnarhreppur, Svalbarðshreppur, Vopnafjarðarhreppur.

17.6. Austurlandshérað.
1. Á Egilsstöðum — starfssvæði Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur, Borgarfjarðarhreppur, Loðmundarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur og Fljótsdalshreppur.
2. Á Neskaupstað — starfssvæði Neskaupstaður, Mjóafjarðarhreppur og Norðfjarðarhreppur.
3. Á Eskifirði — starfssvæði Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur, Reyðarfjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur og Breiðdalshreppur.
4. Á Höfn í Hornafirði — starfssvæði Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur, Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur, Hofshreppur.

17.7. Suðurlandshérað.
1. Í Vík í Mýrdal — starfssvæði Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallarhreppur, Álftaversshreppur, Hvammshreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur og Dyrhólahreppur.
2. Á Hellu — starfssvæði Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur, Djúpárhreppur.
3. Á Selfossi — starfssvæði Skeiðahreppur, Laugardalshreppur, Biskupstungnahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Grímsneshreppur, Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Grafningshreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur.

17.8. Vestmannaeyjahérað.
1. Á Heimaey.

18. gr.

18.1. Læknissetur eins læknis skal vera á eftirtöldum stöðum og þjóna eftirtöldum hreppum:
1. Í Búðardal — starfssvæði Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofn-

ingshreppur, Skarðshreppur, Saurbæjarhreppur, Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudalshreppur.
2. Á Þingeyri — starfssvæði Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur og Auðkúluhreppur.
3. Á Flateyri — starfssvæði Mosvallahreppur og Flateyrarhreppur.
4. Á Hólmavík — starfssvæði Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur, Óspakseyrarhreppur og Árneshreppur.
5. Á Ólafsfirði — starfssvæði Ólafsfjarðarkaupstaður.
6. Á Vopnafirði — starfssvæði Vopnafjarðarhreppur.
7. Á Seyðisfirði — starfssvæði Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður.
8. Á Fáskrúðsfirði — starfssvæði Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur.
9. Á Djúpavogi — starfssvæði Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur, Breiðdalshreppur.
10. Í Laugarási — starfssvæði Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur, Grímsneshreppur.

18.2. Þegar læknar sitja ekki á læknissetrum, annast heilsugæzlustöð svæðisins þar móttöku sjúklinga með fyrirkomulagi, sem héraðslæknir ákveður í samráði við landlækni og starfslið stöðvarinnar.

18.3. Á sama hátt ákveður héraðslæknir í samráði við landlækni og starfslið heilsugæzlustöðva, á hvaða stöðum og með hvaða fyrirkomulagi móttaka sjúklinga skuli skipulögð utan heilsugæzlustöðva og læknissetra.

18.4. Kostnaður við læknismóttöku á þessum stöðum greiðist eins og kostnaður við heilsugæzlustöðvar.

18.5. Læknar á læknissetrum annast þar öll almenn læknisstörf og heilsuverndarstörf, en heilsuverndarstarf er þó skipulagt fyrir heilsugæzlusvæðið af héraðslækni og héraðshjúkrunarkonu í samráði við lækna og hjúkrunarkonu á svæðinu.

19. gr.

19.1. Þrátt fyrir skiptingu landsins milli heilsugæzlustöðva, svo sem rakið er í 17. gr., skulu íbúar einstakra sveitarfélaga og byggðarlaga jafnan eiga rétt á að leita læknishjálpar til þeirrar heilsugæzlustöðvar, læknisseturs eða læknismóttöku, sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni.

20. gr.

20.1. Ráða skal héraðshjúkrunarkonur til starfa með héraðslæknum, sbr. 7. gr. — Héraðshjúkrunarkonur skulu hafa yfirumsjón með hjúkrunarstarfi í héraðinu í samráði við héraðslækni og hjúkrunarstjóra ráðuneytisins.

20.2. Ráða skal heilsugæzluhjúkrunarkonur til starfa við heilsugæzlustöðvar í samráði við héraðslækni og héraðshjúkrunarkonu, sbr. 16. gr. Einnig má ráða hjúkrunarkonur til starfa með læknum á læknissetrum eða á móttökum lækna í samráði við sömu aðila, viðkomandi lækna og landlækni.

20.3. Allar hjúkrunarkonur, sem hér um ræðir, skulu skipaðar af ráðherra og taka laun úr ríkissjóði.

20.4. Stefnt skal að því, að héraðshjúkrunarkonur hafi sérmenntun í heilsuvernd og stjórnunarstörfum á sviði hjúkrunar og að heilsugæzluhjúkrunarkonur á heilsugæzlustöðvum hafi sérmenntun í heilsuverndarstarfi, fæðingarfræði eða starfi hjúkrunarkonu á göngu- og slysadeildum.

21. gr.

21.1. Kostnaður við byggingu og búnað heilsugæzlustöðva greiðist að 85% úr ríkissjóði, en að 15% af viðkomandi sveitarfélögum.

21.2. Íbúðarhúsnæði lækna og hjúkrunarkvenna stöðvanna telst hluti stöðvanna utan Reykjavíkurlæknishéraðs.

21.3. Ríkissjóður og sveitarfélag eru eigendur heilsugæzlustöðva í hlutfalli við fjárframlög, sbr. 21.1.

22. gr.

22.1. Á heilsugæzlustöð skal veita þjónustu, eftir því sem við á, svo sem hér segir:

1. Almenna læknisþjónustu, vaktþjónustu og vitjanir til sjúklinga.
2. Lækningarannsóknir.
3. Sérfræðilega læknisþjónustu og tannlækningar.
4. Heilsuvernd, svo sem:
   a) Mæðravernd.
   b) Ungbarna- og smábarnavernd.
   c) Heimahjúkrun.
   d) Skólaeftirlit.
   e) Íþróttaeftirlit.
   f) Atvinnusjúkdómaeftirlit.
   g) Berklavarnir.
   h) Kynsjúkdómavarnir.
   i) Geðvernd og áfengisvarnir.
   j) Félagsleg aðstoð.
   k) Hópskoðanir og skipulögð sjúkdómaleit.

22.2. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um fjölda heilsugæzlustöðva, stærð þeirra og fyrirkomulag, læknafjölda og sérmenntað starfslið, tækjabúnað og starfshættu og fyrirkomulag heilsuverndarstarfs á hverjum stað.

23. gr.

23.1. Rekstrarkostnaður heilsugæzlustöðva svo og kostnaður vegna aðstöðu lækna utan stöðva, annar en launakostnaður lækna og hjúkrunarkvenna, greiðist af þeim sveitarfélögum, sem hlut eiga að máli, í hlutfalli við íbúafjölda.

24. gr.

24.1. Stjórn heilsugæzlustöðvar er þannig skipuð, að héraðslæknir er formaður stjórnar, læknir og hjúkrunarkona starfandi á stöðinni skulu kosin af starfsliði stöðvarinnar og 2 stjórnarmenn skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum. Þegar heilsugæzlustöð er í starfstengslum við sjúkrahús, fer sjúkrahússtjórn, sbr. 33. gr., með stjórn allrar stofnunarinnar. Séu fleiri en ein stöð í sama sveitarfélagi, skulu þær vera undir sameiginlegri stjórn. Í Reykjavík skal Heilbrigðismálaráð fara með stjórn stöðva.

25. gr.

25.1. Læknar, sem starfa við heilsugæzlustöðvar eða við læknisstörf á læknissetrum, skulu skipaðir af ráðherra. Þeir skulu taka laun með tvennu móti:
   a) Föst laun fyrir gegningaskyldu, vaktþjónustu og heilsuverndarstarf.
   b) Laun samkvæmt samningi stéttarfélags lækna og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almenn læknisstörf.

IV. KAFLI
Um sjúkrahús.

26. gr.

26.1. Sjúkrahús merkir í lögum þessum hver sú stofnun, sem ætluð er sjúku fólki til dagvistunar eða fullrar vistunar og þar sem læknishjálp, hjúkrun og allur aðbúnaður er í samræmi við það, sem þessi lög og reglugerðir þar að lútandi krefjast.

27. gr.

27.1. Sjúkrahús skiptast í eftirfarandi flokka eftir tegund og þjónustu:

1. Sværðissjúkrahús er sjúkrahús, sem eitt sér eða í samvinnu við önnur veitir sérfræðiþjónustu í öllum eða nær öllum greinum læknisfræði, sem viðurkenndar eru hérlendis, og hefur aðgang að stoðdeildum og rannsóknardeildum til þess að annast þetta hlutverk.
2. Deildasjúkrahús er sjúkrahús, sem veitir sérhæfða meðferð í helztu greinum lyflæknisfræði, skurðlæknisfræði og geðsjúkdómafræði og hefur aðgang að stoðdeildum til að rækja það starf, svo sem röntgendeild, svæfingardeild, rannsóknadeild og endurhæfingardeild.
3. Almennt sjúkrahús er sjúkrahús, sem ekki hefur sérdeildir, en hefur á að skipa sérfræðingum eða almennum læknum og tekur við sjúklingum til rannsóknar og bráðra aðgerða, en hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga.
4. Hjúkrunar- og endurhæfingarheimili er vistheimili fyrir sjúklinga, sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast meðferðar, sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.
5. Sjúkraskýli er húsrými í heilsugæzlustöð eða annars staðar, sem eingöngu er ætlað til gæzlu eða athugunar sjúklinga um skamman tíma.
6. Vinnu- og dvalarheimili eru stofnanir, sem taka til vistunar geðsjúklinga, drykkjusjúklinga, líkamlega bæklaða eða fávita, til dvalar eða starfs.
7. Gistiheimili er dvalarstaður sjúklinga, sem eru til meðferðar á öðru sjúkrahúsi, en geta eigi dvalizt í heimahúsum.

27.2. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flokkun sjúkrahúsa samkvæmt þessari grein og ákveður jafnframt starfssvið og verkaskiptingu þeirra sjúkrahúsa, er nú starfa.

28. gr.

28.1. Þegar bygging eða starfræksla nýs sjúkrahúss er ákveðin, skal starfssvið þess ákveðið í samræmi við ákvæði 27. greinar.

29. gr.

29.1. Enginn má setja á stofn eða reka undir neinu nafni sjúkrahús samkv. 27. gr., nema með leyfi ráðherra. Sama máli gegnir um hvers konar aðra starfsemi, sem talin er vera í lækningaskyni.

29.2. Sama máli gegnir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana.

30. gr.

30.1. Beiðni til ráðherra um rekstrarleyfi samkvæmt 29. gr. skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar, hvar henni er ætlaður staður, uppdrættir af byggingum, lóðum og umhverfi og afstöðu til nágrennis, ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur fylgi greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhagsástæður og loks skýrsla um starfsáætlun, um stjórn, starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag, hve mörgum sjúklingum stofnun þessari er ætlað að sinna eða hve mörgum vistmönnum að anna og með hvaða kjörum.

30.2. Ráðherra veitir því aðeins leyfið, að stofnunin fullnægi heilbrigðiskröfum og ætla megi, að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt. Ætíð skal leita álits viðkomandi héraðslæknis á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

31. gr.

31.1. Heilbrigðisyfirvöld skulu eiga greiðan aðgang til eftirlits að stofnunum, sem um ræðir í þessum lögum.

32. gr.

32.1. Við hvert sjúkrahús samkvæmt 27. gr. skal starfa sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir og hjúkrunarmenntuð forstöðukona.
32.2. Á svæðis- og deildasjúkrahúsum skulu vera yfirlæknar sérgreina og yfirhjúkrunarkonur deilda.
32.3. Formaður læknaráðs svæðis- eða deildasjúkrahúss skal vera yfirlæknir allrar stofnunarinnar, nema stjórn sjúkrahúss ákveði annað.
32.4. Ráðherra setur með reglugerð, sbr. og 27. gr., ákvæði um starfslið sjúkrahúsa í samræmi við starfssvið þeirra.

33. gr.

33.1. Sjúkrahús þau, er ríkið á eða starfrækir, skulu vera undir yfirstjórn sjúkrahúsmáladeildar ráðuneytis, en stjórn þeirra að öðru leyti falin 5 manna stjórnarnefnd. Nefndin skal skipuð þannig, að starfsmannaráð ríkisspítala, sbr. 35.3. gr., tilnefnir 2 menn, en ráðherra skipar 3 án tilnefningar og einn þeirra formann. Nefndin er skipuð til 4 ára, þó þannig að aldrei gangi nema 3 úr nefndinni í einu.
33.2. Öðrum sjúkrahúsum skal stjórnað af 5 manna stjórnum. Starfsmannaráð sjúkrahúsa kjósa 2 menn í stjórn og hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða eigendur 3. Ef heilsugæzlustöð er í starfstengslum við sjúkrahús, á héraðslæknir sæti í stjórninni, en sveitarstjórnir kjósa þá aðeins 2 fulltrúa.
33.3. Yfirlæknar og forstöðukonur sjúkrahúsa skulu sitja stjórnarfundi og hafa þar tillögurétt og málfrelsi og yfirlæknar sérgreina, þegar málefni þeirra eru rædd.
33.4. Stefnt skal að því að ráða sérmenntaða sjúkrahússtjóra sem framkvæmdastjóra allra stærri sjúkrahúsa.

34. gr.

34.1. Ráðherra skipar 3 lækna í nefnd, er metur hæfni umsækjenda um stöðu landlæknis, stöður yfirlækna, sérfræðinga, héraðslækna og lækna heilsugæzlustöðva. Nefndin skal þannig skipuð: 1 tilnefndur af Læknafélagi Íslands, 1 tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands og 1 skipaður af ráðherra án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Sömu aðilar tilnefni varamenn. Nefndin skal skipuð til þriggja ára. Umsögn nefndarinnar fer síðan til stjórnarnefndar viðkomandi sjúkrahúsa og heilsugæzlustöðva.
34.2. Yfirlæknar við sjúkrahús ríkisins og aðrar heilbrigðisstofnanir skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn nefndar, sbr. 34.1, og læknaráðs viðkomandi sjúkrahúss. Um ráðningarkjör yfirlækna fer eftir samningum milli stéttarfélags lækna og viðkomandi stofnana eða samningum um kjör opinberra starfsmanna.
34.3. Yfirlæknar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn nefndar, sbr. 34.1, og læknaráðs viðkomandi sjúkrahúss, sé slíkt fyrir hendi.
34.4. Ráða má eða skipa hvern þann lækni til starfa samkvæmt þessari grein, sem hæfur hefur verið talinn.
34.5. Forstöðukonur við sjúkrahús ríkisins skulu skipaðar af ráðherra að fenginni umsögn sjúkrahússtjórnar. Forstöðukonur annarra sjúkrahúsa skulu ráðnar að fenginni umsögn hjúkrunarstjóra ráðuneytisins.

35. gr.

35.1. Við öll sjúkrahús, þar sem 3 læknar eða fleiri starfa og a. m. k. 2 eru í fullu starfi, skal starfa læknaráð. Læknaráð skal vera stjórnendum til ráðuneytis um öll læknisfræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins, og ber stjórnendum að leita álits læknaráðs um allt, sem varðar læknisþjónustu sjúkrahússins.

35.2. Læknaráð setja sér starfsreglur, sem sjúkrahússtjórnir staðfesta.

35.3. Stofna skal við sjúkrahús sérstök starfsmannaráð sjúkrahúsa, þar sem starfshópar eiga fulltrúa.

35.4. Sjúkrahússtjórnir setja starfsmannaráðum starfsreglur og reglur um fulltrúakjör.

36. gr.

36.1. Ráðherra lætur gera áætlun um heilbrigðisstofnanir samkvæmt 17. og 27. grein. Gera skal áætlun til 10 ára í senn og endurskoða hana á tveggja ára fresti.

36.2. Framkvæmdaáætlun byggð á heildaráætlun skal árlega lögð fyrir Alþingi við gerð fjárlaga.

37. gr.

37.1. Ráðuneytið sér um framkvæmd áætlunar þeirrar, er um getur í 36. gr.

37.2. Ef einstök sveitarfélög eða aðrir aðilar óska eftir, getur ráðherra gert við þá samning um að taka að sér ákveðnar framkvæmdir eða annast rekstur ákveðinna stofnana.

37.3. Framlag ríkisins til sjúkrahúsbygginga, sem þannig er stofnað til, skal nema 85% af kostnaði við byggingu og búnað.

37.4. Ríkissjóður, sveitarfélög og aðrir eignaraðilar eru eigendur sjúkrahúss í réttu hlutfalli við framlög hvers og eins.

38. gr.

38.1. Þau sjúkrahús í eigu sveitarfélaga eða einkaaðila, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna fylgja þeim starfsreglum, er þeim verða settar. Að öðru leyti verður rekstur þeirra óbreyttur, verði ekki um annað samið milli eigenda og ríkisins.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

39. gr.

39.1. Ráðuneytið skal í samvinnu við menntamálaráðuneytið, Háskóla Íslands og hin ýmsu stéttarsamtök heilbrigðisstarfsmanna, eftir því sem við á, stuðla að aukinni þekkingu og endurbótum á grunn- og framhaldsmenntun heilbrigðisstarfsmanna í samræmi við þarfir landsmanna á hverjum tíma. Skal það enn fremur í samvinnu við ofangreinda aðila stuðla að viðhaldsmenntun heilbrigðisstarfsmanna. Óski menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands eftir, skal heimilt að binda kennsluskyldu við Háskóla Íslands við ákveðnar stöður innan ráðuneytisins.

40. gr.

40.1. Ráðherra skal gera samkomulag við rannsóknarstofnanir í sýkla- og veirufræði, eðlis- og efnafræði og lyfjafræði, svo að stofnanir heilbrigðiseftirlits, sem ekki reka eða hafa beinan aðgang að slíkum stofnunum, geti notið fullnægjandi rannsóknarþjónustu.

40.2. Verði ekki séð fyrir nefndri þjónustu með þessu móti á fullnægjandi hátt, skal ráðuneytið hafa forgöngu um lausn málsins með byggingu og starfrækslu slíkra rannsóknastofnana.

41. gr.

41.1. Ráðuneytið skal hafa forgöngu um samvinnu þeirra aðila innanlands, sem starfa að heilbrigðis- og almannatryggingamálum, í samráði við utanríkisráðuneytið um eflingu samstarfs á sviði þessara mála við Norðurlönd, þjóðir Evrópu og á alþjóðavettvangi.

42. gr.

42.1. Öll ferðalög þeirra starfsmanna, sem um ræðir í 2., 5., 6., 8., 11., 20., 25. og 34. grein, skulu vera þeim að kostnaðarlausu, séu þau starfsins vegna.

42.2. Ríkissjóður gerir samning við þá fastráðna starfsmenn, sem hér eiga hlut að máli, um bílakostnað þeirra vegna starfsins.

42.3. Ákvæði 13. greinar skulu, eftir því sem við getur átt, einnig taka til þeirra starfsmanna, sem um ræðir í þessari grein.

43. gr.

43.1. Ráðuneytið gerir í samráði við samgönguráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti (vegamálastjóra, landhelgisgæzlu, flugmálastjóra) áætlun um, hvernig bezt og öruggast verði séð um, að læknar komist frá heilsugæzlustöðvum til móttökustaða innan starfssvæðis.

43.2. Ráðuneytið getur í þessu skyni gert samning við flugfélög um slíkar ferðir eða gerzt aðili að rekstri flugvélar eða þyrlu til þessara nota.

43.3. Á sama hátt gerir ráðuneytið í samráði við samgönguráðuneytið (póst- og símamálastjóra) áætlun um fjarskipta- og símaþjónustu í héruðum landsins, svo að tryggt sé, að landsmenn geti náð til læknis án tafar.

44. gr.

44.1. Heimilt er ráðuneytinu að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands að veita læknastúdentum ríkisstyrki til náms gegn skuldbindingum um læknisþjónustu í strjálbýli að loknu námi. Nánari ákvæði um styrki þessa skal setja í reglugerð.

45. gr.

45.1. Læknishéraðasjóðum samkv. lögum nr. 82/1970, Bifreiðalánasjóði, samkv. 14. gr. laga nr. 43/1965, svo og ónotuðum fjárveitingum samkv. 15. og 16. gr. sömu laga, skal slá saman í einn sjóð, Læknishéraðasjóð og skal ríkissjóður leggja honum til við stofnun 5 milljónir króna.

45.2. Hlutverk sjóðsins skal vera að bæta læknisþjónustu í dreifbýli með þeim ráðum, sem tiltæk eru hverju sinni. Ráðherra veitir lán og styrki úr sjóðnum að fengnum tillögum landlæknis.

45.3. Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera þau embættislaun héraðslækna og lækna við heilsugæzlustöðvar, sem ekki koma til greiðslu, vegna þess að læknar hafa ekki fengizt til starfanna, og auk þess skal árlega leggja sjóðnum fé á fjárlögum.

45.4. Ráðherra setur sjóðnum reglugerð.

46. gr.

46.1. Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi sjúkrahúsalög nr. 54/1964, læknaskipunarlög nr. 43/1965, með áorðnum breytingum, heilsuverndarlög nr. 44/1955 og lög um læknishéraðasjóði nr. 82/1970 svo og önnur ákvæði laga, er fara í bág við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Til að koma á þeirri héraðaskipan, sem ráðgerð er, er ríkissjóði skylt að bjóða fram námsstyrki til lækna og hjúkrunarkvenna til að afla sér sérmenntunar á þessum sviðum.

Námsstyrkir skulu nægja fyrir skólagjöldum og dvalarkostnaði erlendis í 1 ár.

2. Héraðslæknar á læknissetrum, sem leggja á niður, skulu flytjast til heilsugæzlustöðva, þegar aðstaða er fengin, en ella sitja á núverandi aðsetri. Meðan lögin eru að komast til fullra framkvæmda, er heimilt að ráða lækna að heilsugæzlustöð með búsetu og starfsstað til bráðabirgða utan stöðvar.
3. Heilsuverndarstarf skv. lögum nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt frá því, sem er við gildistöku laganna, þar til heilsugæzlustöðvar hafa verið skipulagðar til að annast það.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við frv. Eftirfarandi grg. fylgir frv.:

I. Sköpunarsaga.

Að meginstofni er frumvarp þetta samið af nefnd, sem skipuð var af fyrrverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Eggert G. Þorsteinssyni, í samræmi við þingsályktun frá 22. apríl 1970, en í þeirri þingsályktun sagði svo:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðismálaráðherra að skipa nú þegar nefnd til að endurskoða ýmsa þætti heilbrigðislöggjafarinnar og sérstaklega um læknaskipan og sjúkrahús með það fyrir augum, að komið verði á betri heilbrigðisþjónustu í landinu, m. a. með það fyrir augum, að læknar fáist til starfa í þeim héruðum, sem nú eru læknislaus. Nefndin skal skipuð 5 mönnum: landlækni eða ráðuneytisstjóra heilbrigðismálaráðuneytisins, er vera skal formaður nefndarinnar, tveim mönnum tilnefndum af Læknafélagi Íslands og skulu þeir vera héraðslæknir og sjúkrahúslæknir, einum manni tilnefndum af læknadeild Háskóla Íslands, og einum af Sambandi íslenzkra sveitarfélaga. Nefndin hefji þegar störf og skili tillögum sínum til úrbóta eigi síðar en 1. marz n. k.“

Í nefndinni áttu sæti Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri, formaður, Ásmundur Brekkan, yfirlæknir og Brynleifur Steingrímsson, héraðslæknir, tilnefndir af Læknafélagi Íslands, Tómas Helgason, prófessor, tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands og Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi íslenzkra sveitarfélaga. Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri ráðuneytisins var ritari nefndarinnar.

Nefndin starfaði frá því í október 1970 og þar til í byrjun apríl 1971 að hún sendi til ráðherra tillögur sínar og greinargerð.

Þær tillögur voru síðan sendar fjölmörgum aðilum til umsagnar og athugunar og bárust athugasemdir frá um það bil 30 einstaklingum og félagasamtökum.

Á síðastliðnu hausti var málið tekið upp að nýju og skipaði núverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra Magnús Kjartansson nýja nefnd, sem fékk það hlutverk að endurskoða upphaflegu tillögurnar og taka til athugunar þær breytingartillögur, sem borizt höfðu.

Í þessari vinnunefnd, sem var undir forustu Páls Sigurðssonar, ráðuneytisstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, áttu sæti Adda Bára Sigfúsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra, Ingibjörg R. Magnúsdóttir, hjúkrunarkona, deildarstjóri í ráðuneytinu, Garðar Sigurðsson, alþingismaður, Þórarinn Guðnason, læknir á Borgarspítala og Guðmundur Helgi Þórðarson, héraðslæknir í Stykkishólmi. Ritari var eins og áður Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri ráðuneytisins.

Nefndin hafði nýjar heildartillögur tilbúnar um síðastliðin áramót og voru þau drög send Sigurði Sigurðssyni, landlækni og Benedikt Sigurjónssyni, hæstaréttardómara. Gerðu þeir báðir athugasemdir og gáfu umsagnir um einstök atriði frumvarpsins, sem þeir töldu að betur mættu fara.

II. Veigamestu nýmæli frumvarpsins.

1. Mótuð er almenn stefnuyfirlýsing um, að landsmenn skuli allir eiga kost á eins fullkominni heilbrigðisþjónustu og tök eru á að veita hverju sinni.

2. Ákvæði eru um yfirstjórn heilbrigðismála og gert ráð fyrir deildaskiptingu ráðuneytisins eftir verkefnum.

3. Gert er ráð fyrir að setja á stofn ráðgjafarnefnd, Heilbrigðisráð Íslands, sem sé tillögu- og umsagnaraðili til ráðherra og ráðuneyta um ýmis mál.

4. Gerð er tillaga um nýja og mjög breytta skipan læknishéraða í landinu og fylgir í kjölfar þeirrar breytingar breyting á störfum og stöðum héraðslækna. Gert er ráð fyrir, að læknishéruð verði framvegis 8 og að héraðslæknar verði eingöngu eða nær eingöngu embættislæknar, sem annist skipulagningu og framkvæmd heilbrigðisþjónustu hver í sínu héraði.

5. Ákveðin er staðsetning 26 heilsugæzlustöðva utan Reykjavíkur og er gert ráð fyrir, að þær verði miðstöðvar almennra lækninga og heilsuverndarstarfs á nánar tilteknum svæðum. Hér er komið fast mótuðu skipulagi á hugmyndir, sem uppi hafa verið um læknamiðstöðvar, en þær hugmyndir telja flestir að geti stuðlað að bættri læknisþjónustu í dreifbýli. Einkum hefur það verið skoðun yngri lækna, að auðveldara yrði að fá lækna til hópstarfs í slíkum stöðvum en til þess að vera í einmenningshéruðum.

6. Auk staðsetningar fyrrgreindra heilsugæzlustöðva, er gert ráð fyrir læknissetrum einstakra lækna á allt að 11 öðrum stöðum.

7. Gert er ráð fyrir, að annars vegar verði starfandi héraðshjúkrunarkonur, sem starfi með héraðslæknum og hins vegar heilsugæzluhjúkrunarkonur, sem starfi á heilsugæzlustöðvum og verði hjúkrunarkonur þessar ríkisstarfsmenn.

8. Gert er ráð fyrir, að ríkisframlag verði hið sama við byggingu heilsugæzlustöðva og sjúkrahúsa og verði 85 af hundraði af kostnaði við byggingu og búnað stofnananna.

9. Skilgreint er hvaða þjónustu heilsugæzlustöð á að veita, en í aðalatriðum er það þannig:

1. Almenn læknisþjónusta, vaktþjónusta og vitjanir til sjúklinga.
2. Lækningarannsóknir.
3. Sérfræðileg læknisþjónusta og tannlækningar.
4. Heilsuvernd, sem skiptist í 14 sérgreinar.

10. Skilgreint er hvað sé átt við með sjúkrahúsi. Merkir það í lögunum hver sú stofnun, sem ætluð er sjúku fólki til dagvistunar eða fullrar vistunar og þar sem læknishjálp, hjúkrun og allur aðbúnaður er í samræmi við það, sem lögin og reglugerðir, er um verða settar, krefjast. Sjúkrahúsum er síðan skipt í flokka eftir tegund og þjónustu og er um 7 flokka að ræða, svæðissjúkrahús, deildasjúkrahús, almenn sjúkrahús, hjúkrunar- og endurhæfingarheimili, sjúkraskýli, vinnu- og dvalarheimili og gistiheimili fyrir sjúklinga.


11. Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi þriggja lækna nefnd, sem hefur það hlutverk að meta hæfni umsækjenda um stöður yfirlækna, sérfræðinga og héraðslækna.


12. Gera skal áætlun um þörf landsmanna fyrir heilbrigðisstofnanir til 10 ára í senn og skal áætlunin endurskoðuð á tveggja ára fresti.

Kveðið er á um skyldu ríkisins til að sjá um byggingu stofnana samkvæmt áætlun, en heimilt er að semja við sveitarfélög eða einstaklinga um framkvæmdir innan ramma áætlunar.

13. Gert er ráð fyrir læknaráðum við öll sjúkrahús þar sem 3 læknar eða fleiri eru starfandi og skulu læknaráðin vera stjórnendum til ráðuneytis um öll læknisfræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins.

14. Við sjúkrahús skal stofna sérstök starfsmannaráð sjúkrahúsa þar sem starfshópar eiga fulltrúa og er gert ráð fyrir því að starfsmannaráð kjósi menn í stjórnir sjúkrahúsanna.


ÍSAFJÖRÐUR
Flateyri
VESTFJARÐAHÉRAÐ
Þingeyri
Hólmavík
Patreksfjörður
Blönduós
Hvammstangi
NORÐURLANDSHÉ
Stykkishólmur
Búðardalur
Ólafsvík
VESTURLANDSHÉRAÐ
Borgarnes
SUÐUR
AKRANES
REYKJAVÍKURHÉRAÐ
REYKJAVÍK
Reykjalundur
KÓPAVOGUR
HAFNARFJÖRÐUR
Laugarás
KEFLAVÍK
Selfoss
Hella
Héraðamörk
Aðsetur héraðslækna
Heilsugæzlumörk
Heilsugæzlustöðvar
Læknissetur
VESTMANNAEYJAHÉRA
VESTMANNAEYJAR


Þórshöfn
HÚSAVÍK
Dalvík
Vopnafjörður
AKUREYRI
AKUREYRARHÉRAÐ
SEYÐISFJÖRÐUR
Egilsstaðir
NESKAUPSTAÐUR
Eskifjörður
AUSTURLANDSHÉRAÐ
Fáskrúðsfjörður
Djúpivogur
DSHÉRAÐ
Höfn
Læknishéruð,
heilsugæzlustöðvar,
læknissetur.

15. Í lokagreinum frumvarpsins er rætt um ýmis málefni, svo sem samvinnu heilbrigðisráðuneytisins og menntamálaráðuneytis um framhalds- og viðhaldsmenntun heilbrigðisstétta, forgöngu ráðuneytisins um samvinnu þeirra aðila, sem starfa að heilbrigðis- og almannatryggingamálum, svo og um ferðalög lækna, fjarskiptaþjónustu og fleira.

III. Almenn greinargerð.

Frumvarpið skiptist í 5 kafla að lokinni inngangsgrein og eru heiti kaflanna þessi:

1. Yfirstjórn.
2. Um læknishéruð.
3. Um heilsugæzlu.
4. Um sjúkrahús.
5. Ýmis ákvæði.

Verða nú stuttlega rakin efnisatriði hvers kafla fyrir sig og gerð grein fyrir þeim breytingum, sem ætlaðar eru frá núgildandi lögum:

1. Yfirstjórn.

Frumvarpið gerir ráð fyrir uppbyggingu deildaskipts ráðuneytis eftir málaflokkum og er málefnum á sviði heilbrigðismála skipt í 3 flokka, en síðan verði sérstök deild fyrir tryggingamál og sérstök deild, sem þjónar bæði heilbrigðis- og tryggingamálum og sér um áætlanir, rannsóknir og skýrslugerð.

Heilbrigðismálum er skipt samkvæmt frumvarpinu í eftirfarandi deildir:

1. Sjúkrahúsmál og heilsugæzla. Þessi deild hefur yfirstjórn sjúkrahúsa ríkisins og eftirlit með öllum öðrum sjúkrahúsum landsins. Deildin hefur forgöngu um verkaskiptingu og samstarf sjúkrahúsa. Hún er framkvæmdaaðili við undirbúning og byggingu nýrra sjúkrahúsa ríkisins. Í samráði við héraðslækna skipuleggur deildin starf heilsugæzlustöðva og er framkvæmdaaðili um undirbúning og byggingu nýrra stöðva. Ásamt landlækni hefur þessi deild eftirlit með öllum læknum og heilbrigðisstarfsmönnum.

2. Heilbrigðiseftirlit. Heilbrigðiseftirlit ríkisins verður með þessu móti deild í ráðuneytinu.

3. Lyfjamáladeild. Þessi deild annast eftirlit með lyfjum, lyfjagerðum og lyfjabúðum samkv. lyfsölulögum. Deildin er framkvæmdaaðili fyrir lyfjaskrárnefnd og lyfjaverðlagsnefnd, sér um útgáfu og dreifingu lyfjaskrár og sérlyfjaskrár.

4. Tryggingamáladeild. Þessi deild annast annars vegar eftirlit og yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins, hins vegar eftirlit með annarri tryggingastarfsemi í landinu eftir því sem hún fellur undir ráðuneytið. Deildin annast einnig samvinnu við erlenda aðila í almannatryggingamálum, bæði á Norðurlöndum og á alþjóðavettvangi.

5. Áætlana- og rannsóknardeild. Þessi deild skipuleggur og sér um skýrslusöfnun, bæði um heilbrigðis- og almannatryggingamál og mun annast útgáfu heilbrigðisskýrslna. Deildin annast áætlanir um þörf heilbrigðisþjónustu í landinu og heilbrigðisstarfsliðs á grundvelli fyrirskipaðra skýrslna og sérstakra rannsókna, er deildin stjórnar og annast.

Með þessu fyrirkomulagi er gert ráð fyrir að ráðuneytið verði virk stjórnunarstofnun og að til ráðuneytisins flytjist ýmis starfsemi, sem utan þess hefur verið, svo sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins, embætti berklayfirlæknis, embætti skólayfirlæknis. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því í þessu lagafrumvarpi, að embætti landlæknis og ráðuneytisstjóra verði sameinað, eins og gert var ráð fyrir í upphaf-

legum tillögum frá apríl 1971, heldur er gert ráð fyrir því, að embætti landlæknis verði óbreytt og eru því tekin upp í 3. grein frumvarpsins óbreytt gildandi ákvæði um verksvið landlæknis.

Þrátt fyrir þetta, er gert ráð fyrir því að ráðuneytisstjóri sé læknir.

2. Um læknishéruð.

Reynslan hefur sýnt, að núverandi skipting landsins í læknishéruð með sérstökum embættislækni fyrir hvert hérað þarfnast breytingar. Ekki hefur reynzt unnt að fá lækna til þess að gegna hinum fámennari héruðum, og hafa því embættisstörf orðið útundan þar og almennar lækningar að nokkru. Þar sem héruð eru nægjanlega fjölmenn, er embættisstarf læknisins, þ. e. starf hans að heilbrigðiseftirliti og skipulagi læknisþjónustunnar í héraðinu, ærið nóg. Til þess að slíkt starf verði rækt vel, er æskilegast að viðkomandi læknir hafi sérmenntun á sviði heilbrigðisfræði og félagslegrar læknisfræði, og geti auk hinna venjulegu embættis-læknisstarfa, eins og þau hafa verið skilgreind hingað til, tekið að sér nokkuð af þeim verkefnum í héraði sínu, sem áður hafa heyrt til landlækni í Reykjavík. Sérstaklega mundi þá verða hægt að flytja út í héruðin hluta af ráðleggingarstarfsemi og framkvæmdavaldi, sem landlæknirinn hefur haft á hendi hingað til. Héraðslæknar í slíkum stórhéruðum mundu að verulegu leyti annast yfirumsjón og skipulagningu heilsugæzlustarfsins, í samráði við ráðuneyti og landlækni annars vegar og einstaka lækna í heilsugæzlustöðvunum hins vegar. Þá kann og að vera, að það hafi verið mörgum ungum læknum nokkur þyrnir í augum að þurfa að helga sig tveimur nokkuð ólíkum sérsviðum læknisfræðinnar, annars vegar þeim, sem falla undir embættislækningar, og hins vegar þeim, sem falla undir almennar heimilislækningar. Til þess að leysa þennan margþætta vanda, virðist heppilegast að skilja að störf embættislækna (héraðslækna) og almennra starfandi lækna. Er það ekki hægt með öðru móti en því að stækka læknishéruðin svo að starfsaðstaða verði fyrir a. m. k. einn embættislækni, sem annist störf svipað því sem borgarlæknir hefur gert í Reykjavík og héraðslæknir á Akureyri á undanförnum árum.

Við ákvörðun á stærð héraðanna varð að taka meira tillit til hinnar landfræðilegu stærðar heldur en til mannfjöldans í öllum héruðum nema Reykjavíkurhéraði. Var þó alls staðar miðað við að starfsaðstaða og verkefni í hinum stækkuðu héruðum yrðu næg fyrir a. m. k. einn héraðslækni. Með tilliti til þessara aðstæðna, er lagt til að landinu verði skipt í átta læknishéruð og gert ráð fyrir embættissetri héraðslæknis miðsvæðis í byggðakjarna hvers héraðs.

Þessir nýju héraðslæknar mundu yfirleitt ekki stunda almenn lækningstörf, heldur vera fyrst og fremst embættislæknar og að nokkru leyti stjórnendur og skipuleggjendur læknisstarfs þess, sem fram fer í héraðinu, og bera ábyrgð á því gagnvart heilbrigðisstjórn, að íbúar héraðsins njóti þeirrar heilbrigðisþjónustu er lög og reglugerðir segja fyrir um.

3. Um heilsugæzlustöðvar.

Innan hvers læknishéraðs, eins og lýst er í 2. kafla, er gert ráð fyrir að ákveða staði, þar sem rísa eiga heilsugæzlustöðvar, sem nánar eru skýrgreindar í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir, að ákveða nú þegar hvaða landssvæði heilsugæzlustöðvar eigi að annast og hverju héraði skipt í umdæmi, sem ein heilsugæzlustöð á að annast. Þó er gert ráð fyrir, að ekki rísi heilsugæzlustöð, nema þar sem a. m. k. tveir læknar starfa ásamt starfsliði. Skoðanakannanir meðal yngri lækna hafa yfirleitt bent til, að þeir mundu fleiri fúsir til þess að kjósa störf að almennum lækningum úti á landi, ef þeir ættu kost á hópvinnu. Er því nú horfið að þessu ráði, að ákveða nýja héraðaskipan og umdæmaskipan innan héraðanna milli heilsu-

gæzlustöðva, þar sem læknar geti unnið fleiri saman. Þegar frumvarp til læknaskipunarlaga var lagt fyrir Alþingi 1964—1965, var talið, að þau læknishéruð, sem þá væru laus, væru ekki laus vegna læknaskorts, þar sem þá voru 149 læknar og læknakandidatar við framhaldsnám eða störf erlendis og við framhaldsnám og bráðabirgðastörf hérlendis. Um s. l. áramót var þessi fjöldi kominn upp í 196, þrátt fyrir þær endurbætur, sem gerðar voru á læknaskipunarlögunum 1965. Þar var ekki kveðið eins fast á um stofnun læknamiðstöðva eins og gert er um stofnun heilsugæzlustöðva í þessu frumvarpi.

Gert er ráð fyrir mismörgum heilsugæzlustöðvum í hverju héraði, samtals 26 á landinu, utan Reykjavíkur.

Þrátt fyrir þá skipan, sem hér er lýst, er gert ráð fyrir læknissetrum einstakra lækna utan heilsugæzlustöðva, og hefur um aðsetur þessara lækna í meginatriðum verið farið eftir núverandi læknaskipan og einnig höfð hliðsjón af því, hvar læknar hafa fengizt til starfa. Enda þótt einstakir læknar sitji utan heilsugæzlustöðva, verður ýmiss konar starfsemi héraðsins, svo sem heilbrigðiseftirlit og heilsuverndarstarf, skipulagt af héraðslækni og unnið frá heilsugæzlustöð. Kostnaður við byggingu og búnað heilsugæzlustöðva greiðist úr ríkissjóði að 85%. Einnig er gert ráð fyrir, að laun héraðslækna og hjúkrunarkvenna, sem starfa í læknishéruðum, greiðist að fullu úr ríkissjóði, en annar rekstrarkostnaður heilsugæzlustöðva af viðkomandi sveitarstjórnum.

Sé þess kostur, skulu heilsugæzlustöðvar vera í tengslum við sjúkrahús, þannig að sú aðstaða, sem sjúkrahúsið hefur, nýtist að fullu fyrir heilsugæzlustöðina og öfugt. Einnig er gert ráð fyrir því, að þar sem ekki eru sjúkrahús, verði tekið til athugunar, hvort ekki sé heppilegt að gera ráð fyrir sjúkrastofnun, svo sem hjúkrunarheimili, í tengslum við heilsugæzlustöð, er hún rís.

4. Um sjúkrahús.

Í núgildandi sjúkrahúsalögum eru sjúkrahús ekki skilgreind nánar og ekki er lögð skylda á neinn til þess að hafa forgöngu um byggingu sjúkrahúsa. Hins vegar er lögð áherzla á að leyfi ráðherra þurfi að koma til, áður en hafin sé bygging sjúkrahúss eða annarra heilbrigðisstofnana, sem um ræðir í 1. gr. þeirra laga.

Nú er hins vegar skýrgreint hvað sjúkrahús sé og síðan eru taldir upp 7 flokkar sjúkrahúsa, eftir verkefnum og þjónustumagni. Gera skal áætlun um nauðsynlegan sjúkrahúskost til 10 ára, en endurskoða áætlunina annað hvert ár. Á grundvelli þessara áætlana skal gera framkvæmdaáætlun á hverju ári.

Lögð er skylda á ríkissjóð að sjá um byggingu sjúkrahúsa skv. þessari áætlun, en gert ráð fyrir að ríkissjóður geti samið við sveitarfélög eða aðra aðila um ákveðnar framkvæmdir, og greiði ríkissjóður þá 85% af kostnaði. Á það má benda í þessu sambandi, að í greinargerð Sambands íslenzkra sveitarfélaga um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er lagt til, „að ríkisvaldið láti gera áætlun um sjúkrahúsaþörfina í landinu og byggi og reki sjúkrahús, sem ætluð eru heilum landshlutum eða landinu í heild. Hins vegar tækju sveitarfélögin eða samtök þeirra þátt í byggingu og rekstri hjúkrunarheimila".

Í frumvarpi þessu eru ekki gerðar tillögur um staðsetningu og stærð sjúkrahúsa, þó að þegar liggi fyrir nokkrar upplýsingar um sjúkrahúsþörfina. Hins vegar er ætlazt til að kveðið verði nánar á um staðsetningu og verkefni sjúkrahúsa í reglugerðum. Gerð þeirra reglugerða mótast óhjákvæmilega af þeim áætlunum, sem gerðar verða um uppbyggingu sjúkrahúsa í framtíðinni, í tengslum við þá þróun, sem gert er ráð fyrir að verði í byggð landsins.

Nauðsynlegt er að kveða á í lögum um stofnun læknaráða við sjúkrahús, og gera ráð fyrir, að settar verði reglugerðir um á hvern hátt þau skuli vera stjórnendum

og eigendum sjúkrahúsanna til ráðuneytis. Eins og í gildandi lögum verður yfirlæknir við hvert sjúkrahús og auk þess yfirlæknir deilda. Þeir eru stjórnunarlega í forsvari fyrir starfinu gagnvart sjúkrahússtjórnum, heilbrigðisyfirvöldum, læknum og öðru starfsfólki.

Þá er og gert ráð fyrir því nýmæli að stofna starfsmannaráð sjúkrahúsa, sem hafi viss áhrif á stjórn sjúkrahússins.

5. Ýmis ákvæði.

Í lokakafla frumvarpsins er gert ráð fyrir þátttöku ráðuneytisins í bættri menntun heilbrigðisstarfsmanna og gefinn kostur á þátttöku í kennslu við Háskóla Íslands, ef menntamálaráðuneyti og læknadeild óska eftir. Ætti slík samvinna ráðuneytisins við læknadeildina mjög að geta stuðlað að bættri menntun til héraðslæknisstarfa og til almennra læknisstarfa. Gera má ráð fyrir að bætt menntun á þessum sviðum stuðli að auknum áhuga lækna fyrir störfunum og aðsókn að þeim. Einkum má hugsa sér að báðir aðilar geti haft gott af samvinnu á sviði félagslækninga og heilbrigðisfræði og í sambandi við fyrirhugaða kennslu í heimilislækningum. Hana væri væntanlega hægt að tengja heilsugæzlustöð, eins og þeim, sem ráðgert er að koma upp samkvæmt frumvarpinu, í Reykjavík og nágrenni.

Nauðsynlegt er að heilbrigðisþjónustan ráði yfir möguleikum til þess að framkvæma ýmsar rannsóknir á sýklum, veirum, lyfjum og ýmsum efnum vegna smithættu og mengunarvandamála, sem upp kunna að koma. Að svo miklu leyti sem unnt er, er sjálfsagt að nota þær rannsóknarstofur, sem þegar eru til í landinu, ef þær geta annað verkefnum þeim, sem heilbrigðisstjórnin þarf að sinna.

Hefð hefur skapazt um að landlæknir annaðist samvinnu við erlendar þjóðir um heilbrigðismál, en rétt þykir að kveða nánar á um forgöngu ráðuneytisins í þessum efnum, svo og um samvinnu á sviði almannatryggingamála, og síðast en ekki sízt er nauðsynlegt að einhver hafi forgöngu um eflingu samvinnu innanlands á milli þeirra aðila, sem um heilbrigðismál fjalla, og er ráðuneytið að sjálfsögðu eðlilegur aðili þar.

Öll ferðalög heilbrigðisstarfsmanna starfsins vegna, hvort sem það eru héraðslæknar eða læknar á heilsugæzlustöðvum, hjúkrunarkonur eða aðrir skulu vera þeim að kostnaðarlausu, og er gert ráð fyrir sérstökum samningi ríkissjóðs við hvern starfsmann um bílakostnað, og er það í samræmi við reglur ríkisins um bílamál.

Ráðuneytið skal hafa forgöngu um áætlanagerð í samráði við viðkomandi önnur ráðuneyti um það, hvernig auðveldast sé að flytja lækna frá heilsugæzlustöðvum og til móttökustaða, þar sem gert er ráð fyrir, að þeir hafi móttöku utan heilsugæzlustöðva, og einnig er gert ráð fyrir, að ráðuneytið hafi forgöngu um, að síma- og fjarskiptaþjónusta innan héraða og frá héruðum til sjúkrahúsa komist í sem bezt lag.

Gert er ráð fyrir, að læknishéraðasjóðum, bifreiðalánasjóði og ýmsum ónotuðum fjárveitingum verði steypt saman í einn sjóð, Læknishéraðasjóð, og leggi ríkissjóður honum ákveðna upphæð. Sé þessi sjóður til þess að grípa til, ef ráðherra telur, að sérstakar aðgerðir eða framkvæmdir séu nauðsynlegar til að bæta læknisþjónustu dreifbýlisins án tafar. Reynslan sýnir, að nauðsynlegt getur verið fyrir ráðuneytið að hafa handbært fé, ef ekki fást læknar til starfa í héruðum og með bráðabirgðaúrræðum þarf að leysa úr bráðri neyð.

Lög þessi geta ekki komið til framkvæmda að fullu strax við gildistöku. Því eru bráðabirgðaákvæði, sem annars vegar eiga að stuðla að því, að reyndir læknar fáist sem héraðslæknar í hin nýju héruð. Hins vegar er bráðabirgðaákvæðum ætlað að fyrirbyggja að svo miklu leyti sem unnt er að nokkuð af því starfi, sem þegar er unnið, falli niður, fyrr en lögin komi að fullu til framkvæmda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er um að ræða stefnuyfirlýsingu þess eðlis, að landsbúar allir skuli eiga kost á eins fullkominni heilbrigðisþjónustu og kostur er að veita á hverjum tíma. Skilgreiningin er í samræmi við skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar á heilbrigði.

Um 2. gr.

Greinin er í samræmi við gildandi lög um Stjórnarráð Íslands. Ákvæði um að ráðuneytisstjóri sé sérmenntaður er ekki til um nein önnur ráðuneyti.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að landlæknir starfi, að heita má, á þann hátt, sem hann gerir nú, en embætti landlæknis heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið samkvæmt lögum um stjórnarráð og verður því að líta á landlækninn sem sérfræðing innan ráðuneytisins, sem um flest hefur mikla sérstöðu og er mjög sjálfstæður í starfi.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Greinin gerir ráð fyrir sérstakri ráðgjafarnefnd, sem ráðherra setur á stofn, um heilbrigðis- og almannatryggingamál, Heilbrigðisráð Íslands. Ráðuneytisstjóri er formaður ráðsins, en átta aðilar tilnefna menn í ráðið, en ráðherra skipar síðan þrjá án tilnefningar.

Meginhugsunin bak við skipun þessarar ráðgjafarnefndar er sú, að ráðherra geti, auk þess, sem hann getur leitað til landlæknis um sérfræðilegt álit, leitað til stofnunar sem hefur á að skipa fulltrúum sem flestra heilbrigðisstétta og þeirra aðila, sem mest fjalla um almannatryggingamál.

Læknaráð var á sínum tíma hugsað sem aðili þessu líkur, en ráðið hefur ekki verið notað sem slíkt, auk þess sitja þar eingöngu læknar.

Skipan þessa ráðs er nýmæli, sem ætlað er að stuðla að víðtækari og lýðræðislegri athugun og tillögugerð á sviði heilbrigðis- og almannatryggingamála.

Um 6. gr.

Í greininni er rakin deildaskipting ráðuneytisins í 5 deildir, þrjár á sviði heilbrigðismála, ein á sviði tryggingamála og ein, sem er ætluð sem stoðdeild hinna fjögurra. Greinin skerðir í engu rétt ráðherra til víðtækari deildaskiptingar svo sem lög um stjórnarráð gera ráð fyrir.

Um 7. gr.

Hér er gert ráð fyrir gjörbreytingu á læknishéraðaskipan landsins. Í stað þeirra 55 (57) læknishéraða, sem núgildandi læknaskipunarlög gera ráð fyrir, þá er hér gert ráð fyrir 8 læknishéruðum og að héruðin stækki, sem því nemur.

Skiptingin er fyrst og fremst landfræðileg og miðað við núverandi samgöngukerfi, en þó reynt að haga skiptingunni þannig, að mannfjöldi og verkefni í minnsta læknishéraðinu verði þannig, að nægileg embættisstörf verði fyrir a. m. k. einn héraðslækni.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Hér er undirstrikað að hlutverk héraðslæknis sé fyrst og fremst að annast embættisstörf, en hins vegar er gert ráð fyrir því, að þeir geti annazt almenn

læknisstörf, ef sérstaklega stendur á og þörf krefur, enda þótt þeir hafi ekki skyldu til slíkra starfa.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir því, að embættiskostnaður héraðslækna sé greiddur úr ríkissjóði og jafnframt gert ráð fyrir því, að ákveðið sé hvaða starfslið og starfsaðstöðu hver héraðslæknir hefur. Það er gert ráð fyrir, að héraðslæknir starfi á heilsugæzlustöð á þeim stað þar sem hann er búsettur og að hann eigi kost á embættisbústað eins og núgildandi lög gera ráð fyrir.

Um 12. gr.

Eins og kunnugt er, er stór hluti launa héraðslækna í dag laun fyrir læknisstörf. Það er gert ráð fyrir því að héraðslæknar samkv. nýju kerfi taki laun eftir launakerfi opinberra starfsmanna, en fái jafnframt staðaruppbót þannig að þeir fái á hverjum tíma laun, sem eru í samræmi við laun lækna við sjúkrahús og heilsugæzlustöðvar, því ella mundu þeir hafa mun lægri laun en þessir starfsbræður þeirra og þá útilokað að fá lækna til þessara starfa.

Um 13. gr.

Greinin er sett til að undirstrika nauðsyn þess, að þessir embættislæknar fái aðstöðu til rannsóknastarfa og viðhaldsmenntunar og að þeir njóti að þessu leyti sömu réttinda eins og sjúkrahúslæknar njóta í dag.

Um 14. gr.

Greinin er skilgreining á því hvað átt sé við með orðinu heilsugæzla, en hér er orðið heilsugæzla notað um allt lækningastarf og heilsuverndarstarf, sem unnið er vegna heilbrigðra og sjúkra, sem ekki dveljast á sjúkrahúsum.

Um 15. gr.

Í hinum nýju læknishéruðum skal setja á stofn stöðvar, heilsugæzlustöðvar til þess að annast heilsugæzlu skv. skilgreiningu 14. greinar. Þar sem aðstæður leyfa skulu slíkar stöðvar vera í starfstengslum við sjúkrahús og áætlun um byggingaframkvæmdir hagað í samræmi við það.

Um 16. gr.

Hér ræðir um lágmarksstarfslið á heilsugæzlustöð, það er gert ráð fyrir að þar starfi minnst 2 læknar, heilsuverndarhjúkrunarkona, meinatæknir og ritari, auk héraðslæknis og héraðshjúkrunarkonu, þar sem svo á við. Þó er ekki nauðsynlegt að starfsliðið sé allt fullt starfslið heilsugæzlustöðvar, heldur að einhverju leyti starfslið annarrar heilbrigðisstofnunar, sem rekin er í tengslum við stöðina. Þá er gert ráð fyrir að lyfjaútibú eða lyfjasala eða lyfjasala læknis sé jafnan í heilsugæzlustöð, ef ekki er lyfjabúð á staðnum.

Um 17. gr.

Greinin telur upp hvar í hverju héraði, samkv. 7. grein, heilsugæzlustöðvar eiga að vera og jafnframt tiltekið hvaða landssvæði hver stöð eigi að þjóna. Við ákvörðun um staðsetningu heilsugæzlustöðva er haft í huga, að stöðin sé miðsvæðis í fjölbýliskjarna, að stöðin sé í tengslum við sjúkrahús, að minnst 2 læknar hafi verkefni á því starfssvæði, sem stöðinni er ætlað.

Einnig hefur verið reynt að taka tillit til byggðaþróunar undanfarinna ára og til þess hvar vísir að heilsugæzlustöðvum hefur risið upp á undanförnum árum.

Um skiptingu einstakra hreppa milli heilsugæzlustöðvasvæða hefur að mestu verið fylgt gildandi læknaskipunarlögum.

Um 18. gr.

Greinin telur upp hvar læknissetur eins læknis skuli vera og hvaða hreppum slíkar stöðvar skuli þjóna. Greinin gerir einnig ráð fyrir að móttaka sjúklinga utan heilsugæzlustöðva eða læknissetra geti verið á fleiri stöðum og þá tiltekið hvernig það skuli ákveðið og skipulagt.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Greinin tiltekur að annars vegar skuli starfa í héruðum héraðshjúkrunarkonur með héraðslæknum og hafi þær umsjón með hjúkrunarstarfi í héraði, hins vegar heilsugæzluhjúkrunarkonur, sem starfi á heilsugæzlustöðvum. Auk þess er heimilt að ráða hjúkrunarkonu til starfa hjá læknum á læknissetrum eða á móttökum, þar sem læknar eru ekki að staðaldri.

Um 21. gr.

Í greininni eru ákvæði um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs, 85 af hundraði, við byggingu og búnað heilsugæzlustöðva. Hér er um að ræða mjög mikla breytingu frá því, sem er í gildandi lögum. Það ósamræmi er í gildandi lögum, að læknamiðstöð, sem tekur til eins héraðs, er styrkt af ríkissjóði með 60 af hundraði, en allur kostnaður greiddur, ef fleiri en eitt hérað standa að stöðinni. Er hér bæði um að ræða kostnað við byggingu og búnað. Greinin eins og hún er nú gerir ráð fyrir að kostnaðarþátttaka ríkisins verði ávallt 85 af hundraði af heildarkostnaði, og er gert ráð fyrir að íbúðarhúsnæði lækna og hjúkrunarkvenna teljist hluti stöðvanna, utan Reykjavíkurlæknishéraðs.

Um 22. gr.

Í greininni er skilgreint hvaða þjónustu heilsugæzlustöð eigi að veita og þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 23. gr.

Greinin ræðir um rekstrarkostnað heilsugæzlustöðva og er hér um að ræða óbreytt ákvæði frá núgildandi reglum um læknamiðstöðvar.

Um 24. gr.

Greinin fjallar um stjórn heilsugæzlustöðva. Hér er vikið nokkuð frá gildandi reglum og er stjórnin gerð fjölmennari. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að þegar heilsugæzlustöð er í starfstengslum við sjúkrahús, þá fari sjúkrahússtjórn með stjórn stöðvarinnar eins og sjúkrahússins, þetta er í samræmi við það að líta á starfsemina sem eina heild.

Um 25. gr.

Greinin fjallar um laun lækna við heilsugæzlustöðvar. Greinin gerir ekki ráð fyrir breytingum frá því sem nú er um laun héraðslækna, þ. e. að þeir fái annars vegar föst laun og hins vegar laun samkv. samningi fyrir einstök læknisverk.

Um 26. gr.

Greinin er skilgreining á því hvað átt sé við með orðinu sjúkrahús í lögunum.

Um 27. gr.

Sjúkrahús samkv. 26. grein eru flokkuð í þessari grein í 7 flokka eftir tegund og þjónustu. Tilgangur með flokkun sjúkrahúsa er fyrst og fremst að reyna að afmarka

starfssvið ákveðinna sjúkrahúsa og verkaskiptingu þeirra og er gert ráð fyrir því, að með reglugerð verði starfandi sjúkrahúsum markað starfssvið samkvæmt þessari flokkun.

Um 28. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 29. gr.

Greinin er að mestu í samræmi við 1. grein núgildandi sjúkrahúslaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Greinin er að mestu í samræmi við 2. grein núgildandi sjúkrahúslaga, en benda má á að auk þessa verður að gera ráð fyrir að gildandi lög um opinberar framkvæmdir taki til þessara stofnana, þegar það á við.

Um 31. gr.

Greinin er samhljóða 3. grein núgildandi sjúkrahúslaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Greinin er að nokkru í samræmi við 4. grein núgildandi sjúkrahúslaga. Gert er ráð fyrir, að við hvert sjúkrahús sé sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir og hjúkrunarmenntuð forstöðukona. Þá er það nýmæli, að á svæðis- og deildasjúkrahúsum skuli vera yfirlæknir sérgreina, en auk þess skuli formaður læknaráðs svæðis- og deildasjúkrahúss vera yfirlæknir allrar stofnunarinnar.

Um 33. gr.

Greinin fjallar um yfirstjórn sjúkrahúsa ríkisins og hér er um breytingu að ræða frá núgildandi reglum. Það er gert ráð fyrir að starfsmannaráð, sbr. 35. grein, tilnefni 2 menn í stjórn en ráðherra skipi 3 án tilnefningar, á sama hátt er gert ráð fyrir að öðrum sjúkrahúsum sé stjórnað af 5 manna stjórnum þar sem starfsmannaráð kjósi 2 menn, en hlutaðeigandi sveitarstjórn 3.

Um 34. gr.

Þessi grein er nýmæli. Gert er ráð fyrir sérstakri ráðherraskipaðri nefnd, sem metur hæfni umsækjenda til ýmissa læknisstarfa. Gert er ráð fyrir að nefndin fjalli jafnt um stöður hjá ríki og sveitarfélögum. Auk þess er gert ráð fyrir umsögn læknaráðs viðkomandi sjúkrahúss eða heilbrigðisstofnunar um umsækjanda. Þá er ákvæði um skipun forstöðukvenna við sjúkrahús ríkisins og forstöðukonur annarra sjúkrahúsa.

Um 35. gr.

Greinin kveður á um læknaráð við sjúkrahús. Gert er ráð fyrir læknaráðum við öll sjúkrahús, þar sem 3 læknar eða fleiri starfa og a. m. k. tveir eru í fullu starfi. Auk þess er gert ráð fyrir að við sjúkrahús séu stofnuð sérstök starfsmannaráð, þar sem starfshópar við sjúkrahúsið eigi fulltrúa og er gert ráð fyrir að sjúkrahússtjórn setji sérstakar starfsreglur og reglur um fulltrúakjör.

Um 36. gr.

Greinin leggur ráðherra þær skyldur á herðar að gera áætlun um heilbrigðisstofnanir, þ. e. sjúkrahús og heilsugæzlustöðvar, og er gert ráð fyrir að gerð sé 10 ára áætlun, sem endurskoðast á tveggja ára fresti.

Um 37. gr.

Greinin er nýmæli, því hér er gert ráð fyrir að sú skylda sé lögð á ríkissjóð að framkvæma áætlun um byggingu sjúkrahúsa og heilsugæzlustöðva. en samkv. nú-

gildandi lögum er hvergi að finna ákvæði um hverjum beri að sjá um byggingu sjúkrahúsa. Hér eru tekin af tvímæli og ráðuneytið skyldað til frumkvæðis. Heimilt er þó að gera samninga við aðra aðila, að þeir taki að sér ákveðnar framkvæmdir og mundi þar fyrst og fremst vera um að ræða hinar ódýrari sjúkrahúsbyggingar, svo sem hjúkrunarheimili.

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Greinin fjallar um þátt heilbrigðisráðuneytisins í því að stuðla að aukinni þekkingu og endurbótum á grunn- og viðhaldsmenntun heilbrigðisstarfmanna í samræmi við þarfir landsmanna á hverjum tíma. Þá er gert ráð fyrir því að ákveðnar stöður við ráðuneytið verði kennslustöður við háskólann, ef menntamálaráðuneytið og háskólinn óska eftir því.

Um 40. gr.

Vegna framkvæmda heilbrigðiseftirlitsins og lyfjaeftirlits, þá er nauðsynlegt fyrir ráðuneytið og deildir þess að hafa aðgang að rannsóknastofnunum, eins og greinin kveður á um og verður að koma þeim á stofn ef ekki reynist unnt að fá þessa þjónustu hjá þeim stofnunum, sem fyrir hendi eru.

Um 41. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.

Það þykir eðlilegt að ferðalög lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna skuli vera þeim að kostnaðarlausu þegar þau eru starfsins vegna, og í samræmi við það er gert ráð fyrir þeirri framkvæmd, sem greinin tiltekur, sem er í samræmi við gildandi reglur ríkisins um bílakostnað.

Um 43. gr.

Talið er nauðsynlegt að kveða á um samráð milli ráðuneytisins og aðila annarra ráðuneyta (póst- og símamálastjóra, vegamálastjóra og forstjóra landhelgisgæzlu), til þess að hægt sé að tryggja að það náist til læknis, þegar á þarf að halda, og að læknir komist leiðar sinnar eins og þarfir krefjast á hverjum tíma.

Um 44. gr.

Greinin er breyting frá núgildandi lögum, þannig að í stað þess að lána, þá á að veita læknastúdentum styrki gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í strjálbýli. Greinin er sett í samráði við félag læknanema við Háskóla Íslands.

Um 45. gr.

Hér er gert ráð fyrir að stofna öflugan læknishéraðasjóð, sem sé ráðuneytinu tiltækur til að bæta læknisþjónustu í dreifbýli með hverjum þeim ráðum, sem tiltæk eru hverju sinni. Gert er ráð fyrir, að ráðherra hafi heimild til að veita bæði lán og styrki úr þessum sjóði.

Um 46. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ákvæði til bráðabirgða.

Bráðabirgðaákvæðin eru öll sett til þess að stuðla að sem fljótastri og virkastri framkvæmd laganna.

Nd. 520. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til laga um Íþróttakennaraskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið að fengnum nokkrum umsögnum og leggur til, að það verði samþykkt með þeim breytingum, sem nefndin gerir tillögur um á þskj. 515.

Alþingi, 10. apríl 1972.

Bjarni Guðnason, form., frsm.	Svava Jakobsdóttir, fundaskr.	Ellert B. Schram.
Gunnar Gíslason.	Eysteinn Jónsson.	Ingvar Gíslason.
	Benedikt Gröndal.	

Nd. 521. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til l. um breyt. á íþróttalögum, nr. 49/1956.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar. Að meginefni til miðaði frumvarpið að því, að í stað heimildarákvæðis yrði það fastmælum bundið, að úr íþróttasjóði skyldi greiða ákveðna hundraðstölu af stofnkostnaði íþróttamannvirkis og þær greiðslur yrðu ekki tilviljunum háðar, en í samræmi við samþykkta mannvirkjagerð hverju sinni.

Nefndin er sammála um þetta meginmarkmið, en leggur til, að í framkvæmd sé tekin upp sú regla, sem gildir um skólakostnað, þar sem kveðið er á um, að ekki megi hefja framkvæmdir, fyrr en fyrir liggi samþykki viðkomandi stjórnvalda og fé hafi verið veitt á fjárlögum til viðkomandi íþróttamannvirkis.

Þá er jafnframt gerð tillaga um, að hlutur ríkissjóðs (íþróttasjóðs) sé ákveðinn 25—40 af hundraði stofnkostnaðar, en þær viðmiðunartölur hafa verið notaðar í styrkveitingum íþróttasjóðs í reynd. Er með því verið að binda fastmælum það, sem tíðkazt hefur í framkvæmd.

Varðandi kostnaðaráætlun, annan undirbúning, skilgreiningu á stofnkostnaði og greiðslufyrirkomulag skal að öðru leyti fylgt ákvæðum í skólakostnaðarlögum og um þau atriði samdar reglugerðir. Er þar jafnframt átt við, að með reglugerðum séu ákveðin norm íþróttamannvirkja skv. þeim reglum, sem gilt hafa.

Í frumvarpinu var lagt til í bráðabirgðaákvæði, að gerð skuli áætlun um vangreiddan bókfærðan stofnkostnað íþróttamannvirkja hjá íþróttasjóði, sem nú mun nema milli 70 og 80 millj. kr.

Nefndinni er ljóst, að brýnt er, að gengið sé frá þessum skuldahala með einhverri slíkri áætlun, en í trausti þess, að á næstunni verði teknir upp samningar af hálfu íþróttasjóðs eða fjármálaráðuneytis við viðkomandi aðila um vangreiddar bókfærðar skuldir sjóðsins, varð það ofan á í nefndinni að leggja til, að bráðabirgðaákvæðið falli niður úr frumvarpinu.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

   9. gr. laganna orðist svo:

   Styrkur íþróttasjóðs til íþróttamannvirkja skal nema 25—40 af hundraði áætlaðs stofnkostnaðar íþróttamannvirkis. Eigi má hefja framkvæmdir, fyrr en

fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki íþróttanefndar og menntamálaráðuneytis. Um kostnaðaráætlun og annan undirbúning, skilgreiningu á stofnkostnaði og greiðslufyrirkomulag skal, svo sem við á, fylgt ákvæðum laga nr. 49/1967, um skólakostnað.

Skylt er íþróttanefnd að láta aðilum, sem um styrki sækja, ókeypis í té allar leiðbeiningar og sérfræðilega aðstoð um gerð íþróttamannvirkja. Gerð íþróttatækja, sem styrkur er veittur til, er háð samþykki íþróttafulltrúa.

2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er orðist svo:

10. gr. laganna orðist svo:

Setja skal reglugerð, að fengnum tillögum íþróttanefndar, um þau atriði, sem um getur í 9. gr., svo og um viðmiðunartölur styrkveitinga til einstakra tegunda íþróttamannvirkja.

Setja skal reglur um stjórn mannvirkis, viðhald og notkun, og skulu þær reglur staðfestar af menntamálaráðuneytinu.

Mannvirki, sem styrkt eru úr sjóðnum, skulu vera til almennra afnota, eftir því sem við verður komið, en eigi má nota þau til þess, sem brýtur í bága við afnot þeirra til íþrótta.

3. Ákvæði til bráðabirgða falli brott.

Alþingi, 10. apríl 1972.

Bjarni Guðnason, form.	Svava Jakobsdóttir, fundaskr.	Ellert B. Schram, frsm.
Gunnar Gíslason.	Benedikt Gröndal.	Eysteinn Jónsson.
	Ingvar Gíslason.	

Nd. 522. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fékk frumvarp þetta til athugunar, eftir að efri deild hafði afgreitt það óbreytt og athugasemdalaust.

Með frv. eru tjónabætur vegna umferðarslysa að hluta lagðar á þá, sem að lögum bera ábyrgð á ökutæki og tjóni því, sem ökutækið veldur.

Nefndin kynnti sér umsagnir þær, er lágu fyrir um frumvarpið, og eru aðilar, er leitað var álits hjá, sammála um, að sjálfsábyrgð sú, er frv. gerir ráð fyrir, geti stuðlað að aukinni varkárni í umferðinni og þannig komið í veg fyrir slys, en þeir benda á, að aðrar ráðstafanir á sviði umferðarmála þurfi að gera jafnframt.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins. Einn nefndarmanna, Ólafur G. Einarsson, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. apríl 1972.

Svava Jakobsdóttir, form., frsm.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Stefán Valgeirsson.
Ellert B. Schram.	Stefán Gunnlaugsson.	Gísli Guðmundsson.

Nd. 523. Breytingartillaga [33. mál]

við frv. til l. um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Við 8. gr. Greinin hljóði svo:
Við próf 1., 2., 3. og 4. stigs skal auk kennarans, sem prófar, vera einn prófdómari í hverri grein, nema í siglingafræði skulu vera tveir prófdómarar, og skipar ráðuneytið prófdómara að fengnum tillögum skólastjóra.

Sþ. 524. Tillaga til þingsályktunar [243. mál]

um fjárstyrk vegna þátttöku íslenzkra íþróttamanna í Ólympíuleikum.

Flm.: Ellert B. Schram, Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að veita fé úr ríkissjóði til að standa undir óhjákvæmilegum og nauðsynlegum kostnaði við undirbúning og þátttöku íslenzkra íþróttamanna í Ólympíuleikunum í München í sumar.
Fjárveiting skal ákveðin að fengnum tillögum Ólympíunefndar Íslands og Íþróttasambands Íslands.

Greinargerð.

Allar líkur eru nú á, að allmargir íslenzkir íþróttamenn og hópar ávinni sér rétt til þátttöku í Ólympíuleikunum, sem fram fara í München í Vestur-Þýzkalandi á sumri komanda.
Nú þegar hafa m. a. íslenzkir handknattleiksmenn tryggt sér þátttöku í leikunum með glæsilegri frammistöðu í undankeppni á Spáni á dögunum. Frjálsíþróttafólk, sundfólk, lyftingamenn o. fl. hafa ýmist nú þegar eða eru í þann mund að ná þeim lágmarksárangri, sem krafizt er í viðkomandi íþróttagreinum.
Að sjálfsögðu kemur ekki annað til greina en það íþróttafólk, sem ávinnur sér rétt til þátttöku, mæti til keppni fyrir Íslands hönd á þessum leikum.
Það er sómi hverrar þjóðar að eiga fulltrúa á þessari miklu íþróttahátíð, og skiptir þá minna máli, hver árangur verður.
Af fjárhagsástæðum sá íslenzk íþróttahreyfing sér ekki fært að senda þátttakendur í Vetrar-Ólympíuleikana í Japan í vetur, enda þótt íslenzkir íþróttamenn hefðu vissulega átt þangað fullt erindi. Var það mjög miður og má sannarlega ekki endurtaka sig.
Á fjárlögum fyrir árið 1972 er varið fé til þátttöku í Ólympíuleikum, 250 þús. kr., en þegar er ljóst, að það fé dugir hvergi til að standa straum af beinni þátttöku, hvað þá meir.
Auk þess að tryggja þann sjálfsagða hlut, að íslenzkir íþróttamenn, sem til þess hafa unnið, geti farið til keppni sem fulltrúar þjóðarinnar, hlýtur það að vera metnaðarmál okkar, að þeir séu sem bezt undir þá keppni búnir.
Hjá velflestum þjóðum er hvergi til sparað við æfingar og undirbúning íþróttamanna, og þótt við Íslendingar getum ekki lagt eins mikið af mörkum og gert er þar, sem íþróttamennska er stunduð af atvinnumönnum, þá eigum við í skjóli okkar áhugamennsku að tryggja sómasamlegan undirbúning og sjá svo um, að íþróttamenn verði ekki beinlínis fyrir fjárhagslegum útlátum vegna undirbúnings og þátttöku þeirra í Ólympíuleikunum.

Íslenzkt íþróttafólk hefur margsinnis verið þjóð sinni til sóma og aukið hróður sinn og lands síns í alþjóðlegum íþróttamótum með framkomu sinni og sönnum íþróttaanda.

Ólympíuþátttakan ein sem slík er hvatning íslenzku íþróttafólki, og stórbættur árangur þess í flestum íþróttagreinum verðskuldar þátttöku þess á þeirri hátíð, sem nú er fram undan.

Nú þegar eru uppi raddir, sem benda á, að nægileg fjárveiting sé ekki fyrir hendi og að íþróttahreyfingin sem slík, hafi ekki bolmagn til að kosta stóran hóp til München.

Áætlað er, að kostnaður við þátttöku í Ólympíuleikunum, miðað við allt að 40 manna hóp, verði ekki undir 3 millj. kr.

Spurt hefur verið, hvort fjárveitinganefnd eða ríkissjóður muni ekki hlaupa undir bagga. Það er skoðun flutningsmanna, að það skuli gert, og til að taka af allan vafa um vilja Alþingis er þessi þingsályktunartillaga flutt.

Sþ. 525. Tillaga til þingsályktunar [244. mál]

um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að efna til endurskoðunar á stjórnarskránni. Undirbúningur þess verks skal falinn ellefu manna stjórnarskrárnefnd, er þannig sé skipuð, að Alþingi kýs sjö menn, Hæstiréttur nefnir tvo og lagadeild Háskóla Íslands aðra tvo. Forsætisráðherra kveður nefndina saman til fyrsta fundar. Nefndin skiptir sjálf með sér störfum.

Stjórnarskrárnefndin skal semja frumvarp til nýrrar stjórnarskrár.

Stjórnarskárnefnd gefur þeim hagsmuna- og áhugamannasamtökum í landinu, er hún telur ástæðu til, kost á að láta í té tillögur um endurbætur á stjórnarskránni.

Nefndin skal haga störfum svo, að leggja megi tillögur hennar fyrir Alþingi 1974.

Kostnaður við störf stjórnarskrárnefndar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Stjórnarskrá Íslands er að stofni til nær eitt hundrað ára gömul. Kristján konungur níundi gaf Íslendingum stjórnarskrána árið 1874, á þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar. Stjórnarskráin hafði ýmsar umbætur að færa landsmönnum, en um marga hluti var henni áfátt.

Síðan hefur stjórnarskránni verið breytt níu sinnum. 1903 fengum vér innlendan ráðherra, búsettan á Íslandi. 1915 öðluðust konur kosningarrétt, og ýmsar fleiri breytingar voru gerðar. 1920 var stjórnarskránni breytt til samræmis við sambandslögin. 1934 var kjördæmaskipun landsins breytt og kosningarréttur lækkaður úr 25 árum í 21. Árið 1942 var kjördæmaskipuninni enn breytt, og sama ár var gerð önnur stjórnarskrárbreyting til þess að greiða fyrir stofnun lýðveldis. 1944 var lýðveldið stofnað og þær breytingar gerðar, sem leiddi af sambandsslitum við Danmörku. 1959 var landinu skipt í 8 kjördæmi með hlutbundnum kosningum, og gildir sú skipan enn. Loks var gerð sú breyting 1968, að kosningaraldur var færður úr 21 í 20 ár.

Allar þessar breytingar hafa snúizt um einstök atriði, að vísu mjög veigamikil, en heildarendurskoðun á stjórnarskránni hefur aldrei farið fram. Í sambandi við lýðveldisstofnunina var fyrirhugað að framkvæma slíka endurskoðun og að setja landinu nýja stjórnarskrá. En úr því varð ekki.

Stjórnarskrá Íslands er úrelt um marga hluti, sem eðlilegt er. Þær gjörbreyt-

ingar hafa orðið síðan er hún var sett varðandi þjóðlífið allt, hugmyndir manna um atvinnumál, stjórnmál og félagsmál, viðhorf ríkisvaldsins gagnvart fólkinu og mannréttindi, að margt þarf að endurskoða og breyta og öðru við að auka og gera nýmæli.

Um leið og það er undirstrikað, að með tillögu þessari er ráðgerð endurskoðun á öllum ákvæðum stjórnarskrárinnar, skulu hér rakin nokkur atriði, sem flutningsmaður vill sérstaklega benda á til athugunar:

1. Skipun Alþingis, hvort þingið skuli vera ein málstofa; starfshættir Alþingis og starfsaðstaða.
2. Kjördæmaskipun. Kannað sé með hliðsjón af íslenzkri reynslu og úrlausnum annarra þjóða, hvort unnt sé að samræma á viðhlítandi hátt einmenningskjördæmi og hlutfallskosningar.
3. Kosningarréttarskilyrðin.
4. Kosningaskylda, hvort á móti kosningarrétti eigi að skylda hvern kjósanda til þess að neyta atkvæðisréttar að forfallalausu.
5. Þingræðið, hvort setja skuli í stjórnarskrána reglur um þingræðið og um heimild forseta til þess að skipa minnihlutastjórn og utanþings- eða embættismannastjórn. Athuga þarf leiðir til þess að draga úr hættu á langvarandi stjórnarkreppum.
6. Þingflokkar eru orðnir svo mikilvægur þáttur í störfum Alþingis og stjórn þjóðmála, að eðlilegt er, að í stjórnarskránni séu reglur um starfsemi þingflokka, réttindi og skyldur.
7. Fjárlög. Lögfest verði í stjórnarskránni, að fjárlög skuli afgreidd frá Alþingi, áður en fjárhagsárið hefst, þ. e. fyrir áramót. Athugaðar séu leiðir til þess að takmarka útgjaldahækkanir.
8. Vernd lýðræðisins.
9. Þjóðaratkvæði. Settar verði um það reglur, hvenær heimilt skuli eða skylt að bera mikilvæg mál undir þjóðaratkvæði.
10. Valdsvið og verkefni forseta Íslands. Meðal annars verði endurskoðuð núgildandi ákvæði stjórnarskrár um staðfestingu laga og synjun forseta.
11. Ármaður ríkisins, hliðstæður umboðsmanni þjóðþinga í nágrannalöndum, hafi með höndum eftirlit með starfsemi stjórnvalda, til öryggis borgurum landsins.
12. Dómaskipun. Ákveðið verði í stjórnarskránni, að Hæstiréttur sé æðsti dómstóll í íslenzkum málum og hve margir séu dómarar þar. Grundvallarskipun dómsvaldsins verði ákveðin í stjórnarskránni og reynt að tryggja eftir föngum, að dómarar séu öllum óháðir og sjálfstæðir í starfi.
13. Í stjórnarskránni verði ákveðið, að dómstólar skeri úr ágreiningi um það, hvort lög séu samrýmanleg stjórnarskránni.
14. Almennir dómstólar eða Hæstiréttur einn dæmi í málum út af embættisrekstri ráðherra.
15. Hæstiréttur, en ekki Alþingi, skeri úr um lögmæti alþingiskosninga og kjörgengi þingmanna.
16. Ákveðið verði í stjórnarskránni, að óháður embættismaður, saksóknari ríkisins, fari með ákæruvaldið.
17. Skýr ákvæði verði sett um stöðu sveitarfélaganna í því skyni að tryggja sjálfsforræði þeirra. Jafnframt séu athugaðar hugmyndir og tillögur um nýja umdæmaskipun eftir fjórðungum, kjördæmum og öðrum mörkum.
18. Athugað verði, hvernig dreifa megi valdi og verkefnum hins opinbera, sbr. m. a. 17. lið, og koma í veg fyrir samsöfnun valds og verkefna á fáa staði og fárra hendur.
19. Stuðningur ríkisins við kirkju og kristindóm.
20. Réttur allra manna til vinnu og ákvæði um vinnuvernd.
21. Réttur manna til menntunar, opinber aðstoð í því skyni og jöfn menntunaraðstaða.

22. Réttur til trygginga vegna sjúkdóma, slysa, örorku, aldurs, missis fyrirvinnu og réttur til læknishjálpar og sjúkrahúsvistar.
23. Friðhelgi heimilis og einkalífs.
24. Eignarrétturinn og vernd hans.
25. Ákvæði stjórnarskrárinnar um prentfrelsi þarf að endurskoða með hliðsjón af þróun fjölmiðla.
26. Öll mannréttindaákvæði, auk þeirra, sem talin hafa verið hér á undan, þarf að endurskoða með tilliti til mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og sáttmála Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis.
27. Náttúruvernd.
28. Stuðningur við listir og vísindi.
29. Forgangsréttur Íslendinga til allra náttúruauðlinda lands og landgrunns.
30. Athuga þarf aðferðina við breytingar á stjórnarskránni yfirleitt, einkum hvort eigi skuli bera allar stjórnarskrárbreytingar beinlínis undir þjóðaratkvæði.

Ed. 526. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til laga um bann við losun hættulegra efna í sjó.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess, sbr. þskj. 483.

Alþingi, 8. apríl 1972.

Björn Fr. Björnsson, form.
Geir Gunnarsson, fundaskr.
Þorv. Garðar Kristjánsson, frsm.
Bragi Sigurjónsson.
Magnús Jónsson.
Halldór Kristjánsson.
Ásgeir Bjarnason.

Ed. 527. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til laga um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frv. og mælir einróma með samþykkt þess með þeim breytingum, sem getur á þskj. 484.

Alþingi, 8. apríl 1972.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.
Geir Gunnarsson, fundaskr.
Þorv. Garðar Kristjánsson.
Halldór Kristjánsson.
Bragi Sigurjónsson.
Ásgeir Bjarnason.
Magnús Jónsson.

Ed. 528. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er til nauðsynlegrar breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, ef frv. á þskj. 200, sbr. þskj. 484, nær fram að ganga.
Nefndin mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 8. apríl 1972.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm. Geir Gunnarsson, fundaskr. Þorv. Garðar Kristjánsson.
Halldór Kristjánsson. Bragi Sigurjónsson. Ásgeir Bjarnason.
Magnús Jónsson.

Ed. 529. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er til nauðsynlegrar breytingar á einkamálalögunum, ef frv. á þskj. 200, sbr. þskj. 484, verður samþykkt.
Nefndin mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 8. apríl 1972.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm. Geir Gunnarsson, fundaskr. Þorv. Garðar Kristjánsson.
Halldór Kristjánsson. Bragi Sigurjónsson. Ásgeir Bjarnason.
Magnús Jónsson.

Sþ. 530. Tillaga til þingsályktunar [245. mál]

um björgunarmál.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa samstarfsnefnd fulltrúa hinna ýmsu hjálparsveita og björgunaraðila í landinu til að vinna að skipulagningu björgunarmála. Í nefndinni verði fulltrúar frá þessum aðilum: Almannavörnum, flugbjörgunarsveitum, Flugmálastjórn, Landhelgisgæzlu, Landssambandi hjálparsveita skáta, lögregluyfirvöldum og Slysavarnafélagi Íslands. Dómsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

Greinargerð.

Nú nýlega boðaði Landssamband hjálparsveita skáta til ráðstefnu um björgunarmál. Ráðstefnuna sóttu fulltrúar frá ýmsum björgunaraðilum landsins auk nokkurra

annarra. Flutningsmenn þessarar tillögu sóttu ráðstefnuna fyrir hönd þingflokka sinna og vilja fyrir sitt leyti stuðla að því, að fullnægt verði þeirri ósk ráðstefnunnar að bæta skipulag og auka samhæfingu í björgunarmálum á Íslandi.

Meðal þess, sem hafa þarf í huga í þessu sambandi, er aukið samstarf áhugamannasamtaka annars vegar og opinberra aðila hins vegar, til þess að sú þjónusta, sem völ er á í björgunarmálum, nýtist sem bezt.

Ýmislegt bendir til, að vaxandi ferðamannastraumur hafi í för með sér aukna slysahættu, og alltaf er fyrir hendi sú hætta, að stórslys geti orðið á landi okkar af völdum náttúruhamfara eða öðrum ástæðum.

Til þess liggja því gild rök, að þess sé jafnan gætt, að gott skipulag sé á samstarfi þeirra hjálpfúsu manna, sem æ ofan í æ hafa lagt mikið á sig við björgunarstörf, hvort sem um er að ræða sjálfboðaliða eða þá, sem starfi sínu samkvæmt vinna að björgunarmálum. Allt eru þetta aðilar, sem búa yfir þekkingu og þjálfun og eru þess albúnir að koma til hjálpar, ef út af ber.

Sþ. 531. Tillaga til þingsályktunar [246. mál]

um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að stofna til endurskoðunar á „stjórnarskrá lýðveldisins Íslands“ og fela ríkisstjórninni að skipa til þess tíu menn samkvæmt tilnefningu eftirgreindra aðila:

1. Alþingi tilnefni fimm.
2. Lagadeild Háskóla Íslands tilnefni tvo.
3. Hæstiréttur tilnefni þrjá og einn þeirra sem formann nefndarinnar.

Nefndin taki m. a. til athugunar eftirtalin efnisatriði:

1. **Forsetaembættið.**

   Hvort fyrirkomulag æðstu stjórnar Íslands sé svo heppilegt sem það gæti verið, og hvaða skipan hennar mundi vera bezt við hæfi þjóðarinnar.

2. **Skipting Alþingis í deildir.**

   Hvort hún sé úrelt orðin og ein málstofa hagfelldari.

3. **Aðgreining löggjafarvalds, framkvæmdavalds og dómsvalds.**

   Hvort þörf sé skýrari ákvæða um þessa greiningu.

4. **Samskipti við önnur ríki.**

   Nauðsyn ákvæða, er marki rétt ríkisstjórnar og Alþingis til samninga við aðrar þjóðir.

5. **Þjóðaratkvæði.**

   Ákvæði um, hvenær rétt sé eða skylt að láta fram fara þjóðaratkvæðagreiðslu — og hvað hún gildi.

6. **Kjörgengi.**

   Hvort ástæða sé til að takmarka kjörgengi meir en nú er gert í 34. gr. stjórnarskrárinnar.

7. **Kjördæmaskipun.**

Hvort rétt sé að breyta kjördæmaskipuninni á þá leið, að landinu öllu verði skipt í einmenningskjördæmi, þar sem aðalmenn og varamenn verði kosnir saman óhlutbundnum kosningum, en uppbótarþingmenn engir.

8. **Þingflokkar.**

Hvort þörf sé lagasetningar um skyldur og réttindi þingflokka.

9. **Ný skipting landsins í samtakaheildir.**

Hvort æskilegt sé að taka inn í stjórnarskrána ákvæði um skiptingu landsins í fylki eða aðrar nýjar samtakaheildir, er hafi sjálfstjórn í sérmálum, enda leiti nefndin um þetta álits sýslunefnda, bæjarstjórna, borgarstjórnar Reykjavíkur, Sambands ísl. sveitarfélaga og sérsambanda sveitar- eða sýslufélaga í einstökum landshlutum.

10. **Bráðabirgðalög.**

Hvort ástæða sé til að kveða nánar á en nú er gert um útgáfu bráðabirgðalaga og gildistíma.

11. **Eignakaup og eignasala ríkisins.**

Hvort þörf sé nýrra ákvæða um eignakaup og eignasölu ríkissjóðs og ríkisstofnana.

12. **Óeðlileg verðhækkun lands og fasteigna.**

Hvort gerlegt sé og nauðsynlegt, að hindra með stjórnarskrárákvæði óeðlilega verðhækkun lands og fasteigna.

13. **Réttur og skylda til starfs.**

Hvort ástæða sé til að kveða á um rétt og skyldu verkfærra þjóðfélagsþegna til starfs.

14. **Jöfn menntunaraðstaða.**

Hvort kveða skuli á um, að þjóðfélaginu sé skylt að sjá svo um, að börnum og ungmennum, hvar sem þau eiga heima á landinu, skuli gert kleift að afla sér almennrar menntunar.

15. **Vörn landsins.**

Hvort ákvæði 75. gr. stjórnarskrárinnar eigi þar heima á komandi tímum.

16. **Þingsetningartími.**

Hvort rétt sé, að í stað „15. dag febrúarmánaðar“ í 35. gr. stjórnarskrárinnar komi annar tími, t. d. 1. október.

17. **Hækkun ríkisútgjalda.**

Hvort rétt sé að kveða nánar á en nú er gert um frumkvæði að hækkun ríkisútgjalda.

18. **Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna.**

Hvort bæta skuli ákvæðum úr mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna við VII. kafla stjórnarskrárinnar og breyta 70. gr. hennar með hliðsjón af nútímalöggjöf.

19. **Skyldur við landið.**

Hvort tilhlýðilegt sé og gagnlegt til leiðbeiningar á komandi tímum, að stjórnarskráin hefjist á yfirlýsingu um skyldur þjóðarinnar við landið og um nauðsyn landsbyggðar, enda jafnframt kveðið á um þá almennu reglu, að fasteignir og náttúruauðæfi séu í eigu Íslendinga.

20. **Stjórnlagaþing.**

Hvort ráðlegt sé, að sérstaklega kjörið stjórnlagaþing fjalli um stjórnarskrána.

Með opinberri tilkynningu skal þeim, er þess kynnu að óska, gefinn kostur á að koma á framfæri við nefndina skriflegum og skriflega rökstuddum breytingartillögum við núgildandi stjórnarskrá fyrir þann tíma, sem nefndin ákveður.

Nefndin ljúki störfum svo fljótt sem unnt er og skili tillögum sínum til Alþingis. Skal að því stefnt, að lýðveldisstjórnarskrá geti tekið gildi á árinu 1974.

Greinargerð.

Nokkuð er um það rætt, að breyta þurfi starfsháttum Alþingis. Stjórnarskráin mótar að miklu leyti skipan þingsins og störf. Hana þarf að endurskoða og setja þá lýðveldisstjórnarskrá, er þjóðinni var heitið. Tillögu til þingsályktunar um slíka endurskoðun flutti Karl Kristjánsson þáv. alþm. á Alþingi 1966, og var þar reynt að búa þannig um, að tryggt mætti telja, að endurskoðunin færi fram, ef tillagan yrði samþykkt. Tillögu svipaðs efnis og í sama formi flutti svo flm. þessarar tillögu á Alþingi 1967, 1969 og 1970. Ekki náðu þessar tillögur fram að ganga, en þeim fylgdu ýtarlegar greinargerðir og um þær voru fluttar framsöguræður. Er hér með vísað til þeirra gagna, prentaðra og óprentaðra, í skjölum þingsins.

Tillagan er að þessu sinni flutt að mestu óbreytt eins og hún var á síðasta þingi (1970), og skal það hér endurtekið, sem um hana var þá sagt í greinargerð, að hún er ekki flutt sem flokksmál, enda hefur flm. ekki farið fram á, að henni verði veitt flokksfylgi. Flm. er kunnugt um annan þingmann (GTh), sem haft hefur í hyggju að flytja endurskoðunartillögu á þessu þingi. Hafa þessir tveir þingmenn rætt nokkuð um endurskoðunarmálið sín á milli, en niðurstaða þeirra viðræðna er sú, að fluttar eru a. m. k. tvær tillögur með þeim mismun á efni og formi, sem fram kemur í þingskjölunum. En æskilegt væri, að við meðferð endurskoðunarmálsins í nefnd gæti tekizt sem víðtækast samstarf á Alþingi um margnefnda endurskoðun og setningu nýrrar lýðveldisstjórnarskrár, er verða megi traustari hornsteinn landsbyggðar og þjóðarsjálfstæðis en stjórnarskrá sú, er nú gildir.

Sþ. 532. Tillaga til þingsályktunar [247. mál]

um stofnun fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Garðar Sigurðsson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að stofnaður verði fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum á hausti komanda samkv. 6. gr. laga nr. 55 15. apríl 1971, um fiskvinnsluskóla.

Greinargerð.

Lög um fiskvinnsluskóla voru samþykkt á Alþingi hinn 2. apríl 1971. Í fyrstu málsgrein 6. greinar þessara laga segir svo:

„Skólinn skal staðsettur á Suðvesturlandi. Auk þess skal stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara samkv. 1. og 2. tölulið 2. gr."

Hér er því um að ræða beina ákvörðun Alþingis, að fiskvinnsluskóli skuli stofnaður í Vestmannaeyjum, að telja verður jafnhliða skólanum á Suðvesturlandi.

Hinn 16. nóv. s. l. svaraði menntamálaráðherra fyrirspurn á Alþingi um skipun skólanefndar og stofnun fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum. Kom fram í svari ráðherra, að hann liti á stofnun fiskvinnsluskólans, sem stofnaður var í Reykjavík á s. l. hausti, sem undirbúningsdeild, sem veita mundi þýðingarmikla reynslu, sem að gagni mætti koma, þegar starfræksla skólanna á Suðvesturlandi og í Vestmannaeyjum hæfist, og þá að sjálfsögðu einnig þeirra skóla, sem stofnað verður til annars staðar á landinu, eins og lögin gera ráð fyrir að síðar verði.

Undirbúningsdeild sú, sem ráðherra vitnaði til í svari sínu, verður búin að starfa í eitt ár á næsta hausti og þá fengin sú reynsla, sem hann taldi nauðsynlegan grundvöll til að byggja á í þessum efnum. Verður því að telja, að það sé þegar orðið tímabært að skipa skólanefnd og hefja undirbúning undir stofnun fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum með það fyrir augum, að skólinn geti hafið starfsemi sína á næsta hausti, og er þingsályktunartillaga þessi borin fram í því trausti, að svo megi verða.

Um þörf fyrir fiskvinnsluskóla bæði á Suðvesturlandi og í Vestmannaeyjum og reyndar víðar á landinu þarf ekki að fjölyrða.

Íslendingar hafa því miður allt of lengi litið fram hjá því, að fiskvinnsla og fiskiðnaður, sem er framleiðsla viðkvæmra, en eftirsóttra matvæla, ef þau uppfylla þau skilyrði, sem kaupendur gera til þeirra, bæði hvað snertir gæði hráefnis og aðbúnað allan við framleiðslu þeirra, þarfnast í vaxandi mæli sérmenntaðs og sérhæfðs fólks, ekki síður en aðrar iðngreinar, þar sem sérmenntunar er krafizt. Það má því að dómi flutningsmanna enginn dráttur verða á stofnun þeirra fiskvinnsluskóla, sem lögin frá 15. apríl s. l. gera ráð fyrir að þegar verði stofnað til, og að einnig verði undirbúin stofnun fiskvinnsluskóla annars staðar á landinu, eftir því sem nauðsynlegt er talið.

Nd. 533. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um ferðamál, nr. 4 14. febr. 1969.

Frá samgöngumálanefnd.

Samgöngumálanefnd Nd. ræddi frumvarp þetta á fundi 9. marz s. l. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. apríl 1972.

Björn Pálsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Sverrir Hermannsson.
Friðjón Þórðarson.	Karvel Pálmason.	Stefán Valgeirsson.

Sþ. 534. Nefndarálit [152. mál]

um sérstaka landshlutaáætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Það er efni þessarar tillögu að skora á ríkisstjórnina að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að gera í samráði við ýmsa aðila sérstaka landshlutaáætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu, og jafnframt gert ráð fyrir, að áætlunin geti náð til Norður-Múlasýslu norðan Smjörvatnsheiðar, sé þess óskað þar. Í greinargerð till. er upplýst, að íbúatala Norður-Þingeyjarsýslu hafi á ca. hálfum öðrum áratug lækkað um nál. 15% (úr 1996 í 1740), en að í landinu öllu hafi á sama tíma íbúatalan hækkað um ca. 24%. Jafnframt er þar upplýst ýmislegt um orsakir þessarar þróunar og birt sem fylgiskjal fundargerð frá héraðsmálafundi Norður-Þingeyinga á Kópaskeri 23. ágúst s. l., þar sem mættir voru m. a. allmargir alþingismenn og ráðherrar, en í fundargerðinni eru birtir útdrættir úr ræðum og ályktanir fundarins.

Að fengnum umsögnum um málið leggur nefndin til, að till. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir „sýslunefnd" í tillgr. komi: búnaðarsamband.

Alþingi, 7. apríl 1972.

Gísli Guðmundsson, form., frsm.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Jónas Árnason.
Björn Fr. Björnsson.	Ingólfur Jónsson.	Lárus Jónsson.

Ed. 535. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leitað umsagnar Fiskifélags Íslands, Landssambands íslenzkra útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og stjórnar Aflatryggingasjóðs. Að lokinni athugun er nefndin sammála um að mæla með afgreiðslu málsins í samræmi við tillögur Fiskiþings og leggur því til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

17. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðanna „eigi skemmri tíma en fimm mánuði" í 2. málsgr. komi: eigi skemmri tíma en fjóra mánuði.
2. 3. málsgr. orðist svo:

Frá 1. maí til 30. september 1972 greiði áhafnadeildin einnig hluta af fæðiskostnaði vegna opinna vélbáta með 85 kr. á hvern úthaldsdag og áhafnarmann. Skilyrði fyrir þeim greiðslum eru: Bátarnir séu skráðir (nafn og umdæmisnúmer), þeim sé haldið út til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, minnst 3 mánuði á ári, og að öðru leyti fullnægi eigendur þeirra sömu skilyrðum og tilgreind eru í næstu mgr. hér á undan, að því er varðar þilfarsbáta, sem hafa

ekki lögskráningarskyldu. Enn fremur skal sýna vottorð Siglingamálastofnunarinnar um, að fullnægt sé kröfum hennar um öryggisbúnað samkvæmt nánari reglum.

Alþingi, 11. apríl 1972.

Halldór Kristjánsson, form., frsm.	Benóný Arnórsson, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Oddur Ólafsson.	Jón Árm. Héðinsson.	Jón Árnason.

Nd. 536. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og þær umsagnir, er fyrir lágu, þ. e. a. s. frá Rannsóknaráði ríkisins, Orkustofnun, Sambandi íslenzkra sveitarfélaga og borgarverkfræðingi í Reykjavík. Nefndin mælir með samþykkt frv., eins og Ed. gekk frá því. — Fjarstaddur var Pétur Pétursson.

Alþingi, 11. apríl 1972.

Sigurður Magnússon, form.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.	Lárus Jónsson, frsm.
Bjarni Guðnason.	Þórarinn Þórarinsson.	Gunnar Thoroddsen.

Nd. 537. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 111 30. des. 1970, um virkjun Lagarfoss.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. — Fjarstaddur var Pétur Pétursson.

Alþingi, 11. apríl 1972.

Sigurður Magnússon, form., frsm.	Gísli Guðmundsson, fundaskr., með fyrirvara.	Bjarni Guðnason.
Lárus Jónsson.	Þórarinn Þórarinsson.	Gunnar Thoroddsen.

Sþ. 538. Nefndarálit [107. mál]

um till. til þál. um sjómælingar.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur haft mál þetta til athugunar og rætt það á fundum sínum. Nefndin sendi þingsályktunartillöguna til forstöðumanns Sjómælinga til umsagnar og fékk frá honum ýtarlega greinargerð um málið. Þá bárust nefndinni

upplýsingar um það, að nú þegar væri mál þetta, sem í tillögunni felst, til sérstakrar athugunar hjá ríkisstjórninni. Fjárveitinganefnd telur, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða, sem hraða beri framkvæmdum á, en með hliðsjón af ofanrituðu leggur nefndin til, að þingsályktunartillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 11. apríl 1972.

Geir Gunnarsson, form.	Ingvar Gíslason, fundaskr.	Jón Árnason, frsm.
Steinþór Gestsson.	Karvel Pálmason.	Ásberg Sigurðsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Ágúst Þorvaldsson.	Jón Árm. Héðinsson.

Nd. 539. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 17. des. 1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess óbreytts. — Benedikt Gröndal var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 12. apríl 1972.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Sigurður Magnússon, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Gunnar Gíslason.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 540. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar, og mælir hún með samþykkt frv., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum, ef fram koma. — Benedikt Gröndal var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 12. apríl 1972.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Sigurður Magnússon, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Gunnar Gíslason.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Ágúst Þorvaldsson.

Ed. 541. Lög [74. mál]

um bann við losun hættulegra efna í sjó.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 483.

Nd. **542. Nefndarálit** [10. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarpið miðar að því annars vegar að færa til samræmis erfðafjárskatt af reiðufé og fasteignum. Er það gert með því að lækka skattinn af reiðufé, sem erfist, en stórhækka hann af fasteignum. Hins vegar miðar frumvarpið að því að auka tekjur erfðafjársjóðs.

Undirritaðir nefndarmenn eru samþykkir því, að erfðafjárskattur sé hinn sami af hverju sem erfist, en eru hins vegar andvígir upphæð skattsins og skattþrepunum, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Flytjum við því breytingartillögur á sérstöku þingskjali varðandi þessi atriði og önnur.

Við erum samþykk því, að nauðsyn beri til, að lög nr. 27 27. apríl 1970, um endurhæfingu, nái tilgangi sínum. Samkvæmt 7. gr. þeirra laga skal veita fé úr erfðafjársjóði til þess að koma á fót sjálfstæðum endurhæfingarstöðvum með styrkveitingu, sem nemur allt að þriðjungi stofnkostnaðar, og láni, sem nemi allt að þriðjungi stofnkostnaðar. Þótt mikið starf hafi verið unnið í endurhæfingarmálum, er margt ógert, og til þess þarf fé. En þegar rætt er um réttmæti erfðafjárskatts, verður að horfa fram hjá tilgangi erfðafjársjóðs, þótt góður sé, og líta til þess, hvort sjálfur skattstofninn sé eðlilegur.

Hér er í fyrsta lagi um skatttæknilegt atriði að ræða, þ. e. hvort slíkur markaður tekjustofn sé eðlilegur, og í öðru lagi er hér um pólitískt mál að ræða. Þetta tvennt fléttast að sjálfsögðu saman.

Eitt af því, sem fært hefur verið fram sem rök með hækkuðum erfðafjárskatti, er, að þjóðfélagið taki í æ ríkari mæli að sér að tryggja lífsafkomu aldraðra og öryrkja og því sé ekki nema réttmætt, að eigur þeirra gangi að nokkru — getur orðið fast að helmingi — til ríkisins við andlát aðila. Þessi röksemd dugir að vísu ekki alveg, því að menn geta dáið ungir frá nokkrum eignum.

Það er vissulega rétt, að þjóðfélagið stefnir sífellt meira inn á þessa braut, og er í sjálfu sér ekkert nema gott um það að segja. Hins vegar verður ekki séð, að álagningu skatta til hins opinbera sé þannig hagað, að menn eigi eitthvað ógreitt til ríkisins við andlátið og sú skuld eigi þá að greiðast. Menn hafa greitt skatta alla sína starfsævi af þeim tekjum, sem þeir hafa aflað, þar með taldar þær tekjur, sem farið hafa til eignasöfnunar, auk skatta, sem menn greiða af eignum sínum, t. d. fasteignum.

Hár erfðafjárskattur er til þess fallinn að draga úr áhuga manna til eignamyndunar. Fáir unna ríkissjóði svo mjög, að þeir vilji slíta sér út til þess eins, að ríkissjóður eignist þeim mun meira að lokinni vist þeirra hérna megin grafar.

Það er skoðun undirritaðra, að það sé æskilegt frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, að mönnum sé gert kleift að eignast eitthvað og erfingjum þeirra gert mögulegt að halda eignum, sem þeir hafa lagt lífsstarf sitt í að mynda, oft með störfum barna sinna eða annarra náinna skyldmenna, án þess að þau störf hafi verið sérstaklega launuð. Þetta á ekki síst við um fyrirtæki og áframhaldandi rekstur þeirra.

Erfðafjárskattur er eitt af tækjunum til að jafna allt út í meðalmennsku. Hann getur orðið þess valdandi, að erfingjar fyrirtækja geta ekki haldið rekstri þeirra áfram. Hann getur líka valdið upplausn fyrirtækja, þar sem enginn kann að vera þess megnugur að kaupa af erfingjum, sem ekki geta greitt skattinn.

Verði frumvarpið samþykkt óbreytt, er orðið nokkuð sama, hvort menn, sem ekki eiga nána ættingja, gefa eigur sínar eða ráðstafa þeim með erfðaskrá. Skatturinn er orðinn nær því hinn sami og tekjuskattur, sem lagður er á gjafafé hjá viðtakanda.

Á Íslandi er enn verið að byggja upp. Vart er hægt að tala um nokkurt stórfyrirtæki í landinu, og fæst fyrirtæki eiga eigið fjármagn, svo að heitið geti. Meðan verið er að byggja upp eigið fjármagn í eignum og fyrirtækjum, eru háir erfðafjárskattar ranglátir. Hér skilur á milli Íslands og nágrannaþjóðanna.

Undirritaðir nefndarmenn viðurkenna þörfina fyrir aukið fjármagn til endurhæfingarmála og lýsa sig reiðubúna til að fylgja skynsamlegum tillögum í þá átt. Ef sú skoðun verður ofan á, að erfðafjársjóður eigi einn að standa undir þeirri fjármögnun, teljum við víst, að tekjur hans megi auka með öðrum hætti en hér er ráðgert.

Alþingi, 12. apríl 1972.

Ólafur G. Einarsson, frsm. Ragnhildur Helgadóttir.

Nd. 543. Breytingartillögur [10. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

Frá Ólafi G. Einarssyni og Ragnhildi Helgadóttur.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   1. gr. laganna orðist svo:
   Af öllum fjármunum, er við andlát manns hverfa til erfingja hans, annarra en eftirlifandi maka, og sé búið tekið til skipta hér á landi, skal gjalda skatt í erfðafjársjóð.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   2. gr. laganna orðist svo:
   Fjárhæð erfðafjárskatts er ákveðin þannig:
   A. Af erfðafé til niðja, kjörniðja og fósturbarna, svo og af þriðjungshluta, ef ráðstafað hefur verið með erfðaskrá til annarra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

Af fyrstu 500 þús.	3%
— næstu 500 —	4%
— — 500 —	5%
— — 500 —	6%
og þar yfir	7%

   B. Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

Af fyrstu 500 þús.	6%
— næstu 500 —	8%
— — 500 —	10%
— — 500 —	12%
og þar yfir	14%

   C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna eða niðja þeirra, er eigi heyra undir stafliðina A og B, eða til fjarskyldari erfingja eða óskyldra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

Af fyrstu 500 þús.	15%
— næstu 500 —	20%
— — 500 —	25%
— — 500 —	30%
og þar yfir	35%

3. Við 3. gr. Á eftir fyrri málsgr. bætist ný málsgrein:
   Á eftir orðunum „Undanþegið skatti er þó“ í 2. málsgr. 3. gr. laganna komi: erfðahluti eftirlifandi maka.
4. Við 6. gr. Við greinina bætist: að frádregnum áhvílandi skuldum.

Nd. 544. Breytingartillaga [10. mál]

við brtt. á þskj. 518 [Erfðafjárskattur].

Frá Pétri Sigurðssyni.

Efnismálsgrein 1. töluliðar orðist svo:
Af erfðafé, sem rennur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, sem fengið hafa staðfestingu forseta Íslands á skipulagsskrá, félaga og stofnana, sem vinna að líknar- eða menningarmálum, skal greiða 7 af hundraði.

Ed. 545. Frumvarp til jarðræktarlaga. [248. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

I. KAFLI
Um stjórn ræktunarmála.

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnað er af 3 manna stjórn, sem kosin er af Búnaðarþingi, hefur á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem ríkisframlag er veitt til samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Um kosningarétt og kjörgengi til Búnaðarþings, tölu fulltrúa, kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag innan hvers kjördæmis fer, eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin með lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð jarðræktarráðunauta félagsins, héraðsráðunauta og trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands undir yfirstjórn félagsstjórnarinnar.

4. gr.

Búnaðarsamböndum er heimilt, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands, að ráða til sín ráðunauta í jarðrækt og bútækni. Enn fremur er tveim eða fleiri búnaðarsamböndum heimilt að ráða til sín ráðunauta til sameiginlegra starfa, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og starfssvæði.

Heimilt er að fela sama manni að gegna ráðunautarstarfi bæði við jarðrækt og búfjárrækt, enda fær hann þá greidd laun að jöfnu frá hvorri búgrein. Héraðsráðunautar (í jarðrækt eða búfjárrækt) skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna og hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit með ræktunarframkvæmdum, hver á sínu sambandssvæði í þeim greinum, er lög þessi ná yfir. Héraðsráðunautar skulu árlega skila starfsskýrslum.

Stjórnir búnaðarsambandanna skulu semja starfsáætlun fyrir komandi ár. Áætlanir þessar ásamt starfsskýrslum héraðsráðunautanna skulu hafa borizt Búnaðarfélagi Íslands fyrir 1. febrúar ár hvert til umsagnar og staðfestingar.

Í Vestmannaeyjum og Grímsey er heimilt að ráða sérstaka trúnaðarmenn, og í þeim búnaðarsamböndum, þar sem héraðsráðunautar, að dómi Búnaðarfélags Íslands, komast ekki yfir verkefni sín, svo sem úttekt jarðarbóta, skal heimilt að ráða aðstoðarmenn, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og launakjör að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

5. gr.

Kostnaður við framkvæmd þessara laga greiðist úr ríkissjóði af fé, er veitt er til þess í fjárlögum, eða eftir reikningum, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndunum 65% af launum héraðsráðunauta, aðstoðarmanna og trúnaðarmanna. Hluti ríkissjóðs í launum héraðsráðunauta fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna. Ríkissjóður greiði allt að 65% af ferðakostnaði héraðsráðunauta samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

6. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi skal vera eitt búnaðarfélag. Heimilt er þó, að búnaðarfélag nái yfir stærra svæði en einn hrepp, enn fremur að tvö búnaðarfélög séu í sama hreppi eða einstakir menn séu í búnaðarfélagi annars hrepps, ef sérstakar landfræðilegar ástæður eru fyrir hendi, enda samþykki stjórn Búnaðarfélags Íslands slík frávik.

Hreppabúnaðarfélögum er skylt að vera í búnaðarsambandi viðkomandi héraðs.

Stjórnum búnaðarfélaga skal skylt að halda skýrslur og reikninga eftir því, sem stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður. Samrit af skýrslum þessum og reikningum skal senda til búnaðarsambandanna. Búnaðarsamböndin skulu árlega senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslur um jarðræktarframkvæmdir innan síns umdæmis ásamt afriti af reikningum sínum.

Á meðan framlag ríkisins samkvæmt lögum þessum er ekki greitt sama ár og úttekt fer fram, greiðist það í þeirri röð, sem úttektarskýrslur berast, að því tilskildu, að kvittanir fyrir fyrra árs framlagi hafi borizt Búnaðarfélagi Íslands.

Hver sá, er njóta vill ríkisframlags samkvæmt lögum þessum, skal vera félagsmaður í búnaðarfélagi byggðarlagsins.

7. gr.

Ákvæði laga þessara um ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta ná til:

1. Allra jarðeigna í landinu, er teljast lögbýli samkvæmt skilgreiningu ábúðarlaga nr. 36 29. marz 1961, I. kafla 1. gr., að undanskildum þeim jörðum og jarðarhlutum, er liggja innan skipulagssvæða kaupstaða, kauptúna, sjávar- og sveitaþorpa.
2. Nýbýla, sem stofnuð eru samkvæmt lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum frá 1. apríl 1971 eða eldri lögum um sama efni.
3. Allra ræktunarlóða í kaupstöðum, kauptúnum, sjávar- og sveitaþorpum, sem liggja utan takmarka skipulags byggingarlóða.
4. Félagsbundinna ræktunarframkvæmda, sem gerðar eru í þeim tilgangi að koma á fót eða efla sjálfstæðan búrekstur í sveit og við sjó, þar með talin bú, er bæjarfélög reka vegna nauðsynja bæjarins.

8. gr.

Ræktað land í lögum þessum telst: Tún, matjurtagarðar, akrar og véltækt og framræst áveituengi, sem liggja utan skipulagssvæða byggingarlóða í kaupstöðum, kauptúnum og sjávar- og sveitaþorpum.

Nú þykir nauðsynlegt að láta af hendi ræktað land til almennra þarfa. Skal þá ávallt leita umsagnar héraðsráðunautar, en að henni fenginni skal málið lagt fyrir bæjar- eða sveitarstjórn til fullnaðarúrskurðar.

9. gr.

Vegagerð og línulagnir um ræktað og ræktanlegt land skulu háðar þessum takmörkunum:

1. Þegar vegir eða línur eru lagðar um ræktað land, skal þess ávallt gætt að skerða ræktunina sem minnst og að verkið valdi eigi öðrum óþægindum við notkun

landsins en þeim, er ekki verður hjá komizt, og skal þá ávallt leita álits héraðsráðunautar hér um.

2. Vega- og línustæði um ræktanlegt land séu valin þannig og þess gætt við lagningu, að það torveldi sem minnst framræslu landsins og notkun til ræktunar. Að öðru jöfnu skal þess ávallt gætt, að skurðir með vegum geti komið að sem beztum notum við þurrkun landsins. Skal, þar sem svo stendur á, undirbúningi verksins hagað í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands eða héraðsráðunaut.

Þegar raflínur eða símalínur eru lagðar í jörð á ræktuðu eða ræktanlegu landi, skal línueigandi hafa samráð við ræktunarráðunaut og umráðamann lands um það, hvar línan er lögð, svo að staðsetning hennar geti verið sem haganlegust. Þegar línan hefur verið lögð, skal eigandi hennar láta merkja legu hennar ofan jarðar og afhenda oddvita eða sveitarstjóra uppdrátt af línustæðinu og upplýsingar um, hvernig það hefur verið merkt. Uppdrátturinn skal vera í tveimur eintökum, og heldur oddviti eða sveitarstjóri öðru, en afhendir umráðamanni lands hitt eintakið. Hafi þetta ekki verið gert, er eigi skylt að bæta línueiganda tjón, er verða kann á línu vegna ræktunarframkvæmda síðar. Þegar ræktunarframkvæmdir standa fyrir dyrum í landi, þar sem raflínur eða símalínur liggja í jörð, skal umráðamaður lands snúa sér til ræktunarráðunautar, sem athugi á kortinu afstöðu til línanna, hvort hætta sé á, að ræktunarframkvæmdir kunni að koma of nærri línum og skemma þær, og ef svo er, skal hann tilkynna það línueiganda strax og framkvæmd er áætluð. Skal línueigandi þá senda fulltrúa til að athuga alla aðstöðu á staðnum, eins fljótt og unnt er, og hafa samráð við ræktunarráðunaut og umráðamann lands um ráðstafanir til þess að komast hjá tjóni á línunni. Skal línueigandi bera eðlilegan kostnað við þær ráðstafanir. Náist ekki samkomulag um ráðstafanir eða kostnað við þær, sker gerðardómur úr. Reynist nauðsynlegt, að dómi héraðsráðunautar eða ráðunautar Búnaðarfélags Íslands, að breyta, dýpka eða gera nýtt vegræsi vegna framræslu lands, skal kostnaður sá, er af því leiðir, greiddur af vegagerðaraðila (ríki, sýslu eða einstaklingi) að ¾ hlutum.

3. Vegagerðaraðilar og aðrir, sem standa fyrir mannvirkjagerð, skulu haga framkvæmdum sínum þannig, að gróðri eða ræktanlegu landi sé ekki spillt að óþörfu og að af framkvæmdum stafi eigi eyðingarhætta af völdum jarðrasks, landbrots eða því um líku. Enn fremur skal lagfæra yfirborð landsins og dreifa grasfræi og áburði í sár þau, er myndast vegna framkvæmdanna, og skila landinu fullgræddu. Náist eigi samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um framangreind atriði, sker gerðardómur skipaður þremur mönnum úr ágreiningi. Sé einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar af hlutaðeigandi ráðuneyti, en oddamann tilnefnir sýslumaður í þeirri sýslu, þar sem ágreiningur hefur orðið.

II. KAFLI

Um ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta.

10. gr.

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði, sem hér segir:

I. Framræsla vegna tún-, akur-, engja- og hagaræktar.
   a. Vélgrafnir skurðir og plægðir hagaskurðir, 70% kostnaðar við gröft, dýpkun og sprengingu berghafta úr skurðunum. Ákvæðisvinna skal viðhöfð, þar sem því verður við komið. Ríkisframlag skal miða við ákvæðisvinnutaxta hvers ræktunarsvæðis, sé hann fyrir hendi. Annars úrskurðar Búnaðarfélag Íslands reikninga.

Héraðsráðunautar skulu leita eftir óskum bænda um framræslufram-kvæmdir og fyrir 1. maí ár hvert senda stjórn Búnaðarfélags Íslands sundurliðaðar pantanir og áætlanir, hver fyrir sitt starfssvæði, um þá framræslu, er þeir telja æskilega á hverri jörð næstu fimm árin. Búnaðarfélag Íslands gerir síðan heildaráætlun til næstu fimm ára um, hversu mikið skuli grafa á hverju ræktunarsvæði. Þá skulu héraðsráðunautar árlega fyrir 1. maí senda Búnaðarfélagi Íslands endurskoðaðar áætlanir fyrir næsta ár. Búnaðarfélag Íslands lætur síðan framkvæma nauðsynlegar mælingar og annan undirbúning, sem þarf til að bjóða verkið út. Jarðræktarráðunautar þess hafa umsjón með þessum áætlunum og skera úr um vafaatriði. Þegar endurskoðaðar áætlanir hvers árs liggja fyrir, samþykktar af stjórn Búnaðarfélags Íslands, skulu framræslufram-kvæmdir á hverju ræktunarsvæði boðnar út. Skulu útboð fara fram fyrir 15. marz ár hvert.

Búnaðarfélag Íslands gerir útboðin fyrir hönd þeirra samtaka, sem sjá um skurðgröft fyrir bændur á hverju ræktunarsvæði, og ákveður á-samt fulltrúa viðkomandi ræktunarsvæðis, hvaða tilboðum skuli tekið og hvaða tryggingar verktaki skuli setja.

Ræktunarsambönd geta jafnt og aðrir aðilar boðið í skurðgröft, hvar sem er á landinu. Ekki er skylt að bjóða út skurðgröft á þeim svæðum, þar sem ræktunarsamböndin sjálf annast framræslu, enda ákveði Búnaðarfélag Íslands taxta þeirra hverju sinni fyrir fram, eftir að útboð hafa farið fram. Berist engin tilboð eða óaðgengileg í skurðgröft á einhverju ræktunarsvæði, skal stjórn Búnaðarfélags Íslands útvega gröfu til að annast þau verkefni. Jarðræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands hafa eftirlit með framkvæmdum. Bændur, sem láta aðra en samþykkta verktaka grafa á jörðum sínum, fá aðeins hálft framlag á skurðina. Á ræktunarsvæðum, þar sem kostnaður við skurðgröft vegna óhagstæðrar aðstöðu er meira en 25% hærri en meðalkostnaður á landinu, en telst þó nauðsynleg framkvæmd, er landbúnaðarráðherra heimilt, eftir tillögu Búnaðarfélags Íslands, að hækka ríkisframlagið svo, að hlutur bóndans verði eigi hærri en meðalkostnaður.

b. Handgrafnir skurðir, þar sem og þegar vélgrefti verður ekki við komið, kr. 40.00 pr. m³.
c. Plógræsi skulu boðin út á sama hátt og vélgrafnir skurðir og skal framlag á þau vera 75% af kostnaði.
d. Kílræsi, framlag á þau skal vera kr. 600.00 pr. ha.
e. Lokræsi með plaströrum og viðeigandi útbúnaði, kr. 50.00 pr. m.
f. Önnur ræsi (hnaus-, viðar- og grjótræsi), kr. 35.00 pr. m.
g. Greiddur verði ⅓ kostnaðar við flóðgarða og ⅔ kostnaðar við byggingu flóðgátta, vatnsbrúa og flóðvarnargarða, enda sé framkvæmdin samþykkt af Búnaðarfélagi Íslands.

II. Jarðrækt.
a. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi, kr. 14 000.00 pr. ha.
b. Túnrækt á þurrlendi, kr. 10 000.00 pr. ha.
c. Endurvinnsla túna vegna kals eða annarra skemmda, kr. 8000.00 pr. ha.
d. Vinnsla lands vegna grænfóður- eða kornræktar, kr. 5000.00 pr. ha.
e. Hagarækt, kr. 3000.00 pr. ha.
f. Þar sem erfitt er um ræktunarland, er heimilt að greiða 30% aukaframlag á túnrækt á félagsgrundvelli, enda samþykki viðkomandi búnaðarsamband og Búnaðarfélag Íslands framkvæmdina.

III. Grjótnám úr ræktunarlandi, þar sem grjót er ekki seljanlegt, kr. 65.00 pr. m³.

IV. Girðingar um ræktunarlönd og heimahaga, fullgildar með föstum horn- og hliðstólpum, kr. 10.00 pr. m.

V. Áburðargeymslur.
Áburðarhús alsteypt og áburðarkjallarar, kr. 350.00 pr. m^3.

VI. Hey-, garðávaxta- og verkfærageymslur.
a. Þurrheyshlöður úr varanlegu efni, kr. 60.00 pr. m^3.
b. Votheyshlöður úr varanlegu efni, kr. 200.00 pr. m^3.
c. Garðávaxtageymslur steyptar með þaki úr varanlegu efni, kr. 130.00 pr. m^3.
d. Verkfærageymslur úr varanlegu efni, kr. 200.00 pr. m^2.
e. Súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlöðu með blásara og fastri aflvél miðað við gólfflöt í hlöðu, kr. 550.00 pr. m^2.
f. Súgþurrkunarkerfi með föstum blásara, kr. 300.00 pr. m^2.
g. Súgþurrkunarkerfi án blásara, kr. 200.00 pr. m^2.

VII. Vatnsveitur til heimilis- og búsþarfar.
Helmingur kostnaðar við vatnsupptöku, þar með talin borun eftir vatni, vatnsgeymar og leiðsla frá vatnsbóli að bæjarvegg. Framlag þetta greiðist því aðeins, að við framkvæmdir sé farið eftir áætlun, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera eða samþykkir.

VIII. Til kölkunar á túnum, þar sem rannsóknir hafa að dómi ráðunauta Búnaðarfélags Íslands sýnt, að hennar sé þörf, er heimilt að greiða 50% af kostnaðarverði viðurkennds áburðarkalks, eins og það er á hafnarstað, að viðbættum eðlilegum flutningskostnaði umfram 50 km til viðkomandi bónda. Skilyrði er, að kölkunin sé framkvæmd eftir ráðleggingum héraðsráðunautar og undir eftirliti hans, og skal hún við það miðuð að nægja til a. m. k. 5 ára.

11. gr.

Eftirfarandi skilyrðum þarf að vera fullnægt, til þess að heimilt sé að taka út og greiða framlag til jarðræktar og húsabóta þeirra, er um getur í 10. gr.:
a. Til vélgrafinna skurða því aðeins, að fullnægt sé ákvæðum 17.—18. gr. þessara laga.
b. Við endurvinnslu vegna kals eða annarra skemmda skulu minnst þrjú ár vera liðin frá síðustu vinnslu, enda samþykki héraðsráðunautur endurvinnsluna hverju sinni.
c. Framlag til hagaræktar er bundið því skilyrði, að fram hafi farið jöfnun lands og/eða uppgræðsla, þannig að varanlegar gróðurbætur hafi náðst á öllu landinu. Úttekt á slíku landi skal ekki gera, fyrr en fullvíst er, að græðsla hafi tekizt.
d. Byggingar skulu gerðar eftir teikningum, er Byggingastofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélag Íslands viðurkenna. Framlög eftir a-, b-, c- og d-lið 10. gr. skal því aðeins greiða, að landið sé fullunnið, jafnað og nægilega þurrt, að dómi héraðsráðunautar, og að grasfræi eða akurjurtum hafi verið sáð í það, eða að það sé fullgróið túngróðri með sjálfgræðslu.
e. Jarðabætur skal taka út eigi síðar en á næsta ári eftir að þær eru framkvæmdar. Sjá þó sérákvæði um II. lið 10. gr., staflið e. Greiðsla jarðabótaframlags er enn fremur bundin því skilyrði, að ræktunarsamband eða félag það, sem jarðabótamenn eru félagar í, hafi gert Búnaðarfélagi Íslands full reikningsskil fyrir síðastliðið ár. Hafi jarðabætur þær, sem framlag er veitt á að því sinni, verið unnar að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum, sem voru á vegum hlutaðeigandi ræktunarsambanda eða félags, er sambandinu heimilt að halda eftir af jarðræktarframlaginu til greiðslu á vinnuskuldum.

12. gr.

Á framlög, er ákveðin eru í 10. gr. þessara laga, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1971. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll vísitölu þessarar í samráði

við Búnaðarfélag Íslands, landnámsstjóra og Byggingastofnun landbúnaðarins, og reiknar Hagstofa Íslands hana síðan árlega miðað við meðalkostnað hvers árs. Fyrirmæli fyrri málsliða þessarar greinar um greiðslu verðlagsuppbóta á framlög gildi frá og með framkvæmdum ársins 1972. Af jarðabótaframlögum þeim, er talin eru í 10. gr., renna 4% til hreppabúnaðarfélaga og 2% til búnaðarsambanda, nema af vélgröfnum skurðum 4%, er skiptast að jöfnu á milli nefndra aðila. Þó skulu framlög vegna jarðræktar grænfóðurverksmiðja renna óskipt til viðkomandi verksmiðju.

13. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðabætur og jarðabótaframlög til hvers býlis, og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög nr. 43 23. júní 1923 gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir fjárhæðir þær, er þessum jörðum ber í jarðræktarframlögum. Skal þó skrá sérstaklega, hve mikið af framlögum gengur til afgjaldsgreiðslu. Á sama hátt skal skrá þær jarðabætur, sem unnar eru á ræktunarlóðum í kaupstöðum og kauptúnum.

14. gr.

Ekkert ríkisframlag greiðist til jarðræktar og bygginga á því landi, sem ætla má, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að tekið verði á næstu 20 árum, eftir að verkið er unnið, til lóða undir hús, fiskreiti eða annars, sem er óviðkomandi jarðrækt.

15. gr.

Ábúendur þeirra jarðeigna ríkisins, sem ekki eiga kost á ábúð samkvæmt lögum nr. 102 21. des. 1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, mega vinna jarðarafgjaldið af sér með þeim jarðabótum, sem framlag er veitt til samkvæmt 10. gr.

Reiknast þær til afgjaldsgreiðslu 50% hærra en styrkupphæðinni nemur.

16. gr.

Verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands skal aðstoða ræktunarsambönd og aðra hliðstæða aðila við val, útvegun og kaup á skurðgröfum og öðrum ræktunarvélum, sem nauðsynlegar eru við stærri ræktunarframkvæmdir. Hann skal og gefa leiðbeiningar um meðferð og rekstur vélanna.

17. gr.

Til þess að ná sem næst jöfnunarverði á framræslukostnað opinna skurða um land allt, skal greiða gjald af hverjum vélgröfnum rúmmetra opinna skurða, er framlags njóta samkvæmt lögum þessum.

Gjald þetta skiptist að jöfnu á skurðgröfuleigu og vinnu við gröftinn, en gjaldið ákveðst þannig:

Á gröft að 50 000 m³ greiðast 10 aurar.
– — 50 000 til 100 000 m³ greiðast 20 aurar.
– — 100 000 m³ og yfir greiðast 30 aurar.

Breytingar á jöfnunargildi frá ári til árs, til hækkunar eða lækkunar, ákveður Búnaðarfélag Íslands eftir því, sem reynslan sýnir, að þörf er á. Það reiknar og út hið árlega jöfnunargjald. Nú skiptir verktaki um gröfu á starfstímabilinu, og skal þá jöfnunargjaldið reiknast sem um eina gröfu væri að ræða. Skurðgröftur Landnáms ríkisins í byggðahverfum skal vera undanþeginn gjaldi þessu.

18. gr.

Jöfnunarsjóðsgjald það, er um ræðir í 17. gr., greiðist í sjóð, er heitir „Jöfnunarsjóður fyrir skurðgröft". Hann skal vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands og annast það reikningshald fyrir sjóðinn. Félagið annast innheimtu jöfnunargjaldsins, og skal það tekið af ríkisframlagi.

Búnaðarfélag Íslands ákveður og annast allar greiðslur úr sjóðnum, eftir því sem nánar verður mælt fyrir um í reglugerð, er gefin verður út með lögum þessum.

III. KAFLI
Um búskaparhæfni jarða.

19. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal fela héraðsráðunautum að athuga og gefa skýrslur um þær jarðir, sem telja má að séu í hættu fyrir landspjöllum, svo sem sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi, landbroti o. s. frv.

Enn fremur skulu þeir gefa skýrslur um þær jarðir, sem liggja mjög illa við samgöngum eða eru óhæfar til búrekstrar, svo sem vegna landsmæðar eða ónógra landgæða. Jafnframt skal athuga, hvort úr megi bæta með landaukningu frá aðliggjandi jörðum.

20. gr.

Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skýrslur héraðsráðunauta bera með sér, að jarðir séu sérstaklega athugaverðar sem framtíðarbýli, og skal félagið þá fela einhverjum starfsmanni sínum, ásamt viðkomandi héraðsráðunaut, að kanna ýtarlega búskaparskilyrði umræddra jarða, og auk þess leita álits hlutaðeigandi hreppsnefndar.

Að fengnu áliti þessara aðila skal landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, úrskurða, hvort jarðir þessar skuli framvegis njóta ríkisframlags samkvæmt lögum þessum.

21. gr.

Þegar ábúandi jarðar, sem svipt hefur verið rétti til jarðabótaframlags, sbr. 20. gr., flytur burt á aðra jörð eða stofnar nýbýli og jörðin leggst í eyði, skal greiða honum úr jarðeignasjóði þann verðmun, sem reynist á söluverði og fasteignamatsverði húsa þeirra, er hann átti á jörðinni, ef söluverðmæti þeirra nær eigi fasteignamati, og á þá ríkissjóður forkaupsrétt að húsunum.

Vilji ábúandinn reisa nýbýli, skal enn fremur gefa honum kost á nægilegu landi, er honum verði byggt samkvæmt lögum nr. 102 21. des. 1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, en landið skal hann hafa afgjaldslaust til lífstíðar.

IV. KAFLI
Um erfðaleigulönd.

22. gr.

Þegar bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í kauptúnum óska þess, lætur Búnaðarfélag Íslands fara fram athugun á því, hvaða lönd liggja bezt við ræktun innan takmarka eða í nágrenni kaupstaðarins eða kauptúnsins. Þetta nær þó eigi til þeirra landa, sem líkur eru til, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að verði í náinni framtíð tekin til byggingarlóða eða annarra framkvæmda en ræktunar. Þegar um jarðir í eigu einstaklinga er að ræða, skal leita samþykkis til þess, að slík athugun megi fara fram.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd skal láta Búnaðarfélagi Íslands í té þær upplýsingar og skýrslur hér að lútandi, sem nauðsynlegar eru og félagið tiltekur.

23. gr.

Að lokinni þeirri athugun, er um getur í 22. gr., gerir Búnaðarfélag Íslands, eins fljótt og verða má, uppdrátt af landinu og tillögur um skipulag til ræktunar og hagnýtingar þess.

Afrit af uppdrætti með tillögum um lagningu vegakerfis og skiptingu landsins, svo og tillögur um fyrirkomulag ræktunar og hagnýtingu þess, sendir Búnaðarfélag Íslands bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Eru jarðabætur, sem unnar eru á slíku landi, því aðeins framlagshæfar, að fylgt sé tillögum þessum eða breytingum við þær, sem Búnaðarfélag Íslands hefur fallizt á.

24. gr.

Nú er land, sem hæft er til ræktunar, í námunda við kaupstað, kauptún eða þorp og íbúana skortir land til afnota, og skal þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd hlutast til um að fá landið. Nú takast samningar ekki um kaup eða leigu á landinu, og er þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimilt að taka landið leigu- eða eignarnámi, ef Búnaðarfélag Íslands mælir með því og Alþingi veitir til þess lagaheimild. Fer framkvæmd þess samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

25. gr.

Heimild til eignarnáms, sem gefin er í 24. gr., nær ekki til þess lands, sem eigandi hefur tekið til ræktunar, né þess lands, sem eigandi hefur léð öðrum til ræktunar eða notar sjálfur á annan hátt, ef það telst þeim eða honum nauðsynlegt til bjargræðis. Sama gildir um land, sem fornminjar eru á eða sérstök náttúruprýði, sem skylt er að vernda.

26. gr.

Lönd, sem tekin eru til ræktunar samkvæmt 24. gr., skulu jafnan leigð á erfðaleigu, og skal árgjaldið vera 3% af verðmæti landsins samkvæmt fasteignamati, að viðbættu virðingarverði þeirra umbóta, sem gerðar hafa verið af leigusala á landinu, eftir að fasteignamat fór fram.

27. gr.

Réttur til erfðaleigu á löndum þessum, svo og til veðsetningar á þeim, fer eftir lögum nr. 102 21. des. 1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða.

28. gr.

Um erfðaleigulönd skal jafnan gerður skriflegur samningur, og er leigutaka skylt að láta þinglýsa honum á sinn kostnað.

Í erfðaleigusamningi skulu meðal annars felast þessi ákvæði:

1. Stærð og lega erfðaleigulands, enda fylgi samningnum uppdráttur af landinu.
2. Að landið sé einungis leigt til ræktunar og óheimil sé önnur notkun þess og að gera á því önnur mannvirki, nema um það sé gerður sérstakur samningur. Sé um byggingar að ræða, skal sá hluti landsins, sem nauðsynlegur er til þeirra afnota, afmarkaður og leigjast sem byggingarlóð.
3. Á hve löngum tíma landið skuli fullræktað. Hvernig ræktunarmannvirkjum skuli við haldið og hverjum vítum vanefndir varða.

29. gr.

Hvenær sem ríkið telur sig hafa þörf fyrir erfðaleiguland til notkunar undir opinber mannvirki ríkis, hrepps- eða bæjarfélags, svo og til sérstaks atvinnurekstrar, er leigutaka skylt að láta af hendi leigurétt sinn að nokkru eða öllu leyti. Fyrir leiguréttindi leiguhafa, ræktun og önnur mannvirki skal greiða honum eftir mati, nema öðruvísi semjist.

Nú krefst ríkið meira af landinu en ¼ hluta þess, og getur þá leigutaki krafizt, að landið verði allt tekið með þeim mannvirkjum, sem á því eru, eftir mati.

30. gr.

Land, sem tekið er til ræktunar eftir fyrirmælum þessa kafla, skal leigutaki rækta á eigi lengri tíma en 10 árum, sbr. 28. gr. Að öðrum kosti fellur landið aftur til eiganda, án þess að nokkuð sé greitt fyrir það, sem unnið kann að hafa verið að ræktun þess.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

31. gr.

Sá, er segir héraðsráðunaut, trúnaðarmanni, aðstoðarmanni eða Búnaðarfélagi Íslands vísvitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er ríkisframlags eiga að njóta samkvæmt II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 1000—10 000 krónum, og ef það er gert í eiginhagsmunaskyni, má þyngja refsinguna um helming.

Brjóti héraðsráðunautur, trúnaðarmaður, aðstoðarmaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu, er að ofan getur, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á þessari grein skal farið að hætti opinberra mála.

32. gr.

Landbúnaðarráðhera gefur út reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um framkvæmd laga þessara. Búnaðarfélag Íslands gefur út fyrirmæli um gerð jarðabóta og úttekt þeirra.

33. gr.

Andvirði helmings af eignum Vélasjóðs, eins og þær reynast, sbr. ákvæði til bráðabirgða hér á eftir, skal leggja í sérstakan sjóð, er Búnaðarfélag Íslands varðveitir. Verkefni þess sjóðs skal vera að styrkja tilraunir með álitlegar tækninýjungar í landbúnaði, eftir tillögum Búnaðarþings. Landbúnaðarráðherra setur sjóðnum reglugerð.

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan eigi er að dómi Búnaðarþings Íslands völ á nægilega mörgum búfræðikandidötum til að gegna héraðsráðunautarstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn ráða búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands ráðningu þeirra.

Með lagabreytingu þessari eru niður felld ákvæði um Vélasjóð og vélanefnd ríkisins. Vélanefnd ríkisins skal starfa til ársloka 1972, og skal hún fyrir þann tíma koma eignum Vélasjóðs í verð í samráði við landbúnaðarráðherra og ganga frá lokauppgjöri á reikningum sjóðsins.

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og greiðist framlag á umbætur, unnar á árinu 1972, samkvæmt því. Jafnframt eru úr gildi numin: Jarðræktarlög nr. 22 24. apríl 1965, lög um breytingar á jarðræktarlögum nr. 36 24. apríl 1968 og 51. og 52. gr. og 4. liður 61. gr. laga frá 5. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta til nýrra jarðræktarlaga var samþykkt á síðasta Búnaðarþingi, og er flutt hér með nokkrum minni háttar breytingum. Greinargerð Búnaðarþings fer hér á eftir:

Greinargerð.

Á Búnaðarþingi 1971 var samþykkt svofelld ályktun:

„Búnaðarþing ályktar að kjósa þriggja manna milliþinganefnd, sem falið verði að endurskoða jarðræktarlög nr. 22 24. apríl 1965 og 16. apríl 1968. Skal álit nefndarinnar liggja fyrir á næsta Búnaðarþingi.

Þingið leggur áherzlu á, að sérstaklega verði tekin til athugunar eftirfarandi atriði:

1. Viðbótarframlag það, sem greitt hefur verið á nýrækt á býli innan við 25 ha., verði nú greitt á alla ræktun.
2. Framlög vegna grænfóðurræktar, áburðarhúsa og votheysgeymslna verði hækkuð frá því sem nú er.
3. Hreinsun framræsluskurða njóti framlags.
4. Kölkun lands, verkfærageymslur og vatnsleiðslur á sveitabýli njóti framlags.
5. Ákvæði um félagsræktun verði tekin inn í lögin.
6. Framlengt verði tímabil ákvæðanna um aukaframlag á súgþurrkun.
7. Útboðsskylda á þeim svæðum, þar sem ræktunarsambönd annast sjálf framræslu, verði afnumin."

Í nefndina voru kjörnir eftirtaldir menn:
Teitur Björnsson, bóndi, Brún, er valinn var formaður,
Egill Jónsson, ráðunautur, Seljavöllum og
Jón Egilsson, bóndi, Selalæk.

Nefndin kom fyrst saman til fundar föstudaginn 19. nóvember og starfaði þá óslitið til föstudags 26. sama mánaðar. Að ósk landbúnaðarráðherra gekk nefndin á fund hans. Skýrði ráðherra frá því, að ráðgerðar væru breytingar á skipulagi jarðræktarmála, og varð því að samkomulagi, að Jónas Jónsson starfaði með nefndinni.

Við endurskoðun laganna var einkum stuðzt við ályktun Búnaðarþings frá 1971, en auk þess var leitazt við að mæta þeim ábendingum, er nefndinni bárust. Ein meginbreyting á tilhögun þessara mála er sú, að allar greiðslur ríkisins til stuðnings við jarðræktarframkvæmdir verði nú greiddar samkvæmt jarðræktarlögum. Þá eru með þessu frumvarpi gerðar tillögur um, að starfsemi Vélasjóðs verði hætt og að Vélanefnd ríkisins verði lögð niður. Þessar stofnanir, sem tvímælalaust eiga mjög mikinn þátt í þeim framförum, sem urðu í vélvæðingu og ræktun í landinu, virðast nú ekki lengur hafa því hlutverki að gegna, sem þær höfðu, þar sem aðrir aðilar, bæði ræktunarsambönd og einstaklingar gegna því.

Leitazt er við með frumvarpinu að gera ákvæði um ríkisframlag einfaldari og skýrari þannig að síður orki tvímælis, hvaða framkvæmdir njóti framlags. Í þessu augnamiði eru dregnir saman nokkrir framkvæmdaliðir og öðrum sleppt, svo sem girðingum, sem ekki eru 6 strengja. Að öðru leyti er það höfuðmarkmið þessa frumvarps að stuðla að öruggari fóðuröflun í landinu, bættri heyverkun, bættri nýtingu beitilands og betri nýtingu búfjáráburðar.

Af nýmælum, sem að þessu miða, má nefna, að lagt er til að tekið verði upp framlag til hagaræktar. Með hagaræktun er átt við verulegar ræktunaraðgerðir á beitilandi, sem eru til varanlegra bóta, þó þær geti ekki hlotið framlag sem fullnaðarræktun. Hér getur verið um að ræða græðslu örfokalands eða lítt gróins með áburðargjöf og/eða sáningu. Slíkt land yrði þó ekki úttektarhæft fyrr en fullgrætt væri. Þá má nefna grófvinnslu lands, þannig að landið væri gert greiðfært til áburðardreifingar.

Ræktun úthagans stuðlar að því að létta beit af túnum, en óhófleg túnbeit, einkum á harðindavorum, er talin eiga snaran þátt í því að auka kalhættu.

Að mati nefndarinnar er nú tímabært að taka upp stuðning við ræsi, sem gerð eru með sérstökum þar til gerðum plaströrum. Slík rör eru mikið notuð við framræslu lands víða erlendis. Hér yrðu þau efalaust of dýr til venjulegrar framræslu, en í vissum tilfellum mætti grípa til þeirra. Framlag vegna vatnsveitna til heimilis- og búsþarfa er tekið upp í frumvarpið. Það hefur lengi verið baráttumál Búnaðarþings, að slíkur styrkur yrði veittur, þannig að einstakir bændur sætu við sama borð og þeir aðilar, sem njóta styrks til að byggja vatnsveitur á félagslegum grundvelli, eftir ákvæðum laga nr. 93 frá 5. júní 1947.

Með strangari kröfum um hreinlæti og auknu heilbrigðiseftirliti ásamt aukinni tækni og vélanotkun, vex bæði vatnsnotkun og kröfurnar til gæða vatnsins.

Stuðningur við kölkun túna og annarra ræktunarlanda er tekinn upp. Slíkur stuðningur við kölkun þekkist víða erlendis, enda er kölkun eitt grundvallaratriði til jarðvegsbóta. Hér er lagt til, að stuðningurinn verði því skilyrði bundinn, að rannsóknir hafi sýnt að kölkunar væri þörf og hún talin hagkvæm aðgerð, að mati Búnaðarfélags Íslands.

Að mati Búnaðarþings er ekki lengur ástæða til að miða upphæð framlags til nýræktar við ákveðna túnstærð. Slík mörk voru afnumin með breytingum, sem gerðar voru á Stofnlánadeildarlögunum á síðastliðnu ári.

Tekinn er upp í frumvarpið stuðningur við verkfærageymslur. Mikil þörf er á slíkum byggingum vegna síaukins fjármagns, sem liggur í vélakosti bænda.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1., 2. og 3. gr.

Greinarnar eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 4. gr.

Lagt er til, að tveim eða fleiri búnaðarsamböndum sé heimilað að ráða til sín ráðunauta til að annast sameiginleg verkefni.

Um 5. gr.

Hér er sú breyting lögð til, að ríkið greiði 65% af ferðakostnaði héraðsráðunauta eins og er um laun þeirra.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 9. gr.

Á greininni eru aðeins gerðar nokkrar orðalagsbreytingar við 3. tölulið, sem miða að því að gera skýrari ákvæði um skyldu framkvæmdaaðila til að ganga vel frá grónu landi við mannvirkjagerð.

Um 10. gr.

Um I. lið.

Ákvæðin um vélgrafna skurði eru að mestu óbreytt. Hér er þó kveðið skýrt á um, að heimilt er að veita framlag til að dýpka eldri skurði. Oft er óframkvæmanlegt að grafa nýja skurði eða skipuleggja ný framræslukerfi án þess að dýpka þá, sem fyrir eru. Þau ræktunarsambönd, sem sjálf annast framræslu á félagssvæðum sínum, eru nú undanþegin útboðsskyldu, þau verða þó að fá samþykki Búnaðarfélags Íslands á þeim taxta, sem þau grafa fyrir hverju sinni.

Eðlilegast virðist, að félagssamtök bænda fái sjálf að ráða því, hvort þau annast framræsluna hjá sér eða ekki. Í þessa grein kemur ákvæði um framlag til að ræsa með plaströrum. Undir liðinn „Önnur ræsi" eru nú líka tekin hnausaræsi, sem voru sérliður. Ákvæði þau, sem tilgreind eru í g-lið, voru í 24. gr. gildandi laga.

I. liður g. Þar hefur verið bætt inn stuðningi við flóðvarnargarða. Hér er átt við minni háttar framkvæmdir til varnar ræktunarlöndum. Ákvæði þetta nær ekki til fyrirhleðslu til varnar landbroti né breytinga á árfarvegum, sem jafnan hafa verið gerðar fyrir sérstakar fjárveitingar.

Um II. lið (jarðrækt).

Lagt er til, sem fyrr getur, að aðeins sé greint á milli nýræktar á framræstri mýri og á þurrlendi. Oft getur orkað tvímælis, hvernig flokka skuli land, enda eru öll millistig til á milli móa, mela og sanda. Það kemur og í ljós, að lítið sem ekkert

hefur verið flokkað undir sandræktun. Það ber og á það að líta, að allar þessar tegundir lands geta verið mjög misdýrar í ræktun eftir því, hve mikla tilfærslu og jöfnun þarf að gera á landinu. Áður hefur verið rætt um framlag til hagaræktar. Það skal undirstrikað, að ekki er ætlazt til þess, að slík ræktun sé tekin út fyrr en árangur ræktunarinnar er fullreyndur.

II. liður f. Tekið er upp aukaframlag til félagsræktunar, þar sem skilyrði til ræktunar eru erfið.

Um IV. lið

Hér er lagt til, að aðeins verði greitt framlag á fullgildar girðingar og hætt að greiða á minna en 6 strengja girðingar eða samsvarandi. Með vaxandi hagaræktun þótti rétt að láta framlag til girðinga ná til girðinga um heimahaga.

Um V. lið.

Hér eru áburðargeymslur flokkaðar í einn flokk og þá aðeins gert ráð fyrir vönduðum yfirbyggðum geymslum.

Um VI. lið.

Stafliðir a, b og c eru hliðstæðir gildandi lögum, en nokkur hlutfallsleg hækkun er lögð til á framlagi votheysgeymslna.

Framlag til súgþurrkunar er að mestu óbreytt frá því, sem verið hefur, en strangari kröfur gerðar með tækjabúnað.

Um VII. lið.

Búnaðarfélag Íslands hefur veitt bændum leiðbeiningar um gerð vatnsveitna og gert mælingar og áætlanir, og er gert ráð fyrir, að framlag til þeirra sé þeim skilyrðum háð, að farið sé eftir slíkum áætlunum og fyrirmælum.

Um VIII. lið.

Framlag til kölkunar er sem fyrr getur nýmæli í jarðræktarlögum. Þetta vandamál, hvort og að hve miklu leyti er þörf á að kalka íslenzk ræktunarlönd, hefur lengi verið til umræðu meðal bænda og búvísindamanna.

Fullvíst þykir nú, að kölkun sé undir vissum skilyrðum nauðsynleg, og því lengur og meira sem notaður er kalksnauður áburður, því meiri verður ástæðan til að gefa jarðveginum kalk beint með kölkun.

Um 11. gr.

Í 11. grein eru dregin saman í eina grein meira en áður var ýmis skilyrði fyrir því, að framkvæmdir séu úttektarhæfar og geti notið framlags. Flest eru þetta sömu ákvæði og í gildandi lögum, en varðandi nýja liði eru ný ákvæði, svo sem um framlag til hagaræktar.

Um 12. gr.

Greinin er að efni til sú sama og 11. grein laganna, nema hvað ártöl eru færð til samræmis við hugsaða gildistöku nýrra laga. Í síðustu málsgrein eru efnisbreytingar, þannig að af jarðabótaframlögum samkvæmt 10. grein eiga að renna 4% til búnaðarfélaga og 2% til búnaðarsambanda, nema af framlagi til vélgrafinna skurða renna 2% til hvors aðila. Með þessu aukast nokkuð tekjur búnaðarsambanda, en tekjur hreppabúnaðarfélaga munu ekki lækka að sama skapi, þar sem nú kemur gjaldið af öllum framlögum, en svo hefur ekki verið um þann hluta, sem Landnám ríkisins hefur greitt. Er þetta sett inn samkvæmt samþykkt frá Búnaðarþingi 1971. Lagt er til, að framlag til grænfóðurverksmiðja gangi óskert til þeirra.

Um 13., 14. og 15. gr.

Greinarnar eru óbreyttar eins og 12., 13. og 14. grein gildandi laga.

Um 16. gr.

Í greininni er að finna ákvæði, sem eru í 15. grein gildandi laga um skyldur verkfæraráðunautar Búnaðarfélags Íslands til að leiðbeina um vélaval og vélanotkun.

Efni 16. og 21. gr. gildandi laga er fellt úr þessu frumvarpi, þar sem lagt er til, að starfrækslu Vélasjóðs verði hætt, og að vélanefnd verði lögð niður.

Um 17. og 18. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 22. og 23. gr. gildandi laga, fjalla um „Jöfnunarsjóð fyrir skurðgröft“ og Jöfnunarsjóðsgjald. Gerðar eru eðlilegar hækkanir á gjaldinu. Þá er gerð sú breyting, að ákveðið er, að gjaldið sé innheimt beint af ríkisframlagi til skurðgraftar.

Á III. kafla, sem áður var IV. kafli, voru engar breytingar gerðar.

Á IV. kafla engar breytingar. Áður V. kafli.

V. kafli áður VI. kafli.

Um 33. gr.

Greinin er ný, og er þar gert ráð fyrir sjóðsstofnun af hálfum eignum Vélasjóðs, eins og þær reynast eftir endanlegt uppgjör. Skal sá sjóður vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands og veita styrki til tækninýjunga í landbúnaði.

Um 34. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 546. Frumvarp til laga [249. mál]

um Bjargráðasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Bjargráðasjóður er sjálfstæð stofnun, sameign ríkisins, sveitarfélaganna og Stéttarsambands bænda. Eignaraðilar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins umfram árleg, óafturkræf framlög sín til hans skv. 5. gr. laga þessara.

Heimili og varnarþing Bjargráðasjóðs er í Reykjavík.

2. gr.

Stjórn Bjargráðasjóðs er skipuð fimm mönnum, ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins, sem er formaður stjórnarinnar, fiskimálastjóra, formanni Búnaðarfélags Íslands, formanni Sambands íslenzkra sveitarfélaga og formanni Stéttarsambands bænda. Sé einhver stjórnarmanna forfallaður, tekur varamaður hans í viðkomandi starfi sæti í stjórninni.

3. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi stjórn hans og tekur ákvarðanir um afgreiðslu á umsóknum um fyrirgreiðslu úr deildum sjóðsins, styrk- og lánveitingar.

Stjórnin ræður forstjóra og annað starfslið sjóðsins og ákveður kaup þess og kjör í samræmi við launakerfi opinberra starfsmanna. Heimilt er þó stjórninni að semja við Lánasjóð sveitarfélaga eða aðra stofnun, sem henta þykir, um sameiginlega framkvæmdastjórn, skrifstofuhald og rekstur sjóðsins.

4. gr.

Bjargráðasjóður skiptist í tvær deildir, almenna deild og búnaðardeild. Halda skal bókhaldi hvorrar deildar um sig aðgreindu. Rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist úr almennu deild hans.

5. gr.

Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru:

a. Framlög sveitarfélaga, sem nema skulu kr. 50.00 fyrir hvern íbúa sveitarfélags miðað við þjóðskrá 1. desember undanfarið ár.

b. 0.25% af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga nr. 38 15. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.
c. Framlag ríkissjóðs, sem nema skal samanlögðum framlögum samkvæmt stafliðum a og b þessarar greinar.
d. Vextir af fé sjóðsins.

6. gr.

Tekjur sjóðsins skiptast þannig milli deilda:
a. Í almennu deild sjóðsins renna 75% af framlögum sveitarfélaga skv. 5. gr. a-lið og jafnhá fjárhæð af framlagi ríkissjóðs skv. 5. gr. c-lið, svo og vaxtatekjur sjóðsins.
b. Í búnaðardeild rennur allt framlag skv. 5. gr. b-lið, 25% af framlögum sveitarfélaga skv. 5. gr. a-lið og sá hluti af framlagi ríkissjóðs skv. 5. gr. c-lið, sem ekki rennur til almennu deildar sjóðsins skv. a-lið þessarar greinar.

7. gr.

Framlög sveitarfélaganna innheimtir félagsmálaráðuneytið með því að draga þau frá úthlutun til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Framlag ríkissjóðs greiðist með jöfnum, mánaðarlegum greiðslum.

Framleiðsluráð landbúnaðarins innheimtir búvörugjald skv. 2. gr. laga nr. 38 frá 15. febrúar 1945 og greiðir Bjargráðasjóði hluta hans af gjaldinu skv. 5. gr. b-lið, eftir því sem gjaldið innheimtist.

8. gr.

Hlutverk almennu deildar sjóðsins er að veita einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar tjón á fasteignum og lausafé af völdum náttúruhamfara, svo sem óveðurs, flóða og vatnavaxta, skriðufalla, snjóflóða, jarðskjálfta og eldgosa.

9. gr.

Hlutverk búnaðardeildar er að veita einstaklingum eða sveitarfélögum fjárhagsaðstoð til
a. að bæta meiri háttar tjón vegna búfjárdauða af völdum sjúkdóma eða af slysum, þegar gáleysi eiganda verður eigi um kennt;
b. fóðurkaupa vegna grasbrests af völdum kulda, kals eða óþurrka til að afstýra óeðlilega mikilli förgun búfjár;
c. að bæta uppskerubrest á garðávöxtum;
d. að veita fjárhagsaðstoð vegna verulegs afurðatjóns á sauðfé og nautgripum.

Um fjárhagsaðstoð skv. grein þessari fer skv. reglum, er sjóðstjórn setur.

10. gr.

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins samkvæmt 8. og 9. gr. laga þessara er ýmist fólgin í styrkveitingum eða veitingu vaxtalausra lána. Lánstími skal að jafnaði vera 5 ár. Ef um meiri háttar tjón er að ræða, er sjóðstjórn heimilt að veita fyrirgreiðslu eingöngu í formi styrkja.

Lán, sem veitt eru einstaklingum eða fyrirtækjum úr deildum sjóðsins, skulu tryggð með sjálfskuldarábyrgð sveitarfélags eða annarri tryggingu, sem sjóðstjórn metur gilda.

Umsóknir um aðstoð skulu hafa borizt stjórn sjóðsins innan eins árs, frá því að tjón varð, ella verða þær ekki teknar til greina.

11. gr.

Nú er um að tefla almenn bótaskyld tjón í einu byggðarlagi eða fleirum, og getur þá stjórn Bjargráðasjóðs skipað nefnd til þess að rannsaka tjónin og gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðstoð vegna þeirra.

Kostnaður vegna slíkra nefndarstarfa greiðist úr þeirri deild sjóðsins, sem veitir aðstoð vegna tjónanna.

12. gr.

Nú hefur sveitarstjórn notið aðstoðar Bjargráðasjóðs vegna samfellds harðæris í tvö ár eða lengur, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að ákveða, að frekari aðstoð til sveitarstjórnarinnar skuli vera styrkur, ef um er að ræða áframhaldandi samfellt harðæri í sveitarfélaginu, enda verði tjón af völdum harðærisins talið nema a. m. k. þriðjungi tekna sveitarsjóðs á því ári.

13. gr.

Séreignir sýslu- og bæjarfélaga við gildistöku laga þessara skulu vera í vörzlu almennu deildar sjóðsins og ávaxtast í Lánasjóði sveitarfélaga, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert sýslu- og bæjarfélag tilkall til þessarar séreignar sinnar til útbýtingar eftir reglum, sem sýslunefnd eða bæjarstjórn hefur samþykkt þar um, enda samþykki ráðherra slíka ráðstöfun að fengnu áliti stjórnar sjóðsins. Skýrslu um úthlutun þessa skal viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn senda stjórn sjóðsins að úthlutun lokinni.

Heimilt er stjórn Bjargráðasjóðs að veita deildum sjóðsins lán af séreignafé skv. þessari grein gegn almennum vöxtum af sparifé.

14. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu fullgerðir fyrir febrúarlok ár hvert. Sjóðstjórn felur löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga sjóðsins, og skal endurskoðun að jafnaði lokið fyrir 30. apríl ár hvert.

Að endurskoðun lokinni skal birta reikninga sjóðsins í B-deild Stjórnartíðinda.

15. gr.

Fé Bjargráðasjóðs, sem ekki hefur verið ráðstafað samkv. 8.—13. gr. laga þessara, skal ávaxtað í Lánasjóði sveitarfélaga og banka með ríkisábyrgð samkvæmt nánari ákvörðun stjórnarinnar.

Nú hrekkur fé annarrar hvorrar deildar sjóðsins eigi til að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur samkvæmt lögunum og að mati sjóðstjórnar, og er þá sjóðstjórninni heimilt að lána fé milli deilda án vaxta. Einnig er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast nauðsynleg lán fyrir sjóðinn eða veita honum lán úr ríkissjóði gegn veði í eignum og tekjum sjóðsins.

16. gr.

Skuldabréf fyrir lánum, sem Bjargráðasjóður tekur samkvæmt 15. gr. laga þessara, skulu undanþegin stimpilgjöldum og ríkisábyrgðargjöldum. Einnig skulu undanþegin stimpilgjöldum skuldabréf fyrir lánum, sem sjóðurinn veitir, svo og skuldabréf til sveitarfélaga vegna endurlána til einstaklinga.

17. gr.

Í reglugerð, sem stjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal setja nánari reglur um sjóðinn og starfsemi hans, þ. á m. nánari skilyrði fyrir veitingu fjárhagsaðstoðar, um upplýsingar, vottorð og önnur gögn, sem fylgja skulu umsóknum og um dráttarvexti af vanskilagreiðslum.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 82 frá 29. desember 1967, um Bjargráðasjóð Íslands, lög nr. 84 frá 31. desember 1968,

lög nr. 99 frá 31. desember 1969 og lög nr. 72 frá 30. apríl 1970, öll um breytingu á hinum fyrstnefndu lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Bjargráðasjóður Íslands var stofnaður með lögum nr. 45 frá 10. nóvember 1913. Þótt breytingar hafi verið gerðar á lögum um hann á undanförnum árum, hefur engin heildarendurskoðun þeirra átt sér stað, en hin síðari ár hefur komið í ljós, að ýmis ákvæði laganna eru orðin úrelt. Með frv. því, sem hér liggur fyrir er leitazt við að bæta úr þessu.

Helztu breytingar, sem felast í frv. eru þessar:

1. Nafni sjóðsins er breytt í samræmi við málvenjur í Bjargráðasjóður. Tekið er fram í 1. gr., að sjóðurinn sé sjálfstæð stofnun, sameign þeirra aðila, sem leggja honum til árleg, óafturkræf framlög, en slíkt ákvæði var ekki í eldri lögum.
2. Skv. frv. verða deildir sjóðsins tvær: almenn deild og búnaðardeild, en skv. gildandi lögum eru deildir sjóðsins þrjár: séreignadeild, sameignadeild og afurðatjónadeild landbúnaðarins. Gert er ráð fyrir, að séreignadeild sýslu- og bæjarfélaga verði lögð niður sem sérstök deild í sjóðnum og því verði ekki lögð óafturkræf framlög til séreigna, en eldri ákvæði um ráðstöfun séreigna sýslu- og bæjarfélaga haldist óbreytt.
3. Gleggri ákvæði eru sett um verkefnaskiptingu deilda sjóðsins en nú eru í lögum, sbr. 8. og 9. gr. frv. Ágreiningur hefur orðið milli bjargráðastjórnar og ríkisendurskoðunar vegna hinna óljósu ákvæða um þessi efni, sem nú gilda.
4. Ákvæðin um framlög eignaraðila til sjóðsins eru óbreytt frá gildandi lögum. Hins vegar breytast ákvæðin um skiptingu þessara framlaga milli deilda. Skv. gildandi lögum rennur helmingur af framlagi sveitarfélaga til séreignadeildar sýslu- og bæjarfélaga, en fjórðungur þeirra framlaga rennur til sameignadeildar og fjórðungur til afurðatjónadeildar. Skv. frv. rennur 75% af framlagi sveitarfélaganna til almennu deildar sjóðsins og 25% til búnaðardeildar, og er gert ráð fyrir, að mótframlög ríkissjóðs skiptist í sömu hlutföllum milli deildanna. Að öðru leyti er óbreytt skipan skv. frv. á framlögum til búnaðardeildar (áður afurðatjónadeildar), sbr. 6. gr. frv.
5. Það nýmæli er í frv., sbr. 11. gr., að stjórn sjóðsins sé heimilt að skipa nefnd til að rannsaka tjón og gera tillögur um aðstoð, þegar um er að ræða almenn tjón í heilum byggðarlögum. Undanfarin ár hefur landbúnaðarráðherra skipað slíka harðærisnefnd. Eðlilegra virðist, að stjórn sjóðsins geri það, þar eð sú aðstoð sem veita skal, er að jafnaði veitt úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins hefur jafnan leitað umsagnar Búnaðarfélags Íslands um harðærisvandamál landbúnaðarins og mun væntanlega gera það framvegis.
6. Þá felst nýmæli í 12. gr. frv. um heimild til styrkveitinga til sveitarstjórna, sem búið hafa við samfellt harðæri í tvö ár eða lengur og notið aðstoðar Bjargráðasjóðs af þeim sökum. Til þess að þessi heimild verði notuð verða þó tjón af völdum harðærisins að nema a. m. k. þriðjungi af tekjum sveitarfélagsins.
7. Varðandi ávöxtun á eignum sjóðsins, sem ekki eru bundnar í útlánum hjá einstaklingum, félögum eða sveitarfélögum skv. tilgangi deildanna, eru nýmæli í 13. og 15. gr. Skv. 13. gr. skulu séreignir sýslu- og bæjarfélaga ávaxtast í Lánasjóði sveitarfélaga og annað handbært fé sjóðsins ávaxtast í Lánasjóði sveitarfélaga og banka með ríkisábyrgð eftir nánari ákvörðun sjóðstjórnarinnar, sbr. 15. gr. Eðlilegt virðist, að Lánasjóður sveitarfélaga njóti þess hagræðis, þar eð aðstoð sú, sem sjóðurinn veitir er afar misjöfn í hinum ýmsu sveitarfélögum og einmitt þau sveitarfélög, sem minnstrar aðstoðar njóta hjá sjóðnum, eru mörg hver í brýnni þörf fyrir lánsfé.

Ed. **547. Frumvarp til laga** [250. mál]

um breyting á lögum nr. 84 1970, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

4. gr. 1. málsgr. laganna orðist svo:

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeildanna, einn fulltrúi, sem tilnefndur er á almennum félagsfundi í félagi háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, og tveir fulltrúar stúdenta, kjörnir í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn. Þegar kjörið er í fyrsta sinn, skal annar fulltrúinn þó kjörinn til eins árs. Háskólaritari á einnig sæti á fundum ráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Kennarar Háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar, stundakennarar og erlendir sendikennarar.

Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir, sem hafa kennslu og rannsóknir við Háskólann að aðalstarfi.

Að tillögu háskólaráðs og þeirrar deildar, sem í hlut á, má þó tengja kennarastöðu við Háskólann tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við stofnun utan Háskólans, enda sé sú tilhögun heimiluð í reglum stofnunarinnar eða samþykkt af stjórn hennar. Um veitingu slíkrar kennarastöðu fer eftir lögum og reglugerð fyrir Háskólann. Veiting slíkrar stöðu má vera tímabundin, og skal staðan þá veitt til allt að fimm ára í senn. Við stöðuveitingu skal starfsheiti ákveðið og kveðið á um starfsskyldur, eftir því sem tilefni er til. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gera verður samkvæmt háskólalögum að fylgi slíkri stöðu. Nánari ákvæði um fyrirkomulag þeirra stöðuveitinga, sem hér um ræðir, má setja í reglugerð, eftir því sem nauðsynlegt þykir. Heimild þessarar málsgreinar nær ekki til prófessorsembætta, sbr. þó 38. gr.

Heimilt er, með samþykki háskólaráðs að tillögu háskóladeildar, að skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að fimm ára í senn. Um tilhögun slíkrar skipunar skal setja ákvæði í reglugerð.

Í reglugerð skal setja meginreglur um starfsskyldur prófessora, dósenta og lektora. Háskólaráð leysir úr því, hvernig starfsskylda einstakra háskólakennara skuli skiptast, sbr. nánar 1. mgr. 18. gr.

Aðjúnktar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar svo og styrkþegar eru ráðnir til skemmri tíma og taka stundakennslulaun, mánaðar- eða árslaun. Í hvert skipti, er nýr kennari ræðst að Háskólanum, skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

Í reglugerð skal mælt fyrir um starfsheiti fastráðinna starfsmanna háskólastofnana.

Dósentar og lektorar, sem nú starfa við Háskólann og skipaðir voru fyrir gildistöku laga nr. 22/1969, halda starfsheitum sínum.

3. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu, skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

4. gr.

18. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Háskólaráð ákveður, að fenginni umsögn háskóladeildar, hvernig starfsskylda einstakra háskólakennara skuli skiptast milli kennslu og annarra starfsþátta. Nú unir kennari ekki úrlausn háskólaráðs, og má hann þá skjóta úrlausninni til menntamálaráðherra, sem leysir til fullnaðar úr þessu efni.

5. gr.

Aftan við 2. málsgr. 21. gr. komi ný málsgr., er verður 3. málsgr., svo hljóðandi:

Háskólaráði er heimilt samkvæmt umsókn og að fengnum tillögum þeirrar deildar, er í hlut á, að leyfa skrásetningu einstaklinga, er lokið hafa öðru fullnaðarprófi frá menntaskóla en stúdentsprófi. Enn fremur er háskólaráði heimilt samkvæmt umsókn að leyfa skrásetningu einstaklinga, er lokið hafa öðru námi hérlendis með þeim árangri, sem sú deild, er í hlut á, mælir með, að skapi hæfi til framhaldsnáms innan Háskóla Íslands. Enn fremur skal rektorsembættið vera þessum ráðstöfunum meðmælt, sbr. 3. mgr. 2. gr.

6. gr.

Við 29. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé ekki völ á prófdómanda hérlendis utan Háskólans, er fullnægi skilyrðum 4. málsgr. hér á undan, er menntamálaráðherra rétt að skipa háskólakennara til starfans að fenginni tillögu háskóladeildar.

7. gr.

31. gr. orðist svo:

Háskóladeildir hafa rétt til að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita annaðhvort í heiðurs skyni eða að undangengnu sérstöku prófi. Doktorsnafnbót í heiðurs skyni verður ekki veitt nema með samþykki ¾ hluta allra atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs. Háskóladeildir standa fyrir doktorsprófi. Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga ekki atkvæðisrétt um veitingu doktorsnafnbóta.

8. gr.

Framan við 38. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Prófessorar og dósentar geta jafnframt haft starfsaðstöðu við stofnanir utan Háskólans. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gera verður samkvæmt háskólalögum að fylgi slíkri stöðu. Heimild til slíkra starfa má þó aðeins veita með samþykki háskólaráðs og viðkomandi háskóladeildar í hverju einstöku tilviki.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er að efni til í samræmi við tillögur háskólaráðs. Veigamestu nýmælin, sem það gerir ráð fyrir, varða annars vegar kennarastöður við Háskóla Íslands, þar sem stefnt er að því að opnaðar verði greiðari leiðir til hagfellds samstarfs um sérfræðilegan vinnukraft milli háskólans og stofnana utan hans, en hins vegar er stigið skref í þá átt að rýmka nokkuð inngönguskilyrði í háskólann, þannig að menn, sem aflað hafa sér viðhlítandi undirbúningsmenntunar, þótt á annan veg sé en með stúdentsprófi, eigi þess nokkurn kost, að fullnægðum ákveðnum skilyrðum, að verða skráðir til náms í Háskóla Íslands

og ljúka þar prófum. Fyrir þessum atriðum, svo og öðrum breytingum, sem í frumvarpinu felast, er gerð nánari grein í eftirfarandi athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Breyting sú, sem lagt er til að gerð verði á 1. málsgr. 4. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, lýtur að því, að fulltrúar stúdenta hafi jafnlanga setu í háskólaráði og deildarforsetar og fulltrúi Félags háskólakennara. Er breyting þessi gerð að ósk stúdenta og miðar að hinu sama og ákvæði gildandi laga um kjör deildarforseta, þ. e. að eigi verði skipt um menn í háskólaráði nema að hálfu í senn, og fáist þann veg meiri festa í stjórn. Þá er og í frumvarpinu gert ráð fyrir, að fulltrúar stúdenta í háskólaráði séu kjörnir í sérstökum kosningum, en samkvæmt gildandi lögum eru þeir tilnefndir af stúdentaráði.

Um 2. gr.

Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á 10., 11., 18. og 38. gr. gildandi háskólalaga (sjá 2., 3., 4. og 8. gr. frumvarpsins), eru hver annarri tengdar, og verður fjallað hér um þær í einu lagi. Um breytingar þessar segir m. a. svo í greinargerð háskólarektors:

„Orsök þeirra er smæð þjóðfélagsins, sem gerir að verkum, að varla er unnt að rjúfa tengsl manna við atvinnulíf og þjóðlíf, er þeir gerast háskólakennarar, enda væri það í sjálfu sér óheppilegt. Frumvarp til fjárlaga ársins 1972, bls. 156, gerði að vísu ráð fyrir eilítið breyttri skipan þessara mála í sambandi við verkfræði- og raunvísindadeild og tók þá einkum mið af kjarasamningum við opinbera starfsmenn. Háskóli Íslands vill ekki fallast á, að ein deild sé tekin út úr sérstaklega, þar sem sama vandamál er þegar fyrir hendi í læknadeild í sambandi við spítalana og gæti reyndar komið fyrir í hvaða deild, sem er. Orsökin er eins og áður segir takmörkunin, sem felst í fámennu þjóðfélagi, sem nýta verður hvern þegn til hins ýtrasta. Þar við bætist, að fjárráð nægja ekki til að tvöfalda rannsóknaraðstöðu í fjölda greina. Er þjóðfélaginu nauðsyn að nýta sem bezt aðstöðu þá, sem það hefur lagt mikla fjármuni í að koma upp og reka. Nýmælin eru fólgin í því, að mögulegt verði að tengja saman kennslu við Háskóla Íslands og rannsóknaraðstöðu utan hans, er óframkvæmanlegt reynist að koma upp rannsóknaraðstöðu innan hans. Það er engan veginn ætlunin, að Háskóli Íslands yfirtaki þær rannsóknarstofnanir, sem fyrir eru, eða taki ráðin af forstjórum þeirra. Jafnræði verður að vera um samkomulag um framkvæmd á þann veg, að samningar fari fram hverju sinni milli Háskóla Íslands og stofnunar. Hins vegar getur Háskóli Íslands ekki fallið frá almennum reglum sínum um hæfismat kennarans, sem fer fram samkvæmt því stöðuheiti, sem kennaranum er ætlað innan Háskólans. Hins vegar getur og komið fyrir að greiða þurfi stofnun vegna vinnutaps þess sem hún verður fyrir, er starfsmaður hennar kennir jafnframt við Háskólann, enda mun aðalreglan verða sú, að eigi komi til tvígreiðslna. Jafnframt er gert ráð fyrir, að flytja megi kennara úr lægra starfsflokki í æðra, sbr. tillöguna um nýja málsgrein við 11. gr. Þar að auki má benda á 1. mgr. 12. gr., sem beita megi, þótt eigi hafi komið til, t. d. um prófessorsembætti. Orðalagsbreyting í 18. gr., þegar lagt er til, að „starfsskylda“ komi í stað „kennsluskyldu“, höfðar að því, að starf háskólakennara er meira en kennsla ein. Rannsóknarskylda og stjórnunarskylda eru og mikils verðir þættir, og er sú síðarnefnda skylda ærið þungur baggi á mörgum kennurum. Í heild miða tillögur háskólaráðs að því að tengja Háskóla Íslands við rannsóknarstofnanir þjóðarinnar og verður að fá lagaheimild til þess. Um mörg framkvæmdaatriði verður að setja reglugerðarákvæði eftir því sem reynslan kennir“.

Um 3. og 4. gr.

Sjá aths. við 2. gr.

Um 5. gr.

Um breyting þá, sem lagt er til, að gerð verði á 21. gr. laganna, er fjallar m. a. um inngönguskilyrði í Háskóla Íslands, segir á þessa leið í greinargerð háskólarektors:

„Þegar lagt er til, að nýrri málsgrein sé bætt í 21. gr., er um mikilsvert nýmæli að ræða. Annars vegar er það afleiðing af 11. gr. laga nr. 12/1970 og 50. gr. reglugerðar nr. 12/1971, um menntaskóla, sbr. 5. tölulið 26. gr. téðra laga. Hins vegar eru nú starfandi ýmsir sérskólar svo sem Tækniskóli Íslands, er veita mjög hliðstæða menntun og menntaskólarnir nú og próf frá þeim mjög sambærileg við stúdentspróf. Á það má benda, að háskólaráð hefur þegar heimilað reynslunám tveggja, er útskrifazt hafa með ágætiseinkunn úr Tækniskóla Íslands, en lagaheimild skortir til þess að þeir geti fengið próf sín við verkfræði- og raunvísindadeild viðurkennd. Erlendar hliðstæður er t. d. að finna í Bretlandi og á Norðurlöndum. Heimildarákvæðið er réttmætt og réttlátt, því stúdentsprófið eiginlega er að taka á sig svo margbreytilegar myndir, að það er eigi lengur sambærilegt við það, sem áður var. Hins vegar er það eigi ætlunin að opna allar dyr, heldur einungis að skapa einstaklingum, er lokið hafa ákveðnu sérnámi, möguleika til framhaldsnáms við Háskóla Íslands, eftir að nám þeirra og námsárangur hefur verið metið af háskóladeild, háskólaráði og rektor. Í því sambandi skal tekið fram, að þegar er vísir að þessari framkvæmd í 2. mgr. 21. gr., er rektor getur leyft, að skrásettir verði til náms menn, er lokið hafa erlendis prófi eða prófum, er tryggja nægan undirbúning til námsins eigi miður en íslenzkt stúdentspróf, og hefur því ákvæði verið beitt. En þar við bætist, að Ísland er aðili að samningi milli þjóða Evrópuráðsins, er mælir svo fyrir, að lokapróf er veitir rétt til inngöngu í háskóla eins aðildarríkis, veitir sama rétt innan annarra aðildarríkja með ákveðnum takmörkunum þó, sé um lokaðar deildir að ræða (numerus clausus). Verður því að viðurkenna rétt Íslendings til skrásetningar, hafi hann lokið írsku fullnaðarprófi, sem veitir rétt til inngöngu við írska háskóla. Og er þegar komið fram eitt dæmi þess. Annað dæmi er fullnaðarpróf Íslendings í Belgíu. Háskólaráð er einhuga um, að heimildarákvæðið um viðurkenningu innlendra sérhæfðra prófa verði lögfest“.

Um 6. gr.

Í greinargerð háskólarektors segir á þessa leið: „Málsgreinin, sem lagt er til, að bætt verði við 29. gr., er nauðsynleg af þeirri ástæðu, að þegar hefur komið fram, að eigi hafi verið unnt að fullnægja að öllu leyti ákvæði reglugerðar um, að háskóladeild tilnefni tvöfalt fleiri menn en skipa á prófdómara, og horfa verður í augu þeirrar staðreyndar, að í sumum greinum er eigi unnt að finna hæfan prófdómara hérlendis utan Háskóla Íslands vegna smæðar þjóðfélagsins. Því er undantekningarákvæði þetta brýn nauðsyn.“

Um 7. gr.

Breytingin er í því fólgin, að í stað kröfu gildandi laga um einróma samþykki atkvæðisbærra deildarmanna við ákvörðun um veiting doktorsnafnbótar í heiðurs skyni er hér kveðið á um samþykki ¾ hluta atkvæðisbærra deildarmanna. Um breyting þá, sem hér er um að tefla, segir háskólarektor m. a. í greinargerð sinni, að hún sé „til komin vegna ört vaxandi fjölda kennara, er setu eiga og atkvæðisrétt á deildarfundum, sbr. 14. gr. laga, og er hann þegar orðinn á þriðja og fjórða tug í stærstu deildunum. Þykir því ekki rétt, að stakur kennari geti með neitunarvaldi komið í veg fyrir framgang máls, er ákveðinn meirihluti styður.“

Um 8. gr.

Sjá aths. við 2. gr.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Nd. 548. Frumvarp til laga [251. mál]

um getraunir.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að stofna félag, Íslenzkar Getraunir, sem afli fjár til stuðnings íþróttaiðkunum á vegum hins frjálsa framtaks áhugamanna um íþróttir í landinu, sem bundið er í félögum innan Ungmennafélags Íslands eða Íþróttasambands Íslands.

2. gr.

Félagið starfrækir getraunir, en með getraunum er átt við, að á þar til gerða miða — getraunaseðla, sem félagið eitt hefur rétt til þess að gefa út og selja, eru merkt úrslit kappleikja (íþróttagetraunir) eða skráð niðurröðun ákveðins fjölda talna (talnagetraunir).

Verð einninga (raða) eða miða ákveður stjórn Íslenzkra Getrauna.

3. gr.

Helmingi af heildarsöluverði raða eða miða skal varið til vinninga.

Vinningar getrauna eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

4. gr.

Íslenzkum Getraunum skal stjórnað af fimm manna stjórn, sem sé skipuð einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna aðila:

Íþróttanefnd ríkisins.
Stjórn Ungmennafélags Íslands (UMFÍ).
Framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ).
Stjórn Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ).
Framkvæmdastjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR).

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Stjórnin skipti sjálf með sér verkum.

Starfstími stjórnarinnar er þrjú ár.

Þóknun til stjórnarinnar ákveður menntamálaráðuneytið og greiðist hún af Íslenzkum Getraunum.

5. gr.

Reglur um starfrækslu getrauna setur menntamálaráðuneytið að fengnum tillögum stjórnar Íslenzkra Getrauna.

6. gr.

Dómsmálaráðuneytið hefur eftirlit með starfrækslu getrauna og gætir hagsmuna þátttakenda.

Kostnað við eftirlitið greiði Íslenzkar Getraunir samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins.

Að öðru leyti fer menntamálaráðuneytið með málefni getrauna.

7. gr.

Stjórn Íslenzkra Getrauna ræður félaginu starfsfólk og setur því erindisbréf. Reikningsár félagsins er frá 1. júlí til 30. júní.

Reikningar þess skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni. Ársreikning ásamt ársskýrslu skal senda menntamálaráðuneytinu.

8. gr.

Stjórn Íslenzkra Getrauna ákveður, hverjum veitist söluumboð, og kveður á um sölulaun.

Ungmenna- og íþróttafélög eða samtök þeirra gangi fyrir um veitingu söluumboða innan íþróttahéraðs síns. Gerður skal samningur við handhafa söluumboðs.

Greiða skal stjórn héraðssambands 3% af heildarsölu í viðkomandi íþróttahéraði, enda staðfesti hún virka félagslega aðild umboðsaðila að samtökum sínum í íþróttahéraðinu.

9. gr.

Til kostnaðar við íþróttagetraunir skal teljast greiðsla til Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ), sem sé að lágmarki 250 þús. kr., en 15 þús. kr. af hverri milljón heildartekna yfir 20 millj. kr. eða hluta úr milljón allt að því að greiðslan nemur 475 þús. kr.

Einnig teljist til kostnaðar 0.5% greiðsla af heildarsölu í varasjóð, sem Íslenzkar Getraunir eiga og nota til þess að mæta áföllum, sem félagið kann að verða fyrir.

10. gr.

Þegar vinningar, sölulaun og kostnaður hefur verið greiddur, skal ágóði skiptast þannig:

Til Íþróttasjóðs 10%.
Til Ungmennafélags Íslands 20%.
Til Íþróttasambands Íslands 70%.

11. gr.

Öllum öðrum en Íslenzkum Getraunum skal óheimilt að starfrækja getraunir, sem um ræðir í 3. gr. þessara laga. Enn fremur er óheimilt að starfrækja veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakeppni.

Brot á þessum ákvæðum varðar sektum allt að 100 þús. kr., sem greiðist í íþróttasjóð.

12. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

13. gr.

Leggist starfræksla getrauna niður, skulu eignir félagsins varðveitast hjá íþróttanefnd ríkisins.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 84/1940 og nr. 69/1952.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þróun getrauna á Íslandi.

Þegar milliþinganefnd um íþróttamál starfaði á árunum 1938 til 1940 safnaði hún gögnum um íþróttamál nágrannaþjóðanna. Meðal þeirra gagna, sem nefndinni

bárust, voru upplýsingar um félag, sem nýlega hafði tekið þá til starfa í Svíþjóð og nefndist Aktiebolaget Tiptjänst. Nefndin dró þá ályktun af þeim upplýsingum, sem henni bárust, að með því að koma slíkri starfsemi á fót hér á landi þá mundi gefast tækifæri til nokkurrar fjáröflunar fyrir íþróttasjóð, sem nefndin hugðist láta stofna með tilkomu íþróttalaga. Jafnframt því, sem nefndin gekk frá tillögum að frumvarpi til íþróttalaga þá gekk hún frá tillögum að frumvarpi til laga um tekjuöflun fyrir íþróttasjóð. Þessi lög byggði nefndin fyrst og fremst á hinum sænsku upplýsingum um þá starfsemi, sem hún kallaði veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakappleiki.

Vegna heimsstyrjaldarinnar 1939—1945 þá var ekki hægt að afla þeirra gagna sem þurfti varðandi þessa sænsku starfsemi. Það var því ekki fyrr en á árinu 1948 að hafizt var handa að afla gagna um hið sænska félag. Um það sama leyti voru Danir að byrja rekstur hliðstæðrar starfsemi hjá sér. Var nákvæmlega fylgzt með undirbúningi þessara mála í Danmörku og þá einnig í Noregi, þegar Norðmenn hófu að starfrækja Norsk Tipping, sem þeir kölluðu þar í landi, til ágóða fyrir íþróttastarfsemi. Á árinu 1951 sækir íþróttanefnd ríkisins um leyfi til þáverandi menntamálaráðherra, að nefndin fái að kynna sér þessa starfsemi, bæði í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og jafnvel í Finnlandi. Þáverandi menntamálaráðherra, Björn Ólafsson, leyfði að þessi athugun færi fram og var Jens Guðbjörnsson fenginn til þess að fara til Noregs og kynna sér þessa starfsemi, sem þá strax gekk hér heima undir nafninu „getraunir".

Í undirbúningi getraunarekstrar hér á landi tóku þátt fulltrúar frá Íþróttasambandi Íslandi og sérsamböndum, þess, einnig frá þeim héraðssamböndum og íþróttabandalögum, sem náðist til, og svo líka stjórn Ungmennafélags Íslands. Eftir að gengið hafði verið frá reglugerð um getraunir, þá hófu þær raunverulega göngu sína þann 19. apríl 1952.

Á árunum 1952 til 1956 var starfrækt hér landi félagið Íslenzkar Getraunir á vegum íþróttanefndar ríkisins, samkvæmt fyrrnefndum lögum nr. 84/1940 um tekjuöflun til íþróttasjóðs. Þeir aðilar, sem að starfseminni stóðu gerðu sér miklar vonir um að með getraunastarfseminni öðlaðist íþróttahreyfingin og íþróttasjóður góðan og öruggan tekjustofn. Á þeim 174 vikum, sem getraunir voru starfræktar voru seldir alls 155 110 getraunaseðlar, eða að meðaltali 890 seðlar á hverri leikviku. Heildartekjur námu kr. 1 087 575.00. Þessi starfræksla var með sama fyrirkomulagi og tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Þrátt fyrir ötulleika starfsmanna Íslenzkra Getrauna náðist aldrei sú þátttaka, sem þurfti til þess að vinningar yrðu nógu aðlaðandi. Svo fór að rekstrinum var hætt og starfsemin gerð upp með 191 þús. kr. halla. Þeim ávinningi var þó náð með þessari starfrækslu, að þjóðin hafði kynnzt hvað getraunir í sambandi við íþróttakappleiki eru. Dagblöð og hljóðvarp höfðu birt frásagnir um kappleiki og úrslit þeirra og blöðin höfðu fasta dálka um þá leiki, sem voru á getraunaseðlum. Einnig urðu til starfsmenn, sem fullkomlega kunnu að starfrækja getraunir.

Enda þótt þessi árangur hafi dregið úr trúnni á möguleika getraunarekstrar með þessu fyrirkomulagi, sem tíðkaðist á Norðurlöndum, voru hugmyndir um getraunir við og við að skjóta upp kollinum.

Hingað komu haustið 1958 þrír Englendingar til viðræðna um að koma upp útibúi hér á landi frá einhverju hinu stærsta getraunafélagi á Bretlandseyjum, Vernon Pools Ltd. í Liverpool. Sölustjóri fyrirtækisins gerði tilboð um rekstrarfyrirkomulag. Þessar fyrirætlanir um samvinnu við Bretana strönduðu á landhelgisdeilunni og ríkisstjórnin synjaði um leyfi.

Haustið 1967 leitaði svo Vernon Pools Ltd. aftur eftir samvinnu að rekstri getrauna og óskaði eftir nýjum athugunum á fyrra tilboði og hingað sendi það þetta tilboð í ársbyrjun 1968.

Vorið 1968 tjáðu Norsku getraunirnar (Norsk Tipping A/S) sig reiðubúnar til að taka upp samstarf og koma upp útibúi hér á landi. Tilboð frá þeim barst

síðar sama ár, en var talið óhagkvæmt að því leyti, að of stór hlutur yrði eftir í Noregi þess andvirðis, sem eftir verður þegar greiðslur vinninga og umboðslauna hafa verið inntar af höndum.

Haustið 1968 hófu tvö knattspyrnufélög í Reykjavík, Þróttur og Víkingur, getraunir meðal félagsmanna sinna, en annað þeirra hafði veturinn áður gert slíka tilraun, sem mistókst. Var fyrirkomulagið mjög einfalt: einföld röð með 12 leikjum var seld á kr. 25.00, og vinningshlutfall 60%. Í byrjun febrúar 1969 hóf Knattspyrnudeild Knattspyrnufélags Reykjavíkur einnig getraunarekstur með sama fyrirkomulagi og fór reksturinn út á opinn markað, með félagsmenn sem umboðsmenn. Starfsemin óx jafnt og þétt með viku hverri. Í marz var heildarsala þessara þriggja félaga orðin um 2500 seðlar.

Forseti Íþróttasambands Íslands og formaður Knattspyrnusambands Íslands ræddu við íþróttafulltrúa ríkisins um það, á útmánuðum 1969, hvort eigi væri möguleiki á því að koma getraunastarfseminni á að nýju. Vegna hins góða árangurs félaganna þriggja, sem gerðu tilraun um getraunarekstur, ráðgerðu önnur félög í Reykjavík að fara að dæmi þeirra og til þess að skapa þessari starfsemi lagalega heimild og samræma starfsemina, sótti stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur til íþróttanefndar ríkisins, í marzmánuði 1969, um leyfi fyrir getraunastarfsemi í Reykjavík. Hinn 24. marz var efnt til viðræðufundar með fulltrúum Íþróttasambands Íslands, Knattspyrnusambands Íslands og Íþróttabandalags Reykjavíkur og íþróttafulltrúa ríkisins um rekstur getrauna með sama formi og knattspyrnudeildirnar þrjár höfðu tekið upp. Var íþróttafulltrúa ríkisins og framkvæmdastjóra Íþróttabandalags Reykjavíkur falið að gera athugun og áætlun um slíkan rekstur. Þeir sömdu áætlun og drög að starfsreglum og samningi og lögðu þessi gögn fram á fundi 28. marz, þar sem mættir voru fulltrúar frá sömu aðilum og hér að framan greinir. Á grundvelli þessara athugana voru gerðar tillögur að rekstrarsamningi milli hinna þriggja aðila og íþróttanefndar ríkisins.

Á grundvelli þessara athugana og frumdraga að samningi og starfsreglum var þess farið á leit við íþróttanefnd ríkisins, að hún aflaði leyfis hjá menntamálaráðuneytinu til þess að þessir fyrrnefndu aðilar gætu sett á fót rekstur getrauna hér á landi. Jafnframt var ákveðið að óska eftir tilnefningu frá fyrrnefndum aðilum í stjórnarnefnd. Þann 5. apríl 1969 var komið saman til fundar og var þá lagt fram vilyrði menntamálaráðherra fyrir umbeðnu leyfi. Var nú tekið til við undirbúning að endanlegum samningi og reglugerð um getraunastarfsemi og reglugerðin samþykkt hinn 17. apríl af íþróttanefnd ríkisins og stjórnum hinna þriggja sameignaraðila.

Þann 4. maí 1969 var svo hinn fyrsti getraunaseðill gefinn út og var það í tilefni af heimsókn Arsenals. Var ákveðið að getraunaseðlar yrðu gefnir út hálfsmánaðarlega fyrst um sinn. Eftirlitsmaður með getraunum, til að gæta hagsmuna þátttakenda, var skipaður af Íþróttanefnd ríkisins og var hann Axel Einarsson hrl. og hefur hann verið það síðan. Húsakynni fyrir starfsemina fengust í skrifstofuhúsnæði Íþróttabandalags Reykjavíkur, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Í undirbúningi öllum tók mjög virkan þátt framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Reykjavíkur Sigurgeir Guðmannsson, sem verið hafði aðstoðarmaður Jens Guðbjörnssonar um rekstur getrauna á árunum 1952—56. Hann var sérlegur kunnáttumaður um allt varðandi getraunir. Sigurgeir var valinn til þess að annast framkvæmdastjórastörf getrauna jafnframt því, sem hann var framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Reykjavíkur.

Hinn 17. september 1969 var samþykkt á fundi hjá íþróttanefnd ríkisins, að segja upp samningi þeim, sem gerður var hinn 13. apríl 1969 milli íþróttanefndar ríkisins annars vegar og ÍSÍ, HSÍ og ÍBR. Var íþróttafulltrúa ríkisins jafnframt falið að taka upp viðræður við þessa aðila um nýjan samning.

Vegna þess að rekstrartímabilið er samfellt frá hausti til vors var samningstíminn framlengdur til bráðabirgða fram að sumarhléi. Samtímis var hafinn undir-

búningur að nýjum samningi og var hann undirritaður hinn 15. júlí 1970. Með honum er Ungmennafélag Íslands samningsaðili ásamt hinum fyrrtöldu þremur aðilum.

Helztu breytingar á samningnum voru þessar: hagnaðarhluti íþróttanefndar ríkisins felldur niður svo og hlutur KSÍ og ÍBR í hagnaði, en hagnaður skiptist framvegis þannig að ÍSÍ fengi 80% og UMFÍ 20%. Fyrir afnot af erlendum sem innlendum knattspyrnuleikjum skyldi greiðast KSÍ lágmarksgjald kr. 250 þús. en síðan 15 þús. kr. heildartekna fram yfir 20 millj. kr. en allt að því að hámarksgreiðsla á ári næmi 475 þús. kr. Til Íþróttabandalags Reykjavíkur skyldu greiðast 3% af heildarsölu bandalagsaðila þess, eins og ákveðið var í samningnum að greiða skyldi til allra þeirra héraðssambanda og bandalaga, sem ættu innan síns héraðssambands íþróttafélög sem starfræktu sölu á getraunaseðlum.

Þá var ákveðið að 0,5% af heildartekjum yrðu lögð í varasjóð til þess að mæta ófyrirséðum útgjöldum.

Hlutfall vinningsupphæðar var óbreytt frá því sem áður hafði verið, 50%, en tekinn var upp nýr vinningsflokkur, 2. vinningur. Til 1. vinnings skyldu renna 70% af upphæðinni, en til 2. vinnings 30%. Þá var lágmarksvinningur hækkaður úr 100 kr. í 1000 kr. þ. e. a. s. að vinningar sem voru undir þessari upphæð greiddust ekki, en jafnframt var tekið upp að miða fyrsta vinning við heilt og hálft þúsund, en annan vinning við heilt hundrað kr. Rétt er að geta þess, að þær upphæðir sem við þetta verða eigi útgreiðsluhæfar renna í jöfnunarsjóð, en jöfnunarsjóður er ekki eign getrauna, heldur eign þátttakenda og eftir vissum reglum er varið úr þessum sjóði til vinninganna.

Þegar menntamálaráðuneytið samþykkti hinn nýja samning, þá tók það fram, að endurskoðun færi fram á gildandi lögum um tekjuöflun til íþróttasjóðs og yrði þeirri endurskoðun lokið fyrir áramót 1970—71. Úr þessari endurskoðun varð ekki, eða réttara sagt henni varð ekki lokið eða komið vel áleiðis, svo að þegar leið að þeim tíma þegar samningur rynni út árið 1971 var þess farið á leit við ráðuneytið, að samningurinn framlengdist óbreyttur til jafnlengdar 1972. Var þetta leyft, en þó munnlega og dróst að fá skriflegt leyfi þar til að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hafði með bréfi, dags. 19. nóv. 1971, ritað menntamálaráðuneytinu sitt samþykki, því að komið hafði á daginn, að samkvæmt skiptingu málefnaflokka milli ráðuneyta skyldu getraunir falla undir eftirlit dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Ráðuneytið tilkynnti að það gæti fyrir sitt leyti fallizt á framlenginguna, en tók fram að það óskaði eftir að hraðað yrði endurskoðun á lögum nr. 84/1940.

Menntamálaráðuneytið ritaði íþróttanefnd ríkisins bréf 13. janúar 1972 og staðfesti það leyfi, sem ráðuneytið hafði veitt munnlega á árinu 1971, þ. e. leyfi væri veitt fram til 15. júlí 1972, en að endurskoðun fyrrnefndra laga yrði hraðað sem mest. Þann 7. janúar sl. ritaði stjórn Getrauna íþróttanefnd ríkisins bréf þess efnis, að hún óskaði eftir og rökstuddi að leyfið, sem rynni út 15. júlí 1972 yrði framlengt til 5 ára. Stjórn Getrauna var sent svar menntamálaráðuneytisins frá 13. janúar og jafnframt tekið fram, að íþróttanefnd ríkisins myndi óska eftir að endurskoðun gildandi laga um tekjuöflun til íþróttasjóðs yrði framkvæmd. Íþróttafulltrúi ríkisins samdi tillögur að breytingum fyrrnefndra laga og þ. 18. febr. 1972 var fundur haldinn og boðaðir til hans fulltrúar frá Ungmennafélagi Íslands, Íþróttasambandi Íslands, Knattspyrnusambandi Íslands, Íþróttabandalagi Reykjavíkur, stjórn Getrauna og þar mætti svo íþróttanefndin sjálf. Fundurinn kaus svo þriggja manna nefnd sem í voru skipaðir íþróttafulltrúi ríkisins, formaður Getrauna, jafnframt gjaldkeri Íþróttasambands Íslands og svo framkvæmdastjóri Ungmennafélags Íslands. Skyldu þeir vinna að því, að samræma þær tillögur, sem lagðar voru fram á fundinum og svo þær breytingartillögur sem fram hefðu komið í umræðunum. Á fundum með nefndum aðilum, bæði 3. og 4. marz var endanlega gengið frá tillögum að frumvarpi til laga um getraunir og athugasemdum við frumvarpið.

Þann 1. jan. 1972 höfðu hinar endurvöktu getraunir selt 2.790.354 getraunaseðla á 101 söluviku frá 3. maí 1969.

Af um 70.0 millj. kr. heildarsölu hafa ungmenna- og íþróttafélögin með eljusemi sinni unnið félögum sínum inn 17.4 millj. kr. Íþróttabandalag Reykjavíkur og önnur héraðasambönd hafa fengið 2.0 millj. kr., Knattspyrnusamband Íslands 1.0 millj. kr., Íþróttasamband Íslands 4.2 millj. kr. og Ungmennafélag Íslands 906 þús. kr. Í heild hafa runnið til félaganna og samtaka þeirra um 25.5 millj. kr. eða um 36.4% af heildarsölu.

Íþróttasjóður hefur hlotið rúml. 1.0 millj. kr. og fyrirtækið sjálft á í varasjóði um 240 þús. kr.

Samkvæmt því, sem næst verður komizt, nam kostnaður ungmenna- og íþróttafélaga og samtaka þeirra, stjórnar UMFÍ, framkvstj. ÍSÍ og hinna 10 sérsambanda þess rúml. 30.0 millj. kr. árið 1970 vegna þjálfunar, æfinga, rekstrarkostnaðar eða leigu íþróttamannvirkja og íþróttalegra samskipta innanlands og við útlönd.

Fjárfesting þessara sömu aðila 1970 í íþróttamannvirkjum nam 8.0 millj. kr.

Stjórnarkostnaður, tap á mótum, þegar tekjur og gjöld við þau eru uppgerð, gjöld til erlendra sambanda svo og kostnaður við önnur félagsstörf en íþróttir, mun hafa numið um 5.0 millj. kr.

Heildarkostnaður allra þessara félagsaðila íþróttahreyfingarinnar 1970 hefur því numið 43.0 millj. kr.

Upp í þennan kostnað voru 1970 veittir styrkir úr ríkissjóði (þar með talinn íþróttasjóður), bæjar- og sveitarsjóðum, að því sem næst verður komizt 18—20.0 millj. kr. Félagssamtökin sjálf hafa því orðið að vinna sér inn fé og leggja fram þegnskaparvinnu, sem alls hefur numið 23—25 millj. kr. Talið er að skuldir í lok ársins 1970 hafi numið alls 5—7 millj. kr.

Áætlað hefur verið (samkv. greinargerð um fjárþörf íþróttahreyfingarinnar saminni haustið 1970), að fjárþörf íþróttahreyfingarinnar fyrir árið 1971 hafi numið 54.0 millj. kr.

Séu tekjur íþróttahreyfingarinnar á árinu 1970 af getraunum, 9.0 millj. kr., bornar saman við útgjöld íþróttahreyfingarinnar, sem hér að framan voru rakin og vörðuðu árið 1970 á að vera ljóst, að hana vantar enn fé til þess að mæta útgjöldum á eðlilegan hátt, hvað þá að hinni æskilegu fjárhagsafkomu sé náð.

Af þesssum ástæðum er lagt til, að íþróttahreyfingin fái að starfrækja getraunir sér til fjáröflunar.

Fyrir 2½ ári fékk hún leyfi til þess að taka að sér þetta verkefni. Verður eigi annað sagt en að hún hafi tekið það feginsamlega og gripið það föstum tökum.

Athugun talna og annarra upplýsinga á fylgiskjali I á að sýna í stórum dráttum starfrækslu getrauna á tímabilinu 3.5. 1969 til 31.12. 1971.

Fylgiskjal II greinir frá því, hvernig ungmenna- og íþróttafélög hinna ýmsu héraðssambanda hafa aflað sér fjár (sölulaun) á sölu getraunaseðla.

Um 1. gr.

Í hliðstæðum lögum t. d. lögum um Happdrætti Háskóla Íslands er ríkisstjórninni veitt heimild til þess að stofna til hins nefnda happdrættis. Aftur á móti er í lögum um happdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga og Dvalarheimilis aldraðra sjómanna kveðið svo á, að viðkomandi samtökum veitist heimild til þess að stofna til nefndrar starfrækslu. Með því að heimildin veitist ríkisstjórninni til þess að stofna félag til starfrækslu getrauna, veitist starfseminni aukin ábyrgð og öryggi.

Lagt er til, að fjáröflun getrauna sé ekki gerð til tekjuöflunar fyrir íþróttasjóð, þar sem starfræksla þeirra þ. e. sala getraunaseðla hefur verið og er ráðgerð að verði borin uppi af þegnskaparstarfi ungmenna- og íþróttafélaga. Enn fremur eru rök fyrir þessari breytingu þau, að íþróttasjóður hefur aldrei getað styrkt sem skyldi, t. d. að 33%, kennslukostnað íþróttahreyfingarinnar af æfingum, þjálfun og rekstri eða leigukostnaði íþróttamannvirkja.

Í daglegu tali er heildarstarfsemi íþróttamanna nefnd „íþróttahreyfingin". Í niðurlagi greinarinnar er átt við þetta hugtak, en réttara þótti að nota skilgreiningu 25. gr. íþróttalaga um það, svo eigi yrði um villzt hvaða íþróttaiðkunum fjáröflunin skuli þjóna.

Rétt þykir að taka upp í greinina nafn á félaginu, svo handhægara sé að gera mismun á verknaðinum „getraunir" og svo félagi um starfrækslu „getrauna".

Í 1. gr. laga nr. 84/1940 er þessi verknaður eða starfræksla nefnd „veðmálastarfsemi". Þetta hugtak getur verið villandi og stafar af ókunnugleika þeirra, sem 1939 höfðu kynni af sænska Aktiebolaget. Þegar sams konar starfsemi og hin sænska hóf göngu sína hér 1952, var henni valið nafnið „Getraunir". Lagt er til, að þessi nafngift sé tekin upp í lögin.

Um 2. gr.

Talið er nauðsynlegt, að fram komi lögfesting félaginu til handa á einkaleyfi á starfrækslu getrauna og í því sambandi komi fram skilgreining á því hvað getraunir eru. Þær getraunir, sem til þessa hafa verið starfræktar hérlendis hafa byggzt á því, að þátttakendur geta sér til um úrslit knattspyrnuleikja. Sigur á heimavelli (1), jafntefli (x) eða tap fyrir andstæðingunum, sem leika að heiman (2).

Einnig er gerð tillaga um einkaleyfi á sölu miða, sem nefndur er „getraunaseðill". Hefur hann hefðbundið form. Hann er í þrem hlutum. Ber hver sama númer, dagsetningu og raðtölu viðkomandi leikviku. Þá eru auðar línur fyrir nöfn og heimilisfang þátttakenda. Heldur þátttakandi einum hluta, en hinir tveir fara til skrifstofu félagsins. Annar hlutinn fer til geymslu hjá eftirlitsmanni en sá þriðji er notaður til úrvinnslu hjá starfsfólki félagsins. Á hverjum seðilshluta er skrá yfir tólf leiki og fyrir aftan þá reitir til þess að merkja á 1 - x eða 2. Reitir þessara tólf leikja kallast í daglegu tali „röð". Ein röð er eining fyrir það sem selt er.

Slík starfræksla að getið er til um eitt eða annað í sambandi við íþróttakeppni kallast íþróttagetraunir. Fleiri gerðir eru til af íþróttagetraunum en sú, sem hér að framan var lýst. Eigi þykir rétt að telja þær hér upp en taka það fram, að með orðinu íþróttagetraunir er átt við öll þau form getrauna, sem beita má í sambandi við íþróttakeppni.

Nú er svo komið t. d. á Ítalíu og í Vestur-Þýzkalandi, að íþróttagetraunir hafa þokað fyrir talnagetraunum. Í Hollandi eru báðar tegundirnar starfræktar til ágóða fyrir íþróttastarfsemi og í Finnlandi hófu finnsku Getraunirnar að starfrækja talnagetraunir jafnframt hefðbundnum íþróttagetraunum í sl. janúar og var þátttaka strax mikil. Rétt þykir því að lögfesta íþróttahreyfingunni slíka starfsemi, svo félagið megi breyta starfrækslu í það form, ef affarasælla þykir og tryggja það, að aðrir aðilar geti ekki tekið til við þess háttar getraunir.

Í talnagetraunum eru seðlar líkir og í íþróttagetraunum, nema í stað tólf leikja er markað á hvern seðilhluta reitaflötur líkt og skákborð. Fyrir hverja leikviku er hjá borgarlögmanni dreginn út ákveðinn fjöldi talna. Þessar tölur eru gefnar til kynna á seðlinum. Þátttakandi getur sér síðan til hvernig tölur seðilsins raðast á reitina. Í þar til gerðri vél, sem er undir eftirliti borgarlögmanns, er raðað í lok hverrar viku uppsláttartölum vikunnar í reitina, og birtir hann þá niðurröðun. Þeir, sem hafa verið svo getspakir að raða tölunum rétt á seðla sína hljóta 1. vinning eða hlutdeild í honum. Ef enginn hefur raðað öllum rétt, veitist þeim 1. verðlaun eða hlutdeild í þeim, sem næst hafa komizt því rétta.

Um 3. gr.

Gerð er tillaga um að lögfesta, að helmingi heildarsölu raða eða miða í hverri söluviku sé varið til vinninga. Þessi háttur hefur verið hafður hérlendis og sama er um upphæð vinninga hjá flestum erlendum getraunafélögum.

Síðari málsgreinin er efni laga nr. 68/1952 um skattfrelsi vinninga.

Um 4. gr.

Frá því að getraunir voru endurvaktar 1969, hafa þessar fjórar félagsheildir myndað stjórn þeirra. Samkomulag er um það meðal hlutaðeigandi aðila, að íþróttanefnd ríkisins eigi aðild að stjórninni. Þótti rétt, þar sem hér er um stefnumarkandi lagasetningu að ræða, að íþróttanefnd ríkisins hafi hlutdeild í stjórn félags þess, sem starfrækir getraunir.

Um 5. gr.

Starfræksla getrauna er háð mjög ýtarlegum og ströngum reglum. Þær reglur þykir rétt að séu samþykktar og gefnar út af stjórnvaldslegum aðila. Sá aðili sé menntamálaráðuneytið, sem samkv. 6. gr. skal fara með hinn félagslega hátt getrauna sem hver önnur íþróttamál.

Um 6. gr.

Samkvæmt auglýsingu um verkaskiptingu ráðuneyta, skal dómsmálaráðuneytið hafa með höndum eftirlit með starfrækslu getrauna og með því tryggja hagsmuni þátttakenda. Rétt þótti að binda þetta eftirlit ekki í lögum við einn eftirlitsmann eða trúnaðarmann, heldur hafa frjálsari hendur ráðuneytis um fyrirkomulag þess, því að eftirlitsstörfin þurfa að vera mjög virk vegna varðveizlu seðilshluta, úrskurðar kærumála þeirra og vandamála, sem upp kunna að koma í hinum daglega rekstri.

Um 7. gr.

Efni málsliða þessarar greinar þarf eigi skýringar við nema þá ákvæði um reikningsskil. Á sumrin er hlé á ensku deildarkeppninni í knattspyrnu og starfsfólki getrauna gefið sumarleyfi. Á þessum tíma þykir hentugra að reikningsskil fari fram heldur en um áramót, þegar deildarkeppnin er starfrækt án hlés.

Um 8. gr.

Eins og fyrr getur, hefur sala getraunaseðla verið framtak ungmenna- og íþróttafélaga. Þykir mikilvægt að þau fái að beita eljusemi sinni við þetta, enda hljóti þau góð sölulaun fyrir, sem renna til félagsstarfsins og veiti því möguleika til meira framtaks við íþróttaæfingar, starfrækslu íþróttamannvirkja og íþróttaleg samskipti innanlands og við útlönd.

Rétt þótti að hafa orðun um úthlutun söluumboða rýmri, svo stjórn Ísl. Getrauna gæti ráðstafað söluumboðum til annarra, ef félög í því íþróttahéraði vildu eða gætu eigi sinnt þeim. Vegna þess að uppgjör við skrifstofu Ísl. Getrauna er háð ströngum reglum og tímasetningu, þykir rétt að lögfesta ákvæði um samningsskyldu þeirra, sem hljóta söluumboð. Eigi þykir rétt að í lögunum sé kveðið á um sölulaun, því samkvæmt tilgangi laganna, að veita fé til íþróttastarfa félaganna, þá geti stjórn Ísl. Getrauna ákveðið að greiða ungmenna- og íþróttafélögum hærri sölulaun en þeim aðilum, sem hún kann að þurfa að fela söluumboð utan íþróttahreyfingarinnar.

Samkvæmt íþróttalögum er landinu skipt í íþróttahéruð og skulu öll þau félög, sem innan hvers héraðs vinna að íþróttamálum, bindast samtökum og heita þau samtök ýmist héraðssambönd eða íþróttabandalög.

Stjórnir þeirra eru yfir-aðilar félaganna. Samkomulag er um það, að fá lögbundin til þeirra 3% af heildarsölu félaganna í íþróttahéraði hvers og eins, enda séu þau stjórn og skrifstofu Ísl. Getrauna til aðstoðar um samvinnu við söluumboð félaganna og ábyrgist hina félagslegu aðild þeirra að íþróttasamtökum í héraðinu.

Um 9. gr.

Í þeim samningi, sem í gildi er nú um starfrækslu getrauna er sams konar ákvæði, sem hér er gerð tillaga um varðandi greiðslu til Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ), vegna þess að knattspyrnuleikir eru lagðir til grundvallar getraun-

unum. Í gildandi reglum um getraunarekstur er ákvæði um varasjóð. Þykir rétt að fá það ákvæði lögbundið.

Réttara þykir að félagið geti safnað sér nokkru fé í varasjóð, til þess að standa undir greiðslum, sem hljótast af ófyrirséðum ástæðum, frekar en að taka það fé einvörðungu af rekstrarfé, sem hvern annan kostnað.

Um 10. gr.

Samkomulag varð um það, að til íþróttasjóðs renni fé af hreinum ágóða Ísl. Getrauna og samþykkti framkvæmdastjórn ÍSÍ að lækka hundraðstölu þá af ágóða (80%), sem sambandið nýtur í gildandi samningi um starfrækslu getrauna. Ágóðahlutur UMFÍ er óbreyttur (20%).

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar, nema þar sem lagt er til að veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakeppni sé lögbönnuð. Veðmálastarfsemi á mótsstað er mjög hættuleg starfrækslu móta og hefur erlendis dregið alvarlegan dilk á eftir sér. Er hún auk þess siðgæðislega mjög varhugaverð.

Um 12., 13. og 14. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

	1969	1970	1971[3])	Til íþróttahreyfingarinnar	Til íþróttasjóðs
Sölutímabil	3/5—20/12	10/1—19/12	9/1—18/12		
Fjöldi söluvikna	21	40	40		
Fjöldi seldra seðla	352 931	976 553	1 460 870		
Heildarsala	8 823 275.00	24 413 825.00	36 521 750.00		
Tekjur alls	8 855 742.80	24 558 920.75			
Greiddir vinningar	4 407 900.00	12 206 912.50	18 260 875.00		
Sölulaun	2 205 818.75	6 103 456.25	9 130 437.50	17 439 712.50	
Kostnaður	1 299 284.70	3 219 540.00	5 639 000.00[2])		
Ágóði	939 005.10	2 967 073.50	3 628 000.00	6 497 192.90	1 036 885.70
Skipting ágóða:					
Knattsp.samb. Ísl. (KSÍ)	142 375.70	386 846.80	(475 000.00)[1])	475 000.00	
Íþróttasamb. Íslands (ÍSÍ)	213 563.40	1 037 800.82	2 900 000.00		
Íþróttabandal. Rvíkur (ÍBR)	213 563.40	325 270.10			
Íþróttasjóður	369 502.60	667 387.10			(1 036 885.70)
Ungmennafél. Ísl. (UMFÍ)		178 133.68	728 000.00		
Héraðssambönd (3%)		371 631.00	(1 090 000.00)[1])	1 090 000.00	
				25 501 905.40	
				af 70.0 millj. kr. sölu eða 36.4%	

Athugasemdir:

1) Fé til ÍBR greiðist sem til annarra héraðssambanda 3% af heildarsölu og framlag til KSÍ telst til kostnaðar.
2) Með í kostnaði '71 er framlag til KSÍ 475 þús. kr. og 3% af heildarsölu til héraðssambanda 1.09 millj. kr.
3) Reikningur ársins 1971 er ekki enn að fullu gerður, svo að tölur, sem hér eru birtar aðrar en fjöldi seldra miða, heildarsala og sölulaun eru bráðabirgðatölur.

Fylgiskjal II

	1969		1970		1971			
	Fjöldi seldra miða	Sölulaun	Fjöldi seldra miða	Sölulaun	Fjöldi seldra miða	Sölulaun	Fjöldi seldra miða	Sölulaun alls
Reykjavík (ÍBR)	239 822	1 498 887.50	616 545	3 853 406.25	886 782	5 604 887.50	1 743 149	10 957 181.25
Kópav., Kjósars., Garðahr., Bessast.hr. (UMSK)	13 697	85 605.25	36 123	225 768.75	74 045	462 781.25	123 885	774 155.25
Vestmannaeyjar (ÍBV)	9 986	62 412.50	48 224	301 400.00	73 073	456 706.25	131 283	820 518.75
Akureyri (ÍBA)	12 434	77 712.50	37 272	232 950.00	51 265	320 406.25	100 971	631 068.75
Hafnarfjörður (ÍBH)	14 514	90 712.50	38 100	238 125.00	55 450	346 562.50	108 064	675 400.00
Keflavík (ÍBK)	16 886	105 537.50	39 891	249 318.75	52 796	329 975.00	100 573	684 831.25
Árnes- og Rangárv.s. (HSK)	8 708	54 425.00	25 734	160 837.50	45 096	281 850.00	79 538	497 112.50
Gullbr.s. vestan Hafnarfjarðar (ÍB Suðurn.)	7 827	48 918.75	19 673	122 956.25	31 876	199 225.00	70 626	371 100.00
Neskaupst., Seyðisfj., S. og N.-Múl. (UÍA)	4 151	25 943.75	18 788	117 425.00	31 559	197 243.75	54 498	340 612.50
Akranes (ÍA)	6 653	41 581.25	22 076	137 975.00	27 104	169 400.00	55 833	348 956.25
Borgarfjarðar- og Mýrasýsla (UMSB)	1 669	10 431.25	11 474	71 712.50	19 977	124 856.25	33 120	207 000.00
Húsavík og S.-Þing. (HSÞ)	719	4 493.75	3 666	22 912.50	12 525	78 281.25	16 910	105 687.50
Snæf.- og Hnappadalss. (HSH)	1 576	9 850.00	6 477	40 481.25	11 124	69 525.00	19 177	119 856.25
Eyjafjarðarsýsla (UMSE)	1 981	12 381.25	11 411	71 318.75	10 503	65 643.75	23 895	149 343.75
Ísafjörður og hluti N.-Ís. (ÍBÍ)	3 166	19 787.50	7 580	47 375.00	8 350	52 187.50	19 096	119 350.00
Ólafsfjörður (ÍBÓ)	1 176	7 350.00	3 767	23 543.75	8 918	55 737.50	13 861	86 631.25
V.-Ísafjarðars. (HVÍ)	1 485	9 281.25	8 714	54 525.00	9 411	58 818.75	19 610	122 625.00
A.-Skaftafellss. (UMS Úlfl.)	197	1 231.25	1 436	8 975.00	5 773	36 081.25	7 406	46 287.50
V.-Barð. (UMS Hrafnaflóki)	229	1 868.75	1 842	11 512.50	4 984	31 150.00	7 125	44 531.25
Sauðárkr. og Skag. (UMSS)	1 139	7 118.75	4 175	26 093.75	4 660	29 125.00	9 974	62 337.50
V.-Skaftafellss. (USVS)					3 067	19 168.75	3 067	19 168.75
A.-Húnav.s. (USAH)	642	4 012.50	2 442	15 262.50	2 841	17 756.25	5 925	37 031.25
Strandasýsla (HSS)					4 961	31 006.25	4 961	31 006.25
N.-Þingeyjarsýsla (UNÞ)					848	5 300.00	848	5 300.00
V.-Húnavatnssýsla (HSVH)	807	5 043.75	1 292	8 075.00	3 313	20 706.25	5 412	33 825.00
Dalasýsla (UMSD)			1 723	10 768.75	1 634	10 212.50	3 357	20 981.25
Siglufjörður (ÍBS)	3 397	21 231.25	8 118	50 737.50	8 935	55 843.75	20 450	127 812.50
	352 931	2 205 815.50	976 553	6 103 456.25	1 460 870	9 130 437.50	2 790 354	17 439 709.25

Nd. 549. Nefndarálit [146. mál]

um till. til þál. um lágmarksmöskvastærð þorskaneta og bann gegn bolfiskveiðum í nót.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og sent hana til umsagnar Hafrannsóknastofnunar Íslands og fleiri aðila.

Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt þannig

BREYTT:

Tillögugreinin orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að ákveða með reglugerð, að lágmarksmöskvastærð þorska- og ýsuneta skuli frá 1. janúar 1973 eigi minni vera en sjö þumlungar á vetrarvertíð, og enn fremur, að bannaðar skuli bolfiskveiðar í nót, enda verði eigendum þorsknóta bættar þær eftir mati.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum. Einn nefndarmanna, Stefán Gunnlaugsson, var fjarstaddur.

Alþingi, 13. apríl 1972.

Garðar Sigurðsson, form.	Jón Skaftason, fundaskr.	Guðl. Gíslason, frsm.
Björn Pálsson, með fyrirvara.	Karvel Pálmason.	Pétur Sigurðsson.

Nd. 550. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 11. maí 1970, um kaup á sex skuttogurum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin samþykkir frv. með þeirri breytingu, sem gerð var í Ed. (sbr. þskj. 478).

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Fjarstaddur var Stefán Gunnlaugsson.

Alþingi, 13. apríl 1972.

Garðar Sigurðsson, form., frsm.	Jón Skaftason, fundaskr.	Guðl. Gíslason.
Björn Pálsson.	Karvel Pálmason.	Pétur Sigurðsson.

Nd. 551. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. — Einn nefndarmanna, Stefán Gunnlaugsson, var fjarstaddur.

Alþingi, 13. apríl 1972.

Garðar Sigurðsson, form.	Jón Skaftason, fundaskr.	Björn Pálsson, frsm.
Guðl. Gíslason.	Karvel Pálmason.	Pétur Sigurðsson.

Nd. 552. Breytingartillögur [161. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist: og allt að 48 millj. kr. vegna endurnýjunarviðgerðar á varðskipinu Þór.
2. Við fyrirsögn frumvarpsins bætist: og vegna viðgerðar á varðskipinu Þór.

Sþ. 553. Þingsályktun [180. mál]

um sérfræðilega aðstoð við þingnefndir.

(Afgreidd frá Sþ. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 344.

Nd. 554. Frumvarp til laga [252. mál]

um vitagjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Fyrir hvert skip, sem er 5 rúmlestir brúttó eða stærra og tekur höfn á Íslandi eða er haldið úti frá landinu, skal greiða vitagjald, kr. 10,00 af hverri brúttórúmlest, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti sleppt. Skemmtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða kr. 1,50 í vitagjald af hverri rúmlest.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum, né heldur flytja farm í land eða önnur skip, enda hafi sannazt í sjóprófi eða annarri lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemmdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það innt af hendi í fyrstu höfn, er skipið tekur hér við land.

Skip, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum, greiða vitagjald einu sinni á ári, þó aldrei minna en 100,00 kr. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

2. gr.

Tekjum af vitagjaldi skal varið til byggingar og viðhalds vitakerfis landsins.

3. gr.

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórinn, sjá um innheimtu vitagjaldsins.

Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni vitagjalds dagbók skipsins.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða skipstjóra sektum allt að kr. 100.000,00, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 17 11. júlí 1911, um vitagjald, með síðari breytingum skv. 1. gr. laga nr. 18 10. apríl 1946 og 19. gr. laga nr. 4 20. febrúar 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um vitagjald eru nr. 17, 11. júlí 1911. Þeim lögum hefur verið breytt og eru nú í gildi taxtar skv. 1. gr. laga nr. 18/1946 og 19. gr. laga nr. 4/1960.

Síðan lögin voru sett hafa miklar breytingar orðið í þjóðlífi okkar. Þróunin hefur ekki síður orðið á sjó en í landi og lofti. Tæknibylting hefur orðið í atvinnuháttum okkar og framfarirnar mjög miklar á þessum árum. Skipastóll landsmanna hefur margfaldazt og afkoma þjóðarinnar hvílir að miklu leyti á sjávarútvegi og siglingum.

Þrátt fyrir mikil og fullkomin siglingatæki skipa nútímans, verður ekki eingöngu á þau treyst. Við búum við úthaf, þar sem stórviðra má vænta og siglingar því varasamar og siglingaleið nálægt ströndum landsins víða hættuleg.

Það hefur því löngum verið ljóst, að bygging og viðhald vitakerfis landsins er mjög þýðingarmikill þáttur í atvinnu- og öryggismálum sjófarenda. Til þess að mynda fastan tekjustofn í þessu skyni voru lögin nr. 17 frá 1911 sett. Þau hafa gilt að stofni til allt til þessa. Gerðar hafa verið breytingar á lögunum, einkum til að hækka gjöldin, sem síðast voru hækkuð 1960. Ýmis almenn ákvæði laganna eru einnig orðin úrelt.

Það má því teljast tímabært að gefa lögin út í heild, bæði til að samræma þau breyttum viðhorfum og færa gjöldin til rétts verðlags.

Um 1. gr.

Meginbreytingin skv. þessari grein er sú, að nú er miðað við brúttórúmlestatal skipa í stað nettó áður. Gjaldið er nú kr. 4,00 á nettórúmlest, nema kr. 0,60 af skemmtiferðaskipum. Telja verður eðlilegra að reikna gjaldið af brúttóstærð skipa, á sama hátt og hafnargjöld. Hækkunin pr. lest nemur 150% og yrði gjaldið þá kr. 10,00 á brúttórúmlest almennt og kr. 1,50 af skemmtiferðaskipum. Með umræddri hækkun pr. lest og breytingu frá nettólest í brúttó í viðmiðuninni er áætlað að heildartekjur af vitagjaldi verði um 16 millj. kr. á ári.

Í 1. mgr. greinarinnar er tekið fram að hverju skipi, 5 rúmlestir eða stærra, sem tekur höfn á Íslandi eða er haldið úti frá landinu, beri að greiða vitagjald. Tekur þetta að sjálfsögðu til erlendra skipa og eru því felld niður úr lögunum sérákvæði um erlend skip, þar sem eitt gildir um öll skip, sem til landsins koma eða gerð eru út hér á landi.

Undanþáguákvæðin til greiðslu vitagjalds eru óbreytt.

Um 2. gr.

Hér er skýrt tekið fram til hvers vitagjaldinu skuli varið, þ. e. til byggingar og viðhalds vitakerfis landsins, en nauðsynlegt er að enginn vafi sé á í þessum efnum.

Aðrar greinar þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 555. Þingsályktun [92. mál]

um eldisstöð fyrir lax og silung á Norðurlandi.

(Afgreidd frá Sþ. 13. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma upp klak- og eldisstöð fyrir lax og silung og aðra nytjafiska, ef henta þykir, svo fljótt sem nauðsynlegt fé fæst

til framkvæmda. Stöðin verði á þeim stað á Norðurlandi, þar sem skilyrði reynast hagstæðust.

Sþ. 556. Þingsályktun [82. mál]

um atvinnu- og framkvæmdaáætlanir fyrir Austurlandskjördæmi.

(Afgreidd frá Sþ. 13. apríl.)

Samhljóða þskj 91.

Sþ. 557. Þingsályktun [147. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda alþjóðasamning um bann við staðsetningu kjarnorkuvopna og annarra gjöreyðingarvopna á hafsbotni og í honum.

(Afgreidd frá Sþ. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 284.

Nd. 558. Frumvarp til laga [253. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

1. málsl. 2. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkosinna þingmanna og varaþingmanna eftir hverjar almennar kosningar til Alþingis ganga þingmenn eftir hlutkesti í 3 jafnar deildir, meðan til vinnst.

2. gr.

2.—3. málsl. 1. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

En kosning til efri deildar er fyrir allt kjörtímabilið. Svo er og um kosningu kjörbréfanefndar samkv. 4. gr.

3. gr.

Orðin „og skulu laun hans ákveðin í launalögum“ í 2. málsgr. 11. gr. laganna falli niður.

4. gr.

13. gr. laganna falli niður. Greinatala breytist samkv. þessu.

5. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

1. fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,
2. utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum og 7 til vara,
3. allsherjarnefnd, skipuð 7 mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga og þingsályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísa utanríkismálum. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga og er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt milli þinga sem á þingtíma. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem

þeir fá í nefndinni, ef formaður eða ráðherra kveður svo á. Til allsherjarnefndar skal vísa öðrum málum, sem þingið ákveður.

Hvor þingdeild skal og kjósa fastanefndir til að fjalla um ákveðnar tegundir mála, og skal það gert á öðrum þingfundi hvorrar deildar. Fastanefndir skulu í hvorri deild vera sem hér segir, skipaðar allt að 7 mönnum hver nefnd:

1) fjárhagsnefnd,
2) samgöngunefnd,
3) landbúnaðarnefnd,
4) sjávarútvegsnefnd,
5) iðnaðarnefnd,
6) félagsmálanefnd,
7) heilbrigðis- og trygginganefnd,
8) menntamálanefnd,
9) allsherjarnefnd.

Hver fastanefnd þingsins og deilda þess kýs sér formann, varaformann og fundaskrifara.

Formenn fastanefnda í hvorri deild, forseti og fyrri varaforseti skulu skipa eina nefnd, vinnunefnd, og er forseti formaður hennar. Hún skal skipa fyrir um fundatíma og fundastaði nefndanna og sjá um, að þeir rekist ekki á.

Nú þykir nauðsyn til bera, vegna vinnubragða, að hafa mannaskipti í nefndum, lengur eða skemur, og skal vinnunefndin þá hlutast til um, að mannaskiptin komist á, þó svo, að viðkomandi fastanefndir samþykki. Náist ekki samkomulag, má vinnunefnd skjóta ágreiningnum undir úrskurð deildarinnar.

Til fastanefndanna getur hvor þingdeild vísað þeim þingmálum, sem fyrir deildina eru lögð og þörf þykir, að nefnd íhugi, og skal þá að jafnaði vísa hverju máli til sömu fastanefndar í báðum deildum. Það er samvinnunefnd, ef samkynja fastanefndir beggja deilda vinna saman að athugun mála, sem vísað hefur verið til annarrar nefndarinnar.

Heimilt er þó hvorri deild eða sameinuðu þingi að kjósa lausanefndir til að íhuga einstök mál. Hver lausanefnd kýs sér formann og ritara. Einnig er sameinuðu þingi eða hvorri deild heimilt að ákveða, að fastanefnd vinni að athugun máls milli þinga.

Nefndir kjósa sér framsögumann fyrir hvert mál, sem þær fjalla um. Engum fastanefndarmanni er skylt að hafa á hendi í senn framsögu í fleiri málum en tveimur.

Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað.

6. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði, og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Hverju frumvarpi skal fylgja stutt greinargerð fyrir tilgangi þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum. Eigi má taka frumvarp til umræðu fyrr en liðin er að minnsta kosti ein nótt frá því, er því var útbýtt.

7. gr.

Orðin „og skal það prentað og því útbýtt“ í 25. gr. laganna falli niður.

8. gr.

Í stað „má“ í 3. málsgr. 29. gr. laganna komi: skal.

9. gr.

Á eftir 30. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni, gerir hann það með skýrslu til Alþingis, er skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra óskar, skal skýrslan tekin til umræðu. Sama gildir, ef níu þingmenn óska þess. Ráðherrann gerir grein fyrir skýrslunni, og er þingmönnum þá rétt að taka þátt í umræðunni. Þingmenn, aðrir en ráðherrar, mega þó ekki tala oftar en tvisvar.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

b. Níu þingmenn geta óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Skal beiðnin vera skrifleg og beint til forseta, og má fylgja henni stutt greinargerð. Skal beiðnin prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Á næsta fundi í sameinuðu þingi ber forseti það undir atkvæði umræðulaust, hvort beiðnin skuli leyfð eða ekki. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu, sem leyfð hefur verið.

Er ráðherra hefur lokið skýrslugerðinni, skal skýrslan prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra eða skýrslubeiðendur, einn eða fleiri, óska þess, skal skýrslan tekin til umræðu. Ráðherra gerir grein fyrir henni. Þingmenn mega taka þátt í umræðunni, en aðrir en ráðherra mega þó ekki tala oftar en tvisvar.

Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.

10. gr.

Í stað 1. mgr. 31. gr. laganna (sbr. lög nr. 22/1947) komi sex málsgreinar, sem orðist svo:

Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu Alþingi, er afhent sé forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál, sem ráðherra ber ábyrgð á, og sé við það miðað, að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Alþingismaður segir til um það, hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svars. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurn, ef óskað er skriflegs svars.

Forseti ákveður samdægurs, hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er, getur forseti þó borið málið umræðulaust undir atkvæði á næsta fundi í sameinuðu þingi. Skal það einnig gert, ef fyrirspyrjandi óskar þess, er forseti synjar fyrirspurn.

Fyrirspurn skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Fyrirspurn, sem leyfð hefur verið, skal send hlutaðeigandi ráðherra eða ráðherrum.

Á sérstökum fundi í sameinuðu þingi skal forseti taka á dagskrá munnlegar fyrirspurnir, er leyfðar hafa verið í síðasta lagi fjórum virkum dögum fyrir fundinn.

Fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra, eða ráðherrar, er hlut eiga að máli, svara síðan fyrirspurn. Ráðherra má að jafnaði ekki tala oftar en tvisvar og þingmenn ekki nema tvisvar. Ráðherra má eigi tala lengur en 10 mínútur í senn og fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda 5 mínútur í senn, en aðrir þingmenn eða ráðherrar 2 mínútur í senn.

Ef óskað er skriflegs svars, sendir ráðherra forseta það eigi síðar en sex virkum dögum eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fyrirspurn og svar í Alþingistíðindum.

11. gr.

Orðin „enda neiti ráðherra ekki um leyfið“ í niðurlagi 43. gr. laganna (sbr. lög nr. 99/1952) falli niður.

12. gr.

48. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir orðin „skal beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kennd er við de Hondt (listakosning)“ í 1. mgr. komi: er forseta heimilt að beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kennd er við de Hondt (listakosning). Sama aðferð skal viðhöfð.

b. Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ef kjósa skal einnig varamenn, skal listi, sem hlotið hefur mann eða menn, eiga rétt til jafnmargra varamanna í þeirri röð, sem þeir standa á listanum.

13. gr.

2. mgr. 51. gr. laganna orðist svo:
Þá skal og útvarpa, innan tveggja vikna frá þingsetningu, stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana. Umferðir skulu vera tvær. Í fyrri umferð hefur forsætisráðherra til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka 20 mínútur hver. Í annarri umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða. Einnig skal útvarpa framsöguræðu fjármálaráðherra um frv. til fjárlaga, þó ekki lengur en 1 klukkustund, ef samkomulag verður milli allra þingflokka um útvarpsumræðurnar að öðru leyti.

14. gr.

1. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:
Á síðari hluta þings skal útvarpa almennum stjórnmálaumræðum. Hver þingflokkur fær til umráða hálfa klukkustund.

15. gr.

Á eftir 53. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Útvarpa skal umræðu um vantraust, ef 9 þingmenn krefjast þess.

16. gr.

54. gr. laganna orðist svo:
Þegar útvarpað er umræðu um önnur mál en þau, er í 51. og 53. gr. segir, fær hver þingflokkur til umráða þrjátíu mínútur.
Þegar útvarpi umræðu samkvæmt þessari grein er lokið, getur umræða haldið áfram eftir venjulegum reglum.

17. gr.

Á eftir 54. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Forseti getur, með samþykki allra þingflokka, ákveðið, að ræðutími í einstökum umferðum skuli vera annar en til er tekið í öðrum greinum þessa kafla.

18. gr.

Aftan við 55. gr. laganna bætist:
Sama gildir, ef þingflokkur óskar, að útvarpað verði umræðum á þingfundi eða hluta af þingfundi.

19. gr.

Á eftir 56. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Ef Ríkisútvarpið óskar að útvarpa umræðu eða hluta af umræðu, beinir það tilmælum sínum til hlutaðeigandi forseta. Forseti tekur þau tilmæli á dagskrá og ákveður þingið eða þingdeild, að lokinni umræðu, hvort leyfð skuli. Þegar útvarpað er umræðu á þennan hátt, skal þess gætt, að ræðutími skiptist sem jafnast milli flokka eða mismunandi sjónarmiða.

20. gr.

Á eftir 60. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Í þessum kafla er orðið útvarp notað um hljóðvarp og enn fremur um sjónvarp, eftir því sem við á.

21. gr.

Á eftir 62. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Umræður þingdeildanna og sameinaðs þings, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum, skal prenta jafnóðum og gefa síðan út í Alþingistíðindum.

22. gr.

Orðin „ráðherra synjar ekki og“ í 64. gr. laganna falli niður og enn fremur síðasti málsl. lagagreinarinnar.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Til allsherjarnefndar hefur verið vísað frv. á þskj. 293 (156. mál) um breyt. á l. nr. 115 10. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis, en frumvarp þetta var samið af milliþinganefnd árið 1966 og hefur oft áður legið fyrir Alþingi. Á þessum árum hafa, eins og eðlilegt er, verið uppi og komið fram ýmsar hugmyndir um breytingar á eða viðbætur við frumvarpið frá 1966. Nú hefur af hálfu nefndarinnar verið rætt við forseta og fleiri áhugamenn um þingskapamálið, og hefur nefndin síðan tekið upp það ráð að setja saman nýtt frumvarp, sem byggt er á frumvarpinu, sem fyrir liggur frá 1966, og tillögum, sem síðan eru fram komnar innan nefndar og utan. 1. umræða um þetta nýja frv. allshn. ætti ekki að þurfa að vera annað en formsatriði, þar sem 1. umr. um frv. á þskj. 293 hefur þegar farið fram. Við 2. umræðu mun nefndin gera grein fyrir þeim mun, sem á frumvörpunum er. Nefndin áskilur sér rétt til að gefa út sérstakt nál. við 3. umr.

Sþ. 559. Nefndarálit [13. mál]

um till. til þál. um að lýsa hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign o. fl.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þáltill. þessa, en ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að hún sé samþykkt.

Alþingi, 12. marz 1972.

Bjarni Guðnason, fundaskr.
Bragi Sigurjónsson, frsm.

Sþ. 560. Fyrirspurnir. [254. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um vátryggingu fiskiskipa.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Hvenær er að vænta, að lokið verði endurskoðun á vátryggingarmálum fiskiskipa til lækkunar á vátryggingarkostnaði þeirra?

II. Til forsætisráðherra um leiguhúsnæði á vegum ríkisins eða ríkisstofnana.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hvert var leigugjald fyrir húsnæði, sem ríkið eða ríkisstofnanir höfðu á leigu árið 1971?
2. Hvað er hér um marga fermetra að ræða?
3. Hvernig skiptist leigan eftir kjördæmum?

Ed. 561. Frumvarp til laga [181. mál]

um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. apríl.)

1. gr.

17. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðanna „eigi skemmri tíma en fimm mánuði“ í 2. málsgr. komi: eigi skemmri tíma en fjóra mánuði.
2. 3. málsgr. orðist svo:

Frá 1. maí til 30. september 1972 greiði áhafnadeildin einnig hluta af fæðiskostnaði vegna opinna vélbáta með 85 kr. á hvern úthaldsdag og áhafnarmann. Skilyrði fyrir þeim greiðslum eru: Bátarnir séu skráðir (nafn og umdæmisnúmer), þeim sé haldið út til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, minnst 3 mánuði á ári, og að öðru leyti fullnægi eigendur þeirra sömu skilyrðum og tilgreind eru í næstu mgr. hér á undan, að því er varðar þilfarsbáta, sem hafa ekki lögskráningarskyldu. Enn fremur skal sýna vottorð Siglingamálastofnunarinnar um, að fullnægt sé kröfum hennar um öryggisbúnað samkvæmt nánari reglum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 562. Lög [137. mál]

um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 484 (sbr. 200).

Ed. 563. Lög [138. mál]

um breyting á lögum nr. 82 21 ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 201.

Ed. 564. Lög [139. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl.)

Samhljóða þskj 202.

Ed. 565. Lög [96. mál]

um breyting á skipulagsskrá nr. 79 18. sept. 1929 fyrir minningarsjóð hjónanna Halldórs Jónssonar og Matthildar Ólafsdóttur frá Suður-Vík og dætra þeirra, Guð-

laugar og Sigurlaugar, til stofnunar elliheimilis fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og Eyjafjöll.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 109.

Nd. 566. Frumvarp til laga [255. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

1. ml. 2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Í húsnæðismálastjórn eiga sæti sex menn, þar af fimm kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands.

2. gr.

Í stað orðanna „50 milljónum króna“ í upphafi 4. mgr. A-liðs 8. gr. laganna komi: 70 milljónum króna.

3. gr.

Við C-lið 8. gr. laganna bætist:

Meðaltalsársvextir allt lánatímabilið skulu þó, að meðtalinni þóknun veðdeildar, aldrei vera hærri en 7¾%. Viðbót sú, sem fellur til á afborganir samkvæmt þessum staflið, telst vextir.

4. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra skipar stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Í stjórn þessari eiga sæti fjórir menn, sem skipa skal þannig: Tveir eftir tilnefningu sveitarstjórnar, einn eftir tilnefningu verkalýðsfélaga í sveitarfélaginu og einn án tilnefningar, sem jafnframt skal vera formaður stjórnarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera fjögur ár.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi kýs húsnæðismálastjórn þegar eftir gildistöku laganna, sbr. 1. gr., og fellur þá niður umboð núverandi húsnæðismálastjórnar. Jafnframt skipar ráðherra stjórnir verkamannabústaða, sbr. 4. gr., en umboð núverandi stjórnarmanna verkamannabústaða fellur þá niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að óbreyttum ákvæðum laganna um viðbót á ársgreiðslur lána, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, sem verður á kaupvísitölu, sbr. C-lið 8. gr., er fyrirsjáanlegt, að raunvextir verða með tímanum óhæfilega háir. Fyrir því er lagt til í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, að takmarka vextina við meðaltalsársvexti allt lánatímabilið, þannig að þeir verði ekki hærri en 7½% að viðbættri þóknun til Veðdeildar Landsbankans, sem er ¼%, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Þessi regla þýðir það, að vextirnir verða mjög lágir í byrjun lánstímans, einmitt á þeim tíma, sem greiðslugeta þeirra, sem byggt hafa, er oftast mjög takmörkuð. Vextir verða á hinn bóginn tilsvarandi hærri einhvern tíma síðar á lánstímanum, þegar ætla má, að skuldarar hafi meiri greiðslugetu, þar eð byggingarskuldir hvíla þá væntanlega ekki eins þungt á þeim.

Reynslan hefur leitt í ljós, að takmörkun í 4. mgr. A-liðs 8. gr. laganna, sem kveður á um, að ekki megi verja meira en 50 milljónum króna árlega til lánveitinga til kaupenda eldri íbúðarhúsa, er of þröng. Er því lagt til, að verja megi allt að 70 milljónum króna til slíkra lána.

Loks þykir ástæða til að fækka fulltrúum í húsnæðismálastjórn úr 8 í 6, sbr. 1. gr. frumvarpsins, og fulltrúum í stjórnum verkamannabústaða úr 7 í 4, þar eð fjölmennar stjórnir eru jafnan nokkuð þungar í vöfum og þar að auki kostnaðarsamar.

Nd. 567. Frumvarp til laga [256. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Útskála í Gerðahreppi.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Jón Skaftason, Gils Guðmundsson, Stefán Gunnlaugsson, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Gerðahreppi jörðina Útskála í Gerðahreppi fyrir það verð, sem um semst eða ákveðið verður að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og er endurflutt nú að beiðni hreppsnefndar Gerðahrepps. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Gerðahrepps. Ástæðan til þess, að hreppsnefndin fer þessa á leit, kemur fram í eftirfarandi bréfi:

„Hér með fer ég þess á leit við yður, herra alþingismaður, að þér flytjið fyrir hönd Gerðahrepps frumvarp á Alþingi um, að það heimili sölu kirkjujarðarinnar Útskála í Gerðahreppi.

Ástæðan fyrir þessari beiðni er sú, að brýn þörf er á því, að sveitarfélagið hafi ráðstöfunarrétt á byggingarlóðum í hreppnum, þar sem illmögulegt er að láta skipuleggja landið, hafi sveitarfélagið ekki ráð á því.

F. h. hreppsnefndar Gerðahrepps,
Björn Finnbogason.“

Ed. 568. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1969.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur tekið frv. til meðferðar og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1972.

Ragnar Arnalds, form.	Halldór Kristjánsson, fundaskr., frsm.	Páll Þorsteinsson.
Geir Hallgrímsson.	Jón Árm. Héðinsson.	Benóný Arnórsson.
	Magnús Jónsson.	

Ed. 569. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið um það ýmsar umsagnir, m. a. frá Lánasjóði íslenzkra námsmanna. Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Hlutverk lánasjóðs íslenzkra námsmanna er að veita íslenzkum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands, 1.—3. hluta og menntadeild Tækniskóla Íslands, íslenzka stýrimannaskóla, Vélskóla Íslands, framhaldsdeild við íslenzka landbúnaðarskóla, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist:
   Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 89 31. des. 1968.
4. Á eftir 3. gr. komi svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Menntamálaráðherra skal beita sér fyrir endurskoðun laga um námslán og námsstyrki, og skal að því stefnt, að henni sé lokið, áður en þing kemur saman haustið 1972.

Alþingi, 13. apríl 1972.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Halldór Kristjánsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.
Geir Hallgrímsson.	Jón Árm. Héðinsson.	Benóný Arnórsson.
	Magnús Jónsson.	

Ed. 570. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 13. apríl 1972.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Halldór Kristjánsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.
Geir Hallgrímsson.	Jón Árm. Héðinsson.	Benóný Arnórsson.
	Magnús Jónsson.	

Nd. 571. Tillaga til þingsályktunar [257. mál]

um stuðning íslenzku ríkisstjórnarinnar við friðaráætlun þjóðfrelsishreyfingarinnar í Suður-Víetnam.

Flm.: Sigurður Magnússon, Jónas Árnason, Garðar Sigurðsson, Svava Jakobsdóttir.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að stuðla af fremsta megni að því, að friður komist á í Víetnam á grundvelli friðaráætlunar Þjóðfrelsishreyfingarinnar í Suður-Víetnam frá 1. júlí 1971, hinnar svonefndu „sjöliða áætlunar".

Greinargerð.

Austur í Asíu geisar enn eitt viðurstyggilegasta stríð, sem um getur. Auðugasta ríki veraldar, með nútíma hernaðaryfirburði sína, heyr þar grimma útrýmingarstyrjöld við fátæka bændaþjóð, sem berst fyrir frelsi sínu. Stríðið í Víetnam er ekki nýtt af nálinni. Í u. þ. b. tvo áratugi hafa Bandaríkin haft bein hernaðarafskipti af þjóðfrelsisstríði víetnömsku þjóðarinnar og enn þá lengur fjármagnað stríðsreksturinn, svo sem með stuðningi við nýlendukúgun Frakka þar, en talið er, að þau hafi staðið undir u. þ. b. 80% af herkostnaði Frakka þar síðustu árin.

Eftir hinn mikla hernaðarósigur Frakka við Dien Bien Fu vorið 1954 var endir bundinn á nær aldalöng nýlenduáhrif Frakka í Víetnam, og þeir voru nauðbeygðir til að setjast að samningaborði í Genf þá um vorið. Eftir 10 vikna samningaþóf náðist samkomulag um vopnahlé og bráðabirgðaskiptingu landsins, og ákveðið var að láta fara fram frjálsar kosningar undir alþjóðlegu eftirliti 1956.

Flest stórveldi staðfestu Genfarsamninginn, m. a. Bretland, Frakkland, Kína og Sovétríkin, en Bandaríkin, sem sóttu ráðstefnuna, neituðu að undirrita samkomulagið, en hétu þó að virða það.

Markverðustu ákvæði samkomulagsins voru:

„4. gr. Ráðstefnan lýsir sig samþykka því atriði samkomulagsins, að ófriði skuli hætt og bannað skuli að flytja erlendar hersveitir og hernaðarráðunauta til Víetnams svo og allar gerðir vopna og skotfæra.

5. gr. Ráðstefnan lýsir yfir, að vegna samkomulagsins um, að ófriði skuli hætt, megi ekki stofna nokkra herstöð í Víetnam, er lýtur stjórn erlends ríkis. En aðilar skuldbinda sig til þess, að svæðin, eins og þeim er nú skipt, gangi hvorki í nokkurt hernaðarbandalag né verði þau notuð til að hefja aftur ófrið eða til að þjóna árásarstefnu.

6. gr. Hernaðarlínan, sem skiptir svæðunum, er til bráðabirgða og má ekki á nokkurn hátt skoðast sem stjórnmálaleg eða landfræðileg landamæri.

7. gr. Til að friður verði tryggður og til að þjóðarviljinn komi nægilega vel í ljós, verður að halda almennar kosningar í landinu í júlí 1956 undir alþjóðlegu eftirliti nefndar, sem í eigi sæti fulltrúar frá Kanada, Indlandi og Póllandi."

Öll þessi ákvæði Genfarsamningsins hófu Bandaríkjamenn þegar að brjóta. Þannig streymdu bandarísk vopn og bandarískir hernaðarráðunautar til landsins þegar á árinu 1956, samkvæmt upplýsingum alþjóðlegrar eftirlitsnefndar. Og þegar til kom 1956, neitaði einræðisherrann í Saigon, Ngo Dinh Diem, að láta fara fram kosningar í landinu og var í þessari ákvörðun sinni studdur af Bandaríkjunum. En Eisenhower, fyrrum Bandaríkjaforseti, hefur staðfest þetta í endurminningum sínum, þar sem hann segir, að Ho Chi Minh hefði sem forsetaefni í frjálsum kosningum fengið 80 af hverjum 100 atkvæðum.

Ekki er þörf, að rekja hér gang styrjaldarinnar í einstökum atriðum né heldur hinn taumlausa efnahagslega og hernaðarlega stuðning, sem Bandaríkin hafa veitt öllum leppstjórnum sínum í Saigon. Þó má nefna, að þegar beinn hernaðarlegur

stuðningur Bandaríkjanna var sem mestur, voru í landinu um 530 000 Bandaríkjamenn, búnir hinum fullkomnustu eyðingartækjum.

Á tveimur árum, eða 1965—67, var kastað meira sprengjumagni á víetnamskt land heldur en á Evrópu í allri síðustu heimsstyrjöld. Auk hinna svonefndu hefðbundnu vopna hafa Bandaríkjamenn gerzt sekir um að beita í Víetnam hinum fullkomnustu eyðingarsprengjum, sem hafa að markmiði að drepa allt kvikt. Eins mætti minna á napalmsprengjur og benzínhlaupssprengjur, sem valda líkum brunasárum og kjarnorkusprengjur. En síðast en ekki sízt hefur bandarískri herinn unnið skipulega að gróðureyðingu með stórfelldri dreifingu eiturefna. Einn bandarískur herforingi hefur líka látið hafa það eftir sér, að tilgangurinn væri að sprengja Norður-Víetnam aftur á stig steinaldar.

Afskipti Bandaríkjanna af Víetnamstríðinu hafa valdið miklum innanlandsdeilum heima í Bandaríkjunum, þar sem æ fleiri hafa vefengt réttmæti styrjaldarrekstrar þeirra og krafizt heimflutnings herafla Bandaríkjanna og þess, að hætt yrði að veita Saigonstjórninni efnahagslegan stuðning. William Fulbright öldungadeildarþingmaður hefur m. a. sagt um þessi afskipti Bandaríkjanna: „Smátt og smátt, en alveg ótvírætt sýna Bandaríkin merki þess valdahroka, sem hefur hrjáð, veikt og stundum eyðilagt miklar þjóðir fyrrum. Ef við látum slíkt gerast, þá höfum við ekki látið rætast þá von um menningarlega fyrirmynd fyrir heiminn, sem í oss bjó. Því meir sem við bregðumst, því meir ber föðurlandsvinunum skylda til að mótmæla.“

Ólgan innanlands í Bandaríkjunum átti að flestra dómi sinn þátt í því, að Johnson, fyrrum Bandaríkjaforseti, bauð sig ekki fram í síðustu forsetakosningum til endurkjörs, enda hafði hann þrátt fyrir fyrri loforð staðið að vitfirringslegri mögnun stríðsins og stórfelldum loftárásum norðan við 17. breiddarbaug, eða norðan við vopnahléslínuna frá 1956.

Eftirmaður Johnsons í forsetaembætti, Nixon, sá sér ekki fært að fylgja stefnu hans óbreyttri og hefur því beitt sér fyrir svonefndri „víetnamíseringu“ stríðsins, sem þýðir, að fækkað hefur verið í landher Bandaríkjanna, en hermenn Saigonstjórnarinnar látnir taka í auknum mæli við hlutverki hans. Á sama tíma hefur þó flugfloti Bandaríkjanna verið efldur og sömuleiðis „Sjöundi floti“ þeirra, sem liggur úti fyrir ströndum Víetnams. Ráðstafanir þessar miðuðu fyrst og fremst að því að draga úr óánægju manna heima í Bandaríkjunum og að reyna að fela hið raunverulega hlutverk Bandaríkjamanna þar. Einnig hefur Nixon forseti sett fram nýlega hugmyndir um lausn styrjaldarinnar, en í þeim gerir hann ráð fyrir, að Þjóðfrelsishreyfingin dragi nær einhliða úr vopnaðri andspyrnu, en bandarískur her verði áfram í landinu þar til að afstöðnum kosningum. Hugmyndir þessar geta vart verið til þess fallnar að auka trú manna á raunverulegum friðarvilja Nixons. Stuðningsmenn Nixons hafa gert mikið úr þessu tilboði og haldið því fram, að þar sé stigið stórt skref til sátta. Þetta er blekking, því að það eina nýja, sem kemur fram í þessu tilboði, er, að nú er gert ráð fyrir, að Þjóðfrelsishreyfingin fengi að vera þátttakandi í frjálsum kosningum, þegar til þeirra kæmi. Enn er þó gert ráð fyrir, að bandarískur her verði í landinu þar til eftir kosningar, sem leppstjórnin í Saigon á að hafa eftirlit með. Bandaríkjamenn hafa ekki einu sinni viljað ljá máls á því að dagsetja brottfarartíma bandarískra herliðsins. Má öllum vera ljóst, að Þjóðfrelsishreyfingin, sem ræður yfir meginhluta Suður-Víetnams og nýtur, eins og oft hefur sannazt, stuðnings alls þorra þjóðarinnar, gengur ekki að slíku tilboði, þar sem gert er ráð fyrir nær einhliða tilslökun af hennar hálfu.

Nú síðustu dagana hafa átökin í Víetnam magnazt, og í fyrsta skipti hefur verulega reynt á það, hvort „víetnamísering“ stríðsins hefur borið þann árangur, sem Nixon ætlaðist til, að því er sjálfan stríðsreksturinn varðar. Í þessum átökum hefur, að mati flestra fréttaskýrenda, enn einu sinni komið í ljós, hve styrkur Þjóðfrelsishreyfingarinnar er mikill og almennur, en styrkur Saigonstjórnarinnar og hermanna hennar að sama skapi lítill. Telja fréttaskýrendur víst, að mótstaða Saigonhersins væri þegar brotin á bak aftur, ef ekki kæmi til íhlutun og aðstoð

flugsveita Bandaríkjamanna, sem hafa nú á nokkrum dögum varpað þúsundum lesta af sprengiefni yfir liðsveitir og aðsetur Þjóðfrelsishreyfingarinnar. Enn einu sinni hefur raunverulegur vilji víetnömsku þjóðarinnar verið staðfestur. Þessar staðreyndir og margar fleiri ættu að gera mönnum ljóst, að endir verður ekki bundinn á stríðið í Víetnam, fyrr en Bandaríkin hætta allri íhlutun sinni þar og hverfa með allan herafla sinn á brott. Bandaríkin verða að fallast á friðartillögur Þjóðfrelsishreyfingarinnar, sem gera þetta m. a. að skilyrði.

Á 119. allsherjarfundi Parísarráðstefnunnar um Víetnam 1. júlí 1971 lagði Þjóðfrelsishreyfingin fram friðartillögur í 7 liðum, þær sömu og gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögu þessari, að íslenzka ríkisstjórnin hafi til grundvallar við tilraunir sínar til að stuðla að friði í Víetnam. Að fenginni reynslu hljóta þær að teljast eina eðlilega leiðin til friðsamlegrar lausnar stríðsins. Tillögur þessar eru eftirfarandi:

1. Um brottflutning bandarískra herliðsins.

   Bandaríska stjórnin verður að **binda endi á árásarstríð sitt í Víetnam,** leggja niður stefnu sína um „víetnamíseringu" stríðsins, flytja á brott frá Suður-Víetnam alla hermenn, starfsfólk hersins, vopn og stríðstæki Bandaríkjanna og annarra erlendra herja í sveit Bandaríkjanna og leggja niður allar bandarískar herstöðvar í Suður-Víetnam, án þess að setja fyrir þessu nokkur skilyrði.

   Bandaríska stjórnin verður að setja lokadagsetningu á brottför alls bandarísks herliðs og herja annarra ríkja í sveit Bandaríkjanna frá Suður-Víetnam.

   Ef bandaríska stjórnin setur lokadagsetningu á brottför alls bandarísks herliðs og herja annarra ríkja frá Suður-Víetnam á árinu 1971, þá munu hlutaðeigendur á sama tíma samþykkja þessa þætti:

   a) Tryggja brottför alls bandarísks herliðs og herja annarra ríkja í sveit Bandaríkjanna frá Suður-Víetnam.
   b) **Lausnargjöf allra hermanna úr liðum allra hlutaðeigenda og borgara,** sem teknir hafa verið til fanga í stríðinu (með eru taldir bandarískir flugmenn, sem teknir hafa verið í Norður-Víetnam), svo að þeir geti fljótt komizt til síns heimalands.

   Þessir tveir framkvæmdaliðir munu hefjast á sama tíma og ljúka á sama tíma.

   Vopnahlé mun ganga í gildi milli hers Þjóðfrelsisfylkingarinnar í Suður-Víetnam og herliðs Bandaríkjanna og herja annarra ríkja í sveit Bandaríkjanna, um leið og hlutaðeigendur semja um brottför alls bandarísks herliðs og herja annarra ríkja í sveit Bandaríkjanna frá Suður-Víetnam.

2. Um völdin í Suður-Víetnam.

   Bandaríska stjórnin verður raunverulega að **virða sjálfsákvörðunarrétt fólksins í Suður-Víetnam, hætta allri íhlutun í innanríkismál Suður-Víetnams,** binda endi á allan stuðning við Nguyen Van Thieu og hernaðarklíku hans, sem nú hefur embætti í Saigon, og að hætta öllum brögðum, þar á meðal kosningasvikum, sem miða að því að halda leikbrúðunni Nguyen Van Thieu í embætti.

   Pólitísk, félagsleg og trúarleg öfl í Suður-Víetnam, sem vænta friðar og samlyndis þjóðarinnar, munu mynda **nýja Saigon-stjórn, sem mun styðja frið, sjálfstæði, hlutleysi og lýðræði.** Bráðabirgðabyltingarstjórnin í lýðveldinu Suður-Víetnam mun þegar hefja viðræður við slíka stjórn í því markmiði að taka ákvarðanir um eftirfarandi:

   a) Að mynda þriskipta ríkisstjórn, sem byggir á breiðri samstöðu þjóðarinnar og mun hefja störf á tímabilinu milli þess sem friður kemst á og þar til almennar kosningar fara fram og mun skipuleggja almennar kosningar í Suður-Víetnam.

      Milli hers Þjóðfrelsisfylkingarinnar í Suður-Víetnam og herliðs Saigonstjórnarinnar mun verða virt vopnahlé, um leið og ríkisstjórn, sem byggir á samstöðu þjóðarinnar hefur verið mynduð.

b) Að gera raunhæfar ráðstafanir með nauðsynlegum öryggisráðstöfunum til að fyrirbyggja öll hermdarverk, hefndaraðgerðir og mismunun gegn einstaklingum, sem unnið hafa með öðrum hvorum aðilanum; að tryggja hvers konar lýðræðisleg réttindi fyrir fólkið í Suður-Víetnam; að leysa úr haldi alla einstaklinga, sem heftir hafa verið af pólitískum ástæðum; að leggja niður allar fangabúðir og að hætta öllum hindrunar- og valdbeitingaraðferðum, þannig að fólkið geti snúið til baka til átthaga sinna í fullu frelsi og geti stundað störf sín.

c) Að sjá til þess, að jafnvægi komist á lífsafkomu fólksins og hún batni stöðugt; að gera öllum kleift að leggja sitt af mörkum til að græða stríðssárin og að hefja enduruppbyggingu landsins.

d) Að komast að samkomulagi um ráðstafanir, sem tryggja framkvæmd raunverulega frjálsra, lýðræðislegra og sanngjarnra kosninga í Suður-Víetnam.

3. Um víetnamskt herlið í Suður-Víetnam.

Hinir víetnömsku aðilar munu í sameiningu taka ákvörðun um víetnamskt herlið í Suður-Víetnam í anda þjóðlegrar samhyggju, jafnréttis og gagnkvæmrar virðingar, án erlendrar íhlutunar og í samræmi við aðstæðurnar eftir stríð, með það fyrir augum að bæta kjör alþýðunnar.

4. Um friðsamlega endursameiningu Víetnams og samskipti Norður- og Suðursvæðanna.

a) Endursameining Víetnams skal nást stig af stigi á friðsamlegan hátt, með viðræðum og samningum milli svæðanna beggja, án þess að aðilarnir beiti þvingunum eða landssvæðaátökum og án erlendrar íhlutunar.

Þar til endursameining næst, munu Norður- og Suðursvæðin taka upp eðlileg samskipti, tryggja frjálsar ferðir, frjálsar póstsamgöngur, frjálst búsetuval og halda uppi efnahags- og menningarlegum tengslum með sameiginlega hagsmuni og samhjálp fyrir augum.

Úr öllum þessum málum, er lúta að hinum tveim svæðum, mun verða skorið af réttmætum fulltrúum víetnömsku þjóðarinnar á hinum tveim svæðum samkvæmt samningum, án erlendrar íhlutunar.

b) Samkvæmt skilmálum Genfarsamningsins um Víetnam frá 1954 um tímabundna skiptingu landsins í tvö svæði munu Norður- og Suðursvæðin ekki ganga í hernaðarbandalag með erlendum ríkjum, þau munu ekki leyfa neinu erlendu ríki að hafa herstöðvar, hermenn eða hafa starfsmenn hers á landi sínu, og þau munu ekki viðurkenna vernd neins ríkis, hernaðarbandalags eða hernaðarblokkar.

5. Um utanríkisstefnu friðar og hlutleysis fyrir Suður-Víetnam.

Suður-Víetnam mun taka upp utanríkisstefnu friðar og hlutleysis og stofna til tengsla við öll lönd án tillits til pólitískrar eða félagslegrar stjórnar, í samræmi við hinar fimm frumreglur friðsamlegrar sambúðar; Suður-Víetnam mun eiga efnahagsleg og menningarleg samskipti við öll lönd; Suður-Víetnam mun taka þátt í samstarfi með erlendum ríkjum um hagnýtingu landsgæða Suður-Víetnams; Suður-Víetnam mun þiggja frá öllum löndum efnahagslega og tæknilega aðstoð án nokkurra pólitískra skilyrða; og Suður-Víetnam mun taka þátt í svæðisbundnu efnahagslegu samstarfi.

Samkvæmt þessum ákvæðum munu Suður-Víetnamar og Bandaríkin, að loknu stríði, taka upp samskipti á pólitískum, efnahagslegum og menningarlegum sviðum.

6. Um eyðileggingu, sem Bandaríkin hafa valdið víetnömsku þjóðinni á hinum tveim svæðum.

Bandaríska stjórnin verður að bera fulla ábyrgð á því tjóni og eyðileggingu, sem hún hefur valdið víetnömsku þjóðinni á hinum tveim svæðum.

7. Um virðingu og alþjóðlega tryggingu samninganna, sem gerðir verða.

Hlutaðeigendur skulu semja um, hvernig samningar, sem gerðir verða, skuli virtir og tryggðir á alþjóðavettvangi.

Sþ. **572. Tillaga til þingsályktunar** [258. mál]

um fiskihafnir.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar, að allar fiskihafnir landsins verði gerðar að landshöfnum, en telur eðlilegt, að framkvæmd þess verði í áföngum.

Greinargerð.

Með lögum frá Alþingi eru öllum sveitarfélögum ætlaðir sömu tekjustofnar. Það verður því að teljast réttlætismál, að þeim séu ætluð hliðstæð verkefni. Mikið hefur skort á, að svo væri. Fiskihafnirnar hafa tekið til sín bróðurpartinn af fjárhagsgetu sjávarplássanna og þar með orðið þess valdandi, að þjónustustarfsemi og framkvæmdir á öðrum sviðum hafa setið á hakanum.

Fiskihafnirnar eru hluti af atvinnutækjum sjávarútvegsins, jafnnauðsynlegar og bátarnir og frystihúsin. Kostnaður við þær er því með réttu hluti af rekstrarkostnaði sjávarútvegsins. Þar sem vitað er, að sjávarútvegurinn greiðir opinber gjöld að fullu til jafns við aðra atvinnuvegi, ber honum og sú þjónusta af hálfu ríkisvaldsins, er hann þarfnast.

Á sama tíma og ríkisvaldið veitir sjómönnum skattfríðindi sem viðurkenningu á þjóðfélagslegu mikilvægi þeirra starfa, sem þeir vinna, er það í hrópandi ósamræmi, að sjávarplássum, heimkynnum þeirra, er gert að skyldu að leggja svo mikið fé til hafnarmála, að fjárhagsgetu þeirra er ofboðið og önnur þjónusta lömuð.

Hver vill búa á svæði, sem er þannig dæmt til kyrrstöðu?

Hver vill bera ábyrgð á því að dæma þessi svæði til slíkrar kyrrstöðu? Hafa þeir, sem vinna við fiskinn, eitthvað til saka unnið, sem réttlætir þær aðgerðir af hálfu hins opinbera að ræna sveitarfélög þeirra svo framkvæmdagetu sinni?

Ég segi nei, og þess vegna legg ég til, að þessi þingsályktunartillaga verði samþykkt.

Jafnframt vísa ég til fylgiskjals, sem er ályktun Fjórðungssambands Vestfjarða 18. marz s. l. um sama efni.

Fylgiskjal.

FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt með samhljóða atkvæðum á fulltrúafundi, sem haldinn var á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga á Ísafirði 18. þ. m.:

„Fulltrúafundur um hafnamál, haldinn á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga, skorar á Alþingi og ríkisstjórn að tryggja, að við endurskoðun hafnarlaga verði allar fiskihafnir landsins gerðar að landshöfnum.“

Greinargerð.

Vandamálið, sem hér um ræðir, er öllum þeim aðilum, sem hér eiga um að fjalla, vel kunnugt. Sú staðreynd er augljós og viðurkennd, að langsamlega flestar hafnir landsins búa við alvarlega og sívaxandi greiðslu- og rekstrarerfiðleika, og þá ekki hvað sízt þær hafnir — fiskihafnir —, sem tilgreindar eru í framangreindri samþykkt fulltrúafundar F. V.

Rekstrartekjur fiskihafnanna nægja alls ekki fyrir vaxtagreiðslum og öðrum beinum rekstrargjöldum. Vonlaust er að ná endum saman með því einu að hækka tekjustofna hafnanna frá því, sem gert hefur verið. Slíkar stórauknar álögur, — ef til kæmu — væru gjörsamlega ofviða greiðslugetu þeirrar þjónustu- og atvinnustarfsemi, sem tekjur hafnanna hvíla fyrst og fremst á.

Fiskihafnirnar víðsvegar um landið eru grundvöllur atvinnulífsins og lífæð viðkomandi byggðarlaga. Af þeim sökum hafa sveitarfélögin á liðnum árum lagt mikla áherzlu á uppbyggingu hafnarmannvirkja og tekið á sig þungbærar fjárhagslegar skuldbindingar í þeim efnum. Umrædd sveitarfélög hafa því ekki komizt hjá því að verja verulegum hluta af ráðstöfunartekjum sínum til hafnarmálanna, auk þess sem þau hafa tekið á sig fjárhagslegar skuldbindingar vegna hafnargerða, er gera þeim á margan hátt mjög erfitt fyrir varðandi fjármagnsútvegun vegna annarra aðkallandi framkvæmda.

Þetta óumflýjanlega og erfiða framtak sveitarfélaganna er gert til að treysta atvinnugrundvöll landsbyggðarinnar og til að skapa stærri fiskiskipum og vaxandi útgerð viðunandi athafnaaðstöðu. En þessi mikla greiðslubyrði vegna hafnarmálanna hefur mjög alvarlega lamað nauðsynlega athafnagetu sveitarfélaganna, þar sem meginhluti þess fjármagns, sem þau hafa til ráðstöfunar hverju sinni, fer til þess að standa undir rekstri hafnanna. Fjölmörgum aðkallandi verkefnum viðkomandi sveitarfélaga er því alls ekki unnt að sinna.

Enda þótt fiskihafnir landsins séu lífæðar viðkomandi byggðarlaga, má sízt gleyma þeirri höfuðstaðreynd, að þær eru fyrst og fremst grundvöllur þeirrar atvinnugreinar — fiskveiðanna —, sem leggur þjóðarbúinu til meginhluta gjaldeyristeknanna. Það er því þjóðarheildin, þjóðarbúið, sem fyrst og fremst nýtur hagnaðar og ávinnings af rekstri og gerð fiskihafna, því þær eru óumdeilanlega sú ómissandi undirstaða, sem gjaldeyrisöflun Íslendinga byggist aðallega á.

Með þessa augljósu staðreynd í huga er það ljóst, að það er bæði sanngirnis- og réttlætiskrafa þeirra sveitarfélaga, sem hér eiga hlut að máli, að bera þá ósk fram við Alþingi og háttvirta ríkisstjórn, að þjóðin í heild taki á sig og standi undir mannvirkjagerð og rekstri fiskihafnanna, að þær verði sem allra fyrst gerðar að landshöfnum.

Þeir, sem kunnugir eru þessu mikla vandamáli sveitarfélaganna og þekkja jafnframt til margháttaðra erfiðleika landsbyggðarinnar í atvinnu- og framkvæmdamálum, gera sér það ljóst, að þýðingarmikið og raunhæft spor væri stigið í áttina að því fyrirheiti að auka jafnvægi í byggð landsins og styrkja aðstöðu landsbyggðarinnar, ef fiskihafnirnar yrðu gerðar að landshöfnum.

Nd. 573. Breytingartillögur [52. mál]

við frv. til laga um Jafnlaunadóm.

Frá allsherjarnefnd.

1. 1. gr. breytist og verði svo hljóðandi:
   Konum og körlum skulu greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og að öðru leyti sambærileg störf.
2. 2. gr. breytist og verði svo hljóðandi:
   Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Gildir þetta ekki aðeins um launagreiðslur, heldur um hvers konar greinarmun, útilokun eða forréttindi vegna kynferðis. Bannað er með öllu að skerða jafnrétti kynjanna til atvinnuráðningar, skipunar í starf, hlunninda, vinnuskilyrða og hækkunar í starfi.
3. 3. gr. breytist og verði svo hljóðandi:
   Setja skal á stofn Jafnlaunaráð. Hefur það aðsetur í Reykjavík, og er starfssvið þess landið allt.
   Jafnlaunaráð skal skipað 5 einstaklingum til þriggja ára í senn og skulu þeir ásamt varamönnum skipaðir þannig: einn skipaður af Hæstarétti og er hann formaður ráðsins, einn skipaður af félagsmálaráðherra, einn skipaður af

Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, og skulu þessir þrír ásamt varamönnum hafa lokið embættisprófi í lögum, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands og einn skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands.

Málsmeðferð fyrir Jafnlaunaráði skal lúta reglum laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, að því leyti sem við verður komið.

Kostnaður við Jafnlaunaráð greiðist úr ríkissjóði.

4. 4. gr. breytist og verði svo hljóðandi:

Verkefni Jafnlaunaráðs er að:

1. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum, sem varða launajafnrétti og jafngildi með konum og körlum í kjaramálum.
2. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni, sem varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang þessara laga.
3. Stuðla að góðri samvinnu við atvinnurekendur og samtök launafólks svo og aðra þá aðila, sem kjaramál snerta, svo að stefnu og markmiði laga þessara verði náð með sem eðlilegustum hætti.
4. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum, hver brögð kunna að vera að misrétti í kjaramálum að því leyti, er lög þessi varða. Opinberum stofnunum svo og félagssamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnlaunaráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
5. Taka við ábendingum um brot á ákvæðum laga þessara og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni málsskjöl til þeirra aðila, sem málið snertir.
6. Kveða upp úrskurði í deilumálum, er rísa út af kærum um brot á lögum þessum, ef eigi takast sættir með aðilum, en ætíð skal Jafnlaunaráð leita þeirra. Ber Jafnlaunaráði m. a. að vega og meta ráðningar- og/eða kjarasamninga til samræmis við ákvæði 1. og 2. greinar laga þessara svo og annarra laga og alþjóðasamninga, sem um slík málefni fjalla og Ísland á aðild að og hefur fullgilt. Ber Jafnlaunaráði að hafa að engu mismunandi nafngiftir í sama starfi, sem uppi eru í því skyni að mismuna kynjum í launakjörum. Birta skal Jafnlaunaráð almenningi úrskurði sína.

5. 5. gr. orðist svo:

Kærendur og sóknaraðilar máls fyrir Jafnlaunaráði geta verið:

1) einstaklingur, sem telur brot á lögum þessum beinast gegn sér, og
2) launþegasamtök, sem einstaklingur sá er aðili að.

6. 6. gr. orðist svo:

Úrskurður Jafnlaunaráðs í kærumáli einstaklings er bindandi sem ráðningarsamningur milli aðila og fullnaðarúrlausn kjaradeilu, og verður honum ekki skotið til dómstóla.

Jafnlaunaráði er rétt að úrskurða um greiðslu málskostnaðar og ákveða dagsektir, sé úrskurði þess samkvæmt 1. mgr. eigi fullnægt. Mega dagsektir samkvæmt þessari grein nema allt að kr. 3000 á dag, unz úr hefur verið bætt. Úrskurði samkvæmt þessari málsgrein getur atvinnurekandi skotið til dómstóla eftir almennum reglum.

7. Heiti frumvarpsins breytist og verði: Frumvarp til laga um Jafnlaunaráð.

Ed. 574. Frumvarp til laga [161. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu og vegna viðgerðar á varðskipinu Þór.

(Eftir 3. umr. í Nd., 17. apríl.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán allt að 45 millj. kr. vegna kaupa á þyrlu og allt að 48 millj. kr. vegna endurnýjunarviðgerðar á varðskipinu Þór.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 575. Frumvarp til laga [259. mál]

um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Ríkissjóður veitir námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum, að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum, sbr. þó 5. gr.

2. gr.

Réttar til námsstyrkja samkvæmt lögum þessum njóta íslenzkir skólanemendur, sem stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi:

1) Þeir, sem lokið hafa skyldunámi.
2) Þeir, sem verða að vista sig utan lögheimilis síns og fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins.
3) Þeir, sem stunda reglulegt nám, sem framhaldsskóli skv. lögum þessum viðurkennir sem áfanga að réttindum eða prófi, er hann veitir.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð, þar sem kveðið verður meðal annars á um lágmarksnámstíma og hlutfallslega upphæð styrkja miðað við skóla með lengstan árlegan starfstíma og eigi færri en 30 vikustundir.

Eigi skulu njóta styrks eftir lögum þessum:

a) Þeir, sem eiga rétt til lána eða styrkja samkvæmt lögum nr. 7 frá 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki. Nú njóta nemendur annarrar opinberrar námsaðstoðar eða styrkja, og er þá heimilt, séu þau framlög lægri en greitt mundi verða samkvæmt þessum lögum, að veita styrki, sem mismuninum nemur.
b) Þeir, sem taka samningsbundið eða fast kaup á námstímanum að undanteknum sumarleyfum eða kennsluhléum, sbr. þó heimild í c-lið 5. gr.
c) Þeir, sem ekki ljúka námsáfanga á tilskildum tíma, nema gildar ástæður séu fyrir töfum í námi.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar fimm manna námsstyrkjanefnd, sem skal leggja fyrir ráðuneytið tillögur um árlegar fjárveitingar í samræmi við markmið laganna og úthluta námsstyrkjum til styrkhæfra skólanemenda.

Skulu tveir nefndarmanna skipaðir án tilnefningar, og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar, einn skipaður samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenzkra sveitarfélaga, og skulu þeir allir skipaðir til fjögurra ára í senn. Auk þess skipar menntamálaráðuneytið einn mann í nefndina til eins árs í senn eftir tilnefningu félags samtaka skólanemenda þeirra skóla, er lög þessi taka til, eftir reglum, er ráðuneytið setur.

Þóknun til nefndarmanna greiðist úr ríkissjóði, svo og annar kostnaður við framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Námsstyrkjanefnd aflar sér upplýsinga um námskostnað skólanemenda, þar sem miðað sé bæði við nægilegt úrtak frá einstökum skólum, sem lög þessi taka til, og einnig við upplýsingar Hagstofu Íslands eða hliðstæðra opinberra stofnana um almennan framfærslukostnað. Þær upplýsingar skulu m. a. taka til fæðiskostnaðar við skóla með eða án mötuneytis, húsnæðiskostnaðar við skóla með eða án heimavistar og ferðakostnaðar nemenda miðað við mismunandi kostnaðarsama skólasókn. Samanburður sé síðan gerður á námskostnaði, annars vegar þeirra nemenda, er verða að dvelja fjarri lögheimilum sínum við nám, og hins vegar þeirra, er stundað geta nám sitt án þess að hverfa að heiman til námsdvalar.

Á grundvelli þessara upplýsinga gerir nefndin tillögur um, hvað greiða skal vegna nemenda í heimavistarskólum annars vegar og heimangönguskólum hins vegar til jöfnunar samkv. 1. gr. Skal menntamálaráðherra ákveða almennar reglur um greiðslur þessar.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð, þar sem kveða skal á um, hvernig upplýsinga skuli aflað og grundvallarreglur um mat þeirra, skilyrði varðandi umsóknir og framkvæmd á úthlutun styrkja skv. þessari grein.

5. gr.

Menntamálaráðherra getur heimilað námsstyrkjanefnd að verja einhverjum hluta af heildarfjárveitingu í þessu skyni:

a) að veita skólanemanda námsstyrk, þótt hann fullnægi ekki ákvæðum 2. greinar þessara laga, ef hann sannanlega að öðrum kosti getur ekki stundað nám vegna efnaleysis,
b) að veita þeim nemendum hærri námsstyrki, sem eru frá fjölskyldum, er þurfa að kosta tvo eða fleiri nemendur við framhaldsnám á sama tíma,
c) að veita skólanemanda námsstyrk, ef sérstakar ástæður mæla með því, þótt hann fullnægi ekki að öllu leyti ákvæðum 2. gr. þessara laga.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda að fullu frá byrjun skólaárs 1972/73 að telja.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði, en ráðuneytið birtir sem fylgiskjal skýrslu nefndar þeirrar, sem úthlutað hefur tvö undanfarin ár fjárveitingum til aðstöðujöfnunar nemenda til náms.

Í greinargerð, sem fylgdi frumvarpinu, segir:

„Með bréfi, dags. 26. apríl 1971, óskaði menntamálaráðuneytið eftir því, að þingflokkarnir tilnefndu hver um sig einn mann í nefnd til þess að semja frumvarp til laga um aðstoð við skólanemendur til að jafna aðstöðu þeirra til skólagöngu. Ráðuneytinu hafði verið tilkynnt um allar tilnefningar þingflokkanna 30. september síðastliðinn.

Þann 1. nóvember 1971 skipaði menntamálaráðherra síðan sjö manna nefnd til þess að semja fyrrgreint frumvarp til laga.

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn:

Runólfur Þórarinsson, stjórnarráðsfulltrúi, án tilnefningar, og var hann skipaður formaður nefndarinnar,
Sigurvin Einarsson, fyrrv. alþingismaður, án tilnefningar,
Helgi Seljan, alþingismaður, samkvæmt tilnefningu Alþýðubandalagsins,
Ingvar Gíslason, alþingismaður, samkvæmt tilnefningu Framsóknarflokksins,
Kári Arnórsson, skólastjóri, samkvæmt tilnefningu Samtaka frjálslyndra og vinstri manna,
Kristján J. Gunnarsson, skólastjóri, samkvæmt tilnefningu Sjálfstæðisflokksins, og
Sigurþór Halldórsson, skólastjóri, samkvæmt tilnefningu Alþýðuflokksins.

Nefndin fékk margs konar upplýsingar hjá menntamálaráðuneytinu um námskostnað nemenda í ýmsum framhaldsskólum landsins, áætlun um fjölda nemenda að loknu skyldunámi fram til háskólanáms, um mötuneyti í skólum og heimavistir, svo og ýmislegt fleira.

Nefndarmenn voru sammála um það, að jöfnun á fjárhagslegum aðstöðumun æskufólks til framhaldsmenntunar vegna búsetu væri aðkallandi nauðsynjamál. Námskostnaður þeirra nemenda, sem verða að vista sig fjarri heimilum sínum vegna námsins, er miklum mun meiri en hinna, sem geta numið í skóla heiman frá sér daglega. Þennan kostnaðarmun verður að jafna, annars nýtur æskufólk ekki jafnréttis til menntunar. Skilningur manna á þessu máli hefur farið vaxandi á síðustu árum, utan þings og innan. Má minna á frumvörp og tillögur á Alþingi um þessi efni og fjölmargar samþykktir félagssamtaka víðs vegar um land. Á fjárlögum fyrir árin 1970, 1971 og 1972 hefur verið veitt nokkurt fé í þessu skyni.

Nefndin álítur, að ekki verði hjá því komizt að ná sem allra fyllstum jöfnuði á fjárhagslegum aðstöðumun æskufólks til menntunar vegna búsetu frá og með næsta skólaári, svo að endir verði bundinn á það misrétti, sem ríkt hefur í þessum efnum. Jafnframt vill nefndin benda á nauðsyn þess, að í Reykjavík a. m. k. verði komið upp mötuneytum, þar sem öllum aðkomunemendum gefist kostur á að kaupa fæði, en um slík fæðiskaup virðist ekki vera að ræða í Reykjavík nú.

Nefndin leggur ekki til, að námsstyrkir nái til barna á skólaskyldualdri, enda er sveitarfélögum, með lögum, gert að skyldu að bæta þar úr fjárhagserfiðleikum. Auk þess veitir ríkissjóður nú þegar verulegan fjárhagsstuðning nemendum á skyldunámsstigi með hlutdeild sinni í fæðiskostnaði, húsnæðiskostnaði og flutningi nemenda til og frá skóla.

Um alllangt skeið hafa háskólastúdentar og nokkrir fleiri skólanemendur notið námslána og styrkja samkvæmt sérstökum lögum. Nefndin telur því, að námsstyrkjakerfi það, sem hér eru gerðar tillögur um, eigi ekki að ná til þeirra nemenda.

Ekki er unnt að gera nákvæma áætlun um heildarkostnað ríkissjóðs vegna námsstyrkja samkvæmt þessu frumvarpi. Til þess þarf umfangsmikla athugun í hverjum einstökum skóla, sem frumvarpið tekur til, um mismun á námskostnaði aðkomunemenda og heimanemenda. Auk þess þarf fullnægjandi upplýsingar um fjölda styrkhæfra nemenda, um ferðakostnað þeirra og fleira. En samkvæmt þeim upplýsingum, sem menntamálaráðuneytið hefur látið nefndinni í té, er ólíklegt, að heildarupphæðin verði undir 100—120 millj. kr. á næsta skólaári, þar sem búast má við, að styrkhæfir nemendur verði þá ekki undir 4000.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Sérstakra skýringa er ekki þörf.

Um 2. gr.

Hér er gerð grein fyrir, hvaða skólanemendur eiga rétt á námsstyrkjum. Samkvæmt 3. lið þessarar greinar er lagt til, að með reglugerð verði sett nánari ákvæði

um lágmark námstíma sem skilyrði fyrir námsstyrk, svo og um hlutfallslega upphæð styrkja eftir námstímalengd. Þykir óeðlilegt að setja bindandi ákvæði í lög um þessi efni.

Ekki er gert ráð fyrir því, að þeir skólanemendur njóti námsstyrkja, sem hafa samningsbundið eða fast kaup við nám, enda er fjárhagsleg aðstaða þeirra yfirleitt betri en hinna, sem engar slíkar tekjur hafa.

Þá er það skilyrði sett fyrir námsstyrk, að nemandi ljúki hverjum áfanga námsins á þeim tíma, sem ráð er fyrir gert í reglum viðkomandi skóla, enda valdi ekki óviðráðanlegar ástæður töfum í námi.

Um 3. og 4. gr.

Lagt er til, að skipuð verði fimm manna námsstyrkjanefnd. Skipan hennar er með sama hætti og þeirrar nefndar, er annazt hefur hliðstæðar styrkveitingar tvö undanfarin ár, að því undanteknu að Samband ísl. sveitarfélaga tilnefni einn mann í stað tveggja áður, en í stað þess tilnefni félagssamtök nemenda einn nefndarmann. Þykir rétt, að nemendur, sem hér eiga mikilla hagsmuna að gæta, eigi hlut að framkvæmd laganna.

Hlutverk námsstyrkjanefndar er að gera tillögur um árlegar fjárveitingar í samræmi við markmið laganna og leggja þær fyrir ráðherra og úrskurða umsóknir skólanemenda um námsstyrki og úthluta styrkjum, eftir að hún hefur aflað sér nauðsynlegra upplýsinga um námskostnað í hverjum þeim skóla, sem lög þessi taka til. Rétt þykir, að sett verði með reglugerð nánari ákvæði um grundvallarreglur fyrir söfnun þeirra upplýsinga, mat á þeim og um framkvæmd á úthlutun styrkja.

Um 5. gr.

Nefndin telur, að rétt sé að veita námsstyrkjanefnd heimild, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, til nokkurra undantekninga um styrkveitingar frá þeim meginreglum, er getur í 2. gr. frumvarpsins. Þessi frávik eru:

að veita nemanda námsstyrk, þótt hann dvelji ekki utan lögheimilis síns við nám, ef sannanlegt er, að hann getur ekki, að öðrum kosti, stundað nám vegna efnaleysis. Með þessu ákvæði er viðurkennd sú siðferðislega skylda þjóðfélagsins, að engin ungmenni eigi að gjalda þess í námi, að foreldrar eða forráðamenn þeirra búa við efnaskort.

að veita þeim nemendum hærri námsstyrki, sem eru frá fjölskyldum, er þurfa að kosta tvo eða fleiri nemendur við framhaldsnám á sama tíma. Hér er verið að hamla gegn því, að sumir unglingar sömu fjölskyldu geti ekki aflað sér menntunar vegna erfiðra fjárhagsástæðna fjölskyldunnar.

að veita skólanemanda námsstyrk, þótt hann fullnægi ekki að öllu leyti ákvæðum 2. gr., ef sérstakar ástæður mæla með því. Má þar nefna t. d., að nemandi nær ekki fullri námstímalengd vegna veikinda eða annarra forfalla, eða að lítið á skortir að öðru leyti, að hann fullnægi skilyrðum til námsstyrks.

Um 6. gr.

Skýringa er ekki þörf.

Um 7. gr.

Þar sem fjárveiting í fjárlögum fyrir árið 1972 til jöfnunar námsaðstöðu í framhaldsskólum er ekki í samræmi við ákvæði þessa frumvarps, þykir rétt, að tekið sé fram, að lögin komi ekki til framkvæmda að fullu fyrr en með byrjun næsta skólaárs, en að öðru leyti taki lögin strax gildi, er þau hafa verið samþykkt.“

Fylgiskjal.

Skýrsla

um úthlutun styrkja 1970 og 1971 til jöfnunar aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms.

I.
Inngangur.

Í fjárlögum ársins 1970 voru veittar tíu milljónir króna til jöfnunar aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms. Í fjárlögum 1971 voru veittar 15 milljónir króna í sama skyni.

Menntamálaráðherra setti reglur um úthlutun þessa fjár, hinar fyrri 21. maí 1970, um úthlutun styrkja vegna skólaársins 1969/1970, síðan endurskoðaðar reglur 23. febrúar 1971, um úthlutun styrkja skólaárið 1970/1971.

Menntamálaráðherra skipaði úthlutunarnefnd, en í henni eiga sæti: Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, og Torfi Ásgeirsson, deildarstjóri, en þeir voru skipaðir af ráðherra, án tilnefningar, Pálmi Jónsson, alþingismaður, tilnefndur af fjármálaráðherra, Björn Halldórsson, skrifstofustjóri og Ölvir Karlsson, oddviti, tilnefndir af stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Starfsmaður nefndarinnar var Örlygur Geirsson, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu.

Verða hér á eftir rakin helztu störf nefndarinnar.

II.
Almennt um styrkina.

Eins og áður segir voru fyrri reglurnar um beina styrki til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms gefnar út 21. maí 1970. Var þar ákveðið, að fénu, tíu millj. króna, skyldi varið til styrktar þeim nemendum, er stunduðu nám skólaárið 1969/1970, þ. e. að styrkirnir giltu að nokkru leyti aftur í tímann. Í reglum þessum var mörkuð sú stefna, sem gilti um báðar úthlutanir, að nota fé fyrst og fremst til styrktar þeim nemendum, sem stunduðu nám við skóla fjarri heimilum sínum, án þess að hafa heimavistar- eða mötuneytisaðstöðu, en sá hópur nemenda er allstór og býr almennt við lakari aðstöðu en hinir. Þá var og í reglunum gert ráð fyrir styrk til þeirra nemenda, er höfðu verulegan ferðakostnað vegna námsins og þá án tillits til þess, hvort þeir byggju í skólaheimavist eða ekki.

Veittir voru því tvenns konar beinir styrkir:

Dvalarstyrkir til þeirra nemenda, sem urðu að dvelja utan heimila sinna án þess að eiga kost á skólaheimavist. Dvalarstyrkur var 1200 kr. á mánuði og miðað var við nauðsynlegan dvalartíma á skólastað vegna námsins, að meðtöldum skólaleyfum.

Ferðastyrkir, allt að 75% af ferðakostnaði, voru greiddir vegna ferðakostnaðar nemanda frá dvalarstað hans innanlands við byrjun skólaárs að skóla og heim úr skóla við lok skólaársins (tvær ferðir).

Enn fremur var með reglunum gert ráð fyrir stuðningi við skipulagðan akstur að framhaldsskólum.

III.

Úthlutun styrkja.

Strax að lokinni útgáfu reglnanna var auglýst eftir umsóknum um styrki og send út frétt um málið. Þá voru umsóknareyðublöð ásamt reglunum send til skólastjóra allra framhaldsskóla og til þess mælzt, að þeir afhentu viðkomandi nemendum eyðublöðin og að þau yrðu síðan send ráðuneytinu, staðfest af skólastjórum.

Þar sem langt var liðið á skólatímabilið og skólar í þann mund að hætta, bárust umsóknir mjög drætt til ráðuneytisins (í júlí höfðu aðeins borizt milli eitt og tvö hundruð umsóknir). Var því ákveðið að bíða með úthlutun styrkja þar til skólar hæfust að nýju þá um haustið og tryggt væri að sem flestir nemendur fengju vitneskju um styrkina. Nýtt bréf var því sent til skólastjóra, þar sem mælzt var til þess, að umsóknum yrði skilað eigi síðar en 25. október og ítrekað, að athygli nemenda yrði vakin á þessum styrkjum, hefði slíkt ekki verið gert áður.

Hinn 25. október 1970 höfðu borizt tæplega 1000 umsóknir og var þá hafizt handa um úthlutun. Voru ávísanir sendar skólastjórum til afhendingar í desember 1970. Umsóknum fjölgaði hins vegar jafnt og þétt, ekki sízt, eftir að styrkgreiðslur hófust.

Um áramótin höfðu verið afgreiddar tæpar 1400 styrkgreiðslur. Nefndin lauk afgreiðslu styrkja fyrir skólaárið 1969/1970 í lok febrúar 1971. Styrk hlutu 1430 nemendur, hafnað var 127 beiðnum, umsóknir voru því alls 1557. Heildarúthlutun nam kr. 10 008 350.00, þar af dvalarstyrkir kr. 8 333 350.00 og ferðastyrkir kr. 1 675 000.00.

Við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1971 var gert ráð fyrir 12 millj. króna til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms. Að fenginni reynslu frá fyrstu úthlutun, lagði menntamálaráðuneytið til við fjárveitinganefnd, að beiðni úthlutunarnefndar, að veitt yrði 21 millj. króna í þessu skyni 1971.

Nefndin taldi að umbeðna fjárhæð ætti að nota á eftirfarandi hátt:

a)	Til dvalarstyrkja	kr. 12 millj.
b)	Til ferðastyrkja	— 4 —
c)	Til þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við skipulagðan akstur fyrir nemendur	— 2 —
d)	Til lækkunar mötuneytiskostnaðar í framhaldsskólum ..	— 3 —
		Samtals kr. 21 millj.

Með þessari tillögu var gert ráð fyrir um 20% aukningu styrkumsókna og um 20% hækkun dvalarstyrkja. Þá var gert ráð fyrir ferðastyrk vegna fjögurra ferða milli heimilis og skóla í stað tveggja áður. Liðurinn til lækkunar á mötuneytiskostnaði í framhaldsskólum var hugsaður þannig, að fénu yrði skipt milli skólamötuneyta eftir fjölda nemenda og mötuneytisdaga.

Í fjárlögum fyrir árið 1971 voru veittar 15 millj. króna til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms. Gefnar voru út nýjar reglur um úthlutun þessa fjár, dags. 23. febrúar 1971. Samkvæmt þeim reglum var styrkur vegna ferðakostnaðar aukinn þannig, að greiddar voru fjórar ferðir að og frá skóla í stað tveggja áður, þ. e. a. s. haustferð í skóla, ferð heim og heiman í jólaleyfi og ferð úr skóla að vori. Áður voru jólaferðir ekki styrktar og sætti það nokkurri gagnrýni nemenda. Dvalarstyrkur var hafður óbreyttur og horfið var frá því að greiða niður mötuneytiskostnað. Nokkrum ákvæðum fyrri reglna var lítillega breytt og miðað að því að gera þau skýrari og ákveðnari.

Má segja, að ekki hafi verið um verulega breytingu að ræða frá árinu áður, aðra en hækkun ferðastyrks.

Umsóknareyðublöð ásamt reglunum voru send til skólastjóra á sama hátt og áður og var til þess mælzt, að umsóknir bærust ráðuneytinu fyrir 31. marz 1971.

Til þess að úthlutun gengi sem hraðast og nemendur gætu notað styrkinn á námstímabilinu, hafði nefndin þau vinnubrögð, að úthluta styrkjum jafnóðum og fullgildar umsóknir bárust.

Flestar umsóknir bárust ráðuneytinu í aprílmánuði, en voru auk þess að berast jafnt og þétt fram á mitt sumar og eru reyndar einstaka umsóknir að berast enn þá.

Umsóknafjöldi varð mun meiri en búizt hafði verið við. Gert hafði verið ráð fyrir um 20% aukningu frá fyrra skólaári, en varð 65% aukning fullgildra umsókna, 2190 voru afgreiddar jákvætt, 436 hafnað, en samtals bárust 2626 umsóknir.

Sýnt var, að fjárveitingin 15 milljónir dygði ekki til úthlutunar samkvæmt þeim reglum, sem settar höfðu verið, og fór því nefndin fram á með bréfi, dags. 5. maí 1971, að fá til viðbótar 2.3—2.5 millj. kr. til þess að geta þá þegar sinnt þeim styrkumsóknum, er fyrir lágu. Samþykki fékkst fyrir þeirri beiðni nefndarinnar og hefur nú verið úthlutað samtals kr. 17 863 500.00 til nemenda í framhaldsskólum vegna skólaársins 1970—1971, dvalarstyrkir kr. 12 864 000.00 og ferðastyrkir kr. 4 999.500.00. Samtals hefur því verið úthlutað bæði skólaárin kr. 27 871 850.00 og afgreiddar 3620 umsóknir.

Nefndinni bárust nokkrar umsóknir frá nemendum skyldunáms. Að tilhlutan hennar hlutu þeir sambærilega styrki annars staðar frá, þannig að 51 nemandi á skyldunámsstigi, sem ekki átti þess kost að stunda nám í heimabyggð, hlaut styrki er samtals námu kr. 348 300.00.

IV.
Reglur.

Með skýrslu þessari fylgja eintök af reglum um úthlutun styrkja til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms, ásamt umsóknareyðublöðum.

Verður hér á eftir gerð grein fyrir helztu þáttum reglnanna og framkvæmd nefndarinnar á hinum einstöku ákvæðum þeirra.

Tilgangur.

Þegar rætt er um aðstöðumun nemenda í strjálbýli, er augljóst, að sá aðstöðumunur er margvíslegur m. a. að því er varðar efnahag og aðra aðstöðu til náms. Hins vegar mun ætlunin með nefndum fjárframlögum hafa verið sú að jafna mismunandi kostnað við skólasókn eftir búsetu.

Styrkveitingar ná eingöngu til nemenda í framhaldsnámi. Kostnaðarauki vegna búsetu skyldunámsnemenda er ekki eins tilfinnanlegur, þar sem til kemur mikill akstur greiddur af hinu opinbera og auk þess heimavistir þar sem nemendur greiða sem næst hráefniskostnað matar, sem í flestum tilfellum er ekki stórum meiri en sá kostnaður, sem sparast á heimilum nemenda vegna heimavistardvalar þeirra.

Þegar nemendur hafa lokið framhaldsnámi og ef við tekur æðri menntun, t. d. háskólanám, kemur til annars konar opinber stuðningur í formi lána og styrkja.

Misjöfn fjárhagsleg aðstaða til náms eftir búsetu virðist því mest eftir að skyldunámi lýkur.

Sá stuðningur, sem ríki og sveitarfélög áður veittu nemendum í framhaldsnámi og aðstandendum þeirra, var fyrst og fremst fólginn í heimavistar- og mötuneytisaðstöðu við suma framhaldsskólana, frádrætti við skattálögur, aksturssstyrkjum o. fl., auk þess sem til eru dæmi um, að sveitarfélög veiti nemendum beina styrki, en slíkt heyrir fremur til undantekninga. Þá hafa nokkrir skólar yfir smásjóðum að ráða, er veittir eru styrkir úr, en þá án tillits til búsetu.

Í reglunum segir að tilgangur styrkjanna sé:

a) að bæta aðstöðu þeirra framhaldsskólanema, er verulegan ferðakostnað hafa vegna náms,
b) að bæta aðstöðu framhaldsskólanema, er verða að dvelja við nám fjarri heimilum sínum, án þess að eiga kost á skólaheimavist.

Búseta.

Merking orðsins strjálbýli er nokkuð óákveðin og ekki auðvelt að segja til um við hvaða staði skal miðað, t. d. hefur oft verið lögð sú merking í orðið, að þar væri átt við byggðarlög með færri en 300 íbúa.

Ef úthlutað hefði verið eftir þeirri reglu, hefðu margir ekki notið styrkja, sem eðlilegt var talið að nytu þeirra. Nefndin fylgdi því þeirri reglu, að þeir nemendur strjálbýlis og þéttbýlis, sem urðu að dveljast við nám fjarri heimilum sínum, vegna þess að þeir áttu ekki kost á sambærilegu námi heima fyrir, hlutu styrk. Þetta þýddi, að nemendur, sem komu frá þéttbýlisstöðum eins og t. d. Akureyri og hugðust afla sér menntunar sem barnakennarar, hlutu styrk, vegna þess, að aðeins er um einn skóla að ræða, í Reykjavík, og þurfti því að hafa búsetuskipti meðan á námi stóð.

Lögheimili 1. des. ár hvert skar úr um styrkhæfni umsækjanda að því er búsetu varðaði. Lögheimili í sveitarfélagi, þar sem skóli var staðsettur, eða búseta í nágrenni skóla, þótt í öðru sveitarfélagi væri, hafði í langflestum tilfellum í för með sér að umsókn var hafnað. Væri hins vegar flutningur frá lögheimili nauðsynlegur, öðlaðist umsækjandi rétt til styrksins, væri öðrum skilyrðum einnig fullnægt.

Lögheimili nemandans og búseta hans á námstíma var því grundvallarforsenda fyrir styrkhæfni umsóknar.

Framhaldsnám.

Í reglunum er skýrt hvaða framhaldsnám skuli styrkja, í fyrsta lagi með því að tilgreina skóla, í öðru lagi lengd árlegrar skólagöngu og í þriðja lagi með því að taka fram hvaða framhaldsnám sé ekki styrkt.

Í 2. gr. reglnanna er sagt, að framhaldsskólar í þessu sambandi séu gagnfræðaskólar ofan skyldunáms, kennaraskólar, menntaskólar og sérnámsskólar.

Gagnfræðaskólar ofan skyldunáms voru taldir: 3. bekkur miðskóla, 3. og 4. bekkur gagnfræða- og héraðsskóla, þar taldar verknámsdeildir og aðrar slíkar sérdeildir gagnfræðaskóla, verknámsdeild Iðnskólans í Reykjavík og framhaldsdeildir gagnfræðaskólanna, þ. e. 5. og 6. bekkur.

Menntaskólar eru: Menntaskólinn í Reykjavík, við Tjörnina, við Hamrahlíð, að Laugarvatni, á Akureyri og á Ísafirði.

Kennaraskólar eru: Kennaraskóli Íslands, Íþróttakennaraskóli Íslands, Húsmæðrakennaraskóli Íslands, auk kennaradeilda Tónlistarskólans og Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Sérnámsskólar eru fyrst og fremst eftirtaldir skólar: verzlunarskólar, vélskólar, stýrimannaskólar, bændaskólar, húsmæðraskólar, tækniskóli, fóstruskóli, loftskeytaskóli, Tónlistarskólinn í Reykjavík, Myndlista- og handíðaskóli Íslands.

Námstími.

Í 6. gr. reglnanna eru skilyrði um lengd skólatíma: „Við úthlutun dvalarstyrkja koma að jafnaði þeir einir til greina, er sækja nám í skóla, sem kennir hverjum nemanda að minnsta kosti 30 stundir á viku og eigi skemur en 24 vikur á skólaári.“

Þessi grein var túlkuð þannig af nefndinni, að þeir nemendur, er sóttu skóla, sem starfaði skemur en 24 vikur, þ. e. 6 mánuði, hlutu ekki styrk, nema því aðeins að margfeldi kennsluvikna sinnum kennslustundafjölda á viku næði því lágmarki, sem sett var með greininni, þ. e. 24 vikur $\times$ 30 kennslustundir eða 720 kennslustundir yfir skólaárið.

Þeir hlutu ekki styrk, sem stunduðu nám við skóla, sem þó starfaði lengur en sex mánuði, ef kennslustundafjöldi sinnum kennsluvikur náði ekki lágmarkinu.

Eigi voru heldur greiddir styrkir fyrir stutt námsskeið eða námsflokka, málaskóla o. s. frv., vegna þess hve fáar kennslustundir voru kenndar vikulega, enda algengt að slíkir nemendur stundi vinnu eða aðra skóla með náminu. Hins vegar voru greiddir styrkir fyrir t. d. námskeið Vélskóla Íslands, þar sem kennslutímabil var liðlega 5 mánuðir, en fjöldi kennslustunda svo mikill, að hann náði umræddu lágmarki. Þessar reglur voru látnar gilda bæði um dvalar- og ferðastyrki.

Nemandi hlaut ekki dvalarstyrk, ef hann stundaði skóla styttri tíma en fyrrgreint lágmarksákvæði segir til um, þótt skóli sá, er hann stundaði námið við, hefði lengri starfstíma. Undantekning frá þessu var gerð, ef staðfest var, að nemandi hvarf frá námi vegna veikinda. Hins vegar voru veittir ferðastyrkir til þeirra, er þreyttu próf við slíka skóla, t. d. utanskólanemendur, þótt þeir hefðu ekki verið skráðir í skólann tiltekinn lágmarkstíma. Styrkt var ein ferð heim og heiman.

Tekjur.

Reglurnar taka hvorki tillit til tekna umsækjanda né vandamanna hans. Hins vegar er tekið tillit til þess að nokkru, hvort nemandi nýtur launa, námslána eða styrkja meðan á námi stendur.

Í 7. gr. reglnanna segir: „Njóti nemandi, eða eigi kost námsláns, eða styrks annars staðar að, eða launa án vinnuframlags á skólaárinu, má lækka dvalarstyrk til hans með hliðsjón af því. Þeir, sem rétt eiga á láni og/eða styrk úr Lánasjóði íslenzkra námsmanna, njóta ekki styrkja samkvæmt þessum reglum."

Þetta gilti jafnt um dvalar- og ferðastyrki.

Reglunni var beitt þannig, að ekki voru lækkaðir styrkir til þeirra, er hlutu nemendastyrki eða lán frá t. d. sjóðum innan skólanna eða hlutu styrk frá sveitarfélagi o. þ. u. l., enda voru þær fjárhæðir í flestum tilfellum fremur lágar.

Hins vegar hlutu þeir ekki styrki, er höfðu laun á meðan á námi stóð, né heldur þeir, sem höfðu réttindi til styrkveitinga eða lána úr Lánasjóði ísl. námsmanna. Þeir, sem þannig hlutu laun án vinnuframlags á námstíma voru t. d. iðnnemar, er samkvæmt samningi hljóta laun frá meistara sínum meðan þeir stunda skóla, auk þess sitja þeir að jafnaði ekki lengur í skóla en þrjá mánuði hvert skólaár (og ná því ekki 720 kennslustundum yfir skólaárið). Svipuðu máli gegnir um nám hjúkrunarnema, ljósmæðra, gæzlusystra, símamanna o. fl.

Þeir nemendur framhaldsskóla, er hafa rétt til styrkja og lána úr Lánasjóði ísl. námsmanna, auk nemenda í Háskóla Íslands, eru: Stúdentadeild Kennaraskóla Íslands og nemendur í tæknifræðinámi Tækniskóla Íslands. Þá nutu nemendur framhaldsdeildar Bændaskólans á Hvanneyri lána úr sjóðnum 1969—1971, þótt ekki séu um það lagaákvæði.

Ferðastyrkir.

Veittir voru tvenns konar beinir styrkir til nemenda: ferðastyrkir og dvalarstyrkir.

Augljóst er, að einn þeirra þátta, sem skapa kostnaðarmismun milli nemenda, sem búa fjarri skólastað, og þeirra, sem búa í næsta nágrenni hans, er sá kostnaður, er hlýzt af ferðalögum að og frá skóla.

Var því eðlilegt talið, að slíkur kostnaðarmismunur yrði að nokkru bættur. Í þeim reglum, sem giltu við úthlutun styrkja skólaárið 1969/1970, voru veittir styrkir allt að 75% kostnaðar, við eina ferð til skóla að hausti og aðra frá skóla að vori. Gert var ráð fyrir því, að nemendur tilgreindu kostnað við slíkar ferðir í umsókn sinni og yrði síðan endurgreitt úr ríkissjóði í hlutfalli við þann kostnað. Reyndin varð hins vegar sú, að ekki var unnt að taka beint tillit til þeirra upplýsinga, sem tilgreindar voru í umsókn, því að ferðakostnaður var nálega tilgreindur jafnmismunandi og umsóknir voru margar. Skipti jafnvel þúsundum króna á fargjaldi sambærilegra ferða.

Tók því nefndin þann kost, að fá fram meðaltalsfargjald eftir byggðarlögum (sýslum) og greiða nemandanum ferðastyrk í samræmi við það. Við ákvörðun þessara fargjalda voru gjaldskrár flugfélaga og sérleyfisbifreiða lagðar til grundvallar (sjá fylgiskjal 1).

Ferðastyrkir 1970/1971 voru með nokkuð öðrum hætti en árið áður. Greiðslur voru miðaðar við lögheimilissveitarfélag í stað sýslu áður. Þá var tekið tillit til verðhækkana, en það sem mestu máli skipti var að styrktar voru, auk ferða úr skóla að vori og í skóla að hausti, jólaleyfisferðir nemenda. Þessar breytingar höfðu í för með sér, að styrkir voru nær raunverulegum ferðakostnaði nemenda en áður og almennt allmiklu hærri en áður (sjá fylgiskjal 2 og 3).

Vegna kostnaðar við stuttar ferðir svo sem innan héraðs eða sveitar o. s. frv. var ekki greiddur styrkur. Fyrir skólaárið 1969/1970 var því ekki almennt greiddur styrkur vegna ferðakostnaðar, ef hann var samtals lægri en kr. 400.00, en kr. 1000.00 fyrir skólaárið 1970/1971.

Dvalarstyrkir.

Mestum hluta fjárveitingarinnar var úthlutað sem dvalarstyrkjum til nemenda, er urðu að dvelja fjarri heimilum sínum vegna framhaldsnáms, án þess að eiga kost á skólaheimavist.

Dvalarstyrkir voru hvort ár kr. 1200.00 á mánuði og var miðað við nauðsynlegan dvalartíma nemanda á skólastað, að meðtöldum skólaleyfum. Algengasti starfstími skóla, og þá um leið dvalartími nemanda, er 8 mánuðir, og því var algengasta styrkfjárhæð kr. 9600.00 (8 mán. × kr. 1200.00).

Þeir nemendur, er stunduðu nám í heimavistarskólum, hlutu ekki dvalarstyrk. Veldur því sú aðstaða og sá beini og óbeini stuðningur, sem hið opinbera veitir þessum nemendum nú þegar með ódýrri húsaleigu og mötuneytisaðstöðu, sem er grundvöllur fyrir lægri fæðiskostnaði þessara nemenda en þeirra, sem þurfa að taka sér húsnæði á leigu á skólastað og kaupa sér fæði utan skólans.

Nemendur, sem annað hvort höfðu heimavistarhúsnæði en ekki mötuneyti eða öfugt (t. d. við Menntaskólann á Akureyri og Sjómannaskólann í Reykjavík) hlutu skertan dvalarstyrk eða kr. 600.00 á mánuði, þ. e. helmingi lægri styrk en þeir, sem nutu bæði heimavistarhúsnæðis og mötuneytis.

Skipulagður akstur.

Í reglunum er gert ráð fyrir því, að ef fjarlægð frá heimili nemanda að framhaldsskóla sé löng og samgöngur það óhentugar, að ekki sé hægt að fara til skólans daglega með strætisvagni eða áætlunarbifreið, en unnt væri að sækja skóla frá heimili með daglegum akstri, geti sveitarfélag skipulagt slíkan akstur.

Slíkur akstur hafði að nokkru tíðkazt áður en reglur þessar komu til, t. d. var nemendum, sem áttu lögheimili á Stokkseyri og Eyrarbakka, ekið daglega í framhaldsnám á Selfossi, þar sem ekki var fyrir hendi slíkur skóli í heimabyggð.

Í fyrri reglum var farið inn á þá braut að styrkja slíkan akstur, sem ekki hafði verið styrktur áður. Í síðari reglum eru um þetta svofelld ákvæði:

„Skipuleggi sveitarfélag sameiginlegan daglegan akstur framhaldsskólanema sinna að skóla eða skólum, — staðsettum í öðru sveitarfélagi, endurgreiðir ríkissjóður þrjá fjórðu kostnaðar sveitarfélaga, enda hafi menntamálaráðuneytið áður samþykkt aksturinn og greiðslu fyrir hann.

Hafi sveitarfélag skipulagt akstur vegna skyldunámsnema, er sækja daglega skóla staðsettan í öðru sveitarfélagi og geti framhaldsskólanemar hagnýtt sér þann akstur, skal það heimilt. Sveitarfélög greiða aksturskostnað, en fá hlutfallslega endurgreiðslu úr ríkissjóði, samkv. endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum."

Slíkur akstur mun hafa og hefur haft í för með sér, að nemendur úr byggðarlögum í næsta nágrenni skóla fá tækifæri til þess að sækja nám heiman frá sér,

sem ella væri naumast unnt, og þá um leið jafnari aðstöðu til framhaldsnáms. Þá má benda á, að á móti kostnaðarauka við slíkan akstur kemur sparnaður dvalarstyrkja, sem ella færu til sömu nemenda.

Í sambandi við daglegan akstur hefur það og tíðkazt, að einstaka nemendur, sem búa fjarri skólastað, en aka daglega til skóla, án þess að um sé að ræða skipulagðan akstur á vegum sveitarfélags, hafa hlotið styrk sambærilegan því, sem þeir hefðu hlotið, ef þeir hefðu skipt um búsetu vegna námsins, þ. e. dvalarstyrk. Á þetta við t. d. nemendur úr Keflavík, Grindavík o. fl., er óku daglega til náms í Reykjavík.

Ekki hlutu nemendur þó styrk fyrir daglegan akstur, né vegna bústaðaskipta, ef auðvelt var að koma við eða nýta skipulagðan akstur, t. d. áætlunarbifreiðir, skólaakstur vegna skyldunáms o. s. frv. Eins og fram kemur í yfirliti um fjárráð nefndarinnar og úthlutun bæði árin, var ekki talið fært að taka fé af fjárveitingu hennar til endurgreiðslu á skipulögðum akstri sveitarfélaga, heldur var sá kostnaður greiddur á annan hátt.

V.
Athugasemdir.

Styrkirnir, úthlutun þeirra og reglur um þá, hafa hlotið góðar viðtökur hjá flestum þeim, sem láta sig mál þetta varða. Styrkirnir eru almennt taldir vera skref í rétta átt.

Þó hafa athugasemdir einnig komið fram og eru þessar helztar:

Gagnrýnt var, að ekki kæmi annar beinn styrkur til nemenda í heimavist en ferðastyrkur.

Nokkrar efasemdir voru um það, hvort réttmætt væri að styrkja daglegan akstur á vegum sveitarfélaga, á meðan ekki væri veittur dvalarstyrkur til heimavistarnemenda.

Gagnrýnd var úthlutun styrkja til nemenda í Menntaskólanum á Akureyri, þ. e. að þeir nemendur, sem ekki voru í heimavist, hlutu ½ dvalarstyrk auk ferðastyrkja, en heimavistarnemendur eingöngu ferðastyrk.

Efasemdir voru um réttmæti þess að hafna styrkumsóknum nemenda úr þéttbýli, búsettra í nágrenni skóla, sem af ýmsum ástæðum sæktu sams konar skóla í annað byggðarlag, þar sem orðið „strjálbýli“ væri þegar nokkuð frjálslega túlkað.

Þá komu fram mótmæli gegn því, að þeir nemendur væru útilokaðir frá styrkveitingu, er nytu launa án vinnuframlags (iðnnemar) eða réttinda úr Lánasjóði ísl. námsmanna (t. d. stúdentadeild Kennaraskólans).

Ábendingar komu um það, hvort ekki væri heppilegra að fjárhaldsmenn t. d. þeirra styrkþega, er væru innan sextán ára aldurs, fengju afhenta styrkupphæðina í stað beinnar greiðslu til nemandans.

Þá var bent á, að efnahagslegt misrétti væri ekki bundið við búsetu í dreifbýli eða þéttbýli og að styrkir veittir vegna búsetu til sumra efnameiri nemenda ykju oft á efnahagslegt misrétti í stað hins gagnstæða.

Síðast en ekki sízt er bent á, að ekki er hægt að líta á aðstöðumun dreifbýlis frá því eina sjónarsviði, er snýr að kostnaði við framhaldsnám. Fjölmörg atriði valda mismunandi aðstöðu til náms. Fæst þeirra eru bundin við strjálbýli eingöngu, heldur eru þau einnig vandamál þéttbýlis. Hins vegar eru þau oft á tíðum tilfinnanlegri í strjálbýli og erfiðara úr að bæta. Eftirtalin atriði eru yfirleitt talin aðalorsök aðstöðumunar nemenda:

Fræðsla.

Ójafn undirbúningur vegna mislangrar skólagöngu og mismunandi kennsluaðstöðu.

Efnahagur.

Mismunandi fjárhagsleg aðstaða nemenda og vandamanna þeirra.

Hæfni.

Mismunandi aðstaða vegna andlegs og líkamlegs þroska, sérkenna, örorku, skorts á sérkennslu, hjálparkennslu o. fl.

Umhverfi.

Aðstöðumunur vegna uppeldislegra aðstæðna, menningar heimilis, krafna þess til menntunar, stéttaskiptingar, aldurs o. s. frv.

VI.
Lokaorð.

Í þessari skýrslu hefur verið reynt að draga saman yfirlit um helztu störf úthlutunarnefndar og þær meginreglur, er voru grundvöllur fyrir starfi hennar, jafnframt því sem drepið er á þau atriði, er komu fram sem gagnrýni á úthlutunina.

Þessi fyrsta tilraun ríkisvaldsins til þess að nota beina styrki til þess að vinna að jafnari aðstöðu nemenda til framhaldsnáms, hefur tvímælalaust haft góð áhrif. Styrkirnir hafa, auk þess að veita fjölmörgum lið, vakið menn til meiri umhugsunar og umræðna um þetta réttlætismál.

Fjárráð og úthlutun bæði árin hafa verið sem hér segir:

1969/1970:			
Fjárveiting 1970			kr. 10 000 000.00
Dvalarstyrkir	kr. 8 333 350.00		
Ferðastyrkir	— 1 675 000.00		
		kr. 10 008 350.00	
1970/1971:			
Fjárveiting 1971			— 15 000 000.00
Viðbótarframlag			— 2 500 000.00
Dvalarstyrkir	kr. 12 864 000.00		
Ferðastyrkir	— 4 999 500.00		
		— 17 863 500.00	
Umframgreiðsla			— 371 850.00
		Samtals kr. 27 871 850.00	kr. 27 871 850.00

Ýmsar upplýsingar er að finna í töflum þeim, sem fylgja. Hefur Sigurður Helgason, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, tekið saman töflur 12 og 13, en Örlygur Geirsson hinar.

Reykjavík í janúar 1972.

Birgir Thorlacius,
formaður.

Torfi Ásgeirsson. Björn Halldórsson. Pálmi Jónsson.

Ölvir Karlsson.

Fylgiskjal 1.

Ferðastyrkir 1969/1970.

Tafla þessi var notuð sem „rammi" fyrir greiðslur ferðastyrkja til nemenda framhaldsskóla í Reykjavík skólaárið 1969/1970. Ferðastyrkir til nemenda í skólum víðs vegar um landið voru hliðstæðir þessum.

Svæði nr.	Ferðastyrkur	Byggðarlag:
I.	kr. 300.00	Árnessýsla, Borgarfjarðarsýsla.
II.	— 600.00	Rangárvallasýsla, Mýrasýsla.
III.	— 900.00	V.-Skaftafellssýsla, V.-Húnavatnssýsla, Dalasýsla, Snæfellsnessýsla og Hnappadalssýsla.
IV.	— 1 200.00	A.-Húnavatnssýsla, A.-Barðastrandarsýsla og Strandasýsla.
V.	— 1 500.00	Skagafjörður og V.-Barðastrandarsýsla.
VI.	— 1 800.00	Ísafjarðarsýslur, Eyjafjörður ásamt Siglufirði.
VII.	— 2 100.00	S.-Þingeyjarsýsla.
VIII.	— 2 400.00	Norður-Þingeyjarsýsla, A.-Skaftafellssýsla.
IX.	— 2 700.00	Múlasýslur.
X.	— 3 000.00	Vopnafjörður.
XI.	— 1 000.00	Vestmannaeyjar.
XII.	— 0.00	Gullbringu- og Kjósarsýsla.

Fylgiskjal 2.

Greiðslur ferðastyrkja 1970/1971 fóru eftir lögheimilissveitarfélagi, en ekki sýslu, eins og á árinu áður. Styrkir til nemenda framhaldsskólanna í Reykjavík voru notaðir til viðmiðunar við ákvörðun ferðastyrkja annars staðar á landinu.

Eru eftirfarandi töflur miðaðar við greiðslu ferðastyrks til og frá Reykjavík.

Á þessari töflu koma fram hæstu og lægstu styrkir innan hverrar sýslu, á töflu 3 styrkveitingar eftir sveitarfélögum.

	Styrkir:
1. Gullbringu- og Kjósarsýsla	0
2. Borgarfjarðarsýsla	500—1000
3. Mýrasýsla	1000
4. Hnappadalssýsla	1250—1500
5. Snæfellsnessýsla	1750
6. Dalasýsla	1500—1750
7. A.-Barðastrandarsýsla	2000—2500
8. V.-Barðastrandarsýsla	3000—3250
9. V.-Ísafjarðarsýsla	3500
10. N.-Ísafjarðarsýsla	3500—4000
11. Strandasýsla	1500—3000
12. V.-Húnavatnssýsla	1500—2000
13. A.-Húnavatnssýsla	2000—2750
14. Skagafjarðarsýsla	3000—3500
15. Eyjafjarðarsýsla	3500—3750
16. S.-Þingeyjarsýsla	3500—4000
17. N.-Þingeyjarsýsla	4500—5250
18. N.-Múlasýsla	5250—6000
19. S.-Múlasýsla	4750—5750
20. A.-Skaftafellssýsla	4250—5000
21. V.-Skaftafellssýsla	1250—2000
22. Rangárvallasýsla	500—1000
23. Árnessýsla	500— 750
24. Vestmannaeyjar	2250

Fylgiskjal 3.

Ferðastyrkir 1970/1971 fjórar ferðir, Reykjavík.

Táknlölur þjóðskrárinnar yfir kaupstaði, hreppa og sýslur.
Sveitarfélögum raðað í stafrófsröð.

A. Kaupstaðir

Styrkur		Númer
500	Akranes	3000
3500	Akureyri	6000
0	Hafnarfjörður	2100
4000	Húsavík	6100
3500	Ísafjörður	4000
0	Keflavík	2200
0	Kópavogur	1000
5750	Neskaupstaður	7100
3750	Ólafsfjörður	6200
0	Reykjavík	0000
3000	Sauðárkrókur	5100
5250	Seyðisfjörður	7000
3500	Siglufjörður	5000
2250	Vestmannaeyjar	8000

B. Hreppar

4000	Aðaldælahr.	6609
3000	Akrahr.	5706
750	Andakílshr.	3505
3500	Auðkúluhr.	4701
1000	A.-Eyjafj.hr.	8601
750	A.-Landeyja.	8603
1000	Álftaneshr.	3607
1500	Álftavershr.	8505
3750	Arnarneshr.	6506
3000	Árneshr.	4901
3750	Árskógshr.	6505
2000	Áshr.	5601
750	Ásahr.	8610
3000	Barðastrandarhr.	4601
4000	Bárðdælahr.	6606
5750	Beruneshr.	7614
0	Bessastaðahr.	2508
750	Biskupstungnahr.	8711
2250	Blönduós	5604
5500	Borgarfj.hr.	7509
4750	Borgarhafnarhr.	7705
1000	Borgarhr.	3605
1000	Borgarneshr.	3606
2500	Bólstaðarhlíðarhr.	5606
5500	Breiðdalshr.	7613
1750	Breiðuvíkurhr.	3705
5750	Búðahr.	7611
5000	Búlandshr.	7615
4500	Bæjarhr. A.-Skaft.	7701
1500	Bæjarhr. Strand.	4908
3750	Dalvíkurhr.	6503
750	Djúpárhr.	8611
1250	Dyrhólahr.	8507
5000	Egilsstaðahr.	7603
5000	Eiðahr.	7604
2500	Engihlíðarhr.	5607
5500	Eskifjarðarhr.	7608
1250	Eyjahr.	3702
500	Eyrarbakkahr.	8703
3500	Eyrarhr.	4802
1750	Eyrarsveit	3709
5750	Fáskrúðsfj.hr.	7610
5250	Fellahr.	7506
2000	Fellshr. Strand.	4906
3250	Fellshr. Skagafj.	5712
1750	Fellsstr.hr.	3806
4750	Fjallahr.	6703
2500	Flateyjarhr. A.-Barð.	4505
4000	Flateyjarhr. S.-Þing.	6603
3500	Flateyrarhr. V.-Ís.	4705
5750	Fljótsdalshr.	7505
750	Fljótshlíðarhr.	8605
1750	F.-Torfustaðahr.	5502
1750	Fróðárhr.	3708
0	Garðahr.	2507
500	Gaulverjabæjarhr.	8701
2000	Geiradalshr.	4501
4750	Geithellnahr.	7616
0	Gerðahr.	2504
3500	Glæsibæjarhr.	6509
750	Gnúpverjahr.	8709
500	Grafningshr.	8715
0	Grindavíkurhr.	2501
0	Grímseyjarhr.	6501
500	Grímsneshr.	8713
0	Grunnavíkurhr.	í eyði
3750	Grýtubakkahr.	2602
2250	Gufudalshr.	4503
0	Hafnahr. Gullbr.	2502
4250	Hafnarhr. A.-Skaft.	7703
3500	Haganeshr.	5713
1500	Haukadalshr.	3803
1000	Hálsahr. Borgarfj.	3509
3750	Hálshr. S.-Þing.	6604
1750	Helgafellssv.	3710
5500	Helgustaðahr.	7607
5250	Hjaltastaðarhr.	7508
5500	Hlíðarhr.	7503
5000	Hofshr. A.-Skaft.	7706
3250	Hofshr. Skagafj.	5710
3250	Hofsóshr.	5711
500	Holtahr. Rangárv.	8609
3500	Holtshr. Skagafj.	5714
3250	Hólahr.	5709
2250	Hólmavíkurhr.	4909
3750	Hólshr.	4801
3500	Hrafnagilshr.	6510
500	Hraungerðishr.	8706
1000	Hraunhr.	3608

Styrkur		Númer
3750	Hríseyjarhr.	6504
5250	Hróarstunguhr.	7507
2500	Hrófbergshr.	4903
750	Hrunamannahr.	8710
500	Hvalfj.strand.hr.	3501
1500	Hvammshr. Dalas.	3805
1500	Hvammshr. V.-Skaft.	8506
1750	Hvammstangahr.	5504
500	Hveragerðishr.	8716
1000	Hvítársíðuhr.	3601
750	Hvolhreppur	8606
2500	Höfðahr.	5609
1500	Hörðudalshr.	8718
2000	Hörgslandshr.	8501
500	I.-Akraneshr.	3503
5750	Jökuldalshr.	7504
2750	Kaldrananeshr.	4902
4500	Kelduneshr.	6701
3250	Ketildalahr.	4605
3250	Kirkjubólshr.	4905
2000	Kirkjubæjarhr.	8502
1750	Kirkjuhvammshr.	5505
0	Kjalarneshr.	2603
0	Kjósarhr.	2604
1750	Klofningshr.	3807
1250	Kolbeinsstaðahr.	3701
750	Landmannahr.	8608
500	Laugardalshr.	8712
1500	Laxárdalshr.	3804
1750	Leiðvallarhr.	8504
500	Leirár- og Melahr.	3504
4000	Ljósavatnshr.	6605
0	Loðmundarfj.hr.	7510
1000	Lundarreykjadalshr.	3507
3250	Lýtingsstaðahr.	5705
1500	Miðdalahr.	3802
0	Miðneshr.	2503
1500	Miklaholtshr.	3703
6000	Mjóafjarðarhr.	7605
0	Mosfellshr.	2602
3500	Mosvallahr.	4704
2500	Múlahr.	4504
4500	Mýrahr. A.-Skaft.	7704
3500	Mýrahr. V.-Ísafj.	4703
4000	Nauteyrarhr.	4806
1750	Neshr.	3706
4250	Nesjahr.	7702
0	Njarðvíkurhr.	2505
5750	Norðfj.hr.	7606
1000	Norðurárd.hr.	3603
1750	Ólafsvíkurhr.	3707
1750	Óspakseyrarhr.	4907
3000	Patrekshr.	4603
4750	Presthólahr.	6704
500	Rangárv.hr.	8607
3250	Rauðasandshr.	4602
4750	Raufarhafnarhr.	6705
5250	Reyðarfjarðarhr.	7609
4000	Reykdælahr.	6608
1000	Reykholtsdalshr.	3508
2250	Reykhólahr.	4502
4000	Reykjahr.	6610
4000	Reykjarfjhr.	4805
3000	Rípurhr.	5707
500	Sandvíkurhr.	8704
5250	Sauðaneshr.	6708
1750	Saurbæjarhr. Dalas.	3809
3750	Saurbæjarhr. Eyjafj.	6511
500	Selfosshr.	8705
0	Seltjarnarneshr.	2601
500	Selvogshr.	8718
5250	Seyðisfjarðarhr.	7511
3000	Seyluhr.	5704
1750	Skaftártunguhr.	8503
2750	Skagahr.	5610
1750	Skarðshr. Dalas.	3808
3000	Skarðshr. Skagafj.	5702
3500	Skefilsstaðahr.	5701
6000	Skeggjastaðahr.	7501
500	Skeiðahr.	8708
500	Skilmannahr.	3502
750	Skorradalshr.	3506
1750	Skógarstrandarhr.	3712
5000	Skriðdalshr.	7601
3750	Skriðuhr.	6507
4250	Skútustaðahr.	6607
0	Sléttuhr.	í eyði
3750	Snæfjallahr.	4807
3000	Staðarhr. Skagafj.	5703
1500	Staðarhr. V.-Hún.	5501
1750	Staðarsveit	3704
1000	Stafholtstungnahr.	3604
500	Stokkseyrarhr.	8702
1750	Stykkishólmshr.	3711
6000	Stöðvarhr.	7612
3500	Suðureyrarhr.	4706
3250	Suðurfjarðahr.	4606
3500	Súðavíkurhr.	4803
5000	Svalbarðshr.	6706
3500	Svalbarðsstr.hr.	6601
3750	Svarfaðardalshr.	6502
2000	Sveinsstaðahr.	5602
2500	Svínavatnshr.	5605
3250	Tálknafjarðarhr.	4604
4000	Tjörneshr.	6611
2250	Torfalækjarhr.	5603
5000	Vallahr.	7602
0	Vatnsleysustrand.hr.	2506
1000	V.-Eyjafjallahr.	8602
750	V.-Landeyjahr.	8604
3000	Víðvíkurhr.	5708
500	Villingaholtshr.	8707
2500	Vindhælishr.	5608
6000	Vopnafjarðarhr.	7502
1750	Ytri-Torfustaðahr.	5503

Styrkur		Númer
3500	Þingeyrarhr.	4702
500	Þingvallahr.	8714
2000	Þorkelshólshr.	5507
5000	Þórshafnarhr.	6707
1000	Þverárhlíðarhr.	3602
2000	Þverárhr.	5506
3750	Ögurhr.	4804
500	Ölfushr.	8717
3500	Öngulstaðahr.	6512
4750	Öxarfjarðarhr.	6702
3750	Öxnadalshr.	6508

Fylgiskjal 4.

Yfirlit yfir fjölda þeirra nemenda, er stunda nám í framhaldsskólum, er reglugerð um „dreifbýlisstyrki“ tekur til. Yfirlitið tekur til fjölda nemenda, fjölda styrkja og hlutfall styrkþega af nemendafjölda.

	Fjöldi nemenda		Fjöldi styrkja		Hlutfall	
	1969/1970	1970/1971	1969/1970	1970/1971	1969/1970	1970/1971
a. Gagnfræðaskólar	5 945	6 508	399	636	6.71	9.77
b. Menntaskólar	2 444	2 717	403	581	16.48	21.38
c. Kennaraskólar	954	844	310	317	32.42	37.56
d. Sérnámsskólar	2 193	2 261	318	656	14.50	29.01
Samtals	11 536	12 330	1 430	2 190	12.39	17.76

Fylgiskjal 5.

Framhaldsskólar	Fjöldi nemenda 1969/1970	Fjöldi nemenda 1970/1971	Fjöldi styrkja 1969/1970	Fjöldi styrkja 1970/1971	Hlutfall 1969/1970	Hlutfall 1970/1971
Menntaskólar:						
Menntask. í Rvík	928	1 004	75	95	8.08	9.46
Menntask. við Hamrahlíð	600	670	68	132	11.33	19.70
Menntask. við Tjörnina	195	354	13	34	6.66	9.60
Menntask. á Akureyri	560	516	199	264	35.53	51.16
Menntask. á Laugarvatni	161	139	48	48	29.81	34.53
Menntask. á Ísafirði	0	34	0	8	0	23.53
Menntask. samtals	2 444	2 717	403	581	16.48	21.38
Kennaraskólar:						
Kennaraskóli Ísl.	942	826	285	276	30.95	33.41
Húsm.kennarask. Ísl.	24	38	7	19	29.16	50.00
Íþróttakennarask. Ísl.	24	24	18	22	75.00	91.66
Kennarask. samtals	989	888	310	317	31.44	35.70
÷ nem., er njóta réttinda úr Lánasj. ísl. námsmanna. (Stúd. Kennarask. Ísl.)	÷35	÷44	–	–	–	–
Samtals	954	844	310	317	32.42	37.56
Sjómannaskólar:						
Vélsk. Ísl., Rvík	214	231	54	94	25.23	40.69
Vélsk. Ísl., Akureyri	27	31	10	26	37.03	83.87
Vélsk. Ísl., Vestm.	23	28	0	6	0	21.42
Stýrimannask., Rvík	176	182	48	87	27.27	47.80
Stýrimannask., Vestm.	28	27	2	8	7.14	29.62
Sjómannask. samtals	468	499	114	221	24.34	44.29
Tækniskólar:						
Tæknisk. Ísl., Rvík	199	224	24	28	12.06	12.50
Tæknisk. Ísl., Akureyri	11	8	6	2	54.54	25.00
Tæknisk. Ísl., Ísaf.	4	11	2	0	50.00	0
Tæknisk. samtals	214	243	32	30	14.95	12.36
÷ nem., er njóta réttinda úr Lánasj. ísl. námsmanna	÷57	÷91	–	–	–	–
Samtals	157	152	32	30	15.92	19.74

Fylgiskjal 5 (framh.).

Framhaldsskólar	Fjöldi nemenda 1969/1970	Fjöldi nemenda 1970/1971	Fjöldi styrkja 1969/1970	Fjöldi styrkja 1970/1971	Hlutfall 1969/1970	Hlutfall 1970/1971
Verzlunarskólar:						
Verzlunarsk. Ís.	653	731	42	119	6.43	16.28
Samvinnuskólinn	79	81	55	68	69.62	83.95
Verzlunarskólar samtals	732	812	97	187	13.25	23.03
Húsmæðraskólar:						
Reykjavík	65	96	0	0	0	0
Ísafjörður	28	17	0	17	0	100.00
Varmaland	45	43	0	16	0	37.20
Staðarfell	36	26	1	0	2.77	0
Blönduós	36	23	1	8	2.77	34.78
Löngumýri	13	11	0	0	0	0
Laugar	29	31	0	11	0	35.48
Hallormsst.	28	16	5	0	17.85	0
Laugarvatn	53	55	0	35	0	58.15
Laugaland	38	31	1	14	2.63	45.16
Húsmæðrask. samtals	371	330	8	101	2.15	30.61
Búnaðarskólar:						
Hvanneyri	87	70	13	42	14.90	60.00
Hólar	42	41	16	0	38.00	0
Búnaðarsk. samtals	129	111	29	42	22.40	37.84
÷ nem., er njóta réttinda úr Lánasj. ísl. námsmanna	÷16	÷21	–	–	–	–
Samtals	113	90	29	42	25.66	46.55
Ýmsir sérnámsskólar:						
Tónlistarskólinn	39	43	5	10	12.82	23.20
Myndlista- og handíðask.	99	100	19	22	19.19	22.00
Fóstruskólinn	92	98	8	21	8.69	21.43
Loftskeytaskólinn	40	36	5	6	12.50	16.66
Verknámsd. Iðnsk.	82	101	1	16	1.21	15.80
Samtals	352	378	38	75	10.80	19.84

Fylgiskjal 5 (framh.).

Framhaldsskólar	Fjöldi nemenda 1969/1970	Fjöldi nemenda 1970/1971	Fjöldi styrkja 1969/1970	Fjöldi styrkja 1970/1971	Hlutfall 1969/1970	Hlutfall 1970/1971
Gagnfræða- og miðskólar utan Reykjavíkur:						
Neskaupst. (heimavist að hluta)	70	79	3	14	4.28	17.72
Garðahreppur	94	109	0	0	0	0
Keflavík	216	276	1	4	0.46	1.44
Hafnarfjörður	286	312	9	12	3.14	3.84
Kópav., Víghólask.	309	316	4	6	1.29	1.90
Kópav., Þinghólssk.	0	44	0	0	0	0
Mýrarhúsask., Seltj.n.	60	75	0	1	0	1.33
Akranes	178	200	6	10	3.37	5.00
Borgarnes	44	41	2	6	4.54	14.63
Ísafjörður	99	83	5	4	5.05	4.82
Blönduós	29	23	0	5	0	21.73
Sauðárkrókur	55	65	14	16	25.45	24.62
Siglufjörður	85	72	2	0	2.35	0
Akureyri	355	383	25	26	7.04	6.79
Húsavík	59	73	3	11	5.08	15.06
Seyðisfjörður	25	29	0	4	0	13.79
Vestmannaeyjar	138	159	3	7	2.17	4.40
Hvolsvöllur	33	39	0	4	0	10.26
Selfoss	163	189	12	21	7.36	11.11
Hveragerði	51	47	0	0	0	0
Dalvík	34	45	6	8	17.64	17.77
Ólafsfjörður	47	49	6	14	12.76	28.57
Hellissandur	7	18	0	0	0	0
Ólafsvík	14	16	0	1	0	7.14
Patreksfjörður	19	32	2	3	10.52	9.38
Bolungarvík	14	27	0	0	0	0
Höfðakaupstaður	13	13	3	3	23.07	23.07
Raufarhöfn	14	0	0	0	0	0
Reyðarfjörður	8	0	1	0	12.50	0
Höfn, Hornafirði	17	27	0	3	0	11.11
Hella	12	20	2	0	16.66	0
Eskifjörður	9	10	0	1	0	10.00
Vopnafjörður	11	13	2	0	18.18	0
Grundarfjörður	0	8	0	0	0	0
Egilsstaðir	0	13	0	0	0	0
Búðir	0	15	0	0	0	0
Brúarland, Mosf.	36	47	0	0	0	0
Staðastaður	21	11	0	0	0	0
Hvammstangi	0	15	0	0	0	0
Lundur, Axarf., heimav.	15	19	1	6	6.66	31.57
Stykkishólmur, heimav. að hluta	63	63	5	18	7.93	28.57
Hlíðardalssk., heimav.	40	57	5	13	12.50	22.80
Samtals	2 743	3 132	122	221	4.44	7.06

Fylgiskjal 5 (framh.).

	Fjöldi nemenda		Fjöldi styrkja		Hlutfall	
	1969/1970	1970/1971	1969/1970	1970/1971	1969/1970	1970/1971
Héraðsskólar:						
Reykholt	112	123	14	78	12.50	63.41
Núpur	109	119	31	29	28.44	24.36
Reykjanes	48	41	16	23	33.33	56.09
Reykir	76	78	48	36	63.15	46.15
Laugar	58	91	1	32	1.72	35.16
Laugarvatn	78	96	35	43	44.87	44.79
Eiðar	105	108	55	37	52.38	34.25
Skógar	80	100	17	28	21.25	28.00
Héraðsskólar samtals	666	756	217	306	32.58	40.48
Gagnfræðaskólar í Reykjavík:						
Gagnfr.sk. Austurb.	533	471	16	11	3.00	2.33
Ármúlaskóli	414	642	6	28	1.44	4.36
Hagaskóli	351	353	3	9	0.85	2.55
Lindargötuskóli	250	227	6	36	2.40	15.86
Réttarholtsskóli	283	283	3	4	1.06	1.41
Laugalækjarskóli	211	204	3	1	1.42	0.49
Vogaskóli	404	354	10	11	2.47	3.11
Kvennaskólinn	89	95	13	9	14.60	9.47
Samtals	2 536	2 620	60	109	2.36	4.16
Gagnfræðastig (3.—6. b.) samtals:						
Héraðsskólar	666	756	217	306	32.58	40.48
Gagnfr.- og miðskólar utan Reykjavíkur	2 743	3 132	122	221	4.44	7.06
Gagnfr.sk. í Rvík	2 536	2 620	60	109	2.36	4.16
Samtals	5 945	6 508	399	636	6.71	9.77

Fylgiskjal 6.

Yfirlit um fjölda „dreifbýlisstyrkja", heildarupphæð ásamt meðaltalsgreiðslum.

Skólar	Fjöldi styrkja 1969/1970	Fjöldi styrkja 1970/1971	Samtals upphæðir 1969/1970	Samtals upphæðir 1970/1971	Meðaltal 1969/1970	Meðaltal 1970/1971
A Gagnfræðaskólar	399	636	2 028 700	3 955 800	5 084.46	6 219.81
Menntaskólar	403	581	2 569 150	4 832 775	6 375.06	8 318.00
Kennaraskólar	310	317	3 204 500	3 622 550	10 337.09	11 427.60
Sérnámsskólar	318	656	2 206 000	5 452 375	6 937.10	8 311.55
Samtals	1 430	2 190	10 008 350	17 863 500	6 998.85	8 156.83
B Heimavistarskólar	381	589	504 500	1 453 550	1 324.15	2 467.83
Heimavistaraðstaða að hluta	323	538	1 830 250	4 144 425	5 666.40	7 703.39
Heimangönguskólar	726	1 063	7 673 400	12 265 525	10 569.45	11 538.55
Samtals	1 430	2 190	10 008 350	17 863 500	6 998.85	8 156.83

Fylgiskjal 7.

	Fjöldi styrkveit. 1969/1970	Fjöldi styrkveit. 1970/1971	Samtals styrkir 1969/1970	Samtals styrkir 1970/1971	Meðaltal styrkja 1969/1970	Meðaltal styrkja 1970/1971	Athugasemdir
Menntaskólar:							
Menntask. í Reykjavík	75	95	798 700	1 064 550	10 649.33	11 205.00	Heimang.sk.
Menntask. við Hamrahlíð	68	132	710 600	1 510 100	10 450.00	11 440.00	Heimang.sk.
Menntask. við Tjörnina	13	34	133 200	390 900	10 246.15	11 497.00	Heimang.sk.
Menntask. á Akureyri	199	264	851 550	1 621 625	4 279,14	6 143.00	Heimav.aðstaða
Menntask. á Laugarvatni	48	48	75 100	180 100	1 564.58	3 752.00	Heimav.skóli
Menntask. á Ísafirði	0	8	0	65 500	0	8 188.00	Heimav.aðstaða
Samtals	403	581	2 569 150	4 832 775	6 375.06	8 318.00	
Kennaraskólar:							
Kennaraskóli Íslands	285	276	3 066 700	3 328 350	10 760.35	12 059.00	Heimang.sk.
Húsmæðrakennarask. Ísl.	7	19	114 300	239 700	16 328.57	12 615.00	Heimang.sk.
Íþróttakennarask. Íslands	18	22	23 500	54 500	1 305.55	2 477.00	Heimav.skóli
Samtals	310	317	3 204 500	3 622 550	10 337.09	11 427.60	
Sjómannaskólar:							
Vélskóli Íslands, Rvík	54	94	463 400	1 033 750	8 581.48	10 997.00	Heimav.aðstaða án fæðisaðst.
Vélskóli Íslands, Akureyri	10	26	76 500	319 450	7 650.00	12 287.00	Heimang.sk.
Vélskóli Íslands, Vestm.	0	6	0	85 450	0	14 242.00	Heimav.aðstaða án fæðisaðst.
Stýrimannaskólinn, Rvík	48	87	347 100	834 300	7 231.25	9 590.00	Heimav.aðstaða án fæðisaðst.
Stýrimannaskólinn, Vestm.	2	8	17 300	91 750	8 650.00	11 469.00	Heimav.aðstaða án fæðis
Samtals	114	221	904 300	2 364 700	7 932.45	10 700.00	

Fylgiskjal 7 (framh.).

	Fjöldi styrkveit. 1969/1970	Fjöldi styrkveit. 1970/1971	Samtals styrkir 1969/1970	Samtals styrkir 1970/1971	Meðaltal styrkja 1969/1970	Meðaltal styrkja 1970/1971	Athugasemdir
Tækniskólar:							
Tæknisk. Ísl., Rvík	24	28	273 600	331 425	11 400.00	11 837.00	Heimang.sk.
Tæknisk. Ísl., Akureyri ...	6	2	63 900	21 100	10 650.00	10 550.00	Heimang.sk.
Tæknisk. Ísl., Ísafirði	2	0	16 800	0	8 400.00	0	Heimang.sk.
Samtals	32	30	354 300	352 525	11 071.87	11 750.83	
Verzlunarskólar:							
Verzlunarskóli Íslands	42	119	417 500	1 276 350	9 940.47	10 736.00	Heimang.sk.
Samvinnuskólinn	55	68	79 500	161 250	1 445.45	2 371.00	Heimav.sk.
Samtals	97	187	497 000	1 437 600	5 123.71	7 687.70	
Húsmæðraskólar:							
Reykjavík	0	0	0	0	0	0	Heimav.aðst.
Ísafjörður	0	17	0	88 750	0	5 221.00	Heimav.aðst.
Varmaland	0	16	0	51 750	0	3 234.00	Heimav.sk.
Staðarfell	1	0	900	0	900.00	0	Heimav.sk.
Blönduós	1	8	1 500	32 750	1 500.00	4 094.00	Heimav.sk.
Löngumýri	0	0	0	0	0	0	Heimav.sk.
Laugar	0	11	0	28 750	0	2 614.00	Heimav.sk.
Hallormsst.	5	0	5 100	0	1 020.00	0	Heimav.sk.
Laugarvatn	0	35	0	62 250	0	1 779.00	Heimav.sk.
Laugaland, Eyjaf.	1	14	1 500	45 500	1 500.00	3 250.00	Heimav.sk.
Samtals	8	101	9 000	309 750	1 125.00	3 066.83	
Búnaðarskólar:							
Hvanneyri	13	42	18 300	77 250	1 407.70	1 839.00	Heimavistarskóli
Hólar	16	0	28 800	0	1 800.00	0	Heimarvistarskóli
Samtals	29	42	47 100	77 250	1 624.15	1 839.29	
Ýmsir sérskólar:							
Tónlistarsk. í Reykjavík ..	5	10	51 900	118 750	10 380.00	11 875.00	Heimang.sk.
Myndlistar- og handíðask. .	19	22	198 700	266 950	10 457.90	12 134.00	Heimang.sk.
Fóstruskólinn	8	21	77 400	256 850	9 675.00	12 231.00	Heimang.sk.
Loftskeytask.	5	6	55 200	70 250	11 040.00	11 708.00	Heimang.sk.
Iðnskóli, verknámsd.	1	16	11 100	197 750	11 100.00	12 359.00	Heimang.sk.
Samtals	38	75	394 300	910 550	10 376.31	12 140.67	
Gagnfræða- og miðskólar utan Reykjavíkur:							
Keflavík	1	4	10 800	54 900	10 800.00	13 750.00	Heimang.sk.
Hafnarfjörður	9	12	105 900	160 700	11 766.66	13 392.00	Heimang.sk.
Kópavogur	4	6	46 600	73 350	11 650.00	12 225.00	Heimang.sk.
Seltjarnarnes	–	1	–	10 600	–	10 600.00	Heimang.sk.
Akranes	6	10	61 500	103 000	10 250.00	10 300.00	Heimang.sk.
Borgarnes	2	6	20 700	62 850	10 350.00	10 475.00	Heimang.sk.
Ísafjörður	5	4	48 000	43 900	9 600.00	10 975.00	Heimang.sk.
Blönduós	–	5	–	48 000	–	9 600.00	Heimang.sk.

Fylgiskjal 7 (framh.).

	Fjöldi styrkveit. 1969/1970	Fjöldi styrkveit. 1970/1971	Samtals styrkir 1969/1970	Samtals styrkir 1970/1971	Meðaltal styrkja 1969/1970	Meðaltal styrkja 1970/1971	Athugasemdir
Sauðárkrókur	14	16	131 000	160 600	9 364.28	10 038.00	Heimang.sk.
Siglufjörður	2	–	19 800	–	9 900.00	–	Heimang.sk.
Akureyri	25	26	245 100	272 850	9 804.00	10 494.00	Heimang.sk.
Húsavík	3	11	29 400	108 600	9 800.00	9 873.00	Heimang.sk.
Seyðisfjörður	–	4	–	36 000	–	9 000.00	Heimang.sk.
Vestmannaeyjar	3	7	35 400	99 950	11 800.00	14 279.00	Heimang.sk.
Hvolsvöllur	–	4	–	38 400	–	9 600.00	Heimang.sk.
Selfoss	12	21	115 500	215 850	9 625.00	10 279.00	Heimang.sk.
Dalvík	6	8	55 500	76 800	9 250.00	9 600.00	Heimav.aðstaða á vegum sv.fél.
Ólafsfjörður	6	14	58 500	154 150	9 750.00	11 011.00	Heimav.aðstaða á vegum sv.fél.
Eskifjörður	–	1	–	9 600	–	9 600.00	Heimang.sk.
Ólafsvík	–	1	–	9 600	–	9 600.00	Heimang.sk.
Patreksfjörður	2	3	19 200	30 300	9 600.00	10 100.00	Heimang.sk.
Höfðakaupstaður	3	3	28 800	27 000	9 600.00	9 000.00	Heimang.sk.
Reyðarfjörður	1	–	9 000	–	9 000.00	–	Heimang.sk.
Höfn í Hornafirði	–	3	–	39 550	–	13 833.00	Heimang.sk.
Hella	2	–	16 800	–	8 400.00	–	Heimang.sk.
Vopnafjörður	2	–	16 800	–	8 400.00	–	Heimang.sk.
Neskaupstaður	3	14	32 400	60 400	10 800.00	4 314.00	Heimav.aðst.
Stykkishólmur	5	18	4 500	31 950	900.00	1 775.00	Heimav.aðst.
Lundur, Axarfirði	1	6	300	8 250	300.00	1 375.00	Heimav.sk.
Hlíðardalsskóli	5	13	10 800	50 800	2 160.00	3 908.00	Heimav.sk.
Samtals	122	221	1 122 300	1 987 950	9 199.18	8 995.25	
Héraðsskólar:							
Reykholt	14	78	36 600	260 150	2 614.00	3 335.00	Heimav.sk.
Núpur	31	29	35 100	62 500	1 132.00	2 155.00	Heimav.sk.
Reykjanes	16	23	18 600	40 750	1 162.00	1 771.00	Heimav.sk.
Reykir	48	36	44 400	69 750	925.00	1 937.00	Heimav.sk.
Laugar	1	32	1 800	29 750	1 800.00	929.00	Heimav.sk.
Eiðar	55	37	48 600	72 250	883.00	1 952.00	Heimav.sk.
Skógar	17	28	27 000	55 750	1 588.00	1 991.00	Heimav.sk.
Laugarvatn	35	43	47 100	109 500	1 345.00	2 546.00	Heimav.sk.
Samtals	217	306	259 200	700 400	1 194.47	2 288.89	
Gagnfræðask. í Reykjavík:							
Gagnfr.sk. Austurbæjar	16	11	175 200	128 100	10 950.00	11 645.00	Heimanganga
Ármúlaskóli	6	28	62 400	306 050	10 400.00	10 930.00	Heimanganga
Hagaskóli	3	9	33 900	105 650	11 300.00	11 739.00	Heimanganga
Lindargötuskóli	6	36	60 700	437 500	10 116.66	12 153.00	Heimanganga
Réttarholtsskóli	3	4	30 900	43 900	10 300.00	10 970.00	Heimanganga
Laugalækjarskóli	3	1	33 900	13 450	11 300.00	13 450.00	Heimanganga
Vogaskóli	10	11	108 900	126 100	10 440.00	11 464.00	Heimanganga
Kvennaskólinn	13	9	141 300	106 700	10 869.23	11 856.00	Heimanganga
Samtals	60	109	647 200	1 267 450	10 786.66	11 627.98	

Fylgiskjal 8.

Reglur um úthlutun styrkja af fé því, er veitt er á fjárlögum 1970 til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms.

1. Tilgangur styrkjanna er:
   a) að bæta aðstöðu þeirra framhaldsskólanemenda, er verulegan ferðakostnað hafa vegna náms,
   b) að bæta aðstöðu framhaldsskólanemenda, er verða að dvelja við nám fjarri heimilum sínum, án þess að eiga kost á skólaheimavist.

2. Framhaldsskólar eru:
   a) Gagnfræðastigsskólar ofan skyldunáms.
   b) Menntaskólar.
   c) Kennaraskólar.
   d) Sérnámsskólar.

3. Veittir skulu tvenns konar beinir styrkir til framhaldsskólanemenda, — ferðastyrkir og dvalarstyrkir.
   Auk þess skal framhaldsskólum, þar sem aksturskostnaður fellur ekki undir ákvæði 20. gr. laga nr. 49/1967, veittur styrkur til skipulagðs aksturs að skólanum.

4. Ferðastyrkir, allt að þremur fjórðu, eru veittir vegna ferðakostnaðar nemanda frá dvalarstað hans innanlands við byrjun skólaárs að skóla, og frá skóla að dvalarstað innanlands við lok skólaárs.
   Fyrir skólaárið 1969/1970 er lágmarksviðmiðun kr. 400.00.

5. Dvalarstyrkir eru veittir þeim nemendum, er verða að dvelja utan heimila sinna, án þess að eiga kost á skólaheimavist. Fyrir skólaárið 1969/1970 er hámark dvalarstyrks kr. 1200.00 á mánuði. Miða skal við nauðsynlegan dvalartíma á skólastað vegna námsins, að meðtöldum skólafríum.

6. Við úthlutun dvalarstyrkja koma að jafnaði þeir framhaldsskólanemendur einir til greina, er sækja nám í skóla, er kennir hverjum nemanda að minnsta kosti 30 stundir á viku, og eigi skemur en 24 vikur á skólaári.

7. Njóti nemandi námsláns eða styrks annars staðar að eða launa án vinnuframlags á skólaárinu, má lækka dvalarstyrk til hans með hliðsjón af því.

8. Ríkissjóður greiðir að hluta daglegan flutningskostnað þeirra framhaldsskólanemenda, er hér um ræðir, enda hafi menntamálaráðuneytið áður samþykkt akturinn og greiðslur fyrir hann. Sé hægt að nota strætisvagna eða áætlunarbifreiðir, greiðir ríkissjóður helming kostnaðar, sé skólaleið nemanda 2.0 km eða meir. Verði að skipuleggja sérstakan akstur, greiðir ríkissjóður þrjá fjórðu kostnaðar.

9. Sé skóli rekinn sameiginlega af ríki og sveitarfélagi (félögum), og hafi sveitarfélag greitt aksturskostnað, fær það hlutfallslega endurgreiðslu úr ríkissjóði samkv. endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum, sbr. ákvæði 20. gr. laga nr. 49/1967. Sé skóli rekinn af ríki eða sem sjálfseignarstofnun, er greitt úr ríkissjóði til skólans, en nemendur bera helming eða fjórðung kostnaðar, eftir því sem við á.

10. Menntamálaráðherra skipar úthlutunarnefnd þannig: Ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar, einn mann án tilnefningar, einn mann samkv. tilnefningu fjármálaráðuneytisins, og tvo menn samkv. tilnefningu stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Hlutverk úthlutunarnefndar er:
    1) Að úthluta styrkjum og annast endurgreiðslur.
    2) Að annast gagnasöfnun varðandi aðstöðumun nemenda til framhaldsnáms.

Menntamálaráðuneytið, 21. maí 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Fylgiskjal 9.

Til menntamálaráðuneytisins.

Umsókn um:
Ferðastyrk, eingöngu.
Dvalarstyrk, eingöngu.
Bæði ferða- og dvalarstyrk.
(Strikið undir það, sem við á.)

Undirritaður, sem er nemandi í

.....
(Nafn skóla) (Bekkur, deild)

skólaárið 1969/1970, sækir hér með um styrk af fé því, er veitt var á fjárlögum 1970 til þess að jafna aðstöðumun nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms.
Ég hef kynnt mér reglur um úthlutun þessara styrkja, sérstaklega ákvæði 7. gr., en þau hljóða þannig:

> „Njóti nemandi námsláns eða styrks annars staðar að eða launa án vinnuframlags á skólaárinu, má lækka beina styrki til hans með hliðsjón af því."

Eftirfarandi upplýsingar eru til stuðnings umsókn minni:

.....
(Nafn) (Nafnnúmer) (Fæðingard.)

.....
(Lögheimili 1. des. 1969, sveitarfélag)

Nauðsynlegur ferðakostnaður vegna náms skólaárið 1969/1970 var

kr. .....

Sé um að ræða annan ferðakostnað en frá og að lögheimili með áætlunarbifreið, þá gefið skýringu:

.....

.....

.....

.....

.....

Dvalarstaður á námstíma:

(Strikið undir það, sem við á, og gefið skýringu, ef nauðsynlegt þykir.)

Í heimavist við skólann.
Á heimili foreldra minna.
Á heimili ættingja eða venzlafólks.
Annars staðar, hvar?

.....

Á skólaárinu 1969/1970 fékk ég eftirfarandi styrki, námslán eða laun án vinnuframlags á námstíma:

.....

Þessi skýrsla er gefin samkvæmt beztu vitund minni:

..../..... 1970.
(Staður, dags.)

....
(Undirskrift) (Heimilisfang)

Umsögn skólastjóra:

Ég hef kynnt mér ákvæði um úthlutun þessara styrkja og lesið þessa umsókn.

Umsækjandi var við nám frá ...../..... 1969 til ...../..... 1970.

Athugasemdir:

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

Fylgiskjal 10.

Reglur um úthlutun styrkja af fé því, er veitt er á fjárlögum 1971 til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms.

I. Tilgangur.

1. Tilgangur styrkjanna er:
   a) að bæta aðstöðu þeirra framhaldsskólanemenda, er verulegan ferðakostnað hafa vegna náms,
   b) að bæta aðstöðu framhaldsskólanemenda, er verða að dvelja við nám fjarri heimilum sínum, án þess að eiga kost á skólaheimavist.

2. Framhaldsskólar í þessu sambandi eru:
   a) Gagnfræðaskólar ofan skyldunáms.
   b) Menntaskólar.
   c) Kennaraskólar.
   d) Sérnámsskólar.

II. Beinir styrkir.

3. Veittir skulu tvenns konar beinir styrkir til framhaldsskólanemenda, — ferðastyrkir og dvalarstyrkir.
4. Ferðastyrkir, allt að þremur fjórðu, eru veittir vegna ferðakostnaðar við tvær ferðir að og frá skóla. — Ferðastyrkir eru miðaðir við áætlaðan ferðakostnað frá lögheimilisveitarfélagi nemanda að skóla. Fyrir skólaárið 1970/1971 verða ekki greiddir styrkir vegna ferðakostnaðar, sem er samtals lægri en kr. 1000.00.
5. Dvalarstyrkir eru veittir þeim nemendum, er verða að dvelja utan heimila sinna, án þess að eiga kost á skólaheimavist. Fyrir skólaárið 1970/1971 er hámark dvalarstyrks kr. 1200.00 á mánuði. Miðað skal við nauðsynlegan dvalartíma á skólastað vegna námsins, að meðtöldum skólafríum.
6. Við úthlutun dvalarstyrkja koma að jafnaði þeir framhaldsskólanemendur einir til greina, er sækja nám í skóla, er kennir hverjum nemanda að minnsta kosti 30 stundir á viku, og eigi skemur en 24 vikur á skólaári.
7. Njóti nemandi, eða eigi kost námsláns, eða styrks annars staðar að, eða launa án vinnuframlags á skólaárinu, má lækka dvalarstyrk til hans með hliðsjón af því. Þeir, sem rétt eiga á láni og/eða styrk úr Lánasjóði íslenzkra námsmanna, njóta ekki styrkja samkvæmt þessum reglum.

III. Skipulagður akstur sveitarfélaga.

8. Skipuleggi sveitarfélag sameiginlegan daglegan akstur framhaldsskólanema sinna að skóla eða skólum, — staðsettum í öðru sveitarfélagi, endurgreiðir ríkissjóður þrjá fjórðu kostnaðar sveitarfélaga, enda hafi menntamálaráðuneytið áður samþykkt aksturinn og greiðslu fyrir hann.

   Hafi sveitarfélag skipulagt akstur vegna skyldunámsnema, er sækja daglega skóla staðsettan í öðru sveitarfélagi og geti framhaldsskólanemar hagnýtt sér þann akstur, skal það heimilt. Sveitarfélög greiða aksturskostnað, en fá hlutfallslega endurgreiðslu úr ríkissjóði samkvæmt endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum.

IV. Úthlutunarnefnd.

9. Menntamálaráðherra skipar úthlutunarnefnd þannig: Ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins og er hann jafnframt formaður nefndarinnar, einn mann án tilnefningar, einn mann samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytis, og tvo menn samkvæmt tilnefningu stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Hlutverk úthlutunarnefndar er:

1) Að úthluta styrkjum og ákveða endurgreiðslur til sveitarfélaga.
2) Að annast gagnasöfnun varðandi aðstöðumun nemenda til framhaldsnáms.

Menntamálaráðuneytið, 23. febrúar 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Fylgiskjal 11.

Til menntamálaráðuneytisins
Hverfisgötu 6, Reykjavík.

UMSÓKN UM: ☐ Ferðastyrk ☐ Dvalarstyrk

Nafnnúmer	Útfyllist ekki	Skóli/bekkur
Nafn		
Lögheimili/sveitarfélag		
Fæðingardagur	D, F, og S útfyllist ekki	D / F / S

Dvalarstaður á námstíma:

☐ Heimavist ☐ Heimili ættingja eða venzlafólks
☐ Heimili foreldra ☐ Annars staðar. Hvar?

Dvalarstaður:

Námslán/styrkir: Skólaárið 1970/71 á ég kost á/fékk ég eftirfarandi styrki, námslán eða laun án vinnuframlags á námstíma:

Samtals kr.

Frá:

Þessar upplýsingar til stuðnings umsókn minni eru gefnar samkvæmt beztu vitund.

/ 1971
Staður Dags. Undirskrift

Athugið: Skortur á upplýsingum tefur úthlutun. — Rangar upplýsingar varða styrkmissi.

Umsögn skólastjóra: Hef kynnt mér ákvæði um úthlutun þessara styrkja og lesið þessa umsókn. Nemandi er skráður við nám í skólanum og mun að öllu forfallalausu stunda námið frá / 1970 til / 1971.

Athugasemdir skólastjóra:

Undirskrift

DB. N 107/1971

Fylgiskjal 12.

Fæðiskostnaður, þjónustugjöld og heimavistargjöld í héraðsskólum skólaárið 1970/1971. Fæðisdagar eru miðaðir við þá nemendur 3. og 4. bekkjar, sem lengst dvöldu í skólanum.

	Fæðiskostnaður kr. á dag	dagafjöldi	Alls kr.	Þjónustugjöld kr.	Heimavistargj. kr.	Alls kr.
Reykholt:						
Piltar	155.00	220	34 100.00	innifalin	1 000.00	35 100.00
Stúlkur	145.00	220	31 900.00	í fæðisk.	1 000.00	31 900.00
Núpur:						
Piltar	162.00	220	35 640.00	2 400.00	1 000.00	39 040.00
Stúlkur	148.00	220	32 560.00	2 400.00	1 000.00	35 960.00
Reykjanes:						
Piltar	141.00	205	28 905.00	1 200.00	1 000.00	31 105.00
Stúlkur	141.00	205	28 905.00	1 200.00	1 000.00	31.105 00
Reykir:						
Piltar	137.00	220	30 140.00	1 600.00	1 000.00	32 740.00
Stúlkur	127.00	220	27 940.00	1 600.00	1 000.00	30 540.00
Laugar:						
Piltar	140.00	220	30.800 00	innifalin	1 000.00	31 800.00
Stúlkur	125.00	220	27.500 00	í fæðisk.	1 000.00	28 500.00
Eiðar:						
Piltar	132.00	220	29 040.00	1 500.00	1 000.00	31 540.00
Stúlkur	127.00	220	27 940.00	1 500.00	1 000.00	30 440.00
Skógar:						
Piltar	160.00	215	34 400.00	enginn	1 600.00	36 000.00
Stúlkur	153.00	215	32 895.00	þjón.kostn.	1 600.00	34 495.00
Laugarvatn:						
Piltar	159.66	218	34 805.88	700.00	1 000.00	36 505.88
Stúlkur	127.73	218	27 845.14	700.00	1 000.00	29 545.14

Yfirlit þetta er byggt á upplýsingum frá skólastjórum 10. nóvember 1971 og á vorskýrslum skólanna.

Fylgiskjal 13.

Fæðiskostnaður í nokkrum heimavistarskólum skyldunámsins 1970/1971.

	Daggjöld	Hám. dvalard. sbr. haustsk.	Hámarks dvalarkostn.
Skútustaðir	62.00	156	9 672.00
Hrollaugsstaðir	51.00	144	7 344.00
Ásgarður, Kjós	45.00	150	6 750.00
Reykjanes	65.00	81	5 265.00
Reykjanes (unglingadeild)	86.00	200	17 200.00
Flúðir	70.00	150	10 500.00
Klúka	96.50	127	12 255.50
Steinsstaðir	58.00	149	8 642.00
Holtsskólahverfi	45.00	90	4 050.00
Hraungerðisskólahverfi	114.00	70	7 980.00
Finnbogastaðir	60.62	96	5 819.50
Bárðdælaskólahverfi	65.00	148	9 620.00
Borðeyri	56.00	84	4 704.00
Þelamörk	58.00	84	4 872.00
Laugabakki	69.00	72	4 968.00
Árskógsströnd	89.50	162	14 499.00
Hamraborg	72.00	66	4 752.00
Ljósafoss	74.00	158	11 692.00
Laugargerði	85.00	161	13 685.00
Kléberg	53.00	156	8 268.00
Núpasveitarskóli	70.00	84	5 880.00
Kleppjárnsreykir	87.00	150	13 050.00
Meðaltal	69.59	124,4	8 657.00

Dvalarkostnaður miðaður við meðaldaggjöld og 200 dvalardaga kr. 13 918.00.

Aths.: Alls voru heimavistarskólar á skyldunámsstigi 50 skólaárið 1970/1971. Af þeim höfðu ofangreindir 22 skilað skýrslu 1. nóvember 1971.

Ed. 576. Frumvarp til laga [260. mál]

um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi — Handritastofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Heiti stofnunarinnar er: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi — Handritastofnun Íslands. Hún er háskólastofnun með sérstakri stjórn og sjálfstæðum fjárhag og heyrir undir menntamálaráðherra, en undir ríkisstjórnina um varðveizlu og umsjón með handritum þeim og skjalagögnum, sem til Íslands verða flutt frá Danmörku, sbr. 2. gr.

2. gr.

Stofnunin varðveitir handrit þau og skjalagögn, sem ríkisstjórn Íslands hefur veitt og veitir viðtöku samkvæmt sáttmála milli Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í Danmörku í vörzlu og umsjón Háskóla Íslands, dagsettum 1. júlí 1965 og fullgiltum 1. apríl 1971.

Enn fremur varðveitir stofnunin önnur handrit og gögn, sem hún á og kann að eignast eða henni verða falin til varðveizlu.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar. Þetta gerir stofnunin með öflun og varðveizlu gagna um þessi efni, sbr. 2. gr., rannsóknum á heimildum um þau, útgáfu handrita og fræðirita, hljóðritun þjóðfræðaefnis og með hverju öðru, sem stutt getur að þessu markmiði.

4. gr.

Rekstur stofnunarinnar annast sérstakur forstöðumaður. Hann annast og fræðilega stjórn stofnunarinnar ásamt öðrum starfsmönnum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Forstöðumaður skal jafnframt vera prófessor í heimspekideild með takmarkaðri kennsluskyldu og leiðbeina þeim nemendum, er taka hjá honum ritgerðarefni til lokaprófs. Um veiting starfsins fer eftir sömu reglum sem um önnur prófessorsembætti.

Við stofnunina starfar stjórnarnefnd þannig skipuð: Forstöðumaður stofnunarinnar, sem jafnframt er formaður stjórnarinnar, rektor Háskóla Íslands og einn skipaður af menntamálaráðherra, án tilnefningar, til sex ára í senn. Nefndarstörf eru ólaunuð.

5. gr.

Við stofnunina starfa sérfræðingar, sem hafa þar fullt og fast starf, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Þeir skulu settir eða skipaðir af menntamálaráðherra. Auk þess starfa við stofnunina styrkþegar, sem ráðnir eru til náms og starfa takmarkaðan tíma í senn. Heimilt er að ráða nauðsynlegt starfslið til vélritunar, ljósmyndunar, skrifstofustarfa o. fl.

6. gr.

Heimilt er með reglugerð að skipta stofnuninni í deildir eftir fræðigreinum. Kjarni stofnunarinnar skal vera sú deild, sem annast útgáfu handrita eða rita eftir handritum, svo og rannsóknir á þeim.

7. gr.

Háskólaráð kýs stofnuninni tvo tilsjónarmenn (ephori) til fjögurra ára í senn, og skulu þeir líta eftir því, að stofnunin starfi í samræmi við stofnskrá dánargjafar Árna Magnússonar frá 18. janúar 1760.

8. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnunarinnar, þ. á m. um réttindi og skyldur starfsmanna í því efni.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 27 frá 2. maí 1969, um Handritastofnun Íslands, svo og öll önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 12. júlí 1971 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, fjögurra manna nefnd til að endurskoða gildandi lög um Handritastofnun Íslands. Í nefndinni eiga sæti: Jónas Kristjánsson, forstöðumaður Handritastofnunar Íslands, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneytinu, Logi Einarsson, forseti Hæstaréttar og Magnús Már Lárusson, rektor Háskóla Íslands.

Tilefni þessarar fyrirhuguðu lagabreytingar var sáttmáli Dana og Íslendinga, sem fullgiltur var 1. apríl 1971, um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörzlu og umsjón ríkisstjórnarinnar og Háskóla Íslands. Nefndin varð að öllu leyti sammála um lagafrumvarp það, sem hún hefur samið og skráð er hér að framan. Fylgdi því frá nefndinni svofelld greinargerð, ásamt fylgiskjölum:

„Til glöggvunar skal í stuttu máli skýra frá síðasta þætti handritamálsins, eftir að draga tók að lausn þess.

Vorið 1961 lagði danska ríkisstjórnin fram frumvarp á Þjóðþinginu um breyting á stofnskrá Legats Árna Magnússonar (eða Stofnunar Árna Magnússonar) frá 18. janúar 1760. Fól sú breyting í sér, að stofnunin skyldi skiptast í tvær deildir og þau handrit og skjalagögn, sem teldust vera íslenzk menningareign, skyldu flytjast til Íslands. Jafnframt var heimilað að afhenda sambærileg handrit úr Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn. Lögin voru samþykkt 10. júní 1961 með 110 atkvæðum gegn 39.

Sumir þingmenn litu svo á, að lög þessi fælu í sér eignarnám, þar eð Stofnun Árna Magnússonar væri sjálfseignarstofnun; en þegar svo stendur á, getur tiltekinn fjöldi þingmanna krafizt þess, að gildistöku laganna sé frestað, unz þau hafa verið samþykkt óbreytt að afstöðnum nýjum kosningum. Andstæðingar laganna fengu tilskilinn fjölda þingmanna til að krefjast frestunar, og forsætisráðherra Danmerkur lýsti yfir því, að hann mundi verða við þessari kröfu, enda þótt hann liti svo á, að ekki væri um eignarnám að ræða.

Þingkosningar fóru fram í Danmörku haustið 1964, og vorið eftir, 19. maí 1965, voru lögin um afhendingu handritanna samþykkt óbreytt á Þjóðþinginu með 104 atkvæðum gegn 58.

Nokkru eftir að handritalögin höfðu hlotið staðfestingu, höfðaði Árnanefnd mál á hendur danska menntamálaráðuneytinu og krafðist ógildingar laganna á þeim forsendum, að Árnastofnun væri sjálfseignarstofnun og hér væri því um að ræða eignarnám, en eignarrétturinn væri friðheilagur samkvæmt stjórnarskrá landsins. Þessum málaferlum lauk fyrir Hæstarétti 17. nóvember 1966. Var niðurstaða Hæstaréttar einróma á þann veg, að lögin um afhendingu handritanna brytu ekki í bága við stjórnarskrána og skyldu því taka gildi. Dómendur skiptust í tvo hópa um forsendur fyrir þessari niðurstöðu. Átta dómarar með dómsforseta í broddi fylkingar töldu Árnastofnun vera sjálfseignarstofnun og lögin eignarnámslög. Mál þetta fjallaði ekki um hugsanlegar skaðabótakröfur Árnastofnunar, en þó tóku þessir dómendur fram, að ekkert hefði komið fram í málinu, sem benti til þess, að stofnunin yrði fyrir nokkru því tjóni, sem haft gæti skaðabótaskyldu í för með sér. Minni hlutinn, fimm dómarar, taldi einnig að Árnastofnun væri sjálfseignarstofnun, en þrátt fyrir það væri ekki um eignarnám að ræða.

Eftir að Hæstiréttur hafði kveðið upp þennan dóm, lýsti formaður Árnanefndar yfir því, að nefndin mundi gera skaðabótakröfur á hendur dönsku ríkisstjórninni, ef handritin yrðu afhent. Ríkisstjórnin taldi vafalaust, að afhending handritanna gæti ekki leitt til skaðabótaskyldu, en vildi þó fá það staðfest með dómi. Sú athugun tók rúmlega fjögur ár fyrir Eystra landsrétti og Hæstarétti. Hinn 18. marz 1971 kvað Hæstiréttur upp þann dóm með 10 atkvæðum gegn tveimur, að danska ríkið væri ekki skaðabótaskylt gagnvart Árnastofnun vegna afhendingar handritanna. Hins vegar dæmdi rétturinn með naumum meiri hluta, að Árnastofnun væri ekki skylt að afhenda bótalaust þann hluta höfuðstóls stofnunarinnar, sem afhenda ætti Háskóla Íslands.

Samkvæmt hinum dönsku afhendingarlögum (§ 3) skal nefnd, skipuð tveimur fulltrúum fyrir Kaupmannahafnarháskóla og tveimur tilnefndum af Háskóla Íslands, kanna handrit Árnastofnunar og Konunglega bókasafnsins og gera tillögur til danska forsætisráðherrans um það, hvaða handrit skuli afhent Háskóla Íslands. Í lögunum voru þó sérstaklega tilgreind tvö handrit, sem skyldu fara til Íslands: Flateyjarbók og Konungsbók Eddukvæða. Þessi tvö handrit var því hægt að afhenda þegar í stað, er sýnt þótti að öllum málaferlum væri lokið. Fór sú afhending fram með mjög virðulegum hætti 21. apríl 1971, svo sem öllum Íslendingum er í fersku minni.

Í tengslum við lögin um afhendingu handritanna var gert uppkast að „sáttmála milli Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörzlur og umsjón Háskóla Íslands.“ Sáttmáli þessi var fullgiltur í Kaupmannahöfn 1. apríl 1971. Í sáttmálanum segir svo í 4. gr.:

„Handrit þau og skjalagögn, sem þessi sáttmáli fjallar um, ásamt með fé því, er þar til heyrir, skal mynda „Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi", og verður það heiti staðfest af ríkisstjórn Íslands."

Ætlunin er að breyta nú lögum um Handritastofnun Íslands til samræmis við þetta ákvæði sáttmálans.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið um Handritastofnunina, sem lagt var fyrir Alþingi 1961, segir svo:

„Þegar lög þau, sem þjóðþing Dana samþykkti á síðastliðnu vori um afhending íslenzkra handrita til Íslands, koma til framkvæmda, og koma skal á fót „Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi", ætti hún að verða kjarni þessarar handritastofnunar."

En ljóst er, að tilvist slíks kjarna innan vébanda Handritastofnunar kynni að hafa ýmsa annmarka í för með sér. Annars vegar mundi starfsemi stofnananna að miklu leyti falla í sama farveg, en að því leyti sem þær gegndu sérstæðu hlutverki hvor um sig og lytu sérstakri stjórn, kynni að koma til árekstra. Og enn má benda á eitt atriði, sem máli skiptir í þessu sambandi: Þegar Handritastofnun var sett á fót, var henni ætlað mjög víðtækt hlutverk; hún átti að verða nokkurs konar allsherjarstofnun íslenzkra fræða. Í tillögum Háskólaráðs, sem prentaðar eru sem fylgiskjal með lagafrumvarpinu frá 1961, er talað um að koma á fót „rannsóknarstofnun í íslenzkum fræðum", og skýrgreining laganna á hlutverki stofnunarinnar, sem enn er látin haldast lítt breytt, bendir til hins sama. En nú hefur þróunin orðið sú, að settar hafa verið á stofn við Háskólann sérstakar rannsóknarstofnanir í hverri þriggja aðalgreina íslenzkra fræða, sagnfræði, norrænum málvísindum og bókmenntafræði. Sjálfsagt er, að þær stofnanir taki að nokkru leyti við því hlutverki, sem Handritastofnuninni var ætlað í öndverðu, en hins vegar verði ekki hugsað til þess að setja upp sérstakar deildir í þessum þremur fræðigreinum innan vébanda Handritastofnunar. Hún verður þá samkvæmt þessari eðlilegu þróun raunveruleg handritastofnun, bæði að nafni og ætlunarverki, og starfssvið hennar fellur að mestu leyti saman við svið hinnar fyrirhuguðu Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi.

Þegar á allt þetta er litið, virðist augljóst, að heppilegasta lausnin sé sú, að breyta lögunum um Handritastofnun Íslands og sameina hana hinni nýju Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Nafnið Handritastofnun Íslands hefur þegar unnið sér nokkra hefð, og meðal annars eru gefnar út ritaraðir, þar sem Handritastofnun stendur sem útgefandi. Því þótti ekki fært að afnema það nafn, heldur er það tengt við hið nýja heiti, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

Handritastofnun hefur til þessa verið mjög sjálfstæð, og hefur það gefizt vel. En nauðsynlegt er að tengja hana nú fastar við Háskólann, þar sem hann er aðili að varðveizlu handrita þeirra, sem koma frá Danmörku, og því er bætt við skýru ákvæði um að hún sé háskólastofnun. Auk þess er hún tengd Háskólanum með þeim hætti, að forstöðumaður er prófessor við Heimspekideild og tveir af þremur stjórnarmönnum eru háskólaprófessorar (forstöðumaður og háskólarektor). Í þriðja lagi skulu tilsjónarmenn þeir, sem fyrir er mælt í 7. gr., annast eftirlit með starfsemi stofnunarinnar fyrir hönd Háskólans.

Um 2. gr.

Þessi grein er nýmæli, gert vegna heimkomu handritanna frá Danmörku.

Um 3. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 1. gr. gildandi laga að öðru leyti en því, að sérstaklega er vitnað til 2. gr., þar sem annað meginhlutverk stofnunarinnar verður nú að varðveita þau handrit og skjalagögn, sem koma frá Danmörku. Einnig er tekið fram, að stofnunin skuli annast hljóðritun þjóðfræðaefnis, enda vinnur einn starfsmanna hennar þegar að því verkefni.

Um 4. gr.

Til þessa hefur stjórnarnefnd Handritastofnunar verið skipuð sjö mönnum: forstöðumanni stofnunarinnar, þremur öðrum prófessorum við Háskólann og þremur embættismönnum, landsbókaverði, þjóðskjalaverði og þjóðminjaverði. Nokkuð er þungt í vöfum að hafa svo fjölmenna stjórnarnefnd. Einnig hefur borið á þeirri skoðun, að óeðlilegt sé, að forstöðumenn annarra stofnana séu skyldaðir til að sitja í stjórnarnefnd Handritastofnunar. Um prófessorana þrjá hefur sú venja tíðkazt hin síðari ár, að þeir hafa verið fulltrúar fyrir hverja hinna þriggja aðalgreina íslenzkra fræða. Nú hafa þær greinar, sem fyrr segir, fengið hver sína rannsóknarstofnun, en upphaflegt ætlunarverk Handritastofnunar þrengist að sama skapi, og því virðist nú ekki ástæða til, að þessar fræðigreinar eigi sérstaka fulltrúa í stjórn stofnunarinnar.

Í hinu nýja frumvarpi er gert ráð fyrir þriggja manna stjórnarnefnd. Í sáttmála Danmerkur og Íslands um handritin er varðveizla þeirra og umsjón falin ríkisstjórn Íslands og Háskólanum, en Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi — Handritastofnun Íslands er sett á fót til að annast handritin og vinna úr þeim. Því virðist eðlilegt, að þessir þrír aðilar eigi hver sinn fulltrúa í stjórnarnefnd stofnunarinnar. Einnig er talið eðlilegt að taka beinlínis fram, að starfsmenn stofnunarinnar skuli vera með í ráðum um fræðilega stjórn hennar, svo sem um verkefnaval, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Um 5. gr.

5. gr. er lítt breytt frá 2.—3. málsl. 4. gr. gildandi laga. Sleppt er því ákvæði gildandi laga (4. gr., 4. málsl.), að „starfsmenn stofnunarinnar láti í té kennslu við Háskólann í lestri handrita, fornskriftarfræði, útgáfutækni og öðrum þeim greinum, sem þeir eru sérfróðir um.“ Reyndin hefur orðið sú, að forstöðumaður og sérfræðingar stofnunarinnar láta í té mikla tilsögn, bæði styrkþegum og öðrum, sem starfa við stofnunina, og auk þess hafa þeir yfirumsjón með öllum verkum, sem út eru gefin hjá stofnuninni. Þetta hefur reynzt mjög tímafrekt og mun þó reynast það enn frekar síðar, þegar fjölgar gestum þeim, sem vinna á vegum stofnunarinnar. Þegar þessa er gætt, virðist ekki fært að lögbinda frekari kennsluskyldu sérfræðinga við Háskólann, ella gæti svo farið, að þeir hefðu lítinn sem engan tíma aflögu til að sinna sjálfstæðum vísindastörfum við stofnunina. Á það ber að leggja ríka áherzlu, að Handritastofnun á að vera rannsóknarstofnun, en ekki kennslustofnun.

Um 6. gr.

6. gr. er efnislega óbreytt frá 3. gr. gildandi laga að öðru leyti en því, að sleppt er því ákvæði, sem nú er óþarft orðið, að stofnunin hafi tekið við starfi Handritaútgáfunefndar Háskólans.

Um 7. gr.

Stofnskrá Legats (eða Stofnunar) Árna Magnússonar frá 18. janúar 1760, sem til er vitnað í dönsku handritalögunum (§ 1), er nú að mörgu leyti úrelt orðin, eins og að líkum lætur. Þó er enn hlítt því ákvæði hennar að hafa tvo „efóra“ eða tilsjónarmenn, sem eiga einkum að líta eftir því, að stofnunin uppfylli ákvæði stofnskrárinnar. Þykir því sjálfsagt að hafa sérstakt ákvæði um slíka tilsjónarmenn í lögum um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

Um 8. gr.

Með ákvæðinu um réttindi og skyldur í þessari grein er átt við starfstilhögun í stofnuninni, þ. á m. að verkefnaval fari fram í samráði við starfsmenn, enda vinna þeir meira og minna sjálfstætt, eftir að verkefni hafa verið ákveðin. Þá er ætlazt til, að reglugerð kveði á um þá leiðsögn, sem starfsmenn munu veita stúdentum, styrkþegum og innlendum og erlendum vísindamönnum við lestur handrita, mat á gildi þeirra og aðferðir við útgáfustörf. Hins vegar er hér ekki átt við launa-

kjör, vinnutíma og önnur þau atriði, sem falla undir kjarasamninga eða lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa."

Fylgiskjal I.

Sáttmáli frá 1. júlí 1965, er fullgiltur var 1. apríl 1971.

Sáttmáli milli Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörzlur og umsjón Háskóla Íslands.

Hans hátign konungur Danmerkur og forseti lýðveldisins Íslands, sem

óska af heilum hug að gera þvílíka skipun varðandi handrit þau af íslenzkum uppruna, sem nú eru í Danmörku, að orðið sé við óskum íslenzku þjóðarinnar að hafa sjálf umráð þessara þjóðlegu minja;

og óska af heilum hug að staðfesta og styrkja gott samkomulag þjóðanna í anda norræns samhugar;

og með tilliti til aldalangs stjórnmálasambands landanna;

hafa ákveðið að gera sáttmála um að flytja til Íslands handrit, sem telja verður íslenzka menningareign, og hafa þeir tilnefnt sem fulltrúa sína með fullu umboði:

Forseti lýðveldisins Íslands:
Sendiherra Gunnar Thoroddsen.

Hans hátign konungur Danmerkur:
Utanríkisráðherra Per Hækkerup.

Þessir tveir fulltrúar hafa skipzt á umboðsskjölum sínum, sem reyndust vera góð og gild, og hafa þeir orðið sammála um eftirfarandi atriði:

1. gr.

Jafnskjótt sem farið hefur fram sú skipting á Legati Árna Magnússonar (Stofnun Árna Magnússonar), sem mælt er fyrir um í dönskum lögum frá 26. maí 1965 um breytingu á skipulagsskrá legatsins frá 18. janúar 1760, í tvær deildir, skal flytja til Íslands handrit þau og skjalagögn, sem Háskóli Íslands skal varðveita og hafa umsjón með.

Traktat mellem Danmark og Island om overførelse af dele af Den arnamagnæanske Stiftelses håndskrifter til forvaring og forvaltning af Islands Universitet.

Hans Majestæt Kongen af Danmark og Republikken Islands Præsident har

besjælede af ønsket om vedrørende de i Danmark beroende håndskrifter af islandsk oprindelse at træffe en ordning, der imødekommer det islandske folks ønske om selv at besidde disse nationale mindesmærker;

besjælede af ønsket om i den nordiske samfølelses ånd at bekræfte og bestyrke det gode forhold mellem de to lande;

og i betragtning af de to folks flerhundredårige samhørighed;

besluttet at afslutte en traktat om overførelse til Island af håndskrifter, der må anses som islandsk kultureje, og har som deres respektive befuldmægtigede udnævnt:

Hans Majestæt Kongen af Danmark:
Udenrigsminister Per Hækkerup.

Republikken Islands Præsident:
Ambassadør Gunnar Thoroddsen.

hvilke, efter at have udvekslet deres respektive fuldmagter, som fandtes i god og behørig form, er blevet enige om følgende artikler:

Artikel 1.

Så snart den ved dansk lov af 26. maj 1965 om ændring i fundats af 18. januar 1760 for Arne Magnussens Legat (Den arnamagnæanske Stiftelse) bestemte deling af stiftelsen i to afdelinger er gennemført, overføres de håndskrifter og arkivalier, der skal forvares og forvaltes af Islands Universitet, til Island.

2. gr.

Ríkisstjórn Íslands tekur að sér, með atbeina Háskóla Íslands, að varðveita og hafa umsjón með handritum þeim og skjalagögnum, sem til Íslands verða flutt, í samræmi við reglur skipulagsskrár Legats Árna Magnússonar.

3. gr.

Um leið og handritin eru flutt, skal skipta höfuðstól Stofnunar Árna Magnússonar, sem nú nemur um 100 000 dönskum krónum, og skal upphæð, sem tiltekin er í lögunum, 3. gr. 4. lið, lögð til Háskóla Íslands með þeirri skyldu, að hann hafi umsjón með þessu fé og noti það í samræmi við skipulagsskrá stofnunarinnar.

4. gr.

Handrit þau og skjalagögn, sem þessi sáttmáli fjallar um, ásamt með fé því, er þar til heyrir, skal mynda „Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi“, og verður það heiti staðfest af ríkisstjórn Íslands.

5. gr.

Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi skulu afhent þau handrit úr Konungsbókhlöðu í Kaupmannahöfn, sem ákvæði 3. liðar 3. gr. fyrrnefndra laga taka yfir.

6. gr.

Samningsaðiljar eru sammála um það, að með þeirri skipan, sem hér er gerð, sé viðurkennt, að fullkomlega og endanlega sé útkljáð um allar óskir af íslenzkri hálfu varðandi afhendingu hvers konar íslenzkra þjóðlegra minja, sem í Danmörku eru. Samkvæmt því skal af hálfu íslenzka ríkisins eigi unnt í framtíðinni að hefja né styðja kröfur eða óskir um afhendingu slíkra minja úr dönskum skjalasöfnum eða söfnum, opinberum jafnt sem í einkaeign.

7. gr.

Flutningur til Íslands á þeim handritum, sem að mati hinnar dönsku stjórnar stofnunarinnar þarf að nota við samningu nýrrar íslenzkrar orðabókar, sem nú stendur yfir í Danmörku, skal eigi framkvæmdur fyrr en því verki er lokið, þó eigi síðar en tuttugu og fimm árum eftir gildistöku þessa sáttmála.

Artikel 2.

Den islandske regering påtager sig gennem Islands Universitet at forvare og forvalte de til Island overførte håndskrifter og arkivalier i overensstemmelse med reglerne i fundatsen for Arne Magnussens Legat.

Artikel 3.

Samtidig med håndskrifternes overførelse foretages en deling af Den arnamagnæanske Stiftelses kapital, som for tiden udgør ca. 100 000 kr., og et efter lovens § 3, stk. 4 fastsat beløb tillægges Islands Universitet med pligt for dette til at forvalte og anvende midlerne i overensstemmelse med stiftelsens fundats.

Artikel 4.

De af denne traktat omfattede håndskrifter og arkivalier med tilhørende kapital skal udgøre „Den arnamagnæanske Stiftelse i Island“, hvilken betegnelse vil blive stadfæstet af Islands regering.

Artikel 5.

Til Den arnamagnæanske Stiftelse i Island afgives fra Det kongelige Bibliotek i København de håndskrifter, der omfattes af de i medfør af ovennævnte lovs § 3, stk. 3 trufne afgørelser.

Artikel 6.

De kontraherende parter er enige om, at den trufne ordning skal anerkendes som en fuldstændig og endelig afgørelse af alle ønskemål fra islandsk side angående overgivelse af i Danmark beroende nationale islandske mindesmærker af enhver art. I overensstemmelse hermed skal der ikke i fremtiden fra den islandske stats side kunne rejses eller støttes krav eller ønskemål om udlevering af sådanne mindesmærker fra danske arkiver eller samlinger, offentlige som private.

Artikel 7.

Overførsel til Island af sådanne håndskrifter, der efter den danske stiftelses bestyrelses skøn er af betydning for den udarbejdelse af en ny islandsk ordbog, der for tiden pågår i Danmark, iværksættes ikke, før dette arbejde er tilendebragt, dog senest femogtyve år efter denne traktats ikrafttræden.

8. gr.

Með samningi menntamálaráðherra beggja landa skulu settar reglur um gagnkvæma heimild beggja deilda stofnunarinnar til að fá lánuð handrit til afnota við vísindalegar rannsóknir.

9. gr.

Ef rísa kynnu deilur um skilning þessa sáttmála, skal um það fjallað með samningum milli ríkisstjórnanna eða fulltrúa þeirra. Ef eigi fæst viðunandi niðurstaða með því móti, skal málið lagt til fullnaðarúrlausnar fyrir nefnd, sem skipuð sé tveimur mönnum tilnefndum af ríkisstjórn Danmerkur, tveimur mönnum tilnefndum af ríkisstjórn Íslands og einum oddamanni, sem nefndarmennirnir fjórir tilnefna. Nú verða þeir ekki á eitt sáttir um val oddamanns, og skulu þá aðiljar fara þess á leit við forseta alþjóðadómstólsins í Haag að hann velji oddamanninn.

10. gr.

1. Þessi sáttmáli, sem gerður er bæði á dönsku og íslenzku, þannig að báðir textar skulu jafngildir, skal staðfestur og skipzt á staðfestingarskjölunum í Kaupmannahöfn, svo fljótt sem verða má.

2. Sáttmálinn öðlast gildi frá þeim degi, er skipzt er á staðfestingarskjölunum.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúarnir undirritað sáttmála þennan og sett við hann innsigli sín í Kaupmannahöfn, hinn 1. júlí 1965.

Gunnar Thoroddsen.

Artikel 8.

Ved aftale mellem de to landes undervisningsministre fastsættes regler om gensidig adgang for stiftelsens to afdelinger til lån af håndskrifter til brug for den videnskabelige forskning.

Artikel 9.

Eventuelle tvistigheder vedrørende forståelsen af nærværende traktat skal gøres til genstand for drøftelse ad diplomatisk vej. Opnås der ikke herigennem en tilfredsstillende løsning, forelægges spørgsmålet til endelig afgørelse af et nævn, der består af to medlemmer udnævnt af den danske regering, to medlemmer udnævnt af den islandske regering samt af en opmand udnævnt af nævnets 4 medlemmer. Kan enighed om valg af opmand ikke opnås mellem disse, vil parterne anmode præsidenten for Den mellemfolkelige Domstol i Haag om at foretage valget.

Artikel 10.

1. Denne traktat, der er udfærdiget på dansk og islandsk, således at begge tekster skal have samme gyldighed, skal ratificeres, og ratifikationsinstrumenterne udveksles i København snarest muligt.

2. Denne traktat skal træde i kraft fra datoen for udvekslingen af ratifikationsinstrumenterne.

Til bekræftelse herpå har de befuldmægtigede undertegnet nærværende traktat og forsynet den med deres respektive segl i København, den 1. juli 1965.

Per Hækkerup.

Fylgiskjal II.

Lov om ændring i fundats af 18. januar 1760 for Arne Magnussens Legat (Den arnamagnæanske Stiftelse).

Vi FREDERIK DEN NIENDE, af Guds Nåde Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg, gør vitterligt:

Folketinget har vedtaget og Vi ved Vort samtykke stadfæstet følgende lov:

§ 1. Uanset bestemmelserne i den af kong Frederik V den 18. januar 1760 konfirmerede fundats for Arne Magnussens Legat (Den arnamagnæanske Stiftelse) foretages der en deling af stiftelsen i to afdelinger derved, at de af legatets håndskrifter og arkivalier, der må anses for islandsk kultureje, overgives til Islands universitet for at forvares og forvaltes dér i overensstemmelse med fundatsens regler.

Stk. 2. Alle i original eller afskrift foreliggende diplomer vedrørende Island og sådanne andre arkivalier, som kan antages at have haft deres plads i islandske lokal- og privatarkiver, anses for islandsk kultureje.

Stk. 3. Håndskrifter anses for islandsk kultureje, dersom værket vides eller med betydelig sikkerhed må antages at være forfattet af eller oversat af en islænding og det tillige indholdsmæssigt alene eller i overvejende grad vedrører Island og islandske forhold eller tilhører den islandske senmiddelalderlige fiktionslitteratur. Disse kriterier finder anvendelse, hvad enten håndskriftet er den originale affattelse eller en afskrift. Med et håndskrift forfattet eller oversat af en islænding sidestilles blandede håndskrifter, dersom de overvejende falder ind under ovennævnte kriterium.

§ 2. Samtidig med delingen af Den arnamagnæanske Stiftelse kan fra det kongelige bibliotek til den islandske stiftelse afgives sådanne håndskrifter, som i det væsentlige kan sidestilles med dem, der i medfør af delingen tilfalder Island. Endvidere afgives fra det kongelige bibliotek til den islandske stiftelse Flatøbogen og Codex regius af Eddadigtene (Den ældre Edda).

§ 3. Det overdrages et udvalg bestående af to repræsentanter for Københavns universitet og to udpeget af Islands universitet at gennemgå de i stiftelsens besiddelse værende håndskrifter og arkivalier og gøre indstilling om, hvilke af disse der overgives til Islands universitet i henhold til bestemmelsen i § 1.

Stk. 2. Det påhviler endvidere samme udvalg at gennemgå de i det kongelige biblioteks besiddelse værende håndskrifter og gøre indstilling om, hvilke af disse der afgives til den islandske arnamagnæanske stiftelse i medfør af bestemmelsen i § 2.

Stk. 3. Indstillingen forelægges statsministeren, der efter forhandling med den danske og islandske undervisningsminister træffer endelig afgørelse i begge spørgsmål.

Stk. 4. Statsministeren træffer ligeledes bestemmelse om, at en passende del af legatets kapital overføres til Islands universitet samtidig med beslutningens iværksættelse.

§ 4. Den danske regering bemyndiges til at afslutte en overenskomst med Island om overgivelsen af de pågældende håndskrifter.

Givet på Christiansborg slot, den 26. maj 1965.

Under Vor Kongelige Hånd og Segl.

FREDERIK R.

K. B. Andersen.

Fylgskjal III.

Fundation for Det arnamagnæanske Legat.

Vii Friderich den Femte, af Guds Naade Konge til Danmark og Norge, de Venders og Gothers, Hertug udi Slesvig, Holsten, Stormarn og Dytmersken, Greve udi Oldenborg og Delmenhorst: Giøre Alle Vitterligt, At, som Os allerunderdanigst er bleven foredraget, hvorleedes afgangne Arnas Magnussen, fordum Assessor i Consistorio, og Professor publicus ordinarius historiarum et antiquitatum ved Vort Kongelige Universitæt, i Vores Kongelige Residentz-Stad Kiøbenhavn, tillige med sin Hustrue Mette Magnussen, i Kraft af det dennem allernaadigst forundte Facultas testandi, have ved det af dennem d: 6te Januarii 1730 oprettede Testamente, iblant andet anordnet, at deres fælles Midler, efter den længstlevendes Død, subtracto subtrahendo skulle anvendes til een eller toe Studentere fra Iisland, hvis Indrettelse aldeeles overlodes til da værende Justitz Raad og Professor philosophiæ ved bemelte Vores Universitæt Thomas Bartholin, samt Assessor og Professor græcæ lingvæ sammesteds Hans Gram, som de, der best vidste, hvorleedes afgangne Arnas Magnussen helst ønskede, at dermed til Fædrenelandets og Publici Nøtte maatte blive forholdet, hvorfor og den Fundatz, som de tvende gode Mænd over dette Legato

indrettede, skulle være af samme Kraft, som om den af bemelte afgangne Arnas Magnussen og Hustrue var underskrevet; Men som det, eftir begge Testatorum dødelig Afgang, var befundet, at den Matricul eller Jordebog, hvilken Vores Hr. Far Fader af Salig og Høilovlig Ihukommelse, allernaadigst hafde befalet bemelte Arnas Magnussen tilligemed afgangne Laugmand Poul Jonssen Widalin, over heele Iisland at forfatte, ikke endnu var bragt i den Stand, at den af Vores Rente Cammer kunde imodtages, og den behørige Afregning, i Henseende til de afgangne Arnas Magnussen under samme Forretning, allernaadigst bevilgede Diæt-Penge, tilliige bringes i Rigtighed. Saa skal dette fornemmelig have været Aarsag til, at forbemelte afgangne Etats-Raader Thomas Bartholin og Hans Gram, ikke i deres levende Live have kunnet bringe den dennem ved forberørte Testamente anfortroede Fundatzes Indrettelse til Fuldkommenhed; Men at de alleene, hver for sig, have efterladt et egenhændigt Udkast til samme, hvilke begge dog ey alleene i de fleeste og vigtigste Poster ere overeensstemmende, men endog tydeligen forklare, hvorleedes de, efter da værende Omstændigheder, have formeent, at der med dette Legato kunde forholdes, naar det først var afgiort, hvor stor Capital de dertil legerede Midler egentlig sig maatte beløbe. — Og som Vi da tilliige have ladet Os allerunderdanigst forestille, saavel at den, Jordebogen over Iisland, betreffende Post, er giennem Vores Rente Cammer aldeeles bragt i Rigtighed, saa at Vi ingen viidere Fordring desangaaende til afgangne Arnas Magnussens Sterfboe have, som og, at baade Midlerne ved Guds Forsyn, og de saavel forhen, som nu værende Curatorum troe og vindskibelige Huusholdning anseelig skal være formeerede, saavelsom ogsaa med det Arbeide, hvortil samme skal anvendes, tilliige være giort god Fremgang: Thi have Vi, til ydermeere at forfremme forbemelte Testatorum saa priiselige Øyemærke, af de tvende foranførte Udkaster ladet uddrage, og efter de nu værende Curatorum, Os Elskelige Johan Cristian Kall, Vores Justitzraad og Professor hebrææ lingvæ, og Bernhard Møllmann, Vores Justitz Raad og Professor antiquitatum patriæ ved forbemelte Vores Universitæt i Vores Kongelige Residentz Stad Kiøbenhaun, samt Vores Historiographus og Bibliothecarius, deres tilliige herover indhentede allerunderdanigste Betænkning, ladet forfatte en saadan Fundatz over meer omrørte afgangne Arnas Magnussens Legato, som ei alleene med de forommelte Udkaster i alle Ting er overeensstemmende, men endog med fleere Poster, i Henseende til Legati Tilvext, og Tiidernes Omstændigheder forøget, hvilken Vi hermed i alle sine Ord, Puncter og Clausuler allernaadigst ville have confirmeret og stadfæstet, saa og hermed confirmere og stadfæste, lydende Ord til andet, som følger:

1. Legatum beati Arnæ Magnæi, som bestaaer udi de af den salig Mand dertil skiænkede — 1: Reede Midler, hvilke for nærværende Tiid beløber sig til Capital Tretten Tusinde, Trei Hundrede, Halvtrediesinds Tyve og Sex Rixdaler, Een Mark, Sex Skilling: 2, Iislandske og andre haandskrevne, og, for den største Deel, utrykte Bøger, efter den derover for sig selv forfattede Catalogus, og 3: trykte Bøger, hvilke udi Catalogo over Universitætets Bibliotheque, hver paa sit behørige Sted ere anførte, skal til ævig Tiid være bestemmet og henlagt til at oplyse, forbedre og til Trykken at befordre lade alt, hvad der angaaer de nordiske, nemlig Danmarkes, Norges og underliggende Landes Historier, Sprog og Antiquitæter, hvorunder de ældre Tiider i Norden, deres Geographie, Love, Skikke og Sædvaner, Levemaade, Konster og Viidenskaber, Mynte-Væsen, Monumenter, og alt andet deslige skal forstaaes. Og skal derudi visse Stipendiarii og Haand-Skrivere, under Opsigt og Bestyrelse af 2de Ephoris, bestandig arbeide paa den Maade, som herefter nærmere foreskrives.

2. Legati Capital skal altid staae udsatt paa Rente iblant de andre Universitætets Midler, og med dens Forvaltning i saa Fald forholdes paa samme Maade, som med disses.

3. Til aarlig Belønning for Stipendiarii anvendes Renterne af den Summa

6000 Rixdr., saaledes at den ældste Stipendiarius Jon Olufssen nyder aarlig Renten af 3000 Rd., og de 2de andre, nemlig Eggert Olufssen, og Biarne Poulssen, hver Renten af 1500 rdlr., men naar nogen af nu værende Stipendiariis, enten ved Døden afgaaer, eller i andre Maader forfremmes, da fastsættes Stipendiariorum Tall derefter til 2de, hvoraf den ældste nyder aarlig Rente af 3600 Rdr. og den anden af 2400 Rdr.

4. Ved dette Legatum skal efterdags være et incrementum af 2000 rd., hvis Rente aarlig legges til Capital (ligesom med incrementis ved Walchendorfs og Borchens Collegier forholdes); og hvergang de ere opstegne til den Capital 1000 rd., da adskilles bemelte Capital fra incremento, for til sit visse Brug at anvendes. Renterne af det første Eet Tusinde Rixdaler anvendes til en Haand-Skrivers aarlige Belønning. De af det næste Tusinde Rixdaler, deeles aarlig imellem de tvende Stipendiarios, saa at den ældste faaer Trende Femte Parter, og den anden Tvende Femte Parter. De af det tredie Tusinde Rixdaler tillægges endnu en Haand-Skriver: De af det fierde og følgende Tusinde Rixdaler bruges igien til Stipendiariorum Løns Forbedring, indtil den ældste kand faae 300 rd:, og den anden 200 rd. aarlig, da det icke maae stiige høyere; ligesom og Haand-Skrivernes Tall ikke maae overgaae tvende, eller deres Løn 50 Rdr. for hver aarlig.

5. Af den øvrige Capitals 5356 Rdr. 1 Mk. 6 Sk., dens Renter, nyde de 2de Ephori hver aarlig 25 Rdr. Saa betales og til nu værende Famulo Bibliothecæ for hans Opsigt med Manuscripterne, hvert Nyeaar 40 rd:, og til hans Successor 20 rd. Alle de øvrige Renter af denne sidste Capital anvendes til Bøggernes Trykning, de dertil udfordrende Kaaber- eller Træe-Pladers Udstikning, og hvad andre Bekostninger til saadan Oplag kand udfordres. Til samme Brug skal og Renterne af de Capitaler anvendes, hvilke incrementum føder af sig, efter at Stipendiarii og Haand Skriverne, efter den foregaaende 4de Postes Tilhold, først ere forsynede.

6. Manuscripterne overleveres Famulo Bibliothecæ efter den derover forfattede Catalogus, samt hvad Pergaments og andre enkelte Breve og Documenter tilliige forefindes, efter en a parte Fortegnelse, og forvares begge Deele paa Universitætets Bibliotheque udi visse Skabe for sig selv, til hvilke Famulus Bibliothecæ alleene skal have Nøglen og ellers ingen anden.

7. Famulus Bibliothecæ skal have disse Manuscripta og Documenter under Opsigt og Ansvar, og ikke tilstæde Stipendiariis, mindre nogen Fremmed at udlaane eller tage hiem med sig noget original Skrift eller Document, med mindre een af Ephororum skriftlige Tilladelse ham derfor leveres, hvilken dog ei uden vigtige Aarsager, samt ald muelig tagen Sikkerhed, og ikkun til en vis bestemt Tiid, inden hvilken det udlaante ufeilbar skal tilbage leveres, maae udgives, og, saasnart den bestemte Tid er forløben, og det udlaante ei endnu leveret tilbage, da skal Famulus Bibliothecæ strax kræve det igien, og, i behøvende Fald, derudinden søge vedkommende Ephori Assistence, eller siden selv staae til Ansvar, for hvad som maatte blive borte.

8. Derimod bør Famulus, naar det af hannem forlanges, være tilstæde at aabne for Stipendiariis, endog paa de Tiider, naar Bibliothequet ellers pleyer at være tillukt, paa det at dennem ingen Hinder eller Ophold i deres Arbeide, formedelst hans Fraværelse, skal foraarsages, dog at sligt ikke paastaaes uden Nødvendighed, og paa alt for ubeleilige Tiider, men at den ene i saa Fald, saavidt mueligt, retter sig efter den andens Leilighed.

9. Stipendiarii skulle vælges af Ephoris, naar de ved foregaaende Tentamen dertil have befundet dennem dygtige, dog maae ingen andre dertil antages, end indfødte Iislandske Studiosi, og de iblant dennem have Fortrin dertil fremfor andre, som fra deres Ungdom af grundig have lagt sig efter deres Fæderne Lands Sprog, og nogenleedes ere bevandrede i dets Historie og Antiquitæter.

10. Deres Bestilling skal fornemmelig være nøje at conferere de gamle Codices med hverandre, paa det at den eene af den anden kand suppleres og rettes: At

forfærdige gode og rigtige Oversættelser af de utrykte Skrifter, saaledes at de, uden at blive mørke og uforstaaelige, nærme sig, saavidt mueligt, til Textens Ord og Meening, At udarbeyde tydelige Conspectus over Manuscripterne, af hvilke saavel deres Ælde og Troeværdighed kand erfares, som hvad Sammenhæng den deri afhandlede Materie, naar den er historisk, haver med den almindelige nordiske Historie, og dertil føye de chronologiske og genealogiske Tabeller, andre Anmærkninger og Glossarier over de ældste og sielden forekommende Ord, samt intet i nogen Maade at forbigaae, som ad illustrationem manuscriptorum Magnæ[an]orum promovendam maatte tienligt eragtes. Ikke mindre skulle de nøje efterforske, hvad der i Manuscripterne maatte findes at være taget eller oversatt af fremmede Scriptoribus coævis, for deraf at erfare, om, og hvorvidt disse kunde forbedres af hine. Ligeleedes bør de søge at samle, bringe i Orden og oplyse b: Arnæ Magnæi og andre lærde Mænds her og der adspredte Optegnelser og Anmærkninger, samt endelig ved Bøgernes Trykning have et vaaget Øye med Correcturen og i andre Maader, dog at alt dette skeer efter foregaaende enten Anviisning af Ephoris, eller Forespørgsel hos dennem og deres Raadførelse.

11. De maa aldeeles ikke paa egen Haand lade noget komme for Lyset udi disse Materier, men Alting skal først af Ephoris være eftirseete, censureret og approberet, førend det til Trykken maae befordres.

12. De beholde dette Stipendium saalænge de opføre sig upaaklagelig, og arbeide ved dette Verk, og maae ingen, som i sine unge og friske Dage haver paa lang Tiid viist særdeeles Flittighed, og giort betydelig Tieniste ved dette Arbeide, derfra paa sin Alderdom forskydes, saalænge han endnu vil, og kand giøre nogen Slags Hielp derved, skiønt den, formedelst Kræfternes Aftagelse, ei maatte befindes saa tilstrækkelig som tilforn.

13. Skulle de selv godvilligen forlange fra Stipendio at entleediges, eller og, imedens de oppebære samme, ved Døden afgaae, da udbetales 3de Maaneders Stipendium over Tiden til Reise Penge for dem, som tage Afskeed, og til de Afdødes Begravelse.

14. Alt hvad de for sig selv kunde have udarbeydet ved Hielp af Legati utrykte Sager, tilhører Legatum alleene, og bør af de Fratrædende afleveres til Ephoris, med mindre disse, imod deres Beviis, betroe dennem det, intil det er bragt i fuldkommen Stand; Men af de bortdødes Sterfboer skal saadant uden Vegring eller Vederlaug strax til Ephoris udleveres, enten Dødsfaldet er skeet, imedens de vare Stipendiarii, eller efter den Tid.

15. Skulle de befindes i kiendelig Eegensindighed og Ulydighed, eller med virkelig Utroeskab at omgaaes Legati Sager, saa at alt sligt befrygteligt maatte blive dets Øyemærke til Hinder og Skade; Eller og, saafremt de til nogen uordentlig og lastværdig Levemaade skulle henfalde, da, naar de ikke adlyde de Advarseler og Paamindelser, som Ephori dennem give, og derefter viise kiendelig Bedring, skal Consistorium Magt have, uden Lovmaal og Dom, efter Sagens og Forseelsens Beskaffenhed, enten paa kort eller lang Tiid at tage Stipendium fra dem, eller og dennem derfra aldeeles at udelukke.

16. Haand Skriverne, som ogsaa bør være Jislandske Studentere, skulle fornemmelig bruges til at afcopiere de originale Manuscripter, og derfore være vel øvede i at læse den gamle Skrift, og dens Ligaturer; De maae ikke skrive nogen Copie ud efter en anden Copie, med mindre denne er skrevet enten med b: Arnæ Magnæi egen, eller med en anden lærd og tilforladelig Mands Haand, eller og saa nøye confereret, at den, efter Ephororum Paateigning, kand ansees som en Original. Og skal der fornemmelig sees der hen, at der af hvert original Manuscript haves tvende tilforladelige Afskrifter, det eene som Stipendiarii undertiiden kand have hos sig til Brug, og det andet til at staae paa Bibliothequet hos Originalen, og at bruges i sin Tiid til at trykke efter.

Naar saadan Forraad af Copier er erhvervet, kunde de siden afskrive hvis

Manuscripter, Fædernelandets Historie og Antiquitæter angaaende, der enten med allernaadigst Bevilling af det Kongelige, eller med Consistorii Tilladelse af Universitætets, eller formedelst andres Velvillighed af Privates Bibliothequer kunde udsøges, hvilke Afskrifter altid iblant Manuscripta Magnæana hensættes. Endelig naar intet meere af det Slags Arbeide er forhaanden, kand de, efter Ephororum Anviisning, giøre nyttige Excerpta af Scriptoribus antiquis, medii ævi, et novis, som høre til den nordiske Historie og Antiquitæter, eller gode Anviisninger og indices over de fremmede Scribentere, i hvilke noget des angaaende forefindes.

17. Til den offentlige Bekiendtgiørelse ved Trykken udvælges først de troeværdigste, beste og nyttigste Skrifter, og dernæst de, som ere af ringere Værdie: men hvad som maatte befindes at være til største Deelen fabelagtig, efter mange gamle Scribenteres Maade, og saaleedes ei til synderlig Nytte, deraf alleene uddrages, hvis i Almindelighed kunde tiene til at oplyse de gamle Leges, Mores, Ritus et Consvetudines etc.: som da udi Anmærkninger til andre Skrifter kand anbringes.

18. Omendskiøndt Ephori ingenlunde ere forbundne til selv herudi at arbeide, saa dog, i Fald nogen af dem godvilligen paatager sig et eller andet af disse Skrifter at udgive, forstaaer det sig selv, at Sligt, hvorved Stiftelsen vinder saa meget større Anseelse, fremfor noget andet i Trykken bør udkomme.

19. Alt hvad, som udgives i Trykken af b: Arnæ Magnæi Skrifter, eller af hans efterladte Bibliotheque, maae stedse bære en Erindring af hans Navn, og saavel paa Titulen, som i Fortalen med Taknemmelighed ihukommes: Og maae det altid nøje iagttages, at der ved ethvert Skrifts Edition giøres tydelig Forskiæl imellem, hvad der er b: Magnæi eget, eller andre lærde Mænds, og hvad der er Stipendiariorum Arbeide.

20. Naar intet meere iblandt b: Arnæ Magnæi Samling findes, som er tienligt til at komme for Lyset, da udvælge Ephori i dets Sted andre gamle Manuscripta eller gode Skrifter, saafremt de ellers angaaer de nordiske Antiquitæter, Historie eller Sprog; i hvilket Fald der sættes paa Titulbladet: Editum sumptibus è Legato b: Arnæ Magnæi factis. Men ingen Skrifter udi andre Facultæter, eller om andre Materier, end forhen mældet er, maae af dette Legato til Trykken bekostes.

21. De Bøger, som saaleedes af Legato oplegges, skulle alle trykkes paa godt hvid Papir, samt med nye, reene og ziirlige Typis. Ethvert Exemplar maa hæftes førend det sælges, paa det at Publicum kand viide sig sikker for Defecter. Priisen ansættes saa taalelig, som skee kand, da det er nock, naar Legatum omtrent bliver skadesløs. Alt hvad der ellers paa saadanne Oplag vindes, det legges til den Capital, som til Omkostningerne paa Trykningen er bestemmet; Saasnart en Bog af Legati Oplag fra Trykken er bleven færdig, skal Ephori være bemyndigede og forpligtede, dog med Consistorii Samtykke, til at handle med visse Boghandlere, eller andre dertil beqvemme Persohner, til hvilke Ephori kunde aflevere Exemplarerne, for samme paa Legati Regning at udsælge, imod at nyde visse Procento i Provision af hvad de sælge, hvorover de hvert Quartal skulle indgive en Extract, og hver 11 Junii og 11 Decembris levere til Ephoros, hvad Penge de bortsolgte Exemplarer beløbe sig til, at samme da strax ved første Leilighed paa Rente kunde vorde udsatte. Saa skal der og stikkes en vis Vignette til de Bøgger, som fra Legato udkomme, hvilken skal trykkes paa den anden Siide af Titulbladet, og Ephororum egenhændige Navne der under tegnes, hvorfore og Titularket altid skal være Skriv Papiir.

22. Skulle det især i Begyndelsen holdes fornødent, noget Oplag enten per viam subscriptionis, eller ved Accord med en Boghandler at bestride, kand der, for saa vidt, ikke være noget derimod at erindre; Dog, hvad det sidste Tilfælde angaaer, da, som ingen Boghandler er at fortænke, at hand fornemmelig seer paa sin egen Fordeel, hvori hans Levebrød bestaaer, saa maae derimod intet sluttes derom med nogen, med mindre hand forpligter sig til at giøre Oplaget paa samme Maade, som om Stiftelsen det selv havde besørget, paa det at Stifteren ikke skal

berøves den udvortes Anseelse, hvilken saavel Legati Værdighed, som Materiernes Vigtighed med Rette udkræver. Fornemmelig maae intet trykkes uden Riget eller andensteds, end der, hvor Stipendiarii kunde være tilstæde, og selv besørge Correcturen.

23. Af alt hvad der oplegges, gives Stiftsbefalingsmanden, Amtmanden og begge Biskopperne over Jisland, samt de 2de Ephoris og Stipendiariis hver sit Exemplar for intet: Saa kand der og paa liige Maade propter affinitatem sendes Exemplarer til visse Universitæter og lærde Corpora i Sverrig, Tydskland og Engelland, naar de findes disponerede til at giøre Giengield i liige Tilfælde, saavidt deres Historier og Antiquitæter angaaer, paa det at et saadant Commercium kan tiene til saa megen meere Oplysning paa alle Siider.

24. De nu værende Ephoris bliver det forbeholden at nævne og beskikke dem, som de ville have til Successores i deres Sted efter deres Afgang, og dette deres Valg skriftlig at efterlade under deres Haand udi en forseiglet Couvert, som indlegges i Rectoris Kiiste i Consistorio, og ikke maae aabnes uden af dem selv, saalænge de forblive in Ephoria; Siden, naar een er afgangen, aabnes Seddelen, og da sees, hvem den Afgaaende haver nævnt til ham at succedere; Det samme overlades til enhver efterkommende Ephoro at giøre, hvis de skulle finde det behageligt og tienligt.

25. Ephori skulle annamme, og igien udtælle de aarlige Renter, og i Almindelighed forestaae Legati gandske Administration, for hvilket de aflegge vedbørlig Regnskab til Consistorium hvert Aar, paa den første Consistorii Dag efter Michelsdag.

26. Ved samme Tiider skulle de eftersee Legati Manuscripter, Breve og Documenter (men de trykte Bøger ikkun hvert tredie Aar, og, naar det da falder beleiligst) samt tilliige imellem sig selv og med Consistorio overlegge, hvad der først kand befordres til Trykken, samt paa hvad Maade sligt best kan skee. Og maae derved endelig paasees, at der, om ikke hvert, saa dog i det mindste hver andet Aar, noget kommer fra Pressen, da enten store Verker i visse Tomer kunde afdeeles, og Aar efter andet udkomme, eller og, imedens disse ere i Arbeide, mindre Skrifter paa nogle Ark, som mand lettest kunde komme afsted med, udgives. Hvad i saa Fald bliver besluttet at skal publiceres, og naar det kand ventes, giøres offentlig bekiendt inden Aarets Udgang.

27. I øvrigt har Ephori at bruge og udviise saadan Troeskab, Omhyggelighed og Forsorg, at denne Fundation i alle sine Articler og Puncter nøje og flitteligen bliver efterlevet, og intet enten af Capitalerne eller Bøgernes, især de skrevnes, Collection, ved deres Skyld og Forseelse, forkommer eller formindskes, men alting til den destinerede Brug anvendes, som de for Gud, Os, Fædernelandet, og det Kongelige Universitæts Patroner og Forsvar, ville være ansvarlige. Skulle imod Forhaabning anderleedes af Ephoris paa deres egen Haand, og ved deres egen Skyld blive handlet, da staaer det ei alleene Enhver, som kand giøre det beviisligt, frit for, derover at klage, og Forseelsen paa behørige Steder at angive og bekiendtgiøre, men endogsaa især den verslige og geistlige Øvrighed i Iisland, deres Besværinger og desideria at anmælde til Universitætet, som derpaa haver at raade Boed og ved alle Middel at tilholde Ephoros Fundationen upaaklageligen at efterleve, og Skaden, om nogen maatte befindes, ved deres Skyld at være skeet, ex proprio at restituere: — Hvorefter alle og enhver Vedkommende sig allerunderdanigst have at rette, og stedse derhen see, at denne Fundation udi alle sine Poster og Puncter saaleedes som foreskrevet er, nøye vorder iagttaget og efterlevet. Givet paa Vort Slot Christiansborg udi Vores Kongelig Residentz Stad Kiøbenhaun den 18de Januarii Anno 1760.

Under Vor Kongelig Haand og Signet.

Friderich R.

(L. S.)

J. L. Holstein.

Ed. 577. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til laga um stofnun og slit hjúskapar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og rætt. Umsagnir hafa borizt frá þessum aðilum: Dómarafélagi Íslands, biskupi Íslands, Lögfræðingafélagi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands. Allar þessar umsagnir hafa að geyma ýmsar ábendingar, en umsagnaraðilar um meginefni samþykkir framgangi frv. Á fund nefndarinnar kom Baldur Möller ráðuneytisstjóri. Skýrði hann ýmis nýmæli frv. og svaraði fyrirspurnum nefndarmanna.

Íslenzk hjúskaparlöggjöf á, svo sem kunnugt er, rót sína að rekja til norrænnar lagasamvinnu, þ. á m. lög um stofnun og slit hjúskapar frá 1921, sem nú gilda að mestu óbreytt. Um langa hríð hefur náin samvinna verið af okkar hálfu við aðrar Norðurlandaþjóðir um þessi mál og meginmark verið að færa eldri löggjöf til samræmis við breytta þjóðfélagshætti og nútímahugsunarhátt.

Eins og háttar má segja, að hjúskaparlöggjöfin sé svipuð hvarvetna á Norðurlöndum. Er það að sjálfsögðu hagkvæmt vegna mikilla samskipta með þessum þjóðum. Þeirri stefnu ber að halda af okkar hálfu. Fyrir röskum áratug var íslenzk sifjalaganefnd skipuð, og hefur hún haft það hlutverk á hendi að starfa með öðrum slíkum Norðurlandanefndum. Frá þessari nefnd er þetta frv. komið ásamt tilheyrandi greinargerð. Er reynt að aðlaga þessa 50 ára gömlu löggjöf okkar annarri norrænni löggjöf um ýmis atriði. Má segja, að ráðgerðar breytingar séu svipaðar dönsku lögunum og gangi sízt skemmra þeim norsku. En mál þessi eru enn öll á umræðu- og mótunarstigi og ýmissa breytinga annarra von, þegar fram líða stundir. Vissulega hlýtur löggjöf sem þessi eigi sízt að taka í tímans rás eðlilegum breytingum. Þetta löggjafarefni stendur ekki á stöðugu í framtíðinni fremur en annað, og er svo um flest mannanna verk.

Þykir því ekki neins að bíða um vissar breytingar og í líka átt, sem í frv. er að stefnt, og skal getið nokkurra:

1. Ákvæði laga um festar eru niður felld.
2. Hjónavígsluskilyrði eru mjög rýmkuð. Má nefna t. d., að hjónavígslualdur karla er færður niður í 18 ár og fortakslaust bann við hjónavígslu vegna vissra sjúkdóma afnumið.
3. Lýsing með hjónaefnum felld úr lögum.
4. Þjóðkirkjuprestum, sem látið hafa af embætti, óheimilt að framkvæma hjónavígslu.
5. Skilyrði til hjónaskilnaðar rýmkuð og færð til samræmis við fengna reynslu af meðferð slíkra mála. Þá er gert ráð fyrir, að settar verði reglur um umgengnisrétt þess foreldris, sem ekki fær við skilnað forræði barns. Enn fremur rýmri kostur að úrskurða maka framfærslueyri eftir lögskilnað. Einnig að skilnaðarsök geti eigi ráðið neinu um forræði barns.

Ýmis önnur ákvæði frv. horfa til nýmæla, þó að eigi sé þeirra getið hér.

Allsherjarnefnd hefur þótt rétt að mæla með samþykkt frv., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 16. apríl 1972.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm. Halldór Kristjánsson, fundaskr. Ásgeir Bjarnason.

Geir Gunnarsson. Bragi Sigurjónsson. Þorv. Garðar Kristjánsson.

Magnús Jónsson.

Ed. 578. Breytingartillaga [39. mál]

við frv. til laga um stofnun og slit hjúskapar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 16. gr. Í stað „1. janúar 1972“ í síðari málsgr. komi: 1. janúar 1973.

Nd. 579. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til laga um Jafnlaunadóm.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fékk frumvarp þetta til athugunar og leitaði umsagnar allmargra aðila, m. a. Dómarafélags Íslands, og hefur nefndin orðið sammála um að gera nokkrar breytingar á frumvarpinu, einkum með hliðsjón af umsögn þess. Eru brtt. birtar á sérstöku þingskjali.

Er nefndin sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum, en einn nefndarmanna, Gísli Guðmundsson, áskilur sér rétt til að flytja brtt. við frv. við 3. umr.

Alþingi, 17. apríl 1972.

Svava Jakobsdóttir, form., frsm.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Stefán Valgeirsson.
Gísli Guðmundsson.	Ellert B. Schram.	Ólafur G. Einarsson.
	Stefán Gunnlaugsson.	

Nd. 580. Breytingartillaga [162. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skal sjávarútvegsráðherra heimilt að ráðstafa útflutningsgjaldi af saltaðri síld og flökum úr saltaðri síld, sem flutt er út á árinu 1972, til síldarútvegsnefndar, m. a. vegna kostnaðar við öflun markaða fyrir saltaða síld af fjarlægum miðum.

Nd. 581. Frumvarp til laga [261. mál]

um veðtryggingu iðnrekstrarlána.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Iðnfyrirtækjum er heimilt að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði hráefni, vörur í vinnslu og fullunnar, sem veðsali á eða eignast kann á tilteknu tímabili, allt að einu ári í senn.

2. gr.

Veðréttur samkvæmt 1. gr. fellur niður í hinum veðsettu vörum, þegar veðsali selur þær eða afhendir grandlausum viðsemjanda til eignar. Sé viðsemjandi ekki grandlaus, ber hann ábyrgð á kröfu veðhafa, hafi viðsemjandinn greitt veðsala andvirði vörunnar, áður en veðrétturinn var niður fallinn.

Ákvæði þetta gildir ekki, þegar veðsali selur iðnfyrirtæki sitt ásamt hinum veðsettu vörum.

3. gr.

Ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 18/1887, 1. gr. laga nr. 65/1957 og 2. gr. laga nr. 87/1960 skulu gilda um veðrétt þennan, eftir því sem við á.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar- og stimpilgjöld af veðbréfum fyrir lánum þeim, sem um ræðir í 1. gr.

Við endursölu skulu skuldaskjöl, sem tryggð eru með veði samkvæmt 1. gr., undanþegin stimpilgjaldi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 17. marz 1972 skipaði iðnaðarráðherra þá Benedikt Sigurjónsson, hæstaréttardómara, Björn Tryggvason, aðstoðarbankastjóra, Stefán Pétursson, hæstaréttarlögmann, og Þröst Ólafsson, hagfræðing, í nefnd til að semja frumvarp að lögum um „lausafjárveðrétt iðnfyrirtækja". Hefur nefndin orðið sammála um meðfylgjandi frumvarp ásamt greinargerð.

Almenn greinargerð með frumvarpinu.

Iðnaður og iðja hafa löngum verið lítilsmegandi á Íslandi, þegar frá er skilin vinnsla landbúnaðar- og sjávarafurða. Á síðustu áratugum hefur þó risið hér upp verulegur iðnaður, bæði til framleiðslu neyzluvara innanlands og til framleiðslu vara til útflutnings. Mun það sammæli flestra, að óhjákvæmilegt sé að efla mjög alla iðju og iðnað til að tryggja næga atvinnu landsmanna og auka útflutningsverzlun.

Iðnfyrirtæki hafa kvartað mjög um rekstrarfjárskort og talið, að þau ættu mun þrengri aðgang að rekstrarlánum hjá bönkum heldur en aðrar meginatvinnugreinar landsins. Í álitsgerð frá Seðlabanka Íslands, dags. 13. marz 1972, segir m. a. svo um þetta efni:

„Vegna þeirrar miklu fjölbreytni, sem er í iðnaðarframleiðslunni og þeirrar sérstöðu, sem þessi framleiðsla hefur af þeim ástæðum og ýmsum öðrum, svo sem í söluumferð, bæði innanlands og utan, hefur ekki verið framkvæmanlegt að láta gilda sömu reglur um lán út á iðnaðarvörur og í gildi hafa verið um tiltölulega einhæfar vörur í framleiðslu sjávarútvegs og landbúnaðar, en lánveitingar út á afurðir þessara atvinnuvega eru framkvæmdar á grundvelli þeirrar breytingar á veðlögum, sem gerð var 1960. Vandamálið, sem um er að ræða í sambandi við iðnaðarvörulán er fyrst og fremst varðandi veðhæfi varanna."

Gildandi lög um samningsveð eru lög nr. 18 4. nóvember 1887 ásamt síðari breytingum. Í lögum þessum er sem meginreglu gert ráð fyrir tveimur flokkum veðandlaga, fasteignum og lausafé í vörzlum veðhafa eða sérstaks vörzlumanns (handveð). Sjálfsvörzluveð í lausafé er eigi bannað, en hinir veðsettu munir skulu sérgreindir. Beint er manni bannað að veðsetja allt sem hann á eða eignast. Þá er bannað að setja að sjálfsvörzluveði safn hluta, sem eru samkynja eða ætlaðir eru til samkynja nota og einkenndir með almennu nafni. Frá þessu voru þó gerðar þær undantekningar, að leiguliða var heimilt að setja landsdrottni sínum að sjálfs-

vörzluveði jarðræktaráhöld sín og búsafurðir til tryggingar skuldum, er af ábúðinni leiddi. Þá var heimilt, er jörð var veðsett, að veðsetja með jörðinni kúgildi, jarðarhús, áhöld, búsgögn og þann heyforða, sem á henni var hverju sinni. Þá var þeim, er veðsetur verksmiðju og önnur iðnaðarhýsi, heimilt að semja svo um, að vélar eða önnur iðnaðaráhöld og verkefni fylgi fasteigninni. Samkvæmt þessu er ljóst, að veðsetning safns muna var aðeins heimil í sambandi við fasteignaveð eða þannig, að lausaféð væri nátengt fasteigninni. Rétt er að benda á, að sjávarútvegur var í reynd útilokaður frá þessari tegund veðsetninga. Mun nokkru síðar hafa hafizt ásókn þeirra um að fá hliðstæðan rétt. Með lögum nr. 34 31. maí 1927 var útgerðarmanni heimilað að veðsetja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði afla af skipi sínu á einu útgerðartímabili í senn til tryggingar útgerðarlánum. Með lögum nr. 46 19. júní 1933 var þeim, er veðsetur skip, heimilað að veðsetja með skipi lausafjármuni, sem ætlaðir eru til notkunar skipsins, svo sem kola- og olíubirgðir þær, sem eru í skipinu hverju sinni, veiðarfæri, skipsbúnað og önnur áhöld. Næst sótti landbúnaðurinn á. Með lögum nr. 28 16. febrúar 1953 var bændum heimilað að veðsetja bönkum og sparisjóðum að sjálfsvörzluveði einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, til tryggingar rekstrarlánum, sem voru ekki veitt til lengri tíma en eins árs í senn.

Lög nr. 34/1927 og lög nr. 46/1933 voru felld úr gildi með lögum nr. 87 28. desember 1960, sem enn eru í gildi. Samkvæmt þessum lögum er útgerðarmanni, framleiðanda sjávar- og landbúnaðarafurða, svo og öðrum þeim, sem hafa þessar vörur til sölumeðferðar, heimilað að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði afla og tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar, sem veðsali á eða eignast á tilteknu tímabili, allt að einu ári í senn. Þá nær veðrétturinn til verðbóta og gjaldeyrisfríðinda á afla og afurðir. Þá eru í lögum þessum ákvæði um sérstakan rétt veðhafa „til að tryggja rétt lánsstofnana gagnvart þriðja manni, sem kynni að hafa tekið við veðsettum afla eða afurðum, með því móti að veðsetning félli niður“ eins og segir í athugasemdum við frumvarp að lögum þessum.

Á síðustu áratugum hafa hvorki viðskiptabankarnir né Seðlabankinn veitt, það sem kalla mætti almenn lán til rekstrar iðnfyrirtækja vegna framleiðslunnar, gagnstætt því sem er og hefur verið um sjávarútveg og landbúnað. Er aðalástæða þessa sú, að löggjöfin hefur ekki veitt heimildir til þess að veðsetja með sjálfsvörzluveði vörur iðnaðarins, hvort sem um er að ræða hráefni, hálfunnar eða fullunnar vörur. Lánastofnanir hafa þó veitt allvíðtæk lán til fyrirtækja, sem unnið hafa úr afurðum landbúnaðar og sjávarútvegs. Hafa regluleg lán nú undanfarin ár verið veitt úr viðskiptabönkum með endurkaupum í Seðlabankanum til eftirtalinna greina: Til ullarverksmiðja við framleiðslu á lopa, til útflutnings á fullunnum vörum, þegar um mikið magn er að ræða, til framleiðslu veiðarfæra, einkum Hampiðjunnar, til verksmiðja, sem súta gærur, og til framleiðslu kísilgúrs. Hefur sá hluti þessara lána, sem endurkeyptur hefur verið af Seðlabanka, verið að meðaltali með 8—9% ársvöxtum.

Samkvæmt yfirliti viðskiptabankanna námu lán þeirra til iðnaðar 2190 millj kr. í árslok 1970 og 2299 millj. kr. í árslok 1971. Þar af námu endurkaup úr Seðlabankanum 140 millj. kr. í árslok 1970 og 167 millj. kr. í árslok 1971.

Ljóst er, að nauðsynlegt er að gera heildarendurskoðun á lögum um samningsveð, en það er mikið verk og margslungið. Var því horfið að því ráði að semja sérstakt frumvarp um veðtryggingu iðnaðarlána. Við gerð þess var höfð hliðsjón af reglum þeim, sem gilda um sjálfsvörzluveð í landbúnaðar- og sjávarafurðum. Þá var litið til norskra laga um „forlagspant“ nr. 1 8. marz 1946.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til, að iðnfyrirtækjum verði veitt hliðstæð heimild og framleiðendur landbúnaðar- og sjávarafurða hafa nú, til að setja bönkum og sparisjóðum að sjálfs-

vörzluveði ótiltekið safn hráefna og vara í vinnslu og fullunnar. Með iðnfyrirtækjum er átt við iðju- og iðnaðarfyrirtæki einstaklinga eða félaga, án tillits til rekstrarforma.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að veðrétti þessum og framhaldandi vernd hans í viðskiptum verði á nokkurn annan hátt fyrir komið en í lögum nr. 87/1960. Hin almenna regla veðréttarins er sú, að veðréttur haldist, þótt hið veðsetta skipti um eigendur. Hér er lagt til, að veðrétturinn falli niður, ef kaupandinn er grandlaus um veðsetninguna. Hins vegar skal hann halda, ef kaupandinn vissi eða mátti vita um veðsetninguna. Veðrétturinn skal þó ætíð haldast, ef selt er iðnfyrirtæki ásamt veðsettum vörum.

Um 3. gr.

Lagt er til, að ákvæði 1. mgr. 7. gr. veðlaga nr. 18/1887, um að veðskuldabréf skuli undirrituð af tveimur vitundarvottum, gildi um veðbréf lána þessara, svo og ákvæði 1. gr. laga nr. 65/1957, um þinglestur. Þá er lagt til, að ákvæði 2. gr. laga nr. 87/1960, um forgangsrétt launa- og skattkrafna, gildi um veðskuldbindingar þessar og verði að því leyti jafnsettar hliðsettum veðsetningum landbúnaðar- og sjávarafurða. Það athugist, að ekki þótti fært að breyta eða fella úr gildi ákvæði 6. gr. laga nr. 87/1887, um að verkefni megi veðsetja með iðnaðarfasteign. Það ákvæði á fullan rétt á sér, þótt sú tegund veðsetninga muni lítið hafa verið notuð. Þetta hefur hins vegar það í för með sér, að bæði veðsalar og bankar og sparisjóðir verða að gæta þess, að eigi verði veðfox.

Um 4. gr.

Samsvarar ákvæðum 3. og 4. mgr. 1. gr. laga nr. 87/1960.

Sþ. 582. Nefndarálit [31. mál]

um till. til þál. um fálkaorðuna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur haft til meðferðar tvær tillögur á þskj. 26 og 31, er báðar varða hina íslenzku fálkaorðu, afnám hennar eða breytingar á fyrirkomulagi orðuveitingar.

Nefndin hefur fengið umsögn orðunefndar um tillögurnar og formaður hennar setið fund allsherjarnefndar. Hann hefur veitt ýmsar upplýsingar, m. a. um breytingar á orðuveitingum, sem eru á döfinni í Svíþjóð og víðar og ganga mjög í sömu átt og tillögurnar, sem fyrir liggja.

Það hefur orðið að samkomulagi hjá meiri hl. allsherjarnefndar að afgreiða tillögurnar á þann hátt að mæla með því, að samþykkt verði tillagan á þskj. 31 um fálkaorðuna, en nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt. Minni hl. nefndarinnar mun skila séráliti um málið.

Alþingi, 14. apríl 1972.

Gísli Guðmundsson, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr., frsm.	Bragi Sigurjónsson.
	Jónas Árnason.	

Sþ. 583. Nefndarálit [163. mál]

um till. til þál. um námsbækur framhaldsskólanemenda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft þessa tillögu til athugunar og leitað umsagnar ýmissa aðila, sem hér eiga hlut að máli. Mælir nefndin með, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 18. apríl 1972.

Gísli Guðmundsson, form. | Bjarni Guðnason, fundaskr. | Stefán Gunnlaugsson, frsm.
Björn Fr. Björnsson. | Ingólfur Jónsson. | Lárus Jónsson.
Jónas Árnason.

Nd. 584. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til laga um fiskeldi í sjó.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum, og mæla undirritaðir nefndarmenn með samþykkt þess, en áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum. Björn Pálsson sat hjá. Pétur Sigurðsson var fjarstaddur.

Alþingi, 18. apríl 1972.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. | Jón Skaftason, fundaskr. | Karvel Pálmason.
Stefán Gunnlaugsson. | Guðl. Gíslason.

Nd. 585. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Efnismálsgr. 1. gr. orðist svo:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af afsalsbréfum fyrir löndum og lóðum, er sveitarfélög kaupa, þótt þau njóti ekki aðstoðar ríkissjóðs skv. lögum þessum. Sama gildir um öll lánsskjöl, sem út eru gefin vegna slíkra landa- og lóðakaupa.

Alþingi, 18. apríl 1972.

Jónas Árnason, form. | Bjarni Guðnason, fundaskr., með fyrirvara. | Jón Skaftason, frsm.
Stefán Valgeirsson. | Ólafur G. Einarsson. | Ragnhildur Helgadóttir.
Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 586. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu og um hækkun á aflahlut og breytt fiskverð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. — Pétur Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 1972.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Jón Skaftason, fundaskr. Karvel Pálmason.
Stefán Gunnlaugsson. Björn Pálsson.

Ed. 587. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til laga um Stofnlánadeild samvinnufélaga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 14. apríl 1972.

Ragnar Arnalds, form. Halldór Kristjánsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson, frsm.
Benóný Arnórsson. Geir Hallgrímsson. Jón Árm. Héðinsson.
Magnús Jónsson.

Nd. 588. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess.
Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 12. apríl 1972.

Stefán Valgeirsson, form. Sigurður Magnússon, fundaskr. Ágúst Þorvaldsson, frsm.
Vilhjálmur Hjálmarsson. Benedikt Gröndal.

Sþ. 589. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um samgöngumál Vestmanneyinga.

(Afgreidd frá Sþ. 18. apríl.)

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa 5 manna nefnd, er gera skal tillögu um það, með hverjum hætti samgöngur við Vestmannaeyjar verði bezt tryggðar. Skulu tveir nefndarmenn tilnefndir af bæjarstjórn Vestmannaeyja, einn af Skipaútgerð ríkisins, einn af flugmálastjórn og einn af samgönguráðuneytinu, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 590. Tillaga til þingsályktunar [262. mál]

um raforkumál.

(Lögð fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

Alþingi ályktar eftirfarandi:

1. Stefnt skal að því, að öll meginraforkuvinnsla og raforkuflutningur í landinu verði í höndum eins aðila, að því að raforkukerfi einstakra landshluta verði tengd saman og að því að verð á raforku verði sem næst því að vera hið sama um land allt. Að þessum markmiðum skal unnið í áföngum sem hér segir:
   a) Unnið skal að því, að raforkuvinnslufyrirtæki í hverjum landshluta sameinist og stofnuð verði þar fyrirtæki, er hafi með höndum raforkuvinnslu, flutning rafmagns milli héraða og heildsölu til dreifiveitna. Fyrirtæki þessi verði sameign ríkissjóðs og þeirra sýslu- og sveitarfélaga á svæðinu, sem þess óska og verðmæti leggja fram. Eignarhluti ríkissjóðs má aldrei verða minni en 50% í hverju þessara fyrirtækja.
   b) Ríkisstjórnin skal þegar taka upp samninga um, að Laxárvirkjun, Skeiðsfossvirkjun og raforkuver á Norðurlandi í eigu Rafmagnsveitna ríkisins sameinist og myndi landshlutafyrirtæki skv. tl. 1 a með þátttöku þeirra sýslu- og sveitarfélaga á þessu svæði, er þess óska og verðmæti leggja fram. Ríkisstjórninni sé þá heimilt, ef með þarf, að leggja fram fé til fyrirtækis þessa, þannig að eignarhluti ríkissjóðs verði minnst 50%.

      Ríkisstjórnin skal taka upp samninga við eigendur raforkuvera í öðrum landshlutum um sameiningu þessara fyrirtækja við önnur raforkuver og myndun landshlutafyrirtækja með þátttöku þeirra sýslu- og sveitarfélaga á þessum svæðum, er þess óska og verðmæti leggja fram. Ríkisstjórninni sé þá heimilt, ef með þarf, að leggja fram fé til slíkra landshlutafyrirtækja, þannig að eignarhluti ríkissjóðs verði minnst 50% í hverju fyrirtæki.
   c) Landshlutafyrirtæki þau, er um ræðir í a-lið, myndi ásamt ríkissjóði sameiginlegt fyrirtæki, er hafi ákvörðunarvald um byggingu og staðsetningu nýrra orkuvera og flutningalína, gerð orkusölusamninga og heildsöluverð raforku. Fyrirtæki þetta getur sjálft reist raforkuver og flutningalínur, átt mannvirki þessi og rekið þau. Sama gildir um raforkuver og flutningalínur, er það kann að eignast á annan hátt með kaupum eða samruna landshlutafyrirtækja við hið sameiginlega fyrirtæki. Eignarhluti ríkissjóðs í fyrirtæki þessu verði eigi minni en 50%. Fyrirtæki þetta má stofna, þótt eigi sé lokið stofnun landshlutafyrirtækjanna í öllum landshlutum.
2. Stefnt skal að því, að dreifing raforku og sala til almennrar neyzlu verði í stærri rekstrareiningum en þorri dreifiveitna er nú. Skal að þessu markmiði unnið í áföngum sem hér segir:

a) Rafmagnsveitum ríkisins verði skipt í landshlutaveitur með landfræðilegum mörkum, er hafi stjórn í héraði og séu sjálfstæðar rekstrareiningar, en með sameiginlega heildarstjórn í Reykjavík.
b) Heildarstjórn Rafmagnsveitna ríkisins hafi á hendi yfirstjórn landshlutaveitna, t. d. geri fyrir þær samninga um kaup á raforku, annist fjármögnun til nýrra framkvæmda, veiti tækniþjónustu og hafi ákvörðunarvald um meiri háttar framkvæmdir. Þar til landshlutafyrirtæki til raforkuvinnslu hafa verið stofnuð, sbr. tl. 1 a, skulu Rafmagnsveitur ríkisins hafa á hendi rekstur þeirra orkuvera og flutningslína, sem þær nú eiga.
c) Gefa skal sýslu- og sveitarfélögum á hverju landshlutaveitusvæði, sem þess óska og verðmæti leggja fram, kost á að gerast meðeigendur að landshlutaveitu með þeim skilyrðum, sem sett kunna að verða. Eignarhluti ríkissjóðs skal þó aldrei vera minni en 50%.
d) Rafmagnsveitur ríkisins skulu taka upp samninga við rafveitur í eigu sveitarfélaga um sameiningu þeirra við landshlutaveitur. Eignarhluti ríkissjóðs skal þó eigi vera minni en 50%. Heimilt er þó, að eignarhluti ríkissjóðs sé minni, ef um er að ræða sameiningu við stórar sveitarfélagarafveitur á svæðum, sem hafa yfir 10 000 íbúa. Þær sveitarfélagarafveitur, sem ekki óska slíkrar sameiningar, skulu hafa rétt til að starfa áfram með óbreyttu skipulagi eða sameinast öðrum sveitarfélagarafveitum, þar sem henta þykir og svo um semst.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 18. nóvember s. l. skipaði iðnaðarráðherra Magnús Kjartansson nefnd sér til ráðuneytis um endurskoðun á skipulagsmálum raforkuöflunar og raforkudreifingar hérlendis.

Í nefndinni áttu sæti:
Jakob Gíslason, orkumálastjóri, formaður,
dr. Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri,
Árni Snævarr, ráðuneytisstjóri,
Benedikt Sigurjónsson, hæstaréttardómari,
Sigurður Thoroddsen, verkfræðingur,
Jakob Björnsson, deildarverkfræðingur,
Guðjón Guðmundsson, skrifstofustjóri.

Á athugunum þessarar nefndar er eftirfarandi greinargerð byggð:

I. ALMENNUR INNGANGUR

Það hlýtur að vera meginstefna stjórnvalda á hverjum tíma, að nýta sem bezt náttúruauðlindir landsins, þannig að þær verði til sem mestra hagsbóta fyrir landsmenn. Ein af aðalauðlegðum Íslands er náttúruorka landsins, fallafl vatns og jarðvarmi.

Fyrsta aldatug Íslandsbyggðar notuðu Íslendingar næstum eingöngu dýrafl, það er sitt eigið vinnuafl og afl húsdýra sinna. Vindafl var lítið eitt notað til að knýja skip.

Nú er þetta breytt. Íslendingar, sem aðrir, hafa lært að beizla náttúruorku lands síns og notfæra sér hana.

Raforka er það form orku, sem mest er nú notað. Til framleiðslu raforku þarf aflgjafa. Þessa aflgjafa höfum við í formi vatnsafls og jarðvarma. Virkjun þessara aflgjafa er tiltölulega auðveld og hefur þá miklu kosti fram yfir vinnslu raforku úr eldsneyti að mengunarhætta er óveruleg og umhverfisspilling lítil.

Áætlað hefur verið að hagnýtt virkjanlegt vatnsafl á Íslandi sé um 28 000 GWh/ári, þar af sé nú þegar virkjað um 2300 GWh/ári, eða 8.2%.

Áætlað er, að hagnýttur virkjanlegur jarðvarmi sé af svipaðri stærð og vatnsaflið, og er nýtingu hans álíka á veg komið og vatnsaflsins.

Heildarraforkuvinnslan á Íslandi árið 1971 var 1592 GWh eða 7780 kWh/íbúa. Hliðstæðar tölur fyrir árið 1969 (nýrri tölur eru ekki tiltækar) fyrir nokkur lönd eru:

Noregur	14 620	kWh/íbúa
Kanada	9 150	—
Svíþjóð	7 740	—
Bandaríkin	7 620	—
Luxemburg	7 120	—
Sviss	4 240	—
Finnland	4 120	—
Bretland	4 040	—
V.-Þýzkaland	3 570	—
Danmörk	2 700	—
Frakkland	2 600	—

Vegna stærðar landsins, landslags og strjálbýlis er vinnsla og dreifing raforku af ýmsum ástæðum erfið. Er í þessu sambandi rétt að minnast þess, að íbúafjöldi á Íslandi er um 2 á ferkm. Þessi byggð er þó mjög misskipt. Á svæðinu frá Hvalfjarðarbotni að Fúlalæk (þ. e. í Sunnlendingafjórðungi) búa 67.4% þjóðarinnar.

Til samanburðar má benda á að íbúafjöldi á ferkm er 8 í Noregi (1970) og 19 í Svíþjóð (1970).

Svo sem nánar verður vikið að síðar er öll raforkuvinnsla á Íslandi, sem máli skiptir í höndum opinberra aðilja og samtaka þeirra.

II. YFIRLIT YFIR ÞRÓUN ÍSLENZKRAR LÖGGJAFAR UM RAFORKUMÁL

Á síðustu áratugum nítjándu aldar varð mönnum ljóst, að hagkvæmt var að framleiða rafmagn með vatnsafli. Hófst þá brátt kapphlaup innlendra og erlendra aðilja um að ná réttindum yfir íslenzkum fallvötnum. Opinberir aðiljar virðast þó í upphafi hafa látið sig þessi mál litlu skipta. Fyrsta raforkuverið knúið vatnsafli tók þó til starfa árið 1904 í Hafnarfirði og var þá lögð rafveita til 16 húsa þar.

Fyrsta löggjöfin, sem hér skiptir máli er lög nr. 55 22. nóvember 1905, um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o. fl. Með lögum þessum var bannað, að aðrir en menn heimilisfastir á Íslandi og íslenzk félög eignuðust fossa á Íslandi nema til kæmi sérstakt leyfi konungs. Leyfi til að eignast fossa og nota þá skyldi aldrei veitt til lengri tíma en 100 ára og að þeim tíma liðnum skyldi foss og aflstöð verða eign landssjóðs án endurgjalds. Þegar 50 ár væru liðin af leyfistímanum skyldi landssjóður hafa rétt til að kaupa foss og aflstöð með sérstökum kjörum. Þá skyldi leyfishafi vera skyldur til, að kröfu landsstjórnar, að láta af hendi allt að 10% af starfsaflinu, 5% til landsins og 5% til sveitar fyrir gjald, sem væri miðað við framleiðslukostnað að viðbættum 10% ágóða.

Vatnsaflknúið raforkuver og rafveita var byggð á Eskifirði 1911, á Siglufirði 1912, á Seyðisfirði 1913 og sama ár að Vík í Mýrdal.

Með lögum nr. 28 20. október 1913 um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum, voru fyrst sett ákvæði um almenningsrafveitur í þéttbýli. Með lögum þessum var sveitarstjórnum í kaupstöðum og kauptúnum veitt heimild til að dreifa raforku um sveit sína og selja þar rafmagn. Þá var ráð fyrir því gert, að sveitarstjórnir gætu áskilið sér einkarétt til að selja rafmagnslampa og önnur rafmagnstæki í sveit sinni.

Þótt lög nr. 28/1913 væru um margt merkileg virðast menn þegar í upphafi hafa verið óánægðir með þau og giltu þau aðeins skamma hríð. Voru þau felld úr gildi með lögum nr. 51 3. nóvember 1915 um rafmagnsveitur. Samkvæmt þessum lögum skyldi einkaréttur sveitarstjórna til rafvæðingar ná til allra sveita, en sveit er í lögunum skilgreind sem kaupstaður, kauptún eða hreppur, „þar á meðal Vestmanna-

eyjar". Einstaklingum og fámennum hópum var þó heimilað að leggja rafveitur til eigin þarfa. Sveitarstjórnum var leyft með samþykki stjórnarráðsins, að framselja þennan einkarétt sinn til einstaklinga eða félaga, þó eigi í lengri tíma en 20 ár.

Rétt er að geta hér laga nr. 73 27. júní 1921, þar sem ríkisstjórninni var heimilað að láta á kostnað ríkissjóðs framkvæma rannsóknir og áætlanagjörð að virkjun Sogsfossanna til orkunýtingar, veitu orkunnar til notenda, þar á meðal gerð orkuveitna til almenningsþarfa.

Með vatnalögunum nr. 15 20. júní 1921 náðist merkur áfangi í orkumálum Íslendinga og reyndar fleiri málum. Með þessum lögum var meginhluti laga nr. 55/1907 felldur úr gildi svo og lög nr. 51/1915. Í vatnalögunum er ákveðið, að enginn megi virkja fallvatn, sem hafi meira en 500 eðlishestöfl nema að fengnu leyfi ráðherra. Í lögunum er gert ráð fyrir að sveitarfélög eða sérstök félög byggi orkuver og orkuveitur og reki þau. Frumvarpi að vatnalögunum fylgdu frumvarp að vatnsorkusérleyfislögum, en eigi voru þau samþykkt þá.

Lög um vatnsorkusérleyfi eru nr. 46 27. júní 1925. Í lögum þessum er gert ráð fyrir, að innlendir aðiljar geti fengið sérleyfi til að virkja vatnsafl til orkuframleiðslu að fullnægðum ýmsum skilyrðum. Sérleyfið skyldi eigi gilda til lengri tíma en 50 ára. Með þessum lögum voru þau ákvæði l. nr. 55/1905, sem enn voru í gildi, felld úr gildi.

Með lögum nr. 7 15. júní 1926 var öllum sveitarstjórnum veittur einkaréttur til að stofnsetja raforkuver til almenningsþarfa, önnur en vatnsorkuver og starfrækja þau innan sveitar, en til starfrækslu utansveitar skyldi fá til leyfi ráðherra.

Þess er rétt að geta hér, að með lögum nr. 48 15. júní 1926 var ráðherra heimilað að veita tveimur dönskum félögum sérleyfi til að virkja ár í Arnarfirði og hefja þar iðnrekstur. Ekkert varð úr framkvæmdum þessum. Löngu síðar keypti ríkissjóður vatnsréttindi þau, er félög þessi höfðu aflað sér á svæði þessu.

Þá var með lögum nr. 26 31. maí 1927 ráðherra heimilað að veita félaginu Titan leyfi til að virkja Urriðafoss í Þjórsá. Ekkert varð af framkvæmdum, en Titan lét gera þar miklar rannsóknir og áætlanir, sem síðar komu Íslendingum til góða, en ríkissjóður keypti löngu síðar öll réttindi Titans við Þjórsá. Segja má, að þar með sé lokið þeim þætti raforkuvinnslu á Íslandi, að erlendum aðiljum væri veitt sérleyfi til virkjana.

Á Alþingi 1928 var samþykkt þingsályktun um að skora á ríkisstjórnina að undirbúa rafveitu til almenningsnota með vatnsafli úr Árbæjarfossi eða Tungufossi í Rangám.

Með lögum nr. 28 23. júní 1932 um undirbúning á rafveitum til almenningsþarfa, var vegamálastjóra falið að gera heildarrannsókn og tillögur um raforkuveitur til almenningsþarfa og gera sér grein fyrir hvaða fallvötn væru hentugust til virkjana í hverjum landshluta.

Á sama ári var gerð nokkur breyting á lögum nr. 7/1926 um raforkuvirki og lögin síðan endurútgefin, sem lög nr. 83/1932.

Með lögum nr. 82 19. júní 1933 var Reykjavíkurbæ heimilað að reisa raforkuver við Sogsfossa. Var gert ráð fyrir, að Sogsvirkjun seldi raforku til Rafmagnsveitu Reykjavíkur og almenningsnota í nærliggjandi sveitum fyrir kostnaðarverð að viðbættum 10%. Þá var gert ráð fyrir því, að þegar vatnsaflið hefði verið virkjað að meiru en hálfu leyti skyldi ríkissjóður gerast eignaraðili.

Bæjarstjórn Siglufjarðar var með lögum nr. 98 3. maí 1935 veitt leyfi til að virkja og reisa raforkuver við Fljótaá. Gert var ráð fyrir, að tveir hreppar í nánd við virkjunarstað tækju þátt í virkjuninni. Virðist miðað við, að hreppar þessir gætu fengið rafmagn á kostnaðarverði að viðbættum 6%.

Með lögum nr. 42 13. júní 1937 var Akureyrarkaupstað veitt leyfi til að virkja Laxá í S.-Þingeyjarsýslu. Raforku skyldi selja til Akureyrar, en umframorku skyldi mega selja nærliggjandi héruðum á kostnaðarverði að viðbættum 10%, þó aldrei fyrir hærra verð en greitt væri fyrir raforku á Akureyri miðað við sama afhendingarstað.

Á árinu 1940 voru sett almenn lög um eignar- og notkunarrétt jarðhita nr. 98

14. maí 1940. Var ríkinu þar veittur réttur til að rannsaka hveraorku hvar sem væri á landinu. Þá var þar boðið, að um rafmagnsveitur og rafstöðvar, sem notuðu jarðhita, skyldi fara eftir reglum vatnalaganna og laga um raforkuvirki.

Með lögum nr. 16 15. maí 1942 voru stofnaðar rafveitur ríkisins, sem skyldu hafa það hlutverk að afla almenningi raforku, bæði með því að vinna hana sjálfar og kaupa af öðrum orkuveitum. Þá var með lögum nr. 45 30. júní 1942 ríkisstjórninni heimilað að veita félagi sérleyfi til að veita raforku frá Soginu að Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri.

Enn voru á árinu 1942 sett lög nr. 91 25. september um raforkusjóð, sem skyldi hafa það hlutverk að stuðla að rafvæðingu landsins.

Með lögum nr. 114 30. desember 1943 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Var þar m. a. ákveðið, að kostnaður við jarðboranir vegna sveitarfélaga skyldi greiðast að hálfu úr ríkissjóði.

Með lögum nr. 52 3. marz 1945 var ríkisstjórninni heimilað að koma upp aðalorkuveitu frá Hafnarfirði um Reykjanesskaga, frá Sogsvirkjun til Selfoss, Hveragerðis, Eyrarbakka, og Stokkseyrar svo og til Þykkvabæjar. Enn fremur frá Akureyri til Dalvíkur og Hríseyjar og frá Laxárvirkjun til Húsavíkur og Reykjahverfis. Rekstur raforkuveitna þessara mátti ríkisstjórnin fela opinberum aðiljum þar á meðal sveitarstjórnum.

Með raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946 var gerð heildarskipan þessara mála. Er þar fram tekið, að ríkið hafi eitt heimild til að reisa og reka orkuver stærri en 100 hestöfl. Þó sé ráðherra heimilt að leyfa sveitarfélagi eða öðrum að reisa og reka raforkuver, allt að 2000 hestöfl að stærð, ef aðrar rafveitur óski ekki eða geti ekki selt nægilega raforku. Þá voru með lögum þessum stofnaðar Rafmagnsveitur ríkisins, sem hafa skyldu það verkefni að afla almenningi og atvinnuvegunum nægrar raforku og á sem hagfelldastan hátt. Þá var Rafmagnsveitum ríkisins veittur einkaréttur til að selja raforku í heildsölu. Þá var Reykjavík, Akureyri og Ísafirði svo og Andakílsárvirkjun heimilað að selja héraðsrafmagnsveitum sínum svo og Rafmagnsveitum ríkisins raforku í heildsölu.

Í lögunum er gert ráð fyrir því sem aðalreglu, að héraðsrafmagnsveitur annist dreifingu raforku og sölu til neytenda. Bæði sveitarfélög, einstaklingar og félög geti fengið einkarétt til orkudreifingar. Þar sem slíkur einkaréttur ekki hafi verið veittur, hafi héraðsrafmagnsveitur ríkisins þennan rétt. Það fyrirtæki var hugsað sem undirfyrirtæki Rafmagnsveitna ríkisins. Með raforkulögunum voru felld úr gildi lög nr. 46/1925 um vatnsorkusérleyfi, lög nr. 28/1932, lög nr. 83/1932, lög nr. 16/1942.

Með lögum nr. 28/1946 um virkjun Sogsins voru eldri ákvæði felld niður. Var nú ákveðið að ríkissjóður gæti gerzt eignaraðili að þeim virkjunum ef hann óskaði.

Sett voru ný lög um Laxárvirkjun nr. 54 25. maí 1949. Í hinum nýju lögum var gert ráð fyrir að ríkissjóður gerist eigandi að hálfu að orkuveri þessu.

Með lögum nr. 53 21. apríl 1954 um viðauka við raforkulög nr. 12/1946 var ákveðið, að ríkisstjórnin legði fram á næstu 10 árum 250 milljón krónur, að minnsta kosti, til þess m. a. að koma upp raforkuverum utan orkuveitusvæða Sogs- og Laxárvirkjana, gera aðalorkuveitur og dreifiveitur og vinna að virkjunarrannsóknum.

Með lögum nr. 55 29. marz 1961 var stofnaður jarðhitasjóður til að bera kostnað af jarðhitarannsóknum.

Með lögum nr. 59 20. maí 1965 var stofnað fyrirtækið Landsvirkjun, sem er helmingafélag ríkissjóðs og borgarsjóðs Reykjavíkur. Tilgangur fyrirtækis þessa er að selja raforku í heildsölu til rafveitna og iðjufyrirtækja. Landsvirkjun tók við orkuverum Reykjavíkurborgar og orkuverum í sameign ríkissjóðs og borgarsjóðs. Það skyldi reisa orkuver við Búrfell og víðar við Þjórsá. Orkuveitusvæði þess nær frá austurmörkum Víkur í Mýrdal og vestur og norður að norðurmörkum Mýrasýslu (Reglug. 115/1966 4. gr.). Í lögum þessum er gert ráð fyrir, að Laxárvirkjun geti sameinazt Landsvirkjun, ef eigendur Laxárvirkjunar ákveða svo.

Þá voru á árinu 1965 sett ný lög um Laxárvirkjun nr. 60 20. maí 1965. Laxárvirkjun skyldi vera sameignarfélag ríkissjóðs og Akureyrarkaupstaðar, þar sem ríkis-

sjóður ætti 35% en Akureyrarkaupstaður 65%. Gert var þó ráð fyrir að ríkissjóður gæti aukið eignarhluta sinn í helming.

Með lögum nr. 58 29. apríl 1967 voru öll eldri lög um raforkulög felld úr gildi. Í lögum þessum er boðið, að til þess að reisa og reka raforkuver stærri en 2000 kW þurfi leyfi Alþingis. Til að reisa og reka raforkuver 200—2000 kW þurfi leyfi ráðherra. Þó megi reisa og reka varastöð allt að 1000 kW án sérstaks leyfis. Í lögum þessum er gert ráð fyrir, að héraðsrafmagnsveitur geti fengið einkarétt til raforkudreifingar um tiltekin svæði. Sveitarstjórnir hafi forgangsrétt til að reka slíkar rafveitur, en veita megi einstaklingum og félögum slíkan einkarétt. Rafmagnsveitur ríkisins hafi einkarétt til að reka rafveitur ef aðrir hafi eigi fengið slíkan einkarétt. Rafmagnsveitum ríkisins er almennt falið það hlutverk að framleiða, dreifa og selja raforku hvort heldur er í heildsölu eða smásölu.

Á fylgiskjali 2 er sýnt línurit (3. mynd) yfir afl og orkuvinnslu almenningsrafstöðva á Íslandi 1920—1970. Á fylgiskjali 4 er gerð nánari grein fyrir þróun Rafmagnsveitna ríkisins.

III. YFIRLIT YFIR STÖÐU ÍSLENZKRA RAFORKUMÁLA NÚ.

Í fylgiskjali 1—3 er að finna ýmsar tölulegar upplýsingar; myndir og yfirlit er sýna stöðu raforkumála á Íslandi nú. Hér verða rakin meginatriði þess sem þar er að finna.

1. Orkulindir og nýting þeirra.

Ísland ræður yfir miklum orkulindum í formi vatnsorku og jarðvarma. Talið er, að tæknilega nýtanleg vatnsorka á Íslandi sé 35 000 GWh/ári (gígawattstundir á ári = milljónir kílowattstunda á ári). Af því er sem stendur talið líklegt að muni borga sig að virkja um 28 000 GWh/ári. Þessi síðarnefnda tala er þó býsna óviss og á vafalaust eftir að breytast eftir því sem rannsóknum miðar áfram, auk þess sem það getur verið háð margvíslegum ytri aðstæðum hvað borgar sig að nýta af vatnsorku.

Orkuvinnslan árið 1971 nam alls 1592 GWh eða 5.7% af þessum 28 000 GWh. Þegar lokið er þeim framkvæmdum í virkjunarmálum, sem nú standa yfir við Búrfell, Þórisvatn, Laxá og Lagarfoss verður vinnslugeta vatnsaflsstöðva á Íslandi komin í um 2300 GWh/ári eða 8.2% þeirrar vatnsorku, sem talið er borga sig að virkja. Með Sigölduvirkjun munu þessar tölur hækka í 3200 GWh/ári og 11.4%. Vinnslan 1971 er minni en samsvarar vinnslugetu núverandi vatnsaflsstöðva, enda skammt síðan lokið var við fyrri áfanga Búrfells.

Álitið er, að sem efnahagsleg orkulind sé jarðhitinn af svipaðri stærðargráðu og vatnsorkan. Nýting hans er álíka á veg komin hlutfallslega og vatnsorkunnar.

Það er ljóst af þessu að geysimikil verkefni eru framundan í nýtingu orkulinda landsins til efnahagslegs ábata fyrir þjóðina.

Eins og yfirlitskortin á fylgiskjali 1 sýna eru orkulindirnar dreifðar um landið. Aðstaða til hagkvæmrar nýtingar þeirra er mismunandi eftir staðháttum og aðstæðum, en einnig og ekki síst eftir stærð orkumarkaðarins. Í því efni er aðstaðan langbezt á Suðvesturlandi. Öflugt flutningskerfi fyrir raforku milli landshluta myndi í rauninni skapa sameiginlegan orkumarkað á öllu því svæði sem það nær til og þar með gera auðveldari virkjanir utan Suðvesturlands, sem á annað borð eru hagkvæmar.

2. Raforkuvinnslan nú.

Sem fyrr segir nam raforkuvinnslan 1592 GWh árið 1971. Hefur hún aukizt mjög ört undanfarið, einkum vegna tilkomu álversins í Straumsvík. (Sjá línurit á 3. mynd á fylgiskjali 2 er sýnir þróunina undanfarna áratugi).

Af þessu magni fóru 899 GWh til svonefndrar „stórnotkunar“, fyrst og fremst álvinnslunnar, en 693 GWh til almennra nota. Vinnslan fyrir almenn not hefur vaxið um 5.8% á ári til jafnaðar 1958—1970. Þegar hefur verið samið um hátt í 200 GWh/ári (talið í orkuveri, þ. e. flutningstöp meðtalin) viðbótarorku til ÍSAL, vegna stækkunar verksmiðjunnar í Straumsvík.

Raforkuvinnslan árið 1971 skiptist þannig eftir landssvæðum:

Landsvirkjunarsvæðið	1372	GWh	86.2%
Laxárvirkjunarsvæðið	120	—	7.5%
Grímsárvirkjunarsvæðið	25	—	1.6%
Vestfirðir	22	—	1.4%
Norðurland vestra	18	—	1.1%
Aðrir hlutar landsins	35	—	2.2%

Öll raforkuvinnslufyrirtæki á Íslandi eru í opinberri eigu. Er eignarformið þrennskonar, (1) ríkiseign; (2) eign sveitarfélaga; (3) sameign ríkis og sveitarfélaga. Árið 1971 skiptist orkuvinnslan þannig eftir eignarformi:

Orkuver í ríkiseign unnu	5.3%
Orkuver í eigu sveitarfélaga unnu	3.0%
Orkuver í sameign unnu	91.7%

Samtengingar orkuvera og samrekstur orkuvera eru skemmra á veg komin á Íslandi en í öðrum þróuðum löndum, líklega mest sökum strjálbýlis og ójafnrar byggðadreifingar í landinu. Samtengd kerfi til raforkuvinnslu ná þó yfir einstaka landshluta (sjá nánar fylgiskjal 2).

3. Raforkudreifingin nú.

Vinnsla og dreifing raforku er tvennskonar starfsemi og um margt ólík hvor annarri, einkum þar sem vinnslan fer fram í stórum samtengdum vinnslukerfum með mörgum orkuverum er sjá mörgum dreifiveitum fyrir orku. Þróunin hefur því allsstaðar orðið sú að skilja þetta tvennt að skipulagslega, þannig að vinnslufyrirtækin annast ekki dreifinguna og gagnkvæmt. Hér á landi er þessi þróun langt komin á aðalbéttbýlissvæðunum.

Öll raforkudreifing til almenningsþarfa á Íslandi er í höndum opinberra fyrirtækja. Gagnstætt því sem er um vinnsluna eru engin sameignarfyrirtæki ríkis og sveitarfélaga starfandi á dreifingarsviðinu. Eitt fyrirtæki, Rafmagnsveitur ríkisins, er í ríkiseign; allar aðrar rafveitur eru í eign sveitarfélaga.

Fjöldi rafveitna (dreifiveitna) er samtals 23 ef frá er talin ein sveitarafveita er starfar við mjög sérstæðar aðstæður. Þær eru mjög misstórar og má eftir stærð greina þær í 5 flokka (sjá nánar yfirlit á fylgiskjali 3):

1.	flokkur	1	rafveita	með	98 396	íbúa	að	meðaltali
2.	—	1	—	—	43 213	—	—	—
3.	—	2	—	—	10 656	—	—	—
4.	—	3	—	—	5 034	—	—	—
5.	—	16	—	—	1 271	—	—	—

Eins og sjá má eru langflestar rafveiturnar mjög litlar, jafnvel á íslenzkan mælikvarða. Þetta er ekki ósvipuð hlutfallsleg stærðardreifing og ríkti til skamms tíma í nágrannalöndunm, m. a. á öðrum Norðurlöndum. Hlutfallslegan mælikvarða er hér rétt að viðhafa sökum þess að vegna fámennis verða allar íslenzkar rafveitur litlar borið saman við það sem gerist hjá fjölmennari þjóðum. Í þessum löndum hefur þróunin um nokkurt árabil stefnt að fækkun rafveitna, venjulega með frjálsum samningum þeirra í milli, með eða án atbeina ríkisvaldsins. Varla fer á milli mála að samskonar þróun er óhjákvæileg hér í framtíðinni, og það því fremur sem flestar rafveitur hér verða ávallt „litlar“ á mælikvarða annarra þjóða, en á hinn bóginn gerðar til þeirra svipaðar kröfur og erlendis, þar á meðal um hagkvæmni í raforkudreifingu.

IV. NÁNARI GREINARGERÐ MEÐ EINSTÖKUM LIÐUM ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGUNNAR

Þingsályktunartillaga sú, sem hér liggur frammi, er til þess að Alþingi ákveði stefnu þessara mála í framtíðinni og að veita þeim, sem með þessi mál fara, kost á að kynna sér hugmyndir þær, sem þar eru framsettar, auka við og bæta, eftir því sem ástæða telst til.

1. Raforkuvinnsla og flutningur.

Markmið það, sem stefnt er að varðandi vinnslu og meginflutning raforku er það, að um þá starfsemi verði í framtíðinni samstarf milli allra hluta landsins, þannig að framkvæmd hennar verði í höndum eins sameiginlegs aðila. Eins og alkunna er, þá er vatnsafli og jarðhita dreift um allt landið (sbr. yfirlitskortin í fylgiskjali 1). Þegar lokið er framkvæmdum við stækkun Búrfells og Laxár, við Lagarfossvirkjun og Þórisvatnsmiðlun, lætur nærri að virkjuð séu 8.2% þeirrar vatnsorku sem nú er álitið að hagkvæmt muni verða að nýta (28 000 GWh). Að auki mun sennilega reynast hagkvæmt að nýta jarðhita til raforkuvinnslu í vissum mæli. Nýting orkulinda landsins til raforkuvinnslu er því stórt verkefni, svo stórt miðað við hérlendar aðstæður, að brýna nauðsyn ber til að sameina kraftana ef hagkvæm nýting þessara auðlinda á að vera möguleg. Þess er að vænta, að hagkvæmast muni reynast að virkja í stórum einingum, enda þótt minni virkjanir geti einnig átt rétt á sér þar sem sérstakar aðstæður mæla með þeim. Virkjanir er hagkvæmast að reka samtengdar, þannig að orkumarkaðurinn sé sem stærstur. Með því móti næst bezt nýting þeirra og þær geta aðstoðað hver aðra, t. d. í vatnsþurrðar- eða bilanatilvikum. Sökum þess hve vatnsvirkjanir eru fjármagnsfrekar framkvæmdir ber ríka nauðsyn til að framkvæmdir á einum stað, í einum landshluta, séu samræmdar samskonar framkvæmdum á öðrum stað, í öðrum landshluta, þannig að ein taki við af annarri fremur en að unnið sé að mörgum samtímis. Með slíkri samræmingu er fjármagnsþörfinni haldið í lágmarki; stuðlað að sem jöfnustum verkefnum fyrir verktaka á þessu sviði o. s. frv. Allt ber þetta að þeim brunni, að nauðsynlegt sé að til sé í landinu einn aðili er hafi heildaryfirsýn yfir nýtingu orkulindanna og öflun raforku, annist skipulagningu þessarar starfsemi og taki allar meiriháttar ákvarðanir.

Enda þótt kostir þess að fela virkjunarmálin einum aðila séu þannig þungir á metunum, þá geta þó fylgt vissir ókostir ef ekki eru gerðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir þá. Er sá veigamestur, að sterk miðstjórn getur átt á hættu að missa eðlilegt og nauðsynlegt samband við þá sem hún á að þjóna, í þessu tilviki notendur raforkunnar víðs vegar um land. Í veg fyrir slíka ókosti má þó koma með því að byggja miðstjórnarkerfið upp „neðan frá“, þ. e. frá notendunum. Því er í tillögunni lagt til að því markmiði samstjórnar á raforkuvinnslunni sem að framan er lýst verði náð í nokkrum áföngum, og að samstjórnin verði smátt og smátt byggð upp frá notendum raforkunnar um land allt.

Lagt er til, að byrjað verði á því að stofna sérstök raforkuvinnslufyrirtæki í hverjum landshluta, með sameiningu slíkra fyrirtækja sem nú eru starfandi í hverjum landshluta fyrir sig. Ekki er hér ákveðið um landfræðileg mörk slíkra fyrirtækja. Hlýtur slíkt að ráðast nokkuð af því hvernig gengur um samninga til sameiningar og af ýmsum staðháttum. Má í því sambandi benda á, að nú er Andakílsárvirkjun innan orkuveitusvæðis Landsvirkjunar. Ekki er vitað hvort sameining Landsvirkjunar og Andakílsárvirkjunar er hugsanleg, eða hvort heppilegra er að skerða nokkuð orkuveitusvæði Landsvirkjunar og stofna sérstakt fyrirtæki á Vesturlandi.

Gert er ráð fyrir, að þau sýslu- og sveitarfélög á hverju svæði, sem þess óska og verðmæti leggja fram, geti gerzt eignaraðilar að landshlutafyrirtækjum þessum. Verðmætaframlag gæti bæði verið í formi virkjana og flutningslína, sem þessir aðilar eiga, og reiðufé. Þeir, er verðmæti leggja fram munu eiga kost á aðild að stjórnun fyrirtækjanna. Að öðru leyti þykir ekki tímabært að gera tillögur að reglum um slíka

stjórnarþátttöku. Gert er ráð fyrir að eignarhluti ríkissjóðs verði ekki minni en helmingur.

Lagt er til, að byrjað verði á því að vinna að myndun slíks landshlutafyrirtækis á Norðurlandi, en síðan (eða samtímis) í öðrum landshlutum. Þar hagar svo til, að þar eru allmörg raforkuver, sum eign Rafmagnsveitna ríkisins, þ. e. eign ríkissjóðs; önnur eign sameignarfélags sveitarfélags og ríkissjóðs og hin þriðju eign sveitarfélags. Sameining og samræming er þar sérstaklega nauðsynleg, og verði af henni er þess að vænta að mörg vandamál leysist.

Hlutverk landshlutafyrirtækjanna í raforkuvinnslunni á að vera það, fyrst og fremst, að vaka yfir því að jafnan sé tiltæk nægileg raforka handa notendum í viðkomandi landshluta á sem hagstæðustu verði. Fyrirtækið fylgist með þróun notkunarinnar á sínu svæði, og gerir orkuspár fram í tímann. Það leggur, ásamt tilsvarandi fyrirtækjum í öðrum landshlutum, niðurstöður slíkra athugana á væntanlegri raforkuþörf fyrir stjórn hins sameiginlega landsfyrirtækis, sem það á aðild að. Á grundvelli þessara niðurstaðna úr öllum landshlutum er síðan tekin sameiginleg ákvörðun í stjórn landsfyrirtækisins um næstu aðgerðir í virkjunarmálum, og þær síðan sendar Alþingi sem beiðni um nauðsynlegar heimildir.

Með landshlutafyrirtækjunum á þannig að vera komið í veg fyrir að hagur raforkunotenda í einstökum hlutum landsins sé vanræktur af „fjarlægu“ miðstjórnarvaldi. Með þeim og beinni aðild þeirra að hinu sameiginlega landsfyrirtæki eiga eðlileg áhrif einstakra landshluta á raforkuvinnsluna í landinu að vera tryggð. Sérstaklega á þessi skipan að koma í veg fyrir að þarfir einstakra byggða séu ranglega metnar eða vanmetnar sakir ókunnugleika manna er illa þekkja til, en slíkt er væntanlega stærsti ókostur of sterkrar miðstjórnar. Jafnframt á þessi skipan að efla eðlilegan áhuga einstakra landshluta og ábyrgðartilfinningu fyrir öflun raforku sjálfum þeim til handa.

Þegar lokið er stofnun a. m. k. tveggja landshlutafyrirtækja er lagt til að þau stofni, ásamt ríkissjóði, sérstakt fyrirtæki er spanni yfir allt landið. Er ætlazt til þess, að eignarhluti ríkissjóðs í landsfyrirtækinu sé ekki minni en 50%, eins og í landshlutafyrirtækjunum. Verkefnum þessa landsfyrirtækis hefur þegar verið lýst í megindráttum. Veigamesta hlutverk þess er að vera vettvangur landshlutafyrirtækjanna til sameiginlegs átaks við nýtingu á orkulindum landsins. Það ákveði um byggingu og staðsetningu nýrra orkuvera og flutningslína. Það ákveði gerð allra orkusölusamninga landshlutafyrirtækjanna til tryggingar heildarsamræmi, og ákveði heildsöluverð raforku. Með því móti getur það ráðið stefnunni í orkusölumálum; samræmt verð með það markmið fyrir augum, að heildsöluverð á raforku verði eins á öllu landinu.

Þrátt fyrir þessar víðtæku heimildir landsfyrirtækisins heldur Alþingi vitanlega óskertum löggjafarheimildum sínum og valdi til endanlegra ákvarðana.

Þá er gert ráð fyrir að landsfyrirtækið geti sjálft reist og rekið orkuver og flutningslínur, og einnig að það geti keypt slík mannvirki. Að hve miklu leyti um það verður að ræða að fyrirtækið reisi eigin orkuver fer væntanlega mest eftir stærð verkefna hverju sinni; hvort þau eru einstökum landshlutafyrirtækjum ofviða, þannig að sameiginlegt átak allra þeirra þurfi til. Einnig getur þetta verið háð staðsetningu væntanlegra mannvirkja. Um þetta verður tæplega annað sagt á þessu stigi málsins en það, að líklega verður þróunin sú, að hin minni verkefni og staðbundnari, sem einstök landshlutafyrirtæki ráða auðveldlega við, verði í höndum þeirra, að sjálfsögðu háð heildarsamræmingu landsfyrirtækisins, en að hin stærri verkefni, sem varða tvö eða fleiri landshlutafyrirtæki sameiginlega, verði leyst í sameiningu á vegum landsfyrirtækisins. Þar eð verkefni í virkjunarmálum munu væntanlega fara sístækkandi er þess að vænta að orkuver í eigu landsfyrirtækisins verði fá í fyrstu, en þeim fari fjölgandi er tímar líða.

Loks er gert ráð fyrir því, að einstök landshlutafyrirtæki geti sameinazt landsfyrirtækinu ef þau kjósa það sjálf.

Um skipan stjórnar landsfyrirtækisins er ekki fjallað í þingsályktunartillögunni, heldur gert ráð fyrir að það mál verði tekið fyrir á síðara stigi málsmeðferðar.

2. Raforkudreifing.

Eins og rakið hefur verið hér að framan, er dreifing raforkunnar í höndum 24 aðilja. Að undanskildum Rafmagnsveitum ríkisins eru allar dreifiveitur eign sveitarfélaga. Svo sem rakið er í kafla III hér að framan eru þessar dreifiveitur mjög mismunandi að stærð, en langflestar þeirra þó mjög litlar.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa á hendi, auk mikillar raforkuframleiðslu og flutninga, dreifingu á næstum allri raforku um strjálbýli og nokkuð í þéttbýli. Alls munu búa á orkuveitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins um 43 213 íbúar.

Ljóst er, að fjölmargar sveitarfélagarafveiturnar eru alltof litlar sem venjulegar rekstrareiningar. Margskonar hagræðing í rekstri og tækniþjónustu er lítt framkvæmanleg þar sem rekstrareiningarnar eru svo litlar.

Af þessum sökum er lagt til, að gerð verði tilraun til að breyta um og vinna að því, að rekstrareiningar verði stærri en verið hefur.

Gert er ráð fyrir, að að þessu verði unnið í áföngum.

Fyrst og fremst er lagt til, að Rafmagnsveitum ríkisins verði skipt í nokkuð sjálfstæðar landshlutaveitur með landfræðilegum mörkum með sameiginlegri yfirstjórn í Reykjavík. Mörkin eru ekki ákveðin, en hafa má til hliðsjónar kjördæmaskiptinguna og núverandi svæðaskiptingu Rafmagnsveitna ríkisins sbr. fylgiskjal 4. Hver landshlutaveita hafi sína stjórn í héraði, en ekki þykir tímabært í þessari tillögu að taka til hvernig stjórnir skuli skipaðar. Hlutverk landshlutaveitna er að hafa á hendi rekstur sinnar veitu, gera orkuspár fyrir orkuveitusvæðið, fjárhagsáætlanir og tillögur um nýbyggingar og endurbyggingar. Yfirstjórn hafi hins vegar heildarstjórn á hendi og samræmingu. Hún myndi semja gjaldskrár, annast samning um kaup á raforku af raforkuvinnslufyrirtækjum, útvega fjármagn til nýbygginga, hafa ákvörðunarvald um meiri háttar framkvæmdir og veita ýmiskonar tækniþjónustu, sem landshlutaveitur væru eigi megnugar að veita.

Með þessari skipan er stjórn á raforkudreifingunni á orkuveitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins í verulegum mæli flutt heim í hérað. Er þess að vænta að sú skipan auðveldi sameiningu rafveitna sveitarfélaga við nágrannaveitur Rafmagnsveitna ríkisins, þannig að stærri og lífvænlegri rekstrareiningar fáist fram.

Þar til stofnuð hafa verið landshlutafyrirtæki til orkuvinnslu og orkuflutnings, sem ráð er fyrir gert í tillögunum, myndu Rafmagnsveitur ríkisins vitanlega hafa á hendi rekstur þeirra orkuvera og flutningslína, sem þær nú eiga, en gert er ráð fyrir að smátt og smátt hætti þær alveg slíkri starfsemi, og vinni einungis að raforkudreifingu.

Jafnframt þessari skiptingu verði sýslu- og sveitarfélögum á hverju orkuveitusvæði gefinn kostur á að gerast þátttakandi í landshlutaveitunni, enda leggi þau fram verðmæti. Ríkissjóður eigi þó aldrei minna en helming í hverju fyrirtæki. Verðmætaframlag gæti bæði verið þannig, að rafveita í eigu sveitarfélags sameinaðist landshlutaveitunni eða að sveitarfélagið legði fram reiðufé. Um slík efni yrði að sjálfsögðu að semja hverju sinni.

Þar sem mál þetta hefur ekki verið kannað og afstaða sveitar- og sýslufélaga í þessum efnum er ekki ljós, eru hér ekki gerðar tillögur um hvernig stjórnir landshlutaveitna skuli skipaðar.

Þótt í tillögunum sé yfirleitt við það miðað, að eignarhluti ríkissjóðs sé eigi minni en helmingur í hverju fyrirtæki, þá er það ekki undantekningalaus regla. Þegar um sameiningu er að ræða við sveitarfélagarafveitur á svæðum, sem hafa yfir 10 000 íbúa er gert ráð fyrir að svo megi um semja, að eignarhluti ríkissjóðs verði minni. Um fyrirkomulag allt yrði þá að fara eftir samningum hverju sinni.

Ekki er ætlunin að þvinga hin sjálfstæðu fyrirtæki til sameiningar. Er því gert ráð fyrir, að þær rafveitur, sem þess óska geti starfað áfram alveg sjálfstætt með

óbreyttu skipulagi eða sameinazt öðrum sveitarfélagarafveitum. Ríkisvaldið verður hins vegar að vinna að því í sumum tilvikum að slík sameining eigi sér stað, til þess að rekstrareiningar verði af hagkvæmri og heppilegri stærð.

Eins og ljóst er af því, sem að framan er rakið, þá er með tillögum þessum stefnt að því annars vegar, að rafveiturnar verði af hagkvæmri stærð og hins vegar að hinn almenni neytandi fá meiri og betri aðstöðu til að hafa áhrif á rekstur þeirra og jafnframt nokkra ábyrgð á hagkvæmni rekstursins.

Fylgiskjal 1.

STUTT YFIRLIT YFIR ORKULINDIR LANDSINS

Talið er að vatnsorka sú sem tæknilega er gerlegt að nýta á Íslandi nemi um 35 000 GWh/ári (gígawattstundum á ári), þ. e. 35 milljörðum klíowattstunda á ári. Vitað er að ekki mun svara kostnaði að nýta alla þessa orku. Eftir því sem bezt er vitað á þessu stigi virkjunarrannsókna má ætla, að sá hluti þessa orkumagns, sem er efnahagslega nýtanlegur, nemi um 28 000 GWh/ári. Vert er að vekja athygli á því, að þessi tala er óviss, enda efnahagslega nýtanleg orka ekki mjög vel skilgreint hugtak.

Álitið er, að jarðvarmi sá, sem tæknilega er vinnanlegur á Íslandi, nemi um 80 000 GWh/ári þar af um 90% á svonefndum háhitasvæðum. Er þá miðað við brúttóorkuinnihald gufu og vatns við borholur eða uppsrettur, og er talan 80 000 því ekki sambærileg við töluna 35 000, sem vísar til þeirrar raforku, sem vinnanleg er úr vatninu. Hve mikla nýtanlega orku unnt er að fá úr jarðvarmanum fer fyrst og fremst eftir því, hvernig hann er nýttur. Væri allur jarðvarminn nýttur til hitunar húsa næmi tæknilega nýtanlegur jarðvarmi um 70 000 GWh/ári, færi hann allur til að hita gróðurhús mætti nýta um 56 000 GWh/ári, til iðnaðar um 22 000 GWh/ári, til raforkuvinnslu í þéttistöðvum um 600 GWh/ári, og til raforkuvinnslu í mótþrýstistöðvum um 1600 GWh/ári. Þessar tölur miðast allar við núverandi nýtingartækni og kunna að breytast með þróun hennar. Nú er jarðvarmi nýtanlegur til alls þessa, og fer þá eftir samsetningu notkunar hve mikið raunverulega nýtist. Vatnsorka og jarðhiti eru að þessu leyti ekki sambærilegar orkulindir.

Mörg háhitasvæði landsins eru það fjarri mannabyggð að orka þeirra verður varla nýtt nema til raforkuvinnslu, sem aftur táknar fremur lágt nýtingarstig.

Ofangreindar tölur eiga allar við tæknilega nýtanlegan jarðvarma. Hve stóran hluta borgar sig að nýta, þ. e. hinn efnahagslega nýtanlegi jarðvarmi, er jafnvel enn meiri vafa undirorpinn en efnahagsleg vatnsorka. Gizka má á, að sem efnahagsleg orkulind sé jarðvarminn af svipaðri stærðargráðu og vatnsorkan, og fer það þó mjög eftir nýtingarháttum, svo sem að ofan er rakið.


Þegar lokið er stækkun Búrfells og Þórisvatnsmiðlun, Laxárvirkjun og Lagarfossvirkjun, nemur árleg vinnslugeta vatnsaflstöðva á Íslandi um 2300 GWh/ári, eða um 8.2% af þeim 28 000 sem nú er talið að hagkvæmt muni reynast að nýta. Árið 1971 var raforkuvinnslan 1592 GWh, eða 5.7% af sömu tölu. Með tilkomu Sigölduvirkjunar vex vinnslugetan í um 3200 GWh/ári, eða 11.4%.


Á árinu 1970 nam verg jarðvarmavinnslan um 3200 GWh (2800 Tcal). Með þeirri samsetningu sem þá var á notkuninni (langmest til húshitunar) nýttust af því um 2100 GWh.

Meðfylgjandi kort sýna í megindráttum dreifingu vatnsorku og jarðvarma um landið.

Eins og kortin bera með sér, er vatnsorkan mest á Suðurlandi og Austurlandi, nokkur á Norðurlandi, en minnst á Vesturlandi og Vestfjörðum. Jarðvarminn er að magni til einkum bundinn við megin-eldvirknisbelti landsins, sem teygir sig frá Suðvesturlandi og Suðurlandi yfir landið til Norðurlands eystra. Langminnst er um jarðvarma á Austurlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

Mynd 1.


ORKUSTOFNUN
RAFORKUDEILD
Virkjunarstaðir á Íslandi
með vinnslugetu 200 GWh/ári
eða meir
Apríl 1969
0
50
km 100
Tæknilega nýtanlegt vatnsafl sem talið er hagkv. að virkja
Tæknilega nýtanlegt vatnsafl sem óvíst er talið að hagkvæmt sé að virkja
2 880 Tölur við hringa tákna meðaltal árlegrar vinnslu getu, GWh
[3070] Samanlögð vinnslugeta innan afmörkuðu svæðanna, GWh/ári
Veituvirki



JARÐHITI ÍSLANDS

Fylgiskjal 2.

YFIRLIT YFIR RAFORKUVINNSLUNA Á ÍSLANDI NÚ.

1. Magn og þróun.

Vinnsla raforku árið 1971 nam alls 1592 GWh (1 GWh = 1 gigawattstund = 1 milljón kílowattstunda). Þar af voru 96.7% unnin úr vatnsorku en 3.3% úr varmaorku (að mestu í dísilstöðvum).

Línuritið á 3. mynd sýnir þróun raforkunotkunarinnar. Eins og það ber með sér eykst raforkuvinnslan ört á árunum eftir að fyrsta virkjun Sogsins tók til starfa, en upp úr því fór eldun með rafmagni að verða algeng, jafnframt því sem ýmiskonar atvinnugreinar uxu þá örar en áður. Vöxturinn hefur haldið áfram jafnt og þétt, og með tilkomu álversins í Straumsvík tók raforkuvinnslan nýtt stökk upp á við.

Að frádreginni vinnslu vegna svonefndrar „stórnotkunar" raforku, svo sem álversins, Áburðarverksmiðjunnar og fleiri þess háttar notenda hefur vinnsla vegna svonefndrar „almennrar raforkunotkunar" svo sem til heimila, almenns iðnaðar, frystiiðnaðar, verzlana og skrifstofa aukizt um nál. 5.8% á ári til jafnaðar árin 1958—1970. Nokkrar sveiflur hafa þó verið á þessum vexti frá ári til árs. Þetta er nokkru hægari vöxtur en víða á sér stað, en algengt er að raforkunotkunin vaxi um 7% árlega svarandi til tvöföldunar á hverjum 10 árum.

Sem stendur (1971) er raforkuvinnslan til þessara „almennu nota" um 693 GWh/ári, orkuvinnslan vegna „stórnotkunar" og þá fyrst og fremst álvinnslu 899 GWh/ári. Þegar lokið er stækkun Straumsvíkurverksmiðjunnar bætast hátt í 200 GWh/ári við, en það magn er þegar samningsbundið. Hver frekari þróun verður á næstunni í þessu efni er undir því komið hvað gerist á næstunni í stóriðjumálum.

2. Landfræðileg skipting.

Kortið á 4. mynd sýnir orkuver landsins. Eins og sjá má eru þau dreifð um allt land. Hins vegar sýnir kortið ekki stærðarhlutföll þeirra. Þau má sjá í töflu 1. Langstærstu orkuverin eru á Suðvesturlandi, eins og kunnugt er. Hlutfallsleg skipting vinnslunnar var árið 1971 þessi:

Landsvirkjunarsvæðið	1372 GWh	86.2%
Laxárvirkjunarsvæðið	120 GWh	7.5%
Norðurland vestra	18 GWh	1.1%
Vestfirðir	22 GWh	1.4%
Grímsársvæðið	25 GWh	1.6%
Aðrir hlutar landsins	35 GWh	2.2%
	1592 GWh	100%


Tafla 2 sýnir aðalorkuflutningskerfi landsins í árslok 1971.

3. Skipulag og eignaraðild.


Öll þau fyrirtæki er vinna raforku til almenningsnota á Íslandi eru í eigu opinberra aðila, ríkis, sveitarfélaga eða sameign ríkis og sveitarfélaga. Skiptingin milli þessara þrennskonar eignarforma er sem hér segir:

Eignarform	Afl orkuvera MW	%	Orskuvinnsla 1971 GWh	%
Ríkiseign	30	8.0	84	5.3
Eign sveitarfélaga	19	5.0	47	3.0
Sameign ríkis og sveitarfélaga	325	87.0	1 461	91.7
Alls	374	100.0	1 592	100.0

Mynd 3.


ALMENNINGSRAFSTÖÐVAR
1971
ORKUVINNSLA GWh/ÁRI.
UPPSETT AFL MW.
GWh 1600
1400
1200
1000
800
600
400
200
800MW
700
600
500
400
300
200
100
0
1920
'30
'40
'50
'60
'70
'80

Mynd 4.


ORKUVER, AFLUTNINGSLÍNUR OG HELZTU ADVEITUSTÖÐVAR Á ÍSLANDI 31. 12. 1971
Vatnsorkuver í eigu ríkis og bæjarfélaga
bæjar og sveitafélaga
ríkisins
Varmaorkuver í eigu ríkis og bæjarfélaga
bæjar og sveitafélaga
ríkisins
Afveitustöðvar
ríkis og bæjarfélaga
bæjar og sveitafélaga
ríkisins
Aflflutningslínur í eigu ríkis og bæjarfélaga
bæjar og sveitafélaga
ríkisins

Sameignarformið milli ríkis og sveitarfélaga er þannig langsamlega mikilvægasta eignarform í raforkuvinnslu á Íslandi. Hlutdeild hvors aðila um sig er 50%, eða getur verið það skv. gildandi heimildarlögum. Tafla 3 sýnir eignarform einstakra orkuvera á landinu.

4. Samtengingar orkuvera.

Samtenging orkuvera og samrekstur þeirra er fremur skammt á veg kominn á Íslandi borið saman við önnur þróuð lönd. Veldur strjálbýlið og hin ójafna dreifing byggðar í landinu þar væntanlega mestu um (sbr. yfirlitið hér að framan um skiptingu raforkuvinnslunnar eftir landshlutum). Þó eru til í landinu nokkur samtengd kerfi, sem hvert um sig ná yfir einstaka landshluta eða part úr þeim. Tafla 4 gefur yfirlit yfir vinnslukerfi á Íslandi í árslok 1971, orkuver þau sem tilheyra hverju um sig; og þann fjölda íbúa sem fær orku sína frá hverju vinnslukerfi um sig.

Fylgiskjal 3.

YFIRLIT YFIR RAFORKUDREIFINGUNA Á ÍSLANDI NÚ

1. Fyrirtæki í raforkudreifingunni.

Eins og í öðrum löndum er vinnsla raforku og dreifing hennar skipulagslega aðgreind á Íslandi, þannig að einn hópur fyrirtækja sér um vinnsluna og meginflutninginn; annar um dreifinguna. Þessi aðgreining á sér í megindráttum tæknilegar orsakir; vinnsla raforku er annarskonar starfsemi en dreifing hennar og sala í smásölu.

Mörkin milli þessarar tvennskonar starfsemi eru þó ekki skörp, þar sem svæði það, sem orkuver sér fyrir orku, er hið sama og starfssvæði einnar og sömu dreifiveitu. Svo var yfirleitt áður fyrr í kaupstöðum og kauptúnum, áður en farið var að reisa sameiginleg orkuver fyrir mörg byggðarlög. Þróunin gengur hvarvetna í þá átt að skilja að þessa tvennskonar starfsemi. Þó eiga margar rafveitur hér á landi eigin orkuver. Eftirtektarvert er, að í þeim hlutum landsins, þar sem samtenging orkuvera og samrekstur er kominn bezt á veg, er lítið um orkuver í eigu dreifiveitna.


Allar dreifiveitur á Íslandi eru í opinberri eign. Langflestar eru eign sveitarfélaga. Ein, Rafmagnsveitur ríkisins, er ríkiseign. En Rafmagnsveitur ríkisins eru í rauninni blandað vinnslu- og dreifingarfyrirtæki, enda eru orkuveitusvæði þeirra afar víðáttumikil og dreifð. Orkuver Rafmagnsveitnanna eru einkum í hinum strjálbýlustu landshlutum; í hinum þéttbýlli hlutum starfa þær að mestu sem hrein dreifiveita. Langsamlega viðamesta verkefni Rafmagnsveitna ríkisins, og það sem þær voru stofnaðar til að annast, er sem kunnugt er dreifing raforku í sveitum og smærri kauptúnum.

Athyglisvert er, að það eignarform, sem viðamest er í raforkuvinnslunni, þ. e. sameign ríkis og sveitarfélaga, er ekki til sem stendur í raforkudreifingunni. Veigamikil ástæða til þess að þetta er svona er án efa sú, að þróunin í átt til stærri rekstrareininga er skemmra á veg komin í raforkudreifingunni en í vinnslunni.

Kortið á 5. mynd sýnir rafveitur á Íslandi, og töflur 5—8 gefa yfirlit yfir þær og sýna helztu upplýsingar um hverja um sig. Eins og sjá má eru rafveiturnar afar misstórar. Má greina þær í eftirtalda flokka:

Flokkur nr.	Bil í íbúafjölda	Fjöldi rafveitna	Samanlagður íbúafjöldi í flokki	Meðalfjöldi íbúa á hverja rafveitu
1	Yfir 50 000	1	98 396	98 396
2	20 000—50 000	1	43 213	43 213
3	10 000—20 000	2	21 312	10 656
4	4 000—10 000	3	15 102	5 034
5	Undir 4 000	16	20 336	1 271

Mynd 5.


Almenningsveitur á Íslandi 31.12.1971
Rafveitur bæjar og sveitafélaga
Ríkismannsveitur ríkisins
Helstu vatnsaflstöðvar
orkuflutningslínur

Mynd 6.


RAFVÆÐING ÍSLANDS
í árslok 1971
Almennings rafstöðvar
Byggð svæði
Rafvædd svæði
Órafvædd svæði
1) Um 775 býli með eigin smástöðvar
0
50
100 km

Hér er sleppt einni rafveitu er starfar í sveit utan orkuveitusvæða Rafmagnsveitna ríkisins, þar eð tilvist hennar ræðst af sérstæðum staðháttum og hún er því ekki vel sambærileg við dreifiveitur í kauptúnum og kaupstöðum í því sem hér um ræðir.

Það, sem einkum vekur athygli er hinn mikli fjöldi fyrirtækja í síðasta flokknum, og hinn lági íbúafjöldi, sem kemur á hvert um sig.

Fylgiskjal 4.

AÐDRAGANDI AÐ STOFNUN RAFMAGNSVEITNA RÍKISINS

Núverandi svæðaskipting þeirra.

Rekstur rafveitna á Íslandi hófst með tilkomu rafstöðvar Jóhannesar Reykdal að Hörðuvöllum í Hafnarfirði árið 1904. Fljótlega var leitt rafmagn frá stöðinni til nokkurra húsa í nágrenninu. Á næstu árum og áratugum voru svo reistar rafstöðvar til almenningsnota víðs vegar um landið í kaupstöðum og kauptúnum, ýmist vatnsafls- eða mótorstöðvar. Þessar stöðvar voru oftast í eigu sveitafélaganna, en stundum einstaklinga eða félaga. Þetta reyndist oft og tíðum erfitt brautryðjendastarf, kostnaður mikill, tæknileg mistök og ýmis önnur óáran af völdum styrjaldar o. fl. Svo var komið upp úr 1940, að fjöldi þéttbýlisstaða á landinu var mjög illa á vegi staddur í raforkumálunum, sumir staðirnir höfðu alls ófullnægjandi orku og dýra aðeins til brýnustu þarfa, aðallega ljósa og allra smæsta iðnaðar, önnur höfðu nær ekkert, jafnvel einstaklingar voru að basla með ýmiss konar smá mótorstöðvar.

Var þá farið að þrýsta að ríkinu um, að það aðhefðist eitthvað til úrbóta í þessum málum. Ríkisábyrgðir voru veittar í allstórum mæli til byggingar rafstöðva og kerfa. Vanskilaskuldir söfnuðust upp hjá Ríkisábyrgðasjóði, og ástandið fór jafnt og þétt versnandi. Svo fór, að ríkið ákvað að hefjast handa um aðgerðir til úrbóta. Lögð var háspennulína til Suðurnesja og kauptúnanna austanfjalls, samkvæmt sérstökum heimildarlögum, og fleira var gert af svipuðu tagi annars staðar á landinu á þessu tímabili. Þá lét ríkið framkvæma á þessum árum ýmiss konar áætlanir og athuganir á virkjunarmöguleikum og línulögnum víðs vegar á landinu, og að auki heildarathugun á eins konar landsrafveðingu, samkvæmt ákvörðun Alþingis þar um og allt var þetta framkvæmt samkvæmt sérstökum ákvörðunum og samþykktum ríkisstjórnar og Alþingis í hverju tilviki. Komið var fram á fimmta tug aldarinnar, fólkið kallaði á raforku í þéttbýli sem strjálbýli, heimilin til að auka lífsþægindin, atvinnugreinarnar til þess að geta aukið afköst sín og aukið fjölbreytni á ýmiss konar framleiðslu. Ríkisvaldið taldi óhjákvæmilegt að taka þetta stórkostlega hagsmunamál þegnanna til skipulegrar meðferðar og var hafinn undirbúningur að setningu heildarlöggjafar um raforkumál landsins. Árangur þessa voru raforkulögin, sem samþykkt voru á Alþingi 1946. Í þeim lögum var gert ráð fyrir stórátaki af hálfu ríkisins í rafvæðingu landsbyggðarinnar. Rafmagnsveitur ríkisins skyldu stofnaðar til þess að annast framleiðslu og aðalflutning raforku og Héraðsrafmagnsveitur ríkisins skyldu einnig stofnaðar til þess að koma upp dreifiveitum og annast rekstur þeirra í strjálbýli, að nokkru með þátttöku héraðanna. Ríkisveiturnar hófu svo formlega starfsemi sína 1. janúar 1947 og kom strax í ljós, hve viðamikil verkefni biðu þeirra víðs vegar um landið. Frá öllum landshlutum var sótt á Rafmagnsveitur ríkisins um aðstoð, ýmist beint, þ. e. a. s. að yfirtaka reksturinn að öllu leyti, eða óbeint, það var aðstoð við umbyggingu kerfanna og aðflutningur á raforku.

Skilningur fjárráðamanna var mikill á raforkuhungri landsbyggðarinnar. Geysimiklum fjárhæðum, á þeirra ára mælikvarða, var varið til sveitarrafvæðingar, byggingar orkuvera og flutningalína, og kannski ekki alltaf spurt um hagkvæmni eða afkomumöguleika þessara fyrirtækja. En hér urðu mikil umskipti og meiri væntanleg hjá hinum raforkusnauðu byggðum. Fjöldi forsvarsmanna kauptúna og kaup-

staða óskuðu eftir, að Rafmagnsveitur ríkisins tækju við þeirra rafveitum, og varð ríkið við þeim óskum, enda þótt þeir baggar væru á ýmsum stöðum æði þungir. Í flestum tilvikum var um að ræða dísilstöðvar fyrir viðkomandi kauptún og oftast nær mjög léleg og ófullnægjandi dreifikerfi. Rafmagnsveiturnar urðu því hið fyrsta að hefja umbyggingu og í mörgum tilfellum nýbyggingu dreifikerfanna ásamt fullnægjandi orkuöflun, ýmist með línulögnum frá vatnsorkuverum eða umbyggingu dísilstöðva. Til þess að mismuna ekki raforkunotendum Rafmagnsveitnanna var fljótlega ákveðið, að sama smásöluverð á raforku frá þeim skyldi gilda um allt land.

Á þessum 25 árum, sem liðin eru frá stofnun Rafmagnsveitna ríkisins (nokkur breyting var ákveðin á þeim með orkulögunum 1967), hefur ríkið lagt fram fé til hinna mismunandi rafvæðingarþátta landsins, sem hér segir, án umreiknunar til núverandi verðlags:

1.	Til virkjana og dísilstöðva	425 Mkr.
2.	Til aðalorkuflutningslína	285 —
3.	Til bæjarkerfa	170 —
4.	Til sveitarafvæðingar	525 —
	Samtals	1405 Mkr.

Verðmæti þessara mannvirkja miðað við núverandi verðlag er vafalítið yfir þrjá milljarða króna.

Með þessum fjármunum hefur ríkið tryggt um 43 000 manns bein kaup á raforku (smásala) frá Rafmagnsveitum ríkisins og auk þess flutning á orku (heildsala) til byggðarlaga með um 33 000 manns. Þá hefur ríkið einnig gerzt helmingsaðili í stærstu orkuverum landsins, Landsvirkjun og Laxárvirkjun. Þegar frá er talið höfuðborgarsvæðið er svo komið, að nærri lætur að Rafmagnsveitur ríkisins sjái beint eða óbeint um 80% annarra landsmanna fyrir raforku. Ekki verður um það deilt, að með þessu móti hefur okkur Íslendingum tekizt að sjá flestum þegnum þjóðarinnar fyrir nægri raforku, tekizt með ágætum og sannað áþreifanlega, hve vel þetta rekstrarfyrirkomulag hentar í rafveiturekstri hér á landi. Rafmagnsveitur ríkisins hafa ekki sætt neinni teljandi gagnrýni frá sínum notendum, hvorki sveitafélögum né einstaklingum á þessu árabili, þegar frá eru taldar kvartanir um of hátt raforkuverð, en það er þáttur, sem á sínar eðlilegu orsakir. Hinn eiginlegi rafveiturekstur mun hjá fáum rafveitum hérlendis vera hagkvæmari né þjónustubetri. Rafmagnsveiturnar hafa gengið á undan öðrum rafveitum á ýmsum rekstrarsviðum og má þar til nefna bókhald, álesturs- og innheimtufyrirkomulag, tilkomu nýrra gjaldskrárliða, birgðahald, varnarviðhald virkja og véla í rekstri, breytt gæzlufyrirkomulag á rafstöðvum, snyrtimennsku í frágangi og umhirðu mannvirkja o. fl. mætti tilfæra.


Sú eina verulega gagnrýni, sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa orðið fyrir, hefur komið frá forsvarsmönnum rafveitna sveitarfélaga og hefur beinzt að því einu að „ríkið“ skuli vera rekstraraðilinn, en telja verður að það („ríkið“) megi vel við una, hve vel hefur tekizt um þennan rekstur þess.

Þær raddir hafa heyrzt í seinni tíð, að eðlilegt væri að héruðin úti á landsbyggðinni hefðu einhverja aðild að rekstri Rafmagnsveitna ríkisins. Eins og áður eru þessar raddir háværastar frá þeim, sem ekki njóta þjónustu Rafmagnsveitna ríkisins, frá þeim aðilum er sjálfir reka rafveitur sveitarfélaganna.

Allur rafveiturekstur á Íslandi er í höndum hins opinbera en ekki einkaaðila, ýmist bæjar- og sveitarfélaga eða ríkisins. Fyrir þjóðarbúið hlýtur því að ráða í vali um framtíðarfyrirkomulag, hvað bezt hefur reynzt. Stórar rekstrareiningar eru hér tvímælalaust heppilegar. Sjálfstæð félög, sameign ríkis og sveitarfélaga, kæmu vafalaust til greina sem heppileg lausn, þar sem hægt væri að beita hagkvæmni og nauðsynlegri sérkunnáttu í byggingu og rekstri.

Sjá núverandi svæðaskiptingu Rafmagnsveitna ríkisins á mynd 7.

Mynd 7.


Svæðaskipting
Svæði 1. Reykjavík (yfir. stjórn)
2. Reykjanes
3. Miðvesturland
4. Vestfirðir
Svæði 5. Norðurland vestra
6. Norðurland eystra
7. Austurland
8. Suðurland
Rafmagnsveitur ríkisins
Rafveitusvæðaskipting
(V.Th/G.G. 24.6.'68)

Tafla 1. Almenningsrafstöðvar 1971.

Nr.	Stöðvar	Ástimplað afl kW	Orkuvinnsla MWh	Aukning f. f. ári %
1.	**Vatnsafl**			
1	Búrfell	160 000	820 938	13,5
2	Steingrímsstöð	26 400	141 513	2,5
3	Írafoss	47 800	265 608	4,2
4	Ljósafoss	14 600	109 430	÷ 2,8
5	Elliðaár	3 160	1 075	55,6
6	Andakíll	3 520	28 308	4,4
7	Rjúkandi	840	7 377	11,8
8	Mjólká	2 400	12 258	8,0
9	Reiðhjalli	400	2 798	12,0
10	Fossav. og Nónh.vatn	1 160	4 816	33,0
11	Mýraá	60	273	8,3
12	Þverá	1 736	2 944	1,6
13	Laxárvatn	480	:4 083	1,5
14	Gönguskarðsá	1 064	7 033	3,2
15	Skeiðsfoss	3 200	9 360	24,0
16	Garðsá	174	1 319	13,9
17	Laxá	12 560	98 376	9,3
18	Fjarðará	160	1 185	÷ 0,5
19	Grímsá	2 800	15 394	15,9
20	Búðará	240	1 006	÷ 3,3
21	Smyrlabjargaá	1 000	4 523	20,1
	Alls	283 754	1 539 617	9,0
2.	**Varmi/jarðvarmi**			
1	Námafjall	2 625	12 033	÷ 0,5
	Gufuafl			
2	Elliðaár	19 000	2 671	45,0
	Gasafl			
3	Straumsvík	35 000	1 572	÷ 22,6
	Dísilafl			
4	Vestmannaeyjar	3 927	1 072	÷ 29,0
5	Aðrar (37)	20 011	34 840	16,2
	Alls	90 563	52 188	10,0
	Samtals	374 317	1 591 805	9,0

Afl, orkuvinnsla dísilrafstöðva 1971.

Nr.	Stöðvar	Ástimplað afl kW	Orkuvinnsla MWh
1	Kirkjubæjarklaustur	180	353
2	Vík í Mýrdal	268	1
3	Ólafsvík	1 200	1 366
4	Stykkishólmur	690	2 404
5	Búðardalur	495	1 361
6	Neðri-Brunná	85	–
7	Flatey	43	19
8	Patreksfjörður	480	1 022
9	Sveinseyri	150	2
10	Bíldudalur	280	154
11	Þingeyri	100	–
12	Flateyri	730	480
13	Suðureyri	164	–
14	Ísafjörður	890	203
15	Súðavík	107	–
16	Drangsnes	90	88
17	Reykir	500	24
18	Laxárvatn	1 500	1 997
19	Skagaströnd	200	5
20	Sauðárkrókur	1 200	4 415
21	Sauðárkrókur	200	–
22	Siglufjörður	1 500	52
23	Grímsey	92	170
24	Hrísey	92	–
25	Akureyri	7 500	8 378
26	Húsavík	500	–
27	Kópasker	60	–
28	Raufarhöfn	905	1 549
29	Þórshöfn	460	1 143
30	Bakkafjörður	112	86
31	Vopnafjörður	1 230	1 586
32	Bakkagerði	124	2
33	Seyðisfjörður	2 700	3 400
34	Neskaupstaður	2 988	3 238
35	Reyðarfjörður	50	–
36	Fáskrúðsfjörður	856	402
37	Stöðvarfjörður	90	–
38	Djúpivogur	510	817
39	Höfn í Hornafirði	690	53
	Alls	30 011	34 770

Tafla 2. Aðalháspennukerfi landsins 1. janúar 1972.

Spenna kV	Landsvirkjun km	Andakílsár-virkjun km	Laxárvirkjun km	Rafmagnsv. ríkisins km	Skeiðsfoss km	Alls km
19	–	–	–	544,7	–	544,7
22	–	60,0	–	–	22,0	82,0
33	–	–	–	890,8	–	890,8
66	45,8	–	56,5	80,2	–	182,5
132	56,0	–	–	–	–	56,0
230	114,5	–	–	–	–	114,5
Alls	216,3	60,0	56,5	1 515,7	22,0	1 870,5

Tafla 3. Rafstöðvar sundurliðaðar eftir eigendum 1971.

Nr. 0	Eigendur rafstöðva 1	Ástimplað afl, kW: Vatn 2	Varmi 3	Alls 4	% 5	Orkuvinnsla, MWh: Vatn 6	Varmi 7	Alls 8	% 9
1	Ríki og bæjarfélög	261 360	64 125	325 485	87,0	1 435 865	24 654	1 460 519	91,7
2	Rafmagnsveitur ríkisins	11 054	18 891	29 945	8,0	58 914	25 115	84 029	5,3
3	Bæjar- og sveitarfélög	11 340	7 547	18 887	5,0	44 838	2 349	47 187	3,0
	Samtals	283 754	90 563	374 317	100,0	1 539 617	52 118	1 591 735	100,0
	%	75,8	24,2	100,0		96,7	3,3	100,0	

Rafstöðvar sundurliðaðar eftir eigendum 1971.

Nr.	Rafstöðvar	Ástimplað afl kW	Orkuvinnsla MWh
1.	**Ríki og bæjarfélög**	**325 485**	**1 460 519**
	Vatnsafl	**(261 360)**	**(1 435 865)**
1	Búrfell	160 000	820 938
2	Steingrímsstöð	26 400	141 513
3	Írafoss	47 800	265 008
4	Ljósafoss	14 600	109 430
5	Laxá	12 560	98 376
	Varmaafl	**(64 125)**	**(24 654)**
1	Elliðaár	19 000	2 671
2	Straumsvík	35 000	1 572
3	Akureyri	7 500	8 378
4	Námafjall	2 625	12 033
2.	**Rafmagnsveitur ríkisins**	**29 925**	**84 029**
	Vatnsafl	**(11 054)**	**(58 914)**
1	Rjúkandi	840	7 377
2	Mjólká	2 400	12 258
3	Reiðhjalli	400	2 798
4	Þverá	1 736	2 944
5	Laxárvatn	480	4 083
6	Gönguskarðsá	1 064	7 033
7	Garðsá	174	1 319
8	Fjarðará	160	1 185
9	Grímsá	2 800	15 394
10	Smyrlabjargaá	1 000	4 523
	Varmaafl	**(18 891)**	**(25 115)**
1	Kirkjubæjarklaustur	180	353
2	Vík í Mýrdal	268	1
3	Ólafsvík	1 200	1 366
4	Stykkishólmur	690	2 404
5	Búðardalur	495	1 361
6	Neðri-Brunná	85	–
7	Flatey	43	19
8	Sveinseyri	150	2
9	Bíldudalur	280	154
10	Þingeyri	100	–
11	Flateyri	730	480
12	Suðureyri	164	–
13	Súðavík	107	–

Rafstöðvar sundurliðaðar eftir eigendum 1971.

Nr.	Rafstöðvar	Ástimplað afl kW	Orkuvinnsla MWh
14	Drangsnes	90	88
15	Reykir	500	24
16	Laxárvatn	1 500	1 997
17	Skagaströnd	200	5
18	Sauðárkrókur	1 200	4 415
19	Grímsey	92	170
20	Hrísey	92	–
21	Kópasker	60	–
22	Raufarhöfn	905	1 549
23	Þórshöfn	460	1 143
24	Bakkafjörður	112	86
24	Vopnafjörður	1 230	1 586
26	Bakkagerði	124	2
27	Seyðisfjörður	2 700	3 400
28	Neskaupstaður	2 988	3 238
29	Fáskrúðsfjörður	856	402
30	Stöðvarfjörður	90	–
31	Djúpivogur	510	817
32	Höfn í Hornafirði	690	53
3.	**Bæjar- og sveitarfélög**	**18 887**	**47 187**
	Vatnsafl	**(11 340)**	**(44 838)**
1	Elliðaár	3 160	1 075
2	Andakíll	3 520	28 308
3	Fossav. og Nónh.vatn	1 160	4 816
4	Mýraá	60	273
5	Skeiðsfoss	3 200	9 360
6	Búðará	240	1 006
	Varmaafl	**(7 547)**	**(2 349)**
1	Vestmannaeyjar	3 927	1 072
2	Patreksfjörður	480	1 022
3	Ísafjörður	890	203
4	Sauðárkrókur	200	–
5	Siglufjörður	1 500	52
6	Húsavík	500	–
7	Reyðarfjörður	50	–

Tafla 4. Yfirlit yfir raforkuvinnslukerfi á Íslandi í árslok 1971.

Samtengd svæði	Uppsett afl kW	Orkuvinnsla MWh	Íbúar
Sogssvæði	**313 675**	**1 372 188**	**144 658**
Landsvirkjun	302 800	1 341 732	
Andakílsárvirkjun	3 502	28 308	
Rafmagnsveita ríkisins	268	1	
Rafmagnsveita Reykjavíkur	3 160	1 075	
Rafveita Vestmannaeyja	3 927	1 072	
Snæfellsnes	**2 730**	**11 147**	**4 008**
Rafmagnsveitur ríkisins	2 730	11 147	
Kirkjubæjarklaustur	**180**	**353**	**51**
Rafmagnsveitur ríkisins	180	353	
Samtals Suðvesturland	316 585	1 383 688	148 717
Búðardalur	**495**	**1 361**	**600**
Rafmagnsveitur ríkisins	495	1 361	
Flatey	**43**	**19**	**18**
Rafmagnsveita ríkisins	43	19	
Vestfirðir	**6 861**	**21 733**	**6 866**
Rafmagnsveita ríkisins	4 331	15 692	
Rafveita Ísafjarðar	2 050	5 019	
Rafveita Patrekshrepps	480	1 022	
Snæfjallaströnd	**60**	**273**	**40**
Rafveita Snæfjalla	60	273	
Þverársvæði	1 911	3 032	1 874
Norðvesturland alls	9 370	26 418	9 398
Norðurland vestra	**5 144**	**17 557**	**7 172**
Rafmagnsveitur ríkisins	4 944	17 557	
Rafveita Sauðárkróks	200	–	
Skeiðsfosssvæði	**4 874**	**10 731**	**3 347**
Rafveita Siglufjarðar	4 700	9 412	
Rafmagnsveitur ríkisins	174	1 319	
Grímsey	**92**	**170**	**79**
Rafmagnsveitur ríkisins	92	170	
Laxársvæði	**24 242**	**120 336**	**19 932**
Laxárvirkjun	22 685	118 787	
Rafmagnsveitur ríkisins	1 057	1 549	
Rafveita Húsavíkur	500	–	
Þórshöfn	**460**	**1 143**	**450**
Rafmagnsveitur ríkisins	460	1 143	
Norðurland alls	34 812	149 937	30 980
Bakkafjörður	**112**	**86**	**75**
Rafmagnsveitur ríkisins	112	86	
Vopnafjörður	**1 230**	**1 586**	**620**
Rafmagnsveitur ríkisins	1 230	1 586	

Samtengd svæði	Uppsett afl kW	Orkuvinnsla MWh	Íbúar
Grímsársvæði	**10 008**	**24 627**	**7 284**
Rafmagnsveitur ríkisins	9 718	23 621	
Rafveita Reyðarfjarðar	290	1 006	
Djúpivogur	**510**	**817**	**321**
Rafmagnsveitur ríkisins	510	817	
Hornafjörður	**1 690**	**4 576**	**1 337**
Rafmagnsveitur ríkisins	1 690	4 576	
Austurland alls	13 550	31 692	9 637
Allt landið	374 317	1 591 735	198 732

Tafla 5. Dreififyrirtæki 1970.

	Rafveitur	Íbúar	Sala MWh	Tekjur 1000 kr.
1	Reykjavík	98 396	228 800	472 518
2	Hafnarfjörður	10 557	30 019	51 701
3	Vatnsleysa	387	969	1 953
4	Njarðvíkur	1 397	4 864	10 444
5	Keflavík	5 663	14 427	28 876
6	Gerðar	621	2 110	4 014
7	Sandgerði	1 050	2 875	6 065
8	Grindavík	1 169	5 500	8 400
9	Eyrarbakki	511	1 474	2 470
10	Stokkseyri	411	1 336	2 284
11	Selfoss	2 397	6 104	13 612
12	Hveragerði	807	1 946	4 666
13	Vestmannaeyjar	5 186	13 132	31 877
14	Akranes	4 253	21 845	27 537
15	Borgarnes	1 157	4 475	6 680
16	Patreksfjörður	996	2 674	5 991
17	Ísafjörður	3 077	5 768	15 865
18	Snæfjöll	40	233	203
19	Sauðárkrókur	1 600	2 920	7 832
20	Siglufjörður	2 161	6 343	10 861
21	Akureyri	10 755	51 419	65 671
22	Húsavík	1 993	5 595	9 712
23	Reyðarfjörður	602	1 100	3 475
24	Rafmagnsveitur ríkisins	43 213	102 706	240 460
	Samtals	198 399	518 634	1 033 167

Ath.: Tekjur samkv. ársreikningum og söluskýrslum ekki alltaf samhljóða.

Tafla 6. Rafvæðing Íslands í árslok 1970, íbúar.

			Kaupstaðir	Kauptún	Sveitir	Alls	%
		Rafveitur					
1.	1	Reykjavík	92 849	5 108	439	98 396	48,1
	2	Hafnarfjörður	9 696	643	218	10 557	5,2
	3	Vatnsleysa	–	257	130	387	0,2
	4	Njarðvíkur	–	1 397	–	1 397	0,7
	5	Keflavík	5 663	–	–	5 663	2,7
	6	Gerðar	–	631	–	621	0,3
	7	Sandgerði	–	922	128	1 050	0,5
	8	Grindavík	–	1 169	–	1 169	0,6
	9	Eyrarbakki	–	511	–	511	0,2
	10	Stokkseyri	–	392	19	411	0,2
	11	Selfoss	–	2 397	–	2 397	1,2
	12	Hveragerði	–	807	–	807	0,4
	13	Vestmannaeyjar	5 186	–	–	5 186	2,5
	14	Akranes	4 253	–	–	4 253	2,1
	15	Borgarnes	–	1 157	–	1 157	0,6
	16	Patreksfjörður	–	996	–	996	0,5
	17	Ísafjörður	2 680	325	72	3 066	1,5
	18	Snæfjöll	–	–	40	40	0,0
	19	Sauðárkrókur	1 600	–	–	1 600	0,8
	20	Siglufjörður	2 161	–	–	2 161	1,0
	21	Akureyri	10 755	–	–	10 755	5,2
	22	Húsavík	1 993	–	–	1 993	1,0
	23	Reyðarfjörður	–	532	70	602	0,3
	24	Rafmagnsveitur ríkisins	3 522	18 458	21 233	43 213	21,1
		Alls rafveitur	140 358	35 692	22 349	198 399	96,9
2.		Virkjanir	–	204	129	333	0,2
		Alls samveitur	140 358	35 896	22 478	198 732	97,1
3.		Einkastöðvar	–	80	4 841	4 921	2,1
		Alls rafvætt	140 358	35 976	27 319	203 653	99,5
4.		Án rafmagns	–	–	925	925	0,5
		Íbúar alls	140 358	35 976	28 244	204 578	100,0

Tafla 7. Sundurliðun á íbúafjölda nokkurra rafveitna 1970.

Reykjavík	**98 396**
Reykjavík	81 684
Kópavogur	11 165
Garðakauptún (hluti)	2 225
Seltjarnarnes	2 153
Hlíðartún	140
Álafoss	362
Reykir	228
Sveitir	439
Hafnarfjörður	**10 557**
Hafnarfjörður	9 696
Garðakauptún (hluti)	643
Sveitir	218
Rafmagnsveitur ríkisins	**43 213**
Reykjanes	**558**
Hafnir	146
Grænás	115
Sveitir	297
Miðvesturland	**6 787**
Hellissandur	506
Rif	80
Ólafsvík	995
Grundarfjörður	599
Stykkishólmur	1 042
Búðardalur	202
Sveitir	3 363
Vestfirðir	**4 536**
Sveinseyri	173
Bíldudalur	311
Þingeyri	395
Flateyri	455
Suðureyri	459
Bolungarvík	978
Súðavík	201
Drangsnes	92
Hólmavík	331
Borðeyri	33
Sveitir	1 108
Norðurland eystra	**5 672**
Hvammstangi	361
Blönduós	690
Skagaströnd	532
Varmahlíð	54
Hofsós	280
Sveitir	3 755
Norðurland eystra	**8 765**
Ólafsfjörður	1 086
Grímsey	79
Dalvík	1 065
Hrísey	291
Litli Ársk.sandur	86
Hauganes	113
Hjalteyri	62
Svalbarðseyri	76
Grenivík	173
Reykjahlíð	135
Kópasker	87
Raufarhöfn	446
Þórshöfn	405
Sveitir	4 661
Austurland	**9 035**
Bakkafjörður	54
Vopnafjörður	514
Bakkagerði	142
Seyðisfjörður	884
Egilsstaðir	718
Neskaupstaður	1 552
Eskifjörður	936
Fáskrúðsfjörður	720
Stöðvarfjörður	262
Breiðdalsvík	164
Djúpivogur	321
Höfn	901
Sveitir	1 867
Suðurland	**7 860**
Vík	379
Hvolsvöllur	242
Hella	367
Laugarvatn	167
Þorlákshöfn	523
Sveitir	6 182

Tafla 8. Vergar tekjur af raforkusölu til endanlegra kaupenda 1970.

Nr.			1970 1000 kr.
		Rafveitur	
1.	1	Reykjavík	472 518
	2	Hafnarfjörður	51 701
	3	Vatnsleysa	1 953
	4	Njarðvíkur	10 444
	5	Keflavík	28 876
	6	Gerðar	4 014
	7	Sandgerði	6 065
	8	Grindavík	8 400
	9	Eyrarbakki	2 470
	10	Stokkseyri	2 284
	11	Selfoss	13 612
	12	Hveragerði	4 666
	13	Vestmannaeyjar	31 877
	14	Akranes	27 537
	15	Borgarnes	6 680
	16	Patreksfjörður	5 991
	17	Ísafjörður	15 865
	18	Snæfjöll	203
	19	Sauðárkrókur	7 832
	20	Siglufjörður	10 861
	21	Akureyri	65 671
	22	Húsavík	9 712
	23	Reyðarfjörður	3 475
	24	Rafmagnsveitur ríkisins	240 460
		Alls	1 033 167
		Sala beint til neytenda frá virkjunum	
2.	1	Álverksmiðjan	162 283
	2	Áburðarverksmiðjan	31 577
	3	Keflavíkurflugvöllur	39 552
	4	Kísiliðjan	5 905
	5	Annað	710
		Alls	240 027
		Samtals	1 273 194
		÷ Söluskattur	89 902
			1 183 292

Tafla 9. Vergar tekjur af heildsölu raforku 1970.

Virkjanir	1970 1000 kr.
Landsvirkjun	442 574
Andakílsárvirkjun	18 047
Laxárvirkjun	46 143
Rafmagnsveitur ríkisins	104 394
Aðrir	5 469
Alls	616 627

Verðjöfnunargjald ekki innifalið.

Tafla 10. Samanburður á nokkrum raforkuverðum 1969—1971.

		Heimilisnotkun 3 000 kWh/ 3 herb. íbúð			Stórar vélar 2 500/ st. nýt. tími		
	Rafveitur	1969 aur./kWh	1970 aur./kWh	1971 aur./kWh	1969 aur./kWh	1970 aur./kWh	1971 aur./kWh
1	Reykjavík	183	213	253	118	136	162
2	Hafnarfjörður	209	269	269	141	181	191
3	Vatnsleysa	205	233	278	125	178	214
4	Njarðvíkur	196	233	257	156	191	208
5	Keflavík	186	225	258	147	173	199
6	Gerðar	186	225	258	147	173	199
7	Sandgerði	206	234	273	154	177	202
8	Grindavík	206	212	244	154	159	192
9	Eyrarbakki	200	232	267	143	166	190
10	Stokkseyri	200	232	267	143	166	190
11	Selfoss	200	232	267	143	166	190
12	Hveragerði	201	232	267	143	166	190
13	Vestmannaeyjar	222	257	296	139	176	203
14	Akranes	188	214	230	125	143	160
15	Borgarnes	187	213	231	122	166	170
16	Patreksfjörður	263	282	320	153	158	189
17	Ísafjörður	219	271	305	144	180	202
18	Sauðárkrókur	189	232	260	142	180	201
19	Siglufjörður	200	224	253	141	161	194
20	Akureyri	173	214	236	97	124	142
21	Húsavík	193	243	267	140	175	195
22	Reyðarfjörður	160	200	222	130	161	178
23	Rafmagnsveitur ríkisins	290	346	364	171	210	219
	Meðaltal	203	238	267	140	168	190

Miðað við mitt ár.

Tafla 11. Heildsöluverð á raforku 1972.

Landsvirkjun	kr./kW	aur./kWh
Rafveitur[1])[2])		
nýtingartími < 2 500 stundir	2 140	68,5
nýtingartími 2 500—4 000 stundir	2 140	40,0
nýtingartími > 4 000 stundir	2 140	18,2
Álverksmiðjan, Áburðarverksmiðjan	–	26,4
Andakílsárvirkjun[3])		
Rafveitur I	2 535	23,5
Rafveitur II		
nýtingartími < 2 000	3 237	29,0
nýtingartími > 2 000	3 237	26,0
Laxárvirkjun		
Rafveitur	3 052	20,7
Rafveitur (Raufarhafnarsvæði)	–	50,4
Rafmagnsveitur ríkisins		
Rafveitur[1])		
nýtingartími < 2 500 stundir	2 400	76,0
nýtingartími 2 500—4 000 stundir	2 400	44,0
nýtingartími > 4 000 stundir	2 400	22,0

1) Aflgjald reiknast á meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálagstoppa ársins, mældra sem 30 mín. meðalálag á afhendingarstað.
2) Miðað við afhendingarmálspennu undir 132 kV.
3) Verð óbreytt frá 1970.

Verðjöfnunargjald, 402 kr/kW og 0.01 kr/kWh, allsstaðar innifalið nema í verðum til Álverksmiðjunnar og Áburðarverksmiðjunnar.

Sþ. 591. Nefndarálit [36. mál]

um till. til þál. um rekstraraðstöðu félagsheimila.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leitaði umsagnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga, U.M.F.Í. og stjórnar félagsheimilasjóðs. Með tilliti til þeirra umsagna varð nefndin sammála um að leggja til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** með tilmælum um það, að hún kanni möguleika til að bæta rekstraraðstöðu félagsheimilanna.

Alþingi, 18. apríl 1972.

Gísli Guðmundsson, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Jónas Árnason. frsm.
Björn Fr. Björnsson.	Stefán Gunnlaugsson.	Ingólfur Jónsson.
	Lárus Jónsson.	

Sþ. 592. Nefndarálit [95. mál]

um till. til þál. um upplýsingaskyldu stjórnvalda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leitað umsagna. Að athuguðu máli leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um, hver sé skylda stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og hvenær beri að veita þeim, sem þess óska, aðgang að reikningum og skjölum, sem almenning varða.

Alþingi, 18. apríl 1972.

Gísli Guðmundsson, form., frsm. Bjarni Guðnason, fundaskr. Jónas Árnason.
Björn Fr. Björnsson. Stefán Gunnlaugsson. Ingólfur Jónsson.
Lárus Jónsson.

Nd. 593. Frumvarp til laga [149. mál]

um Íþróttakennaraskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. apríl.)

I. KAFLI
Hlutverk og réttindi.

1. gr.

Hlutverk Íþróttakennaraskóla Íslands er þríþætt:

a) að búa nemendur sína undir kennslu í íþróttum, slysahjálp, líkams- og heilsufræði í skólum;
b) að búa nemendur sína undir kennslu í íþróttum og félagsstörfum hjá stofnunum, ungmenna- og íþróttafélögum;
c) að efna árlega, ef þess er kostur, til námskeiða fyrir íþróttakennara í samráði við Íþróttakennarafélag Íslands og námskeið fyrir væntanlega og starfandi leiðbeinendur í íþróttum í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands.

2. gr.

Próf frá Íþróttakennaraskóla Íslands veitir full réttindi til íþróttakennslu.

Einnig geta nemendur að loknu prófi, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskóla Íslands, sbr. 1. tl. 1. gr. laga nr. 38 16. apríl 1971, um Kennaraháskóla Íslands, og lokið þaðan kennaraprófi með íþróttakennslu að sérgrein. Tilhögun viðbótarnámsins fer eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum tillögum skólastjórnar Kennaraháskóla Íslands og skólanefndar Íþróttakennaraskólans. Setja má í reglugerð ákvæði um lágmarkseinkunn frá Íþróttakennaraskólanum sem skilyrði fyrir inngöngu í Kennaraháskólann.

3. gr.

Íþróttakennaraskóli Íslands er tveggja ára skóli. Námstími hvort skólaár skal eigi vera skemmri en 8½ mánuður, auk íþróttakennslu í 70 kennslustundir að sumrinu. Hefur skólinn umsjón með kennslunni.

II. KAFLI

Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

4. gr.

Almenn inntökuskilyrði í skólann eru þessi:

a) að nemandi sé heilbrigður og vel hæfur til íþróttaiðkana,
b) að nemandi sé eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið og hamli skólavist að dómi skólaráðs,
c) að nemandi sé eigi yngri en 18 ára á því ári, sem hann hefur nám.

5. gr.

Inntaka nemenda er í höndum skólaráðs. Skólavist geta þeir hlotið, sem lokið hafa:

1. a) stúdentsprófi,
   b) almennu kennaraprófi,
   c) prófi undirbúningsdeildar sérnáms Kennaraháskólans,
   d) prófi með ákveðinni lágmarkseinkunn frá framhaldsdeild gagnfræðaskóla.
2. Annað nám veitir og réttindi til inntöku, ef skólaráð telur það jafngilt og mælir með því, en skólanefnd fellst á það.
   Heimilt er að úrskurða um skólavist nemenda með hliðsjón af hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum.
3. Rétt til náms í II. bekk eiga þeir, sem lokið hafa prófi eftir nám í I. bekk með ákveðinni lágmarkseinkunn samkvæmt reglugerð, að viðbættri íþróttakennslu í a. m. k. 70 kennslustundir.
4. Rétt til þátttöku í námskeiði fyrir leiðbeinendur í íþróttum eiga þeir, er náð hafa 18 ára aldri og hlotið meðmæli stjórnar hlutaðeigandi ungmenna- eða íþróttafélags.

6. gr.

Stefnt skal að því að gera námsefni skólans þríþætt: kjarna, kjörsvið og valgreinar.

Kjarninn er það námsefni, sem sameiginlegt er öllum nemendum skólans.

Kjörsvið er það námsefni, greinar eða greinaflokkar, sem nemendur geta valið sér.

Valgreinar eru allt það námsefni hvers nemanda, sem eigi telst til kjarna eða kjörsviðs nemanda. Nemandi verður að geta unnið sjálfstætt að valgreinum, en skal velja sér þær í samráði við skólastjóra.

Í reglugerð skal kveða á um námsgreinar og vægi námsþátta.

Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

Nánar skal kveðið á um námsefni í reglugerð, en skólanefnd ákveður námsefni á námskeiðum fyrir leiðbeinendur í samráði við Ungmennafélag Íslands, Íþróttasamband Íslands og sérsambönd þess, en fyrir íþróttakennara í samráði við Íþróttakennarafélag Íslands.

7. gr.

1. Próf skulu fara fram í lok hvors skólaárs. Skólaráði er þó heimilt að ákveða próf í einstökum greinum á öðrum tíma. Ljúka má námi í einstökum greinum á fyrra skólaári. Skulu einkunnir í þeim greinum skráðar á íþróttakennaraprófsskírteini.

Í reglugerð skal kveðið á um námsefni til prófs. Skal þar miðað við, að vægi einkunna sé í réttu hlutfalli við vinnu nemenda og kennslustundafjölda í hverri grein.

Við lokapróf skulu prófdómarar skipaðir af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum skólaráðs.

2. Próf skulu fara fram í lok hvers námskeiðs fyrir leiðbeinendur. Viðkomandi sérsamband skipar þar prófdómara með samþykki skólastjóra.

Nánar skal kveðið á um próf í reglugerð.

III. KAFLI
Stjórn og starfsmenn skólans.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

Skólaráð skal þannig skipað: Skólastjóri, sem er formaður, fastir kennarar, einn fulltrúi lausráðinna kennara og tveir fulltrúar nemenda. Hlutverk skólaráðs er að vera skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur auk annarra starfa samkv. lögum þessum. Skólastjóri stjórnar fundum, kveður skólaráð til funda reglulega og auk þess þegar þriðjungur skólaráðsmanna óskar. Kjörtímabil skólaráðs er eitt ár.

Skólanefnd skal þannig skipuð: Íþróttafulltrúi ríkisins, sem er formaður, einn tilnefndur af Íþróttasambandi Íslands, einn af Ungmennafélagi Íslands, einn af Íþróttakennarafélagi Íslands og einn af nemendum. Hlutverk skólanefndar er að vera skólastjóra til ráðuneytis og aðstoðar um málefni skólans auk annarra starfa samkv. lögum þessum. Skólastjóri á sæti á fundum skólanefndar með málfrelsi og tillögurétti. Kjörtímabil skólanefndar er þrjú ár, nema nemenda eitt ár.

Ákveða skal nánar í reglugerð starfssvið skólaráðs og skólanefndar.

9. gr.

Fastir starfsmenn skólans eru embættismenn ríkisins. Skólastjóri skal skipaður af forseta Íslands. Fastir kennarar og aðrir fastir starfsmenn skólans skulu skipaðir af ráðherra, og skal áður leitað umsagnar skólaráðs og skólanefndar.

Til að verða skipaður kennari við Íþróttakennaraskóla Íslands skal umsækjandi hafa lokið prófi frá viðurkenndum íþróttakennaraskóla, að viðbættu framhaldsnámi í sérgrein, sem yfirstjórn skólans metur gilt.

10. gr.

Skólinn skal vera svo vel búinn starfsliði, að hann geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um, og annazt íþróttakennslu í öðrum opinberum skólum að Laugarvatni.

Skólastjóri ræður stundakennara og annað starfsfólk í samráði við menntamálaráðuneytið.

11. gr.

Launakjör skólastjóra, kennara og annarra fastra starfsmanna skulu ákveðin samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Yfirstjórn skólans ákveður kennsluskyldu skólastjóra. Námskeiðskennarar taka laun samkvæmt sömu reglum og gilda um stundakennslu. Þeir fá greiddan ferða- og dvalarkostnað samkvæmt gildandi reglum um greiðslu kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.

12. gr.

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum. Enn fremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda

í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð. Má þá fækka kennslustundum kennara með hliðsjón af slíkum aukastörfum.

13. gr.

Óski kennari, sem starfað hefur við skólann í 10 ár, eftir orlofi í allt að eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann senda yfirstjórn skólans beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Beiðni um orlof skal leggja fram með árs fyrirvara. Skal þess gætt, að orlof kennara torveldi ekki störf skólans.

Yfirstjórn skólans getur veitt kennurum allt að ársorlof með fullum launum.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.

Skólinn hefur aðsetur að Laugarvatni, en ýmsir þættir í starfi hans mega fara fram á öðrum stöðum, eftir því sem þörf krefur og fjárhagur skólans leyfir.

15. gr.

Stofn- og rekstrarkostnaður skólans greiðist úr ríkissjóði.

16. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn IV. kafli laga nr. 16 frá 12. marz 1947, um menntun kennara, svo og önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við lög þessi.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við upphaf skólaárs 1972.

Nd. 594. Breytingartillögur [242. mál]

við frv. til l. um heilbrigðisþjónustu.

Frá Benedikt Gröndal og Friðjóni Þórðarsyni.

1. Við 17. gr. (2.) Vesturlandshérað. Í stað 4. liðar komi tveir liðir:
   4. Í Stykkishólmi — starfssvæði Miklaholtshreppur, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur og Flateyjarhreppur.
   5. Í Búðardal — starfssvæði Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur, Saurbæjarhreppur, Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudalshreppur.
2. Við 18. gr. (1.) 1. liður (Búðardalur) falli niður.

Ed. 595. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið um það umsögn frá fjórum aðilum. **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins** og meiri hluti stjórnar **Síldarverksmiðja ríkisins** mæla með samþykkt þess án athugasemda. **Bæjarstjórn Siglufjarðar** mælir með samþykkt frumvarpsins með nokkrum ábendingum, sem nefndin hefur að meginefni til fallizt á. **Íslenzk málnefnd** telur, að nýyrðið „lagmeti" sé heppilegt orð til að tákna bæði niðursoðin og niðurlögð matvæli, og mælir því með heitinu „lagmetisiðja".

Að lokinni athugun er iðnaðarnefnd sammála um að mæla með afgreiðslu frv. með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. bætist:
   Heimili og varnarþing fyrirtækisins er í Siglufirði.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lagmetisiðjan vinnur að niðurlagningu, niðursuðu og hvers kyns fullvinnslu matarrétta úr sjávarafurðum og öðrum íslenzkum hráefnum. Jafnframt annast lagmetisiðjan tilraunastarfsemi á þessu framleiðslusviði undir leiðsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og miðlar reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda.
3. Við 4. gr. Síðari mgr. orðist svo:
   Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt fjármagn til stækkunar verksmiðjunnar, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Iðnaðarráðherra skipar 5 menn í stjórn lagmetisiðjunnar til fjögurra ára í senn, og skulu eftirtaldir aðilar tilnefna menn í stjórnina: fjármálaráðuneytið, bæjarstjórn Siglufjarðar og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Starfsfólk verksmiðjunnar tilnefnir einn mann samkvæmt nánari reglum, sem ráðuneytið setur. Ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar, og skal hann vera búsettur í Siglufirði. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.
5. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Lagmetisiðjan greiðir aðstöðugjald og aðra skatta til Siglufjarðarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Alþingi, 13. apríl 1972.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Ragnar Arnalds, fundaskr., frsm.	Halldór Kristjánsson.
Björn Fr. Björnsson.	Geir Hallgrímsson, með fyrirvara.	Þorv. Garðar Kristjánsson, með fyrirvara.

Ed. 596. Frumvarp til laga [33. mál]

um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd., 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 33 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að halda hálfsmánaðar námskeið í stærðfræði og íslenzku eða fleiri greinum að haustinu, áður en skóli hefst, fyrir þá, er ekki náðu tilskilinni lágmarks-

einkunn í þessum greinum til að setjast í hærri bekk, en náðu þó tilskilinni lágmarksmeðaleinkunn, eins og ákveðið verður í reglugerð.

8. gr. hljóðar svo:

Við próf 1., 2., 3. og 4. stigs skal auk kennarans, sem prófar, vera einn prófdómari í hverri grein, nema í siglingafræði skulu vera tveir prófdómarar, og skipar ráðuneytið prófdómara að fengnum tillögum skólastjóra.

14. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

Í skólanefnd eiga sæti 7 menn. Ráðuneytið skipar 5 skólanefndarmenn til 4 ára í senn: tvo samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, annan úr farmannastétt, hinn úr fiskimannastétt, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Formann skipar ráðuneytið án tilnefningar. Tvo skólanefndarmenn skipar ráðuneytið til eins árs í senn samkvæmt tilnefningu nemenda skólans. Tilnefning fulltrúa nemenda skal fara fram eftir reglum, sem ráðuneytið setur.

Skólanefndin skal fylgjast með kennslutilhögun og námsefni og vera skólastjóra til aðstoðar í málefnum skólans almennt.

Nd. 597. Frumvarp til laga [67. mál]

um breyting á íþróttalögum, nr. 49/1956.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. apríl.)

1. gr.

4. töluliður 8. gr. laganna falli niður.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Styrkur íþróttasjóðs til íþróttamannvirkja skal nema 25—40 af hundraði áætlaðs stofnkostnaðar íþróttamannvirkis. Eigi má hefja framkvæmdir, fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki íþróttanefndar og menntamálaráðuneytis. Um kostnaðaráætlun og annan undirbúning, skilgreiningu á stofnkostnaði og greiðslufyrirkomulag skal, svo sem við á, fylgt ákvæðum laga nr. 49/1967, um skólakostnað.

Skylt er íþróttanefnd að láta aðilum, sem um styrki sækja, ókeypis í té allar leiðbeiningar og sérfræðilega aðstoð um gerð íþróttamannvirkja. Gerð íþróttatækja, sem styrkur er veittur til, er háð samþykki íþróttafulltrúa.

3. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Setja skal reglugerð, að fengnum tillögum íþróttanefndar, um þau atriði, sem um getur í 9. gr., svo og um viðmiðunartölur styrkveitinga til einstakra tegunda íþróttamannvirkja.

Setja skal reglur um stjórn mannvirkis, viðhald og notkun, og skulu þær reglur staðfestar af menntamálaráðuneytinu.

Mannvirki, sem styrkt eru úr sjóðnum, skulu vera til almennra afnota, eftir því sem við verður komið, en eigi má nota þau til þess, sem brýtur í bága við afnot þeirra til íþrótta.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **598. Lög** [161. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu og vegna viðgerðar á varðskipinu Þór.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 574.

Sþ. **599. Tillaga til þingsályktunar** [263. mál]

um fjárhagslegan stuðning við upplýsinga- og rannsóknarstofnun verzlunarinnar.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Ragnhildur Helgadóttir, Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að ríkissjóður veiti sérstakri upplýsinga- og rannsóknarstofnun verzlunarinnar hliðstæða fjármagnsfyrirgreiðslu og aðrar höfuðatvinnugreinar í landinu eru þegar aðnjótandi.

Greinargerð.

Í nútíma þjóðfélagi er öllum augljós sú brýna nauðsyn, sem á því er, að á hverjum tíma liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um stöðu allra aðalatvinnugreina þjóðfélagsins. Samtök í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði hafa sjálf, og með stuðningi ríkissjóðs, ráðizt í umfangsmikla upplýsingasöfnun og gagnavinnslu fyrir hlutaðeigandi atvinnugreinar. Auk þess eru reknar sérstakar rannsóknarstofnanir í þágu þessara atvinnugreina.

Eins og nú er háttað málum, er verzlunin mjög afskipt í þessum efnum. Verzlunin er ein af höfuðatvinnugreinunum og mjög margþætt, bæði að því er varðar mismunandi verzlunarstig, verzlunarform og tegund vöru og þjónustu. Höfuðáherzlu ber að leggja á ýtarlega könnun á afkomu og öðrum helztu rekstrarstærðum verzlunarinnar, hinum ýmsu starfsþáttum hennar og skipulagsuppbyggingu, svo og framlagi verzlunarinnar til þjóðarbúskaparins og öðru, sem yrði til að auka almenna þekkingu á verzluninni í landinu og mikilvægu hlutverki hennar.

Mikilvægar og afdrifaríkar ákvarðanir hafa verið teknar í málefnum verzlunarinnar, án þess að nægjanlegar og haldgóðar upplýsingar hafi verið fyrir hendi. Þetta er að sjálfsögðu mjög bagalegt, bæði fyrir verzlunina sjálfa og ekki síður fyrir þá opinberu aðila, sem ákvörðunarvald hafa í verzlunarmálum. Nú liggja t. d. fyrir eindregnar óskir frá opinberum aðilum á hendur verzluninni um ýtarlegar upplýsingar um afkomu hennar. Eins og nú standa sakir, er borin von, að verzlunin geti orðið við þeim sjálfsögðu óskum, af því að veigamiklar upplýsingar um fjölmarga þætti verzlunarinnar skortir.

Um nokkurt skeið hafa umræður farið fram í og á milli helztu hagsmunasamtaka verzlunarinnar um stofnun sjálfstæðrar upplýsinga- og rannsóknarstofnunar verzlunarinnar í tengslum við samtökin. Þröskuldurinn í vegi framgangs málsins hefur verið fjármagnsskortur. Með samþykkt þeirrar tillögu, sem hér er flutt, væri gefið vilyrði fyrir fjárhagslegum stuðningi hins opinbera, sem flutningsmenn eru sannfærðir um að nægja mundi til, að úr framkvæmd yrði, enda verður að telja, að verzlunin eigi siðferðilegan rétt á slíkum stuðningi til jafns við aðrar aðalatvinnugreinar þjóðarinnar.

Nd. **600. Nefndarálit** [112. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur haft frumvarp þetta til athugunar, en varð eigi sammála um afgreiðslu þess. Frv. er endurflutt frá síðasta Alþingi, en þá var það fellt. Undirritaður minni hl. n. er þeirrar skoðunar, að oftast horfi til bóta að selja bændum jarðeignir ríkisins, enda sé það þá gert með það markmið í huga að treysta búsetu á þeirri jörð, sem um er að ræða, eða á nágrannajörðum. Stundum er þó sýnt, að sala jarðar hefur ekki þessi æskilegu áhrif, heldur fremur hið gagnstæða. Svo virðist vera í því tilviki, er frv. þetta fjallar um.

Fyrir nefndinni lá umsögn landbúnaðarráðuneytisins, dags. 28. febr. s. l., þar sem sölu jarðarinnar er andmælt. Er umsögn ráðuneytisins prentuð hér með sem fylgiskjal. Enn fremur hafði nefndin til athugunar loftmynd af landssvæði því, sem jörðin Holt stendur á.

Jörðin Holt liggur á milli tveggja annarra ríkisjarða og á óskipt beitiland með annarri þeirra, Álftagróf, — og er ekki talið gerlegt að skilja það land sundur með girðingu. Ef jörðin Holt væri seld, ætti það að gerast í þeim tilgangi að bæta búrekstraraðstöðu jarðanna, sem að liggja, þ. e. Fells og Álftagrófar, og þá þannig, að þær jarðir væru seldar samtímis. Verði jörðin seld samkv. þessu frv., er stefnt í öfuga átt. Land þeirra ríkisjarða, sem hér um ræðir, verður klofið sundur og búrekstraraðstaða þeirra í heild skerðist.

Með hliðsjón af því, er að framan greinir, leggur undirritaður minni hl. n. til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 19. apríl 1972.

Pálmi Jónsson, frsm. Gunnar Gíslason.

Fylgiskjal.

Til landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Reykjavík, 28. febrúar 1972.

Ráðuneytinu hefur borizt til umsagnar frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja ríkisjörðina Holt í Dyrhólahreppi.

Vegna þessa skal eftirfarandi tekið fram:

Ráðuneytið vísar til fyrri umsagna sinna um mál þetta, en frumvarp til laga um sölu jarðarinnar hefur áður verið til meðferðar á Alþingi.

Ábúandinn á næstu ríkisjörð, Álftagróf, sem á óskipt land með Holti, hefur ítrekað ugg sinn um, að búskaparaðstöðu hans sé stefnt í voða, verði Holt selt.

Byggist sá uggur m. a. á, að ekki er unnt að skipta Holtslandi út úr torfunni og að upprekstrar- og beitarlönd eru sameiginleg.

Ofnotkun beitar frá Holti mundi t. d. bitna á ábúanda Álftagrófar, þar sem örskammt er milli Holts og Álftagrófar.

Meðan ríkissjóður hefur eignarhald á Holti, er hægt að fyrirbyggja, að vandamál skapist af þessum sökum.

Það er því skoðun ráðuneytisins, að með því að heimila syni Jóhönnu Sæmundsdóttur með leigusamningi varanleg afnot Holts sé hægt að tryggja honum fullnægjandi not af jörðinni, eins og hann hefur haft, en fyrirbyggja um leið árekstra vegna nábýlis Holts og Álftagrófar. Með sölu gætu hins vegar skapazt vandamál, sem rangt væri að stofna til.

Telja verður, að jarðareiganda beri skylda til að taka tillit til hagsmuna ábúandans í Álftagróf, sem þar hefur dvalið allan aldur sinn og rekið búskap í hartnær 40 ár.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, getur ráðuneytið ekki mælt með, að sala jarðarinnar verði heimiluð með lögum.

Sveinbj. Dagfinnsson.

Nd. 601. Breytingartillaga [255. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Bjarna Guðnasyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

1. ml. 2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Í húsnæðismálastjórn eiga sæti þrír menn, einn tilnefndur af félagsmálaráðherra, og er hann formaður, einn af Sambandi íslenzkra sveitarfélaga og einn af Alþýðusambandi Íslands.

Ed. 602. Frumvarp til laga [264. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82/1969.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Oddur Ólafsson, Helgi F. Seljan, Jón Árm. Héðinsson, Björn Jónsson.

1. gr.

3. málsgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar bæjarstjórnar eða sýslunefndar í þeim kaupstað eða sýslu, er í hlut á, og er ráðherra óheimilt að veita slíkt leyfi, ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd reynist leyfisveitingunni mótfallin. Enn fremur skal, áður en vínveitingaleyfi er veitt, leita umsagnar áfengisvarnanefndar í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

2. gr.

Á eftir 3. málsgr. 16. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. málsgr. þessarar greinar má þó í veitingahúsi, sem fengið hefur vínveitingaleyfi, sbr. 12. gr., afgreiða áfengi til þeirra, sem náð hafa 18 ára aldri.

3. gr.

3. málsl. 27. gr. laganna orðist þannig:

Heilbrigðismálaráðherra skipar varaformann ráðsins, að fengnum tillögum frá stjórnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé.

4. gr.

Síðasti málsl. 1. málsgr. 30. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við áfengisvarnaráðunaut.

Breytingar þær á áfengislögum, sem í frv. felast, miða að því að veita áfengisvarnanefndum aðstöðu til aukinna áhrifa með því að gera það skylt að leita umsagnar áfengisvarnanefndar í hlutaðeigandi sveitarfélagi, áður en veitingahúsi er veitt vínveitingaleyfi. Enn fremur er lagt til, að niður falli það ákvæði laganna, að áfengisvarnanefndir skuli vera ólaunaðar. Með frv. þessu er einnig stefnt að því að leiðrétta það misræmi, sem verður við það, að unglingum, sem orðnir eru 18 ára, er heimilt að dvelja á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar, en þó má eigi selja, veita eða afhenda áfengi yngri mönnum en 20 ára. Verði þetta misræmi afnumið, má ætla, að auðveldara reynist en nú er að hafa strangt eftirlit með því, að ákvæðum laganna um þetta efni sé fylgt í framkvæmd.

Ed. 603. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um Þjóðleikhús.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og fengið um það margar umsagnir. Nefndin var sammála um nauðsyn þess, að frv. næði fram að ganga. Hins vegar varð ágreiningur um nokkur atriði. Fimm nefndarmenn (RA, ÓÞ, BA, BrS og PÞ) vilja fækka í þjóðleikhúsráði úr 16 í 11, afnema framkvæmdaráð og heimila þjóðleikhúsráði að ráða rithöfund til að semja leikverk. Flytja þeir brtt. á sérstöku þingskjali. Að öðru leyti er nefndin sammála um að mæla með frv. með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 18. gr.
   a. Tveir fyrstu málsliðir 1. mgr. orðist svo:
      Þjóðleikhúsið skal gangast fyrir stofnun og rekstri leikmunasafns. Veita skal Bandalagi íslenzkra leikfélaga, sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins, Leikfélagi Reykjavíkur og öðrum leikfélögum kost á aðild að safninu, ef um það næst samkomulag við menntamálaráðuneytið.
   b. Í stað orðanna „Þjóðleikhússins og sjónvarpsdeildar Ríkisútvarpsins svo og annarra leikfélaga“ í 2. mgr. komi orðið: þeirra.
2. Við 20. gr. bætist:
   Kostnaður við þennan skóla greiðist úr ríkissjóði.

Auður Auðuns var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 1972.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
Benóný Arnórsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Bragi Sigurjónsson.

Ed. 604. Breytingartillögur [98. mál]

við frv. til laga um Þjóðleikhús.

Frá Ragnari Arnalds, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Benóný Arnórssyni, Braga Sigurjónssyni og Páli Þorsteinssyni.

1. 5. gr. orðist svo:
   Þjóðleikhúsráð er skipað 11 mönnum til fjögurra ára í senn sem hér segir:
   Sameinað Alþingi kýs fimm menn hlutfallskosningu, en ráðherra skipar fimm menn og skulu tveir tilnefndir af Bandalagi íslenzkra listamanna af hálfu tónlistarmanna, rithöfunda og listdansara, tveir af Félagi íslenzkra leikara og einn af Leikarafélagi Þjóðleikhússins. Jafnframt skipar ráðherra einn mann í þjóðleikhúsráð án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins.
   Ef eitthvert félag eða bandalag, sem aðild á að ráðinu, kýs eigi fulltrúa í það innan tveggja mánaða frá því, að menntamálaráðuneytið æskir þess, skipar ráðuneytið fulltrúa, á meðan svo stendur.
2. 6. gr. orðist svo:
   Þjóðleikhúsráð fjallar um starfs- og fjárhagsáætlun leikhússins fyrir komandi leikár og samþykkir hana með þeim breytingum, er það kann að gera. Áætlunin skal lögð fyrir ráðið eigi síðar en í marzmánuði ár hvert. Ef sýnt þykir, að samþykkt áætlun fái ekki staðizt, getur ráðið breytt áætluninni. Staðfest áætlun skal lögð til grundvallar við fjárveitingar til leikhússins.
3. 7. gr. orðist svo:
   Þjóðleikhúsráð kemur að jafnaði saman einu sinni í mánuði, að undanteknum júlí- og ágústmánuðum.
   Þjóðleikhússtjóri og fjármálafulltrúi leikhússins eiga sæti á fundum þjóðleikhúsráðs með málfrelsi og tillögurétti, en eigi atkvæðisrétti.
   Formaður þjóðleikhúsráðs kveður ráðið til fundar. Þjóðleikhússtjóri undirbýr fundi ráðsins ásamt formanni ráðsins og fjármálafulltrúa leikhússins. Skylt er að boða til fundar, ef þrír ráðsmenn hið fæsta æskja þess.
   Þjóðleikhúsráð skal halda gjörðabók um störf sín.
   Ráðherra ákveður þóknun fyrir störf í þjóðleikhúsráði.
4. 8. gr. fellur niður.
5. 9. gr. fellur niður.
6. Við 12. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Með samþykkt þjóðleikhúsráðs er þjóðleikhússtjóra heimilt að ráða rithöfund til að semja leikverk, og skal hann ráðinn með kjörum leikara í hæsta launaflokki, meðan hann vinnur að ritun þess. Eftir sem áður á höfundurinn fullan höfundarétt að verki sínu, og ber honum sérstök þóknun, ef ákveðið er að taka verkið til sýningar.
7. Við 14. gr. Í stað orðsins „framkvæmdaráð“ í 1. málsgr. komi: þjóðleikhúsráð.
8. Við 16. gr. Síðari málsgr. orðist svo:
Óski tvö eða fleiri vátryggingarfélög eftir því að sameinast og mynda eitt vátryggingarfélag, sem taki við öllum skuldbindingum félaganna gagnvart vátryggingartökum þeirra, skulu þau senda um það umsókn til tryggingamálaráðherra ásamt þeim gögnum, sem ráðherra óskar.

Tryggingaeftirlitið skal kanna umsóknina og gæta þess, hvort hið nýja félag fullnægir skilyrðum laga þessara og hvort samruninn geti á nokkurn hátt skaðað hagsmuni vátryggingartaka og vátryggðra. Mæli tryggingaeftirlitið með umsókninni, veitir tryggingamálaráðherra hinu nýja félagi starfsleyfi og heimild til yfirfærslu tryggingastofnanna, enda sé gætt reglna 2. og 3. mgr. 20. gr.

22. gr.

Enginn má í atvinnuskyni stuðla að því, að aðiljar hér á landi, íslenzk skip eða eignir á Íslandi séu vátryggð annars staðar en hjá íslenzkum vátryggingarfélögum eða erlendum vátryggingarfélögum, sem hér hafa leyfi til að reka vátryggingarstarfsemi.

Um líftryggingarfélög.

23. gr.

Vátryggingarfélag, sem hyggst reka líftryggingarstarfsemi, skal auk gagna þeirra, sem um ræðir í 33. gr., senda tryggingamálaráðuneytinu þessi gögn:

1. Almenna tryggingaskilmála, er félagið hyggst nota.
2. Skýrslur um reiknigrundvöll iðgjalda og iðgjaldasjóðs, svo og reglur um ákvörðun endurkaupsverðs og verð gjaldfrjálsra trygginga.
3. Skýrslu um reikningsgrundvöll ágóðaúthlutunar (bónus) til tryggingartaka.
4. Gögn um endurtryggingu og hámark eigin áhættu í hverri einstakri áhættu.
5. Tilkynningar um, hver sé tryggingastærðfræðingur (aktúar) félagsins, sbr. 24. gr.

24. gr.

Líftryggingarfélag skal tryggja sér þjónustu tryggingastærðfræðings (aktúars), sem hefur á hendi nauðsynlega tryggingatæknilega reikninga og athuganir fyrir félagið.

Sá einn má taka að sér slíkt starf fyrir líftryggingarfélag, sem fengið hefur til þess sérstakt starfsleyfi tryggingamálaráðherra.

25. gr.

Tryggingastærðfræðingur líftryggingarfélags ber ábyrgð á því, að félag það, er hann veitir þjónustu sína, fari eftir tilkynntum reiknigrundvelli iðgjalda, iðgjaldasjóðs og ágóðaúthlutunar, og fylgi tilkynntum reglum um ákvörðun endurkaupsverðs og fjárhæða gjaldfrjálsra trygginga. Hann skal fylgjast með starfsemi félagsins að þessu leyti og getur krafizt allra gagna og upplýsinga af félaginu til að geta innt starf sitt af hendi.

Komist tryggingastærðfræðingur að því í starfi sínu, að félagið fari ekki eftir settum reglum varðandi framangreind atriði, skal hann tilkynna það tryggingaeftirliti án óeðlilegrar tafar.

26. gr.

Eigi er líftryggingarfélagi heimilt að breyta reiknigrundvelli iðgjaldasjóðs nema með leyfi tryggingamálaráðherra að fengnum meðmælum tryggingaeftirlitsins.

Hafi breyting í för með sér lækkun iðgjaldasjóðs, skal leggja þann hluta sjóðsins, sem fram yfir er, í ágóðasjóð.

Hafi breyting í för með sér hækkun iðgjaldasjóðs fyrir eldri líftryggingar, skal félagið færa af óbundnum höfuðstól í iðgjaldasjóð það fé, er hækkuninni nemur. Tryggingamálaráðherra getur þó, að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits, veitt félaginu leyfi til að fresta fjárfærslu í sjóðinn, þannig að um ákveðið árabil verði

færð í sjóðinn tiltekin fjárhæð á ári hverju, unz jöfnuði er náð. Skal þetta gert samkvæmt fyrirframgerðri áætlun, og ekki má frestur þessi vera lengri en 10 ár.

27. gr.

Í ársreikningum líftryggingarfélags skal færa sérstaklega líftryggingasjóð. Líftryggingasjóður skiptist í tvennt:

1. Bótasjóð, en þar skal færa allar gjaldfallnar en ógreiddar tryggingafjárhæðir og ágóðafjárhæðir.
2. Iðgjaldasjóð, en hann nær til heildarverðmætis allra gildandi trygginga reiknað samkvæmt samþykktum reiknigrundvelli, sbr. 2. tl. 23. gr.

28. gr.

Líftryggingasjóður, sbr. 27. gr., skal ávaxtaður þannig:

1. Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
2. Í ríkisskuldabréfum.
3. Í skuldabréfum, tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
4. Í bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum útgefnum af þeim bönkum, sem eru eign ríkissjóðs.
5. Í lánum, tryggðum með veði í líftryggingum hjá félaginu allt að endurkaupsverðmæti þeirra.
6. Í veðskuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum allt að 60% af fasteignamatsverði húseigna og mannvirkja, eignarlanda og lóða, svo og eign leigutaka í leigulóð, enda sé leigutími lóðar eigi skemmri en lánstími.
7. Í fasteignum, sem líftryggingarfélagið á. Aldrei má þó eign að þessu leyti teljast líftryggingasjóði frekar en um ræðir í 6. tl.

Líftryggingarfélagi er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt að ávaxta fé líftryggingasjóðs á annan hátt, að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra hverju sinni, þó ekki í hlutabréfum.

Eigi má selja né veðsetja eignir líftryggingasjóðs nema með leyfi tryggingamálaráðherra.

Erlend líftryggingarfélög, sem fengið hafa leyfi til starfsemi hér á landi, skulu ávaxta líftryggingasjóð á Íslandi í samræmi við reglur þessarar greinar.

29. gr.

Verðbréf líftryggingasjóðs skulu árituð um, að þau séu eign líftryggingasjóðs félagsins og þau megi ekki veðsetja né selja, nema að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra.

Óheimilt er að gera aðför í verðbréfum, sem eru eign líftryggingasjóðs, nema til tryggingar eða fullnustu líftryggingakröfum.

Ávaxti líftryggingarfélag fé í eigin fasteign, sbr. 7. tl. 1. mgr. 28. gr., skal þinglýsa á eignina yfirlýsingu um rétt líftryggingasjóðs og að eigi megi veðsetja hana, svo að réttur líftryggingasjóðs skerðist, og eigi selja hana nema með leyfi tryggingamálaráðherra.

30. gr.

Ef skipuð er skilastjórn í líftryggingarfélagi samkvæmt 43. gr., skal hún þegar í stað taka í sínar vörzlur eignir líftryggingasjóðs.

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta á búi líftryggingarfélagsins, skal ekki telja eignir líftryggingasjóðs með eignum þrotabúsins og heldur eigi skuldbindingar hans með skuldum þess.

Skilastjórn skal hafa á hendi rekstur líftryggingastofnsins og láta endurreikna skuldbindingar líftryggingasjóðs.

31. gr.

Innan sex mánaða frá því, að skilastjórn hefur tekið við rekstri líftryggingasjóðs samkvæmt 30. gr., skal tryggingaeftirlitið leita til annarra íslenzkra líftryggingar-

félaga um yfirtöku líftryggingastofns og líftryggingasjóðs. Tryggingaeftirlitið skal meta framkomin tilboð og velja það, er hún telur hagkvæmast fyrir vátryggða. Síðan skal skilastjórn auglýsa í Lögbirtingablaðinu eftir athugasemdum frá vátryggingartökum og vátryggðum.

Að fengnum athugasemdum getur tryggingamálaráðherra framselt líftryggingarfélagi því, er tryggingaeftirlitið valdi, líftryggingastofninn og eignir líftryggingasjóðs, enda tekur þá viðtakandi við öllum skuldbindingum hins gjaldþrota félags, að því er líftryggingar varðar.

Þeir vátryggingartakar eða vátryggðir, sem athugasemdir hafa gert og eigi vilja samþykkja yfirfærsluna, eiga þó rétt á því að fá endurgreitt verðmæti líftrygginga sinna, að svo miklu leyti sem hlutfallsleg eign í líftryggingasjóðnum hrekkur til.

Berist ekki tilboð í líftryggingastofn eða ekki koma fram þau tilboð, er tryggingaeftirlitið vill mæla með, skal líftryggingasjóðurinn greiddur vátryggðum í réttu hlutfalli við verðmæti líftrygginga þeirra í sjóðnum.

III. KAFLI

Um skráningu og tilkynningarskyldu vátryggingarfélaga.

32. gr.

Tryggingamálaráðherra skal halda skrá um öll þau félög og stofnanir, sem heimild hafa til að selja vátryggingar hér á landi.

33. gr.

Hvert það félag eða stofnun, sem hyggst reka vátryggingarstarfsemi, skal senda tryggingaeftirlitinu gögn í því formi, sem eftirlitið ákveður, um væntanlega starfsemi, samþykktir sínar, stofnfundargerð og svo tilkynningu um, hverjir séu í stjórn félagsins og hverjir hafi heimild til að skuldbinda það, og vottorð löggilts endurskoðanda um innborgað hlutafé eða stofnfé. Tryggingaeftirlitið kannar síðan, hvort félagið fullnægi skilyrðum laga þessara, reglugerða settra samkvæmt þeim, og sé að öðru leyti hæft til að reka vátryggingarstarfsemi.

Ráðherra veitir félagi starfsleyfi og að því fengnu má skrá félagið í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá.

Telji tryggingaeftirlitið ekki, að þörf sé fyrir þá starfsemi, sem félagið hyggst reka, né að starfsemi þess sé til eflingar heilbrigðri þróun vátryggingastarfsemi í landinu eða til hagsbóta fyrir vátryggingartaka og vátryggða, getur tryggingamálaráðherra neitað að skrá félagið í vátryggingarfélagaskrá og veita því starfsleyfi.

Aldrei má félag hefja starfsemi fyrr en það hefur verið skráð í bæði vátryggingarfélagaskrá og hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagskrá.

Hvert það félag eða stofnun, sem leyfi hefur til að reka vátryggingarstarfsemi og hyggst taka upp nýja grein vátrygginga eða hyggst breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum, skal sækja um leyfi fyrir hinni nýju starfsemi og senda tryggingaeftirlitinu þau gögn, sem nauðsynleg eru, til þess að tryggingaeftirlitið geti metið umsóknina.

34. gr.

Allar breytingar á samþykktum, hlutafé, stofnfé, stjórn, endurskoðendum og þeim, er skuldbinda mega vátryggingarfélag, skal strax tilkynna til vátryggingarfélagaskrár, og má eigi skrá þær í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá fyrr en slíkt hefur verið gert.

35. gr.

Missi félag rétt til að reka vátryggingarstarfsemi hér á landi, verði gjaldþrota eða því slitið, skal þegar í stað má nafn þess úr vátryggingarfélagaskrá.

36. gr.

Birta skal árlega í Lögbirtingablaðinu skrá um félög þau, sem heimild hafa til að reka vátryggingarstarfsemi.

IV. KAFLI
Eftirlit með vátryggingarfélögum.

37. gr.

Setja skal á stofn tryggingaeftirlit, sem hefur eftirlit með starfsemi vátryggingarfélaga og rekstri þeirra samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um verksvið og skyldur tryggingaeftirlitsins.

38. gr.

Tryggingamálaráðherra skipar tryggingaeftirlitið til fjögurra ára í senn. Tryggingaeftirlitið skal skipað þrem mönnum og sé einn embættisgengur lögfræðingur og annar tryggingastærðfræðingur. Einn skal skipaður formaður.

Meðlimir eða starfsmenn tryggingaeftirlitsins mega ekki vera stjórnarmenn, starfsmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar vátryggingarfélags.

39. gr.

Vátryggingarfélög, stofnanir þær, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr., að því er varðar þann hluta starfsemi þeirra, sem rekinn er á viðskiptalegum grundvelli, svo og vátryggingarfélög þau, er um ræðir í 3. mgr. 2. gr., skulu senda tryggingaeftirliti ársreikninga sína innan mánaðar frá því, að þeir voru samþykktir á félagsfundi, þó eigi síðar en 6 mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningar skulu undirritaðir af stjórn félags, og þeim skal fylgja skýrsla endurskoðenda og endurrit úr fundargerðarbók félags um samþykktir þeirra, svo og skýrsla um starf og rekstur, sbr. 17. gr.

Ársreikningunum skal fylgja nákvæm skýrsla um fasteignir félagsins, bifreiðar, skip og verðbréfaeign. Enn fremur skrá um inneignir hjá viðskiptamönnum eða umboðsmönnum og skal nafngreina þá aðilja, er skulda yfir kr. 100 000.00. Þá skal fylgja skrá um skuldheimtumenn, aðra en þá, sem eiga vátryggingarkröfur á félagið, og skulu skuldheimtumenn, sem eiga inni yfir kr. 100 000.00, nafngreindir. Að lokum skal fylgja skýrsla um, á hvern hátt áfallnar en ógreiddar vátryggingarkröfur séu áætlaðar og hvernig iðgjaldsyfirfærslur til næsta árs eru ákveðnar.

Ársreikningum líftryggingarfélags skal einnig fylgja skýrsla tryggingastærðfræðings um uppgjör líftryggingasjóðs og skýrsla endurskoðenda um ávöxtun líftryggingasjóðs.

40. gr.

Aðiljar þeir, sem um ræðir í 3. gr. og reka vátryggingarstarfsemi við gildistöku laga þessara, skulu þegar í stað senda tryggingaeftirlitinu endurrit allra þeirra tryggingaskilmála, er þeir nota. Sama gildir um þau félög, sem fá leyfi til vátryggingarstarfsemi eftir gildistöku laga þessara.

Breyti þessir aðiljar eða aðrir þeir, er fengið hafa leyfi til að reka vátryggingarstarfsemi, vátryggingarskilmálum sínum, eða láti semja nýja skilmála, skulu þeir senda tryggingaeftirlitinu endurrit breytinganna eða hina nýju skilmála.

Tryggingaeftirlitið skal kanna almenna skilmála vátryggingarfélaga og gæta þess, að þeir séu í samræmi við lög og góða viðskiptaháttu í vátryggingarviðskiptum. Reynist svo ekki vera, skal nema brott það, sem tryggingaeftirlitið telur sig ekki geta samþykkt.

Það, sem hér segir um tryggingaskilmála, gildir einnig um iðgjöld og iðgjaldagrundvöll eftir nánari fyrirmælum tryggingaeftirlitsins. Tryggingaeftirlitinu ber að athuga, hvort iðgjöld vátrygginga séu í samræmi við þá áhættu, sem vátryggingarfélagið tekur á sig, og í samræmi við eðlilegan kostnað við rekstur félagsins.

Vátryggingarfélag, sem starfar hér á landi, skal sjá um, að starfsemi sölumanna félagsins sé í anda góðra viðskiptahátta í vátryggingum og að öflun vátrygginga fari fram með hag vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum. Félagið skal sérstaklega sjá um, að réttar upplýsingar séu gefnar um þær vátryggingar, sem á boðstólum eru

hjá félaginu. Tryggingamálaráðherra hefur heimild til að fela tryggingaeftirlitinu könnun á þessum þætti starfseminnar og að setja sérstaka reglugerð um það efni.

41. gr.

Tryggingaeftirlitið skal kanna gjaldhæfi og greiðsluhæfi vátryggingarfélags. Við mat á þessu skal litið til áhættu þeirrar, sem vátryggingarstarfsemi hefur í för með sér. Í reglugerð skal nánar kveðið á um, með hvaða hætti slík könnun fari fram.

42. gr.

Tryggingaeftirlitið getur krafið þá, er vátryggingarstarfsemi reka, um hvers konar gögn og upplýsingar, sem því þykir þurfa. Þá getur það rannsakað eða látið rannsaka alla starfsemi þessara aðilja og á rétt á að fá óhindraðan og tafarlausan aðgang að bókhaldi og skjölum þeirra.

43. gr.

Sinni vátryggingarfélag ekki tilmælum tryggingaeftirlits um breytingu á skilmálum, sbr. 40. gr., sé ekki gjaldhæft eða greiðsluhæft að mati tryggingaeftirlitsins, sbr. 41. gr., eða brjóti lög eða reglugerðir um vátryggingarstarfsemi, skal tryggingaeftirlit þegar í stað tilkynna tryggingamálaráðherra um málið og gera tillögur um, hvað gera skuli. Ráðherra skal þegar setja félaginu frest til að bæta úr því, sem úrskeiðis hefur farið, og má sá frestur aldrei vera lengri en sex mánuðir.

Hafi félagið ekki gert nauðsynlegar úrbætur innan tilskilins frests, getur ráðherra afturkallað starfsleyfi félagsins. Afturkalli ráðherra starfsleyfi, skal hann skipa þriggja manna skilastjórn í félagið. Skilastjórn tekur við öllum heimildum félagsstjórnar og jafnframt falla niður heimildir hennar.

Skilastjórn skal þegar kalla saman félagsfund og kynna félagsmönnum, hvernig komið er.

Skilastjórn skal taka ákvörðun um, hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli rekið áfram um skeið og viðskiptum lokið án gjaldþrotaskipta. Skal við mat á því, hvað gera skuli, aðallega litið til hagsmuna vátryggðra.

Ef um er að ræða vátryggingarfélag eða líftryggingarfélag, sem starfar samkvæmt sérlögum, skal ráðherra, áður en hann sviptir félagið starfsleyfi, skipa rannsóknarnefnd til að kanna hag og rekstur félagsins og gera tillögur um, hvað gera skuli.

44. gr.

Laun skilastjórnar og kostnaður hennar skal greiðast af eignum hlutaðeigandi vátryggingarfélags sem krafa utan skuldaraðar og af eignum líftryggingasjóðs, ef um það tilvik er að ræða, sbr. 30. gr.

45. gr.

Tryggingaeftirliti og starfsmönnum þess er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi aðiljum frá því, er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur vátryggingarfélags. Þagnarskylda þessi og ábyrgð hennar helzt, þótt starfsmenn þessir hafi látið af störfum.

Tryggingaeftirlitið skal árlega láta birta opinberlega skýrslu um starfsemi sína og tölfræðilegt yfirlit yfir afkomu hinna ýmsu vátryggingagreina.

46. gr.

Fyrir 1. desember ár hvert skal tryggingaeftirlitið gera rökstudda áætlun um kostnað af starfsemi sinni næsta ár. Kostnaðinum skal jafna á vátryggingarfélög þau, sem um ræðir í lögum þessum, í hlutfalli við iðgjöld þeirra næstliðið reikningsár. Gera má vátryggingarfélögum að greiða allt að 2.5‰ af frumtryggingariðgjöldum og 0.6‰ af fengnum endurtryggingariðgjöldum. Gjald þetta skulu vátryggingarfélög greiða ársfjórðungslega fyrirfram. Tryggingamálaráðherra skal setja nánari reglur um álagningu gjalds þessa og innheimtu.

Nægi þessar tekjur eigi til greiðslu kostnaðar við starfsemi tryggingaeftirlitsins, skal greiða það, sem á skortir, úr ríkissjóði.

V. KAFLI
Um vátryggingarfélög, er starfa við gildistöku laga þessara.

47. gr.

Vátryggingarfélög þau, er eigi starfa samkvæmt sérlögum, og hyggjast halda áfram starfsemi sinni eftir gildistöku laga þessara, skulu innan tveggja mánaða frá gildistöku þeirra senda tryggingamálaráðherra umsókn um starfsleyfi og skráningu í vátryggingarfélagaskrá. Umsókn skulu fylgja samþykktir félagsins, vottorð úr hlutafélagaskrá eða annarri opinberri félagaskrá um það, hvert sé innborgað hlutafé eða stofnfé, hverjir skipi stjórn félagsins og hverjir hafi heimild til að skuldbinda það með undirskrift sinni. Þá skulu einnig fylgja síðustu 5 ársreikningar félagsins undirritaðir af stjórn þess með áritun og skýrslu löggilts endurskoðanda. Einnig skal senda gögn þau, er um ræðir í 23. gr., 33. gr. og 40. gr.

Hafi vátryggingarfélag eigi sent umsókn þá, er um ræðir í 1. mgr., innan þess tíma, er þar greinir, falla þann dag niður heimildir þess til að taka á sig vátryggingarskuldbindingar og selja vátryggingar. Um vátryggingar þær, er félagið hefur áður selt, fer samkvæmt ákvæðum 43. gr.

48. gr.

Vátryggingarfélög þau, er starfa samkvæmt sérlögum, skulu innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara senda tryggingamálaráðherra umsókn um starfsleyfi og skráningu í vátryggingarfélagaskrá. Umsókn skulu fylgja gögn um, hverjir skipi stjórn félagsins og hverjir hafi heimild til að skuldbinda félagið með undirskrift sinni. Þá skulu einnig fylgja síðustu 5 ársreikningar félagsins undirritaðir af stjórn og áritaðir af endurskoðendum, ásamt gögnum skv. 33. og 40. gr.

49. gr.

Umsóknir þær og gögn, sem um ræðir í 47. og 48. gr., skal tryggingamálaráðherra þegar í stað senda tryggingaeftirliti til umsagnar. Tryggingaeftirlitið skal hafa kynnt sér umsóknir og skilað áliti sínu um þær til tryggingamálaráðherra eigi síðar en átta mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

50. gr.

Vátryggingarfélög þau, er tryggingaeftirlit mælir með, skulu fá starfsleyfi þegar í stað og vera tekin á vátryggingarfélagaskrá.

51. gr.

Telji tryggingaeftirlitið, að í samþykktum vátryggingarfélags séu ákvæði, er brjóti í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim, en mælir að öðru leyti með því, að félaginu sé veitt starfsleyfi, er tryggingamálaráðherra heimilt að veita félaginu starfsleyfi til bráðabirgða í allt að eitt ár til að koma málum þessum í lag.

52. gr.

Nú kemur í ljós, að hlutafé vátryggingarfélags eða stofnfé gagnkvæms vátryggingarfélags er lægra en gert er ráð fyrir í 6. og 10. gr., en tryggingaeftirlitið mælir samt með því, að félagið fái starfsleyfi, enda sýni fjárhagur félagsins og rekstur, að það sé gjaldhæft og greiðsluhæft, og er þá heimilt að veita félaginu starfsleyfi. Sé þessi leið eigi valin, er tryggingamálaráðherra rétt að veita félaginu bráðabirgðaleyfi og setja það skilyrði, að hlutafé eða stofnfé verði aukið að lögboðnu marki innan ákveðins tíma, sem má vera allt að þremur árum.

53. gr.

Telji tryggingaeftirlitið, að vátryggingarfélag, er ekki starfar samkvæmt sérlögum, sé ekki gjaldhæft, er tryggingamálaráðherra heimilt að veita því sex mánaða frest til að rétta hag sinn. Fái félagið ekki þennan frest eða hafi ekki getað bætt hag sinn á þessum tíma, skal þegar í stað skipa félaginu skilastjórn, sbr. 43. gr.

54. gr.

Sæki vátryggingarfélag, sem rekið hefur bæði skaðatryggingar og líftryggingar, um starfsleyfi, er heimilt að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits að veita því tveggja ára frest til að breyta starfsemi sinni þannig, að samræmist ákvæðum laga þessara.

55. gr.

Sæki vátryggingarfélag, sem starfar samkvæmt sérlögum, eigi um starfsleyfi eða teljist eigi gjaldhæft að mati tryggingaeftirlits, skal tryggingamálaráðherra þegar í stað skipa rannsóknarnefnd til að kanna hag félagsins og gera tillögur um ráð til úrbóta.

56. gr.

Tryggingamálaráðherra skal setja reglugerð um þau efni, sem í lögum þessum greinir.

57. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða fésektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

58. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 62 22. nóvember 1913, um ábyrgðarfélög, lög nr. 20 9. október 1903, um viðauka við lög 8. nóvember 1895, um hagfræðiskýrslur, 2. og 3. laga nr. 17 23. maí 1964, um ávöxtun fjár tryggingafélaga og 77. gr. umferðarlaga, nr. 40 23. apríl 1968.

59. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fyrir Alþingi, er samið af nefnd, sem tryggingamálaráðherra skipaði árið 1970.

Nefndin skilaði frumvarpi, greinargerð, athugasemdum við einstakar greinar og fskj. 1, sem hér er lagt fram. Breytingar þær, sem Kr. Guðm. Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur, lagði til að gerðar yrðu í bréfi sínu á fskj. 2, hafa verið felldar inn í meginmál frumvarpsins. Þá hefur Erlendur Lárusson, tryggingafræðingur, lagt til að gerðar yrðu nokkrar breytingar og hafa þær verið felldar inn í meginmál frumvarpsins og í greinargerðina. Frumvarpið þannig breytt var síðan tekið til samlesturs á fundi allra, sem að samningu þess hafa staðið og þar gengið frá því í núverandi mynd.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar nefndarinnar.

Greinargerð.

Hinn 25. marz 1970 skipaði Eggert G. Þorsteinsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, nefnd „til að semja frumvarp til laga um vátryggingafélög og starfsemi þeirra.“ Í nefndina voru skipaðir: Benedikt Sigurjónsson, hæstaréttardómari, formaður, Bjarni Þórðarson, tryggingastærðfræðingur og Jón Erlingur Þorláksson, tryggingastærðfræðingur. Nefndin tók strax til starfa og hefur starfað nokkuð samfellt.

Um vátryggingarstarfsemi er nú fjallað í lögum um ábyrgðarfélög nr. 62 22. nóvember 1913. Í lögum nr. 17 23. maí 1964 er rætt um ávöxtun fjár tryggingarfélaga. Þá er rætt um vátryggingarfélög í umferðarlögum nr. 40/1968 og lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 68/1971. Þá má nefna lög nr. 20/1903 um hagfræðiskýrslur.

Vátryggingar skipta miklu máli í nútíma þjóðfélagi og varða flesta, ef ekki alla, þegna þjóðfélagsins. Um hendur vátryggingaraðilja rennur mjög mikið fjármagn. Það er þjóðfélagsnauðsyn, að vátryggingar séu reknar á heilbrigðum grundvelli og gætt sé hagsmuna vátryggingartaka og vátryggðra. Vátryggingartakar og vátryggðir hafa yfirleitt ekki aðstöðu til að meta fjárhagsaðstöðu þeirra vátryggingaraðilja, sem þeir skipta við og gera sér í raun grein fyrir þeim kjörum, sem þeir semja um. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt, að ríkisvaldið taki að sér að hafa eftirlit með starfsemi vátryggingarfélaga og fái rúmar heimildir til að taka í taumana, ef eitthvað fer úrskeiðis.

Lög nr. 62/1913 eru algjörlega úrelt og gegna ekki lengur hlutverki sínu. Þetta hefur íslenzkum vátryggingaraðiljum verið ljóst og hafa því um nokkurt skeið lagt til, að sett væri hér á landi löggjöf um vátryggingarstarfsemi hliðstætt við það, sem er í nágrannalöndum okkar.

Nefndin hefur kannað hvaða félög og stofnanir reka vátryggingarstarfsemi hér á landi. Á fskj. nr. 1 er yfirlit yfir þá tryggingaraðilja, sem nefndinni er kunnugt um. Yfirlitið er vart tæmandi, en þeir aðiljar, sem þar vantar, munu að líkindum reka hverfandi starfsemi og ekki skipta máli.

Samkvæmt yfirlitinu eru 19 stofnanir, sem reka tryggingarstarfsemi samkvæmt sérstökum lögum þar af 9 bátaábyrgðarfélög. Þá reka 21 hlutafélag, 3 gagnkvæm félög og eitt félag á vegum bifreiðatryggingarfélaganna vátryggingarstarfsemi, en af hlutafélögunum er eitt þrotabú. Þá eru skráð í firmaskrá 8 erlend félög, en starfsemi þeirra er hverfandi og a. m. k. 4 munu hætt starfsemi, þótt þau hafi ekki verið afmáð úr firmaskrá enn.

Nefndin hefur aflað gagna um löggjöf nágrannalandanna um vátryggingarstarfsemi og við samningu frumvarpsins hefur hún aðallega stuðzt við löggjöf Norðurlandanna og þá einna helzt við finnsku lögin um vátryggingarstarfsemi.

Löggjöf Norðurlandanna um þetta efni stendur á gömlum merg og er almennt talin til fyrirmyndar. Af gildandi lögum á Norðurlöndum eru norsku lögin elzt eða frá 1911, en nokkrar breytingar hafa verið gerðar á þeim síðan, þótt meginstofn laganna sé óbreyttur. Sænsku lögin eru frá 1948 og mjög ítarleg. Finnsku lögin voru síðast endurskoðuð 1952 og eru mjög nýtízkuleg. Dönsku lögin eru frá 1959 og þá voru lög um líftryggingarstarfsemi og lög um skaðatryggingarstarfsemi sameinuð í einum lagabálki.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er markað gildissvið laganna. Þau skulu taka til allrar vátryggingarstarfsemi, sem rekin er á viðskiptagrundvelli. Á það jafnt við frumtryggingar og endurtryggingar. Skilgreining þessi er í samræmi við reglur annarra Norðurlanda í þessum efnum.

Um 2. gr.

Í grein þessari er gildissvið nánar skilgreint, sbr. 1. gr. Er sérstök ástæða til að benda á, að lögin taka ekki til eftirlaunasjóða, lífeyrissjóða og sjúkrasjóða. Þá eru af eðlilegum ástæðum Tryggingastofnun ríkisins og hliðstæðar stofnanir undanþegnar ákvæðum laganna, að því er varðar almennan rekstur slíkra stofnana. Reki slíkar stofnanir hins vegar vátryggingarstarfsemi á viðskiptagrundvelli, fellur rekstur þeirra undir ákvæði laganna, að því er þann þátt varðar. Sem dæmi má nefna starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 75. gr. laga nr. 67/1971.

Fjöldi vátryggingarfélaga hér á landi er rekinn samkvæmt sérlögum og njóta

sum einkaréttar til ákveðinna trygginga. Í raun er lítill munur á þessum vátryggingarfélögum og vátryggingarfélögum, sem rekin eru á einkaréttargrundvelli þar sem þau reka viðskipti sín á venjulegum viðskiptagrundvelli. Sem dæmi um slík vátryggingarfélög má nefna Brunabótafélag Íslands, sem rekið er samkvæmt lögum nr. 9/1955, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sem rekin er samkvæmt lögum nr. 47/1967, Íslenzka endurtryggingu, sem rekin er samkvæmt lögum nr. 48/1947 og Húsatryggingar Reykjavíkur, sem reknar eru samkvæmt lögum nr. 25/1954.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í grein þessari er beint bannað, að vátryggingarfélag hafi á höndum aðra starfsemi en vátryggingar, vátryggingarumboð og tjónauppgjör, svo og fasteignarekstur á þeim fasteignum, sem það á. Enn fremur mundi vátryggingarfélagi vera heimilt að ávaxta sjóði sína á venjulegan hátt svo sem með kaupum og sölu verðbréfa. Vátryggingarfélagi mundi hins vegar vera óheimilt að reka t. d. heildverzlun eða útgerð. Þá er einn þáttur vátryggingarstarfsemi tekinn út úr, en það eru líftryggingar. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að líftryggingar (frumtryggingar) séu reknar af sjálfstæðum félögum, sem hafi einungis þá starfsemi með höndum. Þó geti tryggingamálaráðherra leyft tryggingarfélagi að hafa með höndum sjúkra- og slysatryggingar, en þær tryggingagreinar eru á margan hátt skyldar líftryggingum. Er þetta í samræmi við erlend lög. Líftryggingar eru þannig upp byggðar, að oft er ætlazt til, að vátryggingarsamningurinn gildi um langan tíma og vátryggingarfélagið leggi til hliðar verulegt fé um langan tíma til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar. Skaðatryggingar gilda hins vegar yfirleitt um skamman tíma. Algengt er nú, að vátryggingarfélög, er hafa á hendi alhliða vátryggingarstarfsemi, reki einnig líftryggingarstarfsemi. Slíkt verður að teljast óheppilegt. Af eðli líftryggingarstarfseminnar leiðir, að fjárreksturs hennar verður að gæta af meiri vandvirkni og athugun en annarra trygginga. Um endurtryggingar líftrygginga gildir nokkuð öðru máli. Virðist ekki ástæða til að binda endurtryggingar líftrygginga við sérstök líftryggingaendurtryggingafélög.

Þá eru í grein þessari sérstök ákvæði, sem banna vátryggingarfélögum að taka á sig ábyrgð eða skuldbindingar, sem ekki eru vátryggingar, nema slíkt leiði af eðlilegum rekstri félagsins. Samkvæmt þessu er vátryggingarfélögum t. d. bannað að ganga í ábyrgðir fyrir viðskiptaaðilja sína, sem nú mun nokkuð tíðkast, samþykkja fyrir þá víxla eða ábaka og annað slíkt.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Eins og rakið er í 3. gr. mega einungis félög reka vátryggingarstarfsemi, hlutafélög, gagnkvæm vátryggingarfélög og svo félög og stofnanir, sem starfa samkvæmt sérstökum lögum, sem er í samræmi við gildandi reglur.

Að því er varðar vátryggingarhlutafélög virðist nauðsynlegt að breyta nokkuð frá því, sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum um hlutafélög, sem eru gömul og úrelt.

Í hlutafélagalögum er gert ráð fyrir, að stofnendur hlutafélags skuli vera menn. Hér er hins vegar lagt til, að þeir geti verið bæði menn og lögpersónur. Er ríkissjóði, bæjar- og sveitarfélögum og stofnunum, sem þessir aðiljar bera ótakmarkaða ábyrgð á, svo og samvinnufélögum og samvinnufélagasamböndum, heimilað að gerast stofnendur vátryggingarhlutafélags. Innborgað hlutafé er ákveðið minnst 20 milljónir króna. Þá er lagt til, að lögboðið verði, að a. m. k. einn löggiltur endurskoðandi skuli ráðinn eða kjörinn til að endurskoða reikninga félagsins og skuli hann ekki vera of tengdur félaginu, þ. e. ekki í stjórn þess né fastur starfsmaður að öðru leyti.

Um 7. gr.

Hér er lagt til, að vátryggingarhlutafélag megi aldrei eiga meira en 10% af eigin hlutafé. Er það í samræmi við gildandi hlutafélagalög, en hins vegar er hér ekki tekin upp heimild ráðuneytis til að hækka hlut hlutafélagsins um eign á eigin hlutafé. Þá er hér boðið, að atkvæðisréttur fylgi ekki þeim hlutabréfum, sem vátryggingarhlutafélagið á sjálft, en sá siður hefur tíðkazt hér, að stjórnir hlutafélaga hafa veitt sjálfum sér umboð og atkvæðisrétt til að fara með atkvæði fyrir hlutafé í eign félagsins. Er slíkt mjög óheppilegt.

Um 8. gr.

Settar eru nokkrar reglur um hvenær arðgreiðslur megi fara fram til hluthafa og er það í samræmi við almennar reglur á þessu sviði og mið haft af gildandi lögum um tekju- og eignarskatt. Það athugast, að iðgjaldavarasjóður tekur hér bæði til iðgjaldasjóðs líftrygginga og yfirfærðra iðgjalda í öðrum tryggingum.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Í grein þessari eru settar reglur um stofnun gagnkvæms vátryggingarfélags, en það félagaform hefur verið allvinsælt. Reglurnar eru um margt hliðstæðar reglunum um stofnun hlutafélaga. Gert er ráð fyrir, að stofnendur leggi fram stofnfé, sem nemi minnst 10 milljónum króna. Hafa verður það í huga, þegar þetta er borið saman við hlutafélög, að gert er ráð fyrir að ábyrgð félagsmanna verði nokkur. Miðað er við, að fé þetta standi inni hjá hinu gagnkvæma vátryggingarfélagi og megi ekki endurgreiða nema að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra. Rétt getur verið að heimila að stofna gagnkvæm vátryggingarfélög með minna stofnfé en 10 milljónum króna. Mundi það sérstaklega vera í þeim tilvikum, að hið gagnkvæma vátryggingarfélag væri svæðisbundið og næði yfir frekar lítið svæði. Er því gert ráð fyrir að heimilt sé að leyfa, að stofnfé sé minna.

Um 11. gr.

Í grein þessari eru settar reglur um samband og ábyrgð aðila að gagnkvæmu vátryggingarfélagi. Gert er ráð fyrir, að þeir, sem vátryggja hjá gagnkvæmu vátryggingarfélagi, séu um leið félagar í vátryggingarfélaginu og taki ábyrgð á skuldbindingum þess. Miðað er við, að settar verði sérreglur í samþykktum hinna einstöku félaga um ábyrgð vátryggingartaka, sem gert er ráð fyrir að verði hundraðshluti af iðgjaldagreiðslum, en þó megi ábyrgð hvers vátryggingartaka eigi nema lægra fé en kr. 500.00. Gert er ráð fyrir, að endurtryggjendur séu undanþegnir slíkri ábyrgð, enda nemi endurtryggingariðgjöldin eigi meira en 20% af iðgjaldatekjum félagsins. Ábyrgð vátryggingartaka er miðuð við almanaksár og eru settar sérstakar reglur um það, hvenær ábyrgðin falli niður og gert er ráð fyrir, að hún falli niður um hver áramót, ef eigi er krafa gerð á hendur vátryggingartakanum innan tveggja ára frá lokum þess almanaksárs, sem vátryggingin fellur úr gildi. Þá er lagt til, að ábyrgð vátryggingartaka sé ekki bein þannig, að kröfuhafar á félagið geti ekki gengið að hinum einstöku vátryggingartökum, heldur sé það einungis þrotabú, skilanefnd eða skilastjórn félagsins, sem greiðslu geti krafizt. Þó er það frávik gert, að tryggingamálaráðherra er heimilað að leyfa stjórn slíks félags að krefja fé úr hendi vátryggingartaka, ef slíkt telst nauðsynlegt til þess að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar, en slíkt leyfi má aðeins veita til eins árs í einu. Á naumast til slíks að geta komið, ef eftirlit það, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, verður framkvæmt svo sem til er ætlazt.

Lagt er til, að þar sem ákvæðið er í sérlögum um ábyrgð félagsmanna í gagnkvæmum vátryggingarfélögum, þá skuli þau ákvæði halda gildi sínu. Hins vegar skuli á hverju vátryggingarskírteini, sem gagnkvæmt vátryggingarfélag gefur út, koma skýrt fram hvernig ábyrgð vátryggingartaka er háttað. Virðist nauðsynlegt, að þeir, sem skipta við slík félög, viti að þeir taki á sig nokkra ábyrgð.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringar. Sjá aths. um 8. gr.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Svo sem verið hefur, er gert ráð fyrir að erlend vátryggingarfélög geti með ákveðnum skilyrðum fengið leyfi til starfsemi hér á landi. Þannig er það skilyrði, að félagið hafi heimild til að reka vátryggingarstarfsemi í heimalandi sínu.

Um 15. gr.

Hér er lagt til, að erlent vátryggingarfélag, er hér hyggst starfa, skuli sanna, að hreinar eignir þess hér á landi nemi a. m. k. kr. 10 milljónum og skuli félagið árlega sanna, að félagið eigi þessa eign. Hins vegar eru felldar niður þær reglur, sem nú eru, að erlend félög skuli setja sérstakar tryggingar fyrir starfsemi sína, enda virðist slíkt þýðingarlítið í raun.

Um 16. gr.

Grein þessi samsvarar 2. gr. laga nr. 62/1913 með nokkrum breytingum, er eigi virðist ástæða til að rita um sérstakar skýringar.

Um 17. og 18. gr.

Gert er ráð fyrir, að ársreikningar vátryggingarfélaga, er starfa hér á landi skuli gerðir í sérstöku formi, sem tryggingamálaráðherra ákveði.

Athugun á ársreikningum vátryggingarfélaga þeirra, er nú starfa hér sýnir, að þeir eru gerðir á mismunandi hátt og erfitt um samanburð. Úr þessu er gert ráð fyrir að bætt verði með ákvæðum þessum. Þá er lagt til að ársreikningar vátryggingarfélaga verði birtir.

Um 19. gr.

Hér er lagt til, að vátryggingarfélög skuli leggja hluta af hagnaði sínum í svonefndan áhættusjóð. Framlag í sjóðinn er takmarkað, og bundið, að fé úr sjóði þessum megi einungis verja til að bæta óvenjulegar tryggingagreiðslur ár hvert, að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra.

Um 20. gr.

Það kemur fyrir, að vátryggingarfélag óski eftir að flytja tryggingastofn sinn til annars félags. Er hér gert ráð fyrir, að slíkt sé unnt, að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits, en leita skal eftir athugasemdum vátryggingartaka og vátryggðra vegna yfirfærslunnar.

Um 21. gr.

Telja verður óheppilegt, að vátryggingarstarfsemi sé rekin af mjög smáum félögum. Er því gert ráð fyrir þeim möguleika, að vátryggingarfélög, eitt eða fleiri, óski eftir því að sameinast þannig, að eitt vátryggingarfélag taki við öllum skuldbindingum beggja eða allra félaganna gagnvart vátryggjendum og að slíkt sé heimilt að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits og samþykki tryggingamálaráðherra.

Um 22. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að íslenzkum vátryggingarfélögum og þeim erlendu félögum, er sérstaka viðurkenningu hafa fengið, verði veittur einkaréttur til að reka vátryggingarstarfsemi á Íslandi. Með hliðsjón af því er talið rétt að leggja bann við því, að aðiljar á Íslandi stuðli að því í atvinnuskyni að íslenzkar eignir séu vátryggðar annars staðar en á Íslandi. Þess verður og að gæta að telja verður, að það samrýmist bezt íslenzkum hagsmunum að íslenzkar vátryggingar séu hjá félögum, er háð eru eftirliti íslenzkra stjórnvalda. Grein þessi er í samræmi við ákvæði í dönskum lögum um vátryggingarstarfsemi.

Um 23. gr.

Eins og getið var, þegar rætt var um 4. grein, þá er ráð fyrir því gert í frumvarpinu, að líftryggingarstarfsemi sé rekin af sérstökum og sjálfstæðum félögum. Til hennar verður að gera nokkrar sérkröfur og til þess að unnt sé að fylgjast með rekstri slíkra félaga, verða stjórnvöld að fá ýmis gögn og upplýsingar, sem eigi er ástæða til að krefja af öðrum félögum. Eru þau upptalin í þessari grein, sem að öðru leyti virðist ekki þarfnast skýringa.

Um 24. og 25. gr.

Lagt er til í frumvarpinu, að hvert líftryggingarfélag tryggi sér þjónustu tryggingastærðfræðings, sem hafi á hendi tryggingatæknilegar athuganir fyrir félagið. Þeim einum sé heimilt að taka að sér slíkt starf, er fengið hafi sérstakt starfsleyfi tryggingamálaráðherra. Tryggingastærðfræðingur tryggingarfélagsins á að bera ábyrgð á því, að það félag, sem hann veitir þjónustu sína, fari eftir þeim reglum sem ákveðnar hafa verið, um reiknigrundvöll allan, ágóðaúthlutun og annað slíkt. Hann skal og fylgjast með starfsemi félagsins, og tilkynna tryggingamálaráðherra, ef eitthvað fer úrskeiðis.

Um 26. gr.

Hér er fjallað um bann við því, að breytt sé reiknigrundvelli iðgjaldasjóðs líftryggingarfélaga nema að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra. Þá eru settar fram reglur um það hversu með skuli fara, ef iðgjaldasjóður er lækkaður eða hækkaður. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki nánari skýringa.

Um 27. gr.

Það leiðir af eðli líftrygginga, að líftryggingarfélag verður að leggja til hliðar og ávaxta hluta af iðgjöldum, til þess að mæta greiðslum til vátryggingartaka, þegar þar að kemur. Er gert ráð fyrir, að í bókhaldi líftryggingarfélaga sé þetta fé sérstaklega fært.

Um 28. gr.

Hér eru settar reglur um það, hversu ávaxta megi líftryggingasjóð. Reglur þessar eru í meginatriðum í samræmi við reglur laga nr. 17/1964. Þó eru nokkrar breytingar þar á gerðar, sem segja má, að séu í samræmi við þær breytingar, sem orðið hafa á fjármálum og verðmati hér á landi síðan þau lög voru sett. Þannig er gert ráð fyrir, að við fasteignatryggingu veðskuldabréfa skuli miða við fasteignamatsverð. Líftryggingarfélagi er þó heimilt að ávaxta fé líftryggingasjóðs á annan hátt að fengnu sérstöku leyfi tryggingamálaráðherra. Reglur þessar skulu einnig gilda um erlend líftryggingarfélög, er hér hafa fengið leyfi til starfsemi.

Um 29. gr.

Þar sem gert er ráð fyrir, að meginhluti eigna líftryggingasjóðs sé ávaxtaður í verðbréfum, eru settar hömlur á meðferð þeirra, þannig að líftryggingarfélagið, eigandinn, má ekki veðsetja þau né selja þau nema að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra. Þá er einnig bönnuð aðför í þessum bréfum, nema til tryggingar fullnustu líftryggingarkröfum. Ef líftryggingarfélag ávaxtar fé líftryggingasjóðs í eigin fasteign, skal þinglýsa sem kvöð á eignina, að eigi megi veðsetja hana, svo réttur líftryggingasjóðs skerðist, og eigi selja hana nema með leyfi tryggingamálaráðherra.

Um 30. gr.

Ef líftryggingarfélag lendir í fjárþröng og skilastjórn tekur við stjórn þess, skal hún þegar í stað taka í sína vörzlu allar eignir líftryggingasjóðs. Verði um gjaldþrotaskipti að ræða, skulu eignir líftryggingasjóðs ekki teljast með eignum búsins og heldur eigi skuldbindingar hans með skuldum þess. Skal líftryggingastofninn rekinn áfram með þeim skuldbindingum, sem á honum hvíla, og eignum, sem hann á, og gerður upp sem slíkur, eins og nánar verður vikið að síðar.

Um 31. gr.

Hér er um það fjallað, hversu skilastjórn skuli fara með líftryggingastofn og líftryggingasjóð, sem hún hefur tekið við, sbr. ákv. 30. gr. Skilastjórnin skal reyna að framselja íslenzku líftryggingarfélagi tryggingastofninn gegn því, að það taki við líftryggingasjóðnum og skuldbindingum hans, og skal leita eftir tilboðum í slíkt. Að fengnum tilboðum skal afla athugasemda vátryggingartaka eða vátryggðra gegn yfirfærslu. Lítist tryggingaeftirliti svo vel á eitthvert tilboð, að það vilji með því mæla getur ráðherra framselt því félagi tryggingastofninn svo og eignir líftryggingasjóðs. Ef einhverjir þeir vátryggðir, sem athugasemdir hafa gert, vilja ekki samþykkja, eiga þeir rétt á því að fá endurgreitt verðmæti líftrygginga sinna, að svo miklu leyti sem hlutfallsleg eign í líftryggingasjóði hrekkur til. Berist hins vegar ekki tilboð í líftryggingastofn, er tryggingaeftirlitið vill mæla með, skal gera líftryggingasjóðinn upp þannig, að vátryggðum sé greiddur sá hluti hans, er þeir eiga í raun, miðað við verðmæti líftrygginga þeirra í sjóðnum.

Um 32. gr.

Hér er lagt til, að tryggingamálaráðherra haldi skrá um alla þá aðilja, sem heimildir hafa til sölu vátrygginga hér á landi. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 33. gr.

Áður en vátryggingarfélag er skráð í vátryggingarfélagaskrá, skal það senda tryggingarnefnd gögn sín. Tryggingarnefnd kannar síðan, hvort félagið fullnægi skilyrðum laganna, reglugerða og sé yfirleitt hæft til að reka vátryggingastarfsemi. Reynist svo, skal skrá félagið og veita því starfsleyfi. Fyrst að fengnu starfsleyfi má skrá félagið í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá. Ekki má félagið hefja starfsemi fyrr en báðum þessum skilyrðum er fullnægt.

Um 34. gr.

Hér er lagt til, að allar tilkynningar um breytingar á samþykktum vátryggingarfélags, stjórn og öðru, er máli skiptir, skuli sendar til vátryggingarfélagaskrár og megi eigi skrá þetta í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá, fyrr en svo hefur verið gert.

Um 35. og 36. gr.

Ef félag missir rétt til að reka vátryggingarstarfsemi hér á landi, verður gjaldþrota eða slitið, skal má nafn þess úr vátryggingarfélagaskrá. Til þess, að almenningur geti betur fylgzt með því, hvaða félög hafi heimild til að reka vátryggingarstarfsemi, skal árlega birta í Lögbirtingablaðinu skrá um slík félög.

Um 37. og 38. gr.

Mjög hefur þótt á það skorta hér á landi, af hendi hins opinbera, að eftirlit væri haft með starfsemi vátryggingarfélaga. Til þess að reyna að bæta úr þessu er hér lagt til, að tryggingamálaráðherra skipi þriggja manna nefnd til fjögurra ára til að hafa á hendi slíkt eftirlit. Er gert ráð fyrir, að einn nefndarmanna sé embættisgengur lögfræðingur og annar tryggingastærðfræðingur.

Um 39. gr.

Í grein þessari er það rakið í megindráttum hvað vátryggingarfélögin skuli afhenda tryggingaeftirlitinu til þess að það geti framkvæmt eftirlit sitt. Vátryggingarfélag skal senda ársreikninga sína undirritaða af stjórn félagsins ásamt skýrslu endurskoðenda, ef hún er sérstök, svo og endurrit úr aðalfundagerðabók félagsins um að reikningarnir hafi verið samþykktir. Ársreikningum skal einnig fylgja skýrsla um fasteignir, bifreiða-, skipa- og verðbréfaeign og skrá um inneignir hjá viðskiptamönnum og skuld við skuldheimtumenn. Þá skal fylgja sérstök skýrsla um hvernig

áætlaðar eru áfallnar en ógreiddar vátryggingarkröfur. Reikningum líftryggingarfélags skal einnig fylgja skýrsla tryggingastærðfræðings um uppgjör líftryggingasjóðs og skýrsla endurskoðenda um að ávöxtun hans sé í samræmi við lög. Ætla má að þessi gögn nægi tryggingaeftirliti til að rækja starfsskyldur sínar.

Um 40. gr.

Hér er boðið, að öll vátryggingarfélög skuli senda tryggingaeftirliti endurrit tryggingaskilmála þeirra, er þau nota svo og síðari breytingar, sem á þeim kunna að verða. Tryggingaeftirlit skal gæta þess, að almennir skilmálar vátryggingarfélaga séu í samræmi við lög og góða viðskiptahættu í vátryggingaviðskiptum og skal nema brott það, er eigi verður fallist á.

Um 41. gr.

Aðalhlutverk tryggingaeftirlits er þó að kanna fjárhag vátryggingarfélaga, þ. e. a. s. hvort félag eigi nægilegar eignir fyrir skuldum og hvort það eigi nægilegt fé til rekstrar síns.

Um 42. gr.

Hér er tryggingaeftirliti veitt heimild til að krefja vátryggingarfélög og þá er vátryggingastarfsemi reka, um öll þau gögn, sem það kann að telja sig þurfa og til að rannsaka eða láta rannsaka starfsemi þessara aðilja og eiga rétt til aðgangs að bókhaldi og skjölum þeirra.

Um 43. gr.

Hér er um það rætt hvernig með skuli fara, ef vátryggingarfélag sinnir ekki tilmælum tryggingaeftirlits eða er ekki gjaldhæft eða greiðsluhæft. Skal tryggingaeftirlit þá þegar í stað tilkynna tryggingamálaráðherra um málið og gera ákveðnar tillögur um hvað gera skuli. Ráðherra er heimilt að setja félaginu frest til þess að bæta úr því, sem úrskeiðis hefur farið. Hafi félagið ekki gert úrbætur innan þess tíma, er ákveðinn var, getur ráðherra afturkallað starfsleyfi og skipað félaginu þriggja manna skilastjórn, sem tekur við öllum heimildum félagsstjórnar og falla jafnframt niður allar heimildir félagsstjórnar, þar á meðal allar venjulegar rekstrarheimildir. Skilastjórn skal síðan halda félagsfund og kynna félagsmönnum hvernig komið er. Skilastjórn skal hins vegar taka ákvörðun um það hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli rekið áfram um skeið og viðskiptum lokið án gjaldþrotaskipta og skal við mat á slíku aðallega tekið tillit til hagsmuna vátryggðra. Þessar reglur, sem hér hefur að framan verið getið, eiga að gilda um þau félög, sem eigi starfa samkvæmt sérlögum, en þau félög, er samkvæmt sérlögum starfa, skal ráðherra eigi svipta starfsleyfi fyrr en rannsóknarnefnd, er hann hefur skipað, hefur kannað hag og rekstur félagsins og gert tillögur um hvað gera skuli.

Um 44. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 45. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 46. gr.

Hér er ákveðið hvernig skuli fara um kostnað af tryggingaeftirliti og eftirlitsstörfum. Er gert ráð fyrir, að hann sé greiddur af vátryggingarfélögunum a. m. k. að meginhluta, en þau innheimti hann í iðgjöldum því að telja verður, að tryggginganefnd starfi aðallega til hagsbóta fyrir vátryggða. Nægi hins vegar tekjur frá vátryggingarfélögum ekki til greiðslu kostnaðar af starfsemi tryggingaeftirlits skal það, sem á skortir, greitt úr ríkissjóði.

Um 47. gr.

Búast má við ýmsum erfiðleikum, þegar lög þessi taka gildi, að því er varðar vátryggingarfélög þau, er þegar starfa. Í grein þessari eru reglur um hvernig þau

félög, er eigi starfa samkvæmt sérlögum og hyggjast halda áfram starfsemi sinni, skuli með fara. Þau skulu innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna senda tryggingamálaráðherra umsókn um starfsleyfi og skráningu og skulu umsókninni fylgja nauðsynleg gögn. Þá skulu einnig fylgja ársreikningar félagsins með áritun og skýrslur löggilts endurskoðanda. Berist gögn eigi á þeim tíma, sem tilskilið er, falla niður heimildir félagsins til að taka á sig vátryggingarskuldbindingar og selja vátryggingar. Um þær vátryggingar, er félagið hefur áður selt, skal svo með farið, sem félagið hefði brotið þannig af sér, að það hefði verið svipt starfsleyfi, sbr. 43. gr.

Um 48. gr.

Hér er fjallað um þau vátryggingarfélög, sem starfa samkvæmt sérlögum. Þau skulu einnig senda tryggingamálaráðherra umsóknir um starfsleyfi og skráningu ásamt gögnum.

Um 49. gr.

Gögn þau, sem vátryggingarfélög þannig senda, skulu send til tryggingaeftirlits, er skal kanna þau og skila áliti til tryggingamálaráðherra eigi síðar en átta mánuðum eftir gildistöku laganna, þ. e. a. s. minnst sex mánuðum eftir móttöku gagnanna.

Um 50. gr.

Þau vátryggingarfélög, sem tryggingaeftirlit mælir með, skulu fá starfsleyfi þegar í stað.

Um 51. gr.

Telji tryggingaeftirlit, að í samþykktum vátryggingarfélags sé ákvæði, sem brjóti í bága við ákvæði laga eða reglugerða, en mælir að öðru leyti með því, að tryggingarfélaginu sé veitt starfsleyfi, er tryggingamálaráðherra heimilt að veita félaginu starfsleyfi til bráðabirgða í allt að eitt ár, til að koma málum sínum í lag á þeim tíma.

Um 52. gr.

Komi í ljós, að hlutafé vátryggingarhlutafélags eða stofnfé gagnkvæms vátryggingarfélags er lægra en gert er ráð fyrir í frumvarpinu, en tryggingaeftirlitið mælir samt með því, að félagið fái starfsleyfi, þá er tryggingamálaráðherra heimilt að veita félaginu starfsleyfi. Einnig má tryggingamálaráðherra veita félaginu bráðabirgðaleyfi og setja það skilyrði, að hlutafé eða stofnfé skuli aukið að lögboðnu marki innan ákveðins tíma, sem má vera allt að þremur árum.

Um 53. gr.

Telji tryggingaeftirlit hins vegar, að vátryggingarfélag, sem ekki starfar samkvæmt sérlögum, sé ekki gjaldhæft, er tryggingamálaráðherra heimilt að veita því sex mánaða frest til að rétta við hag sinn, en geti það ekki bætt úr því, er á vantar, á þessum tíma, skal skipa félaginu skilastjórn og með það fara samkvæmt ákvæðum 43. gr.

Um 54. gr.

Eins og tekið er fram í frumvarpinu, er gert ráð fyrir, að eigi reki sama félagið bæði skaðatryggingar og líftryggingar. Af þessum ástæðum er í grein þessari boðið, að sæki félag, sem rekið hefur bæði skaðatryggingar og líftryggingar, um starfsleyfi, þá megi veita því að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits frest í tvö ár til að breyta starfsemi sinni þannig, að það samræmist ákvæðum laganna.

Um 55. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 56. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 57. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 58. gr.

Þessi grein þarfnast ekki sérstakra skýringa. Þó er rétt að benda sérstaklega á tvö atriði.

Felld er úr gildi 77. gr. umferðarlaganna nr. 40/1970. Eftirlit það, sem þar er um fjallað, hefur ekki reynzt nægilegt, sem reyndar er auðséð, þegar þess er gætt, að aðeins er kannaður einn þáttur rekstrar vátryggingarfélaganna, þ. e. ábyrgðartryggingar bifreiða. Nú er lagt til í frv., að heildarrekstur vátryggingarfélaganna verði kannaður á hverju ári og allir reikningar birtir. Á þeim reikningum mundu skyldutryggingar bifreiða verða sérgreindar og samanburður allur jafnhægur og áður og öruggari. Ætti því breyting þessi að verða til bóta.

Þá eru felld úr gildi lög nr. 20/1903. Hagfræðikönnun þeirri á vátryggingarstarfsemi, sem Hagstofa Íslands hefur á hendi verður vitanlega að halda áfram. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að tryggingaeftirlitið fá í hendur fullkomnari og öruggari gögn en Hagstofan hefur fengið. Virðist því eðlilegra, að eftirlitið láti vinna þær hagfræðilegu athuganir, sem nauðsynlegar eru, í samvinnu við Hagstofuna, heldur en að þær séu unnar hjá tveimur stofnunum.

Um 59. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fyliskjal I.

YFIRLIT
um félög og stofnanir á Íslandi, sem hafa á hendi tryggingar.

I. Innlend félög og stofnanir.

A. Lífeyrissjóðir, sjúkrasjóðir, styrktarsjóðir o. þ. h.
Þessir sjóðir eru ekki taldir hér með.

B. Félög og stofnanir samkv. sérstökum lögum.

1. Atvinnuleysistryggingar (L. 29/1956).
2. Bjargráðasjóður Íslands (L. 8/1961).
3. Brunabótafélag Íslands (L. 9/1955).
4. Búfjártryggingar (L. 20/1943).
5. Húsatryggingar Reykjavíkurborgar (L. 25/1954).
6. Íslenzk endurtrygging (L. 48/1947).
7. Ófriðartryggingin (L. 2/1944).
8. Samábyrgð Íslands á fiskiskipum (L. 47/1967).
9. Tryggingadeild útflutningslána (L. 60/1970).
10. Tryggingastofnun ríkisins (L. 40/1963 82. gr.).
11. Vélbátaábyrgðarfélög (L. 41/1967).
    a. Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta, Reykjavík.
    b. Vélbátaábyrgðarfélag Akurnesinga.
    c. Bátatrygging Breiðafjarðar, Stykkishólmi.
    d. Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga, Ísafirði.
    e. Vélbátatrygging Eyjafjarðar, Akureyri.
    f. Skipatrygging Austfjarða, Neskaupstað.
    g. Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja. (L. 41/1967, 6. gr.).
    h. Vélbátaábyrgðarfélagið Hekla, Stokkseyri.
    i. Vélbátatrygging Reykjaness, Keflavík.

C. **Hlutafélög og gagnkvæm félög.**

1. Almennar Tryggingar h/f.
2. Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi.
3. Alþjóða líftryggingarfélagið h/f.
4. Ábyrgð h/f.
5. Byggðatryggingar h/f.
6. Carl D. Tulinius & Co. h/f.
7. Hagtrygging h/f.
8. Iðntryggingar h/f.
9. Íslenzkar vátryggingar h/f.
10. Líftryggingafélagið Andvaka g/t.
11. Líftryggingamiðstöðin h/f.
12. Líftryggingarskrifstofa Sigfúsar Sighvatssonar h/f.
13. Norðlenzk trygging h.f.
14. Sameinaða vátryggingarfélagið h/f.
15. Samtrygging íslenzkra botnvörpunga g/t.
16. Samvinnutryggingar g/t.
17. Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f.
18. Trolle & Rothe h/f.
19. Trygging h/f.
20. Tryggingafélagið Heimir h/f.
21. Tryggingamiðstöðin h/f.
22. Vátryggingaskrifstofa Sigfúsar Sighvatssonar h/f.
23. Verzlanatryggingar h/f.
24. Vörður — Trygging h/f.
25. Þb. Vátryggingafélagsins h/f.

II. **Erlend félög.**

1. Ansvar International Insurance Co. Ltd.
2. Eagle Star Insurance Co. Ltd.
3. Forsikrings A/S Nye Danske Liv.
4. Forsikrings a/s Nye Danske av 1864.
4. Nordisk Brandforsikring A/S.
6. Statsanstalten for Livsforsikring.
7. The Liverpool & London & Globe Insurance Co. Ltd.
8. The International Life Insurance Co. Ltd.

Fylgiskjal II.

K. G. Guðmundsson
cand. act.

Reykjavík, 17. janúar 1972.

Hr. tryggingamálaráðherra
Magnús Kjartansson,

Reykjavík.

Samkvæmt beiðni yðar hef ég athugað frumvarp til laga um vátryggingarstarfsemi, er þeir Benedikt Sigurjónsson, hæstaréttardómari og tryggingastærðfræðingarnir Bjarni Þórðarson og Jón E. Þorláksson hafa samið.

Á síðasta sumri fór ég yfir uppkast að þessu frumvarpi að beiðni Benedikts Sigurjónssonar, hæstaréttardómara, og benti á ýmis atriði, sem ég taldi, að betur mættu fara. Ábendingar mínar hafa flestar verið teknar til greina, nema þær, sem lutu að upphæð innborgaðs hlutafjár og stofnfjár lágmarksábyrgðar vátryggingartaka

í gagnkvæmum félögum og lágmarkseign hér á landi hjá erlendum vátryggingarfélögum, sem hér vilja starfa. Í öllum þessum tilfellum álít ég tillögur frumvarpsins mikið of lágar. Ef lágar kröfur eru gerðar um hlutafé eða stofnfé má búast við, að framhald verði á stofnun nýrra vátryggingarfélaga, er ekki tekst á nokkurn hátt að endurbæta þá vátryggingarstarfsemi, sem fyrir er.

Tillaga mín er, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

Í 2. mgr. 6. greinar komi kr. 20 000 000.00 í stað kr. 5 000 000.00.

Í 2. mgr. 10. greinar komi kr. 10 000 000.00 í stað kr. 2 00 000.00.

Í stað setningarinnar: „Ábyrgð hvers vátryggingartaka má eigi nema lægra fé en kr. 500 00“ í fyrstu málsgrein 11. gr. komi: „Ábyrgð hvers vátryggingartaka má eigi nema lægra fé en hálfu iðgjaldinu af viðkomandi skirteini eða kr. 500.00 hvort sem hærra er“.

Í 15. grein komi kr. 10 000 000.00 í stað kr. 2 000 000.00.

Í niðurlagi 26. gr. tel ég rétt að hámarksfresturinn sé styttur úr 15 árum í 10 ár.

Í 28. gr. tel ég rétt að bæta aftan við 2. mgr. orðunum: „þó ekki í hlutabréfum“. Hér á landi er engin opinber verðskráning til á hlutabréfum. Mér er ekki kunnugt um, að ávöxtun líftryggingasjóða í óskráðum hlutabréfum sé leyfð í nokkru landi þar sem eftirlit er með vátryggingastarfsemi. Mjög víða er ávöxtun í hlutabréfum algerlega bönnuð.

Aftan við 2. mgr. 29. greinar þarf að bæta setningunni: „og hvernig iðgjaldsyfirfærslur til næsta árs eru ákveðnar“. Þetta atriði hefur mér sézt yfir við lestur uppkastsins síðast liðið sumar.

Fleiri athugasemdir hef ég ekki við frumvarpið. Sem heild virðist mér það vel samið og mæli ég eindregið með, að það verði lagt fram á Alþingi með þeim breytingum, sem ég hef bent á hér að framan. Ég tel það mjög aðkallandi að sett verði fullkomnari löggjöf en nú er í gildi um eftirlit með vátryggingastarfseminni. Að vísu getur löggjöfin ein ekki leyst allan vanda. Mikið er einnig undir því komið, hvernig til tekst um framkvæmd eftirlitsins.

Þess skal að lokum getið, að ég innti höfunda frumvarpsins eftir því, hvort þeir hefðu áætlað kostnað við framkvæmd eftirlitsins og athugað hve miklu framlög vátryggingarfélaganna samkvæmt 1. mgr. 46. greinar munu nema. Þeir kváðust hafa áætlað kostnað við eftirlitið um 2 milljónir króna miðað við verðlag sumarið 1971. Framlög vátryggingarfélaganna miðað við iðgjaldatekjur 1970 töldu þeir að hefðu verið kr. 1.2 millj. af frumtryggingum og kr. 0.6 millj. af endurtryggingum. Iðgjöld 1971 hafa verið allmikið hærri en 1970. Má því ætla, að tekjur og gjöld eftirlitsins standist nokkurn veginn á, enda voru taxtarnir í 1. mgr. 46. greinar við það miðaðir.

Virðingarfyllst,

Kr. Guðm. Guðmundsson.

Ed. 643. Nefndarálit [248. mál]

um frv. til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., borið það saman við gildandi lög og kynnt sér þær nýjungar, sem það felur í sér, og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo:

Héraðsráðunautar í jarðrækt og bútækni skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur, að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráð-

herra tölu þeirra og starfssvæði. Með sama skilorði er tveim eða fleiri búnaðarsamböndum heimilt að ráða til sín ráðunauta til sameiginlegra starfa.

2. Við 5. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.
3. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a. Í stað orðanna „Búnaðarþings Íslands“ komi: Búnaðarfélags Íslands.
   b. Ákvæðin flytjist aftur fyrir 34. gr.

Alþingi, 27. apríl 1972.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.
Jón Árm. Héðinsson.	Björn Jónsson.	Jón Árnason.
	Steinþór Gestsson.	

Sþ. 644. Breytingartillaga [94. mál]

við till. til þál. um byggingu leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni og Eggert G. Þorsteinssyni.

Við 2. tölulið. Á eftir orðinu „sveitarfélaga“ komi inn: og annarra þeirra aðila, sem byggja vilja leiguíbúðir.

Nd. 645. Frumvarp til laga [52. mál]

um Jafnlaunaráð.

(Eftir 2. umr. í Nd., 27. apríl.)

1. gr.

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og að öðru leyti sambærileg störf.

2. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Gildir þetta ekki aðeins um launagreiðslur, heldur um hvers konar greinarmun, útilokun eða forréttindi vegna kynferðis. Bannað er með öllu að skerða jafnrétti kynjanna til atvinnuráðningar, skipunar í starf, hlunninda, vinnuskilyrða og hækkunar í starfi.

3. gr.

Setja skal á stofn Jafnlaunaráð. Hefur það aðsetur í Reykjavík, og er starfssvið þess landið allt.

Jafnlaunaráð skal skipað 5 einstaklingum til þriggja ára í senn og skulu þeir ásamt varamönnum skipaðir þannig: einn skipaður af Hæstarétti og er hann formaður ráðsins, einn skipaður af félagsmálaráðherra, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, og skulu þessir þrír ásamt varamönnum hafa lokið embættisprófi í lögum, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands og einn skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands.

Málsmeðferð fyrir Jafnlaunaráði skal lúta reglum laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, að því leyti sem við verður komið.

Kostnaður við Jafnlaunaráð greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Verkefni Jafnlaunaráðs er að:

1. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum, sem varða launajafnrétti og jafngildi með konum og körlum í kjaramálum.
2. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni, sem varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang þessara laga.
3. Stuðla að góðri samvinnu við atvinnurekendur og samtök launafólks svo og aðra þá aðila, sem kjaramál snerta, svo að stefnu og markmiði laga þessara verði náð með sem eðlilegustum hætti.
4. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum, hver brögð kunna að vera að misrétti í kjaramálum að því leyti, er lög þessi varða. Opinberum stofnunum svo og félagssamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnlaunaráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
5. Taka við ábendingum um brot á ákvæðum laga þessara og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni málsskjöl til þeirra aðila, sem málið snertir.
6. Kveða upp úrskurði í deilumálum, er rísa út af kærum um brot á lögum þessum, ef eigi takast sættir með aðilum, en ætíð skal Jafnlaunaráð leita þeirra. Ber Jafnlaunaráði m. a. að vega og meta ráðningar- og/eða kjarasamninga til samræmis við ákvæði 1. og 2. greinar laga þessara svo og annarra laga og alþjóðasamninga, sem um slík málefni fjalla og Ísland á aðild að og hefur fullgilt. Ber Jafnlaunaráði að hafa að engu mismunandi nafngiftir í sama starfi, sem uppi eru í því skyni að mismuna kynjum í launakjörum. Birta skal Jafnlaunaráð almenningi úrskurði sína.

5. gr.

Kærendur og sóknaraðilar máls fyrir Jafnlaunaráði geta verið:

1) einstaklingur, sem telur brot á lögum þessum beinast gegn sér, og
2) launþegasamtök, sem einstaklingur sá er aðili að.

6. gr.

Úrskurður Jafnlaunaráðs í kærumáli einstaklings er bindandi sem ráðningarsamningur milli aðila og fullnaðarúrlausn kjaradeilu, og verður honum ekki skotið til dómstóla.

Jafnlaunaráði er rétt að úrskurða um greiðslu málskostnaðar og ákveða dagsektir, sé úrskurði þess samkvæmt 1. mgr. eigi fullnægt. Mega dagsektir samkvæmt þessari grein nema allt að kr. 3000 á dag, unz úr hefur verið bætt. Úrskurði samkvæmt þessari málsgrein getur atvinnurekandi skotið til dómstóla eftir almennum reglum.

7. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 646. Nefndarálit [261. mál]

um frv. til laga um veðtryggingu iðnrekstrarlána.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, rætt efni þess við fulltrúa iðnaðarins og bankastjóra Seðlabanka Íslands og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna, GÞG, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 27. apríl 1972.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Ásberg Sigurðsson.
Karvel Pálmason.	Þórarinn Þórarinsson.	Matthías Á. Mathiesen.

Sþ. 647. Nefndarálit [115. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið um hana umsagnir ýmissa aðila, sem hún taldi rétt að leita álits hjá. Að athuguðu máli telur nefndin rétt að vekja athygli á því, að til greina kemur að endurskoða fleira í nefndum lögum en það, sem sérstaklega er vikið að í tillögunni, og að þá væri m. a. ástæða til að gefa gaum að næsta nágrenni kaupstaða og kauptúna. Nefndin ber þó ekki fram brtt. við till. í þessa átt, en leggur til, að hún verði samþykkt eins og hún liggur fyrir á þskj. 143.

Alþingi, 25. apríl 1972.

Gísli Guðmundsson, form., frsm.	Björn Fr. Björnsson.	Lárus Jónsson.
Ingólfur Jónsson.	Jónas Árnason.	Stefán Gunnlaugsson.

Nd. 648. Breytingartillaga [52. mál]

við frv. til l. um Jafnlaunaráð.

Frá Gísla Guðmundssyni.

8. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. 6. tölul. 4. gr. og 5. og 6. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. jan. 1973.

Ed. 649. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um mannanöfn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um, að nauðsyn beri til, að sett verði ný löggjöf um mannanöfn, sem síðan verði framfylgt með aðstoð þjóðskrár, en um áratugaskeið hafa gildandi lög verið að engu höfð.

Nefndin telur ekki raunsætt, hver sem vilji einstakra manna kann að vera, að ættarnöfnum verði útrýmt með lögum, eins og einu sinni var reynt án árangurs. Hins vegar telur nefndin ástæðulaust, að dyr verði opnaðar til fjölgunar ættarnafna.

Nefndin telur æskilegt, að fram fari rannsókn á því, áður en nýjar reglur eru lögfestar um mannanöfn, hvort eftirsókn í ættarnöfn og notkun þeirra hafi farið vaxandi eða minnkandi á síðari árum.

Að lokinni þessari rannsókn telur nefndin eðlilegt, að frv. verði endurskoðað með það fyrir augum:

1) að ættarnöfn, sem nú eru á þjóðskránni, verði lögleyfð, en ekki verði leyfilegt að taka upp ný ættarnöfn, og
2) að karlar og konur hafi sömu réttindi að öllu leyti, hvað ákvæði um mannanöfn snertir.

Í trausti þess, að ríkisstjórnin leggi fyrir næsta Alþingi endurskoðað frv. um mannanöfn, leggur nefndin til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Páll Þorsteinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. apríl 1972.

Ragnar Arnalds, form., frsm. Ólafur Þ. Þórðarson. Eggert G. Þorsteinsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson. Auður Auðuns. Björn Jónsson.

Nd. 650. Breytingartillögur [52. mál]

við frv. til laga um Jafnlaunaráð.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

1. Við 4. gr.
   a. 6. tölul. orðist svo:
   Sjá þeim, sem telja ákvæði þessara laga brotin gagnvart sér, fyrir ókeypis lögfræðilegum upplýsingum.
   b. Við bætist nýr liður, svo hljóðandi:
   Leitast við að koma á sáttum um efni, er varða lög þessi, eftir ósk aðila, sem eiga í ágreiningi þar að lútandi.
2. 5. gr. orðist svo:
   Félagsdómur dæmir í málum vegna brota á lögum þessum. Um slík mál fer eftir IV. kafla laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

   Nú er í samræmi við 45. gr. laga nr. 80/1938 mál rekið af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða Bandalagi háskólamanna eða af félagi, sem er innan vébanda annars hvors þessara bandalaga, og skal þá dómari sá, sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands í Félagsdóm, víkja sæti í málinu. Í hans stað kemur dómari tilnefndur af BSRB, ef það eða félag innan þess vébanda rekur málið, eða af BHM, ef það eða félag innan þess vébanda rekur málið. Launþegi getur jafnan ákveðið að reka sjálfur mál vegna laga þessara fyrir Félagsdómi.
3. 6. gr. frumvarpsins falli niður.

Ed. 651. Frumvarp til laga [98. mál]

um Þjóðleikhús.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 116 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Þjóðleikhúsráð er skipað 11 mönnum til fjögurra ára í senn sem hér segir: Sameinað Alþingi kýs fimm menn hlutfallskosningu, en ráðherra skipar fimm menn og skulu tveir tilnefndir af Bandalagi íslenzkra listamanna af hálfu tónlistarmanna, rithöfunda og listdansara, tveir af Félagi íslenzkra leikara og einn af Leikarafélagi Þjóðleikhússins. Jafnframt skipar ráðherra einn mann í þjóðleikhúsráð án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins.

Ef eitthvert félag eða bandalag, sem aðild á að ráðinu, kýs eigi fulltrúa í það innan tveggja mánaða frá því, að menntamálaráðuneytið æskir þess, skipar ráðuneytið fulltrúa, á meðan svo stendur.

6. gr. hljóðar svo:

Þjóðleikhúsráð fjallar um starfs- og fjárhagsáætlun leikhússins fyrir komandi leikár og samþykkir hana með þeim breytingum, er það kann að gera. Áætlunin skal lögð fyrir ráðið eigi síðar en í marzmánuði ár hvert. Ef sýnt þykir, að samþykkt áætlun fái ekki staðizt, getur ráðið breytt áætluninni. Staðfest áætlun skal lögð til grundvallar við fjárveitingar til leikhússins.

12. gr. hljóðar svo:

Þjóðleikhússtjóri ræður leikara, söngvara, listdansara og aðra listamenn leikhússins svo og aðra starfsmenn þess. Hann gerir við þá starfssamninga í samráði við fjármálafulltrúa leikhússins.

Með samþykkt þjóðleikhúsráðs er þjóðleikhússtjóra heimilt að ráða rithöfund til að semja leikverk, og skal hann ráðinn með kjörum leikara í hæsta launaflokki, meðan hann vinnur að ritun þess. Eftir sem áður á höfundurinn fullan höfundarétt að verki sínu, og ber honum sérstök þóknun, ef ákveðið er að taka verkið til sýningar.

18. gr. hljóðar svo:

Þjóðleikhúsið skal gangast fyrir stofnun og rekstri leikmunasafns. Veita skal Bandalagi íslenzkra leikfélaga, sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins, Leikfélagi Reykjavíkur og öðrum leikfélögum kost á aðild að safninu, ef um það næst samkomulag við menntamálaráðuneytið. Við gerð starfs- og fjárhagsáætlunar Þjóðleikhússins skal miðað við, að nægileg fjárhæð gangi til að greiða kostnað þess af leikmunasafninu.

Í leikmunasafni skal safnað saman, eftir því sem ástæða þykir til, búningum og sviðsbúnaði, sem notaður hefur verið við sýningar þeirra, sem aðild eiga að safninu. Skulu safnmunir þessir leigðir leikfélögum landsins til notkunar við sýningar, og ákveður stjórn safnsins leigu og önnur viðskiptakjör. Safnið skal hafa í þjónustu sinni leiktjaldamálara og búningateiknara. Starfsemi safnsins skal miðuð við, að hún verði leiklist í landinu að sem mestu liði og að það fjármagn, sem til þessara hluta er varið, nýtist sem bezt.

Menntamálaráðuneytið setur safninu reglugerð, þar sem m. a. skal ákveðið, hvernig stjórn þess og forstöðu skuli háttað.

Þangað til leikmunasafni hefur verið komið á fót, skal Þjóðleikhúsið leigja leikfélögum leiktjöld, búninga o. fl., eftir því sem stjórn Þjóðleikhússins telur við verða komið.

20. gr. hljóðar svo:

Komið skal á fót sérstökum leiklistar-, sönglistar- og listdansskóla ríkisins, og setur menntamálaráðuneytið nánari ákvæði um hann í reglugerð. Kostnaður við þennan skóla greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 652. Frumvarp til laga [270. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 500 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971. Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nafn eigenda.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr., að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

5. gr.

Heimilt er að ábyrgjast innlend eða erlend lán að jafnvirði allt að 330 millj. kr. vegna Fiskveiðasjóðs Íslands, allt að 81 millj. kr. vegna Laxárvirkjunar til framkvæmda þar og allt að 56 millj. kr. vegna Áburðarverksmiðju ríkisins til stækkunar verksmiðjunnar. Þá er heimilt að ábyrgjast allt að 60 millj. kr. erlent lán til byggingar flutningslína raforku á Norðurlandi.

6. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslu af áður útgefnum spariskírteinalánum og lánsfé, sem aflað hefur verið með sölu spariskírteina skv. heimild í lögum nr. 82/1971, skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Landshafnir	28
Flugöryggismál	16
Rafmagnsveitur ríkisins, framkv.	168
Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána	20
Sveitarafvæðing	57
Vatnsorkurannsóknir	15
Jarðhitarannsóknir	17
Jarðvarmaveitur	7
Blævardalsárvirkjun	4
Rannsóknastofnanir á Keldnaholti	6
Endurbætur á Landssmiðju	3

	Millj. kr.
Lögreglustöð	14
Reykjanesbraut	45
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	30
Austurlandsáætlun	75
Norðurlandsáætlun	100
Halli á framkvæmdaáætlun 1971	35
	640
Til Framkvæmdasjóðs Íslands	360
Samtals	1000

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Heildarfjáröflun til þeirra opinberu framkvæmda, sem 6. gr. þessa frumvarps tekur til, nemur 640 millj. kr., en auk þess hefur þegar verið aflað um 100 millj. kr. í formi happdrættisláns til byggingar Skeiðarársandsvegar. Til ráðstöfunar eru 200 millj. kr. spariskírteinalán frá desember s. l., endurgreiðsla eldri spariskírteinalána er áætluð 300 millj. kr., og hluti opinberra framkvæmda af nýrri spariskírteinaútgáfu nemur 140 millj. kr.

Til viðbótar þessari fjárhæð er ráðgerð ný spariskírteinaútgáfa vegna fjárfestingarlánasjóða að fjárhæð 360 millj. kr., þannig að samtals verða boðin út spariskírteini fyrir 500 millj. kr., sem er veruleg aukning frá fyrri árum. Spariskírteini ríkissjóðs hafa áunnið sér góðan markað, og hafa síðustu útgáfur sýnt, að mikil og almenn eftirspurn er eftir þeim. Telur ríkisstjórnin, að skilyrði séu nú hagstæð til útgáfu verulegra viðbótarfjárhæða í ríkisskuldabréfum, þar sem tekjur almennings eru miklar, eins og skýrt hefur komið fram í mjög auknum innflutningi og hækkandi verði á fasteignamarkaði. Með því að gefa almenningi nú kost á að kaupa spariskírteini með hagstæðum kjörum vill ríkisstjórnin stuðla að því, að meira af ráðstöfunarfé þjóðarinnar beinist að framkvæmdum, sem staðið geti undir nauðsynlegri efnahagslegri uppbyggingu. Í athugasemdum við 5. og 6. gr. frumvarpsins er gerð grein fyrir einstökum framkvæmdum.

Um 1. gr.

Hér er leitað heimildar til allt að 500 millj. kr. fjáröflunar með verðbréfaútgáfu innanlands, og er þetta, eins og fyrr greinir, veruleg hækkun frá fyrri árum, en síðustu ár hefur ný verðbréfaútgáfa af þessu tagi numið 75 millj. kr. Gert er ráð fyrir, að fé það, sem aflast með þessu móti, verði nýtt bæði til opinberra framkvæmda og til að bæta fjárþörf fjárfestingarlánasjóða, þannig að um 140 millj. kr. gangi til opinberra framkvæmda og 360 millj. kr. til fjárfestingarlánasjóða.

Um 2.—4. gr.

Í þessum greinum eru sömu ákvæði um lánskjör og skattalega meðferð og voru í hliðstæðum lögum á síðasta ári. Þá er ætlazt til, að verðbréfin verði nafnskráð, en sá háttur var upp tekinn með útgáfu spariskírteina í desember s. l., skv. heimild í lögum nr. 82 frá 26. nóvember 1971.

Um 5. gr.

Sökum mikilla opinberra framkvæmda og fjárþarfar fjárfestingarlánasjóða er séð, að ekki verður unnt að afla alls nauðsynlegs fjármagns innanlands. Því verður þess freistað að afla lánsfjár á erlendum mörkuðum, samtals að jafnvirði allt að 467 millj. kr. og hugsanlega 60 millj. kr. til stofnlína á Norðurlandi. Við ráðstöfun hins erlenda fjármagns er við það miðað, að fé gangi annars vegar til gjaldeyrisaflandi málefna, þ. e. fiskveiða, og hins vegar til framkvæmda, sem draga munu

úr gjaldeyrisþörf þjóðarinnar í framtíðinni, þ. e. raforkuframkvæmda og áburðarframleiðslu. Þannig er ráðgert, að fjármagnið skiptist milli Fiskveiðasjóðs, 330 millj. kr., framkvæmda við Laxárvirkjun, 81 millj. kr., og við Áburðarverksmiðju ríkisins 56 millj. kr. Þar að auki er farið fram á heimild til að afla allt að 60 millj. kr. erlends lánsfjár til byggingar flutningslínu raforku á Norðurlandi, en nú er í athugun, hvar og hvenær slíkri línu yrði hagkvæmast fyrir komið.

Um 6. gr.

Landshafnir. Til framkvæmda í landshöfnum er ætlað að verja samtals 28 millj. kr. Á Rifi eru ráðgerðar framkvæmdir að fjárhæð 15 millj. kr., þar af bygging ytri hafnargarðs 7 millj. kr. og lagnir ásamt frágangi annarra mannvirkja 8 millj. kr. Í Njarðvík er gert ráð fyrir dýpkun, er kostar 8 millj. kr., og til Þorlákshafnar eru ætlaðar 5 millj. kr., að mestu til skuldagreiðslna vegna dýpkunar, sem fram fór á síðasta ári.

Flugöryggismál. Hér er um að ræða endurgreiðslu á láni, sem tekið var á s. l. ári til kaupa á ratsjárbúnaði o. fl. fyrir flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík, eins og gerð var grein fyrir í sambandi við síðustu framkvæmdaáætlun. Sá hluti endurgreiðslunnar, sem þar var talinn mundu falla á árið 1972, hefur hækkað nokkuð, eða úr 13.7 m.kr. í 16.0 millj. kr. nú, og er orsökin að mestu fólgin í hækkun viðkomandi gjaldmiðils gagnvart ísl. krónu.

Rafmagnsveitur ríkisins, framkvæmdir. Ætlað er að afla samtals 168 millj. kr. vegna framkvæmda á vegum Rafmagnsveitna ríkisins. Er þar í fyrsta lagi um að ræða virkjun Lagarfoss, 59 millj. kr., lúkningu Langavatnsmiðlunar, 14 millj. kr., og ýmsar virkjanarannsóknir, 3 millj. kr., eða samtals 76 millj. kr. til virkjana. Í öðru lagi er kostnaður við stofnlínur og aðveitustöðvar áætlaður 46 millj. kr., þar af lína Búrfell—Hvolsvöllur 20.5 millj. kr., lína Laxá—Þórshöfn 13.3 m.kr., lína frá Smyrlabjargaárvirkjun í Öræfasveit 6.2 millj. kr. og annað 6 millj. kr. Loks eru ýmsar aðrar framkvæmdir áætlaðar samtals 50 millj. kr., og er þar um að ræða innanbæjarkerfi, riðbreytistöð á Keflavíkurflugvelli, byggingu dísilstöðvarhúsa o. fl. Samtals nema framkvæmdir því 172 millj. kr., en heimtaugagjöld og héraðslán eru áætluð 4 millj. kr.

Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána. Ráðgert er að afla 20 millj. kr. láns til að dreifa nokkuð þeirri lánabyrði, sem ella mundi leggjast með óeðlilegum þunga á rafmagnsveiturnar á allra næstu árum.

Sveitarafvæðing. Framlag til sveitarafvæðingar er 50 millj. kr. á fjárlögum, og í athugasemdum fjárlagafrumvarpsins var gert ráð fyrir, að sömu upphæðar þyrfti að afla innan framkvæmdaáætlunar. Endurskoðun áætlunarinnar, sem miðast við að ljúka sveitarafvæðingu á þremur árum, hefur hins vegar leitt til nokkurrar hækkunar, þannig að nú er talið, að kostnaður við framkvæmdir í heild nemi samtals 115,3 millj. kr. Er því nauðsynlegt að afla 57 millj. kr. lánsfjár í þessu skyni, en heimtaugagjöld eru áætluð 8.3 millj. kr.

Vatnsorkurannsóknir. Til viðbótar þeim hluta fjárveitingar til Orkustofnunar, er gengur til vatnsorkurannsókna, er hér gert ráð fyrir að afla 15 millj. kr. lánsfjár. Eru þá einkum höfð í huga sérstök stór rannsóknarverkefni, svo sem á Þjórsár- og Hvítársvæði.

Jarðhitarannsóknir. Hér er á sama hátt um að ræða lánsfjáröflun til viðbótar fjárveitingum á fjárlögum til Orkustofnunar. Ráðgert er að afla 17 millj. kr. í þessu skyni, og helzta verkefnið er borun tveggja 1000 m hola í Krísuvík, sem kosta munu um helming þessarar fjárhæðar.

Jarðvarmaveitur ríkisins. Ráðgert er að afla 7 millj. kr. lánsfjár vegna jarðvarmavirkjana annars vegar í Hveragerði, 4.5 millj. kr., og hins vegar vegna Eyrarbakka og Stokkseyrar, 2.5 millj. kr.

Blævardalsárvirkjun. Virkjunaraðili er Rafveita Snæfjalla, í eigu Snæfjalla- og Nauteyrarhreppa, og væntanlega mun Reykjarfjarðarhreppur bætast við, en virkjunin,

sem er 200 kw, mun þjóna þessum hreppum ásamt Reykjanesskóla. Heildarkostnaður er áætlaður 6.7 millj. kr., en eigin fjármögnun og tækjakaupalán væntanlega 2.7 millj. kr. Er því gert ráð fyrir, að á framkvæmdaáætlun komi 4 millj. kr.

Rannsóknastofnanir á Keldnaholti. Til ýmissa smærri framkvæmda vegna sameiginlegra þarfa rannsóknastofnananna á Keldnaholti og vegna umframkostnaðar við byggingu Rannsóknastofnunar iðnaðarins o. fl. er nauðsynlegt að afla 6 millj. kr. lánsfjár auk þeirrar 3 millj. kr. flýtigreiðslu frá Happdrætti Háskóla Íslands, sem verður til ráðstöfunar í þessu skyni.

Endurbætur á Landssmiðju. Fyrirhugaðar eru ýmsar breytingar á starfsaðstöðu fyrirtækisins og niðurrif gamalla skúra við Skúlagötu. Landssmiðjan hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa undir kostnaði við þessar aðgerðir nema að nokkru leyti, og því er ráðgerð 3 millj. kr. lánsfjáröflun til framkvæmdanna.

Lögreglustöð. Með fjárlagaframlagi og öðru handbæru fé eru til ráðstöfunar um 8.3 millj. kr., þannig að með þeirri lánsfjáröflun, sem hér er ráðgerð, geta 22.3 millj. kr. gengið til framkvæmda við bygginguna í ár. Nokkuð skortir þó enn til þess að ljúka byggingunni að fullu, eða nálægt 15 millj. kr., auk þess sem lánsfé úr sjóði bifreiðaeftirlits mun í lok ársins nema um 12 millj. kr.

Reykjanesbraut. Eins og á undanförnum árum er hér einungis um að ræða endurgreiðslu lána, og er fjárvöntunin umfram veggjald og fast framlag úr vegasjóði áætluð 45 millj. kr.

Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi. Gert er ráð fyrir að afla 30 millj. kr. lánsfjár vegna þessarar framkvæmdar. Þar af fara 24 millj. kr. til skuldagreiðslna og 6 millj. kr. til frágangs verka.

Austurlandsáætlun. Til ársáfanga samgönguáætlunar Austurlands verður varið 75 millj. kr.

Norðurlandsáætlun. Þeim 100 millj. kr., sem afla á innan framkvæmdaáætlunarinnar á þessu ári, verður varið til vegagerðar.

Halli á framkvæmdaáætlun 1971. Uppgjör á greiðslulegri útkomu framkvæmda- og fjáröflunaráætlunarinnar fyrir árið 1971 hefur leitt í ljós, að í raun skorti 76 millj. kr. til að fjáröflun nægði fyrir framkvæmdum. Enda þótt æskilegt hefði verið að jafna hallann að fullu á þessu ári, var horfið að því ráði að skipta hallanum á tvö ár með tilliti til þess, að fjáröflunarmöguleikana verður að telja fullnýtta og ekki hefur verið talið fært að lækka framkvæmdaáform hinna ýmsu aðila meira en orðið er.

Nd. 653. Frumvarp til laga [9. mál]

um sameiningu Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu í einn hrepp.

(Eftir 2. umr. í Nd., 27. apríl.)

1. gr.

Borgarfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu skulu vera einn hreppur, sem heitir Borgarfjarðarhreppur.

2. gr.

Kostnaður við fjallskil á eyðilöndum í Loðmundarfirði skiptist þannig, að eigendur eyðijarða bera ¼, sveitarfélög þau, er fjárvon eiga í löndum þessum, sameiginlega ½ og ríkið ¼. Kostnaður eyðijarðaeigenda skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við landverð eyðijarðanna samkvæmt gildandi fasteignamati. Sá hluti fjallskilakostnaðarins, sem kemur í hlut sveitarfélaganna samkvæmt grein þessari, skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þess fjár, sem kemur af fjalli og tilheyrir íbúum hvers þeirra fyrir sig.

Verði ágreiningur um fjallskilakostnað, skal Búnaðarfélag Íslands úrskurða kostnaðarreikningana.

3. gr.

Kostnaður við grenjaleitir í Loðmundarfirði samkvæmt lögum nr. 52 5. júní 1957 endurgreiðist Borgarfjarðarhreppi næstu fimm árin úr ríkissjóði, enda verði framkvæmd grenjaleitar hagað í samráði við veiðistjóra ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Ed. 654. Frumvarp til laga [149. mál]

um Íþróttakennaraskóla Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd., 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 593 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Inntaka nemenda er í höndum skólaráðs. Skólavist geta þeir hlotið, sem lokið hafa:

1. a) stúdentsprófi,
   b) almennu kennaraprófi,
   c) prófi undirbúningsdeildar sérnáms Kennaraskólans,
   d) prófi með ákveðinni lágmarkseinkunn frá framhaldsdeild gagnfræðaskóla.
2. Annað nám veitir og réttindi til inntöku, ef skólaráð telur það jafngilt og mælir með því, en skólanefnd fellst á það.
   Heimilt er að úrskurða um skólavist nemenda með hliðsjón af hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum.
3. Rétt til náms í II. bekk eiga þeir, sem lokið hafa prófi eftir nám í I. bekk með ákveðinni lágmarkseinkunn samkvæmt reglugerð, að viðbættri íþróttakennslu í a. m. k. 70 kennslustundir.
4. Rétt til þátttöku í námskeiði fyrir leiðbeinendur í íþróttum eiga þeir, er náð hafa 18 ára aldri og hlotið meðmæli stjórnar hlutaðeigandi ungmenna- eða íþróttafélags.

Sþ. 655. Nefndarálit [129. mál]

um till. til þál. um 10 ára áætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins samkvæmt vegalögum.

Frá allsherjarnefnd.

Til allshn. hefur verið vísað tillögu 11 alþingismanna til þingsályktunar um 10 ára áætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins samkv. vegalögum á þskj. 175. Um till. hefur nefndin leitað umsagnar Vegagerðar ríkisins og fengið hana. Að athuguðu máli hefur orðið samkomulag um það í nefndinni að leggja til, í samráði við vegamálastjóra, að till. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Vegagerð ríkisins að láta á árinu 1972 gera lauslega yfirlitsáætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins og kostnað við hana miðað við þá gerð vega, sem stefna ber að samkv. 12. og 13. gr. vegalaga, nr. 98 1970, og þá flokkun vega, sem upp verður tekin í vegáætlun fyrir árin 1972—75.

2. Fyrirsögn till. verði:
Till. til þál. um yfirlitsáætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins samkv. vegalögum.

Alþingi, 27. apríl 1972.

Gísli Guðmundsson, form., frsm.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson.
Jónas Árnason.	Stefán Gunnlaugsson.	Lárus Jónsson, með fyrirvara.
	Ingólfur Jónsson, með fyrirvara.	

Sþ. 656. Nefndarálit [87. mál]

um till. til þál. um sjálfvirk radíóduflí íslenzkum skipum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað till. og mælir einróma með samþykkt hennar.

Nefndin leitaði umsagnar um till. hjá póst- og símamálastjórninni, sem sagði m. a. í svari sínu:

„Tillagan er í samræmi við margar alþjóðlegar ályktanir um sama efni, en yfirlit yfir þær helztu er að finna með ályktun CCIR (International Radio Consultative Committee) nr. 439 um þetta efni, sem kveður nánar á um tæknileg atriði varðandi radíóduflin. . . .

Póst- og símamálastjórnin vill þess vegna fyrir sitt leyti mæla með því, að Siglingamálastofnuninni verði falið að hafa samráð við póst- og símamálastjórnina um radíótæknileg atriði við gerð þeirrar reglugerðar, sem tillagan mælir með, á hliðstæðan hátt og áður hefur verið viðhafður í slíkum málum.

Til þess að forða misskilningi vill póst- og símamálastjórnin benda á, að í greinargerð með ofangreindri þingsályktunartillögu er talað um langdrægi, sem engan veginn getur talizt einkennandi fyrir slík radíódufl, enda þótt slíkum árangri megi ná við sérstakar aðstæður. Í þessu sambandi má benda á, að í ofangreindri ályktun CCIR er talað um 30 sjómílna langdrægi yfir sjó. Langdrægi yrði að jafnaði minna, ef land bæri á milli duflsins og strandastöðva eða skipa, sem hlusta eftir neyðarköllum, og einnig, þegar lofttruflanir eru mjög miklar. Þrátt fyrir þetta telur póst- og símamálastjórnin notagildi slíkra dufla ótvírætt og að hiklaust beri að mæla með almennri notkun þeirra í neyðartilvikum."

Nefndin leitaði einnig umsagnar Slysavarnafélags Íslands, sem sagði m. a. í svari sínu:

„Hvað þessa tillögu snertir er félagsstjórninni ánægja að mæla með henni til samþykktar á hinu háa Alþingi. Slysavarnafélagið telur, að hér sé um þýðingarmikið öryggismál að ræða. Eins og dæmi sanna, gefst oftast lítill fyrirvari til að kalla á hjálp á neyðarstundu, ef bátar verða fyrir alvarlegu áfalli.

Slysavarnafélagið hefur gert tilraunir með slík radíódufl og eins kynnt þau fyrir sjómönnum. Notagildi tækjanna er rétt lýst í greinargerð með frumvarpinu. Þá leyfum vér oss að vekja athygli á því, að í sjálfri tillögunni er nefnd „neyðarkallssending", en réttara væri að þar stæði „neyðarmerkjasending". Þá leyfum vér oss enn fremur að benda á það, að slík sjálfvirk radíó-neyðardufl þyrftu einnig að vera í flugvélum.

Enn fremur leyfum vér oss að benda á, að um margar og misjafnar gerðir af radíóduflum er að ræða, og hvetjum því eindregið til, að gagnger rannsókn og prófun verði látin fram fara, áður en slík öryggistæki verði lögboðin um borð í íslenzkum skipum."

Enn fremur leitaði nefndin umsagnar siglingamálastjóra, sem bendir á, að í núgildandi reglum um eftirlit með skipum (Stjt. B. nr. 52/1965) er þegar að finna ákvæði um radíóbaujur og neyðartalstöðvar, en lýkur bréfi sínu svona:

„Eins og fram kemur í gildandi reglugerð, á nú útgerðarmaður skips valið milli þess að búa skipin sjálfvirkri radíóbauju eða neyðartalstöð fyrir gúmmíbátana eða björgunarbát, og eins og áður er sagt hefur neyðartalstöð orðið fyrir valinu.

Ekki er ljóst af þingsályktunartillögunni, hvort hugmynd flytjenda er, að gerð verði krafa um, að sjálfvirk radíódufl komi í stað neyðartalstöðvanna, sem nú eru í íslenzkum skipum, eða til viðbótar þeim."

Nefndin telur sjálfsagt, að radíóduflin komi til viðbótar neyðartalstöðvunum.

Alþingi, 27. apríl 1972.

Gísli Guðmundsson, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Jónas Árnason, frsm.
Björn Fr. Björnsson.	Lárus Jónsson.	Ingólfur Jónsson.
	Stefán Gunnlaugsson.	

Ed. 657. Frumvarp til hafnalaga. [271. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

I. KAFLI
Yfirstjórn hafnamála.

1. gr.

Samgönguráðuneytið hefur með höndum yfirstjórn allra hafnamála.

2. gr.

Forseti Íslands skipar hafnamálastjóra, sem jafnframt gegnir starfi vitamálastjóra.

Hafnamálastjóri veitir forstöðu Hafnamálastofnun ríkisins, sem fer með framkvæmd hafnamála á þann hátt, sem ákveðið er í lögum þessum.

Ráðherra skipar verkfræðinga Hafnamálastofnunar, skrifstofustjóra og annað starfslið, að fengnum tillögum hafnamálastjóra.

3. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins hefur yfirumsjón með hafnarframkvæmdum, sem styrktar eru samkvæmt lögum þessum.

Hafnamálastofnunin skal hafa umráð yfir vélum þeim og tækjum, sem nauðsynleg eru til að annast þau verkefni, sem henni eru falin, svo og hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslið.

Heimilt er ráðherra, að fenginni umsögn hafnamálastjóra, að veita bæjar- eða sveitarfélagi leyfi til að hafa á hendi eigin hafnarframkvæmdir undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti Hafnamálastofnunarinnar.

Heimilt er, eftir því sem hagkvæmt þykir, að einstakar hafnarframkvæmdir eða hlutar þeirra verði unnar af verktökum samkvæmt tilboði á grundvelli útboðs.

II. KAFLI
Um greiðslu kostnaðar við hafnargerðir o. fl.

4. gr.

Til hafnargerða teljast samkvæmt lögum þessum:

Hafnargarðar, bryggjur og viðlegukantar, dýpkanir og uppfyllingar til hafnarbóta, siglingamerki, dráttarbrautir, flot- og þurrkvíar, löndunarkranar, hafnsögubátar og hafnarvogir.

5. gr.

Ríkissjóður greiðir hluta af stofnkostnaði við hafnargerðir, eftir því sem ákveðið er í lögum þessum.

Ríkisstjórninni er heimilt að ganga, fyrir hönd ríkissjóðs, í ábyrgð fyrir lánum vegna hafnargerða allt að jafnhárri þeirri upphæð, sem hafnarsjóður leggur fram.

6. gr.

Skilyrði fyrir greiðslu kostnaðarhluta ríkissjóðs og ábyrgð ríkissjóðs á láni samkvæmt 5. gr. eru:

1. Að bæjarfélag, hreppsfélag eða sýslufélag, eitt eða fleiri í sameiningu, hafi stofnað hafnarsjóð til þess að eiga og reka höfn og standa undir hafnarframkvæmdum og fengið til þess samþykki ráðuneytisins. Sé um fleiri en einn aðila að ræða, skulu þeir hafa gert með sér samning um kosningu hafnarstjórnar samkv. 11. gr., endurskoðun og úrskurðun reikninga, enda hafi samningurinn verið staðfestur af ráðuneytinu og hafnarstjórn fullskipuð.
2. Að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt þess landsvæðis á strandlengju hafnarinnar, sem ráðuneytið og hlutaðeigandi hafnarstjórn telur þurfa undir hafnarmannvirki og starfsemi, sem nauðsynlegt er talið, að fari fram við höfnina. Ekki verður það þó gert að skilyrði samkvæmt þessum lið, að hafnarsjóður kaupi í þessu skyni íbúðar- eða verzlunarhús eða varanlegar byggingar af öðru tagi.
3. Að unnið sé að framkvæmdum samkvæmt tæknilegri og fjárhagslegri áætlun, sem sveitarstjórn hefur samþykkt, svo og ráðuneytið, að fenginni umsögn hafnamálastjóra.
4. Að fyrir liggi athugun á því, hvort hafnarsjóður geti staðið undir greiðslu eigin kostnaðarhluta, hvort sem er í formi framlags eða greiðslna af lánum.
5. Að tekjur og eignir hafnarsjóðs séu ekki fullnægjandi til þess að standa að einhverju eða öllu leyti undir þeim hluta af stofnkostnaði hafnarinnar, sem samkvæmt lögum þessum á annars að greiða af ríkissjóði.
6. Að hafnarsjóður hafi skuldbundið sig til þess að annast á sinn kostnað venjulegt viðhald hafnarmannvirkja samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
7. Að skýrslur og reikningar hafnarsjóðs hafi borizt hafnamálastjóra á lögboðnum tíma, sbr. 14. og 15. gr.
8. Að byrjað hafi verið að veita fé til hafnargerðarinnar á fjárlögum, áður en hún var hafin.
9. Heimilt er þó að veita ríkisábyrgð vegna hafnarframkvæmda, þótt eigi sé veittur til þeirra styrkur úr ríkissjóði.

7. gr.

1. Ríkissjóður greiði 75% stofnkostnaðar af eftirtöldum hafnargerðum:
   Hafnargarðar (öldubrjótar).
   Bryggjur og viðlegukantar.
   Dýpkanir á aðalsiglingaleið að og frá höfn og á hafnarsvæði innan marka, sem ákveðin eru af ráðuneytinu, þó ekki að bryggjum annarra en hafnarsjóðs.
   Nauðsynlegar uppfyllingar vegna framkvæmda við hafnargarða, bryggjur og öldubrjóta.
   Siglingamerki.
   Innifalinn í ofangreindum stofnkostnaði hafnargarða, bryggja og viðlegukanta er kostnaður við vatnslagnir um mannvirkin og raflýsingu þeirra samkv. nánari ákvæðum í reglugerð.
2. Ríkissjóður greiði 40% stofnkostnaðar af eftirtöldum hafnargerðum:
   Dráttarbrautir.
   Flot- og þurrkvíar.
   Löndunarkranar.
   Hafnsögubátar.
   Hafnarvogir.

Hluti ríkissjóðs af kostnaði við hafnargerðir samkvæmt þessari grein greiðist eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

8. gr.

Til styrkhæfs byggingarkostnaðar samþykkts hafnarmannvirkis telst kostnaður við undirbúningsrannsóknir, svo og hönnunar- og útboðskostnaður, enda séu þessir kostnaðarliðir eðlilegir að dómi hafnamálastjóra.

Til styrkhæfs byggingarkostnaðar telst ekki kostnaður vegna lóða- eða landakaupa fyrir höfn, vaxtakostnaður á byggingartíma, svo og lántökukostnaður eða annar fjármögnunarkostnaður. Til styrkhæfs byggingarkostnaðar telst ekki heldur gengistap á erlendum lánum eða kostnaður vegna hækkunar verðtryggðra lána, nema slík lán hafi verið tekin út á kostnaðarhluta ríkissjóðs í framkvæmdinni.

Rísi ágreiningur milli hafnarstjórnar og hafnamálastjóra um, hvort einstakir kostnaðarliðir skuli teljast styrkhæfir eða ekki, skal málinu skotið til úrskurðar ráðuneytisins.

9. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til þess að gera höfn samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa, að tekin verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnarsjóði þeim, sem hlut á að máli.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá krafizt yfirmats, en það skal gert innan 14 daga frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 3 dómkvöddum mönnum.

III. KAFLI
Um framkvæmdaáætlanir.

10. gr.

Hafnamálastjóri gerir í samráði við hafnarstjórnir tillögu að áætlun um hafnargerðir til fjögurra ára í senn.

Áður en gengið er endanlega frá áætluninni skal hafnamálastjóri senda stjórn hverrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn, og gefa hafnarstjórninni nánar tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur.

Hafnargerðaáætlunin skal miðuð við það fjármagn, sem ætlað er til hafnargerða í almennri framkvæmdaáætlun ríkisins, ef slík áætlun er gerð, en að öðrum kosti skal miða við það heildarfjármagn, sem líklegt er talið að til ráðstöfunar verði til hafnarframkvæmda.

Hafnargerðaáætlunin skal gerð á tveggja ára fresti og lögð fyrir sameinað Alþingi sem þingsályktunartillaga.

Áætlunin öðlast gildi, þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

Hafnamálastjóri skal síðan vinna að framkvæmd áætlunarinnar í samráði við viðkomandi hafnarstjórnir og eftir því sem fjármagn er fyrir hendi.

Ráðherra skal leggja árlega fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar, áður en fjárveitingar eru ákveðnar.

IV. KAFLI
Um stjórn hafna og rekstur.

11. gr.

Hafnarstjórn, skipuð 3—5 mönnum, hefur á hendi stjórn hafnar og hafnarsjóðs á þann hátt, sem sveitarstjórn, sýslunefnd eða sameigendur hafnar ákveða og í samræmi við reglugerð.

Hafnarstjórn er kosin af sveitarstjórn þeirri eða sýslunefnd, sem stofnað hefur hafnarsjóðinn. Séu stofnendur fleiri en einn, fer um kosningu samkvæmt samningi. Sveitarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans, að fengnum tillögum hafnarstjórnar. Fela má oddvita, bæjarstjóra, sveitarstjóra eða formanni hafnarstjórnar störf hafnarstjóra.

12. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnargerð og árlegan rekstrarkostnað hafnar eða í þágu hafnarinnar, eftir að hafnargerð er hafin, er heimilt að leggja á eftirtalin gjöld:

1. Skipagjöld á skip þau og báta, er nota höfnina:
   a) Lestagjald, miðað við brúttóstærð skipa og viðstöðutíma, fyrir að koma á hafnarsvæðið og hafa þar dvöl.
   b) Bryggjugjald, miðað við brúttóstærð skipa og legutíma, fyrir að hafa not af bryggjum og hafnarbakka.
   c) Fastagjald fiskiskipa fyrir hafnarafnot.
   d) Hafnsögugjöld.
   e) Önnur þjónustugjöld.
2. Vörugjöld af vörum, sem umskipað er, útskipað eða uppskipað í höfn, þar á meðal af sjávarafla, sem lagður er á land á hafnarsvæðinu.
3. Leigur fyrir afnot annarra mannvirkja eða tækja hafnarinnar.
4. Leyfisgjald eftir bryggjur og önnur mannvirki, sem gerð hafa verið samkvæmt 17. gr.
5. Lóðargjöld.

Herskip, íslenzk vitaskip og varðskip skulu undanþegin gjöldum samkvæmt a)- og b)-liðum 1. tl. þessarar greinar. Skemmtiferðaskip skal undanþiggja lestagjaldi. Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiði hálft lestagjald, en fullt bryggjugjald, er þau koma að bryggju. Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðisins, og má þá ekki taka í hafnarsjóð vörugjald af þeim vörum, er um þá bryggju fara, fyrr en hafnarsjóður hefur komið upp hafnarmannvirki. Eiganda slíkrar bryggju er óheimilt að innheimta vörugjald af vörum, er fara um bryggjuna, nema hafnarstjórn samþykki.

Öll gjöld samkvæmt þessari grein má taka lögtaki, og hafa þau sama forgangsrétt og opinber gjöld.

Heimilt er að ákveða, að skipagjöld skuli tryggð með lögveði í skipi, og gangi það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Halda má eftir skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar greiðslu gjaldanna.

Enn fremur skal heimilt, að vörugjald skuli tryggt með veði í varningi þess aðila, sem skuldar vörugjald, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á varningnum, unz gjaldið er greitt.

Gjöld til hafnarsjóða samkv. 1. tl., a)—d), og 2. tl. þessarar gr. skulu ákveðin af ráðuneytinu, og skulu í meginatriðum samræmdar gjaldskrár gilda fyrir allar hafnir á landinu. Við ákvörðun gjalda og breytingar á þeim skal ráðuneytið leita umsagnar hafnamálastjóra og Hafnasambands sveitarfélaga.

Gjaldskrár hafna skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti.

13. gr.

Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja til hafnargerðarinnar og rekstrar hafnarinnar eða í þágu hennar.

Sveitar- eða sýslusjóður ber ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins, og aðilar samkvæmt samningi, sbr. 1. tl. 6. gr., ef um fleiri er að ræða en einn.

14. gr.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal hafnarstjórn semja áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári og senda hana hafnamálastjóra ásamt nauð-

synlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum, enda hafi áður verið leitað samþykkis hlutaðeigandi sveitarfélags, eða fullnægt ákvæðum samnings um þetta efni, sbr. 1. tl. 6. gr.

15. gr.

Halda skal reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs. Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok aprílmánaðar á næsta ári skal skrá rekstrar- og efnahagsreikning hafnarsjóðs á sérstök eyðublöð, er hafnamálastjóri lætur gera fyrir hafnarsjóði, og senda hafnamálastjóra í tvíriti.

Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga bæjar- eða sveitarsjóðs, nema hafnarsjóður sé stofnaður með samningi, sbr. 1. tl. 6. gr., þá fer um endurskoðun og úrskurð reikningsins samkvæmt samningnum.

Hafnarstjórn er skylt að senda Hafnamálastofnuninni allar aðrar þær upplýsingar, sem hún kann að óska eftir og snerta rekstur hafnarinnar.

Hafnamálastofnuninni ber að senda hafnarsjóði viðskiptareikning síðastliðins árs fyrir 1. marz ár hvert, ef um viðskipti hefur verið að ræða á árinu.

16. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma fasteignir hafnarsjóðs, nema þær húseignir, sem ekki hafa notið ríkisstyrks. Enn fremur er óheimilt, án samþykkis ráðuneytisins, að kaupa fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af greiðsluafgangi ársins, sem í hönd fer. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja, án samþykkis ráðuneytisins, svo kostnaðarsamar framkvæmdir, að greiðsluafgangur hafnarsjóðs nægi ekki til að greiða kostnaðinn.

Rísi ágreiningur út af ákvæðum þessarar greinar, sker ráðherra úr. Skal þá óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum, sem deilt er um, fyrr en úrskurður ráðherra hefur verið kveðinn upp.

Til þess að hafnarstjóra sé unnt að fylgjast sem bezt með, að ákvæði þessarar greinar séu haldin, er skylt að senda honum eftirrit af fundargerðum hafnarstjórnar, sé þess óskað.

17. gr.

Meðfram strandlengju hafnarsvæðis má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka, nema samkvæmt tillögu hafnarstjórnar og samþykki ráðuneytisins.

Þeim, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, er skylt að halda því svo við, að engin hætta stafi af því. Sé leyfið eigi notað innan tveggja ára frá veitingu þess, fellur það úr gildi, og er óheimilt að gera mannvirki eftir þann tíma, nema leyfi komi til.

Heimilt er, ef nauðsyn krefur, að nema burt á kostnað eiganda bryggjur eða önnur mannvirki í sjó fram, sem staðið hafa ónotuð fimm ár eða lengur.

V. KAFLI

Um Hafnabótasjóð.

18. gr.

Hafnabótasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn þess ráðherra, er fer með hafnamál.

19. gr.

Fé Hafnabótasjóðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda gegn ríkisábyrgð.
2. Sjóðnum er heimilt að styrkja endurbætur á hafnarmannvirkjum, sem skemmzt

hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, án mótframlags hafnarsjóðs.
3. Sjóðnum er heimilt að veita styrk til nýrra hafnaframkvæmda, sem nemi allt að 15% umfram ríkisframlag af heildarframkvæmdakostnaði, til staða, sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrrar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða annarra gildra orsaka.
4. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum, ef fé er umfram þarfir 1.—3. liðs.

20. gr.

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:
1. Árlegt framlag ríkissjóðs, sem sé 12% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárlögum hvers árs, en þó aldrei lægra en 25 millj. króna.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

21. gr.

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða utan allt að 350 millj. króna. Ríkissjóði skal heimilt að ábyrgjast þau lán.

Nú tekur Hafnabótasjóður lán með gengistryggingu eða vísitölukjörum, og er þá heimilt að binda greiðslur vaxta og afborgana af endurlánum slíks lánsfjár vísitölu eða gengi á sama hátt.

22. gr.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána, er sjóðurinn veitir, með tilliti til þess, að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni. Ráðherra leitar umsagnar hafnamálastjóra um allar umsóknir um framlög eða lán úr sjóðnum.

23. gr.

Seðlabanki Íslands annast vörzlu daglegrar afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs og veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

24. gr.

Hafnabótasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af lánsskjölum, þ. e. af eigin lántökum, ekki útlánsskjölum.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

25. gr.

Fyrir hvers konar tjóni, sem skip kunna að valda í höfnum, fylgir lögtaksréttur.

Heimilt er að taka skipsskjöl og kyrrsetja skip fyrir tjóni eða mengun, sem þau kunna að valda í höfnum, unz fullnægjandi trygging hefur verið sett.

26. gr.

Ráðuneytið setur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum hafnarstjórnar sérstaka hafnarreglugerð fyrir hverja höfn. Í þeirri reglugerð skulu m. a. sett nánari ákvæði um:
1. Stærð hafnarsvæðis og takmörk.
2. Gjöld til hafnarsjóðs samkv. 12. gr.
3. Kosning hafnarstjórnar, tölu stjórnarmanna og starfssvið.
4. Umferð og góða reglu í höfninni.

Setja skal í reglugerðina ákvæði um sektir fyrir brot á henni. Sektir renna í hafnarsjóð þann, sem hlut á að máli.

Að fengnum tillögum hafnarstjórnar skal ráðuneytið ákveða hafnsöguskyldu í hafnarreglugerð.

Hafnarreglugerð, er sett hefur verið samkvæmt lögum nr. 48/1967, gildir, unz ný reglugerð hefur verið sett í hennar stað samkvæmt þessum lögum, enda skal endurskoðun reglugerða og samræmingu við lög þessi lokið innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

27. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum, allt að 100 000.00 krónum.

28. gr.

Ráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd þessara laga, þar með talið um starfssvið og skipulag Hafnamálastofnunarinnar.

29. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld hafnalög nr. 48 frá 29. apríl 1967, lög um hafnsögu í Reykjavík nr. 27 frá 22. nóv. 1918 og lög um hafnsögu í Ísafjarðarkaupstað nr. 88 frá 3. maí 1935.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Gera skal sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða af löngum lánum, sem verst eru settir, og skal þá miða við lánin eins og þau eru, er lög þessi taka gildi.

Við fjárlagagerð fyrir árið 1973 skal samgönguráðuneytið gera Alþingi sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu efni.

Ráðherra skal gera tillögu til fjárveitinganefndar og Alþingis um skiptingu fjárins, og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum, sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði allt að 40% af stofnkostnaði þeirra dráttarbrauta, sem byggðar hafa verið frá árinu 1960 til gildistöku þessara laga af einstaklingum og félögum, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Skilyrði fyrir greiðslu slíks framlags sé:

1. Eigi sé nema ein dráttarbraut í sveitarfélaginu.
2. Jafnframt dráttarbrautinni sé rekin skipasmíðastöð.
3. Í sveitarfélaginu sé rekin veruleg útgerð að dómi samgönguráðuneytisins.
4. Viðkomandi hafnarsjóður eða sveitarsjóður leggi fram a. m. k. 10% stofnkostnaðar á móti framlagi ríkissjóðs.
5. Um dráttarbrautina sé stofnað hlutafélag, þar sem framlög ríkis og sveitarfélags verði eignarhluti þeirra, enda nemi hann a. m. k. 50% hlutafjár.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem ráðuneytið skipaði 19. maí 1971, til að endurskoða hafnalög nr. 48/1967. Í nefndina voru skipaðir: Ólafur S. Valdimarsson, skrifstofustjóri, formaður, Gunnar H. Ágústsson, hafnarstjóri, og Matthías Bjarnason, alþingismaður. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 22. nóvember 1971, voru einnig skipaðir í nefndina Ragnar Sigurðsson, hafnarstjóri, og Tryggvi Helgason, sjómaður.

Frumvarpið er óbreytt frá tillögum nefndarinnar, að undanskildum ákvæðum til bráðabirgða II. Nefndin gerði ekki tillögu um að styrkur eða framlag úr ríkissjóði til dráttarbrauta í einkaeign væri skilyrðislaust eignarhluti ríkis eða sveitarfélags. Er nánar að þessu vikið síðar í athugasemdum þessum.

Nefndin lét eftirfarandi greinargerð og fylgiskjöl fylgja tillögum sínum:

„Nefndin hóf störf í október 1971 og hélt samtals 21 fund. Við störf sín hafði nefndin samvinnu við hafnamálastjóra og starfsmenn hans, eins og henni var falið í erindisbréfi. Einnig mætti formaður Hafnasambands sveitarfélaga til viðræðna á einum fundi nefndarinnar. Fékk nefndin margar gagnlegar ábendingar frá þessum aðilum.

Litlar sem engar talnalegar upplýsingar voru fyrir hendi um fjárhagsstöðu hafnanna, en þýðingarlítið að hefja endurskoðun hafnalaga án þessara upplýsinga. Hafði samgönguráðuneytið óskað eftir því við Hafnamálastofnunina vorið 1971, að slík upplýsingasöfnun færi fram. Var hún jafnframt gerð að ósk gjaldskrárnefndar Hafnasambands sveitarfélaga.

Gagnasöfnun og úrvinnslu Hafnamálastofnunarinnar var lokið í október síðast liðnum. Fylgiskjöl með frumvarpi þessu eru ýmsar töflur um fjármál hafnanna, sem Hafnamálastofnunin lét gera. Lét Hafnasamband sveitarfélaga vinna úr gögnum þessum sérstaka skýrslu, sem kom út í nóvember 1971 og nefnist **„Athugun á rekstrarafkomu, greiðslustöðu og gjaldskrám hafnarsjóða“.** Skýrslan er fyrst og fremst við það miðuð að undirbyggja tillögur að nýjum samræmdum gjaldskrám fyrir hafnirnar, en þeir kaflar hennar, sem fjalla um afkomu og greiðslustöðu hafnanna, eru þó um leið rökstuðningur fyrir breytingu hafnalaga, og fylgja þeir hér með sem fylgiskjal I. Ber við lestur fylgiskjalsins að hafa það í huga, að kaflarnir eru teknir upp óbreyttir úr skýrslu Hafnasambandsins.

Nefnd sú, sem samdi frumvarp að núgildandi hafnalögum, taldi, að næðu tillögur hennar fram að ganga, væri sköpuð viðunandi lausn á fjárhagsvanda hafnanna. Við umræður um frumvarpið á Alþingi var fellt niður svonefnt hafnabótasjóðsgjald, sem átti að vera fastur tekjuliður fyrir Hafnabótasjóð, og var áætlað, að það tryggði sjóðnum á þeim tíma um 12 millj. kr. árlegar tekjur. Það kom hins vegar fljótlega í ljós, að fjárhagserfiðleikar hafnanna urðu miklu meiri en útlit var fyrir, m. a. vegna þess, að hafnabótasjóðsgjaldið var fellt niður og enginn tekjustofn annar kom í þess stað.

Haustið 1969 — við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1970 — varð ekki hjá því komizt að taka fjárhagsvandræði hafnanna til sérstakrar athugunar. Hafði sú athugun í för með sér, að tekið var inn á fjárlög sérstakt framlag til greiðslu hluta (57.5%) af þeim hækkunum afborgana og vaxta, sem hafnarsjóðirnir urðu að taka á sig vegna hækkana á gengistryggðum lánum.

Einnig voru gerðar sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslustöðu hafnarsjóða, sem sérstaklega illa voru á vegi staddir, og veittar í því skyni 9,0 millj. kr. á fjárlögum til Hafnabótasjóðs, auk þeirrar fjárveitingar sem fyrir var. Þessi aðstoð hélt síðan áfram á fjárlögum 1971, svo og fyrir árið 1972, nema hvað hækkuð var fjárveiting í Hafnabótasjóð til þess að styrkja hafnarsjóði, sem eiga í greiðsluerfiðleikum, úr 9,0 millj. kr. í 14,0 millj. kr.

Þessar ráðstafanir ná þó skammt eins og sést af fylgiskjölunum með þessari greinargerð.

Þær tölulegu upplýsingar, sem Hafnamálastofnunin safnaði, ná yfir 42 almennar hafnir. Auk þess ná upplýsingar Hafnamálastofnunarinnar yfir fjármál landshafnanna og fjármál Reykjavíkurhafnar.

Af fylgiskjali I og fylgiskjali II kemur í ljós, að rekstrarafkoma almennu hafnanna er yfirleitt mjög slæm. Bein rekstrargjöld nema þannig 45,4 millj. kr. af heildarrekstrartekjum, sem eru 82,3 millj. kr. Verða þá eftir 36,9 millj. kr. upp í vaxtagjöld, en þau nema 44,3 millj. kr. Vantar alls 7,4 millj. kr. á, að hafnirnar

standi með rekstrartekjum undir rekstrargjöldum og vaxtagjöldum, og er þá ekki neitt farið að hugsa til afskrifta eða afborgana af lánum.

Í fylgiskjali I er einnig fjallað um greiðslustöðu hafnanna. Enn fremur er í fylgiskjali III greiðsluyfirlit einstakra hafnarsjóða við árslok 1970. Kemur þar í ljós, að afborganir og vextir af lánum hafnanna nema á árinu 1970 samtals 86,6 millj. kr. Séu rekstrartekjur nettó, 36,9 millj. kr., dregnar frá þessari fjárhæð, kemur út, að almennu hafnirnar vantar 49.7 millj. kr. til þess að standa undir afborgunum af lánum og vöxtum, og hefur þó ekki verið tekið tillit til afborgana af skammtímalánum, en óljósar upplýsingar liggja fyrir um þann lið.

Í yfirliti, sem nefndin lét gera og kemur fram í fylgiskjali I, um afborganir af föstum lánum og vaxtagreiðslur, deilt niður á íbúa á hverjum stað, miðað við árið 1970, kemur í ljós, að á fjórum stöðum er greiðslubyrðin á íbúa yfir 4 þús. kr. á árinu 1970, á sex stöðum milli 3 og 4 þús. kr., á sjö stöðum 2 til 3 þús. kr. og á 14 stöðum milli 1 og 2 þús. kr. Það eru þannig 17 hafnir í yfirlitinu, sem eru með greiðslubyrði yfir 2 þús. kr. á íbúa, en alls 31 höfn með greiðslubyrði yfir 1 þús. kr. á íbúa.

Í fylgiskjali V er áætlun um afborganir og vexti á áhvílandi föstum hafnalánum fyrir árin 1971—1980, miðað við föst lán í árslok 1970. Taflan sýnir, að greiðslubyrðin á yfirstandandi ári er áætluð rúmar 93.0 millj. kr., fer mjög hægt lækkandi á næstu árum og kemst ekki fyrr en árið 1979 niður fyrir 60.0 millj. kr.

Með tilliti til þess, sem hér að framan er sagt um rekstrarafkomu og greiðslustöðu hafnanna, taldi nefndin, að verulegt átak þyrfti að gera til þess að létta af hafnarsjóðunum þeirri þungu fjárhagsbyrði, sem á þeim hvílir nú, og væri það ekki á annan hátt gert en með aukinni þátttöku ríkisins í hafnarframkvæmdum. Þær breytingar, sem nefndin taldi þýðingarmest að gera á lögunum í þessu skyni, eru eftirfarandi:

1. Framkvæmdir, sem styrktar eru með 75% framlagi af ríkisfé, eru auknar frá því sem áður var og jafnframt gerð skýrari mörkin milli þeirra framkvæmda, sem njóta 75 og 40% ríkisstyrks. Aðalbreytingin er fólgin í því, að bryggjur og viðlegukantar, sem áður nutu 40% ríkisstyrks, munu samkvæmt tillögunum njóta 75% ríkisstyrks. Samkvæmt upplýsingum Hafnamálastofnunarinnar hefur meðalframlag ríkissjóðs til hafnaframkvæmda, síðan núverandi lög tóku gildi, numið um og yfir 60%, á árinu 1971 63%, og gæti raunveruleg kostnaðarþátttaka ríkissjóðs því hækkað úr 63% í um það bil 72—74%, en nokkuð er enn af framkvæmdum, þar sem ríkissjóður greiðir 40% af stofnkostnaði. Þar eru dráttarbrautir þýðingarmestar.
2. Nefndin telur óhjákvæmilegt, að Hafnabótasjóður verði efldur. Er gert ráð fyrir, að framlag til sjóðsins nemi 12% af árlegum framlögum ríkisins á fjárlögum til hafnarmannvirkja og lendingarbóta, en framlagið verði þó aldrei lægra en 25.0 millj. kr. Auk þess koma til eigin tekjur Hafnabótasjóðs, en þær eru enn sem komið er óverulegar. Framangreindar tillögur nefndarinnar, um hækkun ríkisframlags og eflingu Hafnabótasjóðs, myndu, miðað við framlög á fjárlögum 1972, hafa í för með sér útgjaldaaukningu ríkissjóðs sem næmi um 30—35 millj. kr.
3. Í ákvæðum til bráðabirgða er gert ráð fyrir því, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða af löngum lánum, sem verst eru settir.

Eins og áður hefur komið fram í þessari greinargerð er greiðslubyrði fjölmargra hafnarsjóða af lánum til hafnarframkvæmda óhæfilega þung. Gerir nefndin tillögur um, að þessi byrði verði létt, eftir því sem eðlilegt getur talizt, af þeim hafnarsjóðum, sem verst eru settir. Miðar nefndin við, að ríkissjóður yfirtaki að fullu hluta af skuldum þessara hafnarsjóða eftir reglum, sem samgönguráðuneytið

gerir tillögur um til fjárveitinganefndar og Alþingis. Sé í þessum reglum m. a. tekið tillit til greiðslugetu hafnarsjóðanna og fólksfjölda viðkomandi byggðarlaga.

Ekki gerir nefndin tillögur um, hversu hárri fjárhæð þessi aðstoð skuli nema, en bendir á, að sérstakt framlag á fjárlögum til greiðslu eftirstöðva framlaga ríkissjóðs til hafnarmannvirkja (halafé), sem nemur á fjárlögum þessa árs 25.2 millj. kr., verður síðast tekið inn á fjárlög 1973. Ætti því að mega líta á afborgana- og vaxtagreiðslur af lánum, sem ríkissjóður myndi taka í þessu skyni, sem nokkurs konar framhald af greiðslu eftirstöðvanna.

Auk þeirra þriggja meginbreytinga, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan og nefndin leggur til að gerðar verði á hafnalögunum, hefur nefndin við endurskoðun sína gert ýmsar breytingar til lagfæringar á lögunum, og er gerð sérstök grein fyrir þeim hér á eftir með athugasemdum við hverja lagagrein. Sumar þessara breytinga eru gerðar samkvæmt ábendingum hafnamálastjóra og Hafnasambands sveitarfélaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Orðið „mála“ úr heiti ráðuneytisins er fellt niður í samræmi við lög nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands.

Um 2. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að 4. mgr. er felld niður, en efni hennar er að finna í 28. gr. þessa frumvarps.

Um 3. gr.

Felld er niður úr gildandi lögum setningin: „Sé um að ræða hafnarframkvæmdir, sem styrktar eru samkvæmt 1. tölulið 6. gr. laganna, getur Hafnamálastofnunin ákveðið, að hún annist framkvæmdirnar“.

Í staðinn er tekin inn í greinina heimild fyrir ráðherra til að veita bæjar- eða sveitarfélagi leyfi til að hafa á hendi eigin hafnarframkvæmdir, þar með talin hönnun framkvæmda. Svipað ákvæði var í frumvarpi til hafnalaga 1967, en var þá fellt niður í meðförum Alþingis. Aðalmunurinn er sá, að þar var gert ráð fyrir, að hafnamálastjóri veitti leyfið með samþykki ráðherra, en eðlilegra er, að valdið sé í höndum ráðherra.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir, að verkefni við hafnargerðir verði falin verktökum að svo miklu leyti sem hagkvæmt þykir, og er það í samræmi við lög nr. 63/1970, um opinberar framkvæmdir. Í mörgum tilvikum er hins vegar um framkvæmdir að ræða, sem krefjast sérhæfðs tækjakosts, svo sem dýpkunarskipa á borð við Gretti og Hák, sem hérlendis eru einungis í eigu Hafnamálastofnunarinnar. Aflaði nefndin sér upplýsinga um það frá hafnamálastjóra, hvaða tæki mættu teljast sérhæfð í þessu sambandi, og fylgja upplýsingar hans um það hér á eftir í fylgiskjali IV.

Með breytingum á 3. gr. er þannig stefnt að því, að bæjar- og sveitarfélög geti átt aukinn beinan hlut að hafnarframkvæmdum, svo og að leitað sé útboða í verk, sem ætti að jafnaði að leiða af sér sparnað og hagræðingu í framkvæmdum.

Um 4. gr.

Lagt er til, að núverandi 4. gr. verði skipt. Í henni eru nú ósamstæð ákvæði og eðlilegt, að kaflinn hefjist á því, að skýrgreint sé, hvað teljist til hafnargerða. Í 4. gr. frv. eru því 3. og 4. mgr. í 4 gr. núgildandi laga óbreyttar að öðru leyti en því, að teknar eru inn hafnarvogir og flotkvíar.

Um 5. gr.

Hér er tekin upp óbreytt 1. mgr. í 4. gr. gildandi laga, en 2. mgr. er breytt með tilliti til núgildandi 8. gr. Er 8. gr. jafnframt felld niður.

Um 6. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 5. gr. gildandi laga. Þó er 4. tl. nýr, og er settur til að skapa aukið aðhald, svo að ekki séu ákveðnar framkvæmdir, sem viðkomandi sveitarfélag geti fyrirsjáanlega ekki risið undir. 5. tl. er gerður skýrari en samsvarandi liður (4. tl.) í núgildandi lögum. Þykir eðlilegt, að þessi takmörkun sé í lögunum, enda þótt hún sé ekki raunhæf í framkvæmd eins og afkomu hafnarsjóðanna er nú háttað, nema gagnvart Reykjavíkurhöfn. Í 6. tl. er gert ráð fyrir, að „venjulegt viðhald hafnarmannvirkja" sé nánar skýrgreint í reglugerð, enda verður að tryggja það eftir föngum, að viðhald sé ekki vanrækt svo, að tjón hljótist af. Jafnframt þurfa að vera sem gleggst mörk milli viðhalds og endurbóta.

Fyrir 8. tl. þykir nefndinni rétt að gera grein með orðum nefndarinnar, sem vann að frv. til núgildandi laga, en í athugasemdum hennar segir svo:

„Skilyrði það, er síðast var nefnt, kemur í stað upptalningarinnar á hafnargerðar- og lendingarbótastöðum í gildandi lögum. Samkvæmt lögum eru þessir staðir nú 113 talsins. Hefur nýjum stöðum verið bætt inn í lögin smátt og smátt með lagabreytingum á Alþingi. Um suma þá staði, sem nú eru í lögum, er það að segja, að þar hafa engar hafnarframkvæmdir átt sér stað, og ekki líklegt, að af þeim verði fyrst um sinn. Þeir hafnarsjóðir, sem þegar hafa byrjað á framkvæmdum, eiga rétt til stuðnings samkv. þessu frv., að öðrum skilyrðum uppfylltum. En ef hefja skal hafnargerð með stuðningi ríkisins, er gert ráð fyrir, að Alþingi ákveði það með byrjunarfjárveitingu."

Um 7. gr.

Á þessari grein er sú mikilsverða breyting gerð frá gildandi lögum, að ríkissjóður greiðir nú 75% stofnkostnaðar við bryggjur og viðlegukanta, svo og siglingamerki.

Hins vegar greiðir ríkissjóður áfram 40% stofnkostnaðar við dráttarbrautir og flot- og þurrkvíar. Þessar framkvæmdir hafa sérstöðu að því leyti, að þær koma ekki til greina nema á örfáum stöðum; fyrirtækin eru að jafnaði ekki rekin af hafnarstjórn, heldur leigð út til reksturs og veita fjölda manns atvinnu og skapa viðkomandi sveitarfélagi á þann hátt tekjur.

Löndunarkranar, en það orð er skýrara en í núgildandi lögum, þar sem aðeins er talað um „krana", svo og hafnsögubátar njóta einnig áfram 40% ríkisstyrks, enda er hér um að ræða kostnað, sem nátengdur er rekstri hafnarinnar. Rétt þótti að taka hér einnig með hafnarvogir sem styrkhæfar framkvæmdir.

Um 8. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 7. gr. gildandi laga, nema 3. mgr., sem er ný og skýrir sig sjálf.

Um 9. gr.

Óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega hliðstæð 10. gr. núgildandi laga. Með nokkrum orðalagsbreytingum hefur verið stefnt að því að gera sum ákvæði greinarinnar ákveðnari en nú er.

Samkvæmt ákvæði 4. mgr. er nú gert ráð fyrir, að hafnargerðaáætlunin verði lögð fyrir sameinað Alþingi sem þingsályktunartillaga, en ekki eins og nú er aðeins til leiðbeiningar varðandi fjárútveganir og framkvæmd þessara mála. Að áliti nefndarinnar hlýtur áætlunin við þessa breytingu þinglegri meðferð en ella og þar af leiðandi fastara form og aukið gildi.

Um 11. gr.

Óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 12. gr.

Í gildandi lögum eru í 1. tl. ákvæði um álagningu „hafnargjalda“, og eru þá vörugjöldin talin með skipagjöldunum. Þar sem verulegur eðlismunur er á vörugjöldum og skipagjöldum, er 1. tl. gildandi laga nú skipt í tvennt, þannig að vörugjöldin koma undir sérstakan tl. Auk lestagjalds og bryggjugjalds falla hafnsögugjöld og önnur þjónustugjöld, svo sem vatnsskattur, undir skipagjöld. Gjöld þau, sem talin eru í liðum 3—5, eiga aðeins við í sumum höfnum, og þurfa að koma nánari ákvæði um það í reglugerð fyrir viðkomandi höfn, hver þessara gjalda sé heimilt að leggja þar á. Í grg. með frv. til núgildandi hafnalaga er gert ráð fyrir, að aðrar gjaldategundir en þær, sem nefndar eru í 12. gr., falli niður, og skal hér enn undirstrikað, að svo verði gert, en nokkur misbrestur mun vera á því.

Þar sem talað er um brúttóstærð skipa í gr., er átt við lögskipaða alþjóðamælingu. Ef um skip er að ræða, sem hefur tvöfalda mælingu, gildir sú brúttórúmlestastærð, sem hærri mælist við komu skips til hafnar eða brottför úr höfn.

Undanþáguákvæðinu hefur nú verið breytt lítillega, þannig að gert er ráð fyrir, að bryggjugjald verði innheimt af skemmtiferðaskipum, er þau koma að bryggju, en hins vegar ekki lestagjald.

Bætt er við heimild í gr. fyrir hafnarstjórn til að halda eftir skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar greiðslu skipagjalda. Hefur þessi heimild verið sett í ýmsar hafnarreglugerðir, enda þótt hún ætti ekki stoð í hafnalögum.

Enn fremur er sett inn heimild til að auðvelda innheimtu vörugjalda.

Samkvæmt næstsíðustu mgr. skal stefnt að því að samræma gjaldskrár hafnanna eftir því sem unnt er, en það ætti einnig að hafa einföldun þeirra í för með sér, sérstaklega að því er varðar vörugjöldin. Hefur Hafnasamband sveitarfélaga lagt mikla áherzlu á þetta mál. Enn fremur er gert ráð fyrir, að gjöldin verði endurskoðuð ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti, en verulegur misbrestur hefur verið á því, að gjöldin hafi fylgt almennum verðbreytingum.

Um 13. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 14. gr.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir, að áætlunin sé send fyrir 15. sept. ár hvert. Dagsetningin er óraunhæf, og er hér lagt til að miða við lok desembermánaðar í samræmi við ákvæði 46. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961.

Um 15. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að kveðið er sérstaklega á um skyldu hafnarstjórna til að senda Hafnamálastofnuninni aðrar upplýsingar en reikningslegar, og er þá fyrst og fremst átt við fjölda þeirra skipa, sem um höfnina fara, uppskipað eða útskipað vörumagn, uppskipað aflamagn o. s. frv. Einnig er frestur til að skila reikningum hafnarsjóðs settur til loka apríl í stað marz.

Um 16. gr.

Ástæðulaust er, að hafnarstjórnum sé skylt að leita samþykkis ráðuneytisins til ráðstöfunar húseigna, sem ekki hafa notið neins ríkisstyrks, nema um kaup sé að ræða, enda virkt eftirlit með þessu atriði erfitt í framkvæmd. Er því lagt til, að ákvæði hér að lútandi sé sett inn í þessa grein.

Að eindreginni ósk hafnamálastjóra er loks sett í þessa grein ákvæði, sem skyldar hafnarstjórnir til að senda Hafnamálastofnuninni eftirrit fundargerða, sé þess óskað, enda auðveldar það stofnuninni að fylgjast með því, að ákvæði greinarinnar séu haldin.

Um 17.—18. gr.

Greinarnar eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 19. gr.

Þessi grein er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að nýr 3. liður er settur inn.

Ákvæði 3. tl., eins og hann er nú, hefur í framkvæmd verið túlkað þannig, að samkvæmt því hafa verið veittir styrkir vegna erfiðleika hafnarsjóða á að standa í skilum með afborganir og vexti af lánum. Engar fastar reglur hafa gilt um þessar styrkgreiðslur.

Með breytingunni er gert ráð fyrir, að ríkisstyrkur til hafnarframkvæmda geti í sérstökum undantekningartilvikum komizt allt upp í 90% af framkvæmdakostnaði.

Er miðað við, að með þeirri hækkun á ríkisframlagi til hafnargerða, sem gert er ráð fyrir í 7. gr., svo og þeirri viðbót, sem verst stæðu hafnarsjóðirnar gætu átt kost á samkvæmt 3. tl., geti hafnarsjóðirnir staðið undir þeim hluta, sem þeim er ætlaður.

Um 20. gr.

Lagt er til, að í stað þess að miða framlag ríkissjóðs við ákveðna fjárhæð, skuli miðað við ákveðna prósentu af árlegum fjárveitingum til hafnargerða. Fylgir framlagið þannig breytingum á hafnafjárveitingunum frá ári til árs. Er lagt til, að þetta hlutfall verði 12%, en þó aldrei lægra en 25 millj. kr. Auk þess getur sjóðurinn að sjálfsögðu, eins og hingað til, aflað fjár til hafnargerða með eigin lántökum.

Um 21. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum. Af lánsheimildinni höfðu í árslok 1971 verið notaðar um 120 millj. kr.

Um 22.—24. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 25. gr.

Það er nýmæli, að heimilað er að kyrrsetja skip fyrir því tjóni eða mengun, sem það kann að valda í höfn. Talið er óhjákvæmilegt að veita þessa heimild, ekki sízt með tilliti til erlendra skipa, sem ella gætu horfið á brott.

Um 26. gr.

Fellt er niður ákvæði um, að ákveða megi í reglugerð, að skipagjöld skuli tryggð með lögveði í skipi, enda er það ákvæði fyrir í 12. gr. Einnig er hér felld niður heimild ráðuneytisins til breytinga á gjaldskrá reglugerðar hjá þeim höfnum, sem í vanskilum eru við ríkisábyrgðasjóð, og er það í samræmi við breytinguna, sem gerð er í 12. gr. Í greinina er sett ákvæði um, að ráðuneytið geti ákveðið hafnsöguskyldu í hafnarreglugerð, að fengnum tillögum hafnarstjórnar. Þykir eðlilegt, að almenn heimild um þetta efni sé í lögunum, en jafnframt séu felld niður þau tvenn lög, sem nú eru í gildi um hafnsögu, sbr. 29. gr.

Um 27. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 28. gr.

Greinin er ný, nema að því er varðar reglugerð um starfssvið og skipulag Hafnamálastofnunarinnar, en það ákvæði er í 2. gr. gildandi laga. Sú reglugerð hefur þó aldrei verið sett.

Um 29.—30. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Rétt þykir, að ákvæði um að létta greiðslubyrði hafnarsjóða vegna lána, sem þegar eru tekin, sé sett í lögin sem bráðabirgðaákvæði, enda er því aðeins ætlað að standa um takmarkaðan tíma. Sú aðstoð, sem veitt hefur verið í fjárlögum frá árinu 1970 í þessu skyni, hefur verið veitt gegnum Hafnabótasjóð, samkvæmt 19. gr., 3. tl.

Þar sem ætlunin er nú að koma fjárhag hafnanna á öruggan grundvöll, m. a. með mjög hækkuðu ríkisframlagi, á því ekki að vera þörf fyrir fast ákvæði í lögunum um styrk til greiðslu afborgana og vaxta.“

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Eins og að er vikið í upphafi athugasemda þessara, var þessum lið breytt frá tillögum þeim sem nefndin, er frumvarp þetta samdi, gerði.

Tillaga nefndarinnar var þannig:

„Heimilt er að greiða úr ríkissjóði allt að 40% af stofnkostnaði þeirra dráttarbrauta, sem byggðar hafa verið frá árinu 1960 til gildistöku þessara laga af einstaklingum og félögum, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Skilyrði fyrir því, að styrkur þessi sé greiddur, er að eigi séu fleiri en ein dráttarbraut í hverju sveitarfélagi og þar sé jafnframt rekin skipasmíðastöð og veruleg útgerð að dómi samgönguráðuneytisins. Ráðuneytið getur jafnframt sett það skilyrði fyrir styrkveitingu til þessara dráttarbrauta, að viðkomandi hafnarsjóður eða sveitarsjóður verði eigandi dráttarbrautar að eigi minni hluta en 50% í formi sameignarfélags eða hlutafélags.“

Ekki þykir kveðið nægilega skýrt á um það í tillögu nefndarinnar, að framlög ríkis og sveitarfélags skuli skilyrðislaust verða eignarhluti þeirra í dráttarbrautunum, og því er þessi breyting gerð.

Fylgiskjal I.

4. Rekstrarafkoma hafnanna.

Eins og áður getur, eru helztu tekjustofnar hafnasjóðanna vörugjöld, lestagjöld og bryggjugjöld. Auk þess hafa margar hafnir verulegar leigutekjur af lóðum og mannvirkjum, t. d. dráttarbrautum. Enn aðrar hafa tekjur af hafnsögu, en þær munu 7 talsins.

Að meðaltali eru lestagjöld 8.2% heildartekna, bryggjugjöld 5.3%, vörugjöld 49.8% og hafnsögugjöld 5% fyrir þær 42 hafnir, sem gögnin ná til. Aðrar tekjur eru að meðaltali 31.7% heildartekna, en þar eru einkum taldar leigutekjur og dráttarbrautartekjur.

Samtals eru rekstrartekjur þeirra 42 hafna, sem í könnuninni eru, að upphæð 82.3 milljónir króna. Auk þess hefur verið aflað upplýsinga um tekjur Reykjavíkurhafnar og landshafnanna þriggja, Þorlákshafnar, Rifshafnar og Keflavíkur- og Njarðvíkurhafnarinnar. Heildartekjur þessara hafna nema 85.8 milljónum króna, þar af eru tekjur Reykjavíkurhafnar 72.5 millj. króna og landshafnanna 13.3 milljónir króna.

Í fylgiriti (6) er rekstraryfirlit nefndra 42 hafna, Reykjavíkur og landshafnanna. Þar eru tekjur sundurliðaðar á lestagjöld, bryggjugjöld, vörugjöld, hafnsögugjöld og aðrar tekjur.

Rekstrargjöldum er skipt í launakostnað, viðhaldskostnað, annan rekstrar- og vaxtakostnað. Skilin milli útgjaldaflokka eru þó ekki skýr. Þannig eru þess dæmi, að í launakostnaði séu tekin laun vegna viðhalds, t. d. hjá Reykjavíkurhöfn. Varðandi rekstrargjöldin er vert að benda á, að sú þjónusta, sem hafnirnar veita, er

mjög mismunandi. Sums staðar er veitt hafnsaga, annars staðar ekki og dæmi eru þess, að hafnir reki hafnarkrana.

Sé litið á bein rekstrarútgjöld án fjármagnskostnaðar, þ. e. a. s. launakostnað, viðhaldskostnað og annan rekstrarkostnað, nema þau í heild 45.4 milljónum króna hjá hinum nefndu 42 höfnum, en 59.8 milljónum hjá Reykjavíkurhöfn og landshöfnunum. Þessi gjöld skiptast þannig í heild hjá höfnunum 42, að laun nema 39.9% þessa kostnaðar, viðhald 37.3% og annar kostnaður 28.8%. Hjá landshöfnunum og Reykjavíkurhöfn er hlutfall launakostnaðar hærra, eða 63%, en viðhald 29% og annar kostnaður 8% af beinum rekstrargjöldum án fjármagnskostnaðar.

Vaxtagjöld hafnanna 42 vegna ársins 1970 nema 44.3 milljónum króna, en landshafnanna og Reykjavíkurhafnar 41.3 milljónum króna.

Í heild má draga saman rekstraryfirlit þeirra hafna, sem upplýsingar liggja fyrir um, á eftirfarandi hátt:

	Hafnirnar 42	Landshafnir	Rvíkurh.	Alls
	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.
Rekstrartekjur	82.3	13.3	72.5	168.1
Bein rekstrargjöld (án fjármagnskostn.)	45.4	11.2	48.6	105.2
Rekstrartekjur ÷ bein rekstrargjöld	36.9	2.1	23.9	62.9
Vaxtagjöld	44.3	25.4	15.7	85.4
Rekstrarjöfnuður	÷ 7.4	÷ 23.3	+ 8.2	÷ 22.5

Athyglisvert er að skoða, hve stór hundraðshluti rekstrartekna fer að meðaltali til hinna ýmsu rekstrarútgjalda. Í eftirfarandi töflu er sýnd í fyrsta lagi, hve mörg % af rekstrartekjum fara til beinna rekstrargjalda, í öðru lagi, hve mörg % fara í vaxtagreiðslur og loks, hve þessir liðir samanlagt eru mörg % af rekstrartekjum og hver greiðslujöfnuður reynist sem hundraðshluti af tekjunum.

	Hafnirnar 42	Landshafnir	Rvíkurh.	Alls
	%	%	%	%
Bein rekstrargjöld	55.2	84.2	67.0	62.6
Vaxtagjöld	53.8	191.0	21.7	50.8
Bein rekstrargjöld og vaxtagjöld	109.0	275.2	88.7	113.4
Rekstrarjöfnuður	÷ 9.0	÷ 175.2	+ 11.3	÷ 13.4

Af þessu sést, að 22.5 milljónir króna skortir upp á, að hafnirnar hafi fyrir beinum rekstrarútgjöldum og vaxtagjöldum af tekjum sínum, eða um 13.4% af heildartekjum. Er þá ekki farið að líta til afskrifta eða afborgana af lánum. Reykjavíkurhöfn hefur 8.2 m.kr. til þess að mæta þessum liðum, eða 11.3% af rekstrartekjum, landshafnirnar skortir 23.3 milljónir upp á að ná tekjum fyrir beinum rekstrargjöldum og vaxtagreiðslum, eða 175.2% af heildartekjum, og hafnirnar 42 skortir 7.4 milljónir til þess að ná greiðslujöfnuði þannig skilgreindum, eða 9.0% af heildartekjum.

Rekstrarafkoma er nokkuð misjöfn. Fyrir utan Reykjavík er rekstrarjöfnuður skástur í Vestmannaeyjum og á Akureyri, um 3 milljónir króna, og í Hafnarfirði og Grindavík um 2 milljónir króna. Verstur er rekstrarjöfnuðurinn, fyrir utan landshafnirnar, á Neskaupstað (÷ 3.2 m.kr.) og í Bolungarvík (÷ 2.6 m.kr.), en neikvæður rekstrarjöfnuður nálægt 1 m.kr. er hjá allmörgum höfnum (Eyrarbakka, Dalvík, Ísafirði, Ólafsvík, Patreksfirði, Sandgerði, Sauðárkróki, Siglufirði, Skagaströnd og Þingeyri).

Greinilegt er, að rekstrarafkoma hafnanna allra er mjög bágborin. Hrökkva tekjur þeirra hvergi nærri fyrir beinum rekstrarútgjöldum og vöxtum, hvað þá fyrir afskriftum eða lánaafborgunum.

5. Greiðslustaða hafnanna.

Í fyrri kafla var gerð grein fyrir rekstrartekjum og beinum rekstrargjöldum hafnanna.

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir greiðslustöðu hafnanna og litið á lánabyrði þeirra, afborganir og vexti, en í þessum liðum birtist fjármagnskostnaður þeirra.

Í fylgiriti (7) er sýnt greiðsluyfirlit hafnasjóðanna. Þar er þó einungis talin lánsupphæð fastra lána og afborganir af þeim, en aðeins vaxtagjöld af skammtímalánum.

Helztu niðurstöður yfirlitsins má draga saman á svofelldan hátt:

5.1 Lán, afborganir og vextir.

	Hafnirnar 42	Landshafnir	Rvíkurh.	Alls
	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.
Lánsupphæð fastra lána	544.0	189.8	135.1	868.9
Afborganir af föstum lánum	40.7	24.4	21.7	86.8
Vextir af föstum lánum	37.1[2])	25.3	15.7[1])	78.1
Vextir af skammtímalánum, dráttarvextir og lántökuvextir	8.8[2])	0.2	0.0	9.0
Samtals afborganir af föstum lánum og vaxtakostnaður allur	86.6	49.9	37.4	173.9

Heildarupphæð fastra lána er 868.0 milljónir króna, en afborganir af þeim 86.8 milljónir, eða um 1/10 hluti af lánsupphæðinni. Hafa má þetta hlutfall til viðmiðunar um meðallengd lánstímans. Hlutfall þetta er nokkuð mismunandi fyrir hinar ýmsu hafnir. Sé litið á þá þrjá hafnaflokka, sem hér eru nefndir, fæst hlutfallið 1/13 hjá höfnunum 42, 1/8 hjá landshöfnunum og 1/6 hjá Reykjavíkurhöfn. Virðist þetta benda til, að lánstíminn sé tiltölulega stytztur hjá Reykjavíkurhöfn, en lengstur hjá höfnunum 42.

Vaxtabyrði af föstum lánum nemur 78.1 m.kr., eða um 9% af lánsupphæðinni. Hjá höfnunum 42 eru vaxtagjöld vegna fastra lána um 7% af lánsupphæð og hjá landshöfnunum um 13%.

5.2 Greiðslujöfnuður.

	Hafnirnar 42	Landshafnir	Rvíkurh.	Alls
	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.
Rekstrartekjur að frádregnum beinum rekstrargjöldum	36.9	2.1	23.9	62.9
Vaxtagjöld alls og afborganir af föstum lánum	86.6	49.9	37.4	173.9
Greiðslujöfnuður án afborgana af skammtímalánum	÷ 49.7	÷ 47.8	÷ 13.5	÷ 111.0

Af þessum yfirlitum sést, að greiðslustaða hafnanna er mjög slæm. Um 111 milljónir skortir upp á, að þær geti staðið undir vaxtagjöldum öllum og afborgunum af föstum lánum. Skortir 49.7 milljónir þar til hjá hinum 42 nefndu höfnum, 47.8 milljónir hjá landshöfnunum og 13.5 milljónir hjá Reykjavíkurhöfn.

---

1) Vextir af skammtímalánum meðtaldir.

2) Mismunur á vaxtaupphæð greiðsluyfirlits og rekstraryfirlits er vegna Sandgerðis. Sandgerði greiddi vexti að upphæð 2 335 þús. kr. á árinu 1970, sbr. greiðsluyfirlit, en 1 548 þús. kr. af þeirri upphæð tilheyrði fyrri árum, en ekki rekstri ársins, þ. e. 87 þús. kr. af vaxtagreiðslum tilheyrðu árinu 1970, sbr. rekstraryfirlit. Sjá ath. á fylgiriti yfir greiðsluyfirlit.

Greiðslujöfnuður er nokkuð mismunandi hjá hinum ýmsu höfnum. Þó er varla hægt að segja, að þessi greiðslujöfnuður án afborgana af skammtímalánum sé neins staðar jákvæður.

Af þeim 46 höfnum, sem upplýsingar liggja fyrir um, er þessi greiðslujöfnuður einungis jákvæður hjá fimm höfnum, hjá fjórum þeirra er hann um og innan við 200 þúsund (Búðakauptúni, Grindavík, Húsavík og Hvammstanga), og hjá einni höfn (Akureyri) jákvæður um 750 þúsund. Heldur fer þó lítið fyrir þessum jákvæða jöfnuði án afborgana af skammtímalánum, þegar litið er á stutt lán og lausaskuldir, því að þessar hafnir skulda 33.9 milljónir króna af því tagi (þar af Akureyrarhöfn 30.1 milljón kr.), eins og nánar mun vikið að síðar.

Hjá þremur höfnum er greiðslujöfnuður án afborgana af föstum lánum neikvæður um meira en 10 milljónir króna (Þorlákshöfn, Reykjavíkurhöfn og Keflavík—Njarðvík), hjá tveimur höfnum (Rifshöfn og Neskaupstað) á bilinu 5—10 milljónir króna og hjá 18 höfnum milli 1 og 5 milljóna króna.

Í töflu (1) er sýnt yfirlit yfir greiðslujöfnuð án afborgana af skammtímalánum sundurliðað eftir landshlutum. Sams konar yfirlit er í töflu (2), þegar hafnir eru flokkaðar eftir rekstrartekjum.

Tafla 1.

Landshluti	Fjöldi hafna	Bezti greiðslujöfnuður Þ.kr.	Höfn	Versti greiðslujöfnuður Þ.kr.	Höfn	Meðal greiðslujöfnuður Þ.kr.
Faxaflói	3	÷ 859	Hafnarfj.	÷13 459	Reykjavík	÷6 371
Snæfellsnes	4	÷1 179	Grundarfj.	÷ 9 867	Rif	÷4 591
Vestfirðir	8	÷ 83	Hnífsdalur	÷ 3 939	Bolungarvík	÷1 356
Norðurland v.	6	68	Hvammst.	÷ 1 816	Sauðárkrókur	÷ 856
Norðurland e.	8	752	Akureyri	÷ 2 114	Dalvík	÷ 775
Austfirðir	10	3	Búðakaupt.	÷ 7 531	Neskaupstaður	÷1 153
Suðurland	4	÷ 108	Stokkseyri	÷20 801	Þorlákshöfn	÷5 804
Reykjanes	3	166	Grindavík	÷17 184	Keflavík	÷6 875

Tafla 2.

Rekstrartekjur	Fjöldi hafna	Bezti greiðslujöfnuður Þ.kr.	Höfn	Versti greiðslujöfnuður Þ.kr.	Höfn	Meðal greiðslujöfnuður Þ.kr.
10 m.kr.	4	752	Akureyri	÷13 459	Reykjavík	÷3 468
3—10 m.kr.	5	166	Grindavík	÷20 801	Þorlákshöfn	÷8 813
1—3 m.kr.	10	210	Húsavík	÷ 7 531	Neskaupst.	÷1 898
1 m.kr.	27	68	Hvammst.	÷ 9 867	Rifshöfn	÷1 264

Samkvæmt yfirlitum þessum er afkoman verst á Reykjanesi, við Faxaflóa og á Suðurlandi. Skást er hún á Norðurlandi. Miðað við rekstrartekjur sést, að stærstu hafnirnar (Reykjavík, Vestmannaeyjar, Hafnarfjörður og Akureyri) standa skást, en þær, sem eru í næsthæsta tekjuflokknum, eru í mjög slæmri stöðu. Meðaltalsgreiðslujöfnuður hafna með minna en 1 milljón í rekstrartekjur er öfugur sem nemur hærri upphæð en hæstu tekjum í flokknum, því að þær eru með ÷1.2 m.kr. að meðaltali í greiðslujöfnuð.

Athyglisvert er að skoða vaxtagjöldin og afborganir fastra lána í hlutfalli við tekjur. Á mynd 1 er gerð grein fyrir þessum hlutföllum og sýnd tíðni þessa hlutfalls. Hjá tveimur höfnum, Rifshöfn og Eyrarbakka, eru þessir póstar meira en tífaldar rekstrartekjur, eða yfir 1000% af rekstrartekjum. Tvær hafnir, Bolungarvík og Borgarfjörður, bera vaxtagjöld og afborganir fastra lána, sem eru á bilinu 6—8-faldar rekstrartekjur, átta hafnir hafa sams konar hlutfall á bilinu 3—6-faldar rekstrartekjur. Einungis 18 hinna 46 hafna hafa rekstrartekjur, sem eru meiri en

vaxtagjöldin og afborganir fastra lána. Af þessum 18 höfnum eru aðeins 4, þar sem þessar greiðslur eru minni en 50% af rekstrartekjum.

Ljóst er, að einkum hinir fámennari staðir eiga einkar erfitt með að rísa undir mikilli lánabyrði.

Í töflu 3 er gerð grein fyrir afborgunum og vöxtum af föstum lánum á íbúa á hverri hinna 42 hafna.

Tafla 3.

Afborganir af föstum lánum + allir vextir á hvern íbúa á hverjum stað 1970.

Neskaupstaður	kr. 4 895.00	Skagaströnd	kr. 1 871.00
Bakkafjörður	— 4 683.00	Raufarhöfn	— 1 854.00
Þingeyri	— 4 577.00	Höfn í Hornafirði	— 1 821.00
Þórshöfn	— 4 477.00	Eskifjörður	— 1 626.00
Bolungarvík	— 3 928.00	Búðareyri	— 1 611.00
Eyrarbakki	— 3 907.00	Flateyri	— 1 575.00
Sandgerði	— 3 748.00	Sauðárkrókur	— 1 359.00
Suðureyri	— 3 597.00	Súðavík	— 1 070.00
Ólafsvík	— 3 073.00	Vestmannaeyjar	— 1 029.00
Hrísey	— 3 041.00	Húsavík	— 1 014.00
Vopnafjörður	— 2 967.00	Stöðvarfjörður	— 973.00
Grindavík	— 2 844.00	Stokkseyri	— 734.00
Seyðisfjörður	— 2 764.00	Ísafjörður	— 696.00
Grundarfjörður	— 2 236.00	Siglufjörður	— 636.00
Stykkishólmur	— 2 164.00	Akureyri	— 639.00
Ólafsfjörður	— 2 107.00	Blönduós	— 588.00
Dalvík	— 2 018.00	Hafnarfjörður	— 563.00
Akranes	— 1 984.00	Búðakauptún	— 359.00
Patreksfjörður	— 1 954.00	Grímsey	— 317.00
Hofsós	— 1 943.00	Hvammstangi	— 283.00
Borgarfjörður eystri	— 1 940.00		

5.3 Skammtímalán og áhrif þeirra á greiðslustöðu.

Í þessum kafla hefur hingað til einungis verið tekið tillit til afborgana af föstum lánum, en litið fram hjá skammtímalánum. Orsökin er m. a. sú, að afborgunarkjör þeirra eru óupplýst.

Í fylgiriti 8 er sýnt yfirlit yfir lausaskuldir hafnanna og stutt lán. Samkvæmt því nema þessi lán og skuldir um 121 m.kr. Hæstu skammtímalánin bera Akureyrarhöfn (30.1 m.kr.), Vopnafjörður (11.7 m.kr.), Neskaupstaður (10.4 m.kr.) og Akranes (8.5 m.kr.). Landshafnirnar hafa litlar sem engar lausaskuldir, en Reykjavíkurhöfn skuldar 17.6 millj. króna í stuttum lánum. Kemur það ekki fram á yfirlitinu.

Sé gert ráð fyrir, að lán þessi greiðist á 3—4 árum, ætti afborgun að nema 30—40 milljónum króna á ári. Miðað við þetta er greiðslujöfnuður hafnanna neikvæður um 140—150 milljónir króna og vantar því þá upphæð í árlegar tekjur eða styrki til þess, að þær geti staðið við skuldbindingar sínar af því, sem þegar hefur verið framkvæmt. Þessi upphæð nemur um 2.3-földum rekstrartekjum að frádregnum beinum rekstrargjöldum, eða nær sömu upphæð og öllum rekstrartekjum hafnanna. Ætti þannig að mæta þessum skuldbindingum öllum af rekstrartekjum einum, þyrfti nær tvöföldun rekstrartekna hafnanna.

Heildarskuldir hafnanna 46 námu samkvæmt þessu um s. l. áramót 1007.5 milljónum króna. Á móti kemur vangreitt ríkisframlag. Samkvæmt upplýsingum Hafnamálastofnunarinnar nam það 37.7 milljónum króna um s. l. áramót. Í fylgi-

riti (9) er gerð grein fyrir sundurliðun þess á einstakar hafnir. Ljóst er, að þótt hafnirnar eigi þessa innistæðu í ríkisframlögum, mun það þó engan veginn hrökkva til þess að koma hafnarsjóðum á réttan kjöl, þar sem þessi innistæða nemur einungis um 25% af hinum neikvæða greiðslujöfnuði hafnanna, þegar gert er ráð fyrir 3—4 ára lánstíma á stuttum lánum.

Sé miðað við 3—4 ára afborgunartíma á stuttum lánum, má gera svofellt yfirlit yfir greiðslustöðu hafnanna:

	Hafnirnar 42	Landshafnir	Rvíkurh.	Alls
	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.
Rekstrartekjur	82.3	13.3	72.5	168.1
Bein rekstrargjöld	45.4	11.2	48.6	105.2
Vaxtagjöld	45.9	25.5	15.7	87.1
Afborgun fastra lána	40.7	24.4	21.7	86.8
Afborgun stuttra lána (áætlun)	35.0	0.0	5.0	40.0
Greiðslujöfnuður alls með tilliti til afborgana af löngum og stuttum lánum	÷ 84.7	÷ 47.8	÷ 18.5	÷ 151.0

5.4 Versnandi afkoma.

Athyglisvert er að líta á, hvernig staða hafnanna hefur versnað á undanförnum árum. Vita- og hafnamálastofnunin tók saman yfirlit yfir afkomu og efnahag hafnarsjóða í árslok 1965. Séu niðurstöður þessa yfirlits fyrir títtnefndar 42 hafnir bornar saman við gögnin um afkomu hafnanna á árinu 1970, sést glöggt, hve mjög hefur hallað undan fæti.

Helztu niðurstöður þessa samanburðar má draga saman á eftirfarandi hátt:

	1965	1970	Aukning
	M.kr.	M.kr.	%
Rekstrartekjur	58.1	82.3	41.7
Bein rekstrargjöld	23.6	45.4	92.4
Afborganir og vextir af föstum lánum	35.0	77.8	122.3
Bráðabirgðalán og lausaskuldir	40.5	121.0	198.7
Vangreitt ríkisframlag	39.3	37.7	÷ 4.0

Samkvæmt þessu hafa bein rekstrargjöld vaxið rúmlega helmingi örar en rekstrartekjur. Á nefndu fimm ára tímabili vaxa rekstrartekjur um 41.7% en bein rekstrargjöld um 92.4%. Afborganir og vextir af föstum lánum hafa rúmlega tvöfaldazt og er þó greinilega minnkandi hlutfall af rekstrartekjum, sem mætt getur þessum pósti, sbr. það, sem að framan er sagt um þróun rekstrartekna og beinna rekstrargjalda. Við liðinn vextir og afborganir af föstum lánum er þó það að athuga, að talan frá 1965 er áætlunartala, sem miðast við 15 ára afborgunartíma og 8% vexti á föstum lánum. Kann því að skeika hér nokkru. Í samræmi við hina óhagstæðu þróun fyrrnefndra liða hafa stutt lán nær þrefaldazt að fjárhæð á tímabilinu. Á hinn bóginn eru vangreidd ríkisframlög nokkru lægri árið 1970 en þau voru árið 1965.

6. Hafnarframkvæmdir og afborganir og vextir af föstum lánum næstu árin.

Í fylgiriti (10) er sundurliðun á kostnaði við hafnarframkvæmdir síðustu þrjá áratugina. Allar tölur eru á verðlagi hvers tíma. Yfirlitið sýnir kostnað við hverja höfn. Reykjavíkurhöfn, Straumsvíkurhöfn og landshafnir eru ekki meðtaldar.

Heildarniðurstöður eru þessar:

	M.kr.
1940—1965	698.2
1966	120.8
1967	111.4
1968	142.8
1969	136.7
1970	138.6
Alls	1 348.5

Í mestan kostnað hefur verið lagt í Akureyrarhöfn 105.5 milljónir króna, í Akraneshöfn 89.1 milljón króna og Vestmannaeyjahöfn 87.6 milljónir króna.

Á eftirtöldum höfnum hefur verið unnið að hafnarframkvæmdum fyrir meira en 15 milljónir króna á undanförnum fimm árum:

	M.kr.
Akraneshöfn	22.4
Akureyrarhöfn	85.1
Bolungarvíkurhöfn	21.6
Grindavíkurhöfn	28.3
Hafnarfjarðarhöfn	35.2
Höfn í Hornafirði	32.5
Neskaupstaðarhöfn	34.3
Ólafsvíkurhöfn	27.1
Seyðisfjarðarhöfn	19.5
Vestmannaeyjahöfn	32.7
Vopnafjarðarhöfn	40.6
Þórshöfn	16.4

Til framkvæmda við þessar 12 hafnir hafa farið um 60% af heildarkostnaði á tímabilinu við þær hafnir, sem yfirlit þetta nær til.

Í fylgiriti (11) er gerð grein fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum næsta áratuginn af föstum lánum. Á yfirlitið vantar upplýsingar um landshafnirnar.

Heildarniðurstöður eru þessar:

	Afborganir og vaxtagjöld	
	Hafnirnar 42	Reykjavík
	M.kr.	M.kr.
1971	82.5	39.2
1972	93.1	38.2
1973	89.4	32.3
1974	86.0	26.3
1975	78.6	18.2
1976	74.6	13.3
1977	70.3	8.4
1978	65.2	7.8
1979	59.3	2.3
1980	51.9	2.2

Heildarútgjaldabyrði hinna 42 hafna í vaxtagjöld og afborganir af nú áhvílandi lánum er því meiri hvert áranna 1972—1974 heldur en á árinu 1971. Á árinu 1970 er þessi liður 76.3 milljónir króna. Vex hann þannig um 6,2 milljónir á árinu 1971 og aðrar 10.6 milljónir króna á árinu 1972, en fer síðan heldur lækkandi. Mun því fjárþörf hafnanna vaxa sem þessu nemur á næstu árum umfram þær áætlanatölur fyrir árið 1970, er grein var fyrir gerð í kafla 5.

Hæstu liði af þessu tagi á næstu árum bera Akureyri (8—9 milljónir króna), Bolungarvík (4—6 milljónir króna), Vestmannaeyjar (5 milljónir króna) og Hafnarfjörður (5 milljónir króna).

Fylgiskjal II. Rekstraryfirlit íslenzkra hafnarsjóða 1970.

	Hafnir	Íbúar 1970	1 Lestagjald Þ. kr.	%	2 Bryggjugjald Þ. kr.	%	3 Vörugjald Þ. kr.	%	4 Hafns.gjald Þ. kr.	%	5 Aðrar tekjur Þ. kr.	%	6 1+2+3 +4+5 Þ. kr.	7 Laun þ. kr.	%	8 Viðhald Þ. kr.	%	9 Annar rekstur Þ. kr.	%	10 7+8+9 Þ. kr.	11 6+10 Þ. kr.	12 Vaxta-gjöld Þ. kr.	13 (11+12) Rekstrar-jöfnuður Þ. kr.
1	Akranes	4 238	342	5.7	515	8.6	4 193	70.2	629	10.5	300	5.0	5 979	1 276	53.9	470	19.9	621	26.2	2 367	3 612	3 368	244
2	Akureyri	10 738	576	5.3	619	5.7	4 634	42.6			5 053[1]	46.4	10 882	726	22.2	1 496	45.8	1 046	32.0	3 268	7 614	4 665	2 949
3	Bakkafjörður	ca. 60					45	88.2			6	11.8	51					10	100.0	10	41	159	+ 118
4	Blönduós	689	31	6.5	16	3.4	358	75.4			70	14.7	475	36	31.3	51	44.3	28	24.4	115	360	227	113
5	Bolungarvík	984	97	18.4	48	9.1	352	66.6			31	5.9	528	232	38.5	189	31.4	181	30.1	602	+ 74	2 574	+ 2648
6	Borgarfj. eystri	142	1+2 33	30.6			46	42.6			29	26.8	108	2	1.3	30	19.1	125	79.6	157	+ 49	464	+ 513
7	Búðakauptún	719	37	7.1	19	3.7	177	34.0			287	55.2	520	87	33.6	88	34.0	84	32.4	259	261	140	121
8	Búðareyri	581	1+2 105	12.6			731	87.4					836	8	21.1			30	78.9	38	798	427	371
9	Dalvík	1 063	1+2 158	20.8			303	39.9			298	39.3	759	98	13.5	338	46.4	292	40.1	728	31	838	+ 807
10	Eskifjörður	934	1+2 787	35.3			794	35.6			647	29.1	2 228	395	45.8	279	32.4	188	21.8	862	1 366	812	554
11	Eyrarbakki	514					191	100.0					191	39	21.1			146	78.9	185	6	1 141	+ 1 135
12	Flateyri	449	45	12.8	26	7.4	266	75.8			14	4.0	351	5	3.9	25	19.2	100	76.9	130	221	684	+ 463
13	Grímsey	ca. 85					1+2+3 31	100.0					31			22	57.9	16	42.1	38	+ 7	11	+ 18
14	Grindavík	1 165					1+2+3 3 872	85.5			655	14.5	4 527	841	80.3	55	5.2	152	14.5	1 048	3 479	1 674	1 805
15	Grundarfjörður	601	1+2 222	23.0			554	57.3			191	19.7	967	296	36.9	290	36.2	216	26.9	802	165	837	+ 672
16	Hafnarfjörður	9 691	454	4.3	738	6.9	3 485	32.7	1 287	12.1	4 684	44.0	10 648	3 767	62.2	1 085	17.9	1 201	19.9	6 053	4 595	2 395	2 200
17	Hnífsdalur	325	1+2 12	15.4			52	66.7			14	17.9	78			103	64.0	58	36.0	161	+ 83		+ 83
18	Hofsós	280	21	13.4	9	5.8	126	80.8					156	15	23.4	19	29.7	30	46.9	64	92	338	+ 246
19	Hrísey	290	79	24.2			157	48.0			91	27.8	327	52	29.1	43	24.0	84	46.9	179	148	515	+ 367
20	Húsavík	1 996	201	6.7	236	7.9	1 836	61.5			714	23.9	2 987	213	28.3	244	32.4	296	39.3	753	2 234	887	1 347
21	Hvammstangi	364	6	3.1			155	81.2			30	15.7	191			17	85.0	3	15.0	20	171	75	96
22	Höfn í Hornaf.	898	362	13.5	87[4]	3.3	1 836	68.7	330	12.3	59	2.2	2 674	566	53.3	255	24.0	241	22.7	1 062	1 612	835	777
23	Ísafjörður	2 683	406	10.4	555	14.1	1 325	33.8	920	23.4	720	18.3	3 926	1 332	38.0	1 653	47.1	521	14.9	3 506	420	1 409	+ 989
24	Neskaupstaður	1 547	134	4.6	81	2.8	687	23.8			1 990[2]	68.8	2 892	637	22.4	2 169	76.1	44	1.5	2 850	42	3 214	+ 3 172
25	Ólafsfjörður	1 082			104	17.8	364	62.1			118	20.1	586	168	45.8	86	23.4	113	30.8	367	219	1 382	+ 1 163
26	Ólafsvík	991	1+2 277	16.9			1 231	75.0			133	8.1	1 641	255	51.7	88	17.9	150	30.4	493	1 148	1 525	+ 377
27	Patreksfjörður	988	193	17.5	100	9.0	392	35.5	28	2.5	392	35.5	1 105	329	39.8	168	20.4	329	39.8	826	279	1 281	+ 1 002
28	Raufarhöfn	446					1+2+3 164	79.2			43	20.8	207	219	67.2	61	18.7	46	14.1	326	+ 119	482	+ 601
29	Sandgerði	924	14	0.9	105	7.0	834	55.8			542	36.3	1 495	850	51.8	388	23.7	402	24.5	1 640	+ 145	787	+ 932
30	Sauðárkrókur	1 594	223	25.0			645	72.3			24	2.7	892	175	32.3	95	17.5	272	50.2	542	350	1 188	+ 838
31	Seyðisfjörður	885	1+2 122	7.0			1 568	89.3			65	3.7	1 755	313	47.1	1	0.1	351	52.8	665	1 090	1 258	+ 168
32	Siglufjörður	2 161	223	11.9	453	24.1	541	28.8	28	1.5	632	33.7	1 877	731	35.6	727	35.4	594	29.0	2 052	+ 175	875	+ 1 050
33	Skagaströnd	535			60	16.0	236	63.1			78	20.9	374	200	27.9	460	64.3	56	7.8	716	+ 342	701	+ 1 043
34	Stokkseyri	391					200	58.5			142	41.5	342			163	100.0			163	179	170	9
35	Stykkishólmur	1 033	1+2 364	14.2			762	29.6			1 444[3]	56.2	2 570	182	10.4	1 119	64.1	445	25.5	1 746	824	1 160	+ 336
36	Stöðvarfjörður	258	13	4.2	13	4.2	282	91.6					308	8	7.5	26	24.3	73	68.2	107	201	111	90
37	Súðavík	199			9	12.7	56	78.9			6	8.4	71			20	64.5	11	35.5	31	40	161	+ 121
38	Suðureyri	454	140	27.4	37	7.2	335	65.4					512	28	16.3	31	18.0	113	65.7	172	340	917	+ 577
39	Vestmannaeyjar	5 179	916	6.3	497	3.4	5 772	39.6	889	6.1	6 507[5]	44.6	14 581	3 864	40.4	4 218	44.2	1 475	15.4	9 557	5 024	2 022	3 002
40	Vopnafjörður	515					598	100.0					598	84	29.1	119	41.2	86	29.7	289	309	473	+ 164
41	Þingeyri	395	1+2 154	37.9			181	44.6			71	17.5	406	42	11.2	223	59.5	110	29.3	375	31	1 235	+ 1 204
42	Þórshöfn	409	1+2 39	6.1			593	92.7			8	1.2	640	32	38.1	8	9.5	44	52.4	84	556	789	+ 233
			6 786	8.2	4 327	5.3	40 960	49.8	4 111	5.0	26 088	31.7	82 272	18 103	39.9	16 922	37.3	10 383	28.8	45 408	36 864	40 288	+ 7 424

Ath. Í þeim tilvikum sem hafnir hafa tekið ljósagjald hefur það verið fellt inn í dálk 1 (Lestagjald) þ. e. flestar hafnir með nýlegar reglugerðir hafa fellt þau gjöld saman.
1) Innifalið er dráttarbrautargjald kr. 3 500 þús.
2) Innifalið er dráttarbrautargjald kr. 1 414 þús.
3) Innifalið er dráttarbrautargjald kr. 1 163 þús.
4) Bryggju- og festagj.
5) M. a. tekjur af Lóðs kr. 3 463 þús. og af Sjóveitu kr. 1 178 þús.

	Keflav. — Njarðv.	7 180	309	3.6	843	9.8	5 302	61.5	880	10.2	1 285	14.9	8 619	3 587	41.8	3 852	44.9	1 144	13.3	8 583	36	10 053	+10 017
	Rifshöfn	505					1+2+3 471	66.3	38	5.4	201	28.3	710	446	63.8	114	16.3	139	19.9	699	11	5 933	+ 5 922
	Þorlákshöfn	523					1+2+3 3 648	91.3			348	8.7	3 996	1 376	71.4	215	11.2	336	17.4	1 927	2 069	9 400	+ 7 331
	Reykjavík	81 561	1 408	2.0	2 095	2.9	29 115	40.1	7 042	9.7	32 860	45.3	72 520	32 228	66.4	13 136	27.0	3 200	6.6	48 564	23 956	15 659	8 297
			1 717	2.0	2 938	3.4	38 536	44.9	7 960	9.3	34 694	40.4	85 845	37 637	63.0	17 317	29.0	4 819	8.0	59 773	26 072	41 282	+ 15 210

Fylgiskjal III.

Greiðsluyfirlit hafnarsjóða við árslok 1970 (þús. kr.).

	Hafnir	1 Rekstrar-tekjur	2 Rekstrar-gjöld án vaxta og afb.	3 1+2	4 Föst lán	5 Árið 1970 Afborganir	6 Vextir af föstum lánum	7 (Ath.) Vextir af stuttum lánum, dr.vextir og lántökukostn.	8 5+6+7	9 3+8
1	Akranes	5 979	2 367	3 612	39 801	5 040	2 640	728	8 408	+ 4 796
2	Akureyri	10 882	3 268	7 614	30 179	2 197	2 453	2 212	6 862	752
3	Bakkafjörður	51	10	41	4 007	122	159		281	+ 240
4	Blönduós	475	115	360	1 542	178	148	79	405	+ 45
5	Bolungarvík	528	602	+ 74	37 760	1 291	1 986	588	3 865	+ 3 939
6	Borgarfj.-eystri	108	157	+ 49	3 985	284	234	230	748	+ 797
7	Búðakauptún	520	259	261	775	118	119	21	258	3
8	Búðareyri	836	38	798	5 727	427	(6+7) 509		936	+ 138
9	Dalvík	759	728	31	13 891	1 307	803	35	2 145	+ 2 114
10	Eskifjörður	2 228	862	1 366	9 224	707	812	?	1 519	+ 153
11	Eyrarbakki	191	185	6	16 166	867	818	323	2 008	+ 2 002
12	Flateyri	351	130	221	10 618	23	611	73	707	+ 486
13	Grímsey	31	38	+ 7	74	16	8	3	27	+ 34
14	Grindavík	4 527	1 048	3 479	21 013	1 639	1 540	134	3 313	166
15	Grundarfjörður	967	802	165	6 823	507	580	257	1 344	+ 1 179
16	Hafnarfjörður	10 648	6 053	4 595	26 537	3 059	1 810	585	5 454	+ 859
17	Hnífsdalur	78	161	+ 83						+ 83
18	Hofsós	156	64	92	4 472	206	310	28	544	+ 452
19	Hrísey	327	179	148	6 243	367	402	113	882	+ 734
20	Húsavík	2 987	753	2 234	12 106	1 137	801	86	2 024	210
21	Hvammstangi	191	20	171	166	28	(6+7) 75		103	68
22	Höfn í Hornafirði	2 674	1 062	1 612	7 626	800	768	67	1 635	+ 23
23	Ísafjörður	3 926	3 506	420	20 794	459	940	469	1 868	+ 14 48
24	Neskaupstaður	2 892	2 850	42	37 849	4 359	2 933	281	7 573	+ 7 531
25	Ólafsfjörður	586	367	219	15 405	898	592	790	2 280	+ 2 061
26	Ólafsvík	1 641	493	1 148	20 674	1 530	1 122	403	3 055	+ 1 907
27	Patreksfjörður	1 105	826	279	19 518	650	1 168[1]	113	1 931	+ 1 652
28	Raufarhöfn	207	326	+ 119	4 423	345	(6+7) 482		827	+ 946
29	Sandgerði	1 495	1 640	+ 145	11 612	1 128	2 335[2]	?	3 463	+ 3 608
30	Seyðisfjörður	1 755	665	1 090	16 128	1 188	1 258	?	2 446	+ 1 356
31	Sauðárkrókur	892	542	350	19 381	978	(6+7) 1 188		2 166	+ 1 816
32	Siglufjörður	1 877	2 052	+ 175	6 838	499	468	407	1 374	+ 1 549
33	Skagaströnd	374	716	+ 342	6 167	ca. 300	ca. 482	ca. 219	ca. 1 001	+ 1 343
34	Stokkseyri	342	163	179	2 383	117	143	27	287	+ 108
35	Stykkishólmur	2 570	1 746	824	13 393	1 075	1 040	120	2 235	+ 1 411
36	Stöðvarfjörður	308	107	201	1 806	140	103	8	251	+ 50
37	Súðavík	71	31	40	2 246	52	161		213	+ 173
38	Suðureyri	512	172	340	13 051	716	917		1 633	+ 1 293
39	Vestmannaeyjar	14 581	9 557	5 024	24 508	3 308	2 022	?	5 330	+ 306
40	Vopnafjörður	598	289	309	15 766	1 055	473	?	1 528	+ 1 219
41	Þingeyri	406	375	31	12 697	573	863	372	1 808	+ 1 777
42	Þórshöfn	640	84	556	20 647	1 042	789		1 831	+ 1 275
		82 272	45 408	36 864	544 021	40 732	37 065	8 771	86 568	+ 49 704

1) Patreksfjörður greiddi **1 388 þús. kr.** í vexti á árinu 1970, þar af voru greiddar **1 095 þús. kr.** af föstum lánum (átti að vera 1 168 þús. kr.) og ca. **180 þús. kr.** vanskilavextir, það sem eftir var **113 þús. kr.** var greitt í dr.vexti og vexti af bráðab.lánum. Innifalin í afborgunarupphæðinni **650 þús. kr.** eru **74 þús. kr.** vanskilaafb.

2) Á árinu 1970 voru greiddir, ásamt vöxtum ársins 1970, vanskilavextir, **1 548 þús. kr.** frá árunum 1966, 1967, 1968 og 1969, en þeir höfðu ekki verið gjaldfærðir áður. Vextir af föstum lánum fyrir árið 1970 voru að upphæð **787 þús. kr.** Miðað við þá upphæð ætti niðurstaðan í dálki 9 að vera + **1 915 þús. kr.** (Ath.) Upphæðir í 7. dálki (vextir af stuttum lánum o. s. frv.) eru mismunur á vaxta upphæðum sem nefndar eru í rekstrarreikningi og þeim sem eru á lánaskrá. Verður að taka þeim tölum með varúð þar eð í einstaka tilvikum geta vanskila vextir fyrri ára verið fólgnir í þeim vaxtaupph. sem nefndar eru í rekstrarreikningi.

	Keflav.—Njarðv.	8 619	8 583	36	65 076	6 930	10 053	237	17 220	+ 17 184
	Rifshöfn	710	699	11	47 386	3 945	5 933		9 878	+ 9 867
	Þorlákshöfn	3 996	1 927	2 069	77 290	13 470	9 400		22 870	+ 20 801
	Reykjavík	72 520	48 564	23 956	135 118	21 756	(6+7) 15 659		37 415	+ 13 459
		85 845	59 773	26 072	324 870	46 101	41 045	237	87 383	+ 61 311

Fylgiskjal IV.

Upplýsingar frá hafnamálastjóra um sérhæfðan tækjakost til hafnargerða.

Reykjavík, 25. febrúar 1972.

Að ósk nefndar, er skipuð var til endurskoðunar hafnalaga, sendi ég eftirfarandi upplýsingar:

Vinnutæki, sem teljast mega sérhæfð vegna hafnargerða og eðlilegt er að séu í eigu Hafnamálastofnunar ríkisins:

1) **Tæki til grjótvinnslu og neðansjávarsprenginga:**
Loftþjöppur.
Bortæki, borvagnar, borstólar.
Grjótflutningsbílar.
Borfleki á fótum.
Lyftitæki (mjög stórir kranar).

2) **Tæki til rekstrar staura og þilja:**
Loft- og/eða gufulóð, mismunandi stærðir.
Gufu „generator".
Rammbukkar.
Fallhamrar.
Lyftitæki (stórir kranar).

3) **Dýpkunartæki:**
Stórir lyftikranar.
Grafskóflur (grabbar, mismunandi stærðir og gerðir).
Sanddæla (Hákur).
Fleki með grafkrana og á fótum.
Grafskip (Grettir).

4) **Tæki til neðansjávarvinnu:**
Köfunarbúningar og dælur.
Tæki til blöndunar köfunarlofts.
Afþrýstiklefi.
Köfunarhylki til djúpkafana.
Sérhæfð verkfæri til neðansjávarvinnu (sjónvarpstæki).

5) **Ýmis tæki:**
Vatnsdælur af mismunandi stærðum og gerðum.
Minni vélknúin smíðaáhöld (borar, sagir) til bryggjusmíða.
Mælitæki, bátar, smáflekar; „Colcrate"-tæki.

Áðurnefnd tæki eru nú að nokkru í eigu Hafnamálastofnunarinnar, en að nokkru er vöntun þeirra afar bagaleg, þannig, að lögð er mikil áherzla á að útvega þau.

Fjöldi eininga af hverri tegund getur verið mjög misjafn, en almennt er aðeins um fá tæki að ræða; oft er meginatriðið, að verkfærið sé til í landinu þegar á þarf að halda.

Mjög oft ræðst gerð mannvirkis að meira eða minna leyti af þeim tækjum, sem völ er á til framkvæmdarinnar, en ekki öfugt. Sérstaklega á þetta við um minni verk. Er því afar áríðandi, að fullkomin vitneskja sé fyrir þeim aðilum, er hanna hafnir, um, hverjir tækjamöguleikar séu í landinu.

Fylgiskjal V.

Afborganir og vextir af áhvílandi hafnalánum fyrir árin 1971—1980.

	1971			1972			1973			1974			1975		
Hafnir	Afb.	Vextir	Alls	Afb.	Vextir	Alls	Afb.	Vextir	Alls	Afb.	Vextir	Alls	Afb.	Vextir	Alls
Akranes	5 112	2 941	8 053	6 342	3 132	9 474	6 280	2 657	8 937	6 287	2 186	8 473	2 295	1 713	4 008
Akureyri	2 263	2 371	4 634	2 662	2 750	5 412	2 654	2 521	5 175	2 653	2 295	4 948	2 653	2 067	4 720
Bakkafjörður	280	353	613	303	329	632	305	301	606	317	274	591	320	246	566
Blönduós	176	134	312	178	118	296	178	103	281	178	88	266	170	73	243
Bolungarvík	1 564	2 704	4 268	3 027	3 453	6 480	3 143	3 218	6 361	3 294	2 981	6 275	3 458	2 733	6 191
Borgarfj. eystri	300	260	560	375	240	615	374	214	588	362	188	550	351	162	513
Búðakauptún	118	103	221	118	87	205	98	72	170	98	58	156	98	45	143
Búðareyri	407	338	745	424	310	734	440	265	705	458	235	693	475	205	680
Dalvík	886	980	1 866	1 077	1 052	2 129	1 077	965	2 042	1 076	876	1 952	1 078	786	1 864
Eskifjörður	780	656	1 436	790	590	1 380	800	524	1 324	810	458	1 268	820	392	1 212
Eyrarbakki	993	1 183	2 176	1 428	1 334	2 762	1 436	1 252	2 688	1 445	1 155	2 600	1 454	1 049	2 503
Flateyri	240	646	886	588	605	1 193	665	665	1 230	708	521	1 229	750	475	1 225
Grímsey	16	7	23	16	6	22	12	4	16	10	3	13	10	2	12
Grindavík	1 765	1 707	3 472	1 844	1 650	3 494	1 842	1 489	3 331	1 843	1 327	3 170	1 802	1 272	3 074
Grundarfjörður	490	340	830	433	306	739	436	268	703	438	232	670	384	184	568
Hafnarfjörður	2 632	1 924	4 556	3 033	2 299	5 332	3 032	2 069	5 101	3 005	1 839	4844	3 014	1 608	4 622
Hnífsdalur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hofsós	339	393	732	341	364	705	339	333	872	340	305	645	340	275	615
Hrísey	468	515	983	463	473	936	469	434	903	475	393	868	481	351	832
Húsavík	1 138	800	1 938	1 249	932	2 181	1 246	862	2 108	1 176	777	1 953	1 153	712	1 865
Hvammstangi	77	84	161	77	77	154	78	70	148	67	63	130	61	57	118
Höfn	739	678	1 417	932	897	1 829	919	812	1 731	910	728	1 638	892	645	1 537
Ísafjörður	555	1 449	2 004	703	1 405	2 108	921	1 344	2 265	1 243	1 277	2 520	1 596	1 181	2 777
Neskaupstaður*)	4 291	2 981	7 272	3 689	2 654	6 343	3 104	2 383	5 487	3 014	2 129	5 143	3 025	1 881	4 906
Ólafsfjörður	788	1 035	1 823	1 323	975	2 298	1 312	879	2 191	1 260	782	2 042	1 219	692	1 911
Ólafsvík	1 397	1 403	2 800	1 878	1 744	3 622	1 890	1 596	3 486	1 883	1 447	3 330	1 881	1 299	3 180
Patreksfjörður	1 034	1 213	2 247	1 565	1 339	2 904	1 644	1 217	2 861	1 697	1 101	2 798	1 738	985	2 723
Raufarhöfn	325	371	696	445	348	793	458	317	775	473	282	755	488	226	714
Sandgerði	1 145	770	1 915	1 163	694	1 857	1 181	616	1 797	1 186	538	1 724	1 165	460	1 625
Sauðárkrókur	1 204	1 440	2 844	1 586	1 346	2 932	1 595	1 223	2 818	1 608	1 101	2 709	1 622	977	2 599
Seyðisfjörður	1 148	1 136	2 284	1 149	1 050	2 199	1 148	963	2 111	1 148	882	2 030	1 149	791	1 940
Siglufjörður	501	480	981	639	441	1 080	642	394	1 036	645	331	976	649	286	935
Skagaströnd	250	400	650	386	414	800	385	380	765	386	346	732	386	312	698
Stokkseyri	192	261	453	234	270	504	232	247	479	233	225	458	233	204	437
Stykkishólmur	903	1 000	1 903	1 110	934	2 044	1 083	852	1 935	1 077	771	1 848	1 064	692	1 756
Stöðvarfjörður	136	134	270	280	266	566	279	262	541	231	239	520	279	215	494
Súðavík	68	140	208	498	672	1 170	554	628	1 182	563	587	1 150	572	548	1 120
Suðureyri	960	1 013	1 973	1 102	949	2 051	1 295	868	2 163	1 460	753	2 213	1 394	655	2 049
Vestmannaeyjar	3 357	1 727	5 084	2 623	2 423	5 046	2 629	2 225	4 854	2 637	2 003	4 640	2 518	1 781	4 299
Vopnafjörður	1 269	1 597	2 866	1 626	1 495	3 121	1 606	1 368	2 974	1 597	1 243	2 840	1 608	1 118	2 726
Þingeyri	1 014	816	1 830	1 095	757	1 852	1 153	686	1 839	1 212	612	1 824	1 277	532	1 809
Þórshöfn	1 220	1 466	2 686	1 759	1 380	3 139	1 771	1 258	3 029	1 758	1 133	2 891	1 744	1 011	2 755
Samtals	42 522	39 949	82 471	50 553	42 580	93 133	50 704	38 704	89 408	51 311	34 764	86 075	47 566	30 898	78 564
Reykjavík	25 500	13 700	39 200	26 968	11 186	38 154	23 600	8 700	32 300	20 000	6 300	26 300	13 800	4 400	18 200

*) Cekpp.-lán vegna dr.brautar er talið með föstum lánum hjá Neskaupstað vegna þess að það er 6 ára lán, á að greiðast upp árið 1972.

Afborganir og vextir af áhvílandi hafnalánum fyrir árin 1971—1980.

Hafnir	1976			1977			1978			1979			1980		
	Afb.	Vextir	Alls	Afb.	Vextir	Alls	Afb.	Vextir	Alls	Afb.	Vextir	Alls	Afb.	Vextir	Alls
Akranes	2 259	1 521	3 780	2 098	1 329	3 427	2 102	1 153	3 255	2 022	976	2 998	1 972	808	2 780
Akureyri	2 654	1 840	4 494	2 653	1 613	4 266	2 653	1 385	4 038	2 653	1 158	3 811	2 653	931	3 584
Bakkafjörður	321	220	541	323	193	516	325	165	490	292	137	429	294	113	407
Blönduós	170	57	227	170	43	213	170	29	199	155	13	168	0	0	0
Bolungarvík	3 543	2 476	6 019	3 562	2 155	5 717	3 636	1 885	5 521	3 341	1 558	4 899	3 029	1 275	4 304
Borgarfj. eystri	352	138	490	351	113	464	352	90	442	301	67	368	302	48	350
Búðakauptún	98	29	127	98	15	113	13	2	15	13	1	14	0	0	0
Búðareyri	492	175	667	477	125	602	430	101	531	409	80	489	382	59	441
Dalvík	1 056	697	1 753	1 058	607	1 665	1 056	517	1 573	1 018	428	1 446	1 018	357	1 375
Eskifjörður	830	326	1 156	840	260	1 100	850	194	1 044	650	128	778	517	90	607
Eyrarbakki	1 445	939	2 384	1 456	828	2 284	1 468	718	2 186	1 480	608	2 088	1 451	496	1 947
Flateyri	796	427	1 223	847	374	1 221	900	319	1 219	956	260	1 216	1 017	197	1 214
Grímsey	10	1	11	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Grindavík	1 805	1 021	2 826	1 784	858	2 642	1 788	717	2 505	1 576	586	2 162	1 327	443	1 770
Grundarfjörður	377	160	537	368	123	491	361	94	455	226	68	294	198	47	245
Hafnarfjörður	2 811	1 379	4 190	2 655	1 170	3 825	2 321	971	3 292	2 104	794	2 898	2 022	627	2 649
Hnífsdalur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hofsós	340	245	585	339	216	555	341	186	527	339	156	495	300	126	426
Hrísey	466	309	775	473	268	741	452	228	680	421	187	608	396	151	547
Húsavík	1 093	622	1 715	1 041	531	1 572	1 005	441	1 446	757	356	1 113	731	303	1 034
Hvammstangi	58	51	109	53	46	99	53	41	94	54	36	90	53	30	83
Höfn	872	564	1 436	852	484	1 336	789	406	1 195	764	334	1 098	764	265	1 029
Ísafjörður	1 662	1 070	2 732	1 757	956	2 713	1 837	836	2 673	1 942	709	2 651	1 893	573	2 466
Neskaupstaður*)	2 927	1 633	4 560	2 902	1 392	4 294	2 787	1 153	3 940	2 370	925	3 295	2 156	728	2 884
Ólafsfjörður	1 214	603	1 817	1 172	515	1 687	1 101	430	1 531	1 069	350	1 419	870	274	1 144
Ólafsvík	1 845	1 151	2 996	1 829	1 007	2 836	1 666	863	2 529	1 658	732	2 390	1 622	600	2 222
Patreksfjörður	1 781	859	2 640	1 859	723	2 582	1 937	599	2 536	2 026	451	2 479	1 475	315	1 790
Raufarhöfn	501	197	698	475	165	640	413	121	534	388	99	487	334	77	411
Sandgerði	1 129	380	1 509	1 117	286	1 403	758	217	975	631	169	800	608	128	736
Sauðárkrókur	1 636	853	2 489	1 421	723	2 144	1 343	601	1 944	1 252	502	1 754	1 267	412	1 679
Seyðisfjörður	1 148	704	1 852	1 148	618	1 766	1 149	532	1 681	1 148	446	1 594	1 095	359	1 454
Siglufjörður	651	239	890	656	185	841	536	136	672	367	102	489	325	77	402
Skagaströnd	385	279	664	386	244	630	386	210	596	365	178	543	366	144	510
Stokkseyri	213	181	394	213	161	374	213	141	354	213	119	332	212	100	312
Stykkishólmur	1 077	614	1 691	1 066	549	1 615	1 068	470	1 538	1 029	329	1 421	1 043	320	1 363
Stöðvarfjörður	280	192	472	277	171	448	277	147	424	276	122	398	178	97	275
Súðavík	583	497	1 080	594	446	1 040	593	395	988	596	345	941	582	293	875
Suðureyri	1 441	566	2 007	1 435	472	1 907	1 347	378	1 725	1 307	286	1 593	1 036	200	1 236
Vestmannaeyjar	2 435	1 558	3 993	2 378	1 356	3 734	2 238	1 143	3 381	2 074	950	3 024	1 686	758	2 444
Vopnafjörður	1 613	991	2 604	1 623	864	2 487	1 597	738	2 335	1 606	614	2 220	1 462	489	1 951
Þingeyri	1 343	448	1 791	1 417	361	1 778	1 473	269	1 742	1 574	174	1 748	901	67	968
Þórshöfn	1 740	908	2 648	1 724	783	2 507	1 714	660	2 374	1 718	538	2 256	1 533	415	1 948
Samtals	47 452	27 120	74 572	46 947	23 328	70 275	45 498	19 681	65 179	43 162	16 134	59 296	39 070	12 792	51 862
Reykjavík	10 300	3 000	13 300	6 300	2 100	8 400	6 300	1 500	7 800	1 330	970	2 300	1 330	900	2 200

*) Cekpp.-lán vegna dr.brautar er talið með föstum lánum hjá Neskaupstað vegna þess að það er 6 ára lán, á að greiðast upp árið 1972.

Ed. 658. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til laga um Tækniskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 7. gr. Í lok greinarinnar bætast orðin:
   og skal þegar á næsta skólaári hefja þar starfrækslu á raungreinadeild.
2. Á eftir 13. gr. komi bráðabirgðaákvæði:
   Menntamálaráðherra skal beita sér fyrir því, að undirbúin verði ný löggjöf um skipulag verk- og tæknimenntunar á framhaldsskóla- og háskólastigi. Skal m. a. taka til athugunar, hvort ráðlegt sé, að stofnaður verði tæknihá-skóli og taki hann við öllu tæknifræðinámi, sem nú fer fram í Tækniskóla Íslands, og verkfræðinámi Háskóla Íslands. Ráðherra skal jafnframt láta rannsaka ýtarlega, hvort ekki sé tiltækilegt, að tæknihá-skóli verði starfræktur á Akureyri.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 26. apríl 1972.

Ragnar Arnalds, form.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Þorv. Garðar Kristjánsson, frsm.
Auður Auðuns.	Björn Jónsson.	Steingr. Hermannsson.
	Eggert G. Þorsteinsson.	

Ed. 659. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 111 30. des. 1970, um virkjun Lagarfoss.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 25. apríl 1972.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm.	Ragnar Arnalds, fundaskr.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
Björn Fr. Björnsson.	Eggert G. Þorsteinsson.	Bjarni Guðbjörnsson.
	Birgir Kjaran.	

Ed. 660. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um sölustofnun niðursuðuiðnaðarins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og sent það til umsagnar fjölmargra aðila. Umsagnir hafa almennt verið jákvæðar, en fram hafa komið ýmsar ábendingar. Nefndar-

menn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, en með þeim fyrirvara er nefndin sammála um að mæla með samþykkt frv. með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað „Sölustofnun niðursuðuiðnaðarins“ í upphafi greinarinnar (og einnig í 2., 3. og 5. gr.) komi: Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.
2. Við 2. gr.
   a. Við a-lið. Í stað orðanna „niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og öðrum fullunnum sjávarafurðum“ komi: áðurnefndum sjávarafurðum.
   b. Við b-lið. Liðurinn orðist svo:
   annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa, þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn.
   c. Við c-lið. Í stað orðanna „hafa með höndum gæðaeftirlit“ komi: hafa í samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins með höndum gæðaeftirlit.
3. Við 4. gr. 2. mgr.
   a. Aftan við málsliðinn „Reikningar stofnunarinnar skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, er ráðherra skipar til þriggja ára í senn“ komi: og skal annar þeirra tilnefndur af fulltrúaráði, en hinn af fjármálaráðuneytinu.
   b. Aftan við málsliðinn „Stjórnin boðar fulltrúaráð stofnunarinnar til aðalfundar hvert ár“ komi: eigi síðar en í júnímánuði.
4. Við 5. gr. a-lið. Í stað „20 milljónir króna“ komi: 25 milljónir króna.
5. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „öll útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum, söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum ufsaflökum, hraðfrystum og sykursöltuðum þorskhrognum og salt- og kryddsíld“ komi: öll útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum.
   b. Í stað orðanna „til eflingar niðursuðu- og niðurlagningariðnaðinum“ komi: til eflingar lagmetisiðnaðinum.
6. Heiti frv. verði:
   Frumvarp til laga um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

Alþingi, 25. apríl 1972.

Steingrímur Hermannsson, form.	Ragnar Arnalds, fundaskr., frsm.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
Bjarni Guðbjörnsson.	Birgir Kjaran.	Björn Fr. Björnsson.
	Eggert G. Þorsteinsson.	

Ed. 661. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 14. júní 1929, um gjaldþrotaskipti.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 28. apríl 1972.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
Magnús Jónsson.	Eggert G. Þorsteinsson.	Bjarni Guðbjörnsson.
	Ásgeir Bjarnason.	

Sþ. 662. Fyrirspurn [272. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um elli- og örorkulífeyri.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. Hversu margir (hjón og einstaklingar) hafa hlotið elli- og örorkulífeyri á fyrsta ársfjórðungi yfirstandandi árs? Hve háum fjárhæðum í heild hafa umræddar lífeyrisgreiðslur numið?
2. Hve margir þessara aðila hafa á sama tímabili fengið álag á lífeyri sinn vegna verulega skertrar starfsgetu og bágra aðstæðna, og hve mikil er sú álagsupphæð í heild?
3. Hversu margir framangreindir lífeyrisþegar hafa hlotið á sama tímabili umframlífeyri skv. ákvæði almannatryggingalaga um lágmarkstekjutryggingu, og hversu mikil er sú umframupphæð í heild?
4. Hvernig er framkvæmd bótagreiðslna skv. framangreindu tekjutryggingarákvæði háttað í einstökum atriðum?

Nd. 663. Breytingartillaga [159. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 28. des. 1970, um lífeyrissjóð bænda.

Frá Pálma Jónssyni, Ágúst Þorvaldssyni og Benedikt Gröndal.

Á undan 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

1. málsl. 10. gr. laganna orðist svo:

Hver sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri, ef hann verður fyrir orkutapi til langframa, er trúnaðarlæknir sjóðsins metur 40% eða meira.

Ed. 664. Breytingartillaga [209. mál]

við frv. til laga um sölustofnun niðursuðuiðnaðarins.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni og Birgi Kjaran.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Atvinnurekendur, sem aðild eiga að stofnuninni, mynda fulltrúaráð, sem skipað er 1 fulltrúa fyrir hvert fyrirtæki. Fulltrúaráðið fer með æðsta vald í öllum rekstri og stefnumótun stofnunarinnar.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum, kjörnum til þriggja ára í senn. Skulu tveir kosnir hlutfallskosningu af Alþingi og skipar ráðherra annan þeirra formann, en þrír skulu kjörnir af aðalfundi fulltrúaráðsins. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt. Fulltrúaráð ákveður laun stjórnar.

Stjórnin boðar fulltrúaráð stofnunarinnar til aðalfundar hvert ár eigi síðar en í júnímánuði. Aukafundi skal boða, þegar þurfa þykir. Fulltrúaráð skal boða til aukafundar, ef tveir stjórnarmenn eða helmingur fulltrúaráðs krefst þess. Fundir fulltrúaráðs skulu boðaðir með símskeyti með minnst viku fyrirvara. Aðili stofnunarinnar, sem ekki hefur framleitt niðursoðnar eða niðurlagðar sjávarafurðir eða flutt út á vegum stofnunarinnar á síðustu 12 mánuðum, hefur ekki atkvæðisrétt á fundum

fulltrúaráðsins. Á aðalfundi fulltrúaráðs skal leggja fram reikninga ásamt sölu-, framleiðslu- og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Reikningar stofnunarinnar skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, er ráðherra skipar til þriggja ára í senn, og skal annar þeirra tilnefndur af fulltrúaráði, en hinn af fjármálaráðuneytinu. Eftir hver áramót skal stjórnin gefa ráðherra ýtarlega skýrslu um starfsemina á liðnu ári, og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Viku fyrir aðalfund skulu endurskoðaðir ársreikningar stofnunarinnar ásamt sölu- og framleiðsluáætlun næsta starfsárs liggja frammi á skrifstofu stofnunarinnar í Reykjavík fulltrúaráðsmönnum til athugunar. Ársreikning skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Stjórnin ræður og ákveður laun framkvæmdastjóra, sem er prókúruhafi fyrir stofnunina og annast almennan rekstur í samráði við stjórnina.

Nd. 665. Nefndarálit [235. mál]

um frv. til l. um breyt. á skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir einróma með samþykkt þess. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru GÞG, StV, JSk.

Alþingi, 2. maí 1972.

Jónas Árnason, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson, frsm.
	Ragnhildur Helgadóttir.	

Nd. 666. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á skipulagslögum, nr. 19/1964.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með samþykkt þess. Fjarstaddir voru Gylfi Þ. Gíslason, Stefán Valgeirsson og Jón Skaftason.

Alþingi, 2. maí 1972.

Jónas Árnason, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Ragnhildur Helgadóttir, frsm.
	Ólafur G. Einarsson.	

Sþ. 667. Nefndarálit [102. mál]

um till. til þál. um vinnutíma fiskimanna.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur haft til meðferðar tillögur til þingsályktunar um vinnutíma fiskimanna, á þingskjali 121, og um orlof og hvíldartíma sjómanna á fiski-

skipum undir 500 brúttótonnum, á þingskjali 122. Nefndin telur rétt að afgreiða þessar tillögur samtímis. Efni þeirra er í meginatriðum hið sama, og hefur nefndin því orðið ásátt um að fella þær í eina.

BREYTINGARTILLAGA:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd, sem í eiga sæti m. a. fulltrúar sjómanna og útvegsmanna, til að athuga möguleika á lagasetningu um vinnutíma og orlof fiskimanna.

Alþingi, 2. maí 1972.

Gísli Guðmundsson, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Stefán Gunnlaugsson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Jónas Árnason.	Björn Fr. Björnsson.
	Lárus Jónsson.	

Ed. 668. Frumvarp til laga [273. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961.

Flm.: Björn Fr. Björnsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist:

Afréttarsvæði, sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags, skal teljast til þess sveitarfélags, sem þar á eignar- eða afnotarétt. Ef fleiri en eitt sveitarfélag eiga aðild að slíku landi og ekki er samkomulag um, hverju þeirra það skuli tilheyra, sker sýslunefnd úr. Úrskurði sýslunefndar má skjóta til félagsmálaráðuneytisins, sem fellir fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bein ákvæði eru ekki talin vera í löggjöf okkar um það, hver staðarmörk sveitarfélaga eru, þegar til afrétta kemur og nær dregur hálendi landsins. Í stjórnarskránni segir í 76. gr.: „Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum“. Til samræmis við þetta stjórnarskrárákvæði hafa verið sett lög um sveitarstjórnir og eru gildandi lög í þessu efni frá 1961. Þar segir í 1. gr.: „**Ríkið skiptist í sveitarfélög**, sem ráða sjálf málefnum sínum undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar (félagsmálaráðuneytisins), samkvæmt því sem lög ákveða.“ Síðan segir í 2. gr. laganna, að með sveitarfélögum sé átt við hreppa og kaupstaði.

Með hliðsjón af tilvitnuðum lagagreinum er auðsætt, að fá eða engin landssvæði séu þau, að eigi skuli falla undir stjórn sveitarfélags. Um nokkur afréttarlönd mun svo ástatt, að nokkur óvissa þykir ríkja um það, hvaða sveitarfélag hafi þar rétt og skyldur að sveitarstjórnarlögum. Er auðsætt, að þessi landssvæði eiga og þurfa að heyra til einhverju sveitarfélagi.

Afréttir okkar eru allstór hluti landsins alls. Þeir hafa verið og eru nýttir á ýmsa lund. Svo hefur verið um aldir. Á því er enginn vafi, að nýting þeirra mun færast mjög í vöxt. Fyrst koma í hug hinir miklu uppgræðslu- og ræktunarmögu-

leikar. Þá má t. d. geta þeirra framkvæmda, sem eiga sér stað á afréttum sunnanlands til undirbúnings stórvirkjunum. Þar hafa verktakar og fyrirtæki þeirra bækistöðvar og fjöldi manna atvinnu mikinn hluta árs. Þegar fram líða stundir, munu þeir verða eigi allfáir, sem þar starfa að staðaldri og setjast að. Víðar á slíkum landssvæðum getur komið til margs konar framkvæmda bæði á vegum opinberra aðila og einstaklinga. Þykir flm. sú skipan afréttarlands, að því er sveitarstjórn varðar, nærtækust og eðlileg, að það heyri því sveitarfélagi til, sem þar hefur haft eignar- eða afnotarétt og rækt þær skyldur, sem slíkum rétti fylgja.

Vera má, að fleiri en eitt sveitarfélag hafi átt og eigi sameiginlega afrétt, og verður þá í fyrsta lagi að gera ráð fyrir samkomulagi innbyrðis með þeim um, hvernig haga skuli staðarmörkum. Náist hins vegar ekki samkomulag, þykir rétt, að viðkomandi sýslunefnd skeri úr, en úrskurði hennar megi skjóta til félagsmálaráðherra.

Sþ. 669. Nefndarálit [13. mál]

um till. til þál. um að lýsa hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign o. fl.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Við undirritaðir teljum, að ýmsum þeirra réttinda, sem um getur í till., sé löngu skipað með lögum og þar verið fyrst og fremst byggt á einstaklingseignarrétti, sbr. t. d. vatna- og veiðilöggjöfina. Slík réttindi eru varin af ákvæðum stjórnarskrárinnar og verða ekki fengin í hendur ríkisvaldinu nema með lagasetningu, brýna nauðsyn beri til og komi fullt verð fyrir.

Að því er varðar eignarréttindi á afréttum uppi viljum við geta þessa: Sumir þeirra kunna að vera eign einstaklinga, einstakra jarða eða sveitarfélaga. Um aðra kann að vera nokkur ágreiningur, hverjum tilheyri. Lög gera ráð fyrir því, að skorið sé úr með eignardómsmáli, ef deila rís um eignar- eða afnotarétt að tilteknum landssvæðum. Nýlega hefur ríkisvaldið lagt mál af þessu tagi undir úrskurð dómstóls. Til málsins er stofnað vegna þess, að ríkisvaldið telur, að ekki liggi fyrir bein og formleg eignarheimild að afréttarsvæði innan Rangárþings. Þannig er dómsvaldinu fengið það verkefni að kanna til hlítar og kveða síðan upp dóm þar að lútandi, hvort íslenzk löggjöf að fornu og nýju geymi ekki beint eða óbeint ákvæði eða til séu hefðbundnar réttarreglur, sem skeri til fulls úr um eignarréttinn á hinu tiltekna landssvæði.

Hitt sýnist fráleitt, að ríkið lýsi yfir eignarrétti sínum að vafa- eða umdeildum eignum. Síðan verði svo þeir landsmenn, sem telja á stjórnarskrárverndaðan eignarrétt sinn gengið, tilneyddir að hefja málssókn á hendur ríkisvaldinu með ærnum tilkostnaði og margháttuðum öðrum vandkvæðum.

Af því, sem hér hefur verið að vikið, þykir okkur eigi efni til, að stofnað sé á vegum ríkisvaldsins til einhliða yfirlýsinga og aðgerða, sem hafi það að markmiði, að sem mest af landinu og þeim réttindum, sem af landseign leiðir, bæði í byggð og utan byggðar, skuli teljast eign ríkisins.

Við leggjum því til, að Alþingi afgreiði þingsályktunartillöguna á þskj. 13 með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að höfðað hefur verið af ríkisvaldsins hálfu eignardómsmál til þess að fá með dómi úr því skorið, hvort ríkið eigi beinan eignarrétt að tilteknu afréttarsvæði, **og með því að** ýmsum öðrum eignarréttindum, sem í þingsályktunartillögunni greinir, er löngu skipað með lögum með einstaklingseignarrétt að meginefni og þau

réttindi varin með sérstökum hætti í stjórnarskrá, þykir ekki rétt að taka afstöðu til þingsályktunartillögunnar, og er því tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. apríl 1972.

Gísli Guðmundsson, form. Björn Fr. Björnsson, frsm. Ingólfur Jónsson.
Lárus Jónsson.

Sþ. 670. Nefndarálit [158. mál]

um till. til þál. um athugun á auknu verðgildi íslenzkrar krónu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt till. og leitað umsagna Seðlabanka Íslands og viðskiptabankanna. Umsagnir þær, sem borizt hafa, fylgja hér með.

Þykir nefndinni hlýða, að efni till. verði frekari gaumur gefinn. Alkunna er, að mál af þessu efni hefur manna á meðal verið til umræðu um árabil. Árið 1962 starfaði nefnd á vegum fjármálaráðherra að athugun á því, hvaða breytingar væri heppilegt að gera á myntkerfinu. Nefndin gerði tillögu um það, að framkvæmd yrði endurskoðun gjaldeyrisins og tekinn upp nýr gjaldmiðill, sem væri tíu sinnum stærri en íslenzka krónan. Þessa tillögu studdi nefndin bæði með rökum um sálræn áhrif slíkrar breytingar og með tilvísun til þeirrar hagkvæmni, sem í því væri fólgin að losna við smámyntir undir tíu aurum að þágildandi verðmæti. Tillaga þessi fékk eigi nægilegan hljómgrunn. Síðan hefur verðgildi krónunnar verulega rýrnað. Það er því ekki úrleiðis, að þeir, sem með fjármál þjóðarinnar fara og gerst til þekkja, fái það verkefni að kanna það mál, sem hér ræðir, og önnur þau atriði að sjálfsögðu, sem það snerta.

Nefndin mælir því með samþykkt till. með breytingu á orðalagi í upphafi till. — Ingólfur Jónsson hefur sérstöðu í málinu.

BREYTINGARTILLAGA:

Upphaf tillögugreinarinnar orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort hagkvæmt sé og tímabært að auka o. s. frv.

Alþingi, 2. maí 1972.

Gísli Guðmundsson, form. Bjarni Guðnason, fundaskr. Björn Fr. Björnsson, frsm.
Lárus Jónsson. Ingólfur Jónsson, með fyrirvara. Jónas Árnason.
Stefán Gunnlaugsson.

Fylgiskjal I.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 20. marz 1972.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Með bréfi yðar, dags. 3. marz s. l., er Seðlabankanum send til umsagnar þingsályktunartillaga um athugun á auknu verðgildi íslenzkrar krónu.

Bankastjórn Seðlabankans hefur fjallað rækilega um mál þetta og samið um það greinargerð þá, sem fylgir bréfi þessu í 7 eintökum. Hefur greinargerðin verið

lögð fyrir bankaráð Seðlabankans, og er bankaráðið einróma samþykkt efni hennar. Í henni kemur fram, að Seðlabankinn telur ekki æskilegt að framkvæma þá breytingu á verðgildi íslenzku krónunnar, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir. Hins vegar er það skoðun bankans, að aðrar gjaldmiðilsbreytingar séu æskilegar, en um það vísast til greinargerðarinnar.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Jóhannes Nordal. S. Frímannsson.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

15. marz 1972.

ÁLITSGERÐ UM GJALDMIÐILSBREYTINGU

Inngangur.

Á undanförnum árum hefur farið fram gagnger endurskoðun á útgáfu seðla og myntar, en árið 1968 tók Seðlabankinn við myntsláttu og myntdreifingu úr höndum ríkissjóðs, og sett voru heildarlög um gjaldmiðil Íslands.

Sú endurskipulagning, sem framkvæmd hefur verið á þessum árum, hefur einkum hnigið að tvennu. Í fyrsta lagi var notuð heimild gjaldmiðilslaganna til þess að fella niður smámynt undir 10 aurum, svo að tíeyringurinn er nú smæsta eining myntkerfisins. Í öðru lagi var slegin ný mynt í stað smærri seðlastærðanna, sem orðnar voru óhagkvæmar og dýrar í notkun. Loks var gefinn út nýr 5000 kr. seðill í fyrsta sinn og 500 kr. seðillinn endurnýjaður. Eftir þessar breytingar eru í umferð sex stærðir myntar: 10 aurar, 50 aurar, 1 króna, 5 krónur, 10 krónur og 50 krónur, og fjórar seðlastærðir: 100 krónur, 500 krónur, 1000 krónur og 5000 krónur.

Ekki er annað að sjá en þessum breytingum hafi verið mjög vel tekið, og hafa hinar nýju mynt- og seðlastærðir reynzt þægilegar og hagkvæmar í notkun. Hefur því náðst sá megintilgangur, sem að var stefnt með þessum breytingum. Á hinn bóginn hefur bankastjórn Seðlabankans verið ljóst, að frekari breytingar gæti orðið þörf fljótlega, bæði á stærðum og útliti myntar og seðla, og skal nú nánar vikið að þeim hugmyndum, sem þar hafa komið fram.

Að hverju ber að stefna?

Þegar meta skal, hversu vel ákveðið kerfi seðla og myntar gegnir hlutverki sínu, hlýtur hagkvæmni þess að vera þyngst á metunum. Kemur þá ýmislegt til álita, og meta verður hagkvæmni kerfisins bæði frá sjónarmiði almennings og fyrirtækja í landinu, sem nota mynt og seðla í viðskiptum sínum, og frá sjónarmiði Seðlabankans, sem stendur straum af kostnaði við útgáfu og dreifingu.

Eitt fyrsta og mikilvægasta atriðið er, að myntir og seðlar séu til í þeim stærðum, sem hentugar eru til þess að inna af hendi hvers konar almennar greiðslur. Hér er í reynd einkum um það að tefla, hve stórar skuli vera stærstu og minnstu peningastærðir.

Um stærstu einingunа, sem nú er 5000 kr. seðill, sem fyrst var gefinn út á árinu 1971, er það að segja, að hann hefur þegar réttlætt tilvist sína. Liggur nú nærri, að helmingur seðlaveltunnar sé í 5000 kr. seðlum. Hins vegar er ólíklegt, að stærri seðill eigi rétt á sér, eins og nú standa sakir.

Um minnstu einingunа, 10-eyringinn, gegnir öðru máli. Flest bendir nú til þess, að æskilegt væri, að minnsta einingin í kerfinu væri allmiklu stærri, t. d. 50 aurar eða jafnvel ein króna. Mjög lítil þörf er á því lengur, að einstök verð standi á 10 aurum, í stað hálfrar eða heillar krónu. Virðist almenningur lítt skeyta um að halda 10-eyringum til haga, svo að gefa verður út af þeim óeðlilega mikið magn. Þetta er hins vegar mjög dýrt, þar sem það kostar nú u. þ. b. fjórfalt nafnverð að slá

einn 10-eyring. Það virðist því augljóst markmið, að stefnt verði að því á næstunni að losna við útgáfu svo smárrar myntar. Á sumum Norðurlandanna eru ýmist í undirbúningi eða hafnar ráðstafanir í þá átt að hætta útgáfu smæstu mynteininga, og er þetta langt komið í Danmörku og Noregi. Smæstu mynteiningar í nokkrum nálægum löndum verða því sem hér segir:

Danmörk 5 danskir aurar, er jafngilda	kr. 0.62
Noregur 5 norskir aurar, er jafngilda	— 0.65
Bretland ½ penny, er jafngildir	— 1.14
Bandaríkin 1 cent, er jafngildir	— 0.88

Annað atriði, er varðar hagkvæmni mynt- og seðlakerfisins, eru mörkin milli stærstu myntar og minnstu seðla. Fyrir nokkrum árum var stærsta myntin tvær krónur, en minnsti seðillinn fimm krónur. Þetta var augljóslega mjög óhagkvæmt bæði fyrir viðskiptalífið og Seðlabankann, þar sem smáir seðlar eru óþægilegir í meðförum og ganga fljótt úr sér. Útgáfa myntar allt upp í 50 krónur hefur reynzt vel og hlotið almennar vinsældir. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort tímabært verður fljótlega að gefa út 100 króna mynt í stað seðilsins af sömu stærð. Ekki virðist þó sú breyting vera aðkallandi, ef dæma má eftir reynslunni hér á landi og annars staðar.

Af því, sem nú hefur verið rætt, virðist mega draga þá meginályktun, að núverandi kerfi myntar og seðla sé sæmilega hagkvæmt bæði í notkun og útgáfu. Helzta þörfin á breytingu væri í þá átt að losna sem fyrst við smæstu mynteininguna, 10-eyringinn, þannig að 50 aurar væru eftir það smæsta einingin. Líklega mundi koma að því fljótlega þar á eftir, að menn teldu almennt óþarft að halda 50-eyringnum, svo að hægt yrði að fella niður allar einingar undir einni krónu. Í því mundi felast sú mikilvæga hagkvæmni, að unnt yrði að fella niður tvö núll, sem nú eru allajafna notuð í bókhaldi fyrirtækja og peningastofnana.

Á að taka upp nýjan og stærri gjaldmiðil?

Sú skoðun hefur margoft verið rædd hér á landi á undanförnum árum, að æskilegt væri að taka upp nýja gjaldmiðilseiningu í stað krónunnar, og liggur nú fyrir Alþingi þingsályktunartillaga um það, að slík eining skuli vera tíu sinnum stærri en núgildandi króna. Hefur slík breyting bæði fyrr og nú verið rökstudd með því fyrst og fremst, að hún mundi hafa í för með sér hagstæð sálræn áhrif og auka virðingu fólks fyrir peningalegum verðmætum. Rétt er að rekja nokkuð sögu þessarar hugmyndar hér á landi.

Árið 1962 starfaði nefnd að því á vegum fjármálaráðherra að athuga, hvaða breytingar væri heppilegt að gera á myntkerfinu. Í nefndinni voru Sigtryggur Klemenzson, er var formaður hennar, Jóhannes Nordal og Klemens Tryggvason. Nefndin gerði tillögu um það, að framkvæmd yrði endurskoðun gjaldmiðilsins og tekinn upp nýr gjaldmiðill, er væri tíu sinnum stærri en íslenzka krónan. Þessa tillögu studdi nefndin bæði með rökum um sálræn áhrif slíkrar breytingar og með tilvísun til þeirrar hagkvæmni, sem í því væri fólgin að losna við smámyntir undir 10 aurum að þágildandi verðmæti.

Tillögur þessar hlutu ekki hljómgrunn hjá þáverandi ríkisstjórn, og voru sumir þeirrar skoðunar, að breyting á gjaldmiðlinum kynni engu síður að geta vakið tortryggni almennings en traust hans. Einnig óx mönnum í augum sá mikli kostnaður, sem slíkri breytingu hlyti að hafa orðið samfara. Það var á þessum grundvelli, sem Seðlabankinn hóf endurskipulagningu á mynt- og seðlastærðum árið 1968. Með niðurfellingu smámyntanna innan tíu aura var náð öðrum megintilgangi hinnar umræddu gjaldmiðilsbreytingar, en jafnframt var kerfið gert hagkvæmara með útgáfu nýrra stærða af myntum og seðlum, eins og vikið er að hér að framan.

Í ljósi þess, sem gerzt hefur í þessum málum s. l. ár, telur bankastjórn Seðlabankans ekki rök til að taka upp þá hugmynd að nýju að tífalda verðmæti gjaldmiðilsins. Þegar henni var hafnað fyrir nærri tíu árum, var snúið inn á aðra leið

til endurskipulagningar á mynt- og seðlakerfinu, og hefur þegar verið allmiklu til þess kostað. Með því náðist einnig, eins og áður segir, sama hagkvæmni og með tíföldun gjaldmiðilsins að því er varðar niðurfellingu smæstu mynteininganna. Við þetta bætist svo það, að verðmæti peninganna hefur enn rýrnað verulega, síðan fyrrgreindar tillögur um nýja gjaldmiðilseiningu voru fram settar fyrir tíu árum. Tíföldun á verðgildi núgildandi krónu mundi þýða það, að smæsta einingin yrði jafngildi 10-eyrings í dag, en hér að framan hafa þegar verið færð rök fyrir því, að sú eining sé þegar orðin of lítil. Einnig er á það að benda, að íslenzka krónan mundi eftir slíka breytingu enn vera minni að verðgildi en nokkur hinna Norðurlandamyntanna. Verðgildi þeirra er hins vegar þegar orðið það lítið, að felldar hafa verið úr umferð myntir undir fimm aurum.

Af þessu verður vart dregin önnur ályktun en sú, að gjaldmiðilsbreyting svari ekki kostnaði, úr því sem nú er komið, nema menn treysti sér til þess að ganga mun lengra og hundraðfalda verðgildi krónunnar, þannig að hinn nýi gjaldmiðill yrði aðeins meiri að verðgildi en dollarinn er í dag. Smæsta einingin í slíku kerfi mundi jafngilda einni krónu, en telja verður vafasamt, að rétt sé að stíga svo stórt skerf, fyrr en áður hefur verið reynt, hvort almenningur muni sætta sig við það. Það má hins vegar kanna með því að fella niður núgildandi smámyntir í áföngum, unz krónan er orðin að smæstu mynteiningunni.

Sálræn áhrif gjaldmiðilsbreytingar.

Sú skoðun er útbreidd, sbr. rökstuðning fyrir áðurnefndri þingsályktunartillögu, að stækkun gjaldmiðilseiningarinnar væri til þess fallin að auka trú manna á verðgildi peninganna og mundi hún því hafa hagstæð sálræn áhrif fyrir efnahagsþróun í landinu. Mjög erfitt er að gera sér grein fyrir því, hvort þessi skoðun á við rök að styðjast við þær aðstæður, sem ríkja hér á landi.

Það er að vísu lítill vafi á því, að gjaldmiðilsbreytingar geta haft mikla sálræna þýðingu, þar sem peningakerfið hefur hrunið til grunna vegna óviðráðanlegrar verðbólgu, eins og t. d. í Þýzkalandi eftir fyrri heimsstyrjöldina. Engu slíku er til að dreifa hér á landi, þótt verðbólga hafi verið hér verulega örari undanfarna tvo áratugi en í nágrannalöndunum. Ef leita skal dæma um gjaldmiðilsbreytingar erlendis, sem lærdómsrík gætu orðið fyrir Íslendinga, er helzt að minna á Frakkland og Finnland. Í báðum þessum löndum voru teknar upp fyrir u. þ. b. tíu árum nýjar gjaldmiðilseiningar, sem voru 100 sinnum verðmeiri en þær gömlu. Í báðum löndunum voru þessar breytingar liður í efnahagslegum aðgerðum, er stefndu að stöðugra verðlagi.

Ekki er hægt að sjá nú áratug síðar, hvort gjaldmiðilsbreytingin hafi haft nokkur teljandi áhrif á efnahagsþróun þessara tveggja landa. Bæði hafa þau eftir þetta átt við verðbólguvandamál að glíma ekki síður en önnur lönd Evrópu, og hafa þau reyndar bæði orðið að fella gengi gjaldmiðils síns á þessu tímabili.

Ekki verður heldur sýnt fram á, að það sé í sjálfu sér neitt sáluhjálparatriði fyrir þjóð að hafa stóra gjaldmiðilseiningu. Líran er nú minnsta einingin í notkun í Vestur-Evrópu, en þó hefur staða hennar verið sterk allar götur frá stríðslokum. Sama gildir um belgíska frankann, sem er aðeins 1/50 af verðmæti hins nýja franska franka. Sterlingspund og dollar er stærstu einingar í notkun í dag, en ekki virðist það hafa gert þessa gjaldmiðla óhultari gegn verðbólgu og gengislækkunum en ýmsa aðra.

Sannleikurinn er sá, að ókleift virðist vera að sjá fyrir sálræn áhrif gjaldmiðilsbreytingar. Ef almenningur er vantrúaður á framtíðarverðgildi peninganna og getu stjórnvalda til þess að halda verðbólgu í skefjum, gæti eins vel svo farið, að gjaldmiðilsbreyting yrði til þess að auka á vantrú manna og tortryggni. Sé slík breyting hins vegar hluti af mjög róttækri stefnubreytingu, eins og átti sér stað í Frakklandi, þegar De Gaulle kom til valda, kann hún að vera mikilvægur liður í því að sannfæra menn um, að nýtt tímabil sé hafið. Slíkar aðstæður eru hins vegar óvenjulegar og varla við þær að miða hér á landi.

Niðurstaða og tillögur.

Að lokum er rétt að draga saman niðurstöður framangreindra hugleiðinga. Koma þær fram í eftirfarandi þremur tillögum:

1) Bankastjórn Seðlabankans er eindregið þeirrar skoðunar, að á engan hátt sé tímabært eða hagkvæmt að tífalda nú verðgildi krónunnar. Slík breyting mundi hafa mikinn kostnað í för með sér, en enga hagkvæmni umfram það, sem þegar hefur náðst. Sú eining, sem út úr slíkri breytingu kæmi, væri þar að auki þegar of lítil, ef hún ætti eftir sem áður að skiptast í 100 aura, eins og krónan nú. Bankastjórn Seðlabankans getur því ekki mælt með, að framlögð þingsályktunartillaga um þetta efni verði samþykkt.
2) Á hinn bóginn er orðið ljóst, að 10-eyringurinn, sem nú er smæsta mynteiningin, er orðinn of verðlítill og því óhagkvæmur bæði í viðskiptum og sláttu. Bankastjórn Seðlabankans leggur því til, að lagaheimildar sé aflað hið fyrsta til þess að fella 10-eyringinn úr gildi, þannig að 50 aurar verði minnsta mynteiningin fyrst um sinn. Jafnframt leggur hún til, að heimild verði veitt til þess að fella einnig 50-eyringinn úr gildi, þegar og ef það verður talið æskilegt að dómi Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar. Væri þannig að því stefnt, að ein króna verði orðin smæsta mynteiningin innan fárra ára, en jafnframt yrði hægt að fella niður tvö núll úr öllum viðskiptareikningi.
3) Loks telur bankastjórnin æskilegt, að kannað verði með almennum umræðum innan Alþingis og utan, hvort menn telja upptöku stærri gjaldmiðilseiningar gagnlega ráðstöfun og líklega til þess að auka virðingu og traust manna á gjaldmiðli þjóðarinnar. Fái þessi hugmynd nægilega jákvæðar undirtektir, mætti hugsanlega stefna að því, að tekin yrði upp ný gjaldmiðilseining, er væri jafngildi 100 kr., en þó ekki fyrr en eftir að 10- og 50-eyringarnir hafa báðir verið felldir úr gildi. Verður það varla fyrr en eftir nokkur ár, svo að nægur tími er til að athuga tæknilegar hliðar málsins betur. Meðal annars þarf að áætla þann kostnað, sem gjaldmiðilsbreytingu yrði samfara, en hann hlyti að verða mjög verulegur.

Fylgiskjal II.

LANDSBANKI ÍSLANDS

17. marz 1972.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis,
ALÞINGI.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur sent oss til umsagnar tillögu til þingsályktunar á þingskjali nr. 303, um athugun á auknu verðgildi íslenzkrar krónu.

Vér leyfum oss að vísa til þess, að það er m. a. hlutverk Seðlabankans að ráða Alþingi og ríkisstjórn í málum sem þessu, og teljum ekki rétt að láta í té álit á tillögunni af Landsbankans hálfu.

Landsbanki Íslands.

Helgi Bergs. Björgvin Vilmundarson.

Fylgiskjal III.

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 16. marz 1972.

Með tilvísun til bréfs yðar frá 3. marz s. l.

Við teljum framkomna tillögu til þingsályktunar um athugun á auknu verðgildi íslenzkrar krónu, sem nú liggur fyrir Alþingi, mjög athyglisverða og tímabæra. Við

teljum hins vegar, að slíkri breytingu mundi fylgja mjög mikill kostnaður, sem aðallega er fólginn í seðla- og myntskiptingu.

Virðingarfyllst,

Bankastjórn
Útvegsbanka Íslands.

Jóhannes Elíasson. Jónas G. Rafnar.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis,
Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 17. marz 1972.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis.

Bankastjórninni hefur verið send til umsagnar þáltill. um athugun á auknu verðgildi íslenzkrar krónu.

Þar sem tillaga þessi fjallar um atriði, er varðar tiltekin áhrif á peningakerfið í heild, og yfirstjórn peningamála er lögum samkvæmt í höndum Seðlabankans, telur bankastjórnin ekki eðlilegt, að einstakir viðskiptabankar tjái sig um málið, enda er bankastjórninni kunnugt um, að stjórn Seðlabankans hefur tekið tillöguna til sérstakrar athugunar.

Búnaðarbanki Íslands.

Magnús Jónsson. Stefán Hilmarsson.

Fylgiskjal V.

IÐNAÐARBANKI ÍSLANDS HF.

Reykjavík, 10. marz 1972.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis,
Reykjavík.

Vér vísum til bréfs yðar frá 3. marz s. l., þar sem þér beiðizt umsagnar vorrar um tillögu til þingsályktunar um athugun á auknu verðgildi íslenzkrar krónu (mál nr. 158).

Vér álítum, að sú breyting á gjaldmiðlinum, sem lagt er til að verði athuguð, muni ekki ein sér hafa þau áhrif, sem talin eru í greinargerð með tillögunni. Hins vegar kann slík breyting vel að koma til greina sem hluti af víðtækari ráðstöfunum til að hefta verðbólgu.

Virðingarfyllst,

Iðnaðarbanki Íslands hf.

Bragi Hannesson. Pétur Sæmundsen.

Sþ. 671. Þingsályktun [163. mál]

um námsbækur framhaldsskólanemenda.

(Afgreidd frá Sþ. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 310.

Sþ. 672. Þingsályktun [78. mál]

um rekstrarlán iðnfyrirtækja.

(Afgreidd frá Sþ. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 87.

Sþ. 673. Þingsályktun [172. mál]

um sérstaka framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra.

(Afgreidd frá Sþ. 2. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að gera, í samráði við Fjórðungssamband Norðlendinga, sérstaka framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra vegna hins mikla og stöðuga atvinnuleysis í kjördæminu.

Sþ. 674. Breytingartillaga [142. mál]

við till til þál. um eflingu ferðamála.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða áætlun um eflingu ferðamála. Í áætluninni verði stefnt að því að auka verulega ferðamannastraum til landsins og bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna. Leggja skal sérstaka áherzlu á það, að ferðaþjónusta geti orðið traustur atvinnuvegur sem víðast um byggðir landsins og að þróun ferðamála verði til stuðnings við æskilega þróun landsbyggðar. Jafnframt skal áætlunin unnin með tilliti til eftirtalinna fjögurra þátta, sem líklegir eru til að auka aðdráttarafl landsins sem ferðamannalands: Bættra skilyrða til ráðstefnuhalds, aukinna sportveiða, vetraríþrótta og heilsuhæla í sambandi við jarðhita.

Sþ. 675. Nefndarálit [142. mál]

um till. til þál. um eflingu ferðamála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft til meðferðar tvær þáltill. um ferðamál, á þskj. 207 og 294. Að athuguðu máli mælir nefndin með, að breytingartillaga, sem nefndin flytur á þskj. 674, verði samþ., þar sem hún felur í sér meginefni beggja umræddra þingsályktunartillagna.

Alþingi, 3. maí 1972.

Gísli Guðmundsson, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Lárus Jónsson, frsm.
Björn Fr. Björnsson.	Jónas Árnason.	Ingólfur Jónsson.
	Stefán Gunnlaugsson.	

Nd. 676. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins, en einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að fylgja breytingartillögum eða flytja þær sjálfir.

Alþingi, 3. maí 1972.

Jónas Árnason, form., frsm.	Bjarni Guðnason, fundaskr., með fyrirvara.	Jón Skaftason.
Gylfi Þ. Gíslason.	Ragnhildur Helgadóttir.	Ólafur G. Einarsson.

Nd. 677. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til laga um sameiningu Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í einn hrepp.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Við 2. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Sýslumaður Norður-Múlasýslu annast innheimtu á framlögum til greiðslu fjallskilakostnaðarins.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Kostnaður við eyðingu refa og minka í Loðmundarfirði samkvæmt lögum nr. 52 5. júní 1957 endurgreiðist Borgarfjarðarhreppi næstu fimm árin úr ríkissjóði, enda verði framkvæmd við eyðingu refa og minka hagað í samráði við veiðistjóra ríkisins.

Nd. 678. Lög [160. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 306.

Ed. 679. Frumvarp til laga [124. mál]

um Tækniskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maí.)

Samhljóða þskj. 167 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:
Heimilt er skólanum að veita nemendum, sem fullnægja bóklegum og verklegum inngönguskilyrðum, allt að tveggja ára undirbúningsmenntun undir tæknifræðinám, og skal fyrra ár þess náms fara fram í undirbúningsdeild, en hið síðara í

raungreinadeild. Hlutverk þessara deilda er að veita þekkingu og leikni í undirstöðuatriðum tæknifræðináms, einkum í stærðfræði og eðlisfræði.

Heimilt er að starfrækja undirbúningsdeild skólans á Akureyri, Ísafirði og á öðrum þeim stöðum, þar sem slíkt þykir henta. Verði að því stefnt, að á Akureyri rísi sjálfstæður tækniskóli, og skal þegar á næsta skólaári hefja þar starfrækslu á raungreinadeild.

Ákvæði til bráðabirgða (á eftir 13. gr.) hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Menntamálaráðherra skal beita sér fyrir því, að undirbúin verði ný löggjöf um skipulag verk- og tæknimenntunar á framhaldsskóla- og háskólastigi. Skal m. a. taka til athugunar, hvort ráðlegt sé, að stofnaður verði tækniháskóli og taki hann við öllu tæknifræðinámi, sem nú fer fram í Tækniskóla Íslands, og verkfræðinámi Háskóla Íslands. Ráðherra skal jafnframt láta rannsaka ýtarlega, hvort ekki sé tiltækilegt, að tækniháskóli verði starfræktur á Akureyri.

Ed. 680. Breytingartillögur [98. mál]

við frv. til laga um Þjóðleikhús.

Frá Ragnari Arnalds, Steingrími Hermannssyni og Páli Þorsteinssyni.

1. 7. gr. orðist svo:

   Þjóðleikhúsráð kemur að jafnaði saman einu sinni í mánuði að undanteknum júlí- og ágústmánuðum.

   Þjóðleikhússtjóri og fjármálafulltrúi leikhússins eiga sæti á fundum þjóðleikhúsráðs með málfrelsi og tillögurétti, en eigi atkvæðisrétti.

   Formaður þjóðleikhúsráðs kveður ráðið til funda. Skylt er að boða til funda, ef þrír ráðsmenn hið fæsta óska þess.
2. 8. gr. fellur niður.
3. 9. gr. fellur niður.
4. Á eftir 11. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

   Í starfsnefnd leikhússins eiga sæti þjóðleikhússtjóri, fjármálafulltrúi leikhússins, sá af fulltrúum Félags íslenzkra leikara í þjóðleikhúsráði, sem félagið ákveður, fulltrúi Leikarafélags Þjóðleikhússins og formaður þjóðleikhúsráðs, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

   Þjóðleikhússtjóri stjórnar daglegum rekstri leikhússins í samráði við starfsnefndina. Fundir þjóðleikhúsráðs skulu undirbúnir í starfsnefndinni. Starfsnefndin sér um, að staðfestri áætlun og öðrum ákvörðunum þjóðleikhúsráðs sé framfylgt, og fjallar um sérhver þau mál, er leikhúsið varða og upp eru borin á fundum þess. Ef þjóðleikhússtjóri vill ekki sætta sig við ákvörðun meiri hluta starfsnefndar, getur hann krafizt þess, að þjóðleikhúsráð sé boðað til fundar með sólarhrings fyrirvara, og hefur það úrslitavald um sérhvert deiluefni, sem upp kann að koma. Sama rétt hafa tveir nefndarmenn í starfsnefnd leikhússins.

   Þjóðleikhúsráð og starfsnefndin skulu halda gjörðabækur um störf sín.

   Menntamálaráðherra ákveður þóknun fyrir störf í þjóðleikhúsráði og starfsnefnd leikhússins.
5. Við 12. gr. Í stað orðanna „heimilt að ráða rithöfund til að semja leikverk“ komi: heimilt að ráða höfund til að semja leikverk eða tónlistarverk til flutnings á sviði.

6. Við 14. gr. Í stað orðsins „framkvæmdaráð“ í 1. mgr. komi: starfsnefnd leikhússins og þjóðleikhúsráð.
7. Við 16. gr. Í stað orðsins „framkvæmdaráði“ í 2. mgr. komi: starfsnefnd.

Ed. 681. Breytingartillögur [124. mál]

við frv. til laga um Tækniskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Fyrsti málsliður hljóði svo:
   Tækniskóli Íslands starfar í Reykjavík og á Akureyri, sbr. 3. mgr. 7. gr.
2. Við 7. gr.
   a. 2. mgr. hljóði svo:
      Heimilt er að starfrækja undirbúningsdeild skólans á Ísafirði og á öðrum þeim stöðum, þar sem slíkt þykir henta.
   b. Aftan við 7. gr. komi ný málsgrein, er verði 3. mgr., svo hljóðandi:
      Á næsta skólaári og framvegis skal starfrækt á Akureyri undirbúningsdeild og raungreinadeild. Stefnt skal að því, að á Akureyri verði sjálfstæður tækniskóli, og getur ráðherra ákveðið það með reglugerð.

Nd. 682. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 11. maí 1966, um iðnfræðslu.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og umsagnir Landssambands iðnaðarmanna og Iðnnemasambands Íslands.

Gunnar Thoroddsen og Lárus Jónsson telja þá fræðslustarfsemi fyrir iðnnema, sem frv. fjallar um, mjög æskilega og eru því fylgjandi, að henni verði komið í framkvæmd. En þeir hefðu kosið, að fé yrði veitt í fjárlögum í þessu skyni, fremur en að taka upp nýjan markaðan skatt og að leggja hluta kostnaðar á iðnnemana. Af þessum ástæðum skrifa GTh og LárJ undir nál. með fyrirvara.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

a. Á eftir orðunum „Iðnnemasambandi Íslands“ í 1. málslið bætist: og fari til eflingar fræðslustarfs þess um iðnfræðslulöggjöfina.
b. 2. málsliður orðist svo:
   Gjald iðnfyrirtækis eða iðnmeistara skal vera 1% af fyrsta árs árlegu lágmarkskaupi iðnnema í rafvirkjun, eins og það er hverju sinni, en gjald nemans ½% af sömu upphæð.

Alþingi, 4. maí 1972.

Sigurður Magnússon, form., frsm.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.	Pétur Pétursson.
Bjarni Guðnason.	Þórarinn Þórarinsson.	Gunnar Thoroddsen, með fyrirvara.

Lárus Jónsson, með fyrirvara.

Sþ. 683. Nefndarálit [60. mál]

um till. til þál. um áætlun um opinberar framkvæmdir fyrir Reykjanessvæðið sunnan Hafnarfjarðar.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað þáltill. og fengið um hana umsögn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Nefndin er sammála um að leggja til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um opinberar framkvæmdir í Reykjaneskjördæmi. Verk þetta skal unnið í samráði við sveitarstjórnir í kjördæminu og byggt m. a. á þeim athugunum, sem unnið hefur verið að á vegum Samtaka sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi um framtíðarþróun þessa svæðis.
2. Fyrirsögn till. verði:
   Till. til þál. um opinberar framkvæmdir í Reykjaneskjördæmi.

Alþingi, 4. maí 1972.

Geir Gunnarsson, form., frsm.	Ingvar Gíslason, fundaskr.	Ágúst Þorvaldsson.
Karvel Pálmason.	Jón Árm. Héðinsson.	Steinþór Gestsson.
Matthías Bjarnason.	Jón Árnason.	Vilhjálmur Hjálmarsson.

Sþ. 684. Nefndarálit [197. mál]

um till. til þál. um radarsvara við Grindavík.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað þáltill. og fengið um hana umsögn vitamálastjóra. Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. maí 1972.

Geir Gunnarsson, form., frsm.	Ingvar Gíslason, fundaskr.	Ágúst Þorvaldsson.
Karvel Pálmason.	Jón Árm. Héðinsson.	Steinþór Gestsson.
Matthías Bjarnason.	Jón Árnason.	Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 685. Frumvarp til laga [10. mál]

um breyting á lögum nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. maí.)

1. gr.

Í stað orðsins „ríkissjóð“ í 1. gr. laganna komi: erfðafjársjóð.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Fjárhæð erfðafjárskatts er ákveðin þannig:

A. Af erfðafé, sem hverfur til þess hjóna, sem lifir hitt, til niðja, kjörniðja og fósturbarna, svo og af þriðjungshluta, ef ráðstafað hefur verið með erfðaskrá til annarra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

Af fyrstu 200 þús.	5%
— næstu 200 —	6%
— — 200 —	7%
— — 200 —	8%
— — 200 —	9%
og þar yfir	10%

B. Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

Af fyrstu 200 þús.	15%
— næstu 200 —	17%
— — 200 —	19%
— — 200 —	21%
— — 200 —	23%
og þar yfir	25%

C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna eða niðja þeirra, er eigi heyra undir stafliðina A og B, eða til fjarskyldari erfingja eða óskyldra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

Af fyrstu 200 þús.	30%
— næstu 200 —	34%
— — 200 —	38%
— — 200 —	42%
— — 200 —	46%
og þar yfir	50%

D. Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, líknar- og menningarstofnana, skal greiða 10 af hundraði.

3. gr.

Í stað „tilsk. 25. sept. 1850 10. gr.“ í niðurlagi 1. mgr. 3. gr. komi: erfðalög nr. 8 14. marz 1962.

Í stað orðsins „ríkissjóðs“ í 3. mgr. 3. gr. komi: erfðafjársjóðs.

4. gr.

Í stað „100“ í 1. mgr. 6. gr. komi: 10000.

Í stað „10“ í 2. mgr. 6. gr. komi: 1000.

Í stað orðsins „stjórnarráðinu“ í síðustu mgr. 6. gr. komi: félagsmálaráðuneytinu.

5. gr.

Í stað orðsins „stjórnarráðið“ í 2. mgr. 10. gr. komi: félagsmálaráðuneytið.

6. gr.

Fyrri mgr. 12. gr. hljóði svo:

Ef ekki fer fram sala á opinberu uppboði á fjármunum, öðrum en fasteignum, sem falla í erfðir, skal skiptaráðandi útnefna óvilhalla menn til þess að meta fjármunina til peninga, ef ætla má, að þeir nemi samtals 100 000 krónum. Fasteignir skal telja á fasteignamati.

7. gr.

Í stað orðsins „stjórnarráðið“ komi: félagsmálaráðuneytið.

8. gr.

Síðasti málsliður 14. gr. hljóði svo:
Með mál út af þessum efnum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 686. Nefndarálit [190. mál]

um till. til þál. um skólaíþróttahús við Hamrahlíð í Reykjavík.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fundum sínum og leggur einróma til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:
Alþingi ályktar, að leitað skuli samstarfs við Reykjavíkurborg um að reisa sameiginlegt íþróttahús fyrir Hlíðaskóla og Menntaskólann við Hamrahlíð.

Alþingi, 4. maí 1972.

Geir Gunnarsson, form.	Ingvar Gíslason, fundaskr.	Jón Árnason, frsm.
Jón Árm. Héðinsson.	Ágúst Þorvaldsson.	Karvel Pálmason.
Steinþór Gestsson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Matthías Bjarnason.

Ed. 687. Nefndarálit [240. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd Ed. hefur á fundi sínum 3. maí athugað frumvarp þetta og mælir einróma með því, að það verði samþykkt óbreytt.
Einn nefndarmanna, Björn Jónsson, var fjarverandi.

Alþingi, 4. maí 1972.

Bjarni Guðbjörnsson, form., frsm.	Jón Árnason.	Jón Árm. Héðinsson.
Geir Gunnarsson.	Oddur Ólafsson.	Steingr. Hermannsson.

Nd. 688. Nefndarálit [259. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Frá menntamálanefnd.

Frumvarp þetta er samið af stjórnskipaðri sjö manna milliþinganefnd, sem í áttu sæti m. a. fulltrúar tilnefndir af þingflokkunum fimm. Í milliþinganefnd þessari var full samstaða um frumvarpið, og lagði ríkisstjórnin það fyrir Alþingi í þeirri mynd, sem milliþinganefndin hafði samþykkt.

Menntamálanefnd hefur rætt frumvarpið ýtarlega, og eru nefndarmenn sammála um, að hér sé um mikilvægt mál að ræða og að í heild sinni fullnægi frumvarpið þeim megintilgangi sínum, að jafnaður verði á viðunandi hátt aðstöðumunur framhaldsskólanemenda, að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum.

Nefndin telur mikilvægt, að frumvarpið verði að lögum á þessu þingi, og sér ekki ástæðu til að hreyfa verulegum efnisbreytingum við það. Nefndin flytur þó þrjár brtt. á sérstöku þingskjali. Tvær þessara brtt. eru smávægilegar, önnur leiðrétting málfars, hin til fyllra skilnings á efninu. Hins vegar er í brtt. við 3. mgr. 2. gr. að finna efnisbreytingu, sem m. a. varðar rétt iðnnema. Það virðist hafa verið ætlun milliþinganefndarinnar, að t. a. m. iðnnemar, sem taka samningsbundið kaup á námstíma, væru útilokaðir frá styrkjum eftir þessum lögum, nema að því leyti sem þeir kynnu að eiga rétt samkvæmt c-lið 5. gr. Menntamálanefnd lítur að vísu svo á, að iðnnemar hafi þá sérstöðu meðal framhaldsskólanemenda, að ekki sé rétt, að þeir komi alfarið undir ákvæði þessa frumvarps, ef að lögum yrði. Telur nefndin, að kjaramál iðnnema og fleiri, sem svipað eru settir, beri almennt að leysa án tillits til þess máls, sem hér er um fjallað. Hins vegar finnst menntamálanefnd ekki óeðlilegt, að iðnnemar (og aðrir, sem líkt kann að standa á um), er aðeins **fá greidd lágmarkslaun** samkvæmt iðnnámssamningi, njóti nokkurrar aðstoðar á grundvelli þessa frumvarps, ef að lögum verður. Breytingartillaga nefndarinnar miðar að því að heimila, að sérstakir styrkir til skólanáms verði veittir nemum í iðn eða öðrum starfsgreinum, enda fullnægi þeir þeim frumskilyrðum, sem sett eru í 2. gr. um það, að þeir hafi lokið skyldunámi og verði að vista sig að heiman vegna skólanáms.

Með tilliti til framanritaðs leggur menntamálanefnd einróma til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, er hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 4. maí 1972.

Bjarni Guðnason, form.	Svava Jakobsdóttir, fundaskr.	Ingvar Gíslason, frsm.
Eysteinn Jónsson.	Gunnar Gíslason.	Benedikt Gröndal.
	Ellert B. Schram.	

Nd. 689. Breytingartillögur [259. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „Rétt“ í upphafi 1. mgr. komi: Réttar.
   b. b-liður 3. mgr. orðist svo:

      Þeir, sem taka samningsbundið eða fast kaup á námstímanum, að undanteknum sumarleyfum eða kennsluhléum. Nú tekur nemi í iðn eða annarri starfsgrein samningsbundin lágmarkslaun, og skal þá heimilt að greiða honum sérstaka námsstyrki vegna skólanáms, enda fullnægi hann öðrum skilyrðum um styrkveitingu, að undanskildum ákvæðum um lágmarksnámstíma og árlegan starfstíma skóla, sbr. 2. mgr. þessarar greinar. Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
2. Við 5. gr. Aftan við b-lið bætist: enda sé efnahagur þeirra þröngur.

Sþ. 690. Nefndarálit [42. mál]

um till. til þál. um áætlun um opinberar framkvæmdir í Suðurlandskjördæmi.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 4. maí 1972.

Geir Gunnarsson, form.	Ingvar Gíslason, fundaskr.	Ágúst Þorvaldsson, frsm.
Jón Árm. Héðinsson.	Steinþór Gestsson.	Jón Árnason.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Matthías Bjarnason.	Karvel Pálmason.

Nd. 691. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur kynnt sér umsagnir, er Ed. bárust um málið. Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með áorðnum breytingum Ed.

Alþingi, 4. maí 1972.

Sigurður Magnússon, form.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.	Pétur Pétursson, frsm.
Lárus Jónsson, með fyrirvara.	Gunnar Thoroddsen, með fyrirvara.	Bjarni Guðnason.
	Þórarinn Þórarinsson.	

Nd. 692. Frumvarp til laga [145. mál]

um breyting á lögum nr. 68 11. maí 1966, um iðnfræðslu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. maí.)

1. gr.

Aftan við 21. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Er námssamningur kemur til staðfestingar hjá iðnfulltrúa, skal hann taka ákveðið gjald af báðum samningsaðilum, er greiðist Iðnnemasambandi Íslands og fari til eflingar fræðslustarfs þess um iðnfræðslulöggjöfina. Gjald iðnfyrirtækis eða iðnmeistara skal vera 1% af fyrsta árs árlegu lágmarkskaupi iðnnema í rafvirkjun, eins og það er hverju sinni, en gjald nemans ½% af sömu upphæð. Greiðist það í eitt skipti fyrir öll.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 693. Frumvarp til laga [9. mál]

um sameiningu Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu í einn hrepp.

(Eftir 3. umr. í Nd., 4. maí.)

1. gr.

Borgarfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu skulu vera einn hreppur, sem heitir Borgarfjarðarhreppur.

2. gr.

Kostnaður við fjallskil á eyðilöndum í Loðmundarfirði skiptist þannig, að eigendur eyðijarða bera ¼, sveitarfélög þau, er fjárvon eiga í löndum þessum, sameiginlega ½ og ríkið ¼. Kostnaður eyðijarðaeigenda skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við landverð eyðijarðanna samkvæmt gildandi fasteignamati. Sá hluti fjallskilakostnaðarins, sem kemur í hlut sveitarfélaganna samkvæmt grein þessari, skiptist á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þess fjár, sem kemur af fjalli og tilheyrir íbúum hvors þeirra fyrir sig.

Verði ágreiningur um fjallskilakostnað, skal Búnaðarfélag Íslands úrskurða kostnaðarreikningana.

Sýslumaður Norður-Múlasýslu annast innheimtu á framlögum til greiðslu fjallskilakostnaðarins.

3. gr.

Kostnaður við eyðingu refa og minka í Loðmundarfirði samkvæmt lögum nr. 52 5. júní 1957 endurgreiðist Borgarfjarðarhreppi næstu fimm árin úr ríkissjóði, enda verði framkvæmd við eyðingu refa og minka hagað í samráði við veiðistjóra ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Ed. 694. Frumvarp til laga [52. mál]

um Jafnlaunaráð.

(Eftir 3. umr. í Nd., 4. maí.)

Samhljóða þskj. 645 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Félagsdómur dæmir í málum vegna brota á lögum þessum. Um slík mál fer eftir IV. kafla laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Nú er í samræmi við 45. gr. laga nr. 80/1938 mál rekið af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða Bandalagi háskólamanna eða af félagi, sem er innan vébanda annars hvors þessara bandalaga, og skal þá dómari sá, sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands í Félagsdóm, víkja sæti í málinu. Í hans stað kemur dómari tilnefndur af BSRB, ef það eða félag innan þess vébanda rekur málið, eða af BHM, ef það eða félag innan þess vébanda rekur málið. Launþegi getur jafnan ákveðið að reka sjálfur mál vegna laga þessara fyrir Félagsdómi.

8. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. 6. tölul. 4. gr. og 5. og 6. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. jan. 1973.

Nd. 695. Frumvarp til laga [124. mál]

um Tækniskóla Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed., 4. maí.)

Samhljóða þskj. 167 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Tækniskóli Íslands starfar í Reykjavík og á Akureyri, sbr. 3. mgr. 7. gr. Meginmarkmið skólans skal vera að veita nemendum tæknilega og almenna menntun, sem geri þá hæfa til að takast sjálfstætt á hendur tæknileg störf og ábyrgðarstöður í þágu atvinnuvega þjóðarinnar. Skal jafnan tekið mið af þróun tæknimenntunar meðal nágrannaþjóða.

Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

7. gr. hljóðar svo:

Heimilt er skólanum að veita nemendum, sem fullnægja bóklegum og verklegum inngönguskilyrðum, allt að tveggja ára undirbúningsmenntun undir tæknifræðinám, og skal fyrra ár þess náms fara fram í undirbúningsdeild, en hið síðara í raungreinadeild. Hlutverk þessara deilda er að veita þekkingu og leikni í undirstöðuatriðum tæknifræðináms, einkum í stærðfræði og eðlisfræði.

Heimilt er að starfrækja undirbúningsdeild skólans á Ísafirði og á öðrum þeim stöðum, þar sem slíkt þykir henta.

Á næsta skólaári og framvegis skal starfrækt á Akureyri undirbúningsdeild og raungreinadeild. Stefnt skal að því, að á Akureyri verði sjálfstæður tækniskóli, og getur ráðherra ákveðið það með reglugerð.

Ákvæði til bráðabirgða (á eftir 13. gr.) hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Menntamálaráðherra skal beita sér fyrir því, að undirbúin verði ný löggjöf um skipulag verk- og tæknimenntunar á framhaldsskóla- og háskólastigi. Skal m. a. taka til athugunar, hvort ráðlegt sé, að stofnaður verði tækniháskóli og taki hann við öllu tæknifræðinámi, sem nú fer fram í Tækniskóla Íslands, og verkfræðinámi Háskóla Íslands. Ráðherra skal jafnframt láta rannsaka ýtarlega, hvort ekki sé tiltækilegt, að tækniháskóli verði starfræktur á Akureyri.

Ed. 696. Frumvarp til jarðræktarlaga. [248. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. maí.)

Samhljóða þskj. 545 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Héraðsráðunautar í jarðrækt og bútækni skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur, að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu

þeirra og starfssvæði. Með sama skilorði er tveim eða fleiri búnaðarsamböndum heimilt að ráða til sín ráðunauta til sameiginlegra starfa.

Heimilt er að fela sama manni að gegna ráðunautarstarfi bæði við jarðrækt og búfjárrækt, enda fær hann þá greidd laun að jöfnu frá hvorri búgrein. Héraðsráðunautar (í jarðrækt eða búfjárrækt) skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna og hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit með ræktunarframkvæmdum, hver á sínu sambandssvæði í þeim greinum, er lög þessi ná yfir. Héraðsráðunautar skulu árlega skila starfsskýrslum.

Stjórnir búnaðarsambandanna skulu semja starfsáætlun fyrir komandi ár. Áætlanir þessar ásamt starfsskýrslum héraðsráðunautanna skulu hafa borizt Búnaðarfélagi Íslands fyrir 1. febrúar ár hvert til umsagnar og staðfestingar.

Í Vestmannaeyjum og Grímsey er heimilt að ráða sérstaka trúnaðarmenn, og í þeim búnaðarsamböndum, þar sem héraðsráðunautar, að dómi Búnaðarfélags Íslands komast ekki yfir verkefni sín, svo sem úttekt jarðarbóta, skal heimilt að ráða aðstoðarmenn, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og launakjör að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

5. gr. hljóðar svo:

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndunum 65% af launum héraðsráðunauta, aðstoðarmanna og trúnaðarmanna. Hluti ríkissjóðs í launum héraðsráðunauta fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna. Ríkissjóður greiði allt að 65% af ferðakostnaði héraðsráðunauta samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

34. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og greiðist framlag á umbætur, unnar á árinu 1972, samkvæmt því. Jafnframt eru úr gildi numin: Jarðræktarlög nr. 22 24. apríl 1965, lög um breytingar á jarðræktarlögum, nr. 36 24. apríl 1968, og 51. og 52. gr. og 4. liður 61. gr. laga frá 5. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan eigi er að dómi Búnaðarfélags Íslands völ á nægilega mörgum búfræðikandidötum til að gegna héraðsráðunautarstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn ráða búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands ráðningu þeirra.

Með lagabreytingu þessari eru niður felld ákvæði um Vélasjóð og vélanefnd ríkisins. Vélanefnd ríkisins skal starfa til ársloka 1972, og skal hún fyrir þann tíma koma eignum Vélasjóðs í verð í samráði við landbúnaðarráðherra og ganga frá lokauppgjöri á reikningum sjóðsins.

Ed. 697. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum nr. 17 19. júní 1933.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og samþykkt að leggja til, að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** með tilliti til allsherjarendurskoðunar ljósmæðralaga, sem nú stendur yfir. Einn nefndarmanna, Auður Auðuns, var fjarverandi.

Alþingi, 5. maí 1972.

Björn Jónsson, form.	Björn Fr. Björnsson, fundaskr.	Helgi Seljan, frsm.
Oddur Ólafsson.	Eggert G. Þorsteinsson.	Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 698. Tillaga til þingsályktunar [274. mál]

um vegáætlun fyrir árin 1972—75.

(Lögð fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi 1971—72.)

Alþingi ályktar, samkvæmt III. kafla vegalaga, nr. 23 16. apríl 1970, að árin 1972—1975 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í millj. kr.)

		1972		1973		1974		1975	
1.1	**Fastir liðir:**								
	1 Benzíngjald	680.2		709.9		742.1		788.6	
	2 Þungaskattur	213.5		223.1		231.5		240.1	
	3 Gúmmígjald	47.1		50.0		52.9		55.9	
	4 Ríkisframlag	200.0		250.0		262.0		280.0	
			1 140.8		1 233.0		1 288.5		1 364.6
	Endurgreiðslur af:								
	Benzíngjaldi	22.0		24.4		25.1		26.7	
	Þungaskatti	2.0		2.0		2.5		2.5	
			24.0		26.4		27.6		29.2
	Fastir liðir nettó		1 116.8		1 206.6		1 260.9		1 335.4
1.2	**Sérstök fjáröflun:**								
	1 Greiðsla af lánum yfirteknum af ríkissj. 1972		61.2		91.5		115.9		149.1
	2 Greiðsla af lánum yfirteknum af ríkissj. 1972	126.7		136.3		132.3		122.2	
	÷ Lán til Reykjanesbrautar	69.8		79.5		76.3		68.8	
			56.9		56.8		56.0		53.4
	3 Sérstök lánsfjáröflun .		50.0		0.0		0.0		0.0
	4 Hraðbrautir (Alþjóðab.)		140.1		0.0		0.0		0.0
	5 Skeiðarársandur		100.0		230.0		253.0		58.0
	6 Austurlandsáætlun		75.0		75.0		75.0		75.0
	7 Norðurlandsáætlun		100.0		150.0		175.0		175.0
	8 Greiðsla af lánum vegna Reykjanesbrautar	69.8		79.5		76.3		68.8	
	÷ Veggjöld (nettó o. fl.)	24.8		19.0		20.0		21.0	
			45.0		60.5		56.3		47.8
			628.2		663.8		731.2		558.3
	Samtals		1 745.0		1 870.4		1 992.1		1 893.7

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í millj. kr.)

			1972		1973		1974		1975	
2.1	**Stjórn og undirbúningur:**									
1	Launagreiðslur	31.9		38.1		41.8		43.8		
	Laun verkstjóra og vega-eftirlits	÷9.3		÷11.0		÷11.9		÷12.6		
			22.6		27.1		29.9		31.2	
2	Eftirlaunagreiðslur		4.1		4.8		5.0		5.3	
3	Skrifstofukostnaður		13.2		13.4		13.4		13.4	
4	Verkfræðil. undirbún.		5.0		10.0		10.0		10.0	
5	Umferðartaln. og eftirlit.		3.4		4.0		4.0		4.0	
				48.3		59.3		62.3		63.9
2.2	**Viðhald þjóðvega:**									
1	Viðhaldskostn. þjóðvega		355.0		375.0		395.0		395.0	
2	Vegmerkingar		5.0		5.0		5.0		5.0	
				360.0		380.0		400.0		400.0
2.3	**Til nýrra þjóðvega:**									
1	Hraðbrautir		245.8		200.0		200.0		250.0	
2	Þjóðbrautir		94.5		100.0		110.0		120.0	
3	Landsbrautir		76.3		118.8		118.7		153.7	
4	Girðingar og uppgræðsla		7.7		15.2		15.2		15.2	
5	Rannsókn á Skeiðarárs.		1.6							
6	Til nýrra framkvæmda		35.4							
7	Ýmsar framkv. fyrir lánsfé:									
	0. Hraðbr. (Alþjóðab.)	140.1		0.0		0.0		0.0		
	1. Skeiðarársandur	100.0		230.0		253.0		58.0		
	2. Austurlandsáætlun	75.0		75.0		75.0		75.0		
	3. Norðurlandsáætlun	100.0		150.0		175.0		175.0		
	4. Nýjar framkvæmdir	38.7								
			453.8		455.0		503.0		308.0	
8	Vextir og afb. af lánum		163.1		208.8		228.2		250.3	
				1 078.2		1 097.8		1 175.1		1 097.2
2.4	**Til fjallvega o. fl.:**		**1972**		**1973**		**1974**		**1975**	
1	Aðalfjallvegir		1.5		2.5		2.5		2.5	
2	Aðrir fjallvegir		4.0		3.2		3.2		3.2	
3	Reiðvegir		0.3		0.3		0.3		0.3	
				5.8		6.0		6.0		6.0
2.5	**Til brúargerðar:**									
1	Brýr 10 m og lengri		61.8		65.0		72.0		100.0	
2	Smábrýr		12.8		15.0		18.0		20.0	
				74.6		80.0		90.0		120.0
2.6	**Til sýsluvega**			26.6		30.5		34.8		36.8
2.7	**Til vega í kaupstöðum og kaupt.**			108.9		125.8		132.6		135.6
2.8	**Til véla- og áhaldakaupa:**									
1	Til véla- og verkfærakaupa		16.0		18.0		18.0		20.0	
2	Til byggingar áhaldahúsa		4.0		7.0		7.0		7.5	
				20.0		25.0		25.0		27.5
2.9	**Til tilrauna í vegagerð**			5.6		6.0		6.3		6.7
2.10	**Til greiðslu halla á vegáætlun:**									
1	Halli frá 1970 og 1971		137.0		120.0		60.0			
2	Yfirfært á næsta ár		120.0		60.0		0.0			
				17.0		60.0		60.0		0.0
	Samtals			1 745.0		1 870.4		1 992.1		1 893.7

III. FLOKKUN VEGA

3.1. Þjóðvegir eftir kjördæmum.

Suðurlandskjördæmi.

1 **Suðurlandsvegur:** Af sýslumörkum á Skeiðarársandi, um Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun og Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Land, Rangárvelli, Holt, Þjórsá, Flóa, Ölfus, Hellisheiði að sýslumörkum við Sandskeið.

22 **Stórhöfðavegur í Vestmannaeyjum:** Af vegamótum ofan við kirkjuna um Ofanleitishverfi að Stórhöfðavita.

25 **Þykkvabæjarvegur:** Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá að Þykkvabæ.

26 **Landvegur:** Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Holt og Land hjá Múla að Galtalæk.

203 **Meðallandsvegur:** Af Suðurlandsvegi austan Eldvatns, um Leiðvöll og Langholt í Meðallandi um Eldvatnsbrú hjá Syðri-Fljótum og upp Landbrot austanvert á Suðurlandsveg við Skaftárbrú.

204 **Holtsvegur á Síðu:** Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú að Heiðarseli.

206 **Búlandsvegur:** Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu um Búland að Skaftárdal.

207 **Ljótarstaðavegur:** Af Búlandsvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli að Snæbýli.

208 **Álftaversvegur:** Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Herjólfsstaði að Þykkvabæjarklaustri.

209 **Hryggjavegur:** Af Álftaversvegi nálægt Holti um Jórvíkurhryggi að Þykkvabæjarklaustri.

211 **Kerlingardalsvegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Fagradal, inn með Kerlingardalsá, að Bólstað.

212 **Reynishverfisvegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Fossholtum að Presthúsum.

213 **Reynisvegur:** Frá Presthúsum norðan Lækjarbakka um Þórisholt að Reyni.

214 **Dyrhólavegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal að Dyrhólum.

216 **Péturseyjarvegur:** Af Suðurlandsvegi vestan Péturseyjar um Eyjarhóla og Pétursey á Suðurlandsveg austan Péturseyjar.

242 **Raufarfellsvegur:** Af Suðurlandsvegi austan við Svaðbælisá um Raufarfellsbæi á Suðurlandsveg vestan Kaldaklifsár.

243 **Leirnavegur:** Af Suðurlandsvegi austan við Steina, um Leirnahverfi og Rauðsbakka á Suðurlandsveg vestan við Svaðbælisá.

245 **Hverfisvegur:** Af Suðurlandsvegi austan Írár, um Holtshverfi á Suðurlandsveg vestan við Holtsá.

246 **Skálavegur:** Af Suðurlandsvegi austan við Hvamm um Skálabæi á Suðurlandsveg vestan við Efstu-Grund.

247 **Sandhólmavegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Fitjamýri um Nýjabæ og Lambhúshól á Suðurlandsveg austan við Hvamm.

249 **Þórsmerkurvegur:** Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts, um Stóru-Mörk, um Merkurengjar í Húsadal í Þórsmörk.

250 **Dímonarvegur:** Af Suðurlandsvegi vestan Markarfljóts, norður Markarfljótsaura hjá Stóra-Dímon á Fljótshlíðarveg við Eyvindarmúla.

251 **Hólmabæjarvegur:** Af Suðurlandsvegi á Markarfljótsaurum um Dalsel og Borgareyrar á Landeyjaveg nálægt Sandtjörn.

252 **Hólmavegur:** Af Suðurlandsvegi austan Affalls, um Miðey, að Hólmum.

254 **Akureyjarvegur:** Af Suðurlandsvegi við Hemlu, um Strönd á Landeyjaveg nálægt Akurey.

255 **Út-Landeyjavegur:** Af Suðurlandsvegi austan Þverár, um Fróðholt, Þúfu og Bergþórshvol á Hólmaveg við Búðarhól.

257 **Ártúnsvegur**: Af Landeyjavegi vestan Fróðholts um Ártún á Landeyjaveg hjá Eystra-Hóli.
261 **Fljótshlíðarvegur**: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð um Múlakot að Barkarstöðum.
262 **Vallarvegur**: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Velli.
264 **Rangárvallavegur**: Af Suðurlandsvegi vestan Eystri-Rangár upp Rangárvelli, um Keldur og Gunnarsholt niður Rangárvelli á Suðurlandsveg vestan Varmadals.
266 **Oddavegur**: Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Odda.
267 **Heklubraut**: Af Rangárvallavegi við Gunnarsholt yfir Brekknaheiði, að Haukadal.
268 **Þingskálavegur**: Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts um Geldingalæk og Kaldbak, upp með Ytri-Rangá og um fyrirhugaða brú yfir Ytri-Rangá á Landveg hjá Leirubakka.
271 **Árbæjarvegur**: Af Suðurlandsvegi vestan Ytri-Rangár, um Árbæ, Snjallsteinshöfða og Lækjarbotna á Landveg hjá Púfu.
273 **Bugavegur**: Af Suðurlandsvegi vestan við Lyngás að Vetleifsholti.
275 **Ásvegur**: Af Suðurlandsvegi við Landvegamót um Áshverfi, Sandhólaferju og Háfshverfi að Þykkvabæjarvegi hjá Miðkoti.
282 **Ásmundarstaðavegur**: Af Suðurlandsvegi við Selsund um Ásmundarstaði á Ásveg við Áshverfi.
284 **Heiðarvegur**: Af Suðurlandsvegi vestan við Einbúa um Heiði, Kamb og Gíslholt, á Hagabraut.
286 **Hagabraut**: Af Landvegi ofan Lýtingsstaða um Raftholt, Haga og Stúfholt á Landveg neðan við Köldukinn.
288 **Hamravegur**: Af Suðurlandsvegi hjá Einbúa að Hamrahóli.
30 **Hrunamannavegur**: Af Suðurlandsvegi í Flóa, um Skeið, hjá Reykjum, um brú á Stóru-Laxá hjá Hrepphólum, um Hruna, Skipholt og yfir Hvítá hjá Brúarhlöðum á Einholtsveg hjá Gýgjarhóli.
31 **Skálholtsvegur**: Af Hrunamannavegi hjá Reykjum, um Laugarás á Biskupstungnabraut hjá Spóastöðum.
32 **Þjórsárdalsvegur**: Af Hrunamannavegi á Sandlækjarholti, um Þjórsárholt sunnan Miðfells, upp Þjórsárdal að vegamótum að Stöng.
33 **Gaulverjabæjarvegur**: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri að Eyrarbakkavegi.
34 **Eyrarbakkavegur**: Af Suðurlandsvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi að Eyrarbakka.
35 **Biskupstungnabraut**: Af Suðurlandsvegi við Ingólfsfjall, um brú á Sogi, Svínavatn, brú á Brúará, Vatnsleysu, Múla og Geysi að Gullfossi.
36 **Þingvallavegur**: Af Biskupstungnabraut austan við Sog, um Ljósafoss, austan Þingvallavatns, um Gjábakka og Þingvöll, að sýslumörkum á Mosfellsheiði.
37 **Laugarvatnsvegur**: Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni, um Laugarvatn á Biskupstungnabraut hjá Múla.
38 **Þorlákshafnarvegur**: Af Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði til Þorlákshafnar.
39 **Þrengslavegur**: Af Þorlákshafnarvegi í Ölfusi, um Þrengsli á Suðurlandsveg í Svínahrauni.
301 **Urriðafossvegur**: Af Suðurlandsvegi vestan Þjórsár, um Urriðafoss á Villingaholtsveg við Villingaholt.
302 **Ölvisholtsvegur**: Af Suðurlandsvegi við Kjartansstaði að vegamótum við Ölvisholt.
303 **Oddgeirshólavegur**: Af Suðurlandsvegi hjá Hraungerði að vegamótum við Austurkot og Oddgeirshóla.
305 **Villingaholtsvegur**: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt, suður með Þjórsá um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftsstaða.

306 **Hafnarskeiðsvegur:** Af Eyrarbakkavegi við Eyrarbakka, um brúarstæði hjá Óseyrarnesi, vestur Hafnarskeið á Þorlákshafnarveg hjá Þorlákshöfn.
307 **Hamarsvegur:** Af Villingaholtsvegi hjá Villingaholti, um Gafl og Hamar á Gaulverjabæjarveg.
308 **Skógsnesvegur:** Af Hamarsvegi hjá Skógsnesi á Villingaholtsveg hjá Sýrlæk.
310 **Votmúlavegur:** Af Eyrarbakkavegi hjá Geirakoti um Votmúla á Gaulverjabæjarveg við Smjördali.
311 **Önundarholtsvegur:** Af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalholts, um Súluholt, á Villingaholtsveg norðan Önundarholts.
312 **Vorsabæjarvegur í Flóa:** Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu um Vorsabæ á Hamarsveg við Syðri-Velli.
314 **Holtsvegur:** Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli um Holt að Stokkseyri.
316 **Kaldaðarnesvegur:** Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að Hreiðurborg.
318 **Langholtsvegur í Flóa:** Af Suðurlandsvegi nálægt Túni að Langholti.
321 **Skeiðháholtsvegur:** Af Hrunamannavegi við Kílhraun, um Skeiðháholt á Hrunamannaveg móti Löngumýri.
322 **Ólafsvallavegur:** Af Hrunamannavegi að Ólafsvöllum.
324 **Vorsabæjarvegur:** Af Hrunamannavegi hjá Húsatóftum að Vorsabæ.
325 **Gnúpverjavegur:** Af Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár um Hamarsheiði og á Þjórsárdalsveg vestan Þverár.
326 **Hælisvegur:** Af Gnúpverjavegi að Hæli.
327 **Árnesvegur:** Af Gnúpverjavegi ofan Kálfár á Þjórsárdalsveg.
328 **Stóra-Núpsvegur:** Af Gnúpverjavegi við Ásaskóla á Þjórsárdalsveg hjá Minna-Núpi.
329 **Mástunguvegur:** Af Gnúpverjavegi ofan við Ása um Stóru-Mástungu að Skáldabúðum.
340 **Auðsholtsvegur:** Af Hrunamannavegi austan Stóru-Laxár, um Syðra-Langholt að Auðsholti.
341 **Langholtsvegur:** Af Auðsholtsvegi hjá Langholti á Flúðaveg hjá Flúðum.
344 **Flúðavegur:** Af Hrunamannavegi við Flúðir á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs.
345 **Hrunavegur:** Af Hrunamannavegi um Hruna að Þverspyrnu.
349 **Tungufellsvegur:** Af Hrunamannavegi við Dalsá að Tungufelli.
350 **Grafningsvegur neðri:** Af Biskupstungnabraut við Alviðru á Grafningsveg efri við Úlfljótsvatn.
351 **Búrfellsvegur:** Af Þingvallavegi hjá Ásgarði um Búrfell og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
352 **Kiðjabergsvegur:** Af Biskupstungnabraut austan Seyðishóla að heimreið að Gelti.
353 **Sólheimavegur:** Af Biskupstungnabraut við Minni-Borg um Sólheima, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.
355 **Reykjavegur:** Af Biskupstungnabraut hjá Torfastöðum á Laugarvatnsveg hjá Brúará.
356 **Tjarnarvegur:** Af Reykjavegi hjá Reykjum, um Tjörn á Biskupstungnabraut hjá Vatnsleysu.
358 **Einholtsvegur:** Af Biskupstungnabraut við Tungufljótsbrú, um Einholt á Biskupstungnabraut norðan Brattholts.
359 **Bræðratunguvegur:** Af Einholtsvegi norðan Tungufljóts að Bræðratungu.
360 **Grafningsvegur efri:** Af Þingvallavegi norðan Heiðarbæjar, um Grafning, um brú á Írafossi á Þingvallaveg.
362 **Fellsendavegur:** Af Þingvallavegi á Mosfellsheiði um Kjósarskarð að sýslumörkum.
364 **Eyjavegur:** Af Laugarvatnsvegi norðan við Djúpin að Útey.
365 **Gjábakkavegur:** Af Þingvallavegi við Gjábakka á Laugarvatnsveg hjá Laugarvatni.

366 **Böðmóðsstaðavegur:** Af Laugarvatnsvegi undan Efstadalsfjalli að Böðmóðsstöðum.
374 **Hvammsvegur:** Af Suðurlandsvegi vestan Kögunarhóls um Nýbýlahverfi og Gljúfur á Suðurlandsveg vestan Kotstrandar.
375 **Arnarbælisvegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Sandhóli að Ósgerði.
42 **Krýsuvíkurvegur:** Frá sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni, um Selvogsheiði og á Þorlákshafnarveg ofan við Þorlákshöfn.
52 **Uxahryggjavegur:** Frá sýslumörkum hjá Sæluhúsahæðum, um Brunná og Tröllaháls, á Þingvallaveg á Þingvöllum.

Reykjaneskjördæmi.

1 **Suðurlandsvegur:** Af sýslumörkum við Sandskeið um Lækjarbotna til Reykjavíkur.
1 **Vesturlandsvegur:** Frá Reykjavík við Elliðaár, um Mosfellssveit og Kjalarnes, inn Hvalfjörð, að sýslumörkum Borgarfjarðarsýslu í Hvalfjarðarbotni.
40 **Hafnarfjarðarvegur:** Frá Hlíðarvegi í Kópavogi um Garðahrepp á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
41 **Reykjanesbraut:** Frá Reykjavík við Elliðaár austan Kópavogs og Hafnarfjarðar, um Vatnsleysustrandarheiði, Keflavík og Miðnesheiði til Sandgerðis.
42 **Krýsuvíkurvegur:** Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð, um Krýsuvík að sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni.
43 **Grindavíkurvegur:** Af Reykjanesbraut á Vogastapa til Grindavíkur.
44 **Hafnavegur:** Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum að Höfnum.
45 **Garðskagavegur:** Af Reykjanesbraut norðan Keflavíkur um Gerðar og Sandgerði að Stafnesi.
410 **Elliðavatnsvegur:** Af Suðurlandsvegi við Rauðavatn um Vatnsenda á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
412 **Vífilsstaðavegur:** Af Elliðavatnsvegi við Vífilsstaðavatn að Vífilsstöðum.
415 **Álftanesvegur:** Af Hafnarfjarðarvegi í Engidal að Bessastöðum.
416 **Álftanesvegur ytri:** Frá vegamótum Álftanesvegar um Landakot og Sviðholt og aftur að vegamótum Álftanesvegar.
420 **Vatnsleysustrandarvegur:** Af Reykjanesbraut við Kúagerði, um Vatnsleysuströnd og Voga á Reykjanesbraut á Vogastapa.
421 **Vogavegur:** Af Reykjanesbraut móti Vogum að Vogakauptúni.
422 **Innri-Njarðvíkurvegur:** Af Reykjanesbraut sunnan Vogastapa, um Innri-Njarðvík og á Reykjanesbraut skammt norðan vegamóta Hafnavegar.
425 **Nesvegur:** Frá Höfnum fram hjá Reykjanesvita, um Grindavík og Ísólfsskála á Krýsuvíkurveg sunnan Krýsuvíkur.
430 **Úlfarsárvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Úlfarsá sunnan Úlfarsfells á Hafravatnsveg.
431 **Hafravatnsvegur:** Af Vesturlandsvegi við Brúarland um Miðdal á Suðurlandsveg hjá Geithálsi.
460 **Eyrarfjallsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Blönduholti.
461 **Meðalfellsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Skorá, norðan Meðalfellsvatns á Kjósarskarðsveg sunnan Vindáss.
462 **Kjósarskarðsvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan Laxár um Reynivelli og Vindás að sýslumörkum.
36 **Þingvallavegur:** Frá sýslumörkum á Mosfellsheiði á Vesturlandsveg nálægt Köldukvísl.

Vesturlandskjördæmi.

1 **Vesturlandsvegur:** Frá sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni, út fyrir Hafnarfjall, um brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum, á vegamót Ólafsvíkurvegar norðan Eskiholts, um Norðurárdal, að vegamótum við Dalsmynni.

1 **Norðurlandsvegur:** Frá vegamótum við Dalsmynni í Norðurárdal, um Norðurárdal að sýslumörkum á Holtavörðuheiði.

50 **Borgarfjarðarbraut:** Af Vesturlandsvegi við Ferstiklu, um Dragháls, Hesthváls og Bæjarsveit, yfir brú á Hvítá hjá Kljáfossi, um Stafholtstungur á Vesturlandsveg hjá Haugum.

51 **Akranesvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Lambhaga að Akranesi.

52 **Uxahryggjavegur:** Af Borgarfjarðarbraut hjá Hesti, um Lundarreykjadal, Uxahryggi, að sýslumörkum hjá Sæluhúsahæðum.

54 **Ólafsvíkurvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan Eskiholts, ofan Borgarness, um Mýrar, Vegamót og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.

55 **Heydalsvegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Kolbeinsstöðum, um Hnappadal og Heydal, á Snæfellsnessveg vestan Bíldhóls.

56 **Kerlingarskarðsvegur:** Af Ólafsvíkurvegi við Vegamót, yfir Kerlingarskarð á Snæfellsnessveg hjá Grishóli í Helgafellssveit.

57 **Snæfellsnessvegur:** Af Vestfjarðavegi við Stóraskóg, um Hörðudal, Skógarströnd, Helgafellssveit og Grundarfjörð á Ólafsvíkurveg við Fróðá.

58 **Stykkishólmsvegur:** Af Snæfellsnessvegi við Grishól, um Þórsnes til Stykkishólms.

59 **Laxárdalsvegur:** Af Vestfjarðavegi hjá Saurum, um Laxárdal, að sýslumörkum á Laxárdalsheiði.

502 **Svínadalsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Eyri að Borgarfjarðarbraut gegnt Geitabergi.

503 **Akrafjallsvegur:** Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl, fyrir Akrafjall hjá Klafastöðum, um Innra-Hólm á Akranesveg fyrir ofan kaupstaðinn.

504 **Leirársveitarvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbrú, um Leirá að Svínadalsvegi vestan við Hól.

505 **Melasveitarvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti, um Melasveit á Vesturlandsveg hjá Belgsholti.

506 **Hafnarvegur:** Af Melasveitarvegi hjá Belgsholti á Vesturlandsveg sunnan við Höfn.

507 **Mófellsstaðavegur:** Af Vesturlandsvegi sunnan við Andakílsá, um Hreppa og Mófellsstaði að Borgarfjarðarbraut sunnan Skorradalsvatns.

508 **Skorradalsvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, með Skorradalsvatni að norðan að Fitjum.

509 **Hagavegur:** Af Borgarfjarðarbraut hjá Stóru-Drageyri, sunnan Skorradalsvatns um Haga að Fitjum.

510 **Vatnshamravegur:** Af Skorradalsvegi hjá Vatnshömrum, um Kvígsstaði og Heggsstaði að Borgarfjarðarbraut.

511 **Andakílsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Hvítárvöllum að Borgarfjarðarbraut hjá Hesti.

512 **Lundarreykjadalsvegur:** Af Borgarfjarðarbraut hjá Fossatúni, um Lundarreykjadal norðanverðan og brú á Grímsá hjá Oddsstöðum á Uxahryggjaveg hjá Brautartungu.

513 **Bæjarsveitarvegur:** Af Borgarfjarðarbraut vestan við Varmalæk að Hvítárbakka.

514 **Laugarholtsvegur:** Af Bæjarsveitarvegi að Laugarholti.

515 **Flókadalsvegur:** Af Borgarfjarðarbraut innan við Varmalæk, hjá Múlastöðum, um brú á Flókadalsá fyrir innan Brúsholt, inn hjá Skógum, um brú á Geirsá, hjá Brennistöðum, að Borgarfjarðarbraut hjá Litla-Kroppi.

516 **Stóra-Kroppsvegur:** Af Borgarfjarðarbraut um flugvöll á Kálfanesmelum, um Stóra-Kropp að Borgarfjarðarbraut á Hamramelum.
517 **Reykdælavegur:** Af Borgarfjarðarbraut hjá Kleppjárnsreykjum, um Reykholtsdal sunnanverðan, yfir brú á Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum á Reykholtsveg við Úlfsstaði.
518 **Hálsasveitarvegur:** Af Borgarfjarðarbraut hjá Gróf, um Reykholt og Úlfsstaðaháls, Stóra-Ás, Húsafell og Kalmanstungu á Hvítársíðuveg hjá Bjarnastöðum.
519 **Reykholtsdalsvegur:** Af Hálsasveitarvegi hjá Úlfsstöðum, inn Reykholtsdal og fram hjá Giljum á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
522 **Hvítársíðuvegur:** Af Borgarfjarðarbraut hjá Síðumúla, um Hvítársíðu og brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
523 **Þverárhlíðarvegur:** Af Hvítársíðuvegi norðan Kljáfoss, um Norðtungu, Arnbjargarlæk og Hjarðarholt að Borgarfjarðarbraut vestan Þverár.
524 **Þverárvegur:** Af Þverárhlíðarvegi sunnan Litlu-Þverár að Kvíum.
525 **Grjóthálsvegur:** Af Þverárhlíðarvegi norðan brúar á Litlu-Þverá um Grjót á Norðurárdalsveg hjá Hafþórsstöðum.
526 **Stafholtsvegur:** Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Stafholt að Svarfhóli.
527 **Varmalandsvegur:** Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Varmaland og Einifell á Norðurárdalsveg hjá Glitstöðum.
528 **Norðurárdalsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Brekku, um brú á Norðurá hjá Glitstöðum, um sunnanverðan Norðurárdal á Norðurlandsveg hjá Króki.
529 **Valbjarnarvallavegur:** Af Vesturlandsvegi neðan Eskiholts að Birkibóli.
530 **Ferjubakkavegur:** Af Vesturlandsvegi vestan Ferjukotssíkis um Ferjubakka að Ólafsvíkurvegi hjá Brennistöðum.
531 **Borgarnesbraut:** Af Ólafsvíkurvegi að Borgarnesi.
532 **Þursstaðavegur:** Af Ólafsvíkurvegi vestan Borgar að Rauðanesi.
533 **Álftaneshreppsvegur:** Af Ólafsvíkurvegi vestan Langár, suður fyrir Hólsvatn um Krossnes og Þverholt á Ólafsvíkurveg hjá Arnarstapa.
534 **Álftanesvegur:** Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að heimreið að Miðhúsum.
535 **Grímsstaðavegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Urriðaárbrú að Árbæ.
537 **Sauravegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Raftási að Hraunhreppsvegi syðri hjá Jaðri.
538 **Hraunhreppsvegur syðri:** Af Álftaneshreppsvegi hjá Hrafnkelsstöðum, um Þverholt að Stóra-Kálfalæk.
539 **Staðarhraunsvegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Raftási að Staðarhrauni.
540 **Hraunhreppsvegur vestri:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Fíflholtum, um Einholt að Stóra-Kálfalæk.
566 **Hítarnesvegur:** Af Ólafsvíkurvegi sunnan Kaldár að vegamótum við Krossholt.
567 **Kolviðarnesvegur:** Af Ólafsvíkurvegi vestan Gerðubergslækjar að Laugagerðisskóla.
568 **Skógarnesvegur:** Af Ólafsvíkurvegi vestan við Rauðkollsstaði að Hausthúsum.
570 **Stakkhamarsvegur:** Af Ólafsvíkurvegi austan Hofstaða að Stakkhamri.
571 **Ölkelduvegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Ölkeldu að Hóli.
572 **Lýsuhólsvegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla, um Lýsudal og Lýsuhól á Ólafsvíkurveg vestan Vatnsholtsár.
574 **Útnesvegur:** Af Ólafsvíkurvegi sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík, Hellissand og Rif að Ólafsvík.
576 **Framsveitarvegur:** Af Snæfellsnessvegi hjá Vindási, um Setberg, út fyrir Eyrarfjall á Snæfellsnessveg hjá Eyri.
577 **Helgafellssveitarvegur:** Af Snæfellsnessvegi við Mjósund, um Berserkjahraun á Kerlingarskarðsveg norðan Kerlingarskarðs.
580 **Hörðudalsvegur vestri:** Af Snæfellsnessvegi við Blönduhlíð að Seljalandi.

581 **Hörðudalsvegur eystri:** Af Snæfellsnessvegi hjá Hörðubóli um Tungu að Seljalandi.
582 **Hálsabæjavegur nyrðri:** Af Snæfellsnessvegi vestan Miðár um Snóksdal að Bæ.
583 **Hálsabæjavegur syðri:** Af Vestfjarðavegi sunnan brúar á Reykjadalsá, um Hundadal að Bæ.
585 **Hlíðarvegur:** Af Vestfjarðavegi hjá Fellsenda um Kolsstaði og Kringlu að Vestfjarðavegi norðan Tunguár.
586 **Haukadalsvegur:** Af Vestfjarðavegi sunnan Haukadalsárbrúar um Haukadal að Smyrlahóli.
587 **Hjarðarholtsvegur:** Af Vestfjarðavegi vestan Búðardals, um Hjarðarholt og yfir brú á Laxá á Dönustaðagrjótum á Laxárdalsveg við Dönustaði.
588 **Sælingsdalsvegur:** Af Vestfjarðavegi norðan Leysingjastaða að Sælingsdalstungu.
590 **Klofningsvegur:** Af Vestfjarðavegi norðan Ásgarðs um Fellsströnd, Klofning og Skarðsströnd á Vestfjarðaveg í Saurbæ.
591 **Neðribyggðarvegur:** Af Klofningsvegi austan við Knarrarhöfn, að Ketilsstöðum.
592 **Skorravíkurvegur:** Af Klofningsvegi vestan Hellu um Skorravík að Ketilsstöðum.
593 **Efribyggðarvegur:** Af Klofningsvegi nálægt Helluá, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg nálægt Kjarlaksstöðum.
594 **Staðarhólsvegur:** Af Klofningsvegi við Kirkjuhvol í Saurbæ um Staðarhól að vegamótum við brú á Staðarhólsá hjá Bjarnastöðum.
60 **Vestfjarðavegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni um Bröttubrekku, Búðardal og Svínadal að sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni.
69 **Steinadalsvegur:** Af Vestfjarðavegi í Gilsfirði að sýslumörkum.

Vestfjarðakjördæmi.

1 **Norðurlandsvegur:** Frá sýslumörkum á Holtavörðuheiði að Hrútafjarðará.
59 **Laxárdalsvegur:** Frá sýslumörkum á Laxárdalsheiði að Hólmavíkurvegi norðan Borðeyrar.
60 **Vestfjarðavegur:** Frá sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni, um Þorskafjörð, Skálanes, Kletthás, Vattarfjörð, Litlanes, Fossárháls, Þingmannadal og fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð, Dynjandisheiði, Arnarfjörð, Hrafnseyrarheiði, Dýrafjörð, Gemlufallsheiði, Önundarfjörð, Breiðadalsheiði, Ísafjörð og Óshlíð til Bolungarvíkur.
61 **Djúpvegur:** Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni yfir Þorskafjarðarheiði, um Arngerðareyri, fyrir Ísafjörð, um Eyrarfjall, út með Mjóafirði, um Ögur, fyrir Skötufjörð og Hestfjörð, um Seyðisfjörð að Eyri í Seyðisfirði.
62 **Barðastrandarvegur:** Af Vestfjarðavegi, hjá Hellu í Vatnsfirði, um Barðaströnd, yfir Kleifaheiði að Patreksfirði.
63 **Bíldudalsvegur:** Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfdán til Bíldudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðaveg rétt norðan við Helluskarð.
64 **Flateyrarvegur:** Af Vestfjarðavegi hjá Breiðadal til Flateyrar.
65 **Súgandafjarðarvegur:** Af Vestfjarðavegi á Botnsheiði um Suðureyri fyrir Spilli að heimreið að Bæ.
67 **Súðavíkurvegur:** Af Vestfjarðavegi í Skutulsfirði, um Arnardal, Súðavík og Álftafjörð að Eyri í Seyðisfirði.
68 **Hólmavíkurvegur:** Af Norðurlandsvegi vestan Hrútafjarðarár, út með Hrútafirði yfir Stikuháls, fyrir Bitrufjörð um Ennisháls, Kollafjörð, inn með Steingrímsfirði til Hólmavíkur.
69 **Steinadalsvegur:** Frá sýslumörkum á Steinadalsheiði á Hólmavíkurveg í Kollafirði.

605 **Tröllatunguheiði:** Af Vestfjarðavegi sunnan Geiradalsár, nálægt Bakka hjá Valshamri, um Tröllatunguheiði hjá Tröllatungu á Hólmavíkurveg hjá Húsavík.
607 **Reykhólasveitarvegur:** Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni út Barmahlíð um Reykhóla að Stað.
609 **Fjarðarhlíðarvegur:** Af Vestfjarðavegi á Eiði við Vattarfjörð, um Fjörð að Hamri.
610 **Hörgsnesvegur:** Af Vestfjarðavegi hjá Fossá um Hörgsnes að Vestfjarðavegi við Vatnsdalsvatn.
611 **Siglunesvegur:** Frá Vestfjarðavegi norðan Haukabergsárbrúar um Holt að Skriðnafelli.
612 **Örlygshafnarvegur:** Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Látrum.
614 **Rauðasandsvegur:** Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri um Saurbæ að Gröf á Rauðasandi.
615 **Kollsvíkurvegur:** Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili um Gjögur, Hænuvík, Hænuvíkurháls, Kollsvík, um Kóngshæð á Örlygshafnarveg á Aurholti.
616 **Suðureyrarvegur:** Af Bíldudalsvegi sunnan Tálknafjarðar að Hvammeyri.
617 **Tálknafjarðarvegur:** Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar að Sveinseyri.
619 **Ketildalavegur:** Af Bíldudalsvegi um Bíldudal, út með Arnarfirði um Bakka að Selárdal.
622 **Svalvogavegur:** Af Vestfjarðavegi við Þingeyri um Haukadal og Keldudal að Svalvogum.
624 **Ingjaldssandsvegur:** Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli um Núp, Alviðruvör og Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
625 **Valþjófsdalsvegur:** Af Vestfjarðavegi hjá Mosvöllum í Önundarfirði, um Hjarðardal að Kirkjubóli í Valþjófsdal.
626 **Önundarfjarðarvegur:** Af Vestfjarðavegi hjá Vífilsmýrum um Hól á Vestfjarðaveg hjá Kirkjubóli.
629 **Syðridalsvegur:** Af Vestfjarðavegi á Hólssandi að Geirastöðum.
632 **Laugardalsvegur:** Af Djúpvegi hjá Hagakoti í Laugardal að Hrafnabjörgum.
633 **Vatnsfjarðarvegur:** Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.
635 **Snæfjallastrandarvegur:** Af Djúpvegi um brú á Langadalsá utan við Neðri-Bakka, út með Langadalsströnd um Ármúla, fyrir Kaldalón út Snæfjallaströnd að Lyngholti.
641 **Krossárdalsvegur:** Af Hólmavíkurvegi sunnan Krossárbrúar að Gröf.
643 **Strandavegur:** Frá Hólmavíkurvegi við Hólmavík fyrir botn Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veiðileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð um Gjögur, Árnes, að Eyri við Ingólfsfjörð.
644 **Staðardalsvegur:** Af Strandavegi í Staðardal að Víðivöllum.
645 **Drangsnesvegur:** Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd um Drangsnes og Kaldrananes á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.
647 **Norðurfjarðarvegur:** Af Strandavegi hjá Melum í Trékyllisvík á bryggju á Norðurfirði.

Norðurlandskjördæmi vestra.

1 **Norðurlandsvegur:** Frá sýslumörkum við Hrútafjarðará, um Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, um Miðfjörð, Víðidal, Vatnsdal, Blönduós, Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal að sýslumörkum á Öxnadalsheiði.
72 **Hvammstangavegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi að Hvammstanga.
74 **Skagastrandarvegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Blönduósi að Skagaströnd.

76 **Siglufjarðarvegur:** Af Norðurlandsvegi við Varmahlíð, um Sauðárkrók, Hegranes, Viðvíkursveit, Óslandshlíð, hjá Hofsósi, um Sléttuhlíð, Fljót og Almenninga að Siglufirði.

702 **Heggsstaðanesvegur:** Af Norðurlandsvegi í Hrútafirði, nálægt Reykjastapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð á Norðurlandsveg utan við Melstað.

704 **Miðfjarðarvegur:** Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarár, um brú á Miðfjarðará hjá Haugi, út Miðfjörð að austan á Norðurlandsveg hjá Laugarbakka.

705 **Vesturárdalsvegur:** Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá, sunnan Brekkulækjar fram Vesturárdal, að vegamótum gegnt Skeggjastöðum.

706 **Núpsdalsvegur:** Af Miðfjarðarvegi hjá Haugi, um Efra-Núp, yfir Austurárdalsháls, út Austurárdal á Miðfjarðarveg gegnt Haugi.

711 **Vatnsnesvegur:** Frá Hvammstanga út Vatnsnes, um Hindisvík yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Norðurlandsveg hjá Vatnshorni.

712 **Þorgrímsstaðadalsvegur:** Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn um Tungu og yfir Tunguá að Ásbjarnarstöðum.

714 **Fitjavegur:** Af Norðurlandsvegi á móts við Stórhól, suður Fitjaárdal um Fremri-Fitjar, yfir Miðfjarðarháls á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.

715 **Víðidalsvegur vestri:** Af Norðurlandsvegi hjá Deildarhóli, um Víðidalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi að Kolugili.

716 **Síðuvegur:** Af Norðurlandsvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu á Vatnsnesveg hjá Breiðabólstað.

717 **Borgarvegur:** Af Síðuvegi hjá Síðu um Stóru-Borg á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.

718 **Víðidalsvegur eystri:** Af Norðurlandsvegi vestan Lækjamóts austan Víðidalsár á Víðidalsveg hjá Hvarfi.

721 **Þingeyrarvegur:** Af Norðurlandsvegi vestan við Sveinsstaði að vegamótum við Leysingjastaði.

722 **Vatnsdalsvegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal, vestan ár um brýr á Álftaskálará og Vatnsdalsá og út austan ár á Norðurlandsveg nálægt Aralæk.

724 **Reykjabraut:** Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki norðan Svínavatns á Svínvetningabraut hjá Tindum.

725 **Miðásavegur:** Af Norðurlandsvegi nálægt Torfalæk að Hæli.

726 **Auðkúluvegur:** Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns, um Auðkúlu á Svínvetningabraut sunnan Svínavatns.

727 **Svínadalsvegur:** Af Auðkúluvegi hjá Grund að Ljótshólum.

731 **Svínvetningabraut:** Af Norðurlandsvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.

732 **Kjalvegur:** Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að vegamótum Eiðsstaðavegar.

733 **Blöndudalsvegur:** Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri að Austurhlíð.

734 **Svartárdalsvegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði og Hvamm að Stafni.

741 **Neðribyggðarvegur:** Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.

742 **Mýravegur:** Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal um Mýrar og brú á Laxá að Skrapatungu.

743 **Laxárdalsvegur:** Af Þverárfjallsvegi yfir Norðurá að Mánaskál.

744 **Þverárfjallsvegur:** Af Skagastrandarvegi utan við brú á Laxá, um Norðurárdal og Þverárfjall á Skagaveg hjá Skíðastöðum.

745 **Skagavegur:** Frá Skagaströnd um Kálfshamarsvík, Hafnir, Hvalnes, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð að Sauðárkróki.
746 **Reykjastrandarvegur:** Af Skagavegi hjá Skarði að Daðastöðum.
751 **Efribyggðarvegur:** Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði, um Efribyggð, á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
752 **Skagafjarðarvegur:** Af Norðurlandsvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Hofi.
753 **Vallhólmavegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Völlum, um Stokkhólma að Vindheimum.
754 **Héraðsdalsvegur:** Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Héraðsdal á Kjálkaveg um fyrirhugaða brú hjá Flatatungu.
755 **Tunguhálsvegur:** Af Skagafjarðarvegi um Tunguháls á Héraðsdalsveg við fyrirhugaða brú hjá Flatatungu.
756 **Austurdalsvegur:** Af Skagafjarðarvegi í Vesturdal, austan við Jökulsá vestri, um Bústaði að vegamótum hjá Skuggabjörgum.
757 **Kjálkavegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Skeljungshöfða, um Kjálka að Keldulandi.
761 **Fjallsvegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Arnarstapa að Fjalli.
762 **Sæmundarhlíðarvegur:** Af Siglufjarðarvegi hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð að Fjalli.
763 **Hellulandsvegur:** Af Siglufjarðarvegi á vestanverðu Hegranesi að Hellulandi.
764 **Hegranesvegur vestri:** Frá vegamótum Hegranesvegar eystri við Ketu að Hellulandi.
765 **Hegranesvegur eystri:** Af Siglufjarðarvegi hjá Garði að Eyhildarholti.
766 **Út-Blönduhlíðarvegur:** Af Norðurlandsvegi austan Héraðsvatnsbrúar á Grundarstokki, um Blönduhlíð á Siglufjarðarveg norðan Gljúfurár hjá Vatnsleysu.
767 **Hólavegur:** Af Siglufjarðarvegi hjá Miklahóli, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti að Hólum.
768 **Hjaltadalsvegur:** Frá brú á Hjaltadalsá við Laufskálaholt að Hrafnhóli.
769 **Ásavegur:** Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
781 **Deildardalsvegur:** Af Siglufjarðarvegi hjá Grafarósi, yfir Deildará hjá Kambi á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
782 **Unadalsvegur syðri:** Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár að Enni.
783 **Unadalsvegur nyrðri:** Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Hof að Hugljótsstöðum.
784 **Bæjarvegur:** Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mannskaðahóli.
786 **Sléttuhlíðarvegur:** Af Siglufjarðarvegi yfir Langalæk, um Skálá austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg norðan Keldnakots.
787 **Flókadalsvegur vestri:** Af Siglufjarðarvegi vestan við Yzta-Mó að vegamótum Austari-Hólsvegar.
788 **Flókadalsvegur eystri:** Af Siglufjarðarvegi austan við Haganes að Barði.
789 **Sléttuvegur:** Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótsárbrúar, um Sléttu að Minni-Brekku.
82 **Ólafsfjarðarvegur:** Af Siglufjarðarvegi á Ketilási um Stíflu að sýslumörkum á Lágheiði.

Norðurlandskjördæmi eystra.

1 **Norðurlandsvegur:** Frá sýslumörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Vaðlaheiði, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit norðan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, Grímsstaði á Fjöllum, að sýslumörkum á Biskupshálsi.

82 **Ólafsfjarðarvegur:** Af Norðurlandsvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, fyrir Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
83 **Grenivíkurvegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Veigastöðum, um Svalbarðsströnd, Dalsmynni og Höfðahverfi, um Grenivík og Hjalla.
85 **Norðausturvegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi, Jökulsárbrú í Axarfirði, Axarfjarðarheiði, Þistilfjörð og að sýslumörkum á Brekknaheiði.
87 **Mývatnsvegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
88 **Raufarhafnarvegur:** Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Kópasker og Melrakkasléttu til Raufarhafnar.
89 **Hálsavegur:** Af Norðausturvegi við Víðinesá, um Hálsa til Raufarhafnar.
802 **Ólafsfjarðarvegur eystri:** Af Ólafsfjarðarvegi hjá Kvíabekk að Vatnsenda.
803 **Kleifavegur:** Af Ólafsfjarðarvegi vestan Ólafsfjarðarár að Syðri-Á.
804 **Vatnsendavegur:** Frá Ólafsfjarðarkaupstað að Vatnsenda.
805 **Svarfaðardalsvegur:** Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir að Atlastöðum.
806 **Tunguvegur:** Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum að Skíðadalsvegi hjá Hvarfi.
807 **Skíðadalsvegur:** Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan og austur yfir Skíðadalsá á brú sunnan við Hnjúk að vegamótum Klængshóls- og Hlíðarvegar.
808 **Árskógssandsvegur:** Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi að Árskógssandi.
809 **Hauganesvegur:** Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.
811 **Hjalteyrarvegur:** Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi að Hjalteyri.
812 **Bakkavegur:** Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi að vegamótum Hjalteyrarvegar hjá Ytri-Bakka.
813 **Möðruvallavegur:** Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli á Hörgárdalsveg hjá Björgum.
814 **Staðarbakkavegur:** Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga að Staðarbakka.
815 **Hörgárdalsvegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá, um brú á Helguhyl og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
816 **Dagverðareyrarvegur:** Af Ólafsfjarðarvegi sunnan Hörgárbrúar, um Gásir og Dagverðareyri, á Norðurlandsveg hjá Sólborgarhóli.
817 **Blómsturvallavegur:** Frá brú á Lónslæk hjá Áslaksstöðum, norður hjá Syðsta-Samtúni, yfir Norðurlandsveg á Blómsturvallamela.
821 **Eyjafjarðarbraut vestri:** Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar, um Grund og Saurbæ, að Torfufelli.
822 **Finnastaðavegur:** Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Djúpadalsá hjá Völlum, á Eyjafjarðarbraut hjá Saurbæ.
823 **Dalsvegur:** Af Eyjafjarðarbraut vestari hjá Melgerði yfir Finnastaðaveg að Litladal.
824 **Hólavegur:** Af Eyjafjarðarbraut vestari móts við Vatnsenda, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla að vegamótum hjá Núpufelli.
825 **Sölvadalsvegur:** Af Eyjafjarðarbraut vestari hjá Saurbæ um brú á Eyjafjarðará að Þormóðsstöðum.
826 **Eyjafjarðarbraut eystri:** Af Norðurlandsvegi hjá Kaupangi, um Laugaland og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, að vegamótum norðan Saurbæjar.
831 **Svalbarðseyrarvegur:** Af Norðurlandsvegi ofan við brú á Geldingsá að Svalbarðseyri.
832 **Brúarvegur:** Af vegamótum Norðurlandsvegar við Skóga, yfir gömlu brú á Fnjóská, að vegamótum Norðurlandsvegar hjá Hálsi.
833 **Illugastaðavegur:** Af Norðurlandsvegi við Skóga suður að Illugastöðum.
834 **Fnjóskadalsvegur vestri:** Af Norðurlandsvegi norðan Ness að Grímsgerði.

835 **Fnjóskadalsvegur eystri:** Af Norðurlandsvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg í Dalsmynni.
836 **Vaglaskógarvegur:** Af Brúarvegi austan við brú á Fnjóská, um Vaglaskóg að Mörk.
841 **Fremstafellsvegur:** Af Norðurlandsvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
842 **Bárðardalsvegur vestri:** Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts að Mýri.
843 **Lundarbrekkuvegur:** Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl að Víðikeri.
844 **Bárðardalsvegur eystri:** Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg vestri.
845 **Aðaldalsvegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Einarsstöðum á Norðausturveg hjá Tjörn.
846 **Austurhlíðarvegur:** Af Norðurlandsvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
847 **Stafnsvegur:** Af Norðurlandsvegi sunnan og neðan við Narfastaði að Stafni.
848 **Mývatnssveitarvegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni um Skútustaði á Norðurlandsveg hjá Reykjahlíð.
849 **Baldursheimavegur:** Af Mývatnssveitarvegi skammt austan Arnarvatns að Litlu-Strönd.
851 **Út-Kinnarvegur:** Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum út að Granastöðum.
852 **Sandsvegur:** Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Hraunkoti.
853 **Hvammavegur:** Af Aðaldalsvegi norðan Ytra-Fjalls yfir Laxá hjá Hólmavaði á Mývatnsveg austan Laxárvirkjunar.
854 **Staðarbraut:** Af Aðaldalsvegi sunnan Syðra-Fjalls um Laxárvirkjun á Hvammaveg.
855 **Fagranesvegur:** Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
856 **Laxárdalsvegur vestri:** Af Staðarbraut vestan Laxár að Halldórsstöðum.
857 **Laxárdalsvegur eystri:** Af Laxárdalsvegi vestri hjá Birningsstöðum, um brú á Laxá hjá Sogi, að Árhvammi.
861 **Vestursandsvegur:** Af Norðausturvegi hjá Lindarbrekku að vegamótum Nýjabæjarvegar.
862 **Uppsveitarvegur:** Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
865 **Hólsfjallavegur:** Af Norðausturvegi austan Jökulsárbrúar í Axarfirði, hjá Dettifossi á vegamót Norðurlandsvegar við Grímsstaði á Fjöllum.
866 **Gilsbakkavegur:** Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka.
867 **Austursandsvegur:** Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú að vegamótum Skógavegar.
868 **Langanesvegur:** Af vegamótum Norðausturvegar við Þórshöfn, um Þórshöfn og Sauðanes að vegamótum Eiðisvegar.

Austurlandskjördæmi.

1 **Austurlandsvegur:** Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Lónsheiði, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
85 **Norðausturvegur:** Af sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal og Langadal á Austurlandsveg hjá Möðrudal.
91 **Hafnarvegur í Bakkafirði:** Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að Hafnarkauptúni.
92 **Norðfjarðarvegur:** Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð og til Neskaupstaðar.

93 **Seyðisfjarðarvegur:** Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
94 **Borgarfjarðarvegur:** Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðaþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.
96 **Suðurfjarðavegur:** Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar, fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Austurlandsveg nálægt Heydölum.
97 **Breiðdalsvíkurvegur:** Af Suðurfjarðavegi hjá Þverhamri til Breiðdalsvíkur.
98 **Djúpavogsvegur:** Af Austurlandsvegi til Djúpavogskauptúns.
99 **Hafnarvegur:** Af Austurlandsvegi að Höfn.
911 **Gunnarsstaðavegur í Bakkafirði:** Af Norðausturvegi nálægt Hölkná að Gunnarsstöðum.
913 **Strandhafnarvegur:** Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Hámundarstöðum.
915 **Vesturdalsvegur:** Af Norðausturvegi austan Vesturár um brú á Vesturá hjá Öskumel að Ytri-Hlíð.
917 **Hlíðarvegur:** Af Norðausturvegi hjá Vatnsdalsgerði yfir Hellisheiði og um Jökulsárhlíð á Austurlandsveg hjá Fossvöllum.
919 **Sunnudalsvegur:** Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals, og á Norðausturveg nálægt Teigi.
921 **Eyjavegur:** Af Hlíðarvegi nálægt Bakkagerði um Eyjasel og Hnitbjörg á Hlíðarveg móts við Fögruhlíð.
922 **Grófarselsvegur:** Af Hlíðarvegi hjá Kaldá að Grófarseli.
923 **Jökuldalsvegur:** Af Austurlandsvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Brú.
924 **Jökuldalsvegur eystri:** Af Austurlandsvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Austurlandsveg í Dimmadal.
925 **Hróarstunguvegur:** Af Austurlandsvegi við Jökulsárbrú, um Litla-Bakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Austurlandsveg hjá Urriðavatni.
926 **Húseyjarvegur:** Af Hróarstunguvegi hjá Litla-Bakka að Geirastöðum.
927 **Brekkubæjavegur:** Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
928 **Geirastaðavegur:** Af Hróarstunguvegi hjá Kirkjubæ um Gunnhildargerði á Húseyjarveg hjá Geirastöðum.
929 **Fellavegur:** Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatni um Staffell, Egilssel og á Austurlandsveg við Rangá.
931 **Upphéraðsvegur:** Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Austurlandsveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
933 **Norðurdalsvegur í Fljótsdal:** Af Upphéraðsvegi nálægt Valþjófsstað að Þuríðarstöðum.
934 **Múlavegur í Fljótsdal:** Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
935 **Suðurdalsvegur í Fljótsdal:** Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Víðivöllum fremri.
936 **Vallanesvegur:** Af Upphéraðsvegi í Víkingsstaðablá að Vallanesi.
937 **Skriðdalsvegur:** Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg sunnan Jóku.
938 **Múlavegur syðri:** Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
939 **Axarvegur:** Af Austurlandsvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Austurlandsveg í Berufjarðarbotni.
942 **Steinsvaðsvegur:** Af Borgarfjarðarvegi gegnt Hreimsstöðum um Stóra-Steinsvað á Lagarfossveg hjá Fossi.
943 **Hjaltastaðarvegur:** Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað og Sandbrekku á Borgarfjarðarveg sunnan við Unaós.

944 **Lagarfossvegur:** Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
946 **Hólalandsvegur:** Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um Hólaland að vegamótum við Hvannstóð.
947 **Desjamýrarvegur:** Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
951 **Vestdalseyrarvegur:** Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Vestdalseyri að Sunnuholti.
952 **Hánefsstaðavegur:** Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Búðareyri að vegamótum síldarbræðslu við Sörlastaðaá.
953 **Mjóafjarðarvegur:** Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
954 **Helgustaðavegur:** Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkauptúni að Stóru-Breiðuvík.
956 **Dalavegur:** Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár að Hólagerði.
962 **Norðurdalsvegur í Breiðdal:** Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 **Breiðdalsvegur:** Af Austurlandsvegi sunnan Breiðdalsárbrúar að Randversstöðum.
984 **Hoffellsvegur:** Af Austurlandsvegi vestan Hoffellsárbrúar að Hoffelli.
986 **Rauðabergsvegur:** Af Austurlandsvegi nálægt Viðborðsseli að Rauðabergi.

3.2. Flokkun þjóðvega skv. 3.1. í undirflokka.

3.2.1 **Hraðbrautir A og B:**

1 **Suðurlandsvegur:** Hvolsvöllur — vegamót Landvegar og vegamót Hrunamannavegar — Reykjavík.
34 **Eyrarbakkavegur:** Selfoss — vegamót Gaulverjabæjarvegar.
35 **Biskupstungnabraut:** Vegamót Suðurlandsvegar — vegamót Þingvallavegar.
36 **Þingvallavegur:** Kaldakvísl hjá Gljúfrasteini — vegamót Vesturlandsvegar.
40 **Hafnarfjarðarvegur.**
41 **Reykjanesbraut.**
43 **Grindavíkurvegur.**
44 **Hafnavegur:** Vegamót Reykjanesbrautar — Keflavíkurflugvöllur.
45 **Garðskagavegur:** Vegamót Reykjanesbrautar — Gerðar.
415 **Álftanesvegur:** Vegamót Hafnarfjarðarvegar — Garðaholt.
1 **Vesturlandsvegur:** Reykjavík — vegamót Norðurárdalsvegar.
51 **Akranesvegur.**
54 **Ólafsvíkurvegur:** Vegamót Vesturlandsvegar — vegamót Borgarnesbrautar.
531 **Borgarnesbraut.**
60 **Vestfjarðavegur:** Vegamót Súðavíkurvegar — Hnífsdalur.
1 **Norðurlandsvegur:** Vegamót Ólafsfjarðarvegar — vegamót Grenivíkurvegar.
85 **Norðausturvegur:** Vegamót Mývatnsvegar — Húsavík.
1 **Austurlandsvegur:** Vegamót Flugvallarvegar — vegamót Norðfjarðarvegar.
92 **Norðfjarðarvegur:** Vegamót Austurlandsvegar — vegamót Seyðisfjarðarvegar.

3.2.2 **Þjóðbrautir:**

1 **Suðurlandsvegur:** Vík í Mýrdal — Hvolsvöllur og vegamót Landvegar — vegamót Hrunamannavegar.

30 **Hrunamannavegur:** Vegamót Suðurlandsvegar — vegamót Skálholtsvegar.
31 **Skálholtsvegur.**
34 **Eyrarbakkavegur:** Vegamót Gaulverjabæjarvegar — Eyrarbakki.
35 **Biskupstungnabraut:** Vegamót Þingvallavegar — vegamót Skálholtsvegar.
36 **Þingvallavegur:** Vegamót Biskupstungnabrautar — Kaldakvísl hjá Gljúfrasteini.
306 **Hafnarskeiðsvegur.**
1 **Vesturlandsvegur:** Vegamót Norðurárdalsvegar — vegamót Norðurlandsvegar við Dalsmynni.
45 **Garðskagavegur:** Gerðar — Stafnes.
422 **Innri-Njarðvíkurvegur.**
54 **Ólafsvíkurvegur:** Vegamót Borgarnesvegar — Ólafsvík.
56 **Kerlingarskarðsvegur.**
57 **Snæfellsnessvegur:** Vegamót Stykkishólmsvegar — vegamót Ólafsvíkurvegar.
58 **Stykkishólmsvegur.**
574 **Útnesvegur:** Hellissandur — Ólafsvík.
60 **Vestfjarðavegur:** Vegamót Vesturlandsvegar hjá Dalsmynni — vegamót Súðavíkurvegar og Hnífsdalur — Bolungarvík.
62 **Barðastrandarvegur.**
1 **Norðurlandsvegur:** Vegamót Vesturlandsvegar hjá Dalsmynni — vegamót Ólafsfjarðarvegar og vegamót Grenivíkurvegar — sýslumörk á Biskupshálsi.
68 **Hólmavíkurvegur.**
76 **Siglufjarðarvegur.**
766 **Út-Blönduhlíðarvegur.**
82 **Ólafsfjarðarvegur.**
85 **Norðausturvegur:** Vegamót Norðurlandsvegar — vegamót Mývatnsvegar, Húsavík, — vegamót Raufarhafnarvegar og vegamót Hálsavegar — vegamót Hlíðarvegar.
88 **Raufarhafnarvegur.**
89 **Hálsavegur.**
845 **Aðaldalsvegur.**
868 **Langanesvegur:** Vegamót Norðausturvegar — Þórshöfn.
1 **Austurlandsvegur:** Vegamót Norðurlandsvegar — vegamót Flugvallarvegar og vegamót Norðfjarðarvegar — vegamót Hafnarvegar.
92 **Norðfjarðarvegur:** Vegamót Seyðisfjarðarvegar — Neskaupstaður.
96 **Suðurfjarðavegur.**
99 **Hafnarvegur.**
917 **Hlíðarvegur.**

3.2.3 **Aðrir þjóðvegir eru landsbrautir.**

3.3. Aðalfjallvegir.

3.3.1 **Kaldadalsvegur (40 km).**
Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnum um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli.

3.3.2 **Kjalvegur (165 km).**
Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi um Hvítanes, Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal.

3.3.3 Fjallabaksvegur nyrðri (117 km).
Af Landvegi (26) hjá Galtalæk um Rangárbotna, Dómadalsháls, Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (206) hjá Búlandi.

3.3.4 Sprengisandsleið (574 km).
Af Fjallabaksvegi nyrðri í Rangárbotnum um Tungnaá hjá Sigöldu, vestan Þórisvatns um brú á Köldukvísl, Þveröldu, Tómasarhaga, hjá Fjórðungsvatni um Hólafjall á Sölvadalsveg (825) hjá Þormóðsstöðum í Eyjafirði (222 km).

Álma norðan Fjórðungsvatns um Laugarfell yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug á Skagafjarðarveg (752) hjá Litlu-Hlíð (80 km).

Álma norðan Fjórðungsvatns um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (76 km).

Álma úr Tómasarhaga um Urðarháls yfir Jökulsá hjá Upptyppingum um Hvannalindir austan í Þríhyrningsfjallgarði á Jökuldalsveg (923) hjá Brú á Jökuldal (196 km).

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Um fjáröflun vegna vegamála 1972—1975.

1.0.0 Inngangur:
Fjáröflunaráætlun þessi er byggð á tekjustofnum vegasjóðs eins og þeir eru nú, þ. e. benzíngjaldi, þungaskatti og gúmmígjaldi. Áætlun um vaxandi tekjur af þeim frá ári til árs er byggð á spá um vaxandi bifreiðafjölda í landinu og vaxandi notkun þeirra sem heildar. Nokkrir aðrir þættir koma þó til álita eins og vaxandi sparneytni bifreiða, en undanfarin ár hefur bifreiðastofninn þróazt til minni bifreiða og sparneytnari. Þessi þróun til aukinnar sparneytni getur þó einnig stafað af öðru, svo sem bættu viðhaldi eða auknum fjölda nýrra bifreiða.

1.0.1 Bifreiðaspá:
Á árinu 1971 urðu innfluttar bifreiðar 7608 alls. Hér er þó um að ræða fjölda, sem líklega er nokkru hærri en nemur venjulegri aukningu og endurnýjun bifreiðastofnsins. Ástæðan er sú, að árin 1968 og þó sérstaklega 1969 var innflutningur mun minni en eðlilegt getur talizt og stafaði það af gengisfellingunum 1967 og 1968, og minnkuðu rými fyrir þennan þátt í einkaneyzlu landsmanna. Árið 1970 óx innflutningur verulega, en var þó ekki meiri en næmi eðlilegri árlegri endurnýjun og aukningu, þannig að ekki var bætt fyrir þá truflun á eðlilegri þróun og endurnýjun, sem varð 1968 og 1969. Af þessum sökum fullnægði innflutningurinn 1971 að nokkru leyti þörf frá fyrri árum, og má því búast við að innflutningur næstu ára verði eitthvað minni.

Áætlað er hér, að innflutningur bifreiða 1972 verði alls tæplega 5300, aukist síðan ár frá ári og verði tæplega 6500 árið 1975. Þar af eru um 2000—3000 á ári vegna endurnýjunar.

1.1.1 *Innflutningsgjald af benzíni:*
Spá um tekjur vegna innflutningsgjalds af benzíni er byggð á meðaleldsneytisnotkun benzínbifreiða á ári og spá um fjölda bifreiða. Vísast um þetta atriði nánar til fskj. 1.1.1—01.

1.1.2 Þungaskattur:
Brúttó þungaskattur er ákvarðaður á þann hátt, að gerð er spá um skiptingu bifreiða eftir gerð hreyfils og eigin þunga, sbr. fskj. 4 1.1.2—01. Bifreiðafjöldi innan hvers flokks er síðan margfaldaður með tilheyrandi þungaskattstaxta (sjá fskj. 1.1.2—02).

Við samanburð á reiknuðum þungaskatti og innheimtum þungaskatti nokkur undanfarin ár hefur komið í ljós að reiknaður þungaskattur hefur ætíð verið nokkru hærri en innheimtan sýnir. Hefur hér verið tekið tillit til þess, og virðast 23% afföll frá reiknuðum þungaskatti vera hæfileg.

Þar sem enn er mjög lítil reynsla fengin af innheimtu kílómetragjalds, er álitið nauðsynlegt að taka spá um tekjur vegna þungaskatts til endurskoðunar á hverju hausti út vegáætlunartímabilið og afla hverju sinni sem fyllstra upplýsinga um akstur þeirra bifreiða, er greiða þungaskatt samkv. kílómetragjaldi. Vísast um þetta atriði til liða 1.2 (bls. 2) í skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1971.

1.1.3 Gúmmígjald:

Til grundvallar útreikningi á gúmmígjaldi er lögð spá um innflutning bifreiða og bifreiðaeign hvers árs. (Sjá fskj. 1.1.02—02). Reiknað er með því að með hverri innfluttri fólksbifreið fylgi að meðaltali um 60 kg af gjaldskyldu gúmmíi, öðrum innfluttum bifreiðum um 250 kg og meðalendurnýjun vegna bifreiða, sem fyrir eru í landinu, sé um 18 kg á ári.

1.1.4 Ríkisframlag:

Annars vegar er um að ræða 100 millj. kr. framlag samkv. fjárlögum 1972, og er það áætlað óbreytt út áætlunartímabilið. Hins vegar bætist við hluti af tekjum vegna innflutningsgjalds af bifreiðum, sem ákveðið var með reglugerð nr. 69/1972. Er þetta framlag áætlað 100 millj. kr. árið 1972, en þá er gjaldið aðeins innheimt í tæpa þrjá ársfjórðunga. Er síðan gert ráð fyrir hækkunum síðari þrjú ár áætlunartímans, er gjaldið er innheimt allt árið og einnig tekið tillit til áætlunar um aukinn innflutning bifreiða þau ár.

Að öðru leyti er gert ráð fyrir að tekjum af innflutningsgjaldi samkv. reglugerð nr. 69/1972 verði varið til að standa undir lánum, sem vegasjóður hefur tekið, en ríkissjóður tekur nú að sér, sbr. lið 1.2.1 hér á eftir.

1.1.5 Endurgreiðslur:

Við athugun á endurgreiðslu innflutningsgjalds hefur komið í ljós, að endurgreidd eru um 3,6% af heildarbenzínsölu þess árs, er endurgreiðslan á við. Hefur sú hundraðstala verið tekin af áætlaðri benzínsölu hvers árs til endurgreiðslu árið eftir.

Mjög erfitt er að gera sér grein fyrir endurgreiðslum þungaskattsins. Endurgreiðslur vegna þungaskatts árið 1971 námu í októberlok um 1.5 millj. kr., en það eru endurgreiðslur vegna ársins 1970. Sem kunnugt er hófst innheimta kílómetragjalds í ágúst 1970, þannig að endurgreiðsla ársins 1971 er fyrst og fremst vegna fyrri hluta ársins 1970. Enn fremur hækkaði þungaskatturinn um 50% 1. jan. 1971.

Með tilliti til ofangreindra atriða hefur endurgreiðsla á þungaskatti verið áætluð sem hér segir:

1972	2.0	millj.	kr.
1973	2.0	—	—
1974	2.5	—	—
1975	2.5	—	—

1.2. Sérstök fjáröflun:

Sú breyting er gerð með þessari vegáætlun, að nú er ekki aðeins sýnd sú fjáröflun og þær framkvæmdir, sem vegasjóður kostar, samkvæmt IX. kafla vegalaga, heldur allar framkvæmdir í vegamálum, þ. á m. landshlutaáætlanir fyrir Austurland og Norðurland, svo og vegagerð um Skeiðarársand, sem fjármögnuð er með happdrættislánsfé, hraðbrautagerð öll og kostnaður við öll þau lán, sem tekin eru vegna vegaframkvæmda. Gefur þetta betri heildarmynd en fyrri vegáætlanir af því, sem raunverulega er að gerast í vegamálum.

1.2.1 Greiðsla af lánum, yfirteknum af ríkissjóði 1972.

Hér er um að ræða lán þau, sem vegasjóður hefur staðið undir hingað til, svo og lán þau sem tekin voru 1971 og greind eru í 2. dálki töflu I á bls. 7 í skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1971. Um skýringar á eldri lánum vegasjóðs vísast til bls. 7—8 í sömu skýrslu, þ. e. liðar 2.3.0.1.

1.2.2 Greiðsla af lánum yfirteknum af ríkissjóði 1970.

Á bls. 6 í skýrslu ráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1970 eru undir lið 2.3.0.1, töflu II., sýnd þau lán sem ríkissjóður hefur tekið að sér greiðslu á til ársloka 1972.

Hér er um sömu lán að ræða að stofni til og greind eru í téðri skýrslu, með þeim breytingum sem orðið hafa vegna gengisbreytinga og breytinga á byggingavísitölu varðandi spariskírteinalán, en að frádregnum afborgunum fram til ársloka 1971.

1.2.3 Sérstök lánsfjáröflun:

Hér er um að ræða sérstaka lánsfjáröflun, að mestu leyti til nýrra framkvæmda árið 1972 samkvæmt ákvörðun Alþingis í sambandi við afgreiðslu vegáætlunar nú.

1.2.4 Hraðbrautir (Alþjóðabankalán):

Af láni því sem tekið var hjá Alþjóðabankanum árið 1970, alls að upphæð um 360 millj. kr. ($ 4 100 000.00), fara um 312 millj. kr. ($ 3 583 000.00) til hraðbrauta út frá Reykjavík. Af lánsfé þessu voru 13.1 millj. kr. notaðar árið 1970, 158,8 millj. kr. árið 1971, og eftirstöðvarnar 140,1 millj. kr. verða notaðar árið 1972.

1.2.5 Skeiðarársandur:

Fjár til framkvæmdanna er aflað með happdrættisláni samkvæmt lögum, nr. 99/1971. Heimild laganna nær þó ekki til lántöku að því marki sem nemur áætluðum lokakostnaði, og verður að taka málið til nýrrar athugunar eigi síðar en við endurskoðun vegáætlunar árið 1973.

1.2.6 Austurlandsáætlun:

Vorið 1971 var gengið frá sérstakri fimm ára áætlun um vegabætur á Austurlandi. Var gert ráð fyrir árlegum framkvæmdum sem næmu 60 millj. króna, miðað við verðlag 1971.

Hér er gert ráð fyrir 75 millj. kr. árlega út áætlunartímabilið. Mun sú upphæð nærri lagi fyrir 1972, en ekki er áætlað fyrir verðhækkunum síðari ár áætlunarinnar, fremur en í öðrum liðum, sem allir miðast við verðlag við gerð áætlunarinnar. Áfangaskipting framkvæmda samkv. Austurlandsáætlun var ákveðin 1971.

1.2.7 Norðurlandsáætlun:

Hér er gert ráð fyrir samtals 600 millj. kr. fjáröflun á áætlunartímabilinu. Gert er ráð fyrir að lántökuheimilda og fjár verði aflað í sambandi við árlegar framkvæmdaáætlanir ríkisstjórnarinnar.

1.2.8 Greiðslur af lánum til Reykjanesbrautar:

Vextir og afborganir af lánum teknum vegna Reykjanesbrautar og ríkissjóður hefur yfirtekið eru samtals 69.8 millj. kr. á árinu 1972. Á bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1972 er 6.8 millj. kr. fjárveiting til Reykjanesbrautar, og veggjald (nettó) miðað við svipaða umferðaraukningu og verið hefur er áætlað 18 millj. kr., þannig að nauðsynleg viðbótarfjáröflun er 45 millj. kr.

Árin 1973 til 1975 er áætlað að tekjur af veggjaldi (nettó) aukist um eina millj. kr. á ári, og viðbótarfjárþörf er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. marz s. l.

2. Skipting útgjalda.

(Fjárhæðir í millj. króna).

2.1. Stjórn og undirbúningur.

2.1.1 Launagreiðslur:

Stefnt verður að því á áætlunartímabilinu að flytja umdæmisverkfræðinga vegagerðarinnar frá Reykjavík út í umdæmin og þarf af þeim sökum að bæta við nokkrum verkfræðingum, tæknifræðingum og mælingamönnum, auk aðstoðarfólks. Einnig verða fastráðnir nokkrir verkstjórar, sem lengi hafa starfað hjá vegagerðinni á kjörum Verkstjórasambands Íslands.

Alls verða fastráðnir 20 nýir starfsmenn á áætlunartímabilinu, sem hér segir:

	1972	1973	1974	1975
Verkfræðingar		1	1	1
Tæknifræðingar		2	2	1
Mælingamenn	1	1	1	
Verkstjórar		1	1	
Undirverkstjórar		1	1	2
Ritarar	1	1	1	

Af þessum nýju starfsmönnum hafa 12 starfað hjá vegagerðinni sem lausráðnir starfsmenn um lengri eða skemmri tíma, og er því raunverulega ekki um jafnmikla útgjaldaaukningu að ræða og ætla mætti.

Sú breyting verður nú á, að laun verkstjóra og vegaeftirlitsmanna verða hér eftir færð á viðkomandi framkvæmdaliði í stað þess að færa þau á stjórnunar- og undirbúningskostnað eins og verið hefur. Ætti með þessu að fást betri kostnaðarsamanburður, þegar um er að ræða útboð á einstökum verkum, en þau hafa farið vaxandi á síðari árum.

2.1.2 Eftirlaunagreiðslur:

Hér er fyrst og fremst um að ræða eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi vegaverkstjóra, sem náð hafa sjötugsaldri og ekki hafa aðgang að neinum lífeyrissjóði, og ekkna fyrrverandi vegaverkstjóra. Eru eftirlaunagreiðslur þessar miðaðar við 60% af fullum eftirlaunum samkv. 15. launaflokki ríkisstarfsmanna.

Á s. l. ári nutu 18 verkstjórar og 12 verkstjóraekkjur eftirlauna samkvæmt þessum lið. Af þessum 18 verkstjórum lézt einn á s. l. ári, en 5 verkstjórar munu bætast við á áætlunartímabilinu, þannig að alls munu 22 verkstjórar og 12 ekkjur njóta eftirlauna.

Auk þess er lagt til, að upp verði teknar á þessum lið eftirlaunagreiðslur til nokkurra fyrrv. verkamanna, sem komnir eru yfir sjötugt og hafa unnið hjá vegagerðinni áratugum saman, en hafa ekki getað hætt störfum af efnahagsástæðum, þar sem þeir hafa ekki notið annarra eftirlauna en ellilífeyris almannatrygginga. Er lagt til, að mönnum þessum verði greidd 60% af fullum eftirlaunum samkvæmt 11. launafl. ríkisstarfsmanna. Mundi sú upphæð nema um 100 þús. kr. á ári. Er hér um að ræða 6 menn, sem eftirlauna nytu á þessu ári, en fjölgaði upp í 10 á áætlunartímbilinu.

2.1.3 Skrifstofukostnaður:

Skrifstofukostnaður skiptist þannig fyrir árið 1972, að 8,5 m.kr. er kostnaður við skrifstofuhald í Reykjavík, en 4,7 m.kr. utan Reykjavíkur, þ. e. í Borgarnesi, á Sauðárkróki, á Akureyri og Austurlandi, og er hér um nokkra hækkun að ræða frá fyrri vegáætlun.

Á s. l. ári flutti bókhalds- og endurskoðunardeild vegamálaskrifstofunnar í leiguhúsnæði í Borgartúni 1 vegna mikilla þrengsla í Borgartúni 7. Er vegamála-

skrifstofan því nú með húsnæði í Borgartúni 1, 5 og 7. Er af þessu mikið óhagræði og aukakostnaður og því orðið aðkallandi að leysa húsnæðismál skrifstofunnar á hagkvæmari hátt til frambúðar.

Þar sem stefnt er að því á áætlunartímabilinu að flytja umdæmisverkfræðingana út í umdæmin eins og áður er sagt, hefur það í för með sér aukinn skrifstofukostnað utan Reykjavíkur.

2.1.4 Verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda.

Kostnaður við verkfræðilegan undirbúning er áætlaður 5 m.kr. á árinu 1972 og er þar aðeins um 0,2 m.kr. hækkun frá bráðabirgðavegáætluninni að ræða. Kostnaðarliður þessi hefur hins vegar lengst af verið mjög vanáætlaður og er því hækkaður í 10 m.kr. fyrir árin 1973—1975.

2.1.5 Umferðartalning og vegaeftirlit:

Fjárveiting er miðuð við, að vegaeftirliti verði haldið í sama horfi og verið hefur undanfarin ár og að sömu starfsmenn sjái einnig um umferðartalningu að verulegu leyti. Töluverður tækja-, bifreiða- og lögreglukostnaður er samfara vegaeftirlitinu. Þessi starfsemi hefur þó tvímælalaust gefið mjög góða raun við að takmarka ofhleðslu og hlífa með því vegakerfinu. Samhliða vegaeftirliti hefur verið rekin upplýsingaþjónusta fyrir almenning um færð á vegum og ástand þeirra.

Umferðartalningu þarf að auka frá því sem verið hefur, einkum talningu vetrarumferðar á fjölförnustu vegunum. Til þess þarf að kaupa nýja teljara, tengda rafstreng undir yfirborði vegar, þar sem loftfylltar gúmmíslöngur, eins og nú eru notaðar við teljara, eyðileggjast mjög fljótt vegna aksturs á snjókeðjum, negldum hjólbörðum og snjómoksturstækjum.

2.2. Viðhald þjóðvega.

2.2.1 Viðhaldskostnaður þjóðvega:

Á árinu 1972 eru 355 m.kr. til þessa liðar, sem hækkar í 375 m.kr. 1973 og 395 m.kr. á árunum 1974—75.

Á fylgiskjali 2.2—01 er sýnt, hvernig viðhaldskostnaður þjóðvega á undanförnum árum skiptist á fjóra aðalliði.

Í dálkum 1—5 er kostnaður færður á verðlagi hvers árs, en í dálkum 9—13 er sami kostnaður færður til verðlags 1972.

1. Vetrarviðhald:
   Undir þessum lið telst allur kostnaður við snjómokstur, ráðstafanir vegna hálku og klaka o. þ. h.

2. Almennt viðhald.
   Undir þessum lið telst allur kostnaður við mölburð, vegheflun, viðgerð og endurnýjun ræsa. Í dálki 14 er sýndur kostnaður á þessum lið á hvern km akfærra þjóðvega fyrir árin 1965—70.
   Undir þessum lið telst einnig kostnaður við styrkingu malarvega, og væri æskilegt, að hún væri aukin, því að hin sívaxandi umferð þungra bifreiða á malarvegunum hefur oft stórspillt löngum vegarköflum.

3. Vatnaskaðar.
   Undir þessum lið er talinn kostnaður við skemmdir, sem stafa af stórfelldum vatnsflóðum, sem flokkast undir náttúruhamfarir.

4. Annað viðhald.
   Kostnaður við mölun og hörpun efnis í slitlag malarvega, viðgerð brúa, rykbindingu, ýmsar vegmerkingar aðrar en samkv. umferðarlögum.

Stærstu kostnaðarliðirnir eru mölun efnis og viðhald brúa. S. l. sumar fékk vegagerðin nýja stóra vélasamstæðu til mölunar efnis, og var hún höfð á Norðurlandi, og aðra minni, sem höfð var á Vestfjörðum. Í vaxandi mæli hefur efni verið unnið í slitlag malarvega, og væri æskilegt, að það væri aukið að mun, því að ávinningurinn fyrir vegfarendur er mikill.

Í dálki nr. 15 er sýnt, hvernig viðhaldskostnaður er á hvern km akfærra vega, en að meðaltali er hann 30 420 kr. á km á árunum 1965—1971, en á vegáætlunartímabilinu er hann 46 890 kr. á km.

2.2.2 Vegmerkingar samkvæmt umferðarlögum:

Fjárveiting til þessa liðar var á s. l. ári 1,8 m.kr., en er 5,0 m.kr. á ári í áætluninni. Hluta af þessari fjárveitingu verður varið eins og undanfarin ár til að setja upp ný umferðarmerki samkvæmt reglugerð nr. 61/1959 og til viðhalds eldri merkjum, en eftir er að merkja um 26,7% af akfærum þjóðvegum.

Meginhluta þessarar fjárveitingar verður varið í að endurnýja og endurskipuleggja vegvísa við öll helztu vegamót á landinu, og má ætla, að því verði að mestu lokið á áætlunartímabilinu.

Fyrrnefnd endurskipulagning vegvísakerfisins er nátengd nýja vegnúmerakerfinu, en það er skýrt nánar í kafla um flokkun vega.

2.3. Til nýrra þjóðvega.

2.3.1 Hraðbrautir:

Í bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1972 voru áætlaðar 195.5 m.kr. til hraðbrauta. Samkvæmt endurskoðun, sem gerð var í febrúar s. l. á fjárþörf til lagningar hraðbrauta út frá Reykjavík, eykst fjárþörfin um 30,3 m.kr. á árinu 1971 og um 42,3 m.kr. á árinu 1972 frá gildandi vegáætlun, eða samtals um 72,6 m.kr.

Ríkissjóður tekur að sér að greiða vexti og afborganir af föstum lánum og nemur sú fjárhæð samtals 29,3 m.kr. Skiptist sú upphæð þannig, að 13,6 m.kr. eru vextir og afborganir af láni Alþjóðabankans og 15.7 m.kr. vextir af erlendu láni, sem tekið var til greiðslu þeirra hraðbrautaframkvæmda, sem Alþjóðabankinn lánar ekki til.

Tryggingagjöld, orlof o. fl., sem var sérliður í bráðabirgðavegáætluninni, dreifist nú á framkvæmdaliðina sem álag, einnig hluti af stjórnunar- og undirbúningskostnaði, eins og getið er um undir lið 2.1.1 hér að framan. Hækkun fjárveitingar til hraðbrauta af þessum sökum nemur 7,0 m.kr.

Samkvæmt framansögðu hækkar fjárveiting til hraðbrauta árið 1972 nettó um 50,3 m.kr.

2.3.2 Þjóðbrautir:

Í bráðabirgðavegáætlun er fjárveitingin áætluð 73,5 m.kr. Vísitöluhækkanir frá árinu 1970, sem frestað var að taka inn í bráðabirgðavegáætlunina, nema 12,7 m.kr. Í desember s. l. hækkaði vegagerðarvísitalan um 7,8% og hækkun vegna þess að stjórnunarkostnaður, tryggingagjöld, orlof o. fl. dreifast út á framkvæmdaliði nema 7,2%. Samtals nema þessar hækkanir 15% og hækkar fjárveitingin af þessum sökum um 11,0 m.kr.

Aftur á móti tekur ríkissjóður að sér að greiða vexti og afborganir af föstum lánum, er nema 2,7 m.kr., þannig að nettó hækkun fjárveitingarinnar árið 1972 nemur 21,0 m.kr.

2.3.3 Landsbrautir:

Fjárveitingin er áætluð 61,8 m.kr. samkvæmt bráðabirgðavegáætlun. Vísitöluhækkanir frá árinu 1970, sem frestað var að taka inn í áætlunina, nema 10,0 m.kr. og hækkun vegagerðarvísitölu í desember s. l. og hækkun vegna þess að stjórnunar-

kostnaður og tryggingagjöld dreifast út á framkvæmdaliði, samtals um 15%, nema 9,3 m.kr. Ríkissjóður tekur að sér að greiða vexti og afborganir samtals 4,8 m.kr. Fjárveitingin árið 1972 hækkar því nettó um 14,5 m.kr.

2.3.4 Til girðinga og uppgræðslu meðfram vegum:

Á s. l. ári var gerð úttekt á gróðurskemmdum meðfram vegum, sem vegagerðin hefur valdið, og lausleg áætlun sýndi, að heildarkostnaður við uppgræðslu þeirra nam 55,5 m.kr. Ef fjárveiting 1972 nemur 3,7 m.kr., en 5,2 m.kr. 1973 og áfram, má ætla að lokið verði við að bæta þessar gróðurskemmdir á næstu 10 árum.

Fjárveiting til girðinga er hækkuð úr 2,35 m.kr. árið 1971 í 4,0 m.kr. 1972 og 10,0 m.kr. á árunum 1973—75. Hækkun á fjárveitingu 1972 er 55,9% miðað við fjárveitingu 1972 fyrir utan verðbreytingar, sem orðið hafa á tímabilinu, og fjárveiting á árunum 1973 og 1974 er tæplega fjórfölduð. Þessi fjárveiting er eingöngu ætluð til að mæta hinum mjög auknu kröfum, sem lagðar eru á veghaldara með girðingarlögum frá 1965, um girðingar og ristarhlið á vegum, sem búið er að leggja og engin fjárveiting er til, en nánar er greint frá þessu í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1971.

2.3.5 Til rannsókna á Skeiðarársandi:

Í bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1972 var fjárveiting á þessum lið 1,4 m.kr. Hér er þessi fjárveiting hækkuð sem nemur verðhækkunum frá því að bráðabirgðavegáætlunin var gerð, en eftir árið 1972 er gert ráð fyrir, að rannsóknir á Skeiðarársandi verði kostaðar af lið 2.3.7.1.

2.3.6 Til nýrra framkvæmda:

Í bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1972 var undir lið 2.3.8 óskipt fjárveiting að upphæð 32,8 m.kr. til nýrra framkvæmda í þjóðbrautum og landsbrautum. Þessi fjárveiting er hækkuð um 7,8% og ætluð áfram óskipt til nýrra framkvæmda í þjóðbrautum og landsbrautum.

2.3.7 Ýmsar framkvæmdir fyrir lánsfé:

1. Skeiðarársandur:

   Gert er ráð fyrir, að framkvæmdum við lagningu vegar yfir Skeiðarársand verði lokið á árinu 1974, og er þá miðað við, að beinn framkvæmdakostnaður á verðlagi 1971 verði 500 m.kr. Hér er reiknað með fjármagnskostnaði á framkvæmdatímanum til viðbótar beinum framkvæmdakostnaði.
2. Austurlandsáætlun:

   Gert er ráð fyrir 75 m.kr. framkvæmdum ár hvert samkvæmt þessari áætlun, en sundurliðun um einstakar framkvæmdir hefur verið gerð af Framkvæmdastofnun ríkisins.
3. Norðurlandsáætlun:

   Hér er gert ráð fyrir 100 m.kr. framkvæmdakostnaði út áætlunartímabilið, en sundurliðun á einstökum framkvæmdum er gerð af Framkvæmdastofnun ríkisins.
4. Nýjar framkvæmdir:

   Hér er reiknað með 38,7 m.kr. til nýrra framkvæmda til viðbótar lið 2.3.6.

2.4. Til fjallvega o. fl.

2.4.1 Til aðalfjallvega.

Samkvæmt kafla 3.3. eru aðalfjallvegir taldir 896 km.

Fjárveiting til þeirra er 1,5 m.kr. á árinu 1972, en hækkar í 2,5 m.kr. seinustu 3 ár áætlunartímabilsins. Æskilegt væri að veita meira fé til þessara vega, þar sem umferð hefur aukizt að mun um hálendið á síðustu árum. Sérstaklega væri æskilegt

að veita meira fé til álmu Sprengisandsvegar niður í Skagafjörð, en sú leið opnaðist með nýrri brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug 1970, og álmu Sprengisandsvegar til Austurlands, en byrjað var að merkja slóð af Austurlandsvegi og um brú á Kreppu í átt að væntanlegri brú á Jökulsá á árinu 1970.

2.3.2 Til annarra fjallvega:

Fjárveiting til þeirra er 4,0 m.kr. á árinu 1972, en 2,2 m.kr. á síðari árum áætlunartímabilsins. Á árinu 1972 eru 2,0 m.kr. áætlaðar sérstaklega til vegar að væntanlegu skíðalandi Reykjavíkur og nágrennis í Bláfjöllum.

Engin tæmandi skýrsla liggur fyrir um fjölda og lengd annarra fjallvega, þar sem þar er í fjölda tilvika um að ræða slóðir úr einstökum hreppum inn á afrétti vegna smalamennsku og til vinsælla ferðamannastaða víðs vegar um landið, en fjárveitingar til þeirra hafa dreifzt í æði marga staði á undanförnum árum, svo sem nánar greinir í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar.

2.4.3 Til reiðvega:

Fjárveiting til þessa liðar hefur á undanförnum árum verið 0,2 m.kr., en er í þessari vegáætlun 0,3 m.kr. á ári.

Engin tæmandi skýrsla liggur fyrir um lengd þeirra reiðvega, sem styrktir hafa verið með fjárveitingum á þessum lið á undanförnum árum, en stjórn Landssambands hestamanna hefur úthlutað þessu fé, svo sem nánar greinir í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar.

Fjárveiting þessi hefur aðallega verið notuð næst þéttbýlinu og reynt hefur verið að aðskilja umferð ríðandi manna og bifreiða, sem enga samleið eiga á fjölförnum þjóðvegum.

2.5. Til brúagerða.

2.5.1 Til brúa 10 m og lengri:

Lagt er til, að fjárveiting á árinu 1972 til brúa 10 m og lengri hækki um 13,9 m.kr., þ. e. úr 47,9 m.kr. í 61,8 m.kr. Þessi hækkun er við það miðuð, að lokið verði við smíði þeirra brúa, sem höfðu fulla fjárveitingu í gildandi vegáætlun.

Hækkunin stafar af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi er um 9,2 m.kr. hækkun að ræða vegna almennra verðhækkana á þeim brúm, sem eru í gildandi áætlun 1972. Hins vegar er hækkun vegna breyttra aðstæðna, og nemur hún 4,7 m.kr. Er sú hækkun að mestu til komin vegna brúar á Norðurá hjá Haugum, sem hafði fullnaðarfjárveitingu 1971, en var einungis byggð að hluta til það ár. Vegna breyttra aðstæðna og verðhækkana á þeim hluta verksins, sem ólokið er, þarf viðbótarfjárveitingu til þessarar brúar, sem nemur 3,4 m.kr.

Ofangreindar tölur eru miðaðar við áætlaða vísitölu brúagerða 1553 stig á framkvæmdatímabilinu 1972.

Á fskj. 3.0—08 eru sýnd yfirlit yfir óbrúaðar ár á þjóðvegum og sýsluvegum í byrjun síðasta vegáætlunartímabils 1. jan. 1969, svo og sambærilegar tölur 1. jan. 1972.

Á fskj. 3.0—09 er sýnt yfirlit yfir aldursskiptingu brúa 10 m og lengri, svo og reiknað álag á hvern aldursflokk, og tekur þetta yfirlit bæði til brúa á þjóðvegum og sýsluvegum. Kemur þar fram, að enn eru í notkun 28 brýr byggðar fyrir 1920, sem einungis eru reiknaðar fyrir mannþröng en ekki farartæki, og 180 brýr byggðar á tímabilinu 1920—1939, en þær eru aðeins reiknaðar fyrir 6 t vagnþunga. Þessar eldri brýr eru einnig mjög mjóar og auk þess margar með hættulega aðkeyrslu. Með tilliti til sívaxandi krafna um þyngd umferðar og hraða má ljóst vera, að mjög mikil þörf er fyrir endurbyggingu gamalla brúa á næstu árum.

Með hliðsjón af ofanrituðu er gert ráð fyrir nokkurri hækkun á fjárveitingum til brúagerða síðari ár áætlunartímabilsins.

2.5.2 Til smábrúa:

Lagt er til, að fjárveiting til smábrúa á árinu hækki um 2,1 m.kr., eða úr 10,7 m.kr. í 12,8 m.kr., og er þessi hækkun miðuð við óbreytt framkvæmdamagn frá gildandi vegáætlun, og er þá gengið út frá sömu áætluðu vísitölu brúagerða, sem áður var getið.

Það sem sagt var um endurbyggingarþörf brúa 10 m og lengri, á einnig við um smábrýrnar, og er því gert ráð fyrir nokkurri hækkun á fjárveitingum til smábrúa síðari ár áætlunartímabilsins.

Yfirlit yfir óbrúaðar ár, þar sem gert er ráð fyrir smábrúm, er sýnt á fskj. 3.0—07 og 3.0—08.

2.6. Til sýsluvegasjóða.

Svo sem fram kemur í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar á árinu 1971 eru áætlaðar heildartekjur sýsluvegasjóðsgjalda á því ári um 12,8 m.kr. Samkvæmt því skal framlag vegasjóðs til sýsluvega á árinu 1972 vera 25,6 m.kr., en gert er ráð fyrir, að upphæðin verði 1 m.kr. hærri, svo sem ákveðið var við afgreiðslu vegáætlunar fyrir árin 1969—1972 vegna lengingar sýsluvega í sambandi við breytingu á vegalögum. Samkvæmt ákvæðum 21. gr. vegalaga miðast innheimt sýsluvegasjóðsgjöld ár hvert við kaup í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins hinn 1. desember næsta ár á undan. Samkvæmt gildandi kjarasamningum er kaupgjald hinn 1. desember ár hvert áætlað eins og hér segir:

1. desember 1971	kr. 93.80
1. desember 1972	— 107.30
1. desember 1973	— 113.73

Þá er gert ráð fyrir, að tekjur sýsluvegasjóða samkvæmt 23. gr. vegalaga verði um 500 þús. kr. ár hvert, en nokkur óvissa er þó um þennan tekjulið, sem nú mun reiknast í fyrsta sinn eftir nýja fasteignamatinu.

Miðað við þessar forsendur eru heildartekjur sýsluvegasjóðanna á árunum 1972—75 áætlaðar eins og hér segir:

	1972	1973	1974	1975
Skv. 21. og 26. gr. vegalaga	14 760	16 884	17 895	19 684
Skv. 23. gr. vegalaga	500	500	500	500
Ríkisframl. skv. 28. gr. vegalaga	26 600	30 500	34 800	36 800
Heildartekjur í þús. kr.	41 860	47 884	53 195	56 984

2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Samkvæmt 32. gr. vegalaga skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum vera 12½% af heildartekjum vegasjóðs. Samkvæmt 32. gr. vegalaga nr. 23/1970 er ráðherra heimilt að undanskilja það af tekjum vegasjóðs, sem varið er til hraðbrautaframkvæmda, við ákvörðun á framlagi til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Ákveðið er að nota téða heimild, og samkvæmt því verður heildarframlag eftir 32. gr., 10% frádráttur skv. 34. gr. og framlag til skipta samkvæmt íbúatölu, svo sem hér segir.

	1972	1973	1974	1975
Áætlaðar heildartekjur vegasjóðs	1 116,8	1 206,6	1 260,9	1 335,4
÷ Framlag til hraðbrauta	245,8	200,0	200,0	250,0
	871,0	1 006,6	1 060,9	1 085,4

Þar af 12,5% skv. 32. gr. vegalaga	108,9	125,8	132,6	135,6
÷ 10% skv. 34. gr. vegalaga	10,9	12,6	13,3	13,6
Til skipta	98,0	113,2	119,3	122,0

Íbúar í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa voru 1. desember 1970 alls 172 011 og má því gera ráð fyrir, að upphæð á hvern íbúa verði eitthvað á sjötta hundrað krónur.

Samkvæmt reglugerð nr. 44/1965 um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum var heildarlengd þeirra um síðastliðin áramót alls 98,8 km eins og sýnt er á meðfylgjandi fskj. 3.0—05.

Reglugerð þessi er nú í endurskoðun og er þess vænzt, að þeirri endurskoðun verði lokið á miðju þessu ári.

2.8. Til véla- og áhaldakaupa.

2.8.1 Til véla- og verkfærakaupa.

Á tímabilinu 1969—1971 var um 124 m. kr. varið til véla- og áhaldakaupa. Af því fé voru 43 m. kr. á vegáætlun, 36 m. kr. af afskriftafé véla og 45 m. kr. lán frá Alþjóðabankanum.

Vélakaupin voru fyrst og fremst fólgin í kaupum á þeim vinnuvélum, sem ekki eru fáanlegar til leigu á frjálsum markaði hér á landi, svo sem vegheflum, ámoksturssköflum, mulningsvélum, snjóruðningstækjum o. fl.

Í tillögu þeirri, sem nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir fjárveitingum, sem samtals nema 72 m. kr. á áætlunartímabilinu.

Því fé ásamt afskriftafé véla verður fyrst og fremst varið til endurnýjunar vinnuvélaeignarinnar, auk þess sem ráðgert er að auka enn við vélakost til vinnslu malar til ofaníburðar með kaupum á mulningsvélum og malarhörpum. Hluta fjárins verður varið til greiðslu vaxta og afborgana af Alþjóðabankaláninu.

2.8.2 Til byggingar áhaldahúsa.

Gert er ráð fyrir 25,5 m. kr. fjárveitingu á þessum lið á áætlunartímabilinu. Lokið er nú að mestu byggingu 1. áfanga áhaldahússins á Akureyri. Á þessu ári stendur þó til að auka við hann frá því, sem gert var ráð fyrir. Er það gert til að koma upp aðstöðu fyrir tæknilið það, sem sezt þar að í samræmi við þá ákvörðun að flytja umdæmisverkfræðinga og starfslið þeirra frá Reykjavík í umdæmin. Hluta fjárveitingarinnar verður varið til þessara framkvæmda.

Á áætlunartímabilinu er fyrirhugað að stækka vélaverkstæðið í Borgarnesi og auka við skrifstofuhúsnæðið, sem nemur aðstöðu fyrir umdæmisverkfræðing og annað tæknilið.

Ráðgert er að ljúka byggingu áhaldageymslu á Egilsstöðum og koma upp áhaldageymslum í Rangárvallasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu. Enn fremur verða gerðar nokkrar umbætur á öðrum áhaldahúsum.

2.9. Til tilrauna í vegagerð.

Fjárveitingar á þessum lið eru samkvæmt 96. gr. vegalaga ½% af heildartekjum vegasjóðs ár hvert.

Er áætlað, að tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar verði haldið áfram á þessu vegáætlunartímabili með svipuðu sniði og gert hefur verið undanfarin ár.

2.10. Til greiðslu halla á vegáætlun.

Endanlegu uppgjöri tekna og gjalda vegasjóðs fyrir árið 1971 er ekki lokið, en samkvæmt bráðabirgðatölum eru horfur á, að hallinn hafi aukizt um 39,0 m.kr. á árinu, en ógreiddur halli frá árinu 1970 er 98,0 m. kr.

Um það bil helmingur þessa halla er afleiðing þess, að tekjur hafa orðið undir áætlun, en að öðru leyti stafar hallinn af því, að gjöld hafa farið fram úr áætlun. Ber þar fyrst að nefna viðhaldskostnað þjóðvega, einnig brúargerðir, svo og launagreiðslur sökum hækkunar kaupgjaldsvísitölu og breytinga á röðun starfsmanna í launaflokka.

Niðurstöður þessar kunna eitthvað að breytast við endanlegt uppgjör.

Halli þessi greiðist af tekjum vegasjóðs á árunum 1972 til 1974, þannig að 17 m. kr. greiðast árið 1972 og sínar 60 m.kr. hvort árið 1973 og 1974.

3. Um flokkun vega.

Í þessum tillögum eru þjóðvegir flokkaðir eftir 12. gr. vegalaga, en ekki eru gerðar neinar breytingar á sjálfu vegakerfinu, þ. e. a. s. ekki eru neinir nýir vegir teknir inn né vegir felldir úr tölu þjóðvega. Nokkrir vegakaflar hafa flutzt milli flokka, þannig að nú eru hraðbrautir taldar 398,7 km í stað 334,4 km áður. Miðað er við, að umferð þessara vega tvöfaldist á 10 árum, þannig að vegir, sem nú hafa 500 bifreiða umferð á dag yfir sumarmánuðina, teljist hraðbrautir skv. 12. gr. vegalaganna. Í samræmi við það hafa nú 64,1 km til viðbótar náð 500 bifreiða markinu. Niðurstöður umferðartalningar 1971 eru sýndar á fskj. 3.0—10.

Á fskj. 3.0—05 sést, að smávægilegar breytingar hafa orðið á lengd þjóðvega í þéttbýli. Breyting þessi er eingöngu fólgin í nánari ákvörðun vegalengda og marka á milli þjóðvega og þéttbýlisvega á þeim stöðum, sem síðastir bættust við, þ. e. Hellu, Gerðum í Garði og í Markholtshverfi í Mosfellssveit. Hér má geta þess, að nú stendur yfir endurskoðun reglugerðar nr. 44/1965 um þjóðvegi í þéttbýli, og er sú endurskoðun gerð vegna mjög breyttra aðstæðna í og við kaupstaði og kauptún.

Í fylgiskjali 3.0—01 eru sýndar í töfluformi vegalengdir hraðbrauta, þjóðbrauta, landsbrauta og þjóðvega í þéttbýli og í fylgiskjölum 3.0—02 til 3.0—05 er sýnt yfirlit yfir lengdir vega í hinum einstöku vegaflokkum. Í töflu 3.0—06 eru sýndar vegalengdir sýsluvega í hverri sýslu, sbr. 19. gr. vegalaga.

Þar sem þjóðvegur endar við bæ, er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar, en hún telst sýsluvegur eða einkavegur.

Aðalfjallvegir (3.3) eru óbreyttir frá endurskoðun vegáætlunar 1971.

Í skrá um þjóðvegi eftir kjördæmum (3.1) eru vegir skráðir eftir nýju númerakerfi, en eftir því er vegum landsins skipt niður í 3 flokka miðað við umferðarþunga og þýðingu í samgöngukerfi landsins.

I. Flokkur:

Í þessum flokki verður eingöngu hringvegurinn, þ. e. a. s. Vesturlandsvegur, Norðurlandsvegur, Austurlandsvegur og Suðurlandsvegur, og verður hann nr. 1.

II. Flokkur:

Aðalumferðarvegir og þeir vegir, sem hafa á einhvern hátt meiri þýðingu en aðrir vegir í vegakerfi landsins, en allir þessir vegir hafa tveggja stafa númer.

III. Flokkur:

Í þessum flokki eru allir aðrir vegir, og hafa þeir þriggja stafa númer.

Vegakerfinu er síðan skipt niður í 8 númerasvæði, og fylgir sú skipting kjördæmum nema á Suðurlandi, en þar eru 2 númerasvæði innan kjördæmisins. Austurhluti Suðurlandskjördæmis er nr. 2, og er síðan farið sólarsinnis um landið, og verður þá Austurland nr. 9. Einkenni númerasvæðisins er, að fyrsti stafur í númeri vega á því er sá sami.

Þegar vegum var raðað eftir þessu númerakerfi, var óhjákvæmilegt að breyta nöfnum vega nokkuð, en reynt var að breyta sem minnstu. Við hin nýju nöfn var reynt að fylgja þeirri aðalreglu, að vegfarandi, sem er að fara til einhvers ákveðins fjarstaðar, þurfi að nota sem fæst veganúmer til að komast til ákvörðunarstaðar síns.

Í framhaldi af þessu hefur verið gerð áætlun um endurskipulagningu á vegvísakerfinu á grundvelli þessa nýja númerakerfis.

Í aðalatriðum byggist vegvísakerfið á því, að valdir eru ákveðnir fjarstaðir á hringveginum og utan hans, en við vegamót á milli tveggja fjarstaða sjást einungis nöfn þeirra á vegvísum og staða á milli þeirra, en engin nöfn á stöðum, sem liggja utan fjarstaðanna. Undantekning frá þessari reglu er þó við sjálfa fjarstaðina og við helztu vegamót, en þar verða fleiri nöfn.

Meginhluta fjárveitingar til umferðarmerkja (2.2.2) er ætlað að verja til að endurnýja vegvísa í samræmi við þetta, og er miðað við, að nýir vegvísar verði komnir við öll vegamót vega með 2 stafa númeri og vegamót þeirra og hringvegarins í lok vegáætlunar 1975.

Fylgiskjal 1.1.02—01.

Spá um bifreiðafjölda 1. júlí ár hvert.

Rauntölur	Fólks-bifreiðar	Mannfjöldi 1/7 (í þús.)	Fólksbifr. á 1 000 íbúa	Almennings-bifreiðar	Vöru-bifreiðar	Bifreiðar alls
1962	17 785	182	97.7	373	6 235	24 393
1963	20 579	185	111.2	401	6 375	27 355
1964	23 785	189	125.8	412	6 377	30 574
1965	26 781	192	139.5	431	6 230	33 442
1966	30 425	195	156.0	456	6 238	37 119
1967	34 003	198	171.7	483	6 211	40 697
1968	36 250	201	180.3	529	6 082	42 861
1969	37 157	203	183.0	557	5 877	43 591
1970	39 045	204	191.4	561	5 687	45 293
Spá						
1971	43 171	206	209.6	575	5 773	49 519
1972	47 241	209	226.0	583	5 913	53 737
1973	50 826	212	239.8	587	5 962	57 375
1974	54 786	215	254.8	592	6 017	61 395
1975	59 006	218	270.7	597	6 077	65 680

Fylgiskjal 1.1.02—02.

Spá um innflutning og úreldingu bifreiða.

Fólksbifreiðar	Fjöldi 1/1 1	Innflutt á árinu 2	Ónýtt afskráð á árinu 3	Fjöldi 31/12 4=1+2÷3	Fjöldi 1/7 5=(1+4):2
1967	32 515	3 990	1 014	35 491	34 003
1968	35 491	2 236	956	37 009	36 250
1969	37 009	982	964	37 304	37 157
1970	37 304	4 533	1 062	40 786	39 045
1971	40 786	7 608	1 500	45 556	43 171
1972	45 556	4 770	1 400	48 926	47 241
1973	48 926	5 300	1 500	52 726	50 826
1974	52 726	5 720	1 600	56 848	54 786
1975	56 846	5 930	1 610	61 166	59 006
Almenningsbifreiðar					
1967	466	27	7	500	483
1968	500	24	24	559	529
1969	559	5	26	555	557
1970	555	11	33	567	561
1971	567	40	24	583	575
1972	583	27	27	583	583
1973	583	30	22	591	587
1974	591	30	28	593	592
1975	593	30	22	601	597
Vörubifreiðar					
1967	6 297	406	577	6 126	6 211
1968	6 126	222	378	6 038	6 082
1969	6 038	83	356	5 717	5 877
1970	5 717	304	274	5 658	5 687
1971	5 658	650	420	5 888	5 773
1972	5 888	477	427	5 938	5 913
1973	5 938	490	442	5 986	5 962
1974	5 986	500	438	6 048	6 017
1975	6 048	500	442	6 106	6 077

Fylgiskjal 1.1.1—01.

Spá um tekjur af innflutningsgjaldi af benzíni.

	Sala á bifreiðabenzíni 1	Fjöldi benzínbifr. 1/1 2	Fjöldi benzínbifr. 31/12 3	Fjöldi benzínbifr. 1/7 4=(2+3):2	Meðal-benzíneyðsla á benzínbifreið 5=1:4
1966	68 338 996	31 465	35 239	33 352	2 049
1967	72 229 581	35 239	37 551	36 395	1 923
1968	71 542 602	37 551	38 706	38 128	1 876
1969	69 293 834	38 706	38 601	38 653	1 793
1970	69 682 893	38 601	41 866	40 233	1 732
1971	77 478 989	41 866	45 992	43 929	1 764

	Fjöldi benzínbifr. 1/7	Meðal-benzínneyzla	Benzínneyzla	Bráttótekjur (kr. 7.87 á ltr.)
1972	47 785	1 808 ltr./ár	86.4 millj. ltr.	680.2 millj. kr.
1973	51 141	1 764 ltr./ár	90.2 millj. ltr.	709.9 millj. kr.
1974	54 908	1 717 ltr./ár	94.3 millj. ltr.	742.1 millj. kr.
1975	58 927	1 700 ltr./ár	100.2 millj. ltr.	788.6 millj. kr.

Fylgiskjal 1.1.2—01.

Spá um skiptingu bifreiða eftir eigin þunga og gerð hreyfils árið 1972.

Eigin þungi í tonnum	Fólksbifreiðar		Almenningsbifreiðar		Vörubifreiðar		Bifreiðar alls	
	Benzín	Diesel	Benzín	Diesel	Benzín	Diesel	Benzín	Diesel
0.0—1.9	44 521	2 538	59	29	1 591	65	46 171	2 632
2.0—2.9	107	22	42	115	460	146	609	283
3.0—3.9	13	6	8	32	540	225	561	263
4.0—4.9		6	17	21	219	627	236	654
5.0—5.9		19	1	55	104	895	105	969
6.0—6.9		3	1	64	16	469	17	536
7.0—7.9		3		27	14	200	14	230
8.0—8.9		3		87	12	120	12	210
9.0—9.9				25	32	80	32	105
10.0 og yfir					28	70	28	70
	44 641	2 600	128	455	3 016	2 897	47 785	5 952

Fylgiskjal 1.1.2—02.

Reiknaður þungaskattur 1972.

Eigin þungi í tonnum	Bifreiðar		Taxti (í kr.)		Þungaskattur (í þús. kr.)	
	Benzín	Diesel	Benzín	Diesel	Benzín	Diesel
0.0—1.9	46 171	2 632	1 080	22 000	49 865	57 904
2.0—2.9	609	283	2 700	25 720	1 644	7 287
3.0—3.9	561	263	3 780	33 250	2 121	8 745
4.0—4.9	236	654	4 860	40 750	1 147	26 650
5.0—5.9	105	969	5 940	48 250	624	46 754
6.0—6.9	17	536	7 020	55 750	119	29 882
7.0—7.9	14	230	8 100	63 250	113	14 547
8.0—8.9	12	210	9 180	70 750	110	14 857
9.0—9.9	32	105	10 260	78 250	328	8 216
10.0 og yfir	28	70	11 340	85 750	317	6 002
Alls	47 785	5 952			56 388	220 844
Reiknaður þungaskattur alls					277 232	
Reiknaður þungaskattur með 23% afföllum					213 469	

Fylgiskjal 2.2—01.

Ár	1 Vetrar-viðhald	2 Alm. viðhald	3 Vatna-skaðar	4 Annað viðhald	5 Samtals	6 Lengd akfærra vega	7 Hlut-fallst. viðh. kostn. (vísit. 1949)	8 Hlut-fallst. miðað við verðl. 1972	9 Vetrar-viðhald	10 Alm. viðhald	11 Vatna-skaðar	12 Annað viðhald	13 Samtals	14 Alm./km	15 Samt./km
	Verðlag viðkomandi árs								Verðlag miðað við 1972						
	Upph. í þús. kr.					km			Upph. í þús. kr.					kr.	kr.
1965 ..	10 250	72 589	2 677	11 522	97 038	8 835	531	2 083	21 351	151 203	5 576	24 000	202 130	17 114	22 878
1966 ..	25 536	87 784	3 195	17 956	134 471	8 880	570	1 940	49 540	170 942	6 198	34 835	260 874	19 178	29 378
1967 ..	28 033	94 446	5 151	28 120	155 750	8 910	571	1 937	54 300	182 942	9 977	54 468	301 687	20 532	33 859
1968 ..	31 918	102 109	14 336	25 591	173 954	8 920	665	1 663	53 080	169 807	23 841	42 558	289 286	19 037	32 431
1969 ..	31 728	101 747	15 472	28 387	177 334	8 505	812	1 362	43 213	138 579	21 073	38 663	241 529	16 294	28 398
1970 ..	47 644	125 232	11 232	37 943	222 051	8 515	902	1 226	58 412	153 534	13 770	46 518	272 234	18 031	31 971
1971 ..					260 900	8 104	1 047	1 057					275 771		34 029
1972 ..					355 000	8 104	1 106	1 000					355 000		43 805
1973 ..					375 000	8 104	1 106	1 000					375 000		46 273
1974 ..					395 000	8 104	1 106	1 000					395 000		48 741
1975 ..					395 000	8 104	1 106	1 000					395 000		48 741

Fylgiskjal 3.0—01.

Þjóðvegir 1. janúar 1972.

	Þjóðvegir í þéttbýli km	Hraðbrautir km	Þjóðbrautir km	Landsbrautir km	Þjóðvegir alls km
Suðurlandskjördæmi	10.2	83.4	227.3	1 213.7	1 534.6
Reykjaneskjördæmi	31.6	168.4	23.9	183.5	407.4
Vesturlandskjördæmi	7.3	113.1	382.2	914.2	1 416.8
Vestfjarðakjördæmi	14.0	5.1	479.5	794.0	1 292.6
Norðurlandskjördæmi vestra	8.3	5.1	351.0	762.0	1 121.3
Norðurlandskjördæmi eystra	12.3	26.4	540.0	679.0	1 257.7
Austurlandskjördæmi	15.1	2.3	661.9	802.2	1 481.5
Samtals	98.8	398.7	2 665.8	5 348.6	8 511.9

Fylgiskjal 3.0—02.

Hraðbrautir 1. janúar 1969 og 1972.

	Samkv. vegáætl. 1969—1972					Samkv. till. til þingsál. um vegáætl. 1972—1975				
	Ekki bílfært km	Ófullgert km	Fullgert km	Akfært km	Hraðbr. alls km	Ekki bílfært km	Ófullgert km	Fullgert km	Akfært km	Hraðbr. alls km
Suðurlandskjördæmi	–	68.9	–	68.9	68.9	–	66.6	16.8	83.4	83.4
Reykjaneskjördæmi	9.3	99.8	38.6	138.4	147.7	9.3	104.1	55.0	159.1	168.4
Vesturlandskjördæmi	–	100.7	–	100.7	100.7	–	113.1	–	113.1	113.1
Vestfjarðakjördæmi	–	–	–	–	–	–	5.1	–	5.1	5.1
Norðurl.kjördæmi vestra	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
Norðurl.kjördæmi eystra	–	14.8	–	14.8	14.8	–	26.4	–	26.4	26.4
Austurlandskjördæmi	–	2.3	–	2.3	2.3	–	2.3	–	2.3	2.3
Samtals	9.3	286.5	38.6	325.1	334.4	9.3	317.6	71.8	389.4	398.7

Fylgiskjal 3.0—03.

Þjóðbrautir 1. janúar 1972.

	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	12.0	215.3	227.3
Reykjaneskjördæmi		23.9	23.9
Vesturlandskjördæmi		382.2	382.2
Vestfjarðakjördæmi		479.5	479.5
Norðurlandskjördæmi vestra		351.0	351.0
Norðurlandskjördæmi eystra		540.0	540.0
Austurlandskjördæmi		661.9	661.9
Samtals	12.0	2 653.8	2 665.8

Fylgiskjal 3.0—04.

Landsbrautir 1. janúar 1972.

	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	54.4	1 159.3	1 213.7
Reykjaneskjördæmi	7.3	176.2	183.5
Vesturlandskjördæmi	48.9	865.3	914.2
Vestfjarðakjördæmi	62.4	731.6	794.0
Norðurlandskjördæmi vestra	65.1	696.9	762.0
Norðurlandskjördæmi eystra	8.5	670.5	679.0
Austurlandskjördæmi	40.5	761.7	802.2
Samtals	287.1	5 061.5	5 348.6

Fylgiskjal 3.0—05.

Þjóðvegir í þéttbýli 1. janúar 1969 og 1972.

	1. janúar 1969			1. janúar 1972		
	Vegir með			Vegir með		
	malarslitlagi km	varanl. slitl. km	Vegir alls km	malarslitlagi km	varanl. slitl. km	Vegir alls km
Suðurlandskjördæmi	7.2	2.5	9.7	6.4	3.8	10.2
Reykjaneskjördæmi	14.8	16.3	31.1	8.2	23.4	31.6
Vesturlandskjördæmi	6.3	1.0	7.3	5.8	1.5	7.3
Vestfjarðakjördæmi	13.1	0.9	14.0	12.9	1.1	14.0
Norðurlandskjördæmi vestra	5.8	2.5	8.3	5.8	2.5	8.3
Norðurlandskjördæmi eystra	11.4	0.9	12.3	10.2	2.1	12.3
Austurlandskjördæmi	14.0	1.1	15.1	13.3	1.8	15.1
Samtals	72.6	25.2	97.8	62.6	36.2	98.8

Fylgiskjal 3.0—06.

Sýsluvegir 1. janúar 1972.

Samkvæmt a—c lið 19. gr.

	Óakfært km	Rutt km	Lagt km	Alls km	Skv. d—e lið 19. gr. km	Sýsluvegir alls km	
Vestur-Skaftafellssýsla		38.0	62.7	100.7	0.8	101.5	
Rangárvallasýsla		58.3	124.8	183.1	40.5	223.6	
Árnessýsla		23.1	171.3	194.4	19.0	213.4	
							538.5
Gullbringusýsla		1.6	17.5	19.1	4.1	23.2	
Kjósarsýsla		8.4	42.7	51.1	5.4	56.5	
							79.7
Borgarfjarðarsýsla		6.0	51.0	57.0	6.0	63.0	
Mýrasýsla	2.0	19.2	104.3	125.5	19.1	144.6	
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	1.6	22.1	87.3	111.0	39.1	150.1	
Dalasýsla	4.3	22.1	31.0	57.4	11.4	68.8	426.5
Austur-Barðastrandarsýsla		28.7	9.8	38.5	45.6	84.1	
Vestur-Barðastrandarsýsla		14.6	27.3	41.9	15.7	57.6	
Vestur-Ísafjarðarsýsla		47.7	9.5	57.2	47.4	104.6	
Norður-Ísafjarðarsýsla		8.3	34.5	42.8	26.5	69.3	
Strandasýsla		20.0	33.9	53.9	78.2	132.1	
							447.7
Vestur-Húnavatnssýsla	0.6	15.1	108.0	123.7	33.4	157.1	
Austur-Húnavatnssýsla	1.5	18.6	75.1	95.2	19.7	114.9	
Skagafjarðarsýsla	9.0	62.0	76.3	147.3	22.3	169.6	
							441.6
Eyjafjarðarsýsla		31.3	48.5	79.8	2.1	81.9	
Suður-Þingeyjarsýsla		72.6	79.1	151.7	7.0	158.7	
Norður-Þingeyjarsýsla	4.5	66.0	99.5	161.0	0.2	161.2	
							401.8
Norður-Múlasýsla	3.7	117.0	105.0	225.7	25.3	251.0	
Suður-Múlasýsla	0.4	61.0	66.6	128.0	25.3	153.3	
Austur-Skaftafellssýsla		22.0	35.4	57.4	22.7	80.1	
							484.4
Samtals	27.6	783.7	1 492.1	2 303.4	516.8		2 820.2

Fylgiskjal 3.0—07.

Óbrúaðar ár á þjóðvegum.

Kjördæmi	1. janúar 1969		1. janúar 1972	
	Brýr 4—10 m	Brýr lengri en 10 m	Brýr 4—10 m	Brýr lengri en 10 m
Suðurlandskjördæmi	7	10	7	9
Reykjaneskjördæmi	1	1	1	1
Vesturlandskjördæmi	7	3	1	1
Vestfjarðakjördæmi	19	6	3	5
Norðurlandskjördæmi vestra	3	5	2	4
Norðurlandskjördæmi eystra	2	1	2	1
Austurlandskjördæmi	20	10	15	8
Alls	59	36	31	29

Á aðalfjallvegum eru 16 óbrúaðar ár, og eru þá aðeins talin stærri vatnsföll.

Fylgiskjal 3.0—08.

Óbrúaðar ár á sýsluvegum.


Kjördæmi	1. janúar 1969		1. janúar 1972	
	Brýr 4—10 m	Brýr lengri en 10 m	Brýr 4—10 m	Brýr lengri en 10 m
Suðurlandskjördæmi	4	2	1	1
Reykjaneskjördæmi	1	4	1	4
Vesturlandskjördæmi	6	6	5	4
Vestfjarðakjördæmi	31	9	12	2
Norðurlandskjördæmi vestra	4	5	2	5
Norðurlandskjördæmi eystra	3	1	2	1
Austurlandskjördæmi	23	13	20	11
Alls	72	40	43	28

Fylgiskjal 3.0—09.

Aldur brúa, 10 m og lengri.

Byggingarár	Timburbrýr	Stálbrýr	Steyptar brýr	Brýr alls	Reiknað álag
1900—1909		1		1	Mannþröng: 400 kg/m²
1910—1919		1	26	27	Mannþröng: 400 kg/m²
1920—1929		6	60	66	Mannþröng: 400 kg/m² eða vagn 6 tonn
1930—1939		19	95	114	Mannþröng: 400 kg/m² eða vagn 6 tonn
1940—1949		38	84	122	Mannþröng: 400 kg/m² eða vagn 6—20 tonn
1950—1959	4	76	167	247	Vagn 20—34 tonn
1960—1969		79	97	176	Vagn 20—34 tonn
1970—1971		10	21	31	Vagn 20—34 tonn
Alls	4	230	552	784	

Fylgiskjal 3.0—10.



Ed. 699. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til laga um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið eins og það kom frá Nd. Alþingis og mælir með samþykkt þess óbreytts. Einn nefndarmanna, Auður Auðuns, var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. maí 1972.

Björn Jónsson, form.	Björn Fr. Björnsson, fundaskr.	Eggert G. Þorsteinsson, frsm.
Oddur Ólafsson.	Ásgeir Bjarnason.	Helgi Seljan.

Ed. 700. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og var sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það liggur fyrir eftir 3. umræðu í Nd. — Jón Árnason var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi frv.

Alþingi, 5. maí 1972.

Ásgeir Bjarnason, form.	Helgi Seljan, fundaskr.	Steinþór Gestsson, frsm.
Jón Árm. Héðinsson.	Páll Þorsteinsson.	Björn Jónsson.

Nd. 701. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til laga um Stofnlánadeild samvinnufélaga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 5. maí 1972.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.
Karvel Pálmason.	Gylfi Þ. Gíslason.	Þórarinn Þórarinsson.
	Matthías Bjarnason.	

Sþ. 702. Fjáraukalög [6. mál]

fyrir árið 1969.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 6.

Sþ. **703. Fyrirspurnir.** [275. mál]

I. Til menntamálaráðherra um menntaskóla í Reykjaneskjördæmi.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

Hefur nefnd sú, er skipuð var til að athuga, hvar og hvenær stofnaðir skuli menntaskólar á þéttbýlissvæðum Reykjaneskjördæmis, samkvæmt ályktun Alþingis frá 5. apríl 1971, lokið störfum? Ef svo er, hverjar eru niðurstöður nefndarinnar?

II. Til landbúnaðarráðherra um tilraunastöð Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Akureyri.

Frá Ingvari Gíslasyni.

1. Er fyrirhugað að flytja tilraunastöð Rannsóknastofnunar landbúnaðarins frá Akureyri?
2. Ef svo er, hefur stöðinni verið ákveðinn nýr staður og séð fyrir nægu landrými?
3. Hver eru hugsanleg framtíðarafnot af gömlu Gróðrarstöðinni á Akureyri?

III. Til forsætisráðherra um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

1. Hversu margir fermetrar er húsnæði, sem Framkvæmdastofnun ríkisins hefur tekið á leigu til frambúðar fyrir starfsemi stofnunarinnar?
2. Hve há er leigan á mánuði og hve háa fyrirframgreiðslu hefur verið samið um?
3. Hversu margt starfsfólk er við stofnunina, fastráðið og lausráðið?

IV. Til sjávarútvegsráðherra um athugun á hrygningarsvæðum o. fl.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

1. Hafa athuganir farið fram á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar á þeim breytingum, sem orðið hafa á hrygningarsvæðunum við Suður- og Suðvesturland undanfarin tvö ár?
2. Ef svo er, hverjar eru niðurstöður þeirra athugana?
3. Hverjar eru niðurstöður af athugunum Hafrannsóknastofnunarinnar hin síðari ár á þorskstofninum hér við land?

V. Til fjármálaráðherra um skattgreiðslu vísitölufjölskyldu.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hversu mikið greiddi á síðasta ári fjölskylda jafnstór þeirri, sem vísitala framfærslukostnaðar er miðuð við, og hafði sömu tekjur og átti sömu eignir og miðað er við í vísitölugrundvellinum, í:
   a. tekjuskatt,
   b. eignarskatt,

c. tekjuútsvar,
d. eignarútsvar,
e. almannatryggingagjöld og sjúkrasamlagsgjöld,
f. fasteignaskatta,
g. samtals í opinber gjöld?

2. Hversu mikið mun hliðstæð fjölskylda greiða í ár af tekjum sínum og eignum samkvæmt núgildandi lögum, í:
a. tekjuskatt,
b. eignarskatt,
c. útsvar,
d. fasteignaskatta,
e. samtals í opinber gjöld?

3. Hvað mundi breyting heildargjalda hjá visitölufjölskyldunni (sbr. lið 1 og 2) frá 1971 til 1972 svara til margra visitölustiga, ef öll þessi gjöld — eins og þau eru áætluð hvort þessara ára — væru reiknuð í grundvelli visitölu framfærslukostnaðar?

4. Hversu mikið lækkaði kaupgreiðsluvísitala 1. febrúar s. l. vegna niðurfellingar almannatryggingagjalds og sjúkrasamlagsgjalds?

Sþ. 704. Nefndarálit [178. mál]

um till. til þál. um varnir gegn ofneyzlu áfengis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft tillöguna til athugunar og fengið um hana umsögn frá Stórstúku Íslands, Landssambandinu gegn áfengisbölinu og áfengisvarnaráði. Að athuguðu máli leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar til að draga úr neyzlu áfengra drykkja:

1. Að efld verði undir forustu áfengisvarnaráðs upplýsingastarfsemi um háskalegar afleiðingar af ofnotkun áfengra drykkja og stuðlað að því, að slík upplýsingastarfsemi fari m. a. fram í öllum fjölmiðlum landsins, svo sem hljóðvarpi, sjónvarpi og blöðum.

2. Að löggæzlu verði hagað þannig, að sem mest áherzla sé lögð á að koma í veg fyrir áfengislagabrot.
Kostnaður vegna þessara ráðstafana verði greiddur úr ríkissjóði.

Einn nm. (GíslG) áskilur sér rétt til að flytja sérstaka brtt.

Alþingi, 5. maí 1972.

Gísli Guðmundsson, form., frsm. Björn Fr. Björnsson. Ingólfur Jónsson.
Lárus Jónsson. Jónas Árnason. Stefán Gunnlaugsson.

Nd. 705. Lög [11. mál]

um breyting á lögum nr. 94 19. nóv. 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

(Afgreidd frá Nd. 5. mai.)

Samhljóða þskj. 11.

Nd. 706. Frumvarp til laga [259. mál]

um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. mai.)

Samhljóða þskj. 575 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Réttar til námsstyrkja samkvæmt lögum þessum njóta íslenzkir skólanemendur, sem stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi:

1) Þeir, sem lokið hafa skyldunámi.
2) Þeir, sem verða að vista sig utan lögheimilis síns og fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins.
3) Þeir, sem stunda reglulegt nám, sem framhaldsskóli skv. lögum þessum viðurkennir sem áfanga að réttindum eða prófi, er hann veitir.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð, þar sem kveðið verður meðal annars á um lágmarksnámstíma og hlutfallslega upphæð styrkja miðað við skóla með lengstan árlegan starfstíma og eigi færri en 30 vikustundir.

Eigi skulu njóta styrks eftir lögum þessum:

a) Þeir, sem eiga rétt til lána eða styrkja samkvæmt lögum nr. 7 frá 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki. Nú njóta nemendur annarrar opinberrar námsaðstoðar eða styrkja, og er þá heimilt, séu þau framlög lægri en greitt mundi verða samkvæmt þessum lögum, að veita styrki, sem mismuninum nemur.
b) Þeir, sem taka samningsbundið eða fast kaup á námstímanum, að undanteknum sumarleyfum eða kennsluhléum. Nú tekur nemi í iðn eða annarri starfsgrein samningsbundin lágmarkslaun, og skal þá heimilt að greiða honum sérstaka námsstyrki vegna skólanáms, enda fullnægi hann öðrum skilyrðum um styrkveitingu, að undanskildum ákvæðum um lágmarksnámstíma og árlegan starfstíma skóla, sbr. 2. mgr. þessarar greinar. Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
c) Þeir, sem ekki ljúka námsáfanga á tilskildum tíma, nema gildar ástæður séu fyrir töfum í námi.

5. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðherra getur heimilað námsstyrkjanefnd að verja einhverjum hluta af heildarfjárveitingu í þessu skyni:

a) að veita skólanemanda námsstyrk, þótt hann fullnægi ekki ákvæðum 2. greinar þessara laga, ef hann sannanlega að öðrum kosti getur ekki stundað nám vegna efnaleysis,
b) að veita þeim nemendum hærri námsstyrki, sem eru frá fjölskyldum, er þurfa að kosta tvo eða fleiri nemendur við framhaldsnám á sama tíma, enda sé efnahagur þeirra þröngur.

c) að veita skólanemanda námsstyrk, ef sérstakar ástæður mæla með því, þótt hann fullnægi ekki að öllu leyti ákvæðum 2. gr. þessara laga.

Ed. 707. Frumvarp til laga [209. mál]

um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. maí.)

1. gr.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins er sjálfstæð stofnun með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili og varnarþing hennar er í Reykjavík.

Stofnaðilar sölustofnunarinnar eru íslenzka ríkið og atvinnurekendur í niðursuðu- og niðurlagningariðnaði.

2. gr.

Hlutverk Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins er að efla á skipulegan hátt framleiðslu og útflutning á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum, svo og á rækju og öðrum skelfiski fyrir aðila stofnunarinnar, sé þess óskað. Í því skyni skal stofnunin meðal annars:

a) annast sölu og dreifingarstarfsemi á áðurnefndum sjávarafurðum og skipuleggja markaðsleit og markaðsöflun erlendis með upplýsinga-, auglýsinga- og þjónustustarfsemi eins og nauðsynlegt telst og fjárhagsgeta leyfir hverju sinni;
b) annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa, þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn;
c) hafa í samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins með höndum gæðaeftirlit með framleiðslu þeirra aðila, sem þátttakendur eru í samtökunum, í þeim tilgangi að tryggja, að sem bezt sé vandað til framleiðslunnar og hún uppfylli staðlaðar kröfur;
d) samræma framleiðslu verksmiðjanna eftir áætlaðri þörf og markaðshorfum hverju sinni;
e) annast sameiginlegan innflutning fyrir aðila stofnunarinnar eftir því, sem óskað er. Einnig skal stofnunin leitast við að tryggja niðursuðuverksmiðjum þær umbúðir, sem nauðsynlegar eru og fullnægjandi hverju sinni. Í því skyni er stofnuninni heimilt að gerast eignaaðili í dósa- og umbúðaverksmiðju;
f) fylgjast með og greiða fyrir öflun hráefnis til niðursuðu og niðurlagningar og annarrar framleiðslu á vegum þátttakenda. Skal stefnt að því, að gott hráefni sé ekki flutt úr landi óunnið, á meðan íslenzkur iðnaður býr við hráefnisskort;
g) vinna að því í samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins að auka fjölbreytni í framleiðslu niðursuðuverksmiðjanna og annarra þátttakenda í samtökunum með leiðbeiningum um nýjar framleiðslugreinar. Skal stofnunin leitast við að veita allar upplýsingar um framleiðslu og sölu, sem verksmiðjurnar þurfa á að halda, og jafnframt skal að því stefnt að koma á fót tækniþjónustu.

3. gr.

Atvinnurekendur í niðursuðuiðnaði, sem vilja eiga aðild að Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, þurfa að gefa um það skriflega yfirlýsingu og eru þeir þá bundnir af aðild sinni í a. m. k. eitt ár og geta ekki slitið henni nema með eins árs fyrirvara miðað við áramót. Með aðild sinni fela atvinnurekendur stofnuninni sölu á allri framleiðslu sinni á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum erlendis, og er þeim óheimilt að selja vöru sína úr landi án milligöngu eða heimildar stofnunarinnar.

Öll framleiðsla, sem seld er á vegum stofnunarinnar, skal bera vörumerki hennar eða þá vörumerki, sem stjórn hennar samþykkir hverju sinni.

Félagsaðilum ber að hlýða þeim fyrirmælum stjórnarinnar, sem hún setur með það fyrir augum að auka gæði framleiðslunnar. Er stjórn stofnunarinnar heimilt að neita um leyfi til útflutnings á þeirri framleiðslu, sem ekki stenzt þær kröfur, sem gerðar eru um gæði, og skal atvinnurekandi bera allan skaða af slíku banni. Einnig er heimilt að beita refsiaðgerðum samkvæmt sérstakri reglugerð, sem samþykkt hefur verið af fulltrúaráði, ef atvinnurekandi stendur ekki við skuldbindingar sínar skv. lögum þessum eða gerist brotlegur við reglur stofnunarinnar um gæði framleiðslunnar.

4. gr.

Atvinnurekendur, sem aðild eiga að stofnuninni, mynda fulltrúaráð, sem skipað er 1 fulltrúa fyrir hvert fyrirtæki.

Ráðherra skipar stofnuninni 5 manna stjórn til þriggja ára í senn og skulu tveir tilnefndir af aðalfundi fulltrúaráðs, einn samkvæmt tilnefningu viðskiptaráðuneytisins, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins, en einn án tilnefningar og er hann jafnframt formaður stjórnarinnar. Þá tilnefnir ráðherra einnig varaformann, en stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Ráðherra ákveður þóknun fyrir störf stjórnarinnar. Reikningar stofnunarinnar skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, er ráðherra skipar til þriggja ára í senn, og skal annar þeirra tilnefndur af fulltrúaráði, en hinn af fjármálaráðuneytinu. Eftir hver áramót skal stjórnin gefa ráðherra ýtarlega skýrslu um starfsemina á liðnu ári og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Ársreikning skal birta í B-deild Stjórnartíðinda. Stjórnin boðar fulltrúaráð stofnunarinnar til aðalfundar hvert ár eigi síðar en í júnímánuði. Aukafundi skal boða, þegar þurfa þykir. Fulltrúaráð skal boða til aukafundar, ef tveir stjórnarmenn eða helmingur fulltrúaráðs krefst þess. Fundir fulltrúaráðs skulu boðaðir með símskeyti með minnst viku fyrirvara.

Að 5 árum liðnum frá gildistöku laganna, þegar framlag ríkissjóðs skv. 5. gr. og ákvæði 6. gr. um útflutningsgjöld falla niður, skulu ákvæði seinustu mgr. um stjórn stofnunarinnar breytast þannig, að 3 stjórnarmeðlimir verði tilnefndir af aðalfundi fulltrúaráðs, en 2 af ráðherra samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Fulltrúaráð er ráðgefandi um allan rekstur og stefnumörkun stofnunarinnar.

Aðili stofnunarinnar, sem ekki hefur framleitt niðursoðnar eða niðurlagðar sjávarafurðir eða flutt út á vegum stofnunarinnar á síðustu 12 mánuðum, hefur ekki atkvæðisrétt á fundum fulltrúaráðsins.

Á aðalfundi fulltrúaráðs skal leggja fram reikninga ásamt sölu-, framleiðslu- og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, sem er prókúruhafi fyrir stofnunina og annast almennan rekstur í samráði við stjórnina. Staða framkvæmdastjóra skal ákveðin í samræmi við launakerfi starfsmanna ríkisins.

5. gr.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins verður aflað tekna til starfseminnar á eftirfarandi hátt:

a) Ríkissjóður leggur fram sem óendurkræft framlag 25 milljónir króna ár hvert, fyrstu fimm starfsárin.
b) Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd stofnunarinnar lán, sem nemur allt að 100 milljónum króna.
c) Niðursuðuverksmiðjurnar greiða sölulaun til stofnunarinnar, sem nota skal til að mæta sölukostnaði, og skal hundraðshlutinn vera ákveðinn að fenginni umsögn fulltrúaráðs.
d) Stofnuninni er heimilt að taka umboðslaun fyrir þær vörur, sem hún flytur inn eða útvegar samkvæmt ákvörðun stjórnar.

6. gr.

Í næstu fimm ár skulu öll útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum undanþegin hinum almennu ákvæðum um útflutningsgjöld, en renna þess í stað í sérstakan sjóð til eflingar lagmetisiðnaðinum og útflutningi hans skv. 7. gr.

7. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sbr. 6. gr., sem hefur það verkefni að efla niðursuðuiðnaðinn, auka tilraunir með nýjar vörutegundir og afla þeim markaða erlendis.

Sjóður þessi lýtur stjórn sölustofnunarinnar undir yfirumsjón ráðherra.

8. gr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum stjórnarinnar.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 708. Frumvarp til laga [39. mál]

um stofnun og slit hjúskapar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. maí.)

Samhljóða þskj. 40 með þessari breytingu:

16. gr. hljóðar svo:

Prestar þjóðkirkjunnar annast kirkjulega hjónavígslu innan kirkju sinnar. Hinu sama gegnir um presta eða forstöðumenn annarra hérlendra trúfélaga, sem fengið hafa löggildingu dómsmálaráðuneytis til að annast hjónavígslu. Þjóðkirkjuprestum, sem látið hafa af prestsembætti, er heimilt að framkvæma hjónavígslu í umboði viðkomandi sóknarprests þjóðkirkjunnar.

Kirkjumálaráðuneyti setur, að fengnum tillögum biskups, reglur um, hvaða prestar innan þjóðkirkjunnar hafi heimild til hjónavígslu og hvenær þeim sé skylt að framkvæma hjónavígslu.

Ed. 709. Nefndarálit [250. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 1970, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og rætt um það við rektor Háskóla Íslands og fulltrúa frá Félagi háskólakennara. Mikilvægasta atriði frv. er að opna leiðir til þess, að unnt sé að tengja kennarastöðu við Háskólann tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við stofnun utan Háskólans. Ljóst er, að mikill ágreiningur er ríkjandi um réttmæti slíkrar tilhögunar meðal háskólamanna. Nefndin telur eðlilegt, að betri tími gefist til athugunar málsins, áður en almenn heimild af þessu tagi er veitt með lögum. Þörfin á þess háttar heimild mun vera brýnust í verk-

fræði- og raunvísindadeild, og telur nefndin rétt, að heimildarákvæðið verði a. m. k. að svo stöddu bundið við þá deild. Jafnframt geti það ekki átt við aðrar stofnanir utan Háskólans en opinberar stofnanir.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., en nefndin mælir með samþykkt frv. með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Í stað orðanna í 10. gr. 3. mgr. „Að tillögu háskólaráðs og þeirrar deildar, sem í hlut á, má þó tengja kennarastöðu við Háskólann tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við stofnun utan Háskólans, enda sé sú tilhögun heimiluð í reglum stofnunarinnar eða samþykkt af stjórn hennar“ komi: Nú hefur Háskólinn ekki tök á að koma upp rannsóknaaðstöðu í verkfræði í tiltekinni kennslugrein, og má þá skv. tillögu háskólaráðs og verkfræði- og raunvísindadeildar tengja slíka kennarastöðu tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við opinbera stofnun utan Háskólans, enda sé slík tilhögun heimiluð í reglum stofnunarinnar eða samþykkt af stjórn hennar.
2. Við 5. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein (og breytist upphaf greinarinnar samkv. því):

   Raungreinadeildarpróf frá Tækniskóla Íslands veitir einnig rétt til skrásetningar til verkfræðináms, með fyrrgreindum skilyrðum. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um, að ákveðin próf frá íslenzkum skólum veiti rétt til skrásetningar í tiltekið nám við Háskólann, enda hafi prófin verið metin jafngildi stúdentsprófs til undirbúnings viðkomandi námi.
3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

   Framan við 38. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

   Prófessorar, dósentar og lektorar í tilteknum kennslugreinum í verkfræði geta jafnframt haft starfsaðstöðu við opinberar stofnanir utan Háskólans, ef Háskólinn hefur ekki tök á að koma upp slíkri aðstöðu í viðkomandi fræðigrein. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru um slíkar stöður skv. háskólalögum. Heimild til slíkra starfa má aðeins veita með samþykki háskólaráðs og verkfræði- og raunvísindadeildar í hverju einstöku tilviki.

Alþingi, 4. maí 1972.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Björn Jónsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Auður Auðuns.	Eggert G. Þorsteinsson.
	Steingrímur Hermannsson.	

Ed. 710. Lög [227. mál]

um breyting á lögum nr. 111 30. des. 1970, um virkjun Lagarfoss.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 476.

Nd. 711. Breytingartillaga [222. mál]

við frv. til laga um breyting á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

Frá Bjarna Guðnasyni, Stefáni Gunnlaugssyni og Jóni Skaftasyni.

3. gr. falli brott.

Nd. 712. Frumvarp til laga [276. mál]

um heimild ríkisstjórninni til handa til að staðfesta Bernarsáttmálann til verndar bókmenntum og listaverkum í þeirri gerð hans, sem samþykkt var á ráðstefnu Bernarsambandsríkja í París 24. júlí 1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd Bernarsáttmálann til verndar bókmenntum og listaverkum í þeirri gerð hans, sem samþykkt var á ráðstefnu Bernarsambandsríkjanna í París 24. júlí 1971. Gera má þá fyrirvara um einstök ákvæði og þær takmarkanir varðandi aðild, sem ríkisstjórninni þykir við eiga og heimilt er að gera samkvæmt sáttmálanum. Eftir að sáttmálinn hefur verið staðfestur, skulu ákvæði hans, sem Ísland er við bundið, hafa lagagildi hér á landi frá þeim tíma, sem ríkisstjórnin ákveður. Sáttmálinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ísland gekk í Bernarsambandið árið 1947, sbr. lög nr. 74 5. júní 1947 og augl. nr. 110 19. sept. 1947. Varð Ísland þá bundið við þá gerð sáttmálans, sem samþykkt hafði verið í Róm 2. júní 1928. Síðan hefur sáttmálanum verið breytt og við hann aukið á ráðstefnum í Brüssel 26. júní 1948, í Stokkhólmi 14. júlí 1967 og í París 24. júlí 1971. Þykir rétt að afla lagaheimildar til að staðfesta hina nýjustu gerð sáttmálans.

Fylgiskjal.

BERNARSÁTTMÁLINN	BERNE CONVENTION
til verndar bókmenntum og listum frá 9. september 1886, fullgerður í París 4. maí 1896, endurskoðaður í Berlín 13. nóvember 1908, fullgerður í Bern 20. marz 1914 og endurskoðaður í Róm 2. júní 1928, í Brüssel 26. júní 1948, í Stokkhólmi 14. júlí 1967 og í París 24. júlí 1971.	**for the protection of literary and artistic works of September 9, 1886, completed at Paris on May 4, 1896, revised at Berlin on November 13, 1908, completed at Bern on March 20, 1914 and revised at Rome on June 2, 1928, at Brussels on June 26, 1948, at Stockholm on July 14, 1967 and at Paris on July 24, 1971.**
Sambandslöndin, sem eru einhuga um þá ósk, að vernda á svo virkan og sam-	The countries of the Union, being equally animated by the desire to pro-

ræmdan hátt, sem kostur er, rétt höfunda til verka sinna á sviði bókmennta og lista, viðurkenna gildi þess starfs, sem unnið var á endurskoðunarráðstefnunni í Stokkhólmi 1967, en hafa ákveðið að endurskoða samninginn, sem gerður var á Stokkhólmsráðstefnunni, en láta haldast óbreytt ákvæði 1.—20. gr. og 22.—26. gr. þess samnings.

Undirritaðir umboðsmenn, sem lagt hafa fram full umboð, talin í góðu og gildu formi, hafa því orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Löndin, sem sáttmáli þessi tekur til, mynda með sér samband til verndar rétti höfunda til verka sinna á sviði bókmennta og lista.

2. gr.

1. Hugtökin „bókmenntir og listir" skulu taka til hvers konar framleiðslu á sviði bókmennta, vísinda og lista, án tillits til þess, með hvaða aðferð eða í hverju formi hún birtist, svo sem bækur, bæklingar og önnur rit; fyrirlestrar, ávörp, ræður og önnur verk af því tagi; leikrit eða söngleikir; dansar eða látbragðsleikir; tónverk með texta eða án hans; kvikmyndir, þar með talin verk, sem gerð eru með líkum aðferðum; teikningar, málverk, húsagerð, höggmyndir, myndstungur og prentun; ljósmyndir, þar með talin verk, sem gerð eru með líkum aðferðum; listiðnaður; myndir, kort, teikningar, uppdrættir og þrívíddarverk í landafræði, staðarlýsingum, húsagerð eða vísindum.

2. Sambandslöndunum er samt sem áður áskilinn réttur til að ákveða með lögum, að verk almennt, eða sérstakar tegundir verka, skuli því aðeins njóta verndar, að þau hafi komið fram í einhvers konar efnislegu formi.

3. Þýðingar, aðlaganir, útsetningar á tónlist, eða aðrar breytingar á bókmenntect, in as effective and uniform a manner as possible, the rights of authors in their literary and artistic works,

Recognizing the importance of the work of the Revision Conference held at Stockholm in 1967,

Have resolved to revise the Act adopted by the Stockholm Conference, while maintaining without change Articles 1 to 20 and 22 to 26 of that Act.

Consequently, the undersigned Plenipotentiaries, having presented their full powers, recognized as in good and due form, have agreed as follows:

Article 1

The countries to which this Convention applies constitute a Union for the protection of the rights of authors in their literary and artistic works.

Article 2

1. The expression „literary and artistic works" shall include every production in the literary, scientific and artistic domain, whatever may be the mode or form of its expression, such as books, pamphlets and other writings; lectures, addresses, sermons and other works of the same nature; dramatic or dramatic-musical works; choreographic works and entertainments in dumb show; musical compositions with or without words; cinematographic works to which are assimilated works expressed by a process analogous to cinematography; works of drawing, painting, architecture, sculpture, engraving and lithography; photographic works to which are assimilated works expressed by a process analogous to photography; works of applied art; illustrations, maps, plans, sketches and three-dimensional works relative to geography, topography, architecture or science.

2. It shall, however, be a matter for legislation in the countries of the Union to prescribe that works in general or any specified categories of works shall not be protected unless they have been fixed in some material form.

3. Translations, adaptations, arrangements of music and other alterations of

um eða listaverki, skulu njóta verndar sem frumsmíðar, en að óskertum rétti höfundarins til sjálfra frumsmíðanna.

4. Sambandslöndunum er áskilinn réttur til að kveða á um það með lögum, hver vernd skuli veitt opinberum textum í löggjöf, stjórnsýslu, eða textum lögfræðilegs eðlis, og opinberum þýðingum á þess konar textum.

5. Safnverk á sviði bókmennta og lista, svo sem alfræðiorðabækur og sýnisbækur, þar sem efnisval og niðurröðun efnis felur í sér andlega sköpun, skulu vernduð sem slík að óskertum höfundarrétti til einstakra verka í safninu.

6. Verk þau, sem um getur í þessari grein, skulu njóta verndar í öllum sambandslöndunum. Verndin er til handa höfundi og síðari rétthöfum að verkum hans.

7. Sambandslöndunum er áskilinn réttur til að kveða á um það með lögum, sbr. þó 4. mgr. 7. gr., að hve miklu leyti löggjöf þeirra taki til listiðnaðar og til hönnunar og frumgerða á sviði iðnaðar, og ennfremur að kveða á um það, með hvaða skilmálum slík verk, hönnun og frumgerðir skuli verndaðar. Nú er verk einungis verndað í upprunalandi sínu sem hönnun eða fyrsta smíði, og skal það þá einungis njóta þeirrar sérstöku verndar í öðru sambandslandi, sem þar er veitt hönnun og fyrstu smíði. En ef engin þess konar sérstök vernd er veitt í því landi, skulu slík verk njóta verndar sem listaverk.

8. Vernd sú, sem veitt er í sáttmála þessum, tekur ekki til daglegra frétta eða til þess konar upplýsinga, sem eru í eðli sínu einungis blaðafréttir.

2. gr. a.

1. Sambandslöndunum er áskilinn réttur til að kveða á um það með lögum, að stjórnmálaræður og ræður málflytjenda fyrir dómstólum skuli að nokkru leyti eða að öllu leyti undanskildar vernd þeirri, sem veitt er í næstu grein á undan.

2. Sambandslöndunum er einnig áskilinn réttur til að kveða á með lögum um

a literary or artistic work shall be protected as original works without prejudice to the copyright in the original work.

4. It shall be a matter for legislation in the countries of the Union to determine the protection to be granted to official texts of a legislative, administrative and legal nature, and to official translations of such texts.

5. Collections of literary or artistic works such as encyclopaedias and anthologies which, by reason of the selection and arrangement of their contents, constitute intellectual creations shall be protected as such, without prejudice to the copyright in each of the works forming part of such collections.

6. The works mentioned in this Article shall enjoy protection in all countries of the Union. This protection shall operate for the benefit of the author and his successors in title.

7. Subject to the provisions of Article 7 (4) of this Convention, it shall be a matter for legislation in the countries of the Union to determine the extent of the application of their laws to works of applied art and industrial designs and models, as well as the conditions under which such works, designs and models shall be protected. Works protected in the country of origin solely as designs and models shall be entitled in another country of the Union only to such special protection as is granted in that country to designs and models; however, if no such special protection is granted in that country, such works shall be protected as artistic works.

8. The protection of this Convention shall not apply to news of the day nor to miscellaneous facts having the character of mere items of press information.

Article 2 bis

1. It shall be a matter for legislation in the countries of the Union to exclude, wholly or in part, from the protection provided by the preceding Article political speeches and speeches delivered in the course of legal proceedings.

2. It shall also be a matter for legislation in the countries of the Union to

skilmála fyrir því, að fyrirlestrar, ávörp og annað þess háttar sé birt í blöðum eða útvarpi, eða birt almenningi um þráð eða á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 11. gr. a, þegar slík birting helgast af þeim tilgangi að upplýsa.

3. Höfundur skal þó hafa einkarétt til að gera safnverk úr verkum sínum, sem getið er um í málsgreinunum hér fyrir framan.

3. gr.

1. Verndar samkvæmt sáttmála þessum njóta:

a. Höfundar, sem eru ríkisborgarar í einhverju sambandslandi, fyrir verk sín, hvort sem þau hafa verið gefin út eða ekki.

b. Höfundar, sem ekki eru ríkisborgarar í sambandslandi, fyrir þau verk, sem gefin eru út í fyrsta sinn í sambandslandi, eða gefin eru út samtímis í sambandslandi og í landi utan sambandsins.

2. Höfundar, sem ekki eru ríkisborgarar í sambandslandi en búa að staðaldri í öðru sambandslandi, skulu í skilningi sáttmálans taldir ríkisborgarar þess lands.

3. Með „útgefnum verkum“ er átt við verk, sem hafa verið gefin út með samþykki höfundar, án tillits til þess, hvernig eintökin eru framleidd, enda fullnægi framboð þeirra sanngjörnum kröfum almennings, þegar hliðsjón er höfð af tegund verksins. Það telst ekki útgáfa, þótt leikrit sé flutt eða söngleikur, kvikmynd sýnd eða tónverk leikið, bókmenntaverk lesið upp opinberlega, bókmennta- eða listaverk flutt um þráð eða útvarp, sýning haldin á listaverkum eða hús reist.

4. Verk telst hafa verið gefið út samtímis í fleiri löndum en einu, ef það hefur komið út í tveimur löndum eða fleirum

determine the conditions under which lectures, addresses and other works of the same nature which are delivered in public may be reproduced by the press, broadcast, communicated to the public by wire and made the subject of public communication as envisaged in Article 11 bis (1) of this Convention, when such use is justified by the informatory purpose.

3. Nevertheless, the author shall enjoy the exclusive right of making a collection of his works mentioned in the preceding paragraphs.

Article 3

1. The protection of this Convention shall apply to

a. authors who are nationals of one of the countries of the Union, for their works, whether published or not;

b. authors who are not nationals of one of the countries of the Union, for their works first published in one of those countries, or simultaneously in a country outside the Union and in a country of the Union.

2. Authors who are not nationals of one of the countries of the Union but who have their habitual residence in one of them shall, for the purposes of this Convention, be assimilated to nationals of that country.

3. The expression "published works" means works published with the consent of their authors, whatever may be the means of manufacture of the copies, provided that the availability of such copies has been such as to satisfy the reasonable requirements of the public, having regard to the nature of the work. The performance of a dramatic, dramatico-musical, cinematographic or musical work, the public recitation of a literary work, the communication by wire or the broadcasting of literary or artistic works, the exhibition of a work of art and the construction of a work of architecture shall not constitute publication.

4. A work shall be considered as having been published simultaneously in several countries if it has been published

áður en liðnir eru þrjátíu dagar frá fyrstu útgáfu.

4. gr.

Enda þótt skilyrðum 3. gr. sé ekki fullnægt, skulu njóta verndar samkvæmt þessum sáttmála:

a. Höfundar kvikmynda, ef framleiðandinn hefur aðalstöðvar sínar í sambandslandi eða býr þar að staðaldri.
b. Höfundar byggingarlistar, ef bygging er reist í sambandslandi, svo og höfundar listaverka, sem eru hluti af byggingum eða öðrum mannvirkjum í sambandslandi.

5. gr.

1. Höfundar skulu í öðrum sambandslöndum en upprunalandi njóta þess réttar fyrir verk sín, sem vernduð eru samkvæmt þessum sáttmála, sem landslög þar kunna að veita ríkisborgurum, nú eða síðar, og þar að auki þess sérstaka réttar, sem veittur er með sáttmála þessum.

2. Höfundar skulu njóta réttinda þessara án nokkurra formskilyrða. Er neyzla réttindanna og beiting óháð þeirri vernd, sem veitt er í upprunalandi verksins, en af því leiðir, að umfang verndarinnar og dómstólaleiðir til verndar rétti höfundar fara einungis eftir landslögum, þar sem verndar er krafizt, svo fremi að sáttmálinn mæli ekki fyrir á annan hátt.

3. Um verndina í upprunalandi fer eftir lögum þar. Nú er höfundur verks, sem verndar nýtur eftir sáttmála þessum, ekki ríkisborgari í upprunalandi verksins, og skal hann þó njóta þar sömu réttinda og höfundar, sem þar eiga ríkisfang.

4. Upprunaland skal talið, sem hér segir:

a. Ef um er að ræða verk, sem gefin eru út í fyrsta sinn í sambandslandi, telst það land upprunaland. Ef verk hefur verið gefið út samtímis í fleiri sambandslöndum en einu og verndartími er misjafnlega langur, telst það land

in two or more countries within thirty days of its first publication.

Article 4

The protection of this Convention shall apply, even if the conditions of Article 3 are not fulfilled, to

a. authors of cinematographic works, the maker of which has his headquarters or habitual residence in one of the countries of the Union;
b. authors of works of architecture, erected in a country of the Union or of other artistic works incorporated in a building or other structure located in a country of the Union.

Article 5

1. Authors shall enjoy, in respect of works for which they are protected under this Convention, in countries of the Union other than the country of origin, the rights which their respective laws do now or may hereafter grant to their nationals, as well as the rights specially granted by this Convention.

2. The enjoyment and the exercise of these rights shall not be subject to any formality; such enjoyment and such exercise shall be independent of the existence of protection in the country of origin of the work. Consequently, apart from the provisions of this Convention, the extent of protection, as well as the means of redress afforded to the author to protect his rights, shall be governed exclusively by the laws of the country where protection is claimed.

3. Protection in the country of origin is governed by domestic law. However, when the author is not a national of the country of origin of the work for which he is protected under this Convention, he shall enjoy in this country the same rights as national authors.

4. The country of origin shall be considered to be

a. in the case of works first published in a country of the Union, that country; in the case of works published simultaneously in several countries of the Union which grant different terms of protection, the coun-

upprunaland, sem skemmstan verndartíma veitir.

b. Ef verk er samtímis gefið út í sambandslandi og í landi utan sambandsins, telst sambandslandið upprunaland.

c. Ef um er að ræða verk, sem ekki hafa verið gefin út, eða verk, sem hafa verið gefin út í fyrsta skipti í öðru landi en sambandslandi, án þess að hafa verið gefin samtímis út í sambandslandi, skal sambandsland það, þar sem höfundur á ríkisfang, talið sambandsland — þannig:

1. að þegar um er að ræða kvikmynd og framleiðandi hefur aðalstöðvar sínar í sambandslandi, eða býr þar að staðaldri, skal það talið upprunaland, eða

2. ef um er að ræða byggingarlist, og bygging er reist í sambandslandi, eða önnur listaverk eru hluti af byggingu eða mannvirki í sambandslandi, skal það land talið upprunaland.

try whose legislation grants the shortest term of protection;

b. in the case of works published simultaneously in a country outside the Union and in a country of the Union, the latter country;

Aðjúnktar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar svo og styrkþegar eru ráðnir til skemmri tíma og taka stundakennaralaun, mánaðar- eða árslaun. Í hvert skipti, er nýr kennari ræðst að Háskólanum, skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

Í reglugerð skal mælt fyrir um starfsheiti fastráðinna starfsmanna háskólastofnana.

Dósentar og lektorar, sem nú starfa við Háskólann og skipaðir voru fyrir gildistöku laga nr. 22/1969, halda starfsheitum sínum.

3. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu, skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

4. gr.

18. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Háskólaráð ákveður, að fenginni umsögn háskóladeildar, hvernig starfsskylda einstakra háskólakennara skuli skiptast milli kennslu og annarra starfsþátta. Nú unir kennari ekki úrlausn háskólaráðs, og má hann þá skjóta úrlausninni til menntamálaráðherra, sem leysir til fullnaðar úr þessu efni.

5. gr.

Aftan við 2. málsgr. 21. gr. komi nýjar málsgr., er verða 3. og 4. málsgr., svo hljóðandi:

Háskólaráði er heimilt samkvæmt umsókn og að fengnum tillögum þeirrar deildar, er í hlut á, að leyfa skrásetningu einstaklinga, er lokið hafa öðru fullnaðarprófi frá menntaskóla en stúdentsprófi. Enn fremur er háskólaráði heimilt samkvæmt umsókn að leyfa skrásetningu einstaklinga, er lokið hafa öðru námi hérlendis með þeim árangri, sem sú deild, er í hlut á, mælir með, að skapi hæfi til framhaldsnáms innan Háskóla Íslands. Enn fremur skal rektorsembættið vera þessum ráðstöfunum meðmælt, sbr. 3. mgr. 2. gr.

Raungreinadeildarpróf frá Tækniskóla Íslands veitir einnig rétt til skrásetningar til verkfræðináms, með fyrrgreindum skilyrðum. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um, að ákveðin próf frá íslenzkum skólum veiti rétt til skrásetningar í tiltekið nám við Háskólann, enda hafi prófin verið metin jafngildi stúdentsprófs til undirbúnings viðkomandi námi.

6. gr.

Við 29. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé ekki völ á prófdómenda hérlendis utan Háskólans, er fullnægi skilyrðum 4. málsgr. hér á undan, er menntamálaráðherra rétt að skipa háskólakennara til starfans að fenginni tillögu háskóladeildar.

7. gr.

31. gr. orðist svo:

Háskóladeildir hafa rétt til að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita annaðhvort í heiðurs skyni eða að undangengnu sérstöku prófi. Doktorsnafnbót í heiðurs skyni verður ekki veitt nema með samþykki ¾ hluta allra atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs. Háskóladeildir standa fyrir doktorsprófi. Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga ekki atkvæðisrétt um veitingu doktorsnafnbóta.

8. gr.

Framan við 38. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Prófessorar, dósentar og lektorar í tilteknum kennslugreinum í verkfræði geta jafnframt haft starfsaðstöðu við opinberar stofnanir utan Háskólans, ef Háskólinn hefur ekki tök á að koma upp slíkri aðstöðu í viðkomandi fræðigrein. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru um slíkar stöður skv. háskólalögum. Heimild til slíkra starfa má aðeins veita með samþykki háskólaráðs og verkfræði- og raunvísindadeildar í hverju einstöku tilviki.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 721. Lög [38. mál]

um breyting á lögum nr. 25 14. júní 1929, um gjaldþrotaskipti.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 39.

Sþ. 722. Breytingartillögur [94. mál]

við till. til þál. um byggingu leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. tölulið tillgr. Á eftir orðinu „sveitarfélaga“ komi: svo og til annarra þeirra aðila, sem byggja vilja leiguíbúðir, enda komi þá samþykki sveitarstjórnar til, þannig að þessum aðilum sé gert fjárhagslega kleift að byggja og reka leiguhúsnæði, þar sem þess er þörf.
2. Fyrirsögn orðist svo:

   Tillaga til þingsályktunar um byggingu leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga o. fl.

Sþ. 723. Tillaga til þingsályktunar [277. mál]

um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar, að skipuð skuli 12 manna nefnd til að endurskoða stjórnarskrána með sérstakri hliðsjón af tillögum þeim til þingsályktunar, ásamt greinargerðum, á þskj. 525 og 531, sem fluttar hafa verið á Alþingi 1971. Af nefndarmönnum skulu 7 kosnir af Alþingi, en ríkisstjórnin skipar 5 menn. Skulu 2 þeirra tilnefndir af Hæstarétti, 2 af lagadeild Háskóla Íslands og einn af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Forsætisráðherra kveður nefndina saman til fyrsta fundar, en hún skiptir sjálf með sér verkum. Miðað skal að því, að unnt verði að leggja stjórnarskrárfrumvarp nefndarinnar fyrir Alþingi 1974.

Nefndinni ber að leita álits sýslunefnda og bæjarstjórna, landshlutasambanda sveitarfélaga og landssambanda stéttarfélaga. Með opinberri tilkynningu skal þeim, sem þess kynnu að óska, gefinn kostur á að koma á framfæri við nefndina skriflegum og skriflega rökstuddum breytingartillögum við núgildandi stjórnarskrá fyrir þann tíma, sem nefndin tiltekur.

Kostnaður við endurskoðun stjórnarskrárinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Til allshn. hefur verið vísað tveim tillögum til þingsályktunar um endurskoðun stjórnarskrárinnar, á þskj. 525 og 531. Það hefur orðið að samkomulagi í nefndinni að afgreiða báðar þessar tillögur sameiginlega þannig, að nefndin flytji sjálf nýja tillögu um málið, og er sú tillaga hér með lögð fram. — Nánar í framsögu.

Nd. 724. Breytingartillaga [238. mál]

við frv. til höfundalaga.

Frá Gunnari Gíslasyni.

Við 21. gr. Síðari málsl. 4. tölul. falli niður.

Sþ. 725. Nefndarálit [123. mál]

um till. til þál. um endurgreiðslu söluskatts til rithöfunda.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Að athuguðu máli og að fengnum umsögnum telur meiri hl. nefndarinnar hyggilegt, að það viðfangsefni, sem tillagan fjallar um, komi til sérstakrar athugunar í fjármálaráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu, áður en Alþingi tekur afstöðu til tillögunnar, og leggur til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 9. maí 1972.

Gísli Guðmundsson, form., frsm. Björn Fr. Björnsson. Ingólfur Jónsson.

Lárus Jónsson.

Sþ. 726. Nefndarálit [123. mál]

um till. til þál. um endurgreiðslu söluskatts til rithöfunda.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Minni hluti allsherjarnefndar telur eðlilegt og æskilegt, að andvirði söluskatts af bókum renni til rithöfunda og höfunda fræðirita sem viðbótarritlaun, og mælir því með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 9. maí 1972.

Bjarni Guðnason, fundaskr., frsm. Jónas Árnason. Stefán Gunnlaugsson.

Nd. 727. Nefndarálit [249. mál]

um frv. til l. um Bjargráðasjóð.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Stefán Valgeirsson.

Alþingi, 9. maí 1972.

Jónas Árnason, form. Bjarni Guðnason, fundaskr. Ólafur G. Einarsson, frsm.
Jón Skaftason. Ragnhildur Helgadóttir. Gylfi Þ. Gíslason.

Sþ. 728. Nefndarálit [205. mál]

um till. til þál. um vinnuauglýsingar hins opinbera.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og kynnt sér umsagnir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Vinnuveitendasambandi Íslands og mælir með samþykkt hennar.

Alþingi, 9. maí 1972.

Gísli Guðmundsson, form. Bjarni Guðnason, fundaskr., frsm. Stefán Gunnlaugsson.
Björn Fr. Björnsson. Lárus Jónsson. Ingólfur Jónsson.
Jónas Árnason.

Ed. 729. Breytingartillögur [248. mál]

við frv. til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. IV. kafli, 22.—30. gr., falli brott (og breytist tala kafla og greina samkv. því).
2. Við 34. gr. (verður 25. gr.). Í stað orðanna „frá 5. apríl 1971“ komi: nr. 45 16. apríl 1971.

Ed. 730. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Markúsarsel, Tunguhlíð og Veturhús í Geithellnahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. maí 1972.

Ásgeir Bjarnason, form.	Helgi Seljan, fundaskr.	Páll Þorsteinsson, frsm.
Jón Árm. Héðinsson.	Steinþór Gestsson.	Jón Árnason.

Ed. 731. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 28. des. 1970, um lífeyrissjóð bænda.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt. Björn Jónsson var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 9. maí 1972.

Ragnar Arnalds, form.	Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson, frsm.
Jón Árm. Héðinsson.	Geir Hallgrímsson.	Magnús Jónsson.

Ed. 732. Frumvarp til laga [278. mál]

um Fósturskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

I. KAFLI
Skipulag Fósturskólans, hlutverk og starfshættir.

1. gr.

Fósturskóli Íslands er ríkisskóli með aðsetri í Reykjavík.
Skólinn er jafnt fyrir karla sem konur.

2. gr.

Hlutverk skólans er að mennta fólk til uppeldisstarfa á hvers konar uppeldisstofnunum fyrir börn frá fæðingu til 7 ára aldurs, svo sem vöggustofum, dagheimilum, vistheimilum, leikskólum og forskólabekkjum barnaskóla. Heimilt er að fela Fósturskóla Íslands að mennta fólk til starfa á skóladagheimilum og leikvöllum.

3. gr.

Í starfsemi Fósturskólans skal að því stefnt að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að stunda uppeldisstörf á þeim sviðum, sem skólanum er ætlað að fást við, sbr. 2. gr.

Leggja skal áherzlu á uppeldisleg markmið og starfshætti þeirra stofnana, sem skólinn menntar starfslið til, og á þann hagnýta grundvöll, sem starfsemi þeirra er reist á. Námið á að veita innsýn í almenna uppeldis- og sálarfræði og þó sérstaklega þróunarsálfræði barna. Stefnt skal að því að efla alhliða þroska nemenda, þjálfa sjálfstæða hugsun og sjálfstæð vinnubrögð, jafnframt því sem lögð skal áherzla á samvinnu í hópstarfi, hugkvæmni, alúð og skyldurækni í starfi.

4. gr.

Skólinn skal leitast við að fylgjast sem gerst með nýjungum í uppeldis- og sálarfræði, einkum varðandi barnasálfræði og uppeldisleg markmið, starfshætti og fyrirkomulag þeirra stofnana, sem skólinn menntar starfslið til.

5. gr.

Skólinn skal annast endurmenntun og viðbótarmenntun starfsfólks á þeim uppeldissviðum, sem starfsemi skólans tekur til, með skipulegri fræðslu, námskeiðum og kynningu á markverðum nýjungum í uppeldismálum.

6. gr.

Fósturskólinn skal hafa náið samband við Kennaraháskóla Íslands. Skal kveða nánar á um það og tengsl milli skólanna í reglugerð.

II. KAFLI

Stjórn skólans.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Fósturskóla Íslands.

Við skólann skal vera skólanefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar til 3 ára í senn, og starfar hún samkv. erindisbréfi, er ráðuneytið setur. Formaður er skipaður án tilnefningar, einn nefndarmaður er skipaður samkvæmt tilnefningu Fóstrufélags Íslands og annar samkvæmt tilnefningu Barnavinafélagsins Sumargjafar, meðan það fer með stjórn barnaheimila í Reykjavík í umboði borgarstjórnar. Ef rekstur barnaheimila í Reykjavík verður falinn borgarstofnunum, skal einn skólanefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu borgarráðs Reykjavíkur.

Við Fósturskóla Íslands skal vera skólaráð skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur. Skólastjóri skal vera formaður þess, en auk hans sitja í ráðinu tveir kennarar skólans og tveir fulltrúar nemenda, kosnir til eins árs í senn.

Ákveða skal nánar í reglugerð um starfssvið skólanefndar og skólaráðs.

8. gr.

Við Fósturskólann skal starfa nemendaráð, sem sé skólastjóra til aðstoðar í málefnum nemenda. Nemendaráð kýs fulltrúa í skólaráð, sbr. 6. gr., með þeim réttindum, sem tiltekin eru í ákvæðum reglugerðar. Nemendur setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólaráðs og staðfestingu yfirstjórnar skólans.

III. KAFLI

Inntaka nemenda í Fósturskólann.

9. gr.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólanefndar. Skólastjóri gerir tillögur til hennar um það efni.

10. gr.

Inntökuskilyrði í Fósturskólann eru þessi:

1. Stúdentspróf eða kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands.
2. Gagnfræðapróf að viðbættu tveggja ára námi í framhaldsdeild gagnfræðaskóla eða að viðbættu tveggja ára námi í öðrum skólum, t. d. verzlunarskóla, lýðháskóla eða húsmæðraskóla.
3. Heimilt er að veita umsækjendum skólavist, þótt þeir fullnægi ekki menntunarkröfum 1. og 2. töluliðar, með hliðsjón af hæfniprófum eða öðrum tiltækum matsaðferðum og að nokkru með tilliti til starfreynslu á þeim stofnunum, sem skólinn menntar starfslið til.
4. Nemandi skal eigi vera yngri en 18 ára.
5. Nemandi skal eigi vera haldinn neinum andlegum eða líkamlegum kvilla eða annmarka, er hamli honum í námi eða starfi að dómi skólanefndar.

Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslenzku eða fleiri greinum í sambandi við inntöku nemenda í skólann.

Enn fremur má ákveða í reglugerð að láta alla nemendur ganga undir hæfnipróf eða persónuleikapróf.

IV. KAFLI

Um nám, námstíma og námstilhögun.

11. gr.

Námstími í skólanum er þrjú ár, og skal nám vera bóklegt og verklegt.

Um skiptingu náms í bóklegar og verklegar annir skal mælt fyrir í reglugerð.

12. gr.

Grunnmenntun sú, sem Fósturskólinn veitir, sbr. 2. gr., skiptist í ýmsar uppeldisgreinar, félagsgreinar, list- og verkgreinar, móðurmálsgreinar og heilsufræðigreinar. Auk þess fer verklegt nám fram í stofnunum, sem skólanefnd viðurkennir og menntamálaráðuneytið samþykkir.

Um nám samkvæmt 1. málsgrein skal nánar ákveðið í reglugerð.

13. gr.

Skólanefnd getur undanþegið nemanda, sem áður hefur aflað sér þekkingar í einstökum námsgreinum, samkv. 12. gr., tímasókn í þeim að nokkru leyti eða öllu.

14. gr.

Stefnt skal að því að starfrækja í tengslum við Fósturskólann og undir yfirstjórn hans æfinga- og tilraunastofnun fyrir börn fram til 7 ára aldurs, þar sem nemendum Fósturskólans sé búin sérstök aðstaða til athugana á atferli og leikjum barna og á uppeldislegum starfsháttum.

Menntamálaráðuneytið leitar samninga við Reykjavíkurborg um skiptingu stofn- og rekstrarkostnaðar við æfinga- og tilraunastofnunina.

V. KAFLI

Um námsáfanga og próf.

15. gr.

Í lok hvers námsáfanga (annar) skal úrskurða um hæfni nemanda til að hefja nám á næsta áfanga.

Kveðið skal á um námsmat í bóklegum og verklegum greinum í reglugerð.

Menntamálaráðuneytið skipar, að fengnum tillögum skólastjóra, prófdómendur í uppeldis- og félagsgreinum og í öðrum greinum eftir því, sem ákveðið er í reglugerð.

VI. KAFLI
Um starfslið Fósturskólans.

16. gr.

Fósturskóli Íslands skal svo vel búinn starfsliði, að hann geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um, þ. á m. við umsjónar- og ráðgjafastörf, störf á skrifstofu og við önnur verkefni.

Skólanefnd gerir, að fengnum tillögum skólastjóra, ár hvert tillögur til menntamálaráðuneytisins um framlög til skólans í þessu skyni, sbr. 21. gr.

17. gr.

Fastir starfsmenn Fósturskólans eru opinberir starfsmenn.

Forseti Íslands skipar skólastjóra. Fasta kennara og aðra fasta starfsmenn skipar menntamálaráðherra að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri gerir tillögur til skólanefndar um skipun kennara. Greini skólastjóra og skólanefnd á, skulu tillögur skólastjóra lagðar fyrir menntamálaráðuneytið jafnframt tillögum skólanefndar.

Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar eftir því, sem fé er veitt til á fjárlögum. Skólastjóri ræður annað starfsfólk skólans með sama fyrirvara.

18. gr.

Skólastjóri Fósturskólans skal hafa lokið háskólaprófi í uppeldis- og sálarfræði.

Í reglugerð skal kveða á um menntunarkröfur kennara.

19. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 5 ár og óskar að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof, allt að einu ári, á föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs eða sérstakra styrkja, nema hvort tveggja sé. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki. Slíkar ferðir skulu að jafnaði farnar í júní eða ágúst, þegar kennurum gefst kostur á að kynnast skólum erlendis í starfi. Þeir aðilar, sem fyrir slíkum ferðum standa, skulu skipuleggja þær fyrir fram og birta væntanlegum þátttakendum fyrirhugaða starfs- og ferðaáætlun. Menntamálaráðuneytið getur veitt af orlofsveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur 1½ árs embættislaunum hans.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að það trufli ekki störf skóla eða torveldi þau. Að orlofi loknu skulu kennarar skila til ráðuneytisins skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að námi loknu við skólann í minnst þrjú ár. Ákvæði þessi taka einnig til skólastjóra. Heimilt er ráðuneytinu að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna. Enn fremur er heimilt að veita kennara launalaust leyfi, þegar sérstakar ástæður mæla með því. Nýtur staðgengill eða staðgenglar hans þá þeirra launa.

Kennarar skólans skulu eiga þess kost, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, að sækja námskeið í kennslugreinum sínum sér að kostnaðarlausu til að auka og endurnýja þekkingu sína. Skal þeim skylt að sækja slík námskeið, ef eigi koma til lögleg forföll að dómi skólastjórnar.

20. gr.

Um laun og vinnutíma starfsmanna skólans fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Menntamálaráðuneytið ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

VII. KAFLI
Um húsrými og tæki.

21. gr.

Að fengnum tillögum skólanefndar sér menntamálaráðuneytið skólanum fyrir húsrými, er nægi til allrar starfsemi hans, svo sem kennslustofum af viðeigandi gerð, bókasafni og lesstofum, félagsherbergjum nemenda, skrifstofu og húsnæði fyrir kennara o. fl.

Í reglugerð skal kveða nánar á um þessi efni, þ. á m. um lágmarkskröfur um hlutfall milli húsrýmis og nemendafjölda.

Fósturskólanum skal séð fyrir safni bóka og annarra kennslugagna, er nemendur eigi aðgang að, svo og þeim kosti kennslutækja, sem þörf er á.

Skólastjóri gerir árlega áætlun um rekstur skólans og kostnað við skólahald næsta skólaár, sem hann leggur fyrir skólanefnd. Skólanefnd gerir síðan tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárveitingu til skólans, sem liggja skulu fyrir við undirbúning fjárlagafrumvarps.

VIII. KAFLI
Um heilsuvernd.

22. gr.

Í reglugerð skulu sett ákvæði um heilsuvernd í Fósturskóla Íslands, þ. á m. ákvæði um skólalækni og skólahjúkrunarkonu og eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólum.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

23. gr.

Í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur, að höfðu samráði við skólastjóra og skólanefnd, skal m. a. kveðið á um skólatíma og leyfi, reglu og aga og vinnudag nemenda og kennara í skólanum, en auk þess skal mæla þar fyrir um framkvæmd laganna að öðru leyti eftir því, sem efni er til.

X. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

24. gr.

Þeir nemendur Fóstruskóla Sumargjafar, sem nám stunda í þeim skóla við gildistöku laga þessara, eiga rétt á að halda áfram námi sínu við Fósturskóla Íslands, eftir að hann er stofnaður, í samræmi við námstilhögun, sem gilti í skólanum, er þeir hófu nám sitt þar.

Skólastjóri Fóstruskóla Sumargjafar á forgangsrétt á starfi skólastjóra við Fósturskóla Íslands, þegar hann verður stofnaður.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fósturskóli Íslands skal taka við störfum Fóstruskóla Sumargjafar, þegar er samningum er lokið við Barnavinafélagið Sumargjöf í Reykjavík um eigur og skuldbindingar skólans.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 29. júní 1971 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, nefnd „til þess að gera tillögur um framtíð Fóstruskólans og tengsl hans við hið almenna fræðslukerfi".

Í nefndina voru skipuð: Sigurður Helgason, stjórnarráðsfulltrúi, formaður, Kristján J. Gunnarsson, skólastjóri, Valborg Sigurðardóttir, skólastjóri, og hinn 5 október 1971 var bætt í nefndina Ásgeiri Guðmundssyni, skólastjóra, samkvæmt tilnefningu Barnavinafélagsins Sumargjafar, og Svandísi Skúladóttur, fóstru, samkvæmt tilnefningu Fóstrufélags Íslands. Nefndin samdi frumvarp til laga um Fóstrunarskóla Íslands, og er það lagt hér fram efnislega óbreytt, en nafni skólans breytt á þann veg, að hann nefnist Fósturskóli Íslands. Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð um störf nefndarinnar og tillögur:

„Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 25. ágúst 1971. Alls voru 8 fundir haldnir á tímabilinu 25. ágúst til 24. febrúar 1972.

Nefndin taldi mikilvægt að afla gagna um tilhögun fóstrumenntunar á Norðurlöndum og kynnti sér einnig það, sem efst er á baugi þar um framtíðarskipun fóstruskólanna. Þá kynnti nefndin sér og fyrirkomulag á fóstrumenntun í nokkrum öðrum Evrópulöndum. Var einkum aflað gagna frá þeim löndum, sem aðild eiga að Evrópuráði, enda tóku 2 nefndarmanna, þau Sigurður Helgason og Valborg Sigurðardóttir, þátt í ráðstefnu Evrópuráðs í Feneyjum í október 1971 varðandi forskólamenntun („pre-school education").

Bent skal og á, að flutt hafa verið frumvörp á Alþingi þess efnis að stofna ríkisrekinn fóstruskóla, árið 1964 og að nýju 1966, flutningsmenn Einar Olgeirsson og Geir Gunnarsson, og árið 1971, flutningsmaður Gils Guðmundsson. Þessi frumvörp náðu ekki fram að ganga, svo sem kunnugt er.

Nefndarmenn urðu þegar á fyrsta fundinum sammála um, að hagur Fóstruskólans yrði bezt tryggður með því að gera hann að ríkisskóla. Var Valborgu Sigurðardóttur falið að semja frumdrög að lagafrumvarpi þess efnis. Nefndin hefur síðan gengið frá frumvarpinu á grundvelli þeirra draga.

Fóstrumenntun á Íslandi.

Barnavinafélagið Sumargjöf stofnaði árið 1946 Fóstruskóla Sumargjafar (eða Uppeldisskóla Sumargjafar eins og hann var nefndur um árabil). Rak Barnavinafélagið Sumargjöf þá 3 barnaheimili í Reykjavík, en hafði engum sérmenntuðum fóstrum á að skipa að undanskildum 2 af forstöðukonum þessara heimila. Sá félagið sem var, að eigi yrði unnt að reka þessi heimili sem uppeldisstofnanir, ef ekki yrði kleift að fá fóstrumenntað fólk til starfa. Var því horfið að því ráði að

stofna fyrrnefndan skóla til þess að anna þessu hlutverki. Félagið fékk góðar undirtektir hjá Reykjavíkurborg og tókst að fá hjá borginni fjárstyrk til reksturs skólans gegn því að ríkið legði skólanum til sömu fjárupphæð. Hefur félagið æ síðan rekið Fóstruskólann með fjárhagslegum atbeina þessara aðilja. Í reyndinni hefur skólinn þó notið meiri fjárstuðnings frá Reykjavíkurborg, þar sem Sumargjöf hefur ævinlega greitt allan rekstrarhalla, og verður hann æ meiri eftir því sem skólinn stækkar.

Skólinn var í upphafi tveggja ára skóli, og skiptist þá hvert ár í 2 annir, bóklega og verklega. Síðar var bóklega námið lengt. Var þá bóklegt nám nær eingöngu báða veturna, en verklega námið færðist yfir á sumarið á milli. En árið 1966 var skólinn lengdur enn á ný. Hafin var starfsemi undirbúningsdeildar, sem hófst með 2ja vikna bóklegu námi, en við tók 7 mánaða verklegt nám. Þannig er Fóstruskóli Sumargjafar þegar orðinn nánast þriggja ára skóli, og er þessum tíma skipt nokkurn veginn til helminga í bóklegt og verklegt nám.

Verklega námið fer fram á barnaheimilum Sumargjafar í Reykjavík svo og á barnaheimilum í Kópavogi og Hafnarfirði.

Bóklega námið skiptist í eftirfarandi námsgreinar:

1. **Uppeldisgreinar:** Barnasálfræði, almenn sálarfræði, uppeldisfræði, þ. á m. ungbarnameðferð, starfshætti á dagheimilum og leikskólum og fyrirkomulag þeirra. Sálar- og uppeldisfræði afbrigðilegra eða þroskaheftra barna.
2. **Félagsgreinar:** Almenn þjóðfélagsfræði, félagsmálalöggjöf, þ. á m. barnavernd og almannatryggingar.
3. **List- og verkgreinar:** Söngur, gítar- og flautuleikur, „rytmik", myndið og myndmótun, „dramik" (leiksköpun).
4. **Móðurmálsgreinar:** Íslenzka, framsögn, íslenzkar bókmenntir, barnabókmenntir.
5. **Aðrar greinar:** Líkams- og heilsufræði, átthagafræði, náttúrufræði.

Þegar Fóstruskólinn tók til starfa, haustið 1946, voru aðeins 9 nemendur í skólanum. Fram til ársins 1962 voru að jafnaði 10 til 12 stúlkur í hverjum árgangi, en þá voru nemendur teknir í skólann annað hvert ár.

Árið 1962 var horfið að því ráði að veita nemendum inntöku ár hvert, enda þótt skólinn ætti við húsnæðisþrengsli og erfið kjör að búa. Var þá fyrirsjáanlegur mikill skortur á fóstrum, þar sem allmikil fjölgun á barnaheimilum var hafin í Reykjavík, auk þess sem barnaheimilum úti á landi fjölgaði. Jafnframt tók aðsókn að skólanum að aukast um þetta leyti, og hefur hún farið hraðvaxandi með ári hverju.

Alls hafa verið brautskráðar 278 fóstrur frá Fóstruskóla Sumargjafar. Vorið 1972 bætast væntanlega 35 fóstrur í hópinn, og er það stærsti árgangur, sem brautskráður hefur verið. Að þessu skólaári loknu mun þá skólinn alls hafa brautskráð 313 fóstrur.

Haustið 1971 voru alls 116 nemendur í skólanum: 35 í 2. bekk, 28 í 1. bekk, en 53 í undirbúningsdeild. Aldrei áður hafa svo margir nemendur verið teknir í skólann, að skipta þyrfti hópnum í tvær bekkjardeildir. Verður það væntanlega gert í framtíðinni, ef viðunandi húsnæði fæst og fjárhagsaðstæður leyfa. Umsækjendur um skólavist haustið 1971 voru 130, en eins og áður segir fengu 53 inngöngu í undirbúningsdeild, að fengnu fyrirheiti um aukið húsnæði haustið 1972, er þessir nemendur koma til bóklegs náms í 1. bekk.

Lengst af kom svipaður fjöldi nemenda frá Reykjavík og öðrum hlutum landsins. En seinni árin hefur nemendum utan af landi farið ört fjölgandi. T. d. eru aðeins 19 stúlkur frá Reykjavík í undirbúningsdeildinni í ár, en 34 utan af landi.

Vaxandi þörf á fóstrum og starfssvið fóstrumenntaðs fólks.

Í Reykjavík eru starfandi á vegum Barnavinafélagsins Sumargjafar 21 barnaheimili og 2 skóladagheimili. Á þessu ári er gert ráð fyrir, að 2 ný barnaheimili

til viðbótar — 1 leikskóli og 1 dagheimili — taki til starfa. Innan fárra ára munu mörg barnaheimili rísa af grunni á vegum Reykjavíkurborgar og annarra bæjarfélaga. Aldrei hefur áhugi á þessum stofnunum verið meiri eða almennari en nú allra síðustu árin og eru kröfur um fjölgun þeirra æ háværari. Hefur núverandi ríkisstjórn sýnt þessum kröfum þann áhuga að skipa nefnd til þess að kanna þörfina á barnaheimilum og gera tillögur um þátttöku ríkisins í rekstri og uppbyggingu þeirra. Þau barnaheimili, sem þegar eru starfrækt, skortir enn fóstrur, ekki sízt úti á landi. Auknar kröfur um lengdan opnunartíma á dagheimilum krefjast vaktaskipta, og það eitt stóreykur þörf fyrir fleiri fóstrur. Úti á landi eru a. m. k. 20 barnaheimili, þ. e. leikskólar og dagheimili, í 19 bæjarfélögum. Aðeins helmingur þessara stofnana hefur fóstrulærðar forstöðukonur, og aðeins örfáar þeirra hafa með sér fóstrur til starfa.

Starfssvið fóstra er ekki bundið við dagheimili og leikskóla, þótt hingað til hafi mest áherzla verið lögð á að mennta þær til starfa þar. Auk þess sem skortur er á fóstrum á umræddum stofnunum, má minna á, að mikil eftirspurn er eftir fóstrum á fjölda stofnana, þar sem börn á aldrinum 0—7 ára dveljast um lengri eða skemmri tíma, og er vaxandi þörf á þeim þar. Sem dæmi um slíkar stofnanir eru:

Forskólabekkir barnaskólanna. Bent skal á, að á Norðurlöndum öllum starfa fóstrur við þessa bekki.
Dagheimili fyrir vangefin börn.
Vistheimili fyrir vangefin börn.
Heyrnleysingjaskólinn.
Blindraskólinn.
Vistheimili eða upptökuheimili fyrir munaðarlaus eða vanrækt börn, t. d. Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins og upptökuheimilið að Dalbraut.
Sérskólar, t. d. Höfðaskólinn, Jaðar, Hlaðgerðarkot.
Stofnanir fyrir fötluð og lömuð börn.
Sjúkrahús; almennar barnadeildir og geðdeildir fyrir börn.
Sumardvalarheimili fyrir borgarbörn.

Enn er eftirspurn eftir fóstrum bæði á **skóladagheimilum** og í **heimavistum** fyrir yngstu börn barnaskólanna og á **leikvöllum** í bæjum og þorpum. Í Svíþjóð og í Danmörku eru sérstakir skólar — Fritidspædagogsseminarium — sem mennta fólk til starfa á umræddum stofnunum, svo kallaða „fritidspædagoger“ eða tómstundakennara. Er þeim einnig ætlað að vinna á elliheimilum og er það nýmæli. Kæmi til greina að stofna slíka skóla hér á landi, en hugsanlegt er einnig að færa þessa menntun inn í Fóstruskólann sem valgrein, t. d. síðasta árið, þar sem grunnmenntun þessara tveggja skóla er mikið til hin sama. Í 2. gr. frumvarpsins er heimild til að fela Fóstruskólanum að annast þessa menntun.

Loks er brýn þörf á fóstrum með framhaldsmenntun til **kennslu og verknámsleiðbeininga** við Fóstruskólann og sem eftirlitsmenn eða **uppeldisráðgjafa** (konsulent) fyrir barnaheimilin í landinu og við dagvistun á einkaheimilum.

Þegar á allt þetta er litið, er ljóst að efla þarf fóstrumenntunina í landinu, treysta hana og koma henni á fastan grundvöll. S. l. haust var eins og áður greinir næstum tvöföldun tala nemenda, sem teknir voru í skólann. Er útilokað að starfrækja og efla svo stóra og vaxandi stofnun, nema henni sé komið á traustan fjárhagslegan grundvöll og séð fyrir viðunandi húsnæði, tækjum öllum og útbúnaði, að ógleymdu nægu starfsliði.

Nefndin telur sér ekki fært að gera ákveðnar tölulegar áætlanir um þörf á fóstrum á næstu árum, þar eð einhlítar áætlanir um fjölgun á barnaheimilum í landinu liggja ekki fyrir. **Hitt er ljóst, að ógerningur er að fjölga barnaheimilum án þess að tryggja að sama skapi nægilega fjölgun sérmenntaðs starfsliðs. Ella verða þessi barnaheimili miður æskilegar gæzlustöðvar fyrir börn, en ekki uppeldisstofnanir.** Þörfin á sérmenntuðum fóstrum hlýtur að verða gífurleg í náinni framtíð, og þolir því efling og stækkun Fóstruskólans enga bið.

Fóstrumenntun erlendis.

Fóstrumenntun er mjög mismunandi í hinum ýmsu löndum Evrópu og Ameríku.

Í **Svíþjóð** voru fóstruskólar („Förskoleseminarium") áður bæði reknir af bæjarfélögum og ýmsum félagasamtökum. En árið 1963 voru þeir allir gerðir að ríkisskólum og heyra nú undir menntamálaráðuneytið. Eru þeir nú 14 talsins.

Sænsku skólarnir eru 2ja ára skólar, og skiptist námið að jöfnu í bóklegt og verklegt nám. Lágmarksinntökuskilyrði eru, að nemandi hafi lokið grunnskólaprófi, sé fullra 19 ára og hafi unnið við gæzlu ungbarna tiltekinn tíma á einkaheimili eða vöggustofu, og unnið að gæzlu eldri barna á forskólaaldri á stofnunum undir handleiðslu fóstru eða sérmenntaðs fólks. Þess ber þó að geta, að krafizt er tiltekinna einkunna í ensku, teikningu og föndri. Í reyndinni eru menntunarkröfurnar meiri en að ofan greinir, þar eð aðsókn að skólunum er mikil. Allstór hópur stúdenta er t. d. meðal nemenda.

Mikill áhugi er á því að lengja fóstrunámið um 1 ár, en tillögur í þá átt hafa ekki náð fram að ganga enn þá.

Fóstruskólapróf veitir réttindi til að starfa á stofnunum fyrir forskólabörn (0—7 ára), þ. e. dagheimilum og leikskólum. Benda skal sérstaklega á, að í Svíþjóð eru 6 ára börn á leikskólum og dagheimilum, en ekki í barnaskólum eins og stefnt er að á Íslandi hin síðari ár. Stefna Svía í þessu máli er sú að gera forskólann fyrir aldurinn 5—7 ára að skylduskóla og ætlazt er til að fóstrur, en ekki kennarar skyldunámsstigsins, starfi með þessum börnum. Þess má og geta, að í Svíþjóð hafa fóstrur tekið upp starfsheitið „förskolelärare" í staðinn fyrir hið gamla heiti „barnträdsgårdslärare". Sama gera og Norðmenn.

Í **Danmörku** hafa fóstruskólar til skamms tíma verið 2ja ára einkaskólar. En með lögum frá 21. maí 1969 hefur fóstrumenntunin verið lengd upp í 3 ár. Komu þau lög fyrst til framkvæmda 1. ágúst 1970. Eftir hinu nýja fyrirkomulagi hafa því engar fóstrur verið brautskráðar enn þá. Fóstruskólarnir eru nú ríkisskólar og einkaskólar, sem njóta styrks frá ríkinu.

Inntökuskilyrði eru, að nemandi þarf að vera 18 ára að aldri, hafa unnið á viðurkenndum stofnunum fyrir börn eða unglinga undir 18 ára aldri í 4 mánuði, og hafa lokið burtfararprófi úr 9. eða 10. bekk. Undanfarin 10 ár eða svo hafa einstaka karlmenn gengið í fóstruskóla í Danmörku og munu nú u. þ. b. 10% af nemendum í fóstruskólunum vera karlmenn.

Fóstruskólar í Danmörku eru 20. Tekið er fram í lögum um fóstruskólana, að markmið þeirra sé að mennta uppalendur til starfa á leikskólum, dagheimilum og forskólabekkjum („börnehaveklasser") barnaskólanna. Eingöngu fóstrur vinna við forskóladeildirnar í Danmörku. „Börnehaveklasser" eiga sér langa sögu í Danmörku. Starfsemi þeirra var hafin í byrjun 20. aldarinnar, og hafa fóstrur starfað við þær stofnanir frá upphafi.

Í **Finnlandi** eru fóstruskólarnir 2ja ára skólar. Lágmarksinntökuskilyrði eru miðskólapróf, en í reyndinni eru langflestir nemendur stúdentar. Í sumum fóstruskólunum er undantekning, ef nemandi hefur ekki stúdentspróf. Fóstruskólarnir hafa til þessa flestir verið einkaskólar.

Á tímabilinu 1971—1973 eiga að starfa tilraunadeildir fyrir 6 ára börn við nokkra barnaskóla á ýmsum stöðum í Finnlandi. Hefur menntamálaráðuneytið skipað nefnd til þess að skipuleggja og fylgjast með þessum tilraunum, og gera síðan áætlanir um slíka forskólastarfsemi í framtíðinni.

Hingað til hafa 6 ára börn gengið í leikskóla og átt þar forgangsrétt umfram aðra aldursflokka.

Fóstruskólar í **Noregi** eru 2ja ára skólar. Þeir eru ýmist einkastofnanir eða reknir af bæjarfélögum, en hljóta ríkisstyrk nú orðið að ⅔ hlutum. Þeir eru 9 í landinu. Er ætlunin að gera þá að ríkisskólum á þessu ári, þ. e. 1972. Búizt er og við, að þeir verði 3ja ára skólar í náinni framtíð.

Við nokkra kennaraskóla hafa nýlega verið stofnaðar sérstakar deildir, sem

veita fóstrumenntun með líku sniði og fóstruskólarnir. Inntökuskilyrði eru stúdentspróf eða sambærileg menntun, og 12 mánaða starf á dagvistunarstofnunum fyrir börn, „sérstofnunum“ eða á heimilum, þar sem lítil börn eru. S. l. 5 ár hefur nemendum með stúdentspróf farið ört fjölgandi, svo að nú eru langflestir nemendur með þá menntun.

Benda má á, að fóstrur hafa um nokkurra ára skeið verið aðilar að kennarasamtökunum í Noregi. Þær kenna við 6 ára deildir barnaskólanna eins og í Danmörku.

Í **Belgíu, Hollandi** og Sviss eru fóstruskólar óháðir kennaraskólunum eins og á Norðurlöndunum öllum.

Í **Hollandi** t. d. eru fóstruskólar og kennaraskólar 3 ára skólar. Undirbúningsmenntun er hin sama fyrir báða skólana og mun hún jafngilda miðskóla- eða gagnfræðamenntun hér á landi. Lágmarksaldur til inngöngu í fóstruskóla er 15—16 ára aldur. Framhaldsmenntun fóstru í eitt ár veitir réttindi til að verða forstöðukona. Fóstruskólar í Hollandi eru ekki ríkisskólar, en njóta flestir ríkisstyrks. Um 80% barna á aldrinum 4—6 ára eru í leikskólum. Skólaskylda hefst, er börnin eru 6½ árs.

Í **Englandi** hljóta „nursery teachers“ eða fóstrur menntun sína í almennum kennaraskólum. Fá þær sams konar menntun og almennir kennarar. Í sumum kennaraskólunum er þó sérhæfð námsskrá fyrir verðandi „infant and nursery teachers“ (en þeir hafa á hendi uppeldi og kennslu barna fram til 7 ára aldurs). Einstaka kennaraskólar eru þekktir fyrir að leggja sérstaka áherzlu á fóstrunám eða undirbúning fyrir „nursery and infant teachers“, en þeir, sem brautskrást þaðan, hafa þó um leið almenn kennararéttindi (t. d. Rachel McMillan College í London).

Í **Skotlandi** verða þeir kennarar, sem hafa hug á að starfa í leikskólum og yngstu deildum barnaskólanna (5—7 ára), að ljúka 1 árs viðbótarnámi eftir almennt kennarapróf og fá þá „The Infant and Nursery School Teachers External Certificate“.

Í **Bandaríkjunum** er fóstrumenntun 4 ára háskólanám. Fyrstu 2 árin veita almenna menntun, en síðari 2 árin veita sérmenntun varðandi fóstrustörf. Námi er lokið með B.A.-prófi.

Framhaldsmenntun fyrir fóstrur á Norðurlöndum.

„Árskursus“ við Kennaraháskólann í Kaupmannahöfn veitir fóstrum 1 árs framhaldsmenntun. Framhaldsmenntun þessi er einkum ætluð forstöðukonum og verðandi kennurum og verknámsleiðbeinendum við fóstruskólana. Til þess að komast í skólann þarf fóstra að hafa unnið a. m. k. í 3 ár á uppeldisstofnunum.

Við kennaraháskólana í Stokkhólmi, Gautaborg og Málmey geta fóstrur aflað sér viðbótarmenntunar í uppeldi afbrigðilegra eða þroskaheftra barna, eins og t. d. heyrnarskertra, blindra og vangefinna barna, fatlaðra, lamaðra og taugaveiklaðra, svo og meðferð barna á sjúkrahúsum. Tekur nám þetta frá 1—3 kennslumisseri eftir starfsgreinum. Við kennaraskólann í Stokkhólmi er einnig um framhaldsmenntun að ræða fyrir verknámsleiðbeinendur og kennara við fóstruskólana. Þarf fóstra að hafa unnið við fóstrustörf til að fá að taka þátt í námskeiðum þessum.

Í Osló geta fóstrur stundað framhaldsnám við „Statens Speciallærarskole“ varðandi uppeldi afbrigðilegra og þroskaheftra barna. Tekur það nám 1—2 ár.

Efni frumvarpsins og nýmæli, miðað við núverandi starfsemi Fóstruskóla Sumargjafar.

Um fóstrumenntun hér á landi hefur fram til þessa ekki verið sérstök lagasetning. Samning frv. þessa er að því leyti sérstætt verkefni, að hér er verið að móta frv. til laga um skóla, sem starfað hefur í 25 ár. Er þá eðlilegt að miða sem mest við þá miklu reynslu, sem fengizt hefur, og færa sér hana í nyt. Nefndarmenn

voru á einu máli um, að skólinn ætti framvegis að starfa á svipuðum grundvelli og verið hefur, þótt skipulagsbreyting sé knýjandi og m. a. sé eðlilegt að móta að nýju inntökuskilyrði í skólann. Með frv. er einnig leitazt við að marka skólanum stöðu í fræðslukerfi þjóðarinnar, en í því efni skipta tengslin við Kennaraháskóla Íslands mestu máli. Er einsætt, að milli þessara tveggja skóla þarf að vera náið samband, eins og ávallt hefur verið milli Fóstruskólans og Kennaraskólans. Er að þessu vikið í 6. gr. frv.

Við samningu frv. hefur verið höfð hliðsjón af innlendri skólalöggjöf, auk þess lögum um fóstrumenntun erlendis og nýjustu hugmyndum, sem uppi eru í því efni.

Svo sem greint var, byggist frv. á þeirri stefnu, að Fóstrunarskóli Íslands taki við störfum Fóstruskóla Sumargjafar og að hinn nýi skóli starfi með svipuðum hætti og hinn síðarnefndi skóli. Þó gætir ýmissa nýmæla í frv. um starfsemi hins nýja skóla, sem stofna skal til. Skal þessa nú getið og jafnframt gerðar fáeinar athugasemdir um efni frv. í heild sinni.

1. Frv. er á því reist, að Fóstruskólinn verði gerður ríkisskóli, sbr. 1. gr. Skólinn er jafnt fyrir karla sem konur, sbr. 1. gr. 2. málsgr. Þykir rétt að árétta það með því að breyta nafninu úr Fóstruskóla í Fóstrunarskóla, sbr. að sínu leyti breytingar á nafni Hjúkrunarkvennaskólans í Hjúkrunarskóla með lögum nr. 35/1962.

2. Starfssvið skólans er hægt að rýmka nokkuð frá því sem nú er, sbr. t. d. 2. gr. 2. málsgr., sem heimilar að fela skólanum að mennta starfslið fyrir skóladagheimili.

3. Tekið er sérstaklega fram í 5. gr., að skólinn skuli annast endurmenntun og viðbótarmenntun starfsfólks á þeim uppeldissviðum, sem starfsemi skólans tekur til. Skólinn hefur fengizt við þetta verkefni, en brýn nauðsyn er á að efla það til mikilla muna.

4. Ákvæðin í II. kafla frv. eru samin með hliðsjón af skólalöggjöfinni nýjustu. Eru þar fyrirmæli um skólanefnd, skólaráð og nemendaráð.

5. Í ákvæðunum í III. kafla frv. um inntökuskilyrði gætir nokkuð nýmæla frá því, sem tíðkazt hefur undanfarin ár um inntöku í skólann. Horfa þau til að auka kröfur til undirbúningsmenntunar nemenda. Jafnframt eru þau þannig úr garði gerð, að þau eru ekki einskorðuð við tiltekna menntunargerð, heldur kemur ýmiss konar menntun til greina, sbr. 10. gr. frv.

6. Ákvæði IV. kafla frv. um nám, námstíma og námstilhögun eru í öllum meginatriðum staðfesting á þeirri tilhögun, sem nú gildir í skólanum og fengið hefur á sig núverandi snið, miðað við margra ára reynslu. Ýmiss konar breytingar geta orðið á námsgreinum, og þykir því óráðlegt að telja upp námsgreinar með nákvæmum hætti í frv. Er eðlilegra að láta það ákvæði velta á reglugerðarákvæðum. Höfuðnámssviða er þó getið í 12. gr. frv. Ákvæði 14. gr. um æfinga- og tilraunastofnun er nýmæli, sem er mjög mikilvægt fyrir framtíðarstarfsemi skólans, og vísast um það til athugasemda við þá grein.

7. Ákvæðin í V. kafla (um námsáfanga og próf), VI. kafla (um starfslið og starfskjör), VII. kafla (um húsrými og tæki), VIII. kafla (um heilsuvernd) og IX. kafla (ýmis ákvæði) eru í samræmi við hliðstæð ákvæði í skólalöggjöf síðustu ára hér á landi.

8. Í X. kafla eru ákvæði til bráðabirgða, sem tengja Fóstruskólann, eins og hann nú er, við hinn nýja skóla, sem frv. mælir fyrir um.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Hér eru ákvæði um skipulag Fóstrunarskóla Íslands, hlutverk hans og starfshætti. Það skal áréttað, að þótt mælt sé fyrir um breytt skipulag skólans í 1. gr. þá er gert ráð fyrir, að starfsemi skólans verði í mörgum greinum með svipuðu sniði og verið hefur að undanförnu.

Um 1. gr.

Svo sem rakið er í hinni almennu greinargerð, var Fóstruskólinn stofnaður 1946 af Barnavinafélaginu Sumargjöf, og hefir félagið starfrækt hann með styrk frá ríki og Reykjavíkurborg. Sýndi félagið stórhug og framsýni og glöggan skilning á þörfum barnaheimila í landinu, er það beitti sér fyrir stofnun skólans.

Nefndin hefur virt fyrir sér tilhögun á fóstrunámi erlendis og þá kosti, sem fyrir hendi eru hér á landi um fyrirkomulag fóstrumenntunar. Er það samdóma álit nefndarinnar, að reynslan hafi leitt í ljós, að heppilegast sé, að sérstökum skóla sé falið að annast þessa menntun. Fóstruskólinn býr yfir mikilli starfsreynslu á þessu sviði, sem vafasamt er að nýtast mundi, ef menntun þessi væri lögð undir annan skóla, og kæmi þá einkum til Kennaraháskóli Íslands. Sérþörfum þessarar menntunar verður að teljast betur borgið í höndum sérstaks skóla enn um sinn, og inntökuskilyrði er unnt að laga eftir þörfum þessarar sérstæðu menntunar. Hefur þetta mál verið rætt sérstaklega við forráðamenn Kennaraháskóla Íslands. Samstarf þessara stofnana verður hins vegar að vera náið, og er sérstaklega minnt á það í 6. gr. frv.

Ljóst er, að Barnavinafélaginu Sumargjöf er ofviða að starfrækja skólann til frambúðar, enda hefur það óskað eftir því að verða undan því leyst. Til álita kom, að skólinn yrði rekinn með framlagi frá ríki og Reykjavíkurborg (og jafnvel öðrum sveitarfélögum). Slík skipan er þó allflókin og torveld í framkvæmd. Á Norðurlöndum eru fóstruskólar í seinni tíð yfirleitt ríkisskólar, þótt frávik séu frá þeirri meginreglu. Nemendur Fóstruskólans eru hvaðanæva að af landinu, og hin síðustu ár eru nemendur úr Reykjavík í minnihluta, svo sem áður er rakið. Þótt meirihluti brautskráðra fóstra starfi nú í Reykjavík og nágrenni, fer það mjög í vöxt, að barnaheimili og aðrar uppeldisstofnanir, þar sem þörf er á fóstrum, séu staðsett utan Reykjavíkursvæðisins. Benda þessi atriði til þess, að réttmætt sé að skólinn sé ríkisskóli, enda er skólinn samkv. hlutverki sínu og starfsháttum náskyldur Kennaraskóla Íslands (nú Kennaraháskóla Íslands), sem ávallt hefur verið ríkisskóli.

Nauðsynlegt er, að skólinn starfi í Reykjavík, ekki síst vegna verklega námsins á barnaheimilum, en þorri þeirra er enn sem komið er í Reykjavík.

Í 2. málsgr. er mælt fyrir um, að skólinn sé jafnt fyrir karla sem konur, en tekið skal fram, að forráðamenn Fóstruskólans hafa litið svo á, að aðgangur væri að skólanum fyrir bæði kynin, ef á það hefði reynt. Í þessu sambandi má minna á lög 35/1962 um Hjúkrunarskóla Íslands. Um breytingu á nafni skólans úr Fóstruskóla í Fóstrunarskóla er rætt í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 2. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um hlutverk Fóstrunarskóla Íslands. Er það í samræmi við núverandi hlutverk skólans, eins og það hefur smám saman mótazt, en þó er 2. málsgr. nýmæli, miðað við það að tíðkazt hefur.

Aðalverkefni fóstruskóla á Norðurlöndum hefur verið að mennta starfslið til starfs á dagheimilum, leikskólum og forskólabekkjum fyrir börn á aldursskeiði 2ja til 7 ára. Þetta hefur einnig verið verkefni Fóstruskólans, en auk þess hefur skólinn lagt áherzlu á ungbörn og starfshætti á vöggustofum. Hefur menntun fóstra hér á landi einnig tekið til þess að gera þær hæfar til starfa á þessum stofnunum. Á Norðurlöndum hefur þessu atriði verið nokkuð annan veg farið. Þar hefur tíðkazt, að á vöggustofum vnnu aðallega svonefndar „barnpleiersker“ („barnsköterskor“, ungbarnafóstrur). Hafa þær nokkurra mánaða og upp í eins árs nám að baki sér. Við stofnun Fóstruskólans þótti einsætt, að fóstrumenntunin gripi einnig yfir þetta verksvið. Var því verkefni skólans víðtækara að þessu leyti en sambærilegra skóla á Norðurlöndum. Þeirri stefnu vex nú mjög fylgi á Norðurlöndum, að nauðsynlegt sé að fá fóstrur til starfa á vöggustofum, og að störf fóstruskóla nái þá einnig til menntunar starfsliðs á þessum stofnunum. Nefndin er eindregið þeirrar skoðunar, að rétt hafi verið stefnt hjá forráðamönnum Fóstruskólans í upphafi um þetta

atriði, og er 2. gr. frv. miðuð við það stefnumark. Er mönnum í seinni tíð æ ljósara, að staðgóða sérmenntun þarf til þess að annast ungbörn eigi síður en þau sem eldri eru, á hvaða skólastigi sem er.

Í 2. gr. kemur fram, að það sé hlutverk Fóstrunarskóla Íslands að mennta fólk til starfa í forskólabekkjum (með forskólabekk er átt við deildir fyrir 6 ára börn, sem reknar eru á vegum barnskólanna). Er það í samræmi við hlutverk fóstruskóla á Norðurlöndum, þar sem fóstrur starfa með 6 ára börnum. Verður sérstakt mið tekið af þessari menntun í skólanum, en fyllsta samvinna höfð við Kennaraháskóla Íslands um menntunarkröfur og tilhögun þessa hluta námsins. Hefur þetta mál verið rætt sérstaklega við forráðamenn Kennaraháskóla Íslands.

Í 2. málsgr. 2. gr. er heimilað að fela skólanum að mennta starfslið fyrir skóladagheimili og leikvelli. Á Norðurlöndum og raunar einnig hér á landi hefur verið sótzt eftir fóstrum til starfa á heimilum þessum. Í Danmörku og Svíþjóð eru sérstakir skólar fyrir þetta starfsfólk (tómstundakennara), og leysir fólk með menntun frá slíkum skóla smám saman fóstrur af hólmi. Menntun tómstundakennara er í megindráttum mjög svipuð fóstrumenntun, þótt þar sé að vísu meir fjallað um börn á skólaaldri og verklega námið fari aðallega fram á skóladagheimilum. Vafalaust er, að í náinni framtíð vex þörf á starfsliði á skóladagheimilum hér á landi. Hitt orkar tvímælis, hvort unnt verði á næstunni að stofna til sérskóla til að mennta þetta starfslið. Vegna þess hve náin tengsl eru milli menntunar þess starfsliðs, sem hér hefur verið rætt um, og menntunar fóstra, þykir eðlilegt að hafa ákvæði í 2. gr. 2. málsgr. þess efnis, að heimilt sé að fela Fóstrunarskólanum að annast menntun þessa starfsliðs.

Samkv. 2. gr. verður það yfirleitt verkefni Fóstrunarskólans að mennta fólk til uppeldisstarfa á hvers konar uppeldisstofnunum fyrir börn á aldursskeiði frá fæðingu til 7 ára aldurs.

Í þessu frv. eru ekki ákvæði um starfsréttindi brautskráðra nemenda frá Fóstrunarskólanum. Í 37. gr. laga 53/1966 um vernd barna og ungmenna eru þau ákvæði, að ekki megi fela öðrum forstöðu barnaheimilis eða slíkrar uppeldisstofnunar en þeim, sem barnaverndarnefnd, sem í hlut á, eða barnaverndarráð telji þar til hæfa. Hefur ávallt verið litið svo á, að nemendur brautskráðir frá Fóstruskólanum séu hæfir til þessara starfa, og í reyndinni hafa brautskráðir nemendur notið starfsréttinda og viðurkenningar á þeim af hálfu opinberra aðilja, þótt ekki væru þau réttindi lögvarin. Í 2. gr. felst, að nemendur frá skólanum njóti starfsréttinda á þeim stofnunum, sem að er vikið í greininni. Nánari ákvæði í lögum um starfsréttindi fóstra þykja eiga heima í frv. til laga um barnaheimili, sem nú er verið að vinna að, og í frv. um grunnskóla.

Um 3. gr.

Hér eru nánari ákvæði um stefnumörk í starfsemi Fóstrunarskólans. Þau ákvæði tengjast 2. gr. og að sínu leyti 12. gr., þar sem rætt er um námssvið. Megináherzla verður hér eftir sem hingað til lögð á að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að stunda uppeldisstörf á þeim sviðum, sem skólanum er ætlað að fást við. Skipa uppeldis- og sálarfræði öndvegi í námsgreinum, og er þar lögð sérstök áherzla á að veita nemendum innsýn í þróunarsálarfræði barna. Skólanum er sett það stefnumið í greininni að stuðla að alhliða þroska nemenda, þjálfa sjálfstæða hugsun þeirra og temja nemendum sjálfstæð vinnubrögð, en áherzla skal jafnframt lögð á samvinnu nemenda í hópstarfi, hugkvæmni, alúð og skyldurækni í starfi.

Um 4. gr.

Í þessu ákvæði segir, að skólinn skuli fylgjast sem gerst með í nýjungum í uppeldis- og sálarfræði, einkum varðandi barnasálfræði og uppeldisleg markmið, starfshætti og fyrirkomulag þeirra stofnana, sem hér um ræðir. Til þess að rækja þetta hlutverk þarf að búa vel að skólanum með bókakost, og er það áréttað í

21. gr. frv., og svo að veita starfsmönnum skólans kost á námsferðum til annarra landa, sbr. 19. gr. Ef svo er búið að skólanum, má vænta frá honum frjórra hugmynda um uppeldisstofnanir þær, sem starfsemi hans tekur til, en á því sviði eru örar breytingar og mikil þróun. Skiptir miklu fyrir starfsemi og árangur uppeldisstofnana þessara, að rækilega sé fylgzt með þeirri þróun allri, og er eðlilegast að ætla skólanum forystuhlutverk á þessu sviði. Jafnframt er eðlilegt að líta svo á, að skólinn verði, undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, í fyrirsvari gagnvart erlendum stofnunum á þessu sviði.

Um 5. gr.

Þá skal og útvarpa, innan tveggja vikna frá þingsetningu, stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana. Umferðir skulu vera tvær. Í fyrri umferð hefur forsætisráðherra til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka en forsætisráðherrans 20 mínútur hver. Í annarri umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða. Einnig skal útvarpa framsöguræðu fjármálaráðherra um frv. til fjárlaga, þó ekki lengur en 1 klukkustund, ef samkomulag verður milli allra þingflokka um útvarpsumræðurnar að öðru leyti.

14. gr.

1. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:

Á síðari hluta þings skal útvarpa almennum stjórnmálaumræðum. Hver þingflokkur fær til umráða hálfa klukkustund.

15. gr.

Á eftir 53. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Útvarpa skal umræðu um vantraust, ef 9 þingmenn krefjast þess.

16. gr.

54. gr. laganna orðist svo:

Þegar útvarpað er umræðu um önnur mál en þau, er í 51. og 53. gr. segir, fær hver þingflokkur til umráða þrjátíu mínútur.

Þegar útvarpi umræðu samkvæmt þessari grein er lokið, getur umræða haldið áfram eftir venjulegum reglum.

17. gr.

Á eftir 54. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Forseti getur, með samþykki allra þingflokka, ákveðið, að ræðutími í einstökum umferðum skuli vera annar en til er tekið í öðrum greinum þessa kafla.

18. gr.

Aftan við 55. gr. laganna bætist:

Sama gildir, ef þingflokkur óskar, að útvarpað verði umræðum á þingfundi eða hluta af þingfundi.

19. gr.

Á eftir 56. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ef Ríkisútvarpið óskar að útvarpa umræðu eða hluta af umræðu, beinir það tilmælum sínum til hlutaðeigandi forseta. Forseti tekur þau tilmæli á dagskrá og ákveður þingið eða þingdeild, að lokinni umræðu, hvort leyfð skuli. Þegar útvarpað er umræðu á þennan hátt, skal þess gætt, að ræðutími skiptist sem jafnast milli flokka eða mismunandi sjónarmiða.

20. gr.

Á eftir 60. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Í þessum kafla er orðið útvarp notað um hljóðvarp og enn fremur um sjónvarp, eftir því sem við á.

21. gr.

Á eftir 62. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Umræður þingdeildanna og sameinaðs þings, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum, skal prenta jafnóðum og gefa síðan út í Alþingistíðindum.

22. gr.

Orðin „ráðherra synjar ekki og“ í 64. gr. laganna falli niður og enn fremur síðasti málsl. lagagreinarinnar.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 757. Nefndarálit [270. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt efni þess við bankastjóra Seðlabanka Íslands og ríkisviðskiptabankanna og Bjarna Braga Jónsson, forstöðumann áætlunardeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins. Hefur nefndin orðið ásátt um að flytja sameiginlega nokkrar breytingartillögur við frumvarpið. Verða þær prentaðar á sérstöku þingskjali.

Undirritaður meiri hluti leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með nefndum breytingum, en minni hlutinn mun skila séráliti.

Alþingi, 10. maí 1972.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Þórarinn Þórarinsson, frsm.

Karvel Pálmason.

Nd. 758. Nefndarálit [270. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Í skýrslu fjármálaráðherra um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1972 er, eins og venja hefur verið, gerð grein fyrir þróun efnahagsmála að undanförnu og horfum í því efni. Þetta yfirlit sýnir ljóslega þann meginvanda, sem við er að glíma í efnahagsmálum landsins. Þessi vandi er fólginn í því, að þrátt fyrir mikinn vöxt þjóðartekna er rík tilhneiging til þess, að ráðstöfun þessara tekna til neyzlu og fjárfestingar vaxi enn örar en þjóðartekjurnar sjálfar. Afleiðingin verður halli á viðskiptajöfnuði við önnur lönd, skuldasöfnun erlendis og minnkun gjaldeyrisforða. Þróunar í þessa átt varð greinilega vart á árinu 1971. Það ár var eitt allra bezta ár, sem komið hefur hér á landi. Talið er, að þjóðarframleiðsla hafi vaxið um 9.5% frá árinu 1970 og þjóðartekjur um 12.5%. Á hinn bóginn jókst einkaneyzla um 15%, fjármunamyndun um hvorki meira né minna en 42% og ráðstöfun þjóðartekna í heild um 21%. Af þessu leiddi, að sá afgangur, sem verið hafði í viðskiptajöfnuði landsins árin 1969 og 1970, snerist í halla, sem nam hvorki meira né minna en 4000 millj. kr. Ýmsar sérstakar aðstæður, svo sem mikill innflutningur skipa og flugvéla og aukning útflutningsbirgða, áttu þó þátt í að mynda þennan halla, og kemst fjármálaráðherra að þeirri niðurstöðu, að áætla megi þann halla, sem ekki byggist á slíkum sérstökum aðstæðum, 700—800 millj. kr. Segir fjármálaráðherra í skýrslu sinni, að þetta geti „tæplega talizt viðunandi niðurstaða með tilliti til hinna hagstæðu ytri skilyrða". Er í þessum ummælum sannarlega ekki tekið djúpt í árinni.

Á árinu 1972 er samkvæmt skýrslu fjármálaráðherra gert ráð fyrir, að þjóðartekjur vaxi enn um 5—7% frá árinu 1971. Ljóst er, enda látið að því liggja í skýrslunni, að þessi áætlun er mjög óviss, þar sem ekki er unnt að sjá fyrir aflabrögð og nokkrar blikur eru á lofti, að því er snertir þróun verðlags á útflutningsvörum okkar. Getur því í þessu efni brugðið til beggja vona. Aftur á móti eru allar horfur á, að einkaneyzla vaxi álíka mikið og á s. l. ári, þ. e. um 15%, og veruleg aukning verði á innlendum þáttum fjármunamyndunar, þannig að fjármunamyndunin í heild verði að minnsta kosti álíka mikil og árið á undan þrátt fyrir minni innflutning skipa og flugvéla. Með þessu móti mundi ráðstöfun þjóðartekna aukast um ekki minna en 10—11% á árinu, eða mun meira en aukning þjóðartekna verður samkvæmt þeim tiltölulega bjartsýnu forsendum, sem valdar hafa verið. Hallinn á viðskiptajöfnuði mun því ekki minnka, heldur fara vaxandi og afleiðingin verða aukin skuldasöfnun og þverrandi gjaldeyrisforði í eindæma góðæri.

Um þessar horfur segir fjármálaráðherra svo í skýrslu sinni: „Allt bendir til, að enn verði að gera ráð fyrir mikilli aukningu innflutnings á þessu ári, væntanlega á bilinu 18—20%, þótt gert sé ráð fyrir verulega minni innflutningi skipa og flugvéla en áður. Verður þess því tæplega varizt, að viðskiptahallinn verði álíka mikill eða jafnvel nokkru meiri en á síðasta ári, án þess að jafnframt gefist jafnmikið tilefni til erlendrar lántöku til mótvægis. Verður að sæta því, þótt nokkuð gangi á gjaldeyrisforðann á árinu, í von um, að miði í jafnvægisátt með næsta ári."

Hér er sannarlega farið hægt í sakirnar. Allar þær upplýsingar, sem fyrir liggja í skýrslunni sjálfri, ásamt því, sem alkunnugt er um ört vaxandi verðbólgu í landinu og viðbrögð almennings við þeirri þróun, benda eindregið til þess, að viðskiptahallinn muni ekki standa í stað, heldur aukast. Hefur jafnvel verið búizt við, að gjaldeyrisforðinn kynni að rýrna um helming á einu ári, nema mjög auknar og óvenjulegar erlendar lántökur komi til skjalanna. Engin ástæða er heldur til að ætla, að þessi þróun snúist við af sjálfu sér, eins og ummæli fjármálaráðherra þó virðast geta

gefið til kynna. Þvert á móti má búast við, að sífellt sígi meir á ógæfuhliðina, meðan fylgt er óbreyttri stefnu.

Til þess að unnt sé að glíma við þann vanda efnahagsmálanna, sem að framan er lýst, er nauðsynlegt, að fylgt sé ákveðinni og samræmdri stefnu, sem nái til allra þátta efnahagslífsins. Verðstöðvunin, sem fyrrverandi ríkisstjórn kom á í nóvember 1970, hafði meðal annars þann tilgang að búa í haginn fyrir slíka almenna stefnumótun. Núverandi ríkisstjórn virðist hins vegar annaðhvort ekki hafa skilið nauðsyn slíkrar stefnumótunar eða ekki náð tökum á henni, nema hvort tveggja sé. Flestar þær ráðstafanir, sem ríkisstjórnin framkvæmdi, fyrst eftir að hún tók við völdum, stefndu í átt til aukinnar þenslu í efnahagsmálum og meiri halla á viðskiptajöfnuði í stað hins gagnstæða. Afnám á greiðslum í verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, á meðan útflutningsverð var enn hækkandi, og afgreiðsla fjárlaga með meiri hækkunum útgjalda en dæmi eru til um áður, skiptu mestu máli í þessu sambandi. Einstakar hækkanir gjalda og skatta, sem síðan hafa verið framkvæmdar, hafa hins vegar litla þýðingu til að stemma stigu við þenslunni, þar sem þær eru ekki liðir í almennri og samræmdri stefnu, sem getur vakið tiltrú á því, að árangur náist.

Sú framkvæmda- og fjáröflunaráætlun, sem nú er lögð fram, er með sama markinu brennd og aðrar aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Hún felur í sér mikla aukningu útgjalda og ráðstafanir til fjáröflunar innanlands og utan, sem hljóta að auka þann vanda, sem við er að etja, í stað þess að draga úr honum. Jafnframt felur áætlunin ekki í sér neitt skipulegt val á milli framkvæmda og verkefna, sem ætti þó að vera annar megintilgangur slíkrar áætlunar.

Núverandi ríkisstjórn hefur látið mjög í veðri vaka, að áætlanagerð skuli aukin og efld og framkvæmdum raðað í forgangsröð, þannig að þær, sem mikilvægari væru, gengju fyrir öðrum. Eins og alkunnugt er, var ný stofnun, Framkvæmdastofnun ríkisins, sett á laggirnar í því skyni að vinna að þessum málum undir yfirstjórn sjö manna þingkjörinnar stjórnar og þriggja manna framkvæmdaráðs stjórnarflokkanna sjálfra, hinna svokölluðu „pólitísku kommissara".

Sú framkvæmda- og fjáröflunaráætlun, sem nú er lögð fram, er fyrsta áætlun, sem runnin er undan rifjum hinnar nýju stofnunar. Ekki ber þó þessi áætlun nein merki um bætt vinnubrögð eða eflingu áætlunargerðar frá því, sem áður var, nema síður sé. Skýrsla fjármálaráðherra er óvenju seint á ferðinni, lögð fram í þinglok, hinn 5. maí, en var lögð fram 18. marz á s. l. ári. Að formi til fylgir skýrslan nákvæmlega þeim skýrslum, sem fyrrverandi fjármálaráðherra hefur gefið um margra ára skeið. Innihald skýrslunnar, áætlunin sjálf og frumvarpið til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar 1972 bera þess hins vegar glögg merki, að hvorki hin nýja stofnun né ríkisstjórnin sjálf hefur náð neinum tökum á því verkefni, sem fyrir liggur. Verkefnið er að meta framkvæmdagetuna í ljósi almenns ástands og þróunar efnahagsmála og velja framkvæmdir innan þess ramma, sem það mat setur. Þetta er vandasamt verkefni, sem samhentri ríkisstjórn hefur þó tekizt að leysa þolanlega á undanförnum árum. Nú bregður hins vegar svo við, að engin alvarleg tilraun er gerð til að finna raunhæfan ramma fyrir framkvæmdagetuna. Á sama tíma sem vinnuaflsskortur er meiri en um langt skeið og ekki eru horfur á, að unnt sé að reka sjávarútveg og iðnað með fullum afköstum af þeim sökum, er stefnt að aukningu framkvæmda, sem samkvæmt mati fjármálaráðherra kallar á 1000 manna aukningu, sem valda mundi vaxandi erfiðleikum hjá undirstöðuatvinnuvegunum. Á sama tíma sem minnkandi sparnaður í landinu torveldar bönkum að fullnægja þörf atvinnuveganna fyrir rekstrarfé á að tífalda sölu spariskírteina og annarra skuldabréfa og draga þannig miklar fjárhæðir frá bönkum og sparisjóðum. Á sama tíma og viðskiptajöfnuður landsins er með miklum halla er stefnt að auknum framkvæmdum, sem ásamt vaxandi neyzlu munu, samkvæmt mati fjármálaráðherra sjálfs, leiða til 18—20% aukningar innflutnings á þessu ári, enda þótt gert sé ráð fyrir minni innflutningi skipa og flugvéla en árið áður.

Hvorki skýrsla fjármálaráðherra né frumvarpið um lántökuheimildina bera þess merki, að nokkur alvarleg tilraun hafi heldur verið gerð til þess að velja á milli

framkvæmda og viðfangsefna. Enga röksemdafærslu eða skýringar er að finna fyrir þeirri ráðstöfun fjár, sem áætlunin gerir ráð fyrir. Vinnubrögðin hafa meira að segja verið svo handahófskennd, að meiri háttar misræmis gætir á milli frumvarpsins og greinargerðar þess annars vegar og skýrslu fjármálaráðherra hins vegar. Þannig gerir frumvarpið ráð fyrir mun minni erlendri lánsfjáröflun en skýrsla fjármálaráðherra og annarri skiptingu þess fjár. Kemur þetta fram á eftirfarandi yfirliti:

Erlend lánsfjáröflun vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1972.

	Samkv. frv. um heimild til lántöku m.kr.	Samkv. framkv.- og fjáröfl.áætl. í skýrslu fjármálaráðherra m.kr.
Lán frá Iðnþróunarsjóði vegna skipasmíða	–	50
Erlent lán til Fiskveiðasjóðs	330	330
— — — Áburðarverksmiðju	56	56
— — — Laxárvirkjunar	81	81
— — — til flutningslínu raforku á Norðurlandi	60	–
— — — Lánasj. sveitarfélaga vegna hitaveituframkvæmda	–	70
— — — Byggðasjóðs vegna togaralána	–	45
Samtals	527	632

Til viðbótar þessu misræmi er í vegáætlun gert ráð fyrir 50 millj. kr. innlendri og hugsanlega meiri háttar erlendri lántöku, sem ekkert tillit er tekið til, hvorki í frumvarpinu né í skýrslu fjármálaráðherra.

Erlendar lántökur munu því aukast hraðar en sem nemur aukningu þjóðartekna. Greiðslubyrðin út á við eykst meir en nokkru sinni fyrr, og af því mun leiða minnkandi möguleika til frekari lánsfjáröflunar vegna brýnustu verkefna framtíðarinnar.

Ekki er unnt að draga aðra ályktun af þessum vinnubrögðum en að innan stjórnarinnar og innan Framkvæmdastofnunarinnar hafi í sífellu togazt á mismunandi sjónarmið, án þess að tekizt hafi að ná almennri yfirsýn yfir viðfangsefnið og samræma sjónarmiðin innan marka raunhæfrar framkvæmdagetu. Í samræmi við þetta er sú „framkvæmdaáætlun“, sem hér er lögð fram, í rauninni engin áætlun, heldur hrærigrautur alls konar fyrirætlana. Verkið, sem leysa þarf af hendi, hin raunverulega áætlunargerð, er óunnið, og er það auðsjáanlega ekki á færi ósamstæðrar og forustulausrar ríkisstjórnar að leysa það af hendi.

Með hliðsjón af framanrituðu munum við undirritaðir ekki standa að samþykkt frumvarpsins, en flytjum hins vegar ásamt öðrum nefndarmönnum breytingartillögur við frv. vegna framkvæmda, sem við teljum, að ekki eigi að sitja á hakanum, eins og virðist hafa verið gert ráð fyrir, þar sem flest þau verkefni þola enga bið og taka hefði átt meira tillit til þeirra en gert hefur verið við samningu frumvarpsins.

Alþingi, 12. maí 1972.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. Matthías Bjarnason.

Nd. 759. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Til þess að flýta fyrir afgreiðslu frv. milli deilda var tveimur þingmönnum úr allsherjarnefnd hvorrar þingdeildar ásamt skrifstofustjóra Alþingis falið að athuga frv. og umsóknir, er því fylgdu, og umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar bárust nefndinni. En þetta er sama málsmeðferð og verið hefur á afgreiðslu sams konar frv. á undanförnum árum.

Að athugunum þessum loknum varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja breytingartillögu við 2. gr. frv.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar. Þykir rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti, en þær eru þessar:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalizt.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.
3. Karl eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eigi íslenzkan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin með því, að þeim 11 umsækjendum, sem taldir eru í 1. gr. frv. eins og hún er nú, og 22 umsækjendum, sem taldir eru upp í breytingartillögu nefndarinnar á sérstöku þingskjali, verði nú veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Enginn umsækjenda, sem nefndin leggur til að öðlist íslenzkan ríkisborgararétt, hefur, að því er bezt verður vitað, sætt þeim viðurlögum hér á landi, sem hindri, að honum verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Alþingi, 10. maí 1972.

Svava Jakobsdóttir, form., frsm.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson.
Gísli Guðmundsson.	Stefán Gunnlaugsson.	Ellert B. Schram.

Nd. 760. Breytingartillaga [77. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Alfaro, Edward Achilles, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 9. maí 1964.
2. Ashkenazy, Vladimir Davidovich, píanóleikari, f. í Sovétríkjunum 6. júlí 1937.
3. Banke, Arne Kurt Larsen, vélamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 1. september 1946.
4. Boucher, Robin Gunnar Estcourt, flugmaður í Reykjavík, f. í Englandi 15. september 1947.
5. Davidsen, Hans Kári, sjómaður í Hafnarfirði, f. í Færeyjum 5. október 1942.
6. Flego, Silvan Dragutin, verkamaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 1. desember 1938.
7. Gunnlaugur Jón Ólafur Magnússon, barn í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 14. apríl 1966.
8. Hansen, Conny Elinor, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 1. september 1941.
9. Holton, Thomas Albert, markaðssérfræðingur á Seltjarnarnesi, f. í Bandaríkjunum 23. janúar 1933.
10. Hólmfríður Magnúsdóttir, barn í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 22. júlí 1967.
11. Jacobsen, Hanna Sigurlaug Þorkels, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 19. marz 1951.
12. Jóhann Magnússon, barn í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 14. apríl 1966.
13. Jones, Gunnar David, verkamaður í Reykjavík, f. í Englandi 10. febrúar 1946.
14. Knudsen, Hans Albert, flugmaður í Reykjavík, f. á Íslandi 1. október 1947.
15. Kreidler, Helmut Karl, gleraugnasmiður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. júní 1938.
16. Mörköre, Jörgen Jörgensen, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 1. janúar 1918.
17. Retana, Vicente Gomez, bókbindari í Reykjavík, f. á Spáni 9. júlí 1938.
18. Salters, Doris, húsmóðir í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 21. ágúst 1946.
19. Tuvina, Elena, húsmóðir í Reykjavík, f. í Sovétríkjunum 13. júní 1935.
20. Wiebel, Claudia Anita, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. október 1943.
21. Wiebel, Mikael Jochen Robert, barn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. apríl 1965.
22. Zurková, Marie Jaroslava, húsmóðir á Dalvík, f. í Tékkóslóvakíu 11. marz 1932.

Nd. 761. Nefndarálit [45. mál]

um till. til þál. um endurskipulagningu sérleyfisleiða.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur leitað umsagnar um tillögu þessa og rætt hana á fundum sínum. Nefndin er efnislega með jákvæða afstöðu gagnvart tillögunni, en telur þó réttast, eftir atvikum, að henni sé **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 5. maí 1972.

Björn Pálsson, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Pétur Pétursson, frsm.
Karvel Pálmason.	P. Blöndal.	Friðjón Þórðarson.

Ed. 762. Frumvarp til laga [281. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að stofna og reka hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna og reka hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík frá hausti 1972 eða svo fljótt sem við verður komið.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

2. gr.

Stjórn skólans annast fimm manna skólanefnd. Ráðherra skipar formann án tilnefningar. Hinir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu þessara aðila: borgarstjórnar Reykjavíkur, Hjúkrunarfélags Íslands, Læknafélags Íslands og nemenda skólans.

Skólastjóri hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum skólanefndar.

Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára, nema fulltrúi nemenda til árs í senn.

3. gr.

Um þennan skóla skulu gilda, eftir því sem við á, lög nr. 35/1962, um Hjúkrunarskóla Íslands.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um skólann.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í bréfi borgarstjórans í Reykjavík til menntamálaráðuneytisins, dags. 21. jan. 1972, er greint frá því að á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur 20. sama mánaðar hafi verið lögð fram og samþykkt með samhljóða atkvæðum eftirfarandi tillaga heilbrigðismálaráðs borgarinnar frá 14. sama mánaðar:

„Borgarstjórn ályktar að fela borgarstjóra í samráði við borgarlækni og heilbrigðismálaráð að undirbúa stofnun nýs hjúkrunarskóla, sem starfræktur verði í tengslum við Borgarspítalann. Markmið skólans verði að veita nemendum sínum full hjúkrunarréttindi, en starfsemi hans miðuð við að auðvelda hjúkrunar- og líknarstofnunum borgarinnar að fá hjúkrunarfólk til starfa.

Borgarstjórn felur borgarstjóra að hefja viðræður við menntamálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti um fyrirkomulag skólans, en eðlilegt er að ríkisvaldið kosti hina bóklegu kennslu, bæði kennslukrafta, húsnæðiskostnað og annað, sem þeim þætti námsins fylgir. Borgarstjórn skorar jafnframt á ríkisvaldið að efla þann skóla, sem fyrir er, og beita sér fyrir stofnun kennsludeildar í hjúkrun við Háskóla Íslands, sem taki til starfa svo fljótt sem auðið er.“

Jafnframt fór borgarstjóri þess á leit í bréfinu að menntamálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tilnefndu fulltrúa til viðræðna um væntanlegt fyrirkomulag skólans og skýrir frá því að af hálfu Reykjavíkurborgar muni borgarlæknir, dr. Jón Sigurðsson, og framkvæmdarstjóri Borgarspítalans, Haukur Benediktsson, taka þátt í viðræðunum.

Menntamálaráðuneytið svaraði bréfi borgarstjóra 4. febrúar 1972 og tjáði sig fúslega myndu „ræða við borgaryfirvöld Reykjavíkur um hverja þá hugmynd, sem líkleg er til að auðvelda hjúkrunar- og líknarstofnunum, ekki aðeins Reykjavíkurborgar heldur og landsins alls að fá hjúkrunarfólk til starfa", og jafnframt var tilkynnt að þeir Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri og Runólfur Þórarinsson fulltrúi myndu taka þátt í viðræðunum af hálfu ráðuneytisins.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tilnefndi af sinni hálfu til viðræðnanna Ingibjörgu R. Magnúsdóttur deildarstjóra í ráðuneytinu með bréfi dags. 2. febrúar 1972.

Viðræðufundir hófust 6. marz 1972 og var dr. Jón Sigurðsson kjörinn formaður nefndarinnar, en Ingibjörg R. Magnúsdóttir ritari.

Viðræðunefndin kynnti sér „áætlun um menntun hjúkrunarliðs" eftir dr. Kjartan Jóhannsson verkfræðing, frá í desember 1971, en helztu niðurstöður þeirrar áætlunar eru sem hér segir:

„1. Aukinn verði innritaður fjöldi hjúkrunarnema um 100 á ári næstu 3 árin en um nær 60 á ári úr því. Þetta gerist annaðhvort með stofnun nýs skóla eða stækkun Hjúkrunarskóla Íslands. Heildarfjöldi innritaðra verði um 165 á ári næstu þrjú árin en um 120 á ári úr því.
2. Aukin verði og bætt menntun sjúkraliða og fjölgað ört í stéttinni á næstu árum.
3. Stofnsett verði framhaldsdeild í sérhæfðri hjúkrun er veiti menntun á eftirtöldum sérsviðum: Stjórnun, heilsugæzlu, hjúkrunarkennslu, svæfingarhjúkrun, geðhjúkrun, barnahjúkrun, röntgenhjúkrun, skurðstofuhjúkrun og fæðingarhjúkrun.
4. Sérstakar deildir eða stofnanir mennti röntgentækna og skurðstofutækna".

Störf viðræðuaðila beindust frá upphafi að því, með hvaða hætti væri líklegast að auka fjölda hjúkrunarkvenna í landinu. Eins og kunnugt er, er einn hjúkrunarskóli í landinu, Hjúkrunarskóli Íslands, sem starfar skv. lögum nr 35/1962, og reglugerð samkvæmt þeim, nr. 279/1966. Hefur að undanförnu reynzt erfiðleikum bundið að fá nægilega marga sérmenntaða hjúkrunarkennara að skólanum og hefur það háð mjög starfi hans.

Menntamálaráðuneytið hefur árin 1971 og 1972 auglýst tvo 210 þúsund króna styrki hvort árið til hjúkrunarkvenna, sem vildu bæta við sig kennslumenntun gegn því að starfa að námi loknu a. m. k. 2—3 ár við Hjúkrunarskóla Íslands. Sem fyrsta árangurs af þessu má vænta tveggja lærðra hjúkrunarkennara til skólans í ágústmánuði 1973. Nemendafjöldi í Hjúkrunarskóla Íslands er nú 227. Skólinn tekur við nemendum tvisvar á ári, að hausti og í marzmánuði. Síðastliðin tvö ár hafa útskrifazt frá skólanum rúmlega 80 hjúkrunarkonur hvort ár um sig, en verða nokkru færri tvö næstu ár.

Í viðræðum um stofnun nýs hjúkrunarskóla hafa viðræðuaðilar fyrst og fremst staðnæmzt við þann örðugleika, sem verið hefur á því að fá sérmenntaða hjúkrunarkennara til starfa að Hjúkrunarskóla Íslands og leitt hugann að því, hvort takast myndi að fá kennara að nýjum hjúkrunarskóla, án þess að sá, sem fyrir er, biði við það hnekki. Á landinu öllu munu vera 11 hjúkrunarkonur með kennsluréttindi, þar af 8 sunnanlands. Af þeim starfa 2 við Hjúkrunarskóla Íslands, ein er starfsmaður í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, tvær starfa í Borgarspítalanum og ein er formaður Hjúkrunarfélags Íslands og starfar lítillega að kennslu í Hjúkrunarskólanum. Nefndin leitaðist því við að kanna, hverra kennslukrafta kynni að vera kostur við nýjan hjúkrunarskóla. Hefur sú athugun leitt í ljós, að líkur benda til að fást muni skólastjóri og kennarar að nýjum hjúkrunarskóla.

Í nefndinni var rætt um, að í hinum nýja hjúkrunarskóla yrðu 75—90 nemendur, er hann væri tekinn til starfa að fullu. Skólinn tæki árlega við 25—30 nemendum, sem nytu kennslu í 3 ár, að óbreyttum inntökuskilyrðum. Inntaka nemenda í þennan skóla yrði einu sinni á ári, en ekki tvisvar eins og nú tíðkast í Hjúkrunarskóla Íslands, enda hefur skólastjóri Hjúkrunarskóla Íslands kvartað

undan því fyrirkomulagi og hefur verið til umræðu að undanförnu að breyta því þannig að tekið yrði við nemendum í skólann einungis einu sinni á ári, að haustinu. Ef slík breyting á hins vegar ekki að hafa í för með sér fækkun í skólanum í bili, þá þyrfti að taka í skólann í einu að haustinu sama fjölda og tekinn hefur verið áður í tveimur hópum á heilu ári, og eru þessu samfara nokkrir framkvæmdaörðugleikar í bili.

Við athugun á verkefni sínu, komust viðræðuaðilar að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að stofna nýjan hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík í trausti þess, að skólarnir muni styðja og styrkja hvor annan og að með þessu móti muni m. a. fást til kennslustarfa þær kennaramenntuðu hjúkrunarkonur, sem nú eru í starfi hjá Borgarspítalanum. Þessi skóli þarf síðan vitanlega eins og Hjúkrunarskóli Íslands að styðjast mjög við stundakennara úr hópi lækna o. fl.

Í fyrrnefndu bréfi borgarstjórans í Reykjavík hinn 21. janúar 1972 er talið eðlilegt að ríkisvaldið kosti hina bóklegu kennslu, bæði kennslukrafta, húsnæði og annað, sem þeim þætti námsins fylgir, og að starfsemi hans verði miðuð við að auðvelda hjúkrunar- og líknarstofnunum borgarinnar að fá hjúkrunarfólk til starfa.

Eins og fram kemur í svarbréfi menntamálaráðuneytisins frá 4. febrúar s. l. vill ráðuneytið ekki binda þetta eingöngu við Reykjavíkurborg heldur landið allt. Með þetta sjónarmið fyrir augum, sem fulltrúar ráðuneytisins hafa túlkað í viðræðunum og viðræðuaðilar eru sammála um, er lagt til, að hinn nýi skóli verði ríkisskóli, en hafi aðstöðu í Borgarspítalanum og e. t. v. öðrum sjúkrastofnunum. Þar sem lagaheimild brestur til þess að koma á fót nýjum hjúkrunarskóla, er frumvarp þetta lagt fram, en jafnframt þarf að endurskoða lög um Hjúkrunarskóla Íslands og setja nýja löggjöf um hjúkrunarskóla og hjúkrunarnám. Hefur menntamálaráðherra ákveðið að skipa nefnd til slíkrar endurskoðunar.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er einungis til þess að fá lagagrundvöll nú þegar til stofnunar nýs hjúkrunarskóla haustið 1972 eða eins fljótt og við verður komið. Lagaákvæði um Hjúkrunarskóla Íslands myndu gilda einnig um nýja skólann eftir því sem við gæti átt, unz ný löggjöf yrði sett.

Hér fer á eftir lausleg

áætlun um stofn- og rekstrarkostnað hjúkrunarskóla:

1. starfsár.		Þús. kr.
Tæki og búnaður.		
Skrifborð, skrifstofuáhöld, skólaborð og stólar	500	
Kennslutæki	500	
Ýmislegt	200	
		1 200
Lagfæring á húsnæði vegna skolherb. o. fl.		500
		1 700

	Þús. kr.
2. starfsár	500
3. starfsár	500

Rekstrarkostnaður 1. árs

(miðað við að rekstur hefjist 1. okt. 1972)

		Þús. kr.
Skólastjóri	300	
1½ kennari 4 mánuði	200	
1 ritari 6 mánuði	130	
Stundakennsla	150	
Ráðgjöf og annar undirbúningur	300	
		1 080

		Þús. kr.
Launatengd gjöld		50
Pappír, prent, sími og kennslugögn	250	
Húsnæði, ljós, hiti og ræsting	500	
		750
		1 880

Engin námslaun.

Rekstrarkostnaður 2. árs (1973).

		Þús. kr.
Skólastjóri	600	
3 kennarar	1 200	
1 ritari	300	
		2 100
Stundakennsla		400
Launatengd gjöld		100
Stjórn og bókhald	200	
Skrifstofukostnaður	250	
Húsnæði, ljós, hiti og ræsting	1 000	
Ýmislegt	100	
		1 550
Laun nema		1 000
		5 150

Rekstrarkostnaður 3. árs (1974).

		Þús. kr.
Skólastjóri	600	
5 kennarar	2 000	
1 ritari	300	
		2 900
Stundakennsla		700
Launatengd gjöld		200
Stjórn og bókhald	200	
Skrifstofukostnaður	300	
Húsnæði, ljós, hiti og ræsting	1 200	
Ýmislegt	100	
		1 800
Laun nema		1 500
		7 100

Ed. 763. Frumvarp til laga [282. mál]

um stofnun sameinaðs framhaldsskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg að stofna til tilraunaskóla, er nefnist sameinaður framhaldsskóli. Skólinn skal vera fyrir nemendur, er lokið hafa skyldunámi, og veiti þeim tiltekin réttindi til sérnáms í framhaldsskólum eða háskóla, svo og menntun og þjálfun í ýmsum starfsgreinum.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans, sem er hluti af skólakerfi Reykjavíkurborgar.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið setur skólanum námsskrá og reglugerð að fengnum tillögum fræðsluráðs Reykjavíkur. Skal reglugerðin m. a. kveða á um kennslu- og námsskipan skólans, kennslumagn, námsmat, námsstig nemenda og réttindi þeirra til framhaldsnáms, þ. á m. til háskólanáms.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir 60% af stofnkostnaði skólans, en 40% greiðast af Reykjavíkurborg.

Laun skólastjóra og kennslulaun greiðir ríkissjóður að fullu í samræmi við starfsáætlun, sem ráðuneytið og fræðsluráð samþykkja. Annar rekstrarkostnaður skiptist að jöfnu milli aðila.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið og Reykjavíkurborg gera með sér sérstakan samning, þar sem m. a. skulu sett nánari ákvæði um stjórn skólans og skiptingu kostnaðar samkvæmt 4. gr.

6. gr.

Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en að liðnum fimm árum frá gildistöku þeirra.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lagaákvæði, er brjóta kunna í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður er stofnað til nýs skóla í tilraunaskyni, sem ætlað er að annast menntun allra nemenda ákveðins skólahverfis á tilteknu aldursstigi, án tillits til fyrirhugaðrar námsbrautar hvers og eins, og sameinar skólinn þannig í eina heild hinar ýmsu tegundir skóla á framhaldsstigi.

Þar sem hér er um að ræða frávik frá því skipulagi, sem nú er lögboðið, er nauðsynlegt að afla tilraun þessari lagaheimildar.

Markmið þeirrar tilraunar, sem felst í stofnun slíks skóla, er sumpart hagkvæmara ytra skipulag, en þó umfram allt breytingar á hinu innra skólastarfi, er miða að því að auka jafnrétti nemenda með ólíka hæfileika og ólík áhugaefni og að draga úr því vanmati og vanrækslu á tilteknum námsbrautum, sem skiptingu námsbrauta á aðskildar og ólíkar skólagerðir hættir til að hafa í för með sér.

Jafnframt stefnir tilraunin að því að gefa nemendum tækifæri til að velja sér námsbraut í sem fyllstu samræmi við þann áhuga og getu, sem vaxandi þroski þeirra á framhaldsskólaaldrinum kann að leiða í ljós, og að hverfa frá þeirri hefð, að nemendum sé við ákveðinn aldur skipað í skóla, þar sem þeir eru í eitt skipti fyrir öll útilokaðir frá tilteknum námsbrautum. Sameining sem flestra námsbrauta í einni skólastofnun auðveldar mjög flutning milli námsbrauta og eykur þannig tækifæri nemenda til að velja sér endanlegan námsferil og starfsferil við sitt hæfi.

Megineinkenni hins sameinaða framhaldsskóla er því, að nemendur hans geta valið um fjölbreytt nám og mismunandi námsbrautir, hvort heldur til undirbúnings undir störf í hinum ýmsu greinum atvinnulífsins eða undir áframhaldandi nám í sérskólum og háskóla eða öðrum menntastofnunum á háskólastigi. Sem dæmi um námsbrautir má nefna menntaskólanám, verzlunarnám, húsmæðrakennaranám og iðn-, iðju- og tækninám. Þótt svo sé til ætlazt, að skólinn bjóði kennslu allt að stúdentsprófi, er

jafnframt gert ráð fyrir skemmri námsferlum, allt eftir eðli þess náms, er nemendur stunda og kröfum þeirra starfa eða sérnáms, sem þeir stefna að.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til viðbótar því, sem hér að framan er sagt, skal aðeins á það bent, að tilraunaskóli sá, sem hér um ræðir, spannar fleiri en eitt skólastig, þ. á m. gagnfræðastigið, þar sem skólar eru reknir sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og menntaskólastigið, sem er algjörlega á vegum ríkisins. Af þeim sökum er heimild til stofnunar tilraunaskólans veitt menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg í sameiningu.

Um 2. gr.

Til að tryggja stöðu skólans innan hins almenna skólakerfis og réttindi nemenda hans til jafns við nemendur annarra sambærilegra skóla, er nauðsynlegt að skólanum sé sett sérstök reglugerð, er kveði á um þau atriði er í greininni getur. Jafnframt krefst tilraunastarfsemi skólans annarra skilyrða en núverandi framhaldsskólar búa við, m. a. um mannahald og starfsaðstöðu alla og er nauðsynlegt að fyrir þessu sé séð í sérstakri reglugerð.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að menntamálaráðuneytið skuli með reglugerð ákveða námsskrá skólans, m. a. setja sérstök ákvæði er kveði á um kennslu og námsskipan skólans og réttindi, er nemandi geti öðlazt með ákveðnu námsstigi í honum.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skiptingu kostnaðar af stofnun og rekstri skólans, en vegna eðlis hans þótti rétt að setja um það skýr ákvæði. Miðað er við að ríkissjóður greiði 60% af stofnkostnaði skólans, laun skólastjóra og kennara í samræmi við samþykkta starfsáætlun og helming annars kostnaðar. Er hér miðað við að þátttaka ríkissjóðs verði sem næst því er yrði, ef byggðir yrðu og starfræktir skólar samkvæmt núverandi skólafyrirkomulagi yfir þann nemendafjölda, er sameinuðum framhaldsskóla er ætlað að hýsa. Rétt þykir að undirstrika hér, að ekki er um aukningu skólastarfs að ræða heldur skipulagsbreytingu og er því eðlilegast að hvor aðili, ríki og borg, beri kostnað í svipuðum hlutföllum og verða mundi að óbreyttu skipulagi.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að gerður verði sérstakur samningur, þar sem m. a. verði kveðið nánar á um ýmis framkvæmdaratriði og einnig skal þar setja ákvæði um stjórnun stofnunarinnar og starfsmannahald.

Um 6. gr.

Vegna þeirrar sérstöðu, sem þessi stofnun mun hafa, þykir rétt að setja ákvæði um að endurskoða skuli ákvæði um hana að fenginni reynslu nokkurra ára og er hér miðað við 5 ár.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 764. Frumvarp til laga [217. mál]

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 23 22. apríl 1967, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. maí.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa, svo og starfsmenn landshlutasamtaka sveitarfélaga, starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og starfsmenn aðildarfélaga bandalagsins ásamt starfsfólki sparisjóða, samnorrænna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- eða líknarfélögum, enda séu uppfyllt skilyrði 3. gr. I. a. um ráðningartíma og aðalstarf.

2. gr.

1. málsliður 2. málsgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum þeim, sem á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr. skulu þó taka gildi 1. janúar 1973.

Nd. 765. Breytingartillögur [270. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Aftan við 4. gr. komi 2 nýjar málsgr., svo hljóðandi:

   Heimilt er að taka innlend lán að fjárhæð allt að 30 millj. kr. vegna landhelgisgæzlu til flugvélarkaupa og allt að 23 millj. kr. til að endurlána Þorgeir og Ellert hf, Akranesi, til endurbyggingar skipalyftu, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

   Heimilt er að taka innlent lán vegna vegáætlunar allt að 95 millj. kr., þar af vegna Djúpvegar 25 millj. kr. og vegna Norðurlandsáætlunar 20 millj. kr.

2. 5. gr. orðist svo:

   Heimilt er að ábyrgjast innlend eða erlend lán að jafnvirði allt að 330 millj. kr. vegna Fiskveiðasjóðs Íslands, allt að 150 millj. kr. vegna Laxárvirkjunar til framkvæmda þar, allt að 56 millj. kr. vegna Áburðarverksmiðju ríkisins vegna stækkunar verksmiðjunnar, allt að 11 millj. kr. vegna virkjunar Mjólkár II og allt að 60 millj. kr. vegna Lánasjóðs sveitarfélaga til að endurlána sveitarfélögum vegna hitaveituframkvæmda. Enn fremur er heimilt að ábyrgjast allt að 60 millj. kr. erlent lán til byggingar flutningslínu raforku á Norðurlandi.

Ed. 766. Nefndarálit [273. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv., fengið umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

a. Í stað orðanna „sker sýslunefnd úr“ í 2. málslið komi: sker félagsmálaráðuneytið úr.
b. Niður falli síðasti málsliður.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins úr nefnd voru Oddur Ólafsson og Auður Auðuns.

Alþingi, 10. maí 1972.

Björn Jónsson, form. Björn Fr. Björnsson, fundaskr., frsm. Ásgeir Bjarnason.
Helgi Seljan. Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 767. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til laga um Íþróttakennaraskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Á eftir orðunum „með íþróttakennslu að sérgrein“ komi: enda fullnægi þeir inntökuskilyrðum Kennaraháskólans að öðru leyti.

Alþingi, 10. maí 1972.

Ragnar Arnalds, form. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Steingrímur Hermannsson, frsm.
Þorv. Garðar Kristjánsson. Eggert G. Þorsteinsson. Auður Auðuns.
Björn Jónsson.

Nd. 768. Frumvarp til laga [251. mál]

um getraunir.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. maí.)

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að stofna félag, Íslenzkar Getraunir, sem afli fjár til stuðnings íþróttaiðkunum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu í félögum innan Ungmennafélags Íslands eða Íþróttasambands Íslands.

2. gr.

Félagið starfrækir getraunir, en með getraunum er átt við, að á þar til gerða miða — getraunaseðla, sem félagið eitt hefur rétt til þess að gefa út og selja, eru merkt úrslit kappleikja (íþróttagetraunir) eða skráð niðurröðun ákveðins fjölda talna (talnagetraunir).

Verð eininga (raða) eða miða skal ákveðið í reglugerð, að fengnum tillögum frá stjórn Íslenzkra Getrauna.

3. gr.

Helmingi af heildarsöluverði raða eða miða skal varið til vinninga.

Vinningar getrauna eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með málefni Íslenzkra Getrauna, sbr. þó 5. gr.

Íslenzkum Getraunum skal stjórnað af fimm manna stjórn, sem sé skipuð einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna aðila:

Íþróttanefnd ríkisins.
Stjórn Ungmennafélags Íslands (UMFÍ).
Framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ).
Stjórn Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ).
Framkvæmdastjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR).

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Stjórnin skipti sjálf með sér verkum.

Starfstími stjórnarinnar er þrjú ár.

Þóknun til stjórnarinnar ákveður menntamálaráðuneytið og greiðist hún af Íslenzkum Getraunum.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið setur reglugerð um starfrækslu getrauna, að fengnum tillögum stjórnar Íslenzkra Getrauna, og hefur eftirlit með starfrækslu getrauna. Kostnaður við eftirlitið greiðist af Íslenzkum Getraunum, samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins.

6. gr.

Stjórn Íslenzkra Getrauna ræður félaginu starfsfólk og setur því erindisbréf.

Reikningsár félagsins er frá 1. júlí til 30. júní.

Reikningar þess skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni. Ársreikning ásamt ársskýrslu skal senda dómsmálaráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu.

7. gr.

Stjórn Íslenzkra Getrauna ákveður, hverjum veitist söluumboð, og kveður á um sölulaun.

Ungmenna- og íþróttafélög eða samtök þeirra gangi fyrir um veitingu söluumboða innan íþróttahéraðs síns. Gerður skal samningur við handhafa söluumboðs.

Greiða skal stjórn héraðssambands 3% af heildarsölu í viðkomandi íþróttahéraði, enda staðfesti hún félagslega aðild umboðsaðila að samtökum sínum í íþróttahéraðinu.

8. gr.

Til kostnaðar við íþróttagetraunir telst greiðsla til Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ), að lágmarki 250 þús. kr., en 15 þús. kr. af hverri milljón heildartekna yfir 20 millj. kr. allt að því, að greiðslan nemur 475 þús. kr. á ári, og eftir að þeirri fjárhæð er náð, greiðist til KSÍ 7500 kr. af hverri milljón.

Einnig teljist til kostnaðar 0.5% greiðsla af heildarsölu í varasjóð, sem Íslenzkar Getraunir eiga og nota til þess að mæta áföllum, sem félagið kann að verða fyrir.

9. gr.

Þegar vinningar, sölulaun og kostnaður hafa verið greidd, skal ágóði skiptast þannig:

Til Íþróttasjóðs 10%.
Til Ungmennafélags Íslands 20%.
Til Íþróttasambands Íslands 70%.

10. gr.

Öllum öðrum en Íslenzkum Getraunum skal óheimilt að starfrækja getraunir, sem um ræðir í 2. gr. þessara laga. Enn fremur er óheimilt, án sérstakrar lagaheimildar, að starfrækja veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakeppni. Brot á þessum ákvæðum varða sektum allt að 100 þús. kr., sem greiðist í íþróttasjóð.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

12. gr.

Leggist starfræksla getrauna niður, skulu eignir félagsins varðveitast hjá íþróttanefnd ríkisins.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 84/1940 og nr. 69/1952.

Ed. 769. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til l. um breyt. á íþróttalögum, nr. 49/1956.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. óbreytts eins og það kom frá háttvirtri neðri deild.

Alþingi, 10. maí 1972.

Ragnar Arnalds, form.
Páll Þorsteinsson, fundaskr.
Steingrímur Hermannsson, frsm.
Þorv. Garðar Kristjánsson.
Eggert G. Þorsteinsson.
Auður Auðuns.
Björn Jónsson.

Nd. 770. Lög [112. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 135.

Sþ. 771. Nefndarálit [57. mál]

um till. til þál. um athugun á öryggismálum Íslands.

Frá 1. minni hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur rætt till. þá á þskj. 62 um athugun á öryggismálum Íslands, sem flutt er af þingmönnum Alþýðuflokksins. Í tillögunni er lagt til, að Alþingi feli

utanríkismálanefnd að gera ýtarlega athugun á öryggismálum Íslands. Það er fyllilega tímabært, að slík athugun fari fram. Raunar eiga mál sem þessi að vera í stöðugri athugun, þar eð sífelldar breytingar verða á aðstæðum í þessum efnum. Utanríkismálanefnd Alþingis er eðlilegasti aðilinn til þess að annast slíka athugun. Þess vegna legg ég til, að till. verði samþykkt.

Alþingi, 12. maí 1972.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. **772. Lög** [210. mál]

um Stofnlánadeild samvinnufélaga.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 412.

Ed. **773. Lög** [231. mál]

um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 640.

Ed. **774. Lög** [150. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Markúsarsel, Tunguhlíð og Veturhús í Geithellnahreppi.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 287.

Ed. **775. Lög** [159. mál]

um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um lífeyrissjóð bænda.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 305.

Ed. **776. Frumvarp til laga** [237. mál]

um lögreglumenn.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. maí.)

Samhljóða þskj. 503 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn lögreglunnar, en lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi.

Sýslumenn eru lögreglustjórar í sýslum og bæjarfógetar í kaupstöðum. Þar sem sérstakir lögreglustjórar eru skipaðir, fara þeir með lögreglustjórn í umdæmi sínu og yfirsakadómari með stjórn rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík.

Ráðherra getur ákveðið, að hluti lögregluliðs skuli gegna lögreglustörfum hvar sem er á landinu. Hann setur reglur um störf þess lögregluliðs og hvernig stjórn þess skuli háttað.

3. gr. hljóðar svo:

Ráðherra ákveður tölu lögreglumanna í hverju umdæmi, að fengnum tillögum hlutaðeigandi lögreglustjóra, sbr. þó 3. mgr.

Ráðherra setur reglur um störf og starfssvið lögreglumanna og skipar þá í störf sín. Hann getur og sett reglur um starfsstig innan lögregluliðs.

Ekki má skipa í lögreglumannsstarf, nema fé hafi verið veitt til þess í fjárlögum, bæði að því er varðar tölu lögreglumanna og starfsstig.

Þegar sérstaklega stendur á og ráðherra telur nauðsynlegt öryggis vegna, að lögreglulið sé aukið umfram hið fasta lögreglulið, getur hann bætt við varalögreglumönnum um afmarkaðan tíma. Varalögreglumenn fá laun úr ríkissjóði eftir reglum, sem ráðherra setur.

Á stöðum, þar sem þörf er á löggæzlu vegna sérstakra aðstæðna, svo sem á vertíðum, má ráða lögreglumenn til starfa, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum.

Ed. 777. Frumvarp til laga [214. mál]

um verkfræðiþjónustu á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. maí.)

Samhljóða þskj. 433 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Verði komið á fót verkfræðiþjónustu, eins og um ræðir í þessum lögum, getur hún tekið að sér áætlanagerð fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins gegn hæfilegri greiðslu eftir samkomulagi aðila, enda greiði stofnunin þá sem svarar ¾ hlutum af árslaunum starfsmanns, sbr. lög um Framkvæmdastofnun ríkisins, nr. 93 frá 24. desember 1971, 31. gr.

5. gr. hljóðar svo:

Ríkisvaldið veitir fjárhagsaðstoð við stofnsetningu og rekstur slíkrar verkfræðistofu, eins og hér segir:

1. 500 000 kr. vegna stofnkostnaðar, í eitt skipti fyrir öll, hverjum þeim landshlutasamtökum, sem koma á fót verkfræðistofu.
2. Ábyrgist greiðslu á hálfum hluta rekstrarhalla verkfræðistofu, en þó aldrei meira en nemur hálfum hluta af launum og kostnaði við einn verkfræðing.

Nd. 778. Nefndarálit [270. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Eitt jákvæðasta atriði málefnasamnings ríkisstjórnarinnar er það, að áætlanagerð skuli í vaxandi mæli beitt í stjórn íslenzkra efnahagsmála. Á undanförnum ára-

tug hefur það raunar verið gert og með góðum árangri. En mikilvægt er, að því sé slegið föstu, að þannig eigi að vinna áfram, enda liggur í hlutarins eðli, að umfangsmikilli áætlanagerð verður ekki komið á í einni svipan né heldur því að hagnýta framkvæmdaáætlanir réttilega.

Ríkisstjórnin hefur nú birt fyrstu framkvæmdaáætlun sína. Í þessu frv. fer hún fram á heimildir til þess að taka innlend og erlend lán vegna framkvæmdaáætlunarinnar. Áætlunin er seinna á ferðinni en æskilegt er. Ef það stafaði af því, að ríkisstjórnin hefði lagt sérstaka rækt við það stefnumál sitt að grundvalla opinberar framkvæmdir á vandaðri áætlanagerð, væri ekkert við þetta að athuga. En skýrsla fjármálaráðherra um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1972, sem lögð hefur verið fram til skýringar á frumvarpinu, ber síður en svo vott um, að vinnubrögð ríkisstjórnarinnar grundvallist á skynsamlegri heildarstefnu í efnahagsmálum, mótaðri af vandlegri áætlanagerð.

Efnahagsástandið á Íslandi mótast nú af sívaxandi þenslu. Það er vaxandi skortur á vinnuafli. Verðlag fer ört hækkandi. Innflutningur eykst hröðum skrefum. Sparnaður fer minnkandi. Undir þessum kringumstæðum á það að sjálfsögðu að vera meginstefna ríkisvaldsins að sporna gegn vaxandi verðbólgu. Meginhlutverk áætlanagerðar við þessar aðstæður hlýtur að vera að samræma opinberar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra öðrum framkvæmdum í landinu og halda heildarframkvæmdum innan þeirra marka, sem samrýmast raunverulegri framkvæmdagetu, án þess að um ofþenslu og verðbólgu sé að ræða og án þess að efnahagsjafnvægi gagnvart útlöndum sé stefnt í hættu. Framkvæmdaáætlun sú, sem fyrir liggur, og fyrirhuguð fjáröflun til hennar ber þess ekki vott, að nokkurt tillit hafi verið tekið til slíkra sjónarmiða. Þvert á móti er stefnt að aukinni þenslu, vaxandi verðbólgu og halla í viðskiptum þjóðarinnar við önnur lönd, þannig að annaðhvort verður um stórfellda skuldasöfnun erlendis að ræða eða gjaldeyrisvarasjóðurinn rýrnar verulega. Stefnan í efnahagsmálum er því ekki mótuð á grundvelli heilbrigðrar áætlunargerðar, eins og fyrirheit var veitt um í stjórnarsáttmálanum. Hér er þvert á móti um að ræða tilviljanakennt stjórnleysi, þar sem reynt virðist að fullnægja óskum úr öllum áttum, en hlýtur að leiða til verðbólgu.

Þjóðin býr nú við betri aðstæður í efnahagsmálum en nokkru sinni fyrr. Á undanförnum þrem árum hefur þjóðarframleiðslan vaxið um 18.5%, og er það meiri vöxtur en nokkru sinni fyrr hefur átt sér stað. Þjóðartekjur hafa vaxið enn meira vegna hagstæðs útflutningsverðlags. Engu að síður hefur verðmætaráðstöfun þjóðarinnar orðið mun meiri en þjóðartekjurnar. Á undanförnum þrem árum hefur hún aukizt um hvorki meira né minna en 48%. Hefur þetta komið fram í hvoru tveggja, auknum lántökum erlendis og minnkandi sparnaði innanlands. Undir slíkum kringumstæðum hlýtur það að vera meginverkefni áætlanagerðar að samræma framkvæmdafyrirætlanir raunverulegri fjárhagsgetu, ræða þeim eftir mikilvægi þeirra frá sjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar og vernda stöðu þjóðarbúsins út á við. Alvarlegrar viðleitni í þessa átt verður þó ekki vart. Þvert á móti er látið reka á reiðanum. Sem dæmi má nefna, að vöruinnflutningur jókst 1970 um 34% og 1971 um 40%. Viðskiptajöfnuðurinn, sem verið hafði jákvæður um 1042 millj. kr. 1969 og 1970, varð óhagstæður um 4000 millj. kr. 1971. Að vísu var um að ræða mikla aukningu ýmiss innflutnings, sem er sérstaks eðlis. En þótt tekið sé fullt tillit til þess, var engu að síður um a. m. k. 700—800 millj. kr. raunverulegan halla að ræða, og hlýtur það að teljast mjög varhugaverð þróun. Enn heldur innflutningur áfram að aukast, og verður viðskiptahallinn á þessu ári að öllum líkindum enn meiri en í fyrra. Heildarupphæð lána til langs tíma nam í lok s. l. árs um 17 milljörðum króna. Greiðslubyrðin í ár nemur um 300 millj. kr. Gefur auga leið, að ekki verður gengið miklu lengra á þessari braut.

Í stað þess aðhalds, sem undir núverandi kringumstæðum í efnahagslífi þjóðarinnar hefði verið nauðsynlegt af hálfu ríkisvaldsins, ber framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar vott um stefnuleysi. Heildarframkvæmdir á fram-

kvæmdaáætlun voru í fyrra 778 millj. kr., en eru nú 2022 millj. kr. eða næstum þrisvar sinnum meiri. Þegar framkvæmdaáætlunin var lögð fram í fyrra, var ráðgert að afla fjár til framkvæmdanna þannig, að ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs var áætlað 340 millj. kr. og endurgreiðslur spariskírteinalána 283 millj. kr., eða samtals 623 millj. kr. Þess, sem á vantaði, átti að afla með hagnýtingu á vörukaupalánum í Bandaríkjunum (PL 480-lánum) og útgáfu viðbótarspariskírteina, 75 millj. kr. Fé það, sem afla þurfti til viðbótar því ráðstöfunarfé, sem frá upphafi var gert ráð fyrir, nam aðeins 155 millj. kr. af 778 millj. kr. heildarfjárþörf vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Ef framkvæmda- og fjáröflunaráætlunin nú er skoðuð út frá sama sjónarmiði, kemur í ljós, að ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs og endurgreiðslur spariskírteinalána, hliðstæð 623 millj. kr. í fyrra, er nú 595 millj. kr. af 2022 millj. kr. fjárþörf. Verður því nú að afla hvorki meira né minna en rúmra 1400 millj. kr. til viðbótar eða næstum tífaldrar þeirrar upphæðar, sem afla varð í fyrra. Það á nú fyrst og fremst að gerast með stóraukinni skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs. Í stað 75 millj. kr. viðbótarskuldabréfaútgáfu er nú ráðgert að gefa út bréf að fjárhæð 500 millj. kr., auk 200 millj. kr. frá fyrra ári og 95 millj. kr. vegna vegagerðar á Skeiðarársandi. Hér er um því sem næst tíföldun skuldabréfaútgáfunnar að ræða. Erlendar lántökur eiga að nema 632 millj. kr. samanborið við 80 millj. kr. í áætlun fyrra árs.

Þetta eru þær tölur, sem frumvarpið um lánsheimildirnar gerði ráð fyrir. Glöggt dæmi um losaraleg vinnubrögð ríkisstjórnarinnar er svo það, að eftir að málið kom til meðferðar í fjárhagsnefnd, óskar hún eftir hækkun á lánsheimildunum um 286 millj. kr. Tími hefði þó átt að vera orðinn nægilegur til þess að ganga endanlega frá málinu, áður en mælt var fyrir frumvarpinu á Alþingi og því vísað til nefndar.

Þá verður að vekja athygli á því, að ekki er fullt samræmi milli frumvarpsins og skýrslu fjármálaráðherra um framkvæmda- og fjáröflunaráætlunina. Sem dæmi má nefna, að í frumvarpinu er gert ráð fyrir 60 millj. kr. til raforkulínu á Norðurlandi, sem ekki er í skýrslunni. Hins vegar er ekkert um væntanlegt lán frá Iðnþróunarsjóði í frumvarpinu.

Það hlýtur öllum hugsandi mönnum að vera ljóst, að miðað við þær aðstæður, sem nú eru í íslenzku efnahagslífi, getur það stig opinberra framkvæmda, sem ráðgert er, og sú fjáröflun til þeirra, sem fyrirhuguð er, ekki leitt til annars en vaxandi verðbólgu, meðan ekki eru gerðar aðrar heildarráðstafanir til þess að stemma stigu við þenslunni. Jafnframt má gera ráð fyrir, að afleiðingin verði minnkun gjaldeyrisforðans, og hafa um 2000 millj. kr. verið nefndar í því sambandi. Meginhlutverk ríkisvaldsins ætti nú að vera að sjá svo um, að atvinnuvegirnir hafi nægilegt vinnuafl og geti starfað með sem eðlilegustum hætti. Leggja verður áherzlu á að tryggja þeim nægilegt fjármagn, ekki sízt með hliðsjón af því, að framleiðslukostnaður fer vaxandi. Ríkisvaldið keppir hins vegar við atvinnuvegina um vinnuafl og við bankana um lánsfé með stóraukinni skuldabréfaútgáfu. Afleiðingin getur ekki orðið önnur en aukin þensla og vaxandi verðbólga.

Þótt ég telji, að framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1972 beri ekki vitni um það, að skilningur sé á nauðsyn áætlanagerðar til mótunar á skynsamlegri heildarstefnu í efnahagsmálum og að áætlunin muni hafa verðbólguaukandi áhrif, tel ég engu að síður rétt að veita ríkisstjórninni þær lántökuheimildir, sem hún fer fram á, enda er það venja, að stjórnarandstaða standi ekki í vegi fyrir því, að ríkisstjórn fá slíkar heimildir.

Alþingi, 12. maí 1972.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 779. Breytingartillaga [209. mál]

við frv. til laga um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

Frá Lárusi Jónssyni og Gunnari Thoroddsen.

Við 4. gr. 1. og 2. málsl. 2. málsgr. orðist svo:
Ráðherra skipar stofnuninni 5 manna stjórn, til þriggja ára í senn, og skulu þrír tilnefndir af aðalfundi fulltrúaráðs og tveir án tilnefningar. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna án tilnefningar.

Sþ. 780. Fyrirspurnir. [283. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um síldarleit fyrir Norðurlandi.

Frá Gunnari Gíslasyni og Pálma Jónssyni.

Má vænta þess, að á þessu sumri verði gerð ýtarlegri síldarleit fyrir Norðurlandi en verið hefur undanfarin ár?

II. Til samgönguráðherra um athugun á radíóstaðsetningarkerfum fyrir siglingar.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 18. apríl 1967 um athugun á radíóstaðsetningarkerfum fyrir siglingar með sérstöku tilliti til fiskveiða?

Nd. 781. Lög [135. mál]

um breyting á lögum nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 607.

Nd. 782. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til laga um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað umsagnir þær, er Ed. fékk varðandi málið. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með áorðnum breytingum Ed. Gunnar Thoroddsen og Lárus Jónsson áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur.

Alþingi, 12. maí 1972.

Sigurður Magnússon, form., frsm.
Gísli Guðmundsson, fundaskr.
Pétur Pétursson.
Lárus Jónsson.
Gunnar Thoroddsen.
Bjarni Guðnason.
Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 783. Breytingartillaga [77. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:
Debes, Katora Margreta, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 10. jan. 1909.

Ed. 784. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin mælir einróma með samþykkt frumvarpsins. Fjarstaddur afgreiðslu var Oddur Ólafsson.

Alþingi, 13. maí 1972.

Björn Jónsson, form.	Björn Fr. Björnsson, fundaskr.	Helgi Seljan, frsm.
Auður Auðuns.	Ásgeir Bjarnason.	Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 785. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum. Oddur Ólafsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. maí 1972.

Björn Jónsson, form., frsm.	Björn Fr. Björnsson, fundaskr.	Auður Auðuns.
Eggert G. Þorsteinsson.	Ásgeir Bjarnason.	Helgi Seljan.

Ed. 786. Nefndarálit [235. mál]

um frv. til l. um breyt. á skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað málið og mælir með samþykkt þess. Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Oddur Ólafsson.

Alþingi, 13. maí 1972.

Björn Jónsson, form.	Björn Fr. Björnsson, fundaskr.	Auður Auðuns, frsm.
Eggert G. Þorsteinsson.	Ásgeir Bjarnason.	Helgi Seljan.

Ed. 787. Nefndarálit [260. mál]

um frv. til l. um stofnun Árna Magnússonar á Íslandi — Handritastofnun Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið um það umsögn háskólaráðs. Einnig hefur forstöðumaður Handritastofnunar Íslands komið á fundi nefndarinnar. Nefndin mælir með frumvarpinu með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Orðin „— Handritastofnun Íslands“ falli niður.
2. Við 4. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Við stofnunina starfar stjórnarnefnd þannig skipuð: Forstöðumaður stofnunarinnar, rektor Háskóla Íslands, sem jafnframt er formaður stjórnarinnar, og einn skipaður af menntamálaráðherra, án tilnefningar, til sex ára í senn. Nefndarstörf eru ólaunuð.
3. Við 5. gr. 4. málsliður orðist svo:
   Heimilt er að ráða annað nauðsynlegt starfslið.
4. Við fyrirsögn. Orðin „— Handritastofnun Íslands“ falli niður.

Alþingi, 10. maí 1972.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Steingr. Hermannsson.
Auður Auðuns.	Björn Jónsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
	Eggert G. Þorsteinsson.	

Sþ. 788. Nefndarálit [191. mál]

um staðarval og flutning ríkisstofnana út um land.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað till. til þál. á þskj. 365 um staðarval og flutning ríkisstofnana út um land. Nefndin er samþykk því, að nauðsyn beri til, að slík heildarathugun fari fram eins og ráð er fyrir gert í tillögunni. Á hinn bóginn hefur nefndinni borizt vitneskja um, að ríkisstjórnin hafi skipað nefnd til þess að gera athuganir og tillögur um staðarval og flutning ríkisstofnana út um land. Því leggur nefndin til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 13. maí 1972.

Gísli Guðmundsson, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Lárus Jónsson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Stefán Gunnlaugsson.	Jónas Árnason.
	Björn Fr. Björnsson.	

Sþ. 789. Nefndarálit [194. mál]

um aðsetur ríkisstofnana og embætta með tilliti til landsbyggðar.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað till. til þál. á þskj. 370 um aðsetur ríkisstofnana og embætta með tilliti til landsbyggðar. Nefndin er sammála um, að nauðsyn beri til, að slík endurskoðun fari fram eins og ráð er fyrir gert í tillögunni. Á hinn bóginn hefur nefndinni borizt vitneskja um, að ríkisstjórnin hafi skipað nefnd til þess að gera till. um staðarval og flutning ríkisstofnana út um land. Því leggur nefndin til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 13. maí 1972.

Gísli Guðmundsson, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Lárus Jónsson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Stefán Gunnlaugsson.	Jónas Árnason.
	Björn Fr. Björnsson.	

Sþ. 790. Nefndarálit [245. mál]

um till. til þál. um björgunarmál.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og fengið jákvæðar umsagnir frá ýmsum aðilum. Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 13. maí 1972.

Gísli Guðmundsson, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Ingólfur Jónsson, frsm.
Lárus Jónsson.	Stefán Gunnlaugsson.	Björn Fr. Björnsson.
	Jónas Árnason.	

Nd. 791. Nefndarálit [276. mál]

um frv. til l. um heimild ríkisstjórninni til handa til að staðfesta Bernarsáttmálann til verndar bókmenntum og listaverkum í þeirri gerð hans, sem samþykkt var á ráðstefnu Bernarsambandsríkja í París 24. júlí 1971.

Frá menntamálanefnd.

Nauðsynlegt er talið, að frv. þetta verði afgreitt samtímis frv. um höfundalög (238. mál). Enda þótt nefndinni hafi enginn tími gefizt til að athuga málið, mælir hún með samþykkt frv. í trausti þess, að embættismenn hafi undirbúið það jafnvandlega og frumvarpið um höfundarétt.

Alþingi, 13. maí 1972.

Bjarni Guðnason, form.	Svava Jakobsdóttir, fundaskr.	Benedikt Gröndal, frsm.
Ellert B. Schram.	Eysteinn Jónsson.	Gunnar Gíslason.

Nd. 792. Nefndarálit [248. mál]

um frv. til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Stefán Valgeirsson var fjarstaddur, þegar málið var afgr. í nefndinni.

Alþingi, 13. maí 1972.

Sigurður Magnússon, fundaskr.	Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm.	Gunnar Gíslason.
Pálmi Jónsson.	Ágúst Þorvaldsson.	Benedikt Gröndal.

Ed. 793. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um aðstoð ríkisins við kaup og rekstur á snjóbílum, þar sem þeirra er þörf vegna heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Umsagnir um frv. þetta bárust frá Vegagerð ríkisins, sem mælir með því nokkuð breyttu, og landlækni, sem telur það óþarft, þar sem meginefni þess felist í frv. til l. um heilbrigðisþjónustu, 242. máli Alþingis. Með tilliti til þess, er að framan greinir, hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** með ósk um, að það verði athugað og efni þess tekið greinilega fram í frv. til laga um heilbrigðisþjónustu, þar sem það verður nánar athugað, áður en næsta Alþingi hefst.

Alþingi, 13. maí 1972.

Björn Jónsson, form.	Björn Fr. Björnsson, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason, frsm.
Eggert G. Þorsteinsson.	Auður Auðuns.	Helgi Seljan.

Ed. 794. Breytingartillaga [237. mál]

við frv. til l. um lögreglumenn.

Frá Geir Hallgrímssyni.

2. mgr. 14. gr. hljóði svo:

Ríkið tekur við húsnæði, sem ríki og sveitarfélög hafa stofnað til sameiginlega til afnota í þágu lögreglunnar, og skal þá sérstaklega samið um greiðslu á eignarhluta sveitar- eða sýslufélaga.

Sþ. 795. Tillaga til þingsályktunar [284. mál]

um, að alþingismenn gegni ekki öðrum fastlaunuðum störfum í opinberri þjónustu.

Flm.: Sigurður Blöndal, Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lög og reglur, sem feli í sér, að alþingismenn sitji ekki í fastlaunuðum embættum eða störfum á vegum hins opinbera.

Greinargerð.

Á s. l. vetri urðu verulegar breytingar á launakjörum alþingismanna. Laun þeirra hækkuðu svo mikið, að alþingismenn eru nú launaðir eins og ýmsir þeir embættismenn þjóðarinnar, sem gegna hinum ábyrgðarmestu störfum.

Breytingin fól í sér viðurkenningu á því, að þingmennska væri starf, sem launa bæri sómasamlega, enda er það skoðun, sem ýmsir reyndustu þingmenn hafa haldið fram, að starfið á Alþingi og sambandið við kjósendur í kjördæmunum sé orðið það umfangsmikið, að meira verði ekki af mönnum krafizt, ef leysa eigi það bærilega af hendi.

Þótt þetta tvennt: sjálf launakjör þingmanna og matið á starfi þeirra, hafi breytzt, er annað óbreytt: Opinberir starfsmenn og embættismenn geta eftir sem áður gegnt störfum sínum í orði kveðnu og tekið fyrir allt að 60% laun — og aldrei minna en 30% af launum. Augljóst er, að þessi skipan mála er ekki sæmandi: Menn gegna ekki tveimur ábyrgðarmiklum störfum, sem þeir taka fyrir laun — þótt skert séu — með fullum afköstum. Starfið á Alþingi, sem hið nýja launakerfi viðurkennir, að sé fullt starf, eða hið opinbera þjónustustarf eða embættisverk hlýtur að líða fyrir þetta fyrirkomulag, nema hvort tveggja gjaldi þess. Mörg dæmi mætti nefna, sem sanna, að störf á Alþingi hafa tafizt, af því að þingmaður var önnum kafinn í hinu starfi sínu einhvers staðar í borginni. Alþingi er hér sjálft að leggja blessun sína yfir slæleg vinnubrögð í hinum þýðingarmestu störfum. Slíkt eykur eigi virðingu löggjafarsamkomunnar.

Sú spurning kann að vakna, hvort þessi skipan, sem tillagan felur í sér, kunni ekki að leiða til þess, að menn í opinberri þjónustu fælist frá því að gefa kost á sér til þingmennsku. Til þess má auðvitað ekki koma. Það verður að telja eðlilegt og raunar sjálfsagt, að þessir menn haldi fyrri störfum sínum formlega og geti tekið til við þau að þingsetu lokinni og þeim sé jafnvel að öðrum kosti gefin trygging fyrir því að fá a. m. k. sambærilega launuð opinber störf og þeir áður gegndu. Við teljum þó, að tvær undantekningar ættu að vera frá þessu: Dómarar og bankastjórar, sem bjóða sig fram til Alþingis, ættu að segja lausu starfi sínu. Það hæfir ekki, að menn í þessum tveimur störfum taki þátt í kosningabaráttu.

Óhjákvæmilegt væri þó að setja tímatakmörk á það, hve lengi mætti geyma opinbert starf fyrir alþingismann. Stytzti tími væri eitt kjörtímabil, lengsti tími tvö.

Í nánum tengslum við þetta mál er staða ráðherra, sem jafnframt eru alþingismenn. Enda þótt þeir haldi óskertu þingfararkaupi auk ráðherralauna, taka þeir ekki þátt í nefndastörfum á Alþingi, sem er vissulega gildur þáttur þingmennskunnar. Það er skoðun flutningsmanna, að Íslendingar ættu að taka upp þann hátt, sem á er hafður í Noregi, að ráðherra víki úr þingsæti, en varamaður taki sætið, meðan ráðherradómur hans stendur. En auðvitað verður ráðherra eftir sem áður að hafa rétt til að sitja þingfundi og taka þátt í umræðum, eftir því sem hann telur þörf á. Þessi breyting á skipan mála gæti líka réttlætt endurskoðun á launakjörum ráðherra, sem vitaskuld eiga að hafa hin hæstu laun, svo sem ábyrgð starfsins og erfiði gefa tilefni til.

Loks viljum við vekja athygli á einu atriði í sambandi við störf alþingismanna. Um leið og þetta er orðið heilsársstarf, er ástæða til að nýta starfskrafta þeirra betur en gert hefur verið og stuðla jafnframt að því, að þeir geti rækt það af meira innsæi en verið hefur til þessa. Hér höfum við í huga þann hátt, sem tíðkaður er víða um lönd, að fastanefndir löggjafarþings starfi í þinghléum, m. a. með því að fara á vettvang víðs vegar um landið til þess að kynnast af eigin raun þeim málum og viðfangsefnum, sem þær eiga að fjalla um. Þetta gæti líka verið gagnlegt til þess að vega upp á móti því sérfræðingaveldi, sem ýmsir hafa haft áhyggjur af í seinni tíð. Í nýjum vinnubrögðum þingmanna af þessu tagi fælist sú grundvallarbreyting á starfi fastanefnda Alþingis, að þær ættu sjálfar frumkvæði að málum í stað þess, sem tíðkazt hefur, að þær taki aðallega við því, sem að þeim er rétt.

Að okkar hyggju mundi sú skipan mála, sem við höfum hér hreyft, stuðla að aukinni virðingu Alþingis og enn fremur að hinu, að það beri nafnið löggjafarsamkoma betur með rentu en áður.

Ed. 796. Breytingartillögur [10. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

Frá Auði Auðuns.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   1. gr. laganna orðist svo:
   Af öllum fjármunum, er við andlát manns hverfa til erfingja hans, annarra en eftirlifandi maka, og sé búið tekið til skipta hér á landi, skal gjalda skatt í erfðafjársjóð.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   2. gr. laganna orðist svo:
   Fjárhæð erfðafjárskatts er ákveðin þannig:
   A. Af erfðafé til niðja, kjörniðja og fósturbarna, svo og af þriðjungshluta, ef ráðstafað hefur verið með erfðaskrá til annarra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

Af fyrstu 500 þús.	3%
— næstu 500 —	4%
— — 500 —	5%
— — 500 —	6%
og þar yfir	7%

   B. Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

Af fyrstu 500 þús.	6%
— næstu 500 —	8%
— — 500 —	10%
— — 500 —	12%
og þar yfir	14%

   C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna eða niðja þeirra, er eigi heyra undir stafliðina A og B, eða til fjarskyldari erfingja eða óskyldra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

Af fyrstu 500 þús.	15%
— næstu 500 —	20%
— — 500 —	25%
— — 500 —	30%
og þar yfir	35%

3. Við 3. gr. Á eftir fyrri málsgr. bætist ný málsgrein:
   Á eftir orðunum „Undanþegið skatti er þó“ í 2. málsgr. 3. gr. laganna komi: erfðahluti eftirlifandi maka.

Ed. 797. Lög [91. mál]

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 4 14. febr. 1969.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 104.

Ed. 798. Lög [118. mál]

um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 621.

Ed. 799. Lög [9. mál]

um sameiningu Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu í einn hrepp.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 693.

Ed. 800. Lög [261. mál]

um veðtryggingu iðnrekstrarlána.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 581.

Ed. 801. Frumvarp til laga [149. mál]

um Íþróttakennaraskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. maí.)

Samhljóða þskj. 593 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Próf frá Íþróttakennaraskóla Íslands veitir full réttindi til íþróttakennslu.

Einnig geta nemendur að loknu prófi, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskóla Íslands, sbr. 1. tl. 1. gr. laga nr. 38 16. apríl 1971, um Kennaraháskóla Íslands, og lokið þaðan kennaraprófi með íþróttakennslu að sérgrein, enda fullnægi þeir inntökuskilyrðum Kennaraháskólans að öðru leyti. Tilhögun viðbótarnámsins fer eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum tillögum skólastjórnar Kennaraháskóla Íslands og skólanefndar Íþróttakennaraskólans. Setja má í reglugerð ákvæði um lágmarkseinkunn frá Íþróttakennaraskólanum sem skilyrði fyrir inngöngu í Kennaraháskólann.

5. gr. hljóðar svo:

Inntaka nemenda er í höndum skólaráðs. Skólavist geta þeir hlotið, sem lokið hafa:

1. a) stúdentsprófi,
   b) almennu kennaraprófi,
   c) prófi undirbúningsdeildar sérnáms Kennaraskólans,
   d) prófi með ákveðinni lágmarkseinkunn frá framhaldsdeild gagnfræðaskóla.
2. Annað nám veitir og réttindi til inntöku, ef skólaráð telur það jafngilt og mælir með því, en skólanefnd fellst á það.

   Heimilt er að úrskurða um skólavist nemenda með hliðsjón af hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum.

3. Rétt til náms í II. bekk eiga þeir, sem lokið hafa prófi eftir nám í I. bekk með ákveðinni lágmarkseinkunn samkvæmt reglugerð, að viðbættri íþróttakennslu í a. m. k. 70 kennslustundir.
4. Rétt til þátttöku í námskeiði fyrir leiðbeinendur í íþróttum eiga þeir, er náð hafa 18 ára aldri og hlotið meðmæli stjórnar hlutaðeigandi ungmenna- eða íþróttafélags.

Ed. 802. Frumvarp til laga [273. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. maí.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist:

Afréttarsvæði, sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags, skal teljast til þess sveitarfélags, sem þar á eignar- eða afnotarétt. Ef fleiri en eitt sveitarfélag eiga aðild að slíku landi og ekki er samkomulag um, hverju þeirra það skuli tilheyra, sker félagsmálaráðuneytið úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 803. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til laga um stofnun og slit hjúskapar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið málið til umræðu og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 13. maí 1972.

Jónas Árnason, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Ragnhildur Helgadóttir, frsm.
Gylfi Þ. Gíslason.	Jón Skaftason.	Ólafur G. Einarsson.

Ed. 804. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 67 10. maí 1966, um vélstjóranám.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 12. maí 1972.

Ragnar Arnalds, form.	Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm.	Björn Jónsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Steingr. Hermannsson.	Eggert G. Þorsteinsson.
	Auður Auðuns.	

Nd. 805. Frumvarp til laga [77. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. maí.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Alfaro, Edward Achilles, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 9. maí 1964.
2. Ashkenazy, Vladimir Davidovich, pianóleikari, f. í Sovétríkjunum 6. júlí 1937.
3. Banke, Arne Kurt Larsen, vélamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 1. september 1946.
4. Bjarnarson, Elisabeth, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 7. sept. 1948.
5. Boucher, Alan Estcourt, kennari í Reykjavík, f. í Englandi 3. janúar 1918.
6. Boucher, Alice Kristín, skrifstofustúlka í Reykjavík, f. í Englandi 7. maí 1944.
7. Boucher, Robin Gunnar Estcourt, flugmaður í Reykjavík, f. í Englandi 15. september 1947.
8. Davidsen, Hans Kári, sjómaður í Hafnarfirði, f. í Færeyjum 5. október 1942.
9. Debes, Katora Margreta, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 10. janúar 1909.
10. Flego, Silvan Dragutin, verkamaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 1. desember 1938.
11. Gunnlaugur Jón Ólafur Magnússon, barn í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 14. apríl 1966.
12. Hansen, Conny Elinor, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 1. september 1941.
13. Hansen, Jens Aage Vesterlund, garðyrkjumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 4. október 1944.
14. Hodge, Susan Penelope, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. í Englandi 24. marz 1939.
15. Holton, Thomas Albert, markaðssérfræðingur á Seltjarnarnesi, f. í Bandaríkjunum 23. janúar 1933.
16. Hólmfríður Magnúsdóttir, barn í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 22. júlí 1967.
17. Jacobsen, Hanna Sigurlaug Þorkels, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 19. marz 1951.
18. Jerke, Monika Karla Carmen, verkakona í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 26. nóvember 1945.
19. Joensen, Jens Elias Sören Frederik, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 6. október 1911.
20. Jones, Gunnar David, verkamaður í Reykjavík, f. í Englandi 10. febrúar 1946.
21. Jóhann Magnússon, barn í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 14. apríl 1966.
22. Knudsen, Hans Albert, flugmaður í Reykjavík, f. á Íslandi 1. október 1947.
23. Kreidler, Helmut Karl, gleraugnasmiður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. júní 1938.
24. Mörköre, Jörgen Jörgensen, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 1. janúar 1918.
25. Quinn, Patricia, verkakona í Reykjavík, f. í Reykjavík 24. október 1949.
26. Retana, Vicente Gomez, bókbindari í Reykjavík, f. á Spáni 9. júlí 1938.
27. Salters, Doris, húsmóðir í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 21. ágúst 1946.
28. Sigurjón Einarsson, barn í Hafnarfirði, f. í Sviss, 16. apríl 1968.
29. Steele, Anna Elín, nemandi í Vestmannaeyjum, f. á Íslandi 1. ágúst 1954.
30. Sörensen, Benny Torkild, verkamaður á Akureyri, f. í Danmörku 1. maí 1938.
31. Tuvina, Elena, húsmóðir í Reykjavík, f. í Sovétríkjunum 13. júní 1935.
32. Wiebel, Claudia Anita, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. október 1943.
33. Wiebel, Mikael Jochen Robert, barn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. apríl 1965.
34. Zurková, Marie Jaroslava, húsmóðir á Dalvík, f. í Tékkóslóvakíu 11. marz 1932.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 806. Frumvarp til laga [270. mál.]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. maí.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 500 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971. Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nafn eigenda.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr., að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

Heimilt er að taka innlend lán að fjárhæð allt að 30 millj. kr. vegna landhelgisgæzlu til flugvélarkaupa og allt að 23 millj. kr. til að endurlána Þorgeir og Ellert hf, Akranesi, til endurbyggingar skipalyftu, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Heimilt er að taka innlent lán vegna vegáætlunar allt að 95 millj. kr., þar af vegna Djúpvegar 25 millj. kr. og vegna Norðurlandsáætlunar 20 millj. kr.

5. gr.

Heimilt er að ábyrgjast innlend eða erlend lán að jafnvirði allt að 330 millj. kr. vegna Fiskveiðasjóðs Íslands, allt að 150 millj. kr. vegna Laxárvirkjunar til framkvæmda þar, allt að 56 millj. kr. vegna Áburðarverksmiðju ríkisins vegna stækkunar verksmiðjunnar, allt að 11 millj. kr. vegna virkjunar Mjólkár II og allt að 60 millj. kr. vegna Lánasjóðs sveitarfélaga til að endurlána sveitarfélögum vegna hitaveituframkvæmda. Enn fremur er heimilt að ábyrgjast allt að 60 millj. kr. erlent lán til byggingar flutningslínu raforku á Norðurlandi.

6. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslu af áður útgefnum spariskírteinalánum, og lánsfé, sem aflað hefur verið með sölu spariskírteina skv. heimild í lögum nr. 82/1971, skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Landshafnir	28
Flugöryggismál	16
Rafmagnsveitur ríkisins, framkv.	168
Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána	20
Sveitarafvæðing	57
Vatnsorkurannsóknir	15
Jarðhitarannsóknir	17
Jarðvarmaveitur	7
Blævardalsárvirkjun	4
Rannsóknastofnanir á Keldnaholti	6
Endurbætur á Landssmiðju	3
Lögreglustöð	14
Reykjanesbraut	45
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	30
Austurlandsáætlun	75
Norðurlandsáætlun	100
Halli á framkvæmdaáætlun 1971	35
	640
Til Framkvæmdasjóðs Íslands	360
Samtals	1000

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 807. Nefndarálit [216. mál]

um till. til þál. um gerð alþjóðlegs varaflugvallar á Norðurlandi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið um hana umsögn flugmálastjóra, Flugfélags Íslands og Loftleiða. Að athuguðu máli leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram könnun á því, hverja nauðsyn beri til og hvar hagkvæmast sé að gera hér á landi varaflugvöll fyrir millilandaflug. Niðurstöður könnunarinnar verði lagðar fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má.
2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um gerð alþjóðlegs varaflugvallar hér á landi.

Alþingi, 13. maí 1972.

Gísli Guðmundsson, form., frsm.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Ingólfur Jónsson.
Stefán Gunnlaugsson.	Björn Fr. Björnsson.	Lárus Jónsson.
	Jónas Árnason.	

Sþ. 808. Nefndarálit [166. mál]

um till. til þál. um staðsetningu Hafsbotnsstofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Frá allsherjarnefnd.

Eftir að tillögu þessari hafði verið vísað til allshn., sendi hún hana utanríkismálanefnd til umsagnar. Að fenginni umsögn utanríkismálanefndar og að athuguðu máli mælir allshn. með því, að till. verði samþykkt eins og hún liggur fyrir á þskj. 317.

Alþingi, 13. maí 1972.

Gísli Guðmundsson, form., frsm. Bjarni Guðnason, fundaskr. Ingólfur Jónsson.
Lárus Jónsson. Stefán Gunnlaugsson. Björn Fr. Björnsson.
Jónas Árnason.

Nd. 809. Breytingartillaga [237. mál]

við frv. til laga um lögreglumenn.

Frá Friðjóni Þórðarsyni, Stefáni Gunnlaugssyni og Bjarna Guðnasyni.

Við 2. gr. Orðin „og yfirsakadómari með stjórn rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík“ í 2. mgr. falli niður.

Nd. 810. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til laga um Tækniskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur haft til athugunar frv. og orðið ásátt um að mæla með samþykkt þess með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 10. gr. bætist ný mgr.:
   Við skólann starfar skólastjórn. Í henni eiga sæti rektor, sem er formaður, fastráðnir kennarar og einn fulltrúi nemenda fyrir hverja þrjá aðra skólastjórnarmenn.
2. Við 12. gr. 1. tl. falli brott.

Alþingi, 15. maí 1972.

Bjarni Guðnason, form., frsm. Svava Jakobsdóttir, fundaskr., með fyrirvara. Ellert B. Schram, með fyrirvara.
Jónas Jónsson, með fyrirvara. Ben. Gröndal. Eysteinn Jónsson.

Sþ. 811. Nefndarálit [174. mál]

um till. til þál. um rannsókn á aðstæðum til virkjunar í Jökulsá eystri í Skagafirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft til athugunar tillögu til þingsályktunar um rannsókn á aðstæðum til virkjunar í Jökulsá eystri í Skagafirði og fengið umsagnir frá Fjórðungssambandi Norðlendinga, Rafmagnsveitum ríkisins og Orkustofnun, þar sem segir m. a., að rannsókn sú, sem tillagan gerir ráð fyrir, sé þegar hafin. Með hliðsjón af því þykir nefndinni rétt að leggja til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 15. maí 1972.

Gísli Guðmundsson, form.	Stefán Gunnlaugsson, frsm.	Björn Fr. Björnsson.
Ingólfur Jónsson.	Jónas Árnason.	Lárus Jónsson.

Nd. 812. Frumvarp til laga [285. mál]

um dvalarheimili aldraðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Dvalarheimili aldraðra eru ætluð öldruðu fólki, sem ekki þarfnast vistunar á sjúkrahúsi. Dvalarheimili aldraðra getur jöfnum höndum verið ætlað til dagvistunar sem fullrar vistunar. Íbúðir fyrir aldraða geta verið hluti dvalarheimilis.

2. gr.

Enginn má setja á stofn eða reka dvalarheimili fyrir aldraða nema með leyfi ráðherra. Sama máli gegnir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana.

3. gr.

Beiðni til ráðherra til rekstrarleyfis samkvæmt 2. gr. skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar, staðsetningu, uppdrætti af byggingum og lóðum og umhverfi og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu af húsakynnum. Enn fremur fylgi greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhagsástæður og loks skýrsla um starfsáætlun, um stjórn, starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna og með hvaða kjörum.

Ráðherra veitir því aðeins leyfið, að stofnunin fullnægi heilbrigðiskröfum og ætla megi, að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt. Ætíð skal leita álits viðkomandi héraðslæknis og sveitarfélags á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

4. gr.

Heilbrigðisyfirvöld annast eftirlit með rekstri og fyrirkomulagi dvalarheimilis og skulu í því sambandi ætíð eiga greiðan aðgang að stofnunum, sem um getur í þessum lögum.

5. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. um búnað húsa, aðbúnað og þjónustu við vistmenn, svo og um starfslið dvalarheimilis.

6. gr.

Rekstur dvalarheimilis skal lúta stjórn 3 eða 5 manna, skulu þeir tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða eigendum til 4 ára í senn. Vistmönnum skal heimilt að tilnefna einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnarinnar, og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt. Stjórnin ræður forstöðumann heimilisins og heimilislækni og skal þeim heimil seta á stjórnarfundum með tillögurétti og málfrelsi.

7. gr.

Nú byggir sveitarfélag dvalarheimili eða hefur rekstur þess samkvæmt lögum þessum, og skal þá ríkissjóður greiða ⅓ hluta kostnaðar við bygginguna og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar. Ef aðrir aðilar en sveitarfélög byggja eða hefja rekstur dvalarheimilis, er ríkissjóði heimilt að greiða allt að ⅓ hluta kostnaðar við byggingu og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar.

8. gr.

Daggjaldanefnd, sbr. l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, ákveður upphæð vistgjalda á dvalarheimilum aldraðra.

Ársreikningar dvalarheimila skulu ætíð sendir ráðuneytinu.

9. gr.

Stjórn dvalarheimilis ákvarðar vistun fólks á heimilinu að fengnum tillögum forstöðumanns.

10. gr.

Þau dvalarheimili, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna háð ákvæðum þeirra.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sumarið 1971 fól Magnús Kjartansson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Velferðarnefnd aldraðra að semja frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við byggingu elliheimila.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, og eftirfarandi greinargerð er árangur af starfi nefndarinnar að þessu verkefni.

Fjöldi aldraðra hefur verið sívaxandi á Íslandi undanfarin ár, bæði tölulega og hlutfallslega miðað við íbúafjölda. Vaxandi fjöldi aldraðra hefur haft í för með sér aukna þörf fyrir ýmsar stofnanir og þjónustu í þágu þeirra. Nokkur sveitarfélög og félagssamtök hafa innt af hendi myndarlegt átak í þessu efni og nú er á döfinni hjá ýmsum sveitarfélögum athugun á vistunaraðstöðu aldraðra og byggingu dvalarheimila.

Þrátt fyrir það skortir mjög ýmiss konar úrræði í sambandi við vistun aldraðra.

Með frumvarpi þessu er leitazt við að setja ákvæði um veigamikið atriði í sambandi við starf í þágu aldraðra, dvalarheimili. Áður voru nokkur ákvæði um elliheimili í sjúkrahúsalögum nr. 54/1964. Í kaflanum um sjúkrahús í frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu, sem nú liggur fyrir Alþingi, eru ekki samsvarandi ákvæði um elli- og dvalarheimili og áður voru í sjúkrahúsalögum, þar sem rétt þótti að flytja sérstakt frumvarp um dvalarheimili fyrir aldraða.

Þótt hér sé flutt sérstaklega frumvarp um dvalarheimili fyrir aldraða, leggur nefndin áherzlu á, að litið verði á alla dvalar- og vistunaraðstöðu fyrir aldraða, þ. e. hjúkrunarheimili, dvalarheimili og sérstakar íbúðir fyrir aldraða, sem heild, enda oft mjótt á munum milli einstakra vistunarúrræða.

Í meginatriðum er tilgangur með lagasetningu þessari tvíþættur:

1. Settar verði reglur um byggingu og rekstur dvalarheimila fyrir aldraða og skapaðir möguleikar á eftirliti með rekstri þeirra.
2. Settar verði reglur um framlög úr ríkissjóði til bygginga dvalarheimila og kaupa á nauðsynlegum tækjum og búnaði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagður sá skilningur í hugtakið dvalarheimili, að það sé ætlað þeim öldruðum, sem eru að verulegu leyti sjálfbjarga, en þarfnast samt eða óska að búa á heimili, þar sem þeir geta verið lausir við húshald, fengið umönnun og vissa hjúkrun.

Áherzla er á það lögð, að dvalarheimili geti verið jöfnum höndum ætluð til dagvistar sem fullrar vistunar.

Íbúðir fyrir aldraða geta verið hluti dvalarheimilis og er þá reiknað með ákveðinni sameiginlegri þjónustu frá dvalarheimilinu.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, enda er hér um svipað ákvæði að ræða og nú er í sjúkrahúsalögum nr. 54/1964.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Hér er reiknað með, að ráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, framlag lögbundið til sveitarfélaga en heimildarákvæði í sambandi við byggingu dvalarheimilis á annarra vegum.

Um 8. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Samkvæmt því ákveður daggjaldanefnd upphæð vistgjalda á dvalarheimilum skv. l. nr. 67/1971.

Um 9. gr.

Með ákvæði þessu er ákvörðun um fyrirkomulag vistunar í höndum stjórnar dvalarheimilis.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 813. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 11. maí 1966, um iðnfræðslu.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess óbreytts eins og það kom frá háttvirtri neðri deild.

Alþingi, 15. maí 1972.

Steingr. Hermannsson, form., frsm.	Ragnar Arnalds, fundaskr.	Geir Hallgrímsson, með fyrirvara.
Þorv. Garðar Kristjánsson, með fyrirvara.	Bjarni Guðbjörnsson.	Björn Fr. Björnsson.

Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 814. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um fiskvinnsluskóla, nr. 55 15. apríl 1971.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að mæla með eftirgreindri afgreiðslu:

Með tilliti til þess, að hæstvirt ríkisstjórn hefur sett á fót nefnd til þess að kanna staðsetningu opinberra stofnana, leggur nefndin til, að frumvarpinu verði **vísað til hæstvirtrar ríkisstjórnar** til vandlegrar athugunar.

Alþingi, 10. maí 1972.

Ragnar Arnalds, form.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Steingr. Hermannsson, frsm.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Auður Auðuns.	Björn Jónsson.

Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 815. Nefndarálit [253. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess eins og það kom frá háttv. neðri deild með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 13. gr. Greinin orðist svo:

2. mgr. 51. gr. laganna orðist svo:

Þá skal og útvarpa innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana, en eftirrit af ræðunni skal afhent formanni hvers þingflokks eigi síðar en viku áður en hún er flutt. Umferðir skulu vera tvær. Í fyrri

umferð hefur forsætisráðherra til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka en forsætisráðherrans 20 mínútur hver. Í annarri umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða.

Alþingi, 15. maí 1972.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm. Geir Gunnarsson, fundaskr. Þorv. Garðar Kristjánsson.
Bjarni Guðbjörnsson. Magnús Jónsson. Ásgeir Bjarnason.
Eggert. G. Þorsteinsson.

Ed. 816. Breytingartillaga [260. mál]

við frv. til l. um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi — Handritastofnun Íslands.

Frá Ragnari Arnalds.

9. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 27 frá 2. maí 1969, um Handritastofnun Íslands, en Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi tekur við öllum eignum og skuldum Handritastofnunar Íslands.

Nd. 817. Breytingartillaga [209. mál]

við frv. til l. um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

Við 4. gr. 3. málsgr. orðist þannig:

Að 3 árum liðnum frá gildistöku laganna skulu ákvæði seinustu málsgreinar um stjórn stofnunarinnar breytast þannig, að 3 stjórnarmeðlimir verði tilnefndir af aðalfundi fulltrúaráðs, en 2 af ráðherra samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Nd. 818. Breytingartillögur [209. mál]

við frv. til l. um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

1. Við 4. gr. Niður falli orðin „og ákvæði 6. gr. um útflutningsgjöld“ í 3. málsgr. í greininni.
2. Við 6. gr. Greinin falli niður.

Ed. 819. Frumvarp til laga [260. mál]

um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. maí.)

1. gr.

Heiti stofnunarinnar er: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Hún er háskólastofnun með sérstakri stjórn og sjálfstæðum fjárhag og heyrir undir menntamála-

ráðherra, en undir ríkisstjórnina um varðveizlu og umsjón með handritum þeim og skjalagögnum, sem til Íslands verða flutt frá Danmörku, sbr. 2. gr.

2. gr.

Stofnunin varðveitir handrit þau og skjalagögn, sem ríkisstjórn Íslands hefur veitt og veitir viðtöku samkvæmt sáttmála milli Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í Danmörku í vörzlu og umsjón Háskóla Íslands, dagsettum 1. júlí 1965 og fullgiltum 1. apríl 1971.

Enn fremur varðveitir stofnunin önnur handrit og gögn, sem hún á og kann að eignast eða henni verða falin til varðveizlu.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar. Þetta gerir stofnunin með öflun og varðveizlu gagna um þessi efni, sbr. 2. gr., rannsóknum á heimildum um þau, útgáfu handrita og fræðirita, hljóðritun þjóðfræðaefnis og með hverju öðru, sem stutt getur að þessu markmiði.

4. gr.

Rekstur stofnunarinnar annast sérstakur forstöðumaður. Hann annast og fræðilega stjórn stofnunarinnar ásamt öðrum starfsmönnum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Forstöðumaður skal jafnframt vera prófessor í heimspekideild með takmarkaðri kennsluskyldu og leiðbeina þeim nemendum, er taka hjá honum ritgerðarefni til lokaprófs. Um veiting starfsins fer eftir sömu reglum sem um önnur prófessorsembætti.

Við stofnunina starfar stjórnarnefnd þannig skipuð: Forstöðumaður stofnunarinnar, rektor Háskóla Íslands, sem jafnframt er formaður stjórnarinnar, og einn skipaður af menntamálaráðherra, án tilnefningar, til sex ára í senn. Nefndarstörf eru ólaunuð.

5. gr.

Við stofnunina starfa sérfræðingar, sem hafa þar fullt og fast starf, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Þeir skulu settir eða skipaðir af menntamálaráðherra. Auk þess starfa við stofnunina styrkþegar, sem ráðnir eru til náms og starfa takmarkaðan tíma í senn. Heimilt er að ráða annað nauðsynlegt starfslið.

6. gr.

Heimilt er með reglugerð að skipta stofnuninni í deildir eftir fræðigreinum. Kjarni stofnunarinnar skal vera sú deild, sem annast útgáfu handrita eða rita eftir handritum, svo og rannsóknir á þeim.

7. gr.

Háskólaráð kýs stofnuninni tvo tilsjónarmenn (ephori) til fjögurra ára í senn, og skulu þeir líta eftir því, að stofnunin starfi í samræmi við stofnskrá dánargjafar Árna Magnússonar frá 18. janúar 1760.

8. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnunarinnar, þ. á m. um réttindi og skyldur starfsmanna í því efni.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 27 frá 2. maí 1969, um Handritastofnun Íslands, en Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi tekur við öllum eignum og skuldum Handritastofnunar Íslands.

Ed. **820. Lög** [67. mál]

um breyting á íþróttalögum, nr. 49/1956.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 597.

Ed. **821. Lög** [235. mál]

um breyting á skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 499.

Ed. **822. Lög** [222. mál]

um breyting á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 457.

Nd. **823. Frumvarp til námulaga.** [114. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. maí.)

Samhljóða þskj. 142 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Á öðrum landssvæðum en í 1. gr. segir, sem ekki eru í einkaeign, eign félaga, sveitarfélaga eða landshluta, hefur ríkið eitt rétt til jarðefna.

Um námuréttindi á landgrunninu umhverfis Ísland fer eftir sérlögum og að öðru eftir þessum lögum.

5. gr. hljóðar svo:

Námueiganda er skylt að hlíta á sinn kostnað því eftirliti með leit og vinnslu jarðefna, sem mælt er fyrir um í lögum, reglugerðum eða sérstökum ákvörðunum ráðherra.

Ráðherra fer með eftirlit með málmleit og námurekstri og fylgist með því, að sveitarfélög vanræki ekki skyldur sínar samkvæmt 3. málsgr. 3. gr.

8. gr. hljóðar svo:

Ráðherra er rétt, þá er almannahagur krefst þess, að taka lögnámi námuréttindi til eignar eða afnota ásamt nauðsynlegum landsvæðum og mannvirkjum til athafna vegna námurekstrarins.

Ef lögnám á hluta af eign hefur í för með sér verulega rýrnun á notagildi hins hluta eignarinnar, er skylt, ef eigandi krefst þess, að láta lögnámið taka til allrar eignarinnar.

Við ákvörðun lögnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um jarðefni og kostnaðar af leit og vinnslu.

Rétt er, ef námueigandi krefst þess og ráðherra samþykkir, að meta endurgjald fyrir vinnsluréttinn:

a) tiltekinn hluta óskírs (brúttó) hluta verðmætis þess, sem unnið er,
b) tiltekinn hluta skírs (nettó) verðmætis þess, sem unnið er.

Er ráðherra hefur tekið landareign lögnámi, skal þó fyrri eigandi eiga forgangsrétt að sérleyfi næst á eftir ríkinu.

Nd. 824. Nefndarálit [250. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og rætt það við rektor Háskóla Íslands og forseta verkfræði- og raunvísindadeildar Háskólans.
Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
   a. Í 3. mgr. 10. gr. falli niður orðin „í verkfræði".
   b. Í stað orðanna „verkfræði- og raunvísindadeildar" í sömu málsgr. komi: viðkomandi háskóladeildar.
2. Við 8. gr.
   a. Orðin „í verkfræði" falli niður.
   b. Í stað orðanna „verkfræði- og raunvísindadeildar" komi: viðkomandi háskóladeildar.

Einn nefndarmanna, GunnG, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. maí 1972.

Bjarni Guðnason, form.	Svava Jakobsdóttir, fundaskr., frsm.	Ellert B. Schram, með fyrirvara.
Jónas Jónsson.	Benedikt Gröndal.	Eysteinn Jónsson.

Nd. 825. Breytingartillögur [237. mál]

við frv. til laga um lögreglumenn.

Frá Ólafi G. Einarssyni, Ellert B. Schram og Friðjóni Þórðarsyni.

1. 1. mgr. 13. gr. orðist svo:
   Frá 1. janúar 1972 greiðist kostnaður við starfsemi lögreglunnar, sem áður var greiddur af sveitar- eða sýslufélögum, úr ríkissjóði. Þó skulu sveitar- eða sýslufélögin annast greiðslu kostnaðar, svo sem verið hefur, gegn mánaðarlegri endurgreiðslu úr ríkissjóði allt til 31. desember 1972, að kostnaðargreiðslur færast til ríkissjóðs og umboðsmanna hans.
2. 1. mgr. 14. gr. orðist svo:
   Ríkið tekur við þeim tækjum og búnaði, sem sveitar- eða sýslufélag hefur lagt lögreglunni til, enda náist samkomulag um endurgreiðslur milli aðila. Náist ekki samkomulag, skulu þrír dómkvaddir menn ákveða greiðslur.
3. 2. mgr. 14. gr. orðist svo:
   Ríkið tekur við húsnæði, sem ríki og sveitarfélög hafa stofnað til sameiginlega til afnota í þágu lögreglunnar, og skal þá sérstaklega samið um greiðslu á eignarhluta sveitar- eða sýslufélaga. Náist ekki samkomulag, skulu þrír dómkvaddir menn ákveða greiðslur.

Sþ. 826. Breytingartillaga [123. mál]

við till. til þál. um endurgreiðslu söluskatts til rithöfunda.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Tillögugreinin orðis svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing tillögur um, að fjárhæð, er nemi sem næst andvirði söluskatts af bókum, renni til rithöfunda og höfunda fræðirita sem viðbótarritlaun eftir reglum, er samdar verði í samráði við Rithöfundasamband Íslands og félög rithöfunda.

Nd. 827. Nefndarálit [255. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingu á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins felur í sér eftirfarandi atriði: fækkun um tvo menn í húsnæðismálastjórn, þannig, að einn þingflokkur missir fulltrúa í stjórninni, hækkun framlaga til kaupa á eldri íbúðum um 20 milljónir og afnám vísitölubindingar á lánum frá Húsnæðismálastofnuninni.

Þá eru í 4. gr. frv. ákvæði, sem fela í sér breytingu á skipan stjórna verkamannabústaða, en þegar til kom reyndist ekki samstaða um þann þátt innan stjórnarflokkanna og varð því niðurstaða þeirra sú að fella þessa grein brott úr frumvarpinu.

Undirritaðir nefndarmenn fallast á það samróma álit húsnæðismálastjórnar, að fram fari ýtarleg endurskoðun á umræddum lögum, einkum með það í huga að tryggja betur en nú er fjárhagsgrundvöll Byggingarsjóðs ríkisins sem aðallánveitanda til íbúðabygginga landsmanna.

Engin sú breyting, sem lögð er til með frumvarpinu, er svo aðkallandi, að ekki megi bíða haustsins.

Nd. 848. Frumvarp til laga [253. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Ed., 16. maí.)

Samhljóða þskj. 846 með þessari breytingu:

13. gr. hljóðar svo:
Þá skal og útvarpa innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana, en eftirrit af ræðunni skal afhent þingmönnum sem trúnaðarmál eigi síðar en viku áður en hún er flutt. Umferðir skulu vera tvær. Í fyrri umferð hefur forsætisráðherra til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka en forsætisráðherrans 20 mínútur hver. Í annarri umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða.

Nd. 849. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um lífeyrissjóð sjómanna, nr. 78/1970.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. maí 1972.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.
Gils Guðmundsson, fundaskr.
Matthías Á. Mathiesen.
Gylfi Þ. Gíslason.
Karvel Pálmason.
Matthías Bjarnason.
Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 850. Nefndarálit [252. mál]

um frv. til laga um vitagjald.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin ræddi málið á fundi sínum og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 16. maí 1972.

Garðar Sigurðsson, fundaskr., frsm.
Stefán Valgeirsson.
Sverrir Hermannsson.
Friðjón Þórðarson.
Magnús H. Gíslason.
Pétur Pétursson.
Karvel Pálmason.

Ed. **851. Nefndarálit** [270. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og undirritaður meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt, en minni hlutinn tók ekki þátt í afgreiðslu málsins og skilar séráliti.

Alþingi, 16. maí 1972.

Ragnar Arnalds, form., frsm.
Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr.
Björn Jónsson.
Páll Þorsteinsson.

Nd. **852. Jarðræktarlög.** [248. mál]

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 750 (sbr. 545).

Nd. **853. Lög** [209. mál]

um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 707.

Nd. **854. Lög** [149. mál]

um Íþróttakennaraskóla Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 801 (sbr. 593).

Sþ. **855. Breytingartillaga** [31. mál]

við till. til þál. um fálkaorðuna.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að öll ákvæði um hina íslenzku fálkaorðu og orðunefnd verði numin úr gildi. Þeir, sem hafa hlotið fálkaorðuna, haldi henni.

Sþ. **856. Breytingartillaga** [221. mál]

við till. til þál. um aðstoð við nýlenduþjóðir Portúgals.

Frá Sigurði Magnússyni.

Við tillgr. bætist:

Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því innan Atlantshafsbandalagsins, að Portúgal verði vikið úr bandalaginu, þar sem ljóst er, að pólitískur og efnahagslegur stuðningur NATO og ýmissa NATO-ríkja við Portúgal er ein helzta forsenda þess, að þeir geta enn kúgað og arðrænt nýlendur sínar.

Ed. **857. Nefndarálit** [270. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Oft hefur það komið fram í umræðum á Alþingi í vetur, að nú ætti að skipuleggja allar framkvæmdir með nákvæmni og að vel athuguðu máli, sem byggt væri á raunhæfri áætlanagerð. Til þess að koma þessu stefnumiði sínu í framkvæmd var eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnarinnar að koma á fót Framkvæmdastofnun ríkisins og skyldi hún annast alla áætlanagerð og meta röð framkvæmda. Á þeim tíma, sem liðinn er frá gildistöku laganna um s. l. áramót, hefur engin grundvallarbreyting orðið frá fyrri gerð framkvæmdaáætlana, og vissulega er byggt á fyrri reynslu og gögnum, er komu frá fyrri ríkisstjórn, en hún hafði í síauknum mæli farið inn á svið áætlanagerða um fjöldamargar stærri framkvæmdir.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin fái heimild til þess að gefa út og selja strax innanlands spariskírteini að upphæð allt að 500 millj. króna. Þetta er í annað sinn á tæplega hálfu ári, sem ríkisstjórnin leitar eftir svona heimild. Í fyrra skiptið var upphæðin alls 200 millj. króna, og voru skuldabréfin seld í desember s. l., um jólaleytið. Við í stjórnarandstöðunni erum ekki mótfallnir þessari fjáröflun í sjálfri sér, en bendum mjög eindregið á, að hér er siglt nokkuð djarft, eins og ástandi peningamála og verðlagi er nú háttað í landinu. Sala á skuldabréfum innanlands upp á alls 700 milljónir á um það bil hálfu ári hlýtur að segja til sín í bankakerfinu og þrengja hag viðskiptabankanna, sem verða að draga mjög saman þjónustu sína við viðskiptamenn sína. Nú væri það ekki órökrétt að hamla verulega á móti fjármagnsveltunni í dag og reyna þannig að minnka eftirspurn á þjónustu og vörukaupum, en hér er alls ekki gert ráð fyrir slíku. Öllu þessu fjármagni á að veita í opinberar framkvæmdir eða til þess að standa undir lánakostnaði. Þessi aukna velta mun því auka á þá þenslu, sem fyrir er. Hæstvirtur forsætisráðherra hefur sagt, að hér væri teflt á yztu nöf um framkvæmdir, og er það rétt. Einnig erum við í stjórnarandstöðunni spurðir: Hvað viljið þið, að sé skorið niður úr framkvæmdum? Þetta er í sjálfu sér óraunhæf spurning, þar sem við mótum ekki heildarstefnuna í efnahagsmálunum og við afgreiðslu fjárlaga. Því er ekki unnt að taka eitt eða tvö atriði sérstaklega út og fórna þeim einum sér. Hins vegar má benda á, að útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir upp á um 400 milljónir króna ásamt miklum framkvæmdastyrkjum eru hæpin stefna. Einnig verður að meta mjög vel, hversu hratt rafvæðing um landið skal ganga, þótt enginn deili um nauðsyn þess, að rafmagn komi sem fyrst um allt land. Menn verða að gera sér grein fyrir því, hvað hlutirnir kosta og hvað mikill hluti af fé ríkissjóðs getur farið til slíkra framkvæmda. Það er hlutverk ríkisstjórnar hverju sinni að meta röð framkvæmda og deila fjármagninu út. Hér á landi munu jafnan vera óþrjót-

andi verkefni til uppbyggingar, vandinn er að velja og hafna í því efni og með þeim hætti, að efnahagskerfið þoli fjármagnshreyfingarnar hverju sinni. Það er dregið í efa af undirrituðum, að þessa sjónarmiðs gæti hér, því að þegar til lengdar lætur er farsælast, að hraði framkvæmda sé nokkuð jafn á milli ára. Mikil aukning á sér nú stað á milli áranna 1971 og 1972 í fjármögnun framkvæmdaáætlunarinnar, eða um 1300 milljónir króna. Þegar einnig er haft í huga, að hækkun fjárlaga var um 5.3 milljarðar, má öllum vera ljóst, að næstum óhugsandi er að hamla svo á móti verðþenslu, að verðbólguáhrifin geri ekki verulega vart við sig síðari hluta ársins. En það skapar aftur jafnvægisleysi og veikir stöðu útflutningsatvinnuveganna, en staða þeirra í dag er síður en svo sterk. Reynslan ætti að sýna mönnum það, að verðþenslan er svo erfið viðureignar, að miklu er fórnandi til þess að ráða við þróun hennar.

Ég mun ekki standa í veginum fyrir þessari lántökuheimild, en legg áherzlu á, að allt sé gert til þess, að verðbólgan gleypi ekki þann ávinning, sem launþegar hafa fengið með síðustu kjarasamningum, og að atvinnuvegunum sé ekki stefnt í voða með of miklum ríkisframkvæmdum, eins og nú háttar til.

Alþingi, 16. maí 1972.

Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 858. Frumvarp til laga [286. mál]

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 4 14. febr. 1969.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 40 millj. króna“ í 2. mgr. 27. gr. laganna komi: allt að 73 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni hæstvirts samgöngumálaráðherra og í samráði við fjármálaráðherra. Alþingi samþykkti fyrir skömmu frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 19. maí 1971, þar sem lántökuheimild Ferðamálasjóðs var hækkuð úr 40 millj. kr. í 48 millj. kr. vegna ársins 1971. Nú er lagt til, að lántökuheimildin verði hækkuð í 73 millj. kr.

Sþ. 859. Þingsályktun [48. mál]

um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 49.

Ed. 860. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 23 22. apríl 1967, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir einróma með samþykkt þess, eins og það liggur fyrir eftir 3. umræðu í Nd.

Alþingi, 16. maí 1972.

Ragnar Arnalds, form.	Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr., frsm.	Páll Þorsteinsson.
Jón Árm. Héðinsson.	Magnús Jónsson.	Geir Hallgrímsson.

Sþ. 861. Þingsályktun [87. mál]

um sjálfvirk radíódufl í íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 98.

Sþ. 862. Þingsályktun [102. mál]

um vinnutíma fiskimanna.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd, sem í eiga sæti m. a. fulltrúar sjómanna og útvegsmanna, til að athuga möguleika á lagasetningu um vinnutíma og orlof fiskimanna.

Sþ. 863. Þingsályktun [115. mál]

um endurskoðun laga um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 143.

Sþ. 864. Þingsályktun [129. mál]

um yfirlitsáætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins samkv. vegalögum.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Vegagerð ríkisins að láta á árinu 1972 gera lauslega yfirlitsáætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins og kostnað við hana miðað við þá gerð vega, sem stefna ber að samkv. 12. og 13. gr. vegalaga, nr. 98 1970, og þá flokkun vega, sem upp verður tekin í vegáætlun fyrir árin 1972—75.

Sþ. 865. Þingsályktun [158. mál]

um athugun á auknu verðgildi íslenzkrar krónu.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort hagkvæmt sé og tímabært að auka verðgildi íslenzkrar krónu, þannig að 10 kr. verði að einni og einn Bandaríkjadollar jafngildi kr. 8.80. Verðbreyting krónunnar verði þannig framkvæmd, að innstæður, sjóðir, vöruverð, vinnulaun og skattar lækki tífalt í krónutölu og skuldir einstaklinga og fyrirtækja hliðstætt.

Sþ. 866. Þingsályktun [142. mál]

um eflingu ferðamála.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða áætlun um eflingu ferðamála. Í áætluninni verði stefnt að því að auka verulega ferðamannastraum til landsins og bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna. Leggja skal sérstaka áherzlu á það, að ferðaþjónusta geti orðið traustur atvinnuvegur sem víðast um byggðir landsins og að þróun ferðamála verði til stuðnings við æskilega þróun landsbyggðar. Jafnframt skal áætlunin unnin með tilliti til eftirtalinna fjögurra þátta, sem líklegir eru til að auka aðdráttarafl landsins sem ferðamannalands: Bættra skilyrða til ráðstefnuhalds, aukinna sportveiða, vetraríþrótta og heilsuhæla í sambandi við jarðhita.

Sþ. 867. Þingsályktun [60. mál]

um opinberar framkvæmdir í Reykjaneskjördæmi.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um opinberar framkvæmdir í Reykjaneskjördæmi. Verk þetta skal unnið í samráði við sveitarstjórnir í kjördæminu og byggt m. a. á þeim athugunum, sem unnið hefur verið að á vegum Samtaka sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi um framtíðarþróun þessa svæðis.

Sþ. 868. Þingsályktun [42. mál]

um áætlun um opinberar framkvæmdir í Suðurlandskjördæmi.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 43.

Sþ. 869. Þingsályktun [190. mál]

um skólaíþróttahús við Hamrahlíð í Reykjavík.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Alþingi ályktar, að leitað skuli samstarfs við Reykjavíkurborg um að reisa sameiginlegt íþróttahús fyrir Hlíðaskóla og Menntaskólann við Hamrahlíð.

Sþ. 870. Þingsályktun [197. mál]

um radarsvara við Grindavík.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 376.

Sþ. 871. Þingsályktun [178. mál]

um varnir gegn ofneyzlu áfengis.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar til að draga úr neyzlu áfengra drykkja:

1. Að efld verði undir forustu áfengisvarnaráðs upplýsingastarfsemi um háskalegar afleiðingar af ofnotkun áfengra drykkja og stuðlað að því, að slík upplýsingastarfsemi fari m. a. fram í öllum fjölmiðlum landsins, svo sem hljóðvarpi, sjónvarpi og blöðum.
2. Að löggæzlu verði hagað þannig, að sem mest áherzla sé lögð á að koma í veg fyrir áfengislagabrot.

Kostnaður vegna þessara ráðstafana verði greiddur úr ríkissjóði.

Sþ. 872. Þingsályktun [205. mál]

um vinnuauglýsingar hins opinbera.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 397.

Sþ. 873. Þingsályktun [226. mál]

um menntun fjölfatlaðra.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga möguleika á lagasetningu um ráðstafanir til að bæta menntunaraðstöðu fjölfatlaðra barna og unglinga.

Nd. 874. Frumvarp til laga [25. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963, sbr. lög nr. 14/1968.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. maí.)

1. gr.

2. málsgr. 205. gr. l. nr. 66/1963, sbr. 3. gr. l. nr. 14/1968, orðist svo:

Ákvæði um takmarkaða ábyrgð gilda ekki um kröfur vegna lífs- eða líkamstjóns skipstjóra, skipverja, annarra manna, sem ráðnir eru hjá útgerðarmanni, eða leiðsögumanns, enda hafi slys borið að höndum, er hlutaðeigandi var staddur

á skipi eða vann í þágu skips. Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum þessum, enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur vanrækslu eða yfirsjónar þeirra, er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, hefur með framkomu sinni sýnt vítavert gáleysi, sem leitt hefur til slyssins eða tjónsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 875. Nefndarálit [270. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu er stefnt að margfaldri aukningu framkvæmda innan ramma framkvæmdaáætlunar ríkisins fyrir árið 1972, miðað við s. l. ár. Allar eru framkvæmdir þessar nytsamlegar, en þessi stórkostlega aukning opinberra framkvæmda, sem er í beinu framhaldi af 50% hækkun fjárlagaútgjalda, eykur mjög á þá verðbólguöldu og þenslu í öllum greinum efnahagskerfisins, er nú vex dag frá degi, svo sem rækilega er rökstutt og varað við í skýrslu fjármálaráðherra um ástand og horfur í efnahagsmálum. Viljum við hafa hliðsjón af þeim varnaðarorðum fjármálaráðherra og treystum okkur því ekki til að styðja efnahagsstefnu þá, sem frv. þetta er einn þáttur í og stefnir í öfuga átt við þá þróun, sem fjármálaráðherra í skýrslu sinni telur mikilvægt að verði til að forða frá alvarlegum vandræðum.

Um nánari rökstuðning fyrir afstöðu okkar til þessa frv. vísast til hins rækilega álits nefndarmanna Sjálfstæðisflokksins í fjárhagsnefnd Nd., og munum við í samræmi við það sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. maí 1972.

Geir Hallgrímsson, frsm. Magnús Jónsson.

Nd. 876. Breytingartillögur [146. mál]

við till. til þál. um lágmarksmöskvastærð þorskaneta og bann gegn bolfiskveiði.

Frá Guðlaugi Gíslasyni og Garðari Sigurðssyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:

   Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að ákveða með reglugerð, að lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta skuli frá 1. janúar 1973 eigi minni vera en sjö þumlungar. Þó skulu á svæðinu frá Horni austur um að Digranesi leyfðar veiðar með þorskfisknetum með minni möskvastærð, en þó eigi minni en 5½ þumlung.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði:

   Till. til þál. um lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta.

Sþ. 877. Tillaga til þingsályktunar [287. mál]

um sáttastörf í vinnudeilum.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um eflingu sáttastarfs í vinnudeilum. Skal frumvarpið m. a. fela í sér eftirtalin atriði:

1. Starf ríkissáttasemjara skal vera aðalstarf og svo að því búið, að það verði sem sjálfstæðast. Hann hafi með höndum það verkefni að stuðla að vinnufriði í landinu og starfi í nánum tengslum við samtök launþega og atvinnurekenda.

2. Sáttasemjari fylgist að staðaldri með ástandi og horfum í atvinnumálum og með þróun launa- og kjaramála. Hann hafi vakandi auga á því, ef vinnudeila er í uppsiglingu, og beiti áhrifum sínum svo sem verða má í tæka tíð, til þess að samkomulag náist.

3. Sáttasemjari beiti sér fyrir ráðstöfunum, sem líklegar eru til umbóta í sambúð launamanna og atvinnurekenda, svo sem samstarfsnefndum, starfsmati og auknu atvinnulýðræði.

4. Við embætti ríkissáttasemjara starfi hagdeild, er vera skal samtökum launþega og atvinnurekenda til ráðuneytis um hagfræðileg efni við undirbúning og gerð kjarasamninga. Hagdeildin safni upplýsingum og vinni úr gögnum varðandi starfskjör launafólks og afkomu atvinnugreina og kappkosti að veita samtökunum fyrirgreiðslu, er að gagni mætti verða til þess að greiða fyrir kjarasamningum og varðveita vinnufrið.

Kostnaður við undirbúning málsins greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að stuðla að friðsamlegri lausn á vinnudeilum með auknu sáttastarfi og bættri aðstöðu til undirbúnings undir kjarasamninga.

Árið 1925 voru sett lög um sáttatilraunir í vinnudeilum. 1938 voru þau lög felld inn í lögin um stéttarfélög og vinnudeilur með nokkrum breytingum. 1926 var sáttasemjari ríkisins fyrst skipaður. Dr. Björn Þórðarson, síðar forsætisráðherra, gegndi því starfi frá 1926 til 1942, Jónatan Hallvarðsson, síðar hæstaréttardómari, frá 1942 til 1945 og Torfi Hjartarson tollstjóri frá 1945. Allir hafa þessir sáttasemjarar notið óskoraðs trausts jafnt launamanna sem vinnuveitenda fyrir samvizkusemi, þrautseigju og réttsýni.

Sáttasemjarastarfið hefur alla tíð verið aukastarf við hliðina á annasömu embætti. Flm. þessarar tillögu telja, að nú sé tímabært orðið að gera starf ríkissáttasemjara að fullu starfi. Kjaramálin eru orðin svo umfangsmikill og mikilvægur þáttur í þjóðlífinu, að æskilegt er, að ríkissáttasemjari geti helgað sig þeim alfarið. Tillagan gerir því ráð fyrir, að starf ríkissáttasemjara verði gert að föstu starfi, aðalstarfi. Það er nauðsynlegt, að sáttasemjari sé sjálfstæður og óháður embættismaður og hafi aðstöðu til þess að haga svo störfum sínum, að hann njóti fulls trúnaðar hjá báðum aðilum vinnumarkaðsins. Þarf að búa svo að starfinu, að þessum tilgangi verði náð.

Sáttasemjari þarf að vera að verki árið um kring og fylgjast að staðaldri með ástandi atvinnumála og þróun í launamálum. Aðilar eiga að geta leitað aðstoðar hans og fyrirgreiðslu, á hvaða stigi mála sem er, þótt ekki hafi slitnað upp úr samningaumleitunum eða vinnustöðvun verið boðuð. Eins á sáttasemjari að geta boðið fram aðstoð sína og milligöngu, hvenær sem er, þótt ekki sé í hnút komið.

Ýmsar leiðir hafa verið ræddar og reyndar hér á landi og annars staðar til þess að bæta sambúð launþega og atvinnurekenda, brúa bilið og draga úr viðsjárverðum átökum. Mörg atriði koma hér til íhugunar, og eru nokkur þeirra nefnd í tillögunni, svo sem samstarfsnefndir, starfsmat og aukið atvinnulýðræði. Um sum þessara atriða, t. d. einstaka þætti atvinnulýðræðis, hafa nýlega verið sett lög í grannlöndum. Flm. telja æskilegt, að ríkissáttasemjari sem hlutlaus aðili leggi hér hönd að verki með frumkvæði, öflun gagna og aðstoð við athugun á hugmyndum og tillögum frá launþegum og vinnuveitendum.

Við undirbúning og gerð kjarasamninga þarf margvíslegar rannsóknir, álitsgerðir og útreikninga um hagfræðileg efni. Fram hafa komið tillögur um, að samtök launþega stofni og reki eigin hagstofnun með fjárstyrk frá ríkinu. Væntanlega mundi þá hinn aðilinn koma á fót tilsvarandi stofnun á sínum vegum. Slík þróun yrði ekki æskileg, og hún er ekki líkleg til þess að draga úr deilum. Heppilegra er, að slík hagdeild verði sameiginleg fyrir báða aðila undir stjórn hlutlauss aðila eins og ríkissáttasemjara og starfi í nánu samstarfi og tengslum við samtök beggja. Hér er lagt til, að sú leið verði farin. Ekki er gert ráð fyrir, að hagdeildin starfi að verkefnum fyrir ríkisvaldið; það hefur nóg af öðrum hagstofnunum undir sinni stjórn.

Kjararannsóknarnefnd var stofnuð árið 1963 og er skipuð fulltrúum frá aðilum vinnumarkaðsins. Hún hefur unnið gagnmerkt starf, eins og fréttabréf hennar bera vott um. Við undirbúning þessa máls kemur til athugunar, hvort væntanleg hagdeild á vegum sáttasemjara ætti að taka við störfum kjararannsóknarnefndar og að nefndin eða fulltrúar frá þeim aðilum, er að henni standa, hefðu ásamt ríkissáttasemjara með höndum stjórn hagdeildarinnar.

Við undirbúning þeirrar löggjafar, sem tillagan fjallar um, þarf ríkisstjórnin að hafa náið samráð við samtök launamanna og atvinnurekenda og njóta góðs af dýrmætri reynslu núverandi ríkissáttasemjara.

Þessi þáltill. snertir ekki nein þau réttindi, sem núgildandi lög veita stéttarfélögum. Hún fjallar eingöngu um aukið sáttastarf í vinnudeilum og nýja aðstöðu til þess að greiða fyrir samningum, draga úr viðsjám og byggja nýjar brýr milli launamanna og vinnuveitenda.

Ed. 878. Nefndarálit [249. mál]

um frv. til laga um Bjargráðasjóð.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt án breytinga. — Einn nm., Auður Auðuns, var fjarverandi, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 17. maí 1972.

Björn Jónsson, form., frsm.	Björn Fr. Björnsson, fundaskr.	Oddur Ólafsson.
Helgi Seljan.	Eggert G. Þorsteinsson.	Ásgeir Bjarnason.

Ed. 879. Nefndarálit [281. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að stofna og reka hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með því, að það verði samþ. óbreytt. — Einn nm., Auður Auðuns, var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 17. maí 1972.

Björn Jónsson, form.	Björn Fr. Björnsson, fundaskr.	Oddur Ólafsson, frsm.
Eggert G. Þorsteinsson.	Ásgeir Bjarnason.	Helgi Seljan.

Nd. 880. Nefndarálit [260. mál]

um frv. til laga um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og þær umsagnir, sem því fylgdu, og mælir hún einróma með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. maí 1972.

Bjarni Guðnason, form.	Svava Jakobsdóttir, fundaskr.	Jónas Jónsson, frsm.
Eysteinn Jónsson.	Ey. Kon. Jónsson.	Ellert B. Schram.
	Benedikt Gröndal.	

Nd. 881. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67 10. maí 1966, um vélstjóranám.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur skoðað frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 17. maí 1972.

Bjarni Guðnason, form.	Svava Jakobsdóttir, fundaskr.	Eysteinn Jónsson, frsm.
Ellert B. Schram.	Ey. Kon. Jónsson.	Jónas Jónsson.
	Benedikt Gröndal.	

Sþ. **882. Nefndarálit** [274. mál]

um till til þál. um vegáætlun fyrir árin 1972—75.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd fékk till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1972—75 til meðferðar nokkru áður en henni var útbýtt á Alþingi. Nefndin hefur rætt þáltill. á 9 fundum og notið fulltingis Sigurðar Jóhannssonar vegamálastjóra við afgreiðslu málsins.

Þegar er nefndin hóf athugun á þáltill., varð hún ásátt um að beita sér fyrir því, að gert yrði ráð fyrir lántökum til hraðbrautarframkvæmda árin 1973—1975 og að aflað yrði lánsfjár til Djúpvegar í þeim mæli, að framkvæmdum yrði lokið á áætlunartímabilinu. Eru tillögur nefndarinnar við þetta miðaðar.

Við afgreiðslu bráðabirgðavegáætlunar fyrir árið 1972 var framlag til þeirra framkvæmda, sem gert hafði verið ráð fyrir á því ári í vegáætlun 1969—1972, hækkað að krónutölu í samræmi við breytingar, sem orðið höfðu á verðlagi, og tekjuáætlun breytt á hliðstæðan hátt. Hluta af halla vegáætlunar 1971, þ. e. 29.8 millj. kr., var gert ráð fyrir að flytja yfir á árið 1973, en eftir stóðu 32.8 millj. kr. til framkvæmda árið 1972, sem ekki hafði verið gert ráð fyrir á því ári í vegáætlun fyrir árin 1969—1972. Þessi upphæð var færð í einu lagi á bráðabirgðavegáætlun 1972, en látið bíða að skipta henni á einstök verk, þar til kæmi að afgreiðslu þeirrar vegáætlunar, sem hér er fjallað um.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1972 er gert ráð fyrir 153 millj. kr. hækkun á beinu framlagi ríkissjóðs, auknum greiðslum ríkissjóðs á afborgunum og vöxtum af lánum og sérstakri 50 millj. kr. lántöku. Enn fremur er gert ráð fyrir, að af 137 millj. kr. halla á vegáætlun 1970 og 1971 verði 17 millj. kr. greiddar 1972. Þegar annars vegar er tekið tillit til þessarar endurskoðuðu tekjuáætlunar fyrir árið 1972 og hins vegar hækkunar á kostnaði við þær framkvæmdir, sem gert var ráð fyrir á bráðabirgðaáætluninni, reyndust 74.1 millj. kr. vera til ráðstöfunar í viðbótarframkvæmdir á árinu.

Samkomulag var um það í nefndinni að gera tillögu um, að áður en þessari upphæð yrði skipt til framkvæmda í landsbrautir og þjóðbrautir, yrði varið af henni óskiptri alls 17.2 millj. kr., aðallega vegna framkvæmda í þjóðgarðinum á Þingvöllum og á Álftanesvegi. Til skipta í viðbótarframkvæmdir við þjóðbrautir og landsbrautir á árinu 1972 komu því 56.9 millj. kr. og til heildarframkvæmda við þjóðbrautir og landsbrautir árið 1973 218.3 millj. kr., árið 1974 228.2 millj. kr. og árið 1975 273.7 millj. kr.

Í bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1972 voru 195.5 millj. kr. áætlaðar til tiltekinna hraðbrautarframkvæmda auk framkvæmda fyrir lánsfé. Í þáltill. um vegáætlun fyrir árið 1972 er framlagið hækkað í 245.8 millj. kr., auk þess sem framkvæmdir fyrir lánsfé eru áætlaðar 145.0 millj. kr. Þessum fjárhæðum er þegar ráðstafað til þeirra framkvæmda, sem samið hefur verið um við verktaka samkvæmt bráðabirgðaáætluninni, sem samþykkt var í fyrra.

Í þáltill. er gert ráð fyrir framkvæmdum við hraðbrautir á árunum 1973—1975 fyrir tekjur vegasjóðs og lánsfé alls að upphæð 650 millj. kr. Í samræmi við tillögur nefndarinnar um auknar lántökur til þessara framkvæmda, þar sem gert er ráð fyrir, að lán fáist frá Alþjóðabankanum til þeirra framkvæmda, sem arðgæfastar eru, hækkar talan í 950 millj. kr.

Varðandi skiptingu fjár til einstakra framkvæmda í hinum ýmsu þáttum vegamála hafði nefndin samráð við þingmenn í viðkomandi kjördæmum, og er fullt samkomulag um þær tillögur, sem nefndin stendur að, í þeim efnum.

Í þáltill. er gert ráð fyrir lánsfjáröflun til Norðurlandsáætlunar, alls 600 millj. kr. á árunum 1972—1975. Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir 20 millj. kr.

hækkun á árinu 1972, en ekki er gerð tillaga um skiptingu þeirrar fjárhæðar á einstakar framkvæmdir.

Framlag til aðalfjallvega er ekki sundurliðað, þar sem gerð er tillaga um byggingu stórbrúa á Hvítá á Kjalvegi og á Sprengisandsleið og ekki er nú sýnt, hve mikið vegafé þarf á hvorum staðnum til vegagerðar að brúnum.

Af liðnum „aðrir fjallvegir" er gert ráð fyrir að 1 millj. kr. verði varið til vegar að skíðahóteli á Akureyri árið 1972 og 500 þús. kr. hvort áranna 1973 og 1974, 200 þús. kr. til Skoruvíkurvegar 1972 og 300 þús. kr. til Villingadalsvegar. Enn fremur verði 2 millj. kr. varið til vegar að Bláfjöllum 1972.

Lagt er til, að framlag til brúa 10 m og lengri hækki árið 1972 úr 61.8 millj. kr. í 64.4 millj. kr., þar af nemur framlag til Skeggjagils í Dalasýslu 2.3 millj. kr.

Gert er ráð fyrir, að fé verði veitt af liðnum „til tilrauna í vegagerð" til að kanna möguleika á að byggja yfir gil á Óshlíðarvegi innan við Hald og einnig á Ólafsfjarðarvegi.

Af stærstu einstökum framkvæmdum, sem tillögur eru gerðar um, má nefna eftirfarandi: Vegur yfir Skeiðarársand 1972—1975 647 millj. kr. Brú á Borgarfirði 1974—1975 287 millj. kr. Hraðbraut um Brynjudals- og Botnsvog 1973—1975 196.9 millj. kr. Hraðbraut Reykjavík—Kollafjörður 1972—1973 116.7 millj. kr. Jarðgöng á Norðfjarðarvegi 1972—1974 64.5 millj. kr. Hraðbraut til Grindavíkur 1973 58.6 millj. kr. Hraðbraut um Kollafjarðarkleifar 1973 47.7 millj. kr. Hraðbraut til Sandgerðis 1973 25.3 millj. kr.

Á þingskjali 833 flytur nefndin sameiginlega breytingartillögur við vegáætlunina. Um tillögur varðandi innheimtu veggjalds (I. 1.2.1. og I. 1.2.9. í áætlun um fjáröflun) er þó ekki samkomulag í nefndinni. Áskilja nefndarmenn sér því rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 16. maí 1972.

Geir Gunnarsson, form., frsm.	Jónas Jónsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Jón Árnason, með fyrirvara.	Steinþór Gestsson, með fyrirvara.	Jón Árm. Héðinsson, með fyrirvara.
Karvel Pálmason.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Ágúst Þorvaldsson, með fyrirvara.

Nd. 883. Nefndarálit [273. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Umsögn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga lá fyrir og þar mælt einróma með samþykkt frv.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. maí 1972.

Jónas Árnason, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Stefán Valgeirsson, frsm.
Hilmar Pétursson.	Ólafur G. Einarsson.	Gylfi Þ. Gíslason.
	Ragnhildur Helgadóttir.	

Nd. 884. Frumvarp til laga [288. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1970.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1970 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum í þús. kr.:

	Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00	Æðsta stjórn ríkisins	68 194	79 585
01	Forsætisráðuneytið	17 446	20 816
02	Menntamálaráðuneytið	1 440 075	1 656 151
03	Utanríkisráðuneytið	128 762	206 485
04	Landbúnaðarráðuneytið	603 309	676 265
05	Sjávarútvegsráðuneytið	202 722	221 860
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	429 348	515 702
07	Félagsmálaráðuneytið	447 980	507 860
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	2 591 525	2 807 208
09	Fjármálaráðuneytið	421 980	575 905
10	Samgönguráðuneytið	1 016 778	1 226 130
11	Iðnaðarráðuneytið	199 784	243 888
12	Viðskiptaráðuneytið	598 658	590 129
13	Hagstofa Íslands	10 696	10 539
14	Ríkisendurskoðun	10 127	12 974
	Mismunur	209 589	448 017
	Samtals	8 396 973	9 799 514

	Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11	Skattar	8 305 098	9 560 662
12	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	55 858	62 831
13	Ýmsar tekjur	36 017	176 021
	Samtals	8 396 973	9 799 514

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1970, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Nd. 885. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til laga um Þjóðleikhús.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 17. maí 1972.

Bjarni Guðnason, form., frsm., með fyrirvara.
Eysteinn Jónsson, með fyrirvara.
Svava Jakobsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.
Ellert B. Schram, með fyrirvara.
Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.
Jónas Jónsson, með fyrirvara.
Benedikt Gröndal, með fyrirvara.

Nd. 886. Breytingartillögur [98. mál]

við frv. til l. um Þjóðleikhús.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1. 1. mgr. 5. gr. orðist svo:
   Menntamálaráðherra skal skipa 7 manna þjóðleikhúsráð til þriggja ára í senn. Skal einn tilnefndur af Bandalagi íslenzkra listamanna, einn af Félagi íslenzkra leikara, einn af Leikarafélagi Þjóðleikhússins, einn af öðrum starfsmönnum Þjóðleikhússins en leikurum, þjóðleikhússtjóri og fjármálafulltrúi. Jafnframt skipar ráðherra einn mann án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins.
2. Við 6. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
   Þjóðleikhúsráð sér um, að staðfestri áætlun og öðrum ákvörðunum þess sé framfylgt, og fjallar um sérhver þau mál, er leikhúsið varða og upp eru borin á fundum þess.
3. 7. gr. orðist svo:
   Þjóðleikhúsráð kemur að jafnaði saman einu sinni til tvisvar í mánuði. Formaður þjóðleikhúsráðs kveður ráðið til fundar. Þjóðleikhússtjóri undirbýr fundi ráðsins ásamt formanni ráðsins og fjármálafulltrúa leikhússins. Skylt er að boða til fundar, ef þrír ráðsmenn hið fæsta æskja þess.
   Þjóðleikhúsráð skal halda gjörðabók um störf sín.
   Ráðherra ákveður þóknun fyrir störf í þjóðleikhúsráði.
4. 10. gr. falli brott.
5. Við 1. mgr. 13. gr. Orðin „starfsnefnd leikhússins og“ falli brott.

Ed. 887. Frumvarp til laga [77. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. maí.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Alfaro, Edward Achilles, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 9. maí 1964.
2. Ashkenazy, Vladimir Davidovich, pianóleikari, f. í Sovétríkjunum 6. júlí 1937.
3. Banke, Arne Kurt Larsen, vélamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 1. september 1946.
4. Bjarnarson, Elisabeth, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 7. september 1948.
5. Boucher, Alan Estcourt, kennari í Reykjavík, f. í Englandi 3. janúar 1918.
6. Boucher, Alice Kristín, skrifstofustúlka í Reykjavík, f. í Englandi 7. maí 1944.
7. Boucher, Robin Gunnar Estcourt, flugmaður í Reykjavík, f. í Englandi 15. september 1947.
8. Davidsen, Hans Kári, sjómaður í Hafnarfirði, f. í Færeyjum 5. október 1942.
9. Debes, Katora Margreta, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 10. janúar 1909.
10. Flego, Silvan Dragutin, verkamaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 1. desember 1938.
11. Gunnlaugur Jón Ólafur Magnússon, barn í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 14. apríl 1966.
12. Hansen, Conny Elinor, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 1. september 1941.
13. Hansen, Jens Aage Vesterlund, garðyrkjumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 4. október 1944.

14. Hodge, Susan Penelope, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. í Englandi 24. marz 1939.
15. Holton, Thomas Albert, markaðssérfræðingur á Seltjarnarnesi, f. í Bandaríkjunum 23. janúar 1933.
16. Hólmfríður Magnúsdóttir, barn í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 22. júlí 1967.
17. Jacobsen, Hanna Sigurlaug Þorkels, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 19. marz 1951.
18. Jerke, Monika Karla Carmen, verkakona í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 26. nóvember 1945.
19. Joensen, Jens Elias Sören Frederik, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 6. október 1911.
20. Jones, Gunnar David, verkamaður í Reykjavík, f. í Englandi 10. febrúar 1946.
21. Jóhann Magnússon, barn í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 14. apríl 1966.
22. Knudsen, Hans Albert, flugmaður í Reykjavík, f. á Íslandi 1. október 1947.
23. Kreidler, Helmut Karl, gleraugnasmiður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. júní 1938.
24. Mörköre, Jörgen Jörgensen, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 1. janúar 1918.
25. Quinn, Patricia, verkakona í Reykjavík, f. í Reykjavík 24. október 1949.
26. Retana, Vicente Gomez, bókbindari í Reykjavík, f. á Spáni 9. júlí 1938.
27. Roth, Björn, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 26. apríl 1961.
28. Roth, Karl, nemandi í Reykjavík, f. á Íslandi 17. nóvember 1957.
29. Roth, Vera, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 17. febrúar 1963.
30. Salters, Doris, húsmóðir í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 21. ágúst 1946.
31. Sigurjón Einarsson, barn í Hafnarfirði, f. í Sviss 16. apríl 1968.
32. Steele, Anna Elín, nemandi í Vestmannaeyjum, f. á Íslandi 1. ágúst 1954.
33. Sörensen, Benny Torkild, verkamaður á Akureyri, f. í Danmörku 1. maí 1938.
34. Tuvina, Elena, húsmóðir í Reykjavík, f. í Sovétríkjunum 13. júní 1935.
35. Wiebel, Claudia Anita, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. október 1943.
36. Wiebel, Mikael Jochen Robert, barn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. apríl 1965.
37. Winther, Andrea Kristina, húsmóðir, Miðskála undir Eyjafjöllum, f. í Færeyjum 25. ágúst 1934.
38. Zurková, Marie Jaroslava, húsmóðir á Dalvík, f. í Tékkóslóvakíu 11. marz 1932.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 888. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess, þannig

BREYTTS:

1. gr. orðist svo:

Á eftir 27. gr. laganna, á undan V. kafla, komi ný grein þannig:

Stefnt skal að því, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins starfræki rannsóknastofur, a. m. k. eina í hverjum landsfjórðungi og víðar samkvæmt ákvörðun ráð-

herra og að fengnum tillögum aðila fiskiðnaðarins. Leita skal samstarfs við fiskiðnað og sveitarfélög á viðkomandi svæði um stofnsetningu og starfrækslu slíkrar rannsóknastofu. Sömuleiðis skal athugað að nýta aðstöðu og samstarf við menntastofnanir á staðnum.

Rannsóknastofur þessar skulu veita fiskiðnaði og öðrum matvælaiðnaði í viðkomandi landshluta þjónustu með rannsóknum, gæðaeftirliti og leiðbeiningum gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, eins og við á.

Jón Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. maí 1972.

Bjarni Guðbjörnsson, form.	Björn Jónsson, fundaskr.	Steingr. Hermannsson, frsm.
Oddur Ólafsson.	Geir Gunnarsson.	Jón Árm. Héðinsson.

Sþ. 889. Nefndarálit [165. mál]

um till. til þál. um að fullnýta þær vélar, sem til eru í landinu til að leggja olíumöl á þjóðvegi landsins.

Frá allsherjarnefnd.

Allshn. leit svo á, að rétt væri að senda fjárveitinganefnd mál þetta til umsagnar og að eðlilegt væri að fara eftir tillögum þeirrar nefndar um afgreiðslu þess. Jafnframt var þó aflað umsagnar vegamálastjóra og hún látin fjárveitinganefnd í té. Að fengnu áliti fjárveitinganefndar og í samræmi við það leggur allshn. til, að till. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillgr. orðist svo:

   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma kerfisbundna leit að nothæfu efni í olíumöl í námunda við þá vegarkafla, sem til greina komi að leggja slitlag á úr olíumöl.

2. Fyrirsögn till. verði:

   Till. til þál. um kerfisbundna leit að nothæfu efni í olíumöl.

Alþingi, 16. maí 1972.

Gísli Guðmundsson, form., frsm.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Stefán Gunnlaugsson.
Ingólfur Jónsson.	Björn Fr. Björnsson.	Lárus Jónsson.
	Jónas Árnason.	

Nd. 890. Lög [39. mál]

um stofnun og slit hjúskapar.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 708 (sbr. 40).

Nd. 891. Lög [253. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 848 (sbr. 846).

Nd. 892. Frumvarp til laga [268. mál]

um orlof húsmæðra.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. maí.)

Samhljóða þskj. 635 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Héraðssambönd Kvenfélagasambands Íslands kjósa á ársfundi orlofsnefndir fyrir orlofssvæðin hver í sínu umdæmi.

Í orlofsnefnd skulu vera þrjár konur og þrjár til vara, kosnar til þriggja ára í senn.

Orlofsnefndir skipta sjálfar með sér verkum.

Þar sem mæðrastyrksnefndir eru starfandi á orlofssvæðinu, skulu orlofsnefndir leita samstarfs við þær.

Ed. 893. Nefndarálit [114. mál]

um frv. til námulaga.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað málið og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum, sem á því voru gerðar í meðferð háttvirtrar neðri deildar.

Alþingi, 17. maí 1972.

Steingr. Hermannsson, form., frsm. Ragnar Arnalds, fundaskr. Björn Fr. Björnsson.

Bjarni Guðbjörnsson. Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 894. Nefndarálit [114. mál]

um frv. til námulaga.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Við í minni hl. iðnaðarnefndar teljum mál þetta svo seint komið til nefndarinnar, að ekki vinnist tími til að athuga svo veigamikið mál fyrir þingslit, og leggjum því til, að frumvarpið verði ekki afgreitt á þessu þingi, þótt við teljum fulla þörf á setningu nýrra námulaga.

Alþingi, 17. maí 1972.

Þorv. Garðar Kristjánsson, frsm. Geir Hallgrímsson.

Nd. 895. Nefndarálit [214. mál]

um frv. til laga um verkfræðiþjónustu á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess með þeim breytingum, sem háttvirt Ed. hefur gert.

Alþingi, 17. maí 1972.

Jónas Árnason, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr., með fyrirvara.	Stefán Valgeirsson, frsm.
Ólafur G. Einarsson, með fyrirvara.	Ragnhildur Helgadóttir, með fyrirvara.	Gylfi Þ. Gíslason.
	Hilmar Pétursson.	

Nd. 896. Þingsályktun [146. mál]

um lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að ákveða með reglugerð, að lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta skuli frá 1. janúar 1973 eigi minni vera en sjö þumlungar. Þó skulu á svæðinu frá Horni austur um að Digranesi leyfðar veiðar með þorskfisknetum með minni möskvastærð, en þó eigi minni en 5½ þumlung.

Ed. 897. Breytingartillögur [10. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

Frá Auði Auðuns.

1. Við 1. gr.
   a. Aftan við A-lið bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
      Ekki skal þó gjalda skatt af fyrstu 1000 þús. af erfðahluta þess hjóna, sem lifir hitt.
   b. D-liður orðist svo:
      Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, er starfa skv. staðfestri skipulagsskrá, félaga og stofnana, er vinna að menningar- og líknarmálum, skal greiða 10 af hundraði.
2. Við 3. gr. Á eftir fyrri málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Eftir orðunum „Undanþegið skatti er þó“ í 2. málsgr. 3. gr. laganna komi: fyrstu 1000 þús. af erfðahluta þess hjóna, sem lifir hitt.

Nd. **898. Frumvarp til laga** [250. mál]

um breyting á lögum nr. 84 1970, um Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. maí.)

1. gr.

4. gr. 1. málsgr. laganna orðist svo:

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeildanna, einn fulltrúi, sem tilnefndur er á almennum félagsfundi í félagi háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, og tveir fulltrúar stúdenta, kjörnir í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn. Þegar kjörið er í fyrsta sinn, skal annar fulltrúinn þó kjörinn til eins árs. Háskólaritari á einnig sæti á fundum ráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Kennarar Háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar, stundakennarar og erlendir sendikennarar.

Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir, sem hafa kennslu og rannsóknir við Háskólann að aðalstarfi.

Nú hefur Háskólinn ekki tök á að koma upp rannsóknaaðstöðu í tiltekinni kennslugrein, og má þá samkvæmt tillögu háskólaráðs og viðkomandi háskóladeildar tengja slíka kennarastöðu tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við opinbera stofnun utan Háskólans, enda sé slík tilhögun heimiluð í reglum stofnunarinnar eða samþykkt af stjórn hennar. Um veitingu slíkrar kennarastöðu fer eftir lögum og reglugerð fyrir Háskólann. Veiting slíkrar stöðu má vera tímabundin, og skal staðan þá veitt til allt að fimm ára í senn. Við stöðuveitingu skal starfsheiti ákveðið og kveðið á um starfsskyldur, eftir því sem tilefni er til. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gera verður samkvæmt háskólalögum að fylgi slíkri stöðu. Nánari ákvæði um fyrirkomulag þeirra stöðuveitinga, sem hér um ræðir, má setja í reglugerð, eftir því sem nauðsynlegt þykir. Heimild þessarar málsgreinar nær ekki til prófessorsembætta, sbr. þó 38. gr.

Heimilt er, með samþykki háskólaráðs að tillögu háskóladeildar, að skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að fimm ára í senn. Um tilhögun slíkrar skipunar skal setja ákvæði í reglugerð.

Í reglugerð skal setja meginreglur um starfsskyldur prófessora, dósenta og lektora. Háskólaráð leysir úr því, hvernig starfsskylda einstakra háskólakennara skuli skiptast, sbr. nánar 1. mgr. 18. gr.

Aðjúnktar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar svo og styrkþegar eru ráðnir til skemmri tíma og taka stundakennslulaun, mánaðar- eða árslaun. Í hvert skipti, er nýr kennari ræðst að Háskólanum, skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

Í reglugerð skal mælt fyrir um starfsheiti fastráðinna starfsmanna háskólastofnana.

Dósentar og lektorar, sem nú starfa við Háskólann og skipaðir voru fyrir gildistöku laga nr. 22/1969, halda starfsheitum sínum.

3. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu, skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

4. gr.

18. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Háskólaráð ákveður, að fenginni umsögn háskóladeildar, hvernig starfsskylda einstakra háskólakennara skuli skiptast milli kennslu og annarra starfsþátta. Nú unir kennari ekki úrlausn háskólaráðs, og má hann þá skjóta úrlausninni til menntamálaráðherra, sem leysir til fullnaðar úr þessu efni.

5. gr.

Aftan við 2. málsgr. 21. gr. komi nýjar málsgr., er verða 3. og 4. málsgr., svo hljóðandi:

Háskólaráði er heimilt samkvæmt umsókn og að fengnum tillögum þeirrar deildar, er í hlut á, að leyfa skrásetningu einstaklinga, er lokið hafa öðru fullnaðarprófi frá menntaskóla en stúdentsprófi. Enn fremur er háskólaráði heimilt samkvæmt umsókn að leyfa skrásetningu einstaklinga, er lokið hafa öðru námi hérlendis með þeim árangri, sem sú deild, er í hlut á, mælir með, að skapi hæfi til framhaldsnáms innan Háskóla Íslands. Enn fremur skal rektorsembættið vera þessum ráðstöfunum meðmælt, sbr. 3. mgr. 2. gr.

Raungreinadeildarpróf frá Tækniskóla Íslands veitir einnig rétt til skrásetningar til verkfræðináms, með fyrrgreindum skilyrðum. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um, að ákveðin próf frá íslenzkum skólum veiti rétt til skrásetningar í tiltekið nám við Háskólann, enda hafi prófin verið metin jafngildi stúdentsprófs til undirbúnings viðkomandi námi.

6. gr.

Við 29. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé ekki völ á prófdómanda hérlendis utan Háskólans, er fullnægi skilyrðum 4. málsgr. hér á undan, er menntamálaráðherra rétt að skipa háskólakennara til starfans að fenginni tillögu háskóladeildar.

7. gr.

31. gr. orðist svo:

Háskóladeildir hafa rétt til að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita annaðhvort í heiðurs skyni eða að undangengnu sérstöku prófi. Doktorsnafnbót í heiðurs skyni verður ekki veitt nema með samþykki ¾ hluta allra atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs. Háskóladeildir standa fyrir doktorsprófi. Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga ekki atkvæðisrétt um veitingu doktorsnafnbóta.

8. gr.

Framan við 38. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Prófessorar, dósentar og lektorar í tileknum kennslugreinum geta jafnframt haft starfsaðstöðu við opinberar stofnanir utan Háskólans, ef Háskólinn hefur ekki tök á að koma upp slíkri aðstöðu í viðkomandi fræðigrein. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru um slíkar stöður skv. háskólalögum. Heimild til slíkra starfa má aðeins veita með samþykki háskólaráðs og viðkomandi háskóladeildar í hverju einstöku tilviki.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **899. Lög** [3. mál]

um breyting á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu, og um hækkun á aflahlut og breytt fiskverð.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 3.

Ed. **900. Lög** [251. mál]

um getraunir.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 768.

Ed. **901. Lög** [259. mál]

um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 706 (sbr. 575).

Ed. **902. Höfundalög.** [238. mál]

(Afgreidd frá Ed. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 505.

Ed. **903. Lög** [270. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 806.

Ed. **904. Lög** [10. mál]

um breyting á lögum nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 685.

Ed. **905. Lög** [145. mál]

um breyting á lögum nr. 68 11. maí 1966, um iðnfræðslu.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 692.

Ed. 906. Lög [217. mál]

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 23 22. apríl 1967, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 764.

Ed. 907. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66/1963, sbr. lög nr. 14/1968.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt þetta frumvarp á fundi sínum nú í dag.
Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. október 1972.

Alþingi, 17. maí 1972.

Bjarni Guðbjörnsson, form., frsm. Björn Jónsson, fundaskr. Jón Árm. Héðinsson.
Jón Árnason. Oddur Ólafsson. Steingr. Hermannsson.
Geir Gunnarsson.

Ed. 908. Lög [249. mál]

um Bjargráðasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 546.

Ed. 909. Frumvarp til laga [25. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963, sbr. lög nr. 14/1968.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. maí.)

1. gr.

2. málsgr. 205. gr. laga nr. 66/1963, sbr. 3. gr. l. nr. 14/1968, orðist svo:
Ákvæði um takmarkaða ábyrgð gilda ekki um kröfur vegna lífs- eða líkamstjóns skipstjóra, skipverja, annarra manna, sem ráðnir eru hjá útgerðarmanni, eða leiðsögumanns, enda hafi slys borið að höndum, er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í þágu skips. Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum þessum, enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur vanrækslu eða yfirsjónar þeirra, er starfa í þágu skips. Lækka

má fébætur eða láta þær niður falla, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, hefur með framkomu sinni sýnt vítavert gáleysi, sem leitt hefur til slyssins eða tjónsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1972.

Nd. 910. Nefndarálit [240. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin ræddi frv. á fundi sínum í dag, og varð hún sammála um að mæla með samþykkt frv.

Alþingi, 17. maí 1972.

Garðar Sigurðsson, form., frsm.	Hilmar Pétursson, fundaskr.	Stefán Gunnlaugsson.
Guðl. Gíslason.	Sigurður J. Líndal.	Pétur Sigurðsson.

Nd. 911. Frumvarp til laga [124. mál]

um Tækniskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. maí.)

1. gr.

Tækniskóli Íslands starfar í Reykjavík og á Akureyri, sbr. 3. mgr. 7. gr. Meginmarkmið skólans skal vera að veita nemendum tæknilega og almenna menntun, sem geri þá hæfa til að takast sjálfstætt á hendur tæknileg störf og ábyrgðarstöður í þágu atvinnuvega þjóðarinnar. Skal jafnan tekið mið af þróun tæknimenntunar meðal nágrannaþjóða.

37. Wiebel, Mikael Jochen Robert, barn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. apríl 1965.
38. Winther, Andrea Kristina, húsmóðir, Miðskála undir Eyjafjöllum, f. í Færeyjum 25. ágúst 1934.
39. Zurková, Marie Jaroslava, húsmóðir á Dalvík, f. í Tékkóslóvakíu 11. marz 1932.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenzkt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenzkt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn. Heimilt er dómsmálaráðherra að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 949. Frumvarp til laga [255. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd., 19. maí.)

1. gr.

1. ml. 2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Í húsnæðismálastjórn eiga sæti 8 menn, þar af 7 kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands.

2. gr.

Við 6. mgr. 5. gr. laganna bætist:

Meðaltalsársvextir allt lánatímabilið skulu þó aldrei vera hærri en 7½%. Viðbót sú, sem fellur til á afborganir samkvæmt þessari málsgrein, telst vextir.

3. gr.

Í stað orðanna „50 milljónum króna“ í upphafi 4. mgr. A-liðs 8. gr. laganna komi: 70 milljónum króna.

4. gr.

Við C-lið 8. gr. laganna bætist:

Meðaltalsársvextir allt lánatímabilið skulu þó, að meðtalinni þóknun veðdeildar, aldrei vera hærri en 7¾%. Viðbót sú, sem fellur til á afborganir samkvæmt þessum staflið, telst vextir.

5. gr.

Á eftir 1. ml. 2. mgr. 20. gr. laganna komi nýr ml., svo hljóðandi:

Ráðherra getur þó ákveðið hærra framlag úr ríkissjóði vegna mjög fámenns þéttbýlisstaðar, enda framlengist þá hlutaðeigandi greiðsluskylda sveitarfélags skv. 1. mgr., þar til samanlögð framlög þess eru orðin jafnhá samanlögðu framlagi ríkissjóðs vegna sveitarfélagsins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi kýs húsnæðismálastjórn þegar eftir gildistöku laganna, sbr. 1. gr., og fellur þá niður umboð núverandi húsnæðismálastjórnar.

Nd. **950. Lög** [286. mál]

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 4 14. febr. 1969.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 858.

Ed. **951. Lög** [237. mál]

um lögreglumenn.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 923 (sbr. 503).

Ed. **952. Lög** [276. mál]

um heimild ríkisstjórninni til handa til að staðfesta Bernarsáttmálann til verndar bókmenntum og listaverkum í þeirri gerð hans, sem samþykkt var á ráðstefnu Bernarsambandsríkja í París 24. júlí 1971.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 712.

Ed. **953. Lög** [77. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 948.

Sþ. 954. Þingsályktun [95. mál]

um upplýsingaskyldu stjórnvalda.

(Afgreidd frá Sþ. 19. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um, hver sé skylda stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og hvenær beri að veita þeim, sem þess óska, aðgang að reikningum og skjölum, sem almenning varða.

Sþ. 955. Þingsályktun [216. mál]

um gerð alþjóðlegs varaflugvallar hér á landi.

(Afgreidd frá Sþ. 19. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram könnun á því, hverja nauðsyn beri til og hvar hagkvæmast sé að gera hér á landi varaflugvöll fyrir millilandaflug. Niðurstöður könnunarinnar verði lagðar fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má.

Ed. 956. Breytingartillaga [255. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Eggert G. Þorsteinssyni.

Á eftir 4. gr. komi ný grein:
Á eftir 2. málsgr. 10. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Fé það, sem sparast á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Ed. 957. Nefndarálit [255. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur athugað frv., en varð ekki ásátt um afgreiðslu þess. Undirritaðir leggja til, að frv. verði samþykkt með breytingu, sem flutt er af allri nefndinni, og svofelldri

BREYTINGU:

Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.
Alþingi kýs húsnæðismálastjórn, þegar er lög þessi hafa verið samþykkt, og fellur umboð núverandi húsnæðismálastjórnar niður, þegar lögin öðlast gildi.

Alþingi, 19. maí 1972.

Björn Jónsson, form., frsm.
Björn Fr. Björnsson, fundaskr.
Helgi Seljan.
Ásgeir Bjarnason.
Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 958. Breytingartillaga [255. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

4. málsgr. A-liðar 8. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að verja allt að 80 milljónum króna árlega til lánveitinga til kaupenda eldri íbúðarhúsa og til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um úthlutun, lánstíma og tryggingar slíkra lána, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

Ed. 959. Nefndarálit [255. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta var lagt fram á Alþingi fyrir meira en mánuði, en kom fyrst til umræðu í efri deild í dag og þingdeildinni ætlaður þessi eini dagur til afgreiðslu málsins. Í heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur því nálega enginn tími gefizt til athugunar á málinu.

Nokkrar breytingar voru gerðar á frumvarpinu í neðri deild, en það ber þó enn merki flaustursleg undirbúnings. Engin sú breyting á gildandi lögum felst í frumvarpinu, sem ekki mætti bíða haustsins.

Undirritaðir nefndarmenn fallast á það samróma álit húsnæðismálastjórnar, að fram fari ýtarleg endurskoðun á umræddum lögum, einkum með það í huga að tryggja betur en nú er fjárhagsgrundvöll Byggingarsjóðs ríkisins sem aðallánveitanda til íbúðabygginga landsmanna.

Við erum fylgjandi því, að vísitölubinding lána verði afnumin, en teljum, að ákvæði frumvarpsins þar að lútandi þurfi nánari athugunar við, enda kæmi afnám vísitölubindingar ekki til framkvæmda á þessu ári, þar eð lánin eru nú öll gjaldfallin. Með vísun til ofanritaðs leggjum við til, að frumvarpinu verði vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem einsýnt er, að breytingar þær, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eru ekki svo aðkallandi, að þær megi ekki bíða til næsta hausts, telur Ed. Alþingis rétt, að skipuð verði nefnd, sem í eigi sæti fulltrúar frá hverjum þingflokki og tilnefndir af þeim. Hafi nefndin það hlutverk að endurskoða lögin um Húsnæðismálastofnun ríkisins, einkum með tilliti til fjárþarfar Byggingarsjóðs, afnáms vísitölubindingar o. fl., og verði endurskoðun lokið í haust.

Tekur því deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Fari svo, að dagskrártillaga okkar verði felld, þá flytjum við til vara svofellda

BREYTINGARTILLÖGU:

6. gr. frv. falli niður.

Alþingi, 19. maí 1972.

Auður Auðuns, frsm. Oddur Ólafsson.

Ed. 960. Frumvarp til laga [255. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. maí.)

1. gr.

1. ml. 2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Í húsnæðismálastjórn eiga sæti 8 menn, þar af 7 kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands.

2. gr.

Við 6. mgr. 5. gr. laganna bætist:

Meðaltalsársvextir allt lánatímabilið skulu þó aldrei vera hærri en 7½%. Viðbót sú, sem fellur til á afborganir samkvæmt þessari málsgrein, telst vextir.

3. gr.

4. málsgr. A-liðar 8. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að verja allt að 80 milljónum króna árlega til lánveitinga til kaupenda eldri íbúðarhúsa og til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um úthlutun, lánstíma og tryggingar slíkra lána, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

4. gr.

Við C-lið 8. gr. laganna bætist:

Meðaltalsársvextir allt lánatímabilið skulu þó, að meðtalinni þóknun veðdeildar, aldrei vera hærri en 7¾%. Viðbót sú, sem fellur til á afborganir samkvæmt þessum staflið, telst vextir.

5. gr.

Á eftir 1. ml. 2. mgr. 20. gr. laganna komi nýr ml., svo hljóðandi:

Ráðherra getur þó ákveðið hærra framlag úr ríkissjóði vegna mjög fámenns þéttbýlisstaðar, enda framlengist þá hlutaðeigandi greiðsluskylda sveitarfélaga skv. 1. mgr., þar til samanlögð framlög þess eru orðin jafnhá samanlögðu framlagi ríkissjóðs vegna sveitarfélagsins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi kýs húsnæðismálastjórn, þegar er lög þessi hafa verið samþykkt, og fellur umboð núverandi húsnæðismálastjórnar niður, þegar lögin öðlast gildi.

Ed. 961. Lög [281. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að stofna og reka hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 947.

Sþ. 962. Nefndarálit [46. mál]

um till. til þál. um fyrirkomulag viðræðna um öryggismál Íslands.

Frá 1. minni hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna á þingskjali 47, sem flutt er af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, en ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins.

Þingsályktunartillaga þessi fjallar um það, að Alþingi ályktí að fela hverjum þeirra þingflokka, sem styðja þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu, að tilnefna einn fulltrúa, sem starfa skuli með utanríkisráðherra í viðræðum um endurskoðun varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, þátttöku Íslands í störfum bandalagsins og skipan öryggismála landsins.

Við umr. málsins létu ræðumenn Alþýðubandalagsins þá skoðun sína í ljós, að tillaga þessi fæli í sér ólýðræðislega stjórnarhætti, þar sem ekki var gert ráð fyrir fulltrúa þeirra varðandi umræður um áframhaldandi samstarf Íslands innan Atlantshafsbandalagsins. Flutningsmenn tillögunnar lýstu sig þá þegar reiðubúna til þess að samþykkja breytingu á tillögunni, þannig að fulltrúi Alþýðubandalagsins gæti tekið þátt í þessum viðræðum, sér í lagi ef það boðaði stefnubreytingu Alþýðubandalagsins varðandi þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu.

Við afgreiðslu málsins í nefndinni lagði hins vegar enginn nefndarmanna úr hópi stjórnarflokkanna slíka breytingartillögu fram, heldur taka þeir undir hinn órökstudda og öfgafulla málflutning Alþýðubandalagsins, eins og fram kemur í nefndaráliti meiri hlutans.

Þá kom fram hjá utanríkisráðherra, að í tillöguflutningi þessum fælist vantraust á hann. Hér er um mikinn misskilning að ræða af hálfu utanríkisráðherra, því að tillöguflutning þennan ber að skoða sem tilboð af hálfu Sjálfstæðisflokksins til þess að taka þátt í samstarfi við utanríkisráðherra um endurskoðun varnarsamningsins og heilbrigða skipun varnarmála Íslands í framtíðinni, og stendur slíkt tilboð enn.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 12. maí 1972.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. Jóhann Hafstein.

Nd. 963. Lög [255. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 20. maí.)

Samhljóða þskj. 960.

Sþ.

964. Nefndaskipun.

(92. löggjafarþing.)

Fastanefndir.

A.

Í sameinuðu þingi:

1. *Fjárveitinganefnd:*
   Ágúst Þorvaldsson,[1])
   Jón Árnason,
   Ingvar Gíslason, fundaskrifari,[2])
   Matthías Bjarnason,[3])
   Vilhjálmur Hjálmarsson,[4])
   Geir Gunnarsson, formaður,
   Steinþór Gestsson,
   Karvel Pálmason,
   Jón Árm. Héðinsson.

   Mál, er til nefndarinnar var vísað:

   A. Lagafrumvörp:
   1. Fjárlög 1972 (1, n. 180 (1. minni hl.), n. 181 (2. minni hl.), n. 182 (meiri hl.)).
      Frsm. 1. minni hl.: Jón Árnason.
      Frsm. 2. minni hl.: Jón Árm. Héðinsson.
      Frsm. meiri hl.: Geir Gunnarsson.
   2. Fjáraukalög 1969 (6, n. 260).
      Frsm.: Ingvar Gíslason.

   B. Þingsályktunartillögur:
   1. Samgöngumál Vestmanneyinga (12, n. 501).
      Frsm.: Ágúst Þorvaldsson.
   2. Samgönguáætlun Norðurlands (14).
      Nefndarálit kom ekki.
   3. Lán til innlendra skipasmíða (95).
      Nefndarálit kom ekki.
   4. Hafnarstæði við Dyrhólaey (68).
      Nefndarálit kom ekki.
   5. Framkvæmdaáætlun vegamála (118).
      Nefndarálit kom ekki.
   6. Opinberar framkvæmdir í Suðurlandskjördæmi (43, n. 690).
      Frsm.: Ágúst Þorvaldsson.
   7. Áætlun um opinberar framkvæmdir fyrir Reykjanessvæðið (65, n. 683).
      Frsm.: Geir Gunnarsson.
   8. Sjómælingar (128, n. 538).
      Frsm.: Jón Árnason.
   9. Radarsvari við Grindavík (376, n. 684).
      Frsm.: Geir Gunnarsson.

---

1) Í fjarveru hans, frá 6. til 21. marz, tók sæti hans í nefndinni Hafsteinn Þorvaldsson.
2) Í fjarveru hans, frá 10. maí til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Jónas Jónsson.
3) Í veikindaforföllum hans, frá 15. marz til 1. maí, tók sæti hans í nefndinni Ásberg Sigurðsson.
4) Í fjarveru hans, frá 13. marz til 4. apríl, tók sæti hans í nefndinni Kristján Ingólfsson.

10. Íþróttahús við Hamrahlíð (364, n. 686).
    Frsm.: Jón Árnason.
11. Flutningur fólks til þéttbýlis við Faxaflóa (486).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Vegagerð yfir Sprengisand (488).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Bygging varðskips til landhelgisgæzlu (385).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Úttekt á embættismannakerfi (396).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Fjárstyrkur vegna þátttöku íþróttamanna í Ólympíuleikum (524).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Fiskihafnir (572).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Raforkumál (590).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Vegáætlun 1972—75 (698, n. 882).
    Frsm.: Geir Gunnarsson.
19. Fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum (532).
    Nefndarálit kom ekki.

2. *Allsherjarnefnd:*

Gísli Guðmundsson, formaður,[1])
Ingólfur Jónsson,[2])
Björn Fr. Björnsson,[3])
Lárus Jónsson,
Bjarni Guðnason, fundaskrifari,[4])
Jónas Árnason,[5])
Stefán Gunnlaugsson.[6])

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Ráðstafanir til að auðvelda umferð fatlaðra (24, n. 295).
   Frsm.: Gísli Guðmundsson.
2. Stóriðja á Íslandi (30, n. 617).
   Frsm.: Ingólfur Jónsson.
3. Hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign (13, n. 559 (minni hl.), n. 669 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Bragi Sigurjónsson.
   Frsm. meiri hl.: Björn Fr. Björnsson.
4. Öflun skeljasands til áburðar (16, n. 308).
   Frsm.: Ingólfur Jónsson.
5. Félaga- og firmaskrá fyrir landið í heild (23, n. 330).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
6. Afnám fálkaorðunnar (26).
   Nefndarálit kom ekki.

---

1) Á fundi nefndarinnar 17. marz gegndi störfum hans í nefndinni Ingi Tryggvason.
2) Í veikindaforföllum hans, frá 1. nóv. til 1. des., tók sæti hans í nefndinni Einar Oddsson.
3) Í fjarveru hans, frá 14. marz til 4. apríl, tók sæti hans í nefndinni Jón Helgason.
4) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 16. til 29. febr., gegndi störfum hans í nefndinni Halldór S. Magnússon.
5) Á fundum nefndarinnar 26. okt. og 20. des. tók sæti hans í nefndinni Skúli Alexandersson, en meðan hann dvaldist erlendis, frá 28. febr. til 22. marz, Bjarnfríður Leósdóttir.
6) Á fundi nefndarinnar 12. apríl tók sæti hans í nefndinni Bragi Sigurjónsson.

7. Fóstureyðingar (27, n. 296).
   Frsm.: Bjarni Guðnason.
8. Fálkaorðan (31, n. 582 (meiri hl.), n. 616 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bjarni Guðnason.
   Frsm. minni hl.: Ingólfur Jónsson.
9. Jöfnun námsaðstöðu (32, n. 382).
   Frsm.: Lárus Jónsson.
10. Rekstraraðstaða félagsheimila (37, n. 591).
    Frsm.: Jónas Árnason.
11. Leikfélög áhugamanna (44, n. 302).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
12. Endurskoðun laga um byggingarsamvinnufélög (50, n. 297).
    Frsm.: Stefán Gunnlaugsson.
13. Handbók fyrir launþega (74, n. 372).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
14. Málefni barna og unglinga (48, n. 371).
    Frsm.: Stefán Gunnlaugsson.
15. Atvinnu- og framkvæmdaáætlanir fyrir Austurland (91, n. 492).
    Frsm.: Jón Helgason.
16. Klak- og eldisstöð fyrir lax og silung í Þingeyjarsýslum (105, n. (373).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
17. Sjálfvirk radíódufl í skipum (98, n. 656).
    Frsm.: Jónas Árnason.
18. Leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaga (107, n. 356).
    Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
19. Orlofs- og hvíldartími sjómanna á fiskiskipum (122).
    Nefndarálit kom ekki.
20. Endurskoðun á loftferðalögum (133, n. 311).
    Frsm.: Lárus Jónsson.
21. Skaðabótamál vegna slysa (145, n. 312).
    Frsm.: Lárus Jónsson.
22. Umboðsmaður Alþingis (49, n. 622).
    Frsm.: Lárus Jónsson.
23. Endurskoðun orkulaga (59).
    Nefndarálit kom ekki.
24. Rekstrarlán iðnfyrirtækja (87, n. 623).
    Frsm.: Lárus Jónsson.
25. Dóms- og lögreglumál á Suðurnesjum (89, n. 357).
    Frsm.: Stefán Gunnlaugsson.
26. Vinnutími fiskimanna (121, n. 667).
    Frsm.: Stefán Gunnlaugsson.
27. Landgræðsla og gróðurvernd (94, n. 401).
    Frsm.: Bjarni Guðnason.
28. Upplýsingaskylda stjórnvalda (108, n. 592).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
29. Byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp (143, n. 647).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
30. Endurgreiðsla söluskatts til rithöfunda (166, n. 725 (meiri hl.), n. 726 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Gísli Guðmundsson.
    Frsm. minni hl.: Bjarni Guðnason.
31. Áætlun um uppbyggingu þjóðvegakerfisins (175, n. 655).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.

32. Ferðamál (294).
    Nefndarálit kom ekki.
33. Aðstoðarmenn lækna í byggðum landsins (137).
    Nefndarálit kom ekki.
34. Efling ferðamála (207, n. 675).
    Frsm.: Lárus Jónsson.
35. Iðnskólar (265).
    Nefndarálit kom ekki.
36. Alþjóðasamningur um bann við staðsetningu kjarnorkuvopna á hafsbotni (284, n. 493).
    Frsm.: Stefán Gunnlaugsson.
37. Varnir gegn ofneyzlu áfengis (342, n. 704).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
38. Gjaldskrá Landssímans (178).
    Nefndarálit kom ekki.
39. Menntastofnanir og vísinda utan höfuðborgarinnar (203, n. 719).
    Frsm.: Lárus Jónsson.
40. Landshlutaáætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu (289, n. 534).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
41. Verðgildi íslenzkrar krónu (303, n. 670).
    Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
42. Námsbækur framhaldsskólanema (310, n. 583).
    Frsm.: Stefán Gunnlaugsson.
43. Virkjunaraðstæður við Hraunsfjarðarvatn (341).
    Nefndarálit kom ekki.
44. Raforkumál í Vesturlandskjördæmi (354).
    Nefndarálit kom ekki.
45. Rannsókn á safnamálum (374).
    Nefndarálit kom ekki.
46. Rafknúin samgöngutæki (329).
    Nefndarálit kom ekki.
47. Framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra (331, n. 626).
    Frsm.: Stefán Gunnlaugsson.
48. Virkjun Jökulsár eystri í Skagafirði (334, n. 811).
    Frsm.: Stefán Gunnlaugsson.
49. Vélar til að leggja olíumöl á þjóðvegi (316, n. 889).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
50. Merking bifreiða öryrkja (391).
    Nefndarálit kom ekki.
51. Félagsmálafræðsla í skólum (640).
    Nefndarálit kom ekki.
52. Vistheimili fyrir vangefna (328).
    Nefndarálit kom ekki.
53. Hafsbotnsstofnun Sameinuðu þjóðanna (317, n. 808).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
54. Menntun heilbrigðisstarfsfólks (359).
    Nefndarálit kom ekki.
55. Staðarval ríkisstofnana (365, n. 788).
    Frsm.: Lárus Jónsson.
56. Aðsetur ríkisstofnana (370, n. 789).
    Frsm.: Lárus Jónsson.
57. Hafnarskilyrði í Kelduhverfi (381).
    Nefndarálit kom ekki.

58. Vinnuauglýsingar hins opinbera (397, n. 728).
Frsm.: Bjarni Guðnason.
59. Alþjóðlegur varaflugvöllur á Norðurlandi (439, n. 807).
Frsm.: Gísli Guðmundsson.
60. Endurskoðun á tryggingakerfinu (446).
Nefndarálit kom ekki.
61. Menntun fjölfatlaðra (475, n. 736).
Frsm.: Lárus Jónsson.
62. Vegabætur (368).
Nefndarálit kom ekki.
63. Rannsóknardeild vegna sölu og neyzlu fikniefna (340).
Nefndarálit kom ekki.
64. Fasteignaskráning og fasteignamat (355).
Nefndarálit kom ekki.
65. Samkeppni um teikningar af opinberum byggingum (384).
Nefndarálit kom ekki.
66. Endurskoðun bankakerfisins (400).
Nefndarálit kom ekki.
67. Orlof í landbúnaði (420, n. 747).
Frsm.: Ingólfur Jónsson.
68. Björgunarmál (530, n. 790).
Frsm.: Ingólfur Jónsson.
69. Vestfjarðaáætlun (343).
Nefndarálit kom ekki.
70. Vísitölu- og gengistryggð lán Ferðamálasjóðs (497).
Nefndarálit kom ekki.
71. Umgengnis- og heilbrigðisvandamál á áningarstöðum (471).
Nefndarálit kom ekki.
72. Endurskoðun stjórnarskrárinnar (525).
Nefndarálit kom ekki.
73. Endurskoðun stjórnarskrárinnar (531).
Nefndarálit kom ekki.
74. Upplýsinga- og rannsóknarstofnun verzlunarinnar (599).
Nefndarálit kom ekki.

Þingsályktunartillaga, er nefndin flutti:

Endurskoðun stjórnarskrárinnar (723).
Frsm.: Gísli Guðmundsson.

3. *Utanríkismálanefnd:*

Aðalmenn:	*Varamenn:*
Eysteinn Jónsson,	Jón Skaftason,
Jóhann Hafstein,	Geir Hallgrímsson,
Þórarinn Þórarinsson, formaður,	Steingrímur Hermannsson,
Matthías Á. Mathiesen,	Friðjón Þórðarson,
Gils Guðmundsson, fundaskrifari,	Magnús Kjartansson.
Bjarni Guðnason,	Magnús T. Ólafsson,
Gylfi Þ. Gíslason.	Benedikt Gröndal.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samstarf á sviði menningarmála (35, n. 51).
Frsm.: Eysteinn Jónsson.

2. Landhelgismál (21, n. 335).
   Frsm.: Eysteinn Jónsson.
3. Íslenzkt sendiráð í Kanada (55, n. 468).
   Frsm.: Gylfi Þ. Gíslason.
4. Erlendir starfsmenn við sendiráð á Íslandi (76).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Landhelgi og verndun fiskistofna (56).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Öryggismál Íslands (47, n. 751 (meiri hl.), n. 962 (1. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Gils Guðmundsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Matthías Á. Mathiesen.
   Nefndarálit kom ekki frá 2. minni hl.
7. Öryggismál Íslands (62, n. 752 (meiri hl.), n. 771 (1. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Þórarinn Þórarinsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
   Nefndarálit kom ekki frá 2. minni hl.

4. *Kjörbréfanefnd:*

Björn Fr. Björnsson, formaður,[1])
Matthías Á. Mathiesen,
Jón Skaftason,
Pálmi Jónsson,
Björn Jónsson,[2])
Ragnar Arnalds, fundaskrifari,
Pétur Pétursson.

Nefndin rannsakaði kjörbréf Gylfa Þ. Gíslasonar, 7. þm. Reykv., Jóhannesar Guðmundssonar, 5. (vara)þm. Norðurl. v., Einars Oddssonar, 1. (vara)þm. Sunnl., Halldórs Kristjánssonar, 1. (vara)þm. Vestf., Bjarnfríðar Leósdóttur, 5. (vara)þm. Vesturl., Jónasar Jónssonar, 1. (vara)þm. Norðurl. e., Axels Jónssonar, 3. (vara)þm. Reykn., Ingvars Jóhannssonar, 3. (vara)þm. Reykn., Jóns Snorra Þorleifssonar, 3. (vara)þm. Reykv., Halldórs Blöndals, 2. (vara)þm. Norðurl. e., Tómasar Karlssonar, 11. (vara)þm. Reykv., Ingu Birnu Jónsdóttur, 9. (vara)þm. Reykv., Sigurðar Magnússonar, 3. (vara)þm. Reykv., Karls Steinars Guðnasonar, 5. (vara)þm. Reykn., Hjördísar Hiörleifsdóttur, 3. (vara)þm. Vestf., Alexanders Stefánssonar, 1. (vara)þm. Vesturl., Halldórs S. Magnússonar, 3. landsk. (vara)þm., Magnúsar H. Gíslasonar, 1. (vara)þm. Norðurl. v., Karls G. Sigurbergssonar, 4. (vara)þm. Reykn., Braga Sigurjónssonar, 8. landsk. (vara)þm., Tómasar Árnasonar, 3. (vara)þm. Austf., Hafsteins Þorvaldssonar, 2. (vara)þm. Sunnl., Inga Tryggvasonar, 1. (vara)þm. Norðurl. e., Stefáns Jónssonar, 6. landsk. (vara)þm., Kristjáns Ingólfssonar, 5. (vara)þm. Austf., Benónýs Arnórssonar, 6. (vara)þm. Norðurl. e., Jóns Helgasonar, 4. (vara)þm. Sunnl., Sigurðar Blöndals, 2. (vara)þm. Austf., Ásbergs Sigurðssonar, 2. (vara)þm. Vestf., Hauks Hafstaðs, 4. (vara)þm. Norðurl. v., Ólafs Þ. Þórðarsonar, 1. (vara)þm. Vestf., Birgis Kjarans, 2. (vara)þm. Reykv., Péturs Blöndals, 4. (vara)þm. Austf., Halldórs Þ. Jónssonar, 5. (vara)þm. Norðurl. v., Hilmars Péturssonar, 2. (vara)þm. Reykn., og Sigurðar J. Líndals, 3. (vara)þm. Norðurl. v., og lét uppi munnleg álit um þau.

1) Á fundum nefndarinnar 14. marz og 21. apríl gegndi í hans stað formannsstörfum í nefndinni Jón Skaftason, en í fjarveru hans, frá 14. marz til 4. apríl, gegndi störfum hans í nefndinni Jón Helgason.

2) Í forföllum hans, frá 13. marz til 18. apríl, tók sæti hans í nefndinni Benóný Arnórsson.

5. *Þingfararkaupsnefnd:*

Ágúst Þorvaldsson,
Gunnar Gíslason,
Bjarni Guðbjörnsson, fundaskrifari,
Sverrir Hermannsson,
Björn Jónsson, formaður,
Jónas Árnason,[1])
Eggert G. Þorsteinsson.

B.

Í efri deild:

1. *Fjárhagsnefnd:*

Bjarni Guðbjörnsson, fundaskrifari,[2])
Geir Hallgrímsson,
Páll Þorsteinsson,[3])
Ragnar Arnalds, formaður,
Magnús Jónsson,[4])
Björn Jónsson,[5])
Jón Árm. Héðinsson.[6])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Stöðugt verðlag (11, n. 215).
   Frsm.: Björn Jónsson.
2. Framkvæmdastofnun ríkisins (96, n. 153 (meiri hl.), n. 155 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ragnar Arnalds.
   Frsm. minni hl.: Geir Hallgrímsson.
3. Innlent lán (78, n. 110 (minni hl.), n. 112 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Magnús Jónsson.
   Frsm. meiri hl.: Bjarni Guðbjörnsson.
4. Innheimta gjalda með viðauka (22, n. 247).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
5. Happdrættislán vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi (117, n. 160).
   Frsm.: Páll Þorsteinsson.
6. Ríkisútgáfa námsbóka (2, n. 159).
   Frsm.: Bjarni Guðbjörnsson.
7. Námslán og námsstyrkir (191, n. 569).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
8. Vörugjald (239 (sbr. 157), n. 248).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
9. Verðlagsmál (235, n. 268 (meiri hl.), n. 272 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ragnar Arnalds.
   Frsm. minni hl.: Geir Hallgrímsson.

---

1) Á fundum nefndarinnar 20. okt. og 1. nóv. tók sæti hans í nefndinni Skúli Alexandersson.
2) Í veikindaforföllum hans, frá 1. marz til 20. apríl, gegndi störfum hans í nefndinni Halldór Kristjánsson.
3) Í fjarveru hans, frá 28. febr. til 14. marz, tók sæti hans í nefndinni Tómas Árnason.
4) Í fjarveru hans, frá 2. til 21. des., tók sæti hans í nefndinni Halldór Blöndal.
5) Í veikindaforföllum hans, frá 13. marz til 18. apríl, tók sæti hans í nefndinni Benóný Arnórsson.
6) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 20. jan. til 2. febr., tók sæti hans í nefndinni Karl Steinar Guðnason.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags- og samgöngumálanefndir.

10. Lán til kaupa á skuttogurum (306, n. 570).
    Frsm.: Ragnar Arnalds.
11. Lántaka vegna kaupa á þyrlu (307, n. 461).
    Frsm.: Halldór Kristjánsson.
12. Stofnlánadeild samvinnufélaga (412, n. 587).
    Frsm.: Páll Þorsteinsson.
13. Tekjuskattur og eignarskattur (427, n. 454 (meiri hl.), n. 455 (1. minni hl.), n. 456 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ragnar Arnalds.
    Frsm. 1. minni hl.: Geir Hallgrímsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Jón Árm. Héðinsson.
14. Dvalarheimili fyrir börn (417).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Ríkisreikningurinn 1969 (7, n. 568).
    Frsm.: Halldór Kristjánsson.
16. Ferðamál (104, n. 744).
    Frsm.: Magnús Jónsson.
17. Aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa (621, n. 737).
    Frsm.: Bjarni Guðbjörnsson.
18. Veðtrygging iðnrekstrarlána (581, n. 738).
    Frsm.: Bjarni Guðbjörnsson.
19. Lífeyrissjóður bænda (305, n. 731).
    Frsm.: Páll Þorsteinsson.
20. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (764, n. 860).
    Frsm.: Bjarni Guðbjörnsson.
21. Lán vegna framkvæmdaáætlunar 1972 (806, n. 851 (meiri hl.), n. 857 (1. minni hl.), n. 875 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ragnar Arnalds.
    Frsm. 1. minni hl.: Jón Árm. Héðinsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Geir Hallgrímsson.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:

Ferðamál (858).
    Frsm.: Ragnar Arnalds.

2. *Samgöngumálanefnd:*
    Ásgeir Bjarnason,
    Jón Árnason,
    Páll Þorsteinsson, fundaskrifari,
    Helgi F. Seljan,
    Steinþór Gestsson,
    Björn Jónsson, formaður.
    Jón Árm. Héðinsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Hafnalög (657).
    Nefndarálit kom ekki.
2. Vitagjald (554, n. 919).
    Frsm.: Björn Jónsson.

Í samvinnu við samgöngumálanefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 236 (frsm.: Björn Pálsson).

3. *Landbúnaðarnefnd:*

Ásgeir Bjarnason, formaður,[1])
Steinþór Gestsson,
Páll Þorsteinsson,
Helgi F. Seljan, fundaskrifari,
Jón Árnason,
Björn Jónsson,[2])
Jón Árm. Héðinsson.[3])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Mat á sláturafurðum (19, n. 60).
   Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
2. Sala jarðarinnar Fjósa í Laxárdalshreppi (64, n. 149).
   Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
3. Sala Holts í Dyrhólahreppi (135, n. 363 (meiri hl.), n. 366 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Alexander Stefánsson.
   Frsm. minni hl.: Steinþór Gestsson.
4. Sala Ytri-Bugs í Fróðárhreppi (188, n. 298).
   Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
5. Jarðeignasjóður (185, n. 299).
   Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
6. Sala Brekkuborgar og Þorsteinsstaða (314, n. 362).
   Frsm.: Páll Þorsteinsson.
7. Sala Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi (130, n. 361).
   Frsm.: Helgi F. Seljan.
8. Framleiðnisjóður landbúnaðarins (378, n. 490).
   Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
9. Jarðræktarlög (545, n. 643).
   Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
10. Rannsóknarstofnun fiskræktar (500).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Innflutningur búfjár (414 (sbr. 20), n. 489).
    Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
12. Dýralæknar (640, n. 700).
    Frsm.: Steinþór Gestsson.
13. Sala Markúsarsels, Tunguhliðar og Veturhúsa í Geithellnahreppi (287, n. 730).
    Frsm.: Páll Þorsteinsson.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*

Bjarni Guðbjörnsson, formaður,[4])
Jón Árnason,
Steingrímur Hermannsson,
Geir Gunnarsson,
Oddur Ólafsson,
Björn Jónsson, fundaskrifari,[5])
Jón Árm. Héðinsson.

---

1) Á fundi nefndarinnar 23. febr. gegndi störfum hans í nefndinni Alexander Stefánsson.
2) Á fundi nefndarinnar 22. marz tók sæti hans í nefndinni Benóný Arnórsson.
3) Á fundi nefndarinnar 1. febr. tók sæti hans í nefndinni Karl Steinar Guðnason.
4) Í veikindaforföllum hans, frá 1. marz til 20. apríl, gegndi störfum hans í nefndinni Halldór Kristjánsson.
5) Í forföllum hans, frá 13. marz til 18. apríl, tók sæti hans í nefndinni Benóný Arnórsson.

Fastanefndir Ed.: Sjávarútvegs- og iðnaðarnefndir.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Kaup á skuttogurum (4, n. 469).
   Frsm.: Halldór Kristjánsson.
2. Vöruvöndun útflutningsafurða sjávarútvegsins (120, n. 828).
   Frsm.: Björn Jónsson.
3. Útflutningsgjald af sjávarafurðum (309, n. 477).
   Frsm.: Halldór Kristjánsson.
4. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (346, n. 535).
   Frsm.: Halldór Kristjánsson.
5. Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins (42, n. 459).
   Frsm.: Jón Árnason.
6. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna (496, n. 888).
   Frsm.: Steingrímur Hermannsson.
7. Eftirlit með skipum (516, n. 687).
   Frsm.: Bjarni Guðbjörnsson.
8. Fiskeldi í sjó (291).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis (3, n. 832).
   Frsm.: Bjarni Guðbjörnsson.
10. Siglingalög (874, n. 907).
    Frsm.: Bjarni Guðbjörnsson.

5. *Iðnaðarnefnd:*

Steingrímur Hermannsson, formaður,[1])
Geir Hallgrímsson,[2])
Björn Fr. Björnsson,
Ragnar Arnalds, fundaskrifari,
Þorvaldur Garðar Kristjánsson,
Bjarni Guðbjörnsson,[3])
Eggert G. Þorsteinsson.[4])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Orkulög (151, n. 458).
   Frsm.: Steingrímur Hermannsson.
2. Lagmetisiðja ríkisins í Siglufirði (326, n. 595).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
3. Sölustofnun niðursuðuiðnaðarins (407, n. 660).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
4. Virkjun Lagarfoss (476, n. 659).
   Frsm.: Steingrímur Hermannsson.
5. Iðnfræðsla (692, n. 813).
   Frsm.: Steingrímur Hermannsson.
6. Námulög (823 (sbr. 142), n. 893 (meiri hl), n. 894 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Steingrímur Hermannsson.
   Frsm. minni hl.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 11. til 24. apríl, gegndi störfum hans í nefndinni Ólafur Þ. Þórðarson.

2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 19. apríl til 3. maí, tók sæti hans í nefndinni Birgir Kjaran.

3) Í veikindaforföllum hans, frá 1. marz til 20. apríl, gegndi störfum hans í nefndinni Halldór Kristjánsson.

4) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 5. til 20. apríl, tók sæti hans í nefndinni Bragi Sigurjónsson.

6. *Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:*
Ásgeir Bjarnason,[1])
Auður Auðuns,
Björn Fr. Björnsson, fundaskrifari,
Helgi F. Seljan,
Oddur Ólafsson,[2])
Björn Jónsson, formaður,[3])
Eggert G. Þorsteinsson.[4])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Kaupábyrgðarsjóður (15).
Nefndarálit kom ekki.
2. Almannatryggingar (52, n. 119).
Frsm.: Helgi F. Seljan.
3. Tekjustofnar sveitarfélaga (57).
Nefndarálit kom ekki.
4. Húsnæðismálastofnun ríkisins (67).
Nefndarálit kom ekki.
5. Afstaða foreldra til óskilgetinna barna (71, n. 217).
Frsm.: Auður Auðuns.
6. Afstaða foreldra til skilgetinna barna (84, n. 216).
Frsm.: Auður Auðuns.
7. Orlof (102, n. 129).
Frsm.: Björn Jónsson.
8. 40 stunda vinnuvika (103, n. 136).
Frsm.: Björn Jónsson.
9. Tekjur sveitarfélaga (8, n. 125).
Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
10. Húsnæðismálastofnun ríkisins (106).
Nefndarálit kom ekki.
11. Húsnæðismálastofnun ríkisins (123, n. 218).
Frsm.: Auður Auðuns.
12. Skipulagslög (134, n. 513).
Frsm.: Oddur Ólafsson.
13. Snjóbílar vegna heilbrigðisþjónustu (163, n. 793).
Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
14. Tekjustofnar sveitarfélaga (186, n. 383 (meiri hl.), n. 399 (1. minni hl.), n. 402 (2. minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Björn Jónsson.
Frsm. 1. minni hl.: Auður Auðuns.
Frsm. 2. minni hl.: Eggert G. Þorsteinsson.
15. Almannatryggingar (234, n. 242).
Frsm.: Helgi F. Seljan.
16. Lífeyrissjóður sjómanna (288, n. 745).
Frsm.: Eggert G. Þorsteinsson.
17. Ljósmæðralög (319, n. 697).
Frsm.: Helgi F. Seljan.

---

1) Í fjarveru hans, frá 14. febr. til 14. marz, tók sæti hans í nefndinni Alexander Stefánsson.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, tók sæti hans í nefndinni frá 16. til 29. nóv. Ingvar Jóhannsson, en frá 30. nóv. til 21. des. Axel Jónsson.
3) Í veikindaforföllum hans, frá 13. marz til 18. apríl, gegndi störfum hans í nefndinni Benóný Arnórsson.
4) Á fundi nefndarinnar 6. apríl tók sæti hans í nefndinni Bragi Sigurjónsson.

Fastanefndir Ed.: Heilbrigðis- og félagsmála- og menntamálanefndir.

18. Verkfræðiþjónusta á vegum landshlutasamtaka (433, n. 746).
    Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
19. Skipulagsskrá fyrir minningarsjóð hjónanna frá Suður-Vík og dætra þeirra (109, n. 512).
    Frsm.: Benóný Arnórsson.
20. Atvinnu- og þjónustufyrirtæki (498, n. 699).
    Frsm.: Eggert G. Þorsteinsson.
21. Sveitarstjórnarlög (668, n. 766).
    Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
22. Áfengislög (602).
    Nefndarálit kom ekki.
23. Sameining Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps (693, n. 743).
    Frsm.: Helgi F. Seljan.
24. Skipulagslög (499, n. 786).
    Frsm.: Auður Auðuns.
25. Erfðafjárskattur (685, n. 785).
    Frsm.: Björn Jónsson.
26. Læknaskipunarlög (457, n. 784).
    Frsm.: Helgi F. Seljan.
27. Bjargráðasjóður (546, n. 878).
    Frsm.: Björn Jónsson.
28. Hjúkrunarskóli í Reykjavík (762, n. 879).
    Frsm.: Oddur Ólafsson.
29. Orlof húsmæðra (892 (sbr. 635), n. 918).
    Frsm.: Auður Auðuns.
30. Húsnæðismálastofnun ríkisins (949, n. 957 (meiri hl.), n. 959 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Björn Jónsson.
    Frsm. minni hl.: Auður Auðuns.

7. *Menntamálanefnd:*

Steingrímur Hermannsson,[1])
Auður Auðuns,
Páll Þorsteinsson, fundaskrifari,[2])
Ragnar Arnalds, formaður,
Þorvaldur Garðar Kristjánsson,
Björn Jónsson,[3])
Eggert G. Þorsteinsson.[4])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Stýrimannaskólinn í Reykjavík (33, n. 379).
    Frsm.: Eggert G. Þorsteinsson.
2. Mannanöfn (34, n. 649).
    Frsm.: Ragnar Arnalds.
3. Vélstjóranám (79, n. 804).
    Frsm.: Páll Þorsteinsson.
4. Þjóðleikhús (116, n. 603).
    Frsm.: Ragnar Arnalds.

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 11. til 24. apríl, tók sæti hans í nefndinni Ólafur Þ. Þórðarson.
2) Í fjarveru hans, frá 28. febr. til 14. marz, tók sæti hans í nefndinni Tómas Árnason.
3) Í veikindaforföllum hans, frá 13. marz til 18. apríl, gegndi störfum hans í nefndinni Benóný Arnórsson.
4) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 5. til 20. apríl, tók sæti hans í nefndinni Bragi Sigurjónsson.

5. Tækniskóli Íslands (167, n. 658).
   Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.
6. Fiskvinnsluskóli (482, n. 814).
   Frsm.: Steingrímur Hermannsson.
7. Háskóli Íslands (547, n. 709).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
8. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi (576, n. 787).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
9. Íþróttalög (597, n. 769).
   Frsm.: Steingrímur Hermannsson.
10. Íþróttakennaraskóli Íslands (654 (sbr. 593), n. 767).
    Frsm.: Steingrímur Hermannsson.
11. Jöfnun á námskostnaði (706 (sbr. 575), n. 842).
    Frsm.: Ragnar Arnalds.
12. Höfundalög (505, n. 843).
    Frsm.: Ragnar Arnalds.
13. Dagvistunarheimili (733).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum (734).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Getraunir (768, n. 837).
    Frsm.: Steingrímur Hermannsson.
16. Staðfesting Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum (712, n. 920).
    Frsm.: Ragnar Arnalds.
17. Fósturskóli Íslands (732).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Sameinaður framhaldsskóli (763).
    Nefndarálit kom ekki.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:

Þjóðleikhús (116).
Frsm.: Ragnar Arnalds.

8. *Allsherjarnefnd:*

Björn Fr. Björnsson, formaður,
Magnús Jónsson,
Bjarni Guðbjörnsson,[1])
Geir Gunnarsson, fundaskrifari,
Þorvaldur Garðar Kristjánsson,
Ásgeir Bjarnason,[2])
Eggert G. Þorsteinsson.[3])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Áfengislög (5, n. 36).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
2. Stofnun og slit hjúskapar (40, n. 577).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.

1) Í veikindaforföllum hans, frá 1. marz til 20. apríl, tók sæti hans í nefndinni Halldór Kristjánsson.
2) Í fjarveru hans, frá 14. febr. til 14. marz, tók sæti hans í nefndinni Alexander Stefánsson.
3) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 5. til 20. apríl, tók sæti hans í nefndinni Bragi Sigurjónsson.

Fastanefndir Ed.: Allsherjarnefnd. — *Nd.:* Fjárhagsnefnd.

3. Verzlunaratvinna (127, n. 408).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
4. Umferðarlög (290, n. 409).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
5. Lögreglumenn (503, n. 748).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
6. Bann við losun hættulegra efna í sjó (483, n. 526).
   Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.
7. Skipan dómsvalds í héraði o. fl. (484 (sbr. 200), n. 527).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
8. Meðferð opinberra mála (201, n. 528).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
9. Meðferð einkamála í héraði (202, n. 529).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
10. Gjaldþrotaskipti (39, n. 661).
    Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
11. Jafnlaunaráð (694 (sbr. 645), n. 830).
    Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
12. Þingsköp Alþingis (756, n. 815).
    Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
13. Veiting ríkisborgararéttar (805, n. 840).
    Frsm.: Björn Fr. Björnsson.

C.

Í neðri deild:

1. *Fjárhagsnefnd:*

Þórarinn Þórarinsson,[1])
Matthías Á. Mathiesen,
Gils Guðmundsson, fundaskrifari,[2])
Matthías Bjarnason,[3])
Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður,[4])
Karvel Pálmason,
Gylfi Þ. Gíslason.[5])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Ríkisútgáfa námsbóka (2, n. 113).
   Frsm.: Þórarinn Þórarinsson.
2. Ríkisreikningurinn 1969 (7, n. 410).
   Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
3. Innheimta gjalda með viðauka (22, n. 93).
   Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
4. Tekjuskattur og eignarskattur (28).
   Nefndarálit kom ekki.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 6. marz til 4. apríl, tók sæti hans í nefndinni Tómas Karlsson.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 22. febr. til 4. apríl, gegndi störfum hans í nefndinni Karl G. Sigurbergsson.
3) Í veikindaforföllum hans, frá 15. marz til 1. maí, tók sæti hans í nefndinni Ásberg Sigurðsson.
4) Í fjarveru hans, frá 13. marz til 4. apríl, gegndi störfum hans í nefndinni Kristján Ingólfsson.
5) Meðan hann dvaldist erlendis, frá þingbyrjun til 6. des., tók sæti hans í nefndinni Sigurður E. Guðmundsson.

Fastanefndir Nd.: Fjárhagsnefnd.

5. Tekjuskattur og eignarskattur (29).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Innlent lán (78, n. 97 (meiri hl.), n. 100 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
   Frsm. minni hl.: Matthías Á. Mathiesen.
7. Tekjuskattur og eignarskattur (90).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Verðlagsmál (148, n. 190).
   Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
9. Vörugjald (157, n. 189).
   Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
10. Framkvæmdastofnun ríkisins (165 (sbr. 96), n. 212 (meiri hl.), n. 220 (1. minni hl.)), n. 222 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Þórarinn Þórarinsson.
    Frsm. 1. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
    Frsm. 2. minni hl.: Matthías Bjarnason.
11. Happdrættislán vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi (117, n. 213).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
12. Tekjuskattur og eignarskattur (171, n. 392 (meiri hl.), n. 395 (1. minni hl.), n. 404 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
    Frsm. 1. minni hl.: Matthías Bjarnason.
    Frsm. 2. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
13. Stöðugt verðlag (11, n. 636 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
14. Lífeyrissjóður bænda (305, n. 631).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
15. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (443, n. 735).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
16. Lántaka vegna kaupa á þyrlu (479, n. 504).
    Frsm.: Ásberg Sigurðsson.
17. Lífeyrissjóður sjómanna (444).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Veðtrygging iðnrekstrarlána (581, n. 646).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
19. Lán til kaupa á skuttogurum (306, n. 632).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
20. Stofnlánadeild samvinnufélaga (412, n. 701).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
21. Vátryggingarstarfsemi (642).
    Nefndarálit kom ekki.
22. Lán vegna framkvæmdaáætlunar 1972 (652, n. 757 (meiri hl.), n. 758 (1. minni hl.), n. 778 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Þórarinn Þórarinsson.
    Frsm. 1. minni hl.: Matthías Á. Mathiesen.
    Frsm. 2. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
23. Lífeyrissjóður sjómanna (288, n. 849).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
24. Ferðamál (858, n. 924).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.

2. *Samgöngumálanefnd:*

Björn Pálsson, formaður,[1])
Friðjón Þórðarson,
Garðar Sigurðsson, fundaskrifari,
Sverrir Hermannsson,[2])
Karvel Pálmason,
Stefán Valgeirsson,
Pétur Pétursson.

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Ferðamál (104, n. 533).
   Frsm.: Björn Pálsson.
2. Vegalög (350, n. 639).
   Frsm.: Björn Pálsson.
3. Vitagjald (554, n. 850).
   Frsm.: Garðar Sigurðsson.

B. Þingsályktunartillaga:

Endurskipulagning sérleyfisleiða (46, n. 761).
Frsm.: Pétur Pétursson.
Um samvinnu við samgöngumálanefnd Ed. sjá bls. 1919.

3. *Landbúnaðarnefnd:*

Stefán Valgeirsson, formaður,
Pálmi Jónsson,[3])
Eðvarð Sigurðsson, fundaskrifari,[4])
Gunnar Gíslason,
Ágúst Þorvaldsson,[5])
Vilhjálmur Hjálmarsson,[6])
Benedikt Gröndal.[7])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Innflutningur búfjár (20, n. 380).
   Frsm.: Stefán Valgeirsson.
2. Sala Ytri-Bugs í Fróðárhreppi (41, n. 152).
   Frsm.: Benedikt Gröndal.
3. Mat á sláturafurðum (77, n. 139).
   Frsm.: Stefán Valgeirsson.
4. Jarðræktarlög (92).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Sala Brekkuborgar í Breiðdalshreppi (114, n. 304).
   Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.

---

1) Á fundi nefndarinnar 16. maí tók sæti hans í nefndinni Magnús H. Gíslason.
2) Í veikindaforföllum hans, frá 21. apríl til 7. maí, tók sæti hans í nefndinni Pétur Blöndal.
3) Í fjarveru hans, frá 18. okt. til 7. nóv., tók sæti hans í nefndinni Jóhannes Guðmundsson.
4) Í fjarveru hans, frá 20. jan. til 7. febr., tók sæti hans í nefndinni Jón Snorri Þorleifsson, en í veikindaforföllum hans, frá 20. marz til þingloka, Sigurður Magnússon.
5) Á fundi nefndarinnar 20. marz tók sæti hans í nefndinni Hafsteinn Þorvaldsson.
6) Á fundi nefndarinnar 20. marz tók sæti hans í nefndinni Kristján Ingólfsson.
7) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 28. febr. til 4. apríl, tók sæti hans í nefndinni Bragi Sigurjónsson.

6. Sala Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi (130, n. 301).
   Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
7. Sala jarðarinnar Fjósa í Laxárdalshreppi (64, n. 300).
   Frsm.: Benedikt Gröndal.
8. Sala Markúsarsels, Tunguhlíðar og Veturhúsa í Geithellnahreppi (287, n. 638).
   Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
9. Jarðeignasjóður (315, n. 360).
   Frsm.: Stefán Valgeirsson.
10. Ítala (349).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. (351).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Sala Holts í Dyrhólahreppi (135, n. 588 (meiri hl.), n. 600 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ágúst Þorvaldsson.
    Frsm. minni hl.: Pálmi Jónsson.
13. Skógrækt (485).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Dýralæknar (487, n. 540).
    Frsm.: Stefán Valgeirsson.
15. Framleiðnisjóður landbúnaðarins (378, n. 539).
    Frsm.: Stefán Valgeirsson.
16. Framleiðsluráð landbúnaðarins (517).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Sala Útskála í Gerðahreppi (567).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Jarðræktarlög (750 (sbr. 545), n. 792).
    Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:

Dýralæknar (487, n. 540).
Frsm.: Stefán Valgeirsson.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*

Jón Skaftason, fundaskrifari,[1])
Pétur Sigurðsson,
Karvel Pálmason,
Guðlaugur Gíslason,
Garðar Sigurðsson, formaður,
Björn Pálsson,[2])
Stefán Gunnlaugsson.

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis (3, n. 586).
   Frsm.: Garðar Sigurðsson.
2. Siglingalög (25, n. 630).
   Frsm.: Pétur Sigurðsson.

---

1) Á fundi nefndarinnar 17. maí tók sæti hans í nefndinni Hilmar Pétursson.
2) Í fjarveru hans, frá 17. maí til þingloka, tók sæti í nefndinni Sigurður J. Lindal.

3. Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins (42, n. 338).
   Frsm.: Guðlaugur Gíslason.
4. Bann við losun hættulegra efna í sjó (82, n. 415).
   Frsm.: Garðar Sigurðsson.
5. Líf- og örorkutrygging sjómanna (198).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Fiskeldi í sjó (291, n. 584).
   Frsm.: Garðar Sigurðsson.
7. Lögskráning sjómanna (339).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Tæknistofnun sjávarútvegsins (347).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Landhelgisgæzla Íslands (445).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Landgrunn Íslands (318).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Kaup á skuttogurum (478, n. 550).
    Frsm.: Garðar Sigurðsson.
12. Útflutningsgjald af sjávarafurðum (309, n. 551).
    Frsm.: Björn Pálsson.
13. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (561).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Eftirlit með skipum (516, n. 910).
    Frsm.: Garðar Sigurðsson.

B. Þingsályktunartillaga:

Lágmarksmöskvastærð þorskaneta (270, n. 549).
Frsm.: Guðlaugur Gíslason.

5. *Iðnaðarnefnd:*

Gísli Guðmundsson, fundaskrifari,
Gunnar Thoroddsen,
Eðvarð Sigurðsson, formaður,[1])
Lárus Jónsson,
Bjarni Guðnason,
Þórarinn Þórarinsson,
Pétur Pétursson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Iðnlánasjóður (88).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Námulög (142, n. 742).
   Frsm.: Þórarinn Þórarinsson.
3. Iðnfræðsla (266, n. 682).
   Frsm.: Sigurður Magnússon.
4. Virkjun Lagarfoss (476, n. 537).
   Frsm.: Sigurður Magnússon.
5. Orkulög (480, n. 536).
   Frsm.: Lárus Jónsson.

---

1) Í veikindaforföllum hans, frá 20. marz til þingloka, gegndi störfum hans í nefndinni Sigurður Magnússon.

6. Lagmetisiðja ríkisins í Siglufirði (618, n. 691).
   Frsm.: Pétur Pétursson.
7. Sölustofnun lagmetisiðnaðarins (707, n. 782).
   Frsm.: Sigurður Magnússon.

6. *Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:*

Jón Skaftason,[1])
Ólafur G. Einarsson,
Jónas Árnason, formaður,[2])
Ragnhildur Helgadóttir,
Bjarni Guðnason, fundaskrifari,
Stefán Valgeirsson,
Gylfi Þ. Gíslason.[3])

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Tekjur sveitarfélaga (8, n. 80).
   Frsm.: Ólafur G. Einarsson.
2. Sameining Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps (9, n. 634).
   Frsm.: Stefán Valgeirsson.
3. Erfðafjárskattur (10, n. 518 (meiri hl.), n. 542 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bjarni Guðnason.
   Frsm. minni hl.: Ólafur G. Einarsson.
4. Atvinnu- og þjónustufyrirtæki (17, n. 422).
   Frsm.: Gylfi Þ. Gíslason.
5. Almannatryggingar (45, n. 423).
   Frsm.: Gylfi Þ. Gíslason.
6. Tekjustofnar sveitarfélaga (69).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Læknishéraðasjóðir (81).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Skipulagsskrá fyrir minningarsjóð hjónanna frá Suður-Vík og dætra þeirra (109, n. 425).
   Frsm.: Ragnhildur Helgadóttir.
9. Almannatryggingar (52).
   Nefndarálit kom ekki.
10. 40 stunda vinnuvika (141, n. 205).
    Frsm.: Skúli Alexandersson.
11. Orlof (132, n. 204).
    Frsm.: Skúli Alexandersson.
12. Aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa (146, n. 585).
    Frsm.: Jón Skaftason.
13. Almannatryggingar (170, n. 214).
    Frsm.: Skúli Alexandersson.

---

1) Á fundi nefndarinnar 16. maí tók sæti hans í nefndinni Hilmar Pétursson.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 2. til 22. nóv. og 28. febr. til 22. marz, gegndi störfum hans í nefndinni Bjarnfríður Leósdóttir, en frá 7. til 21. des. Skúli Alexandersson.
3) Meðan hann dvaldist erlendis, frá þingbyrjun til 6. des., tók sæti hans í nefndinni Sigurður E. Guðmundsson.

14. Leigumálar og söluverð lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar (187, n. 246).
    Frsm.: Skúli Alexandersson.
15. Afstaða foreldra til óskilgetinna barna (237, n. 250).
    Frsm.: Ragnhildur Helgadóttir.
16. Afstaða foreldra til skilgetinna barna (238, n. 251).
    Frsm.: Ragnhildur Helgadóttir.
17. Húsnæðismálastofnun ríkisins (123, n. 252).
    Frsm.: Ólafur G. Einarsson.
18. Tekjustofnar sveitarfélaga (437 (sbr. 419), n. 448 (1. minni hl.), n. 450 (2. minni hl.), n. 451 (meiri hl.)).
    Frsm. 1. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
    Frsm. 2. minni hl.: Ólafur G. Einarsson.
    Frsm. meiri hl.: Stefán Valgeirsson.
19. Læknaskipunarlög (457, n. 676).
    Frsm.: Jónas Árnason.
20. Skipulagslög (499, n. 665).
    Frsm.: Ólafur G. Einarsson.
21. Bjargráðasjóður Íslands (546, n. 727).
    Frsm.: Ólafur G. Einarsson.
22. Skipulagslög (134, n. 666).
    Frsm.: Ragnhildur Helgadóttir.
23. Húsnæðismálastofnun ríkisins (566, n. 827 (minni hl.), n. 844 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Ólafur G. Einarsson.
    Frsm. meiri hl.: Jónas Árnason.
24. Orlof húsmæðra (635, n. 838).
    Frsm.: Ragnhildur Helgadóttir.
25. Heilbrigðisþjónusta (519).
    Nefndarálit kom ekki.
26. Stofnun og slit hjúskapar (708 (sbr. 40), n. 803).
    Frsm.: Ragnhildur Helgadóttir.
27. Verkfræðiþjónusta á vegum landshlutasamtaka (777 (sbr. 433), n. 895).
    Frsm.: Stefán Valgeirsson.
28. Dvalarheimili aldraðra (812).
    Nefndarálit kom ekki.
29. Sveitarstjórnarlög (802, n. 883).
    Frsm.: Stefán Valgeirsson.
30. Hjúkrunarskóli í Reykjavík (762, n. 917).
    Frsm.: Jónas Árnason.

B. Þingsályktunartillögur:

1. Verðtrygging lífeyrissjóða verkafólks (66, n. 424).
   Frsm.: Bjarnfríður Leósdóttir.
2. Fasteignaskattur af íbúðum aldraðra (75).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Leigugjald fyrir íbúðir (131, n. 426).
   Frsm.: Gylfi Þ. Gíslason.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:

Heilbrigðisþjónusta (519).
Frsm. var ekki kosinn.

7. ***Menntamálanefnd:***

Eysteinn Jónsson,
1. Landbrn. tilkynnir, að frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Markúsarsel, Tunguhlíð og Veturhús hafi verið sent hreppstjóra Geithellnahrepps til umsagnar. — Bréf 1. marz. (Db. 1102).
2. Umsögn landbrn. um sama frv. — Bréf 10. apríl. (Db. 1353).
3. Umsögn landnámsstjóra um sama frv. — Bréf 6. marz. (Db. 1147).

Sala Útskála í Gerðahreppi.
1. Umsögn dómsmrn. um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Útskála í Gerðahreppi. — Bréf 17. maí. (Db. 1612).
2. Umsögn landnámsstjóra um sama frv. — Bréf 5. apríl. (Db. 1579).

Sala Ytri-Bugs í Fróðárhreppi.
1. Umsögn jarðeignadeildar landbrn. um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Ytri-Bug í Fróðárhreppi á Snæfellsnesi. — Bréf 18. nóv. (Db. 459).
2. Umsögn landnámsstjóra um sama frv. — Bréf 19. nóv. (Db. 451).
3. Umsögn oddvita Ólafsvíkurhrepps um sama frv. — Bréf 24. nóv. (Db. 537).

Sala Þorsteinsstaða í Sauðaneshreppi. Umsögn landbrn. um heimild til sölu á ríkisjörðinni Þorsteinsstöðum í Sauðaneshreppi. — Bréf 13. des.

Salters, Doris, sjá Ríkisborgararéttur.
Samband austfirzkra kvenna, sjá Styrkur til.
Samband íslenzkra lúðrasveita, sjá Styrkur til.
Samband íslenzkra rafveitna, sjá Raforkumál 2—3.
Samband íslenzkra samvinnufélaga, sjá: Iðnlánasjóður 4, Rannsóknir í þágu atvinnuveganna 4, Rekstrarlán iðnfyrirtækja 3, Stóriðja á Íslandi 4, Tekjuskattur 6, Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins 4, Verzlunaratvinna 3.
Samband íslenzkra sveitarfélaga, sjá: Aðsetur ríkisstofnana, Aðstoð ríkisins vegna landakaupa, Atvinnu- og framkvæmdaáætlanir fyrir Austurlandskjördæmi, Atvinnu- og þjónustufyrirtæki sveitarfélaga 3, Bjargráðasjóður 2, Byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp 5, Endurskipulagning sérleyfisleiða 2, Ferðamál 4—6, Fiskeldi í sjó 4, Fiskihafnir 2, Fullnýting véla til að leggja olíumöl 4, Hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign 4, Íþróttalög 3, Jarðræktarlög 3, Jöfnun námsaðstöðu 7, Leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaga 2, Læknishéraðasjóður 2, Lögreglumenn 5, Málefni barna og unglinga 3, Orkulög 4—5, Orlof húsmæðra 4, Raforkumál 4, Sérstök framkvæmdaáætlun fyrir Norðurland vestra 3, Skattlagning peningastofnana, Staðarval og flutningur ríkisstofnana 2, Sveitarstjórnarlög, Tekjustofnar sveitarfélaga 13—16, Tækniskóli Íslands á Akureyri 8, Umboðs- og aðstoðarmenn lækna í byggðum landsins 4, Upplýsingaskylda stjórnvalda, Verkfræðiþjónusta á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga.
Samband íslenzkra tryggingafélaga, sjá Umferðarlög 2.
Samband norðlenzkra kvenna, sjá Styrkur til.
Samgönguáætlun Norðurlands.
1. Áskell Einarsson sendir ályktun fundar samgöngumálanefndar Fjórðungssambands Norðlendinga, þar sem mælt er með till. til þál. um öflun fjár vegna samgönguáætlunar Norðurlands. — Bréf 8. des. (Db. 706).
2. Umsögn Efnahagsstofnunar um sömu till. til þál. — Bréf 7. des. (Db. 684).
3. Umsögn Fjórðungssambands Norðlendinga um sömu till. til þál. — Bréf 8. des. (Db. 939).
4. Umsögn Vegagerðar ríkisins um sömu till. til þál. — Bréf 4. des. (Db. 644).

— Sjá einnig Opinberar framkvæmdir í Suðurlandskjördæmi.
Samgöngumál Vestmanneyinga.
1. Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum sendir ályktun bæjarstjórnarinnar þar frá 5. nóv., þar sem lýst er ánægju yfir till. til þál. um samgöngumál Vestmanneyinga og skorað á Alþingi að samþ. tillöguna. — Bréf 29. nóv. (Db. 593).
2. Umsögn flugmálastjóra um sömu till. til þál. — Bréf 9. des. (Db. 718).
3. Forstjóri Skipaútgerðar ríkisins sendir afrit af bréfi sínu varðandi samgöngumál Vestmanneyinga. — Bréf 10. des. (Db. 722).
4. Umsögn forstjóra Skipaútgerðar ríkisins um till. til þál. um samgöngumál Vestmanneyinga. — Bréf 6. des. (Db. 670).

— Sjá einnig Ríkisábyrgð á láni til kaupa á svifskipi.
Samgöngur á Breiðafirði. Samgrn. sendir erindi hreppsnefndar Flateyjarhrepps um samgöngur á Breiðafirði. — Bréf 23. nóv. (Db. 493).
Samgönguráðuneyti, sjá: Brúargerð á Lagarfljót, Ferðamál 1, Fjárlög 1972 85, Hafnargerðir 8—9, Lántaka Hafnabótasjóðs vegna Stokkseyrarhrepps, Læknishéraðasjóður 3, Ráðstöfun á fé Hafnabótasjóðs, Ríkisábyrgð á láni fyrir flugfélagið Erni, Snjóbílsferðir milli, Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu í Fornahvammi 2, Tekjustofnar sveitarfélaga 17.
Samgöngutækjasýning í Washington í maí 1972. Samgönguráðuneyti Bandaríkjanna býður til sýningar á samgöngutækjum, sem halda á í Washington í maí. — Bréf ódagsett. (Db. 1202).

Samkeppni um teikningar af opinberum byggingum.
1. Umsögn stjórnar Arkitektafélags Íslands um till. til þál. um samkeppni um teikningar af opinberum byggingum. — Bréf 4. maí. (Db. 1501).
2. Umsögn Byggingafræðingafélags Íslands um sömu till. til þál. — Bréf 22. marz. (Db. 1279).
3. Umsögn húsameistara ríkisins um sömu till. til þál. — Bréf 2. maí. (Db. 1473).

Samkeppnislán til innlendrar skipasmíði.
1. Umsögn Félags dráttarbrauta og skipasmiðja um till. til þál. um samkeppnislán til innlendrar skipasmíði. — Bréf 15. des. (Db. 800).
2. Umsögn Útflutningslánasjóðs um sömu till. til þál. — Bréf 14. des. (Db. 767).

Samkomudagur Alþingis. Forsrn. tilkynnir, að Alþingi hafi verið kvatt saman til fundar mánudaginn 11. okt. — Bréf 20. sept. (Db. 89).

Samúðarkveðjur Alþingis vegna fráfalls Friðriks IX.
1. Drottning og ekkjudrottning Danmerkur þakka blómsveig Alþingis við útför Friðriks IX Danakonungs. — Bréflaust. (Db. 1023).
2. Forseti danska þjóðþingsins þakkar samúðarkveðjur Alþingis vegna fráfalls Friðriks IX Danakonungs. — Bréf 23. febr. (Db. 1079).

Samvinnuskólinn í Bifröst, sjá Styrkur til.

Sauðárkrókur, sjá: Sérstök framkvæmdaáætlun fyrir Norðurland vestra, Skólaskipan í Skagafirði 1, Styrkur til greiðslu kostnaðar við aðgerðir á sjúkrahúsi, Sundlaug á.

Saurbæjarkirkja, sjá Endurbygging.

Seðlabanki Íslands, sjá: Athugun á auknu verðgildi íslenzkrar krónu 4, Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins 5, Verðtrygging lífeyrissjóða verkafólks 3.

Selfoss, sjá: Barnaheimili á, Bygging iðnskóla, Skólabyggingar á.

Sesselja Benediktsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 39.

Seyðisfjörður, sjá: Sala fasteigna póststjórnarinnar, Tækniskóli Íslands á Akureyri 4—5, Vegagerð yfir Fjarðarheiði, Vetrarferðir fyrir Fjarðarheiði.

Sérfræðileg aðstoð við þingnefndir, sjá Rannsókn á virkjunaraðstæðum við Hraunsfjarðarvatn 3.

Sérleyfisleiðir, sjá Endurskipulagning.

Sérstök framkvæmdaáætlun fyrir Norðurland vestra.
1. Bæjarstjóri Sauðárkróks sendir ályktun bæjarstjórnar Sauðárkróks frá 26. apríl, þar sem skorað er á Alþingi að samþ. till. til þál. um sérstaka framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra. — Símskeyti 27. apríl. (Db. 1441).
2. Umsögn Framkvæmdastofnunar ríkisins um sömu till. til þál. — Bréf 27. marz. (Db. 1292).
3. Umsögn Sambands íslenzkra sveitarfélaga um sömu till. til þál. — Bréf 6. apríl. (Db. 1320).

— Sjá einnig Sérstök landshlutaáætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu 2.

Sérstök landshlutaáætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.
1. Umsögn Búnaðarsambands Norður-Þingeyinga um till. til þál. um sérstaka landshlutaáætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu. — Bréf 6. marz. (Db. 1126).
2. Umsögn Fjórðungssambands Norðlendinga um sömu till. til þál. og um till. til þál. um sérstaka framkvæmdaáætlun fyrir Norðurland vestra. — Bréf 24. apríl. (Db. 1437).
3. Umsögn hreppsnefndar Kelduneshrepps um till. til þál. um sérstaka landshlutaáætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu. — Bréf 10. marz. (Db. 1229).
4. Umsögn hreppsnefndar Presthólahrepps um sömu till. til þál. — Bréf 16. marz. (Db. 1268).

5. Umsögn hreppsnefndar Svalbarðshrepps um sömu till. til þál. — Bréf 10. marz. (Db. 1259).
6. Umsögn oddvita Öxafjarðarhrepps um sömu till. til þál. — Bréf 16. marz. (Db. 1282).
7. Umsögn sýslumanns Þingeyjarsýslu um sömu till. til þál. — Bréf 14. marz. (Db. 1197).
8. Umsögn sveitarstjórna Þórshafnar- og Sauðaneshreppa um sömu till. til þál. — Bréf 18. marz. (Db. 1260).

— Sjá einnig Dreifing menntastofnana 4.

Shafiee, Mohammad, sjá Ríkisborgararéttur.

Siglingalög.
1. Umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66/1963, sbr. l. nr. 14/1968. — Bréf 8. des. (Db. 691).
2. Umsögn Landssambands íslenzkra útvegsmanna um sama frv. — Bréf 5. maí. (Db. 1505).
3. Umsögn Sambands íslenzkra tryggingafélaga um sama frv. — Bréf 28. febr. (Db. 1084).

Siglingamálastjóri, sjá: Bann við losun, Lögskráning sjómanna 2, Sjálfvirk radíódufl í íslenzkum skipum 2, Tæknistofnun sjávarútvegsins 7.

Siglufjarðarvegur ytri. Kjartan Stefánsson á Akureyri fer fram á að fá send öll gögn varðandi gerð Siglufjarðarvegar ytri (Strákagöng) allt frá upphafi þess máls. — Bréf 4. nóv. (Db. 316).

Siglufjörður, sjá: Hafnargerðir 3, 15, Hlutafé ríkissjóðs, Lagmetisiðja ríkisins á, Raforkumál 1.

Signý Gunnarsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 40.

Sigrún Guðmundsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 41.

Sigrún Jónsdóttir, sjá Styrkur til.

Sigurbjörn Árnason, sjá Styrkur til að gera tilraunir með nýjar heyverkunaraðferðir 5—6.

Sigurður Blöndal, sjá Varaþingmenn 130—133.

Sigurður Guðjónsson, sjá Styrkur til.

Sigurður E. Guðmundsson, sjá Varaþingmenn 134—135.

Sigurður Hallsson, sjá Rannsóknir á sjávargróðri.

Sigurður Jónsson, sjá Rannsóknir á sjávargróðri.

Sigurður J. Lindal, sjá Varaþingmenn 136—140.

Sigurður Magnússon, sjá Varaþingmenn 141—145.

Sigurjón Einarsson, sjá Ríkisborgararéttur.

Síldarútvegsnefnd, sjá Sölustofnun lagmetisiðnaðarins 5—6.

Síldarverksmiðjan Rauðka, sjá Fjárlög 1972 79.

Síldarverksmiðjur ríkisins, sjá Fjárlög 1972 80.

Sise, Robert P. van, sjá: Afturköllun umsóknar um íslenzkt ríkisfang, Ríkisborgararéttur.

Sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga. Borgarstjórinn í Reykjavík sendir ályktun borgarstjórnar Reykjavíkur 2. marz, þar sem m. a. er skorað á Alþingi og ríkisstjórn að efla sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga og styrkja sjálfstæði þeirra með því að fela þeim aukin verkefni og sjá þeim fyrir nægilegum tekjustofnum. — Bréf 3. marz. (Db. 1131—1133).

Sjálfsbjörg, sjá: Byggingarstyrkur til, Eftirgjöf símagjalda.

Sjálfvirk radíódufl í íslenzkum skipum.
1. Umsögn póst- og símamálastjórnarinnar um till. til þál. um sjálfvirk radíódufl í íslenzkum skipum. — Bréf 26. apríl. (Db. 1417).
2. Umsögn siglingamálastjóra um sömu till. til þál. — Bréf 29. des. (Db. 839).
3. Umsögn vita- og hafnamálastjóra um sömu till. til þál. — Bréf 26. jan. (Db. 919).

Sjávarútvegsráðuneytið, sjá: Fjárlög 1972 27—28, 55, 70—71, 80—81, Lántökuheimild fyrir Byggingasjóð rannsóknastofnana sjávarútvegsins, Styrkur til Félags rafeindaverktaka, Sölustofnun lagmetisiðnaðarins 7.
Sjávarútvegur, sjá: Aukin vöruvöndun, Bann við losun hættulegra efna.
Sjómannadagsráð, sjá Barnaheimili fyrir.
Sjómannasamband Íslands, sjá: Lágmarksmöskvastærð þorskaneta 3, Lögskráning sjómanna 3, Ráðstafanir í sjávarútvegi 3, Ráðstafanir til að auka vöruvöndun sjávarútvegsins 2, Vinnutími fiskimanna 2.
Sjómannastofa í Neskaupstað, sjá Barnaheimili í.
Sjómælingar. Umsögn Sjómælinga Íslands um till. til þál. um sjómælingar. — Bréf 1. marz. (Db. 1109).
Sjómælingar Íslands, sjá Fjárlög 1972 82.
Sjónvarpsmóttökuskilyrði í Kirkjubólshreppi. Oddviti Kirkjubólshrepps fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 vegna vegamála og til endurbóta á sjónvarpsmóttökuskilyrðum í hreppnum. — Bréf 25. apríl. (Db. 1575).
Sjóvarnargarður á Akranesi o. fl.
1. Bæjarstjórinn á Akranesi fer fram á, að veittar verði 400 þús. kr. skv. fjárl. 1972 vegna sjóvarnargarðs á Akranesi. — Bréf 12. nóv. (Db. 373).
2. Bæjarstjórinn á Akranesi sendir umsóknir bæjarstjórnar Akraness um fjárveitingar skv. fjárl. 1973 til byggingar sjóvarnargarðs, hafnargerðar, byggingar sjúkrahúss, byggingar elliheimilis, fangageymslu og til skólabygginga á Akranesi. — Bréf 26. apríl. (Db. 1431).
3. Bæjarstjórinn á Akranesi fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 vegna byggingar sjóvarnargarðs og til varnar landbroti á Akranesi. — Bréf 16. maí. (Db. 1593).

Sjóvarnargarður á Ísafirði. Bæjarstjórinn á Ísafirði fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1972 vegna sjóvarnargarðs á Ísafirði. — Bréf 8. nóv. (Db. 359).
Sjóvarnargarður á Patreksfirði. Sveitarstjóri Patrekshrepps fer fram á, að veittar verði 500 þús. kr. skv. fjárl. 1972 vegna byggingar sjóvarnargarðs við Patrekshöfn. — Bréf 18. nóv. (Db. 456).
Sjóvarnargarður í Búðardal. Sýslumaður Dalasýslu fer fram á, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1972 vegna sjóvarnargarðs í Búðardal. — Bréf 8. nóv. (Db. 338).
Sjóvarnargarður í Höfn á Hornafirði. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf., Páll Þorsteinsson, 3. þm. Austf., Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf., og Helgi F. Seljan, 6. landsk. þm., fara fram á, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1972 til greiðslu kostnaðar við sjóvarnargarð í Hornafirði. — Bréf 19. nóv. (Db. 479).
Sjúkraflug á Vestfjörðum, sjá Styrkur til flugfélagsins Ernir h/f.
Sjúkrahús Akraness, sjá Fjárlög 1972 83.
Sjúkrahús í Vestmannaeyjum, sjá Fjárlög 1972 84.
Skagafjörður, sjá Skólaskipan í.
Skagaströnd, sjá Hafnargerðir 16.
Skandinavíska tannlæknafélagið, sjá Styrkur vegna móts.
Skattamál. Hrafn Magnússon kennari við Samvinnuskólann í Bifröst biður um ýmsar upplýsingar um skattamál. — Bréf 14. marz. (Db. 1451).
Skattamál o. fl. Þorvarður J. Júlíusson sendir ályktun Verzlunarráðs Íslands frá 28. og 29. okt. varðandi skattamál, staðgreiðslukerfi skatta o. fl. — Bréf 13. des. (Db. 763—764). — Sjá einnig: Tekjuskattur, Tekjustofnar.
Skattfríðindi fiskimanna. Kristján Ragnarsson sendir ályktun aðalfundar Landssambands íslenzkra útvegsmanna frá 17.—19. nóv. varðandi skattfríðindi sjómanna, þar sem skorað er á Alþingi að fella niður tekjuskatt af launatekjum lögskráðra sjómanna o. fl. — Bréf 8. des. (Db. 698—699).

Skattlagning peningastofnana. Samband ísl. sveitarfélaga sendir greinargerð frá 1968 um skattlagningu peningastofnana í þágu sveitarfélaga. — Bréf 27. jan. (Db. 929—930).
Skáksamband Íslands, sjá: Styrkur til, Styrkur vegna heimsmeistaraeinvígis í skák.
Skálholt, sjá: Bygging lýðskóla, Lýðskóli í.
Skeiðaskóli, sjá Bygging sundlaugar við.
Skeljasandur til áburðar, sjá Öflun.
Skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum.
1. Umsögn samvinnunefndar sveitarfélaga á Suðurnesjum um till. til þál. um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum. — Bréf 11. febr. (Db. 991).
2. Umsögn sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu um sömu till. til þál. — Bréf 11. febr. (Db. 1013).

Skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.
1. Umsögn formanns Dómarafélags Íslands um frv. til l. um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl. — Bréf 17. febr. (Db. 1048).
2. Umsögn Dómarafélags Reykjavíkur um sama frv. — Bréf 16. febr. (Db. 1022, a).
3. Formaður Dómarafélags Íslands skýrir frá, að ágreiningur hafi orðið innan stjórnar félagsins um afgreiðslu umsagnar um sama frv. — Bréf 29. febr. (Db. 1094).
4. Umsögn Félags héraðsdómara um sama frv. — Bréf 14. febr. (Db. 1007).
5. Þórhallur Einarsson, Sigurður Sveinsson og Axel V. Tulinius gera tilteknar athugasemdir við sama frv. — Bréf 1. marz. (Db. 1103).

Skipasmíði, sjá Samkeppnislán til innlendrar.
Skipaútgerð ríkisins, sjá: Fjárlög 1972 85, Samgöngumál Vestmanneyinga 3.
Skipulagslög. Umsögn skipulagsstjóra um frv. til l. um breyt. á skipulagslögum, nr. 19/1964. — Bréf 19. jan. (Db. 884).
Skipulagsstjóri, sjá: Byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp 6, Skipulagslög.
Skoðanakönnun um barnaheimilismál í Kópavogi. Gerður Óskarsdóttir, Helga Sigurjónsdóttir o. fl. konur úr Kópavogskaupstað senda fjvn. niðurstöður skoðanakönnunar um barnaheimilismál og fara jafnframt fram á, að fjárveitingar til barnaheimila skv. fjárl. 1972 verði miðaðar við niðurstöður þeirrar könnunar. — Bréf 28. sept. (Db. 82).
Skóburstunarvél fyrir Alþingi. Smith & Norland h/f gerir tilboð í að útvega skóburstunarvél fyrir Alþingi. — Bréf 7. okt. (Db. 641).
Skógar, sjá: Bygging barnaskóla, Bygging skólastjóraíbúðar.
Skógrækt.
1. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/1955, um skógrækt. — Bréf 17. apríl. (Db. 1378).
2. Umsögn landbrn. um sama frv. — Bréf 17. apríl. (Db. 1371).
3. Umsögn skógræktarstjóra um sama frv. — Bréf 14. apríl. (Db. 1375).

Skógrækt ríkisins, sjá: Fjárlög 1972 86, Landgræðsla og gróðurvernd 6.
Skólabygging að Birkimel í Barðastrandarsýslu. Oddviti Barðastrandarhrepps fer fram á, að veitt verði 1 millj. kr. skv. fjárl. 1973 vegna byggingar skóla að Birkimel í hreppnum. — Bréf 23. marz. (Db. 1283).
Skólabyggingar á Akureyri. Bæjarstjórinn á Akureyri sendir afrit af erindum sínum til menntmrn. varðandi fjárveitingar skv. fjárl. 1973 til skólabygginga á Akurevri. — Bréf 26. apríl. (Db. 1456).
Skólabyggingar í Hveragerði. Steinþór Gestsson, 5. þm. Sunnl., sendir og mælir með erindi sveitarstjórans í Hveragerði, þar sem farið er fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1972 vegna byggingar skólamannvirkja á árunum 1967 og 1968. — Bréf 2. des. (Db. 616).
Skólabyggingar í Keflavík. Bæjarstjórinn í Keflavík sendir fjvn. erindi sitt til menntmrn. varðandi aukinn stofnkostnað við skólabyggingar í Keflavík. — Bréf ódagsett. (Db. 654).

Skólabyggingar í Kópavogi.
1. Bæjarstjórinn og fræðslustjórinn í Kópavogi fara fram á tilteknar fjárveitingar skv. fjárl. 1972 vegna byggingar skóla í Kópavogskaupstað. — Bréf 16. nóv. (Db. 421).
2. Bæjarritarinn og fræðslustjórinn í Kópavogskaupstað fara fram á tilteknar fjárveitingar skv. fjárl. 1973 vegna skólabygginga í Kópavogi. — Bréf 28. apríl. (Db. 1461).

Skólabyggingar í Selfosshreppi. Hreppsnefnd Selfosshrepps fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 vegna ýmissa skólabygginga á Selfossi og til byggingar barnaheimilis (dagheimilis). — Bréf 29. apríl. (Db. 1613).

Skólaskipan í Norður-Þingeyjarsýslu. Menntmrn. sendir erindi varðandi skólaskipan í Norður-Þingeyjarsýslu. — Bréf 18. nóv. (Db. 473).

Skólaskipan í Skagafirði.
1. Bæjarstjórinn á Sauðárkróki sendir fjvn. álitsgerð bæjarstjórnar Sauðárkróks um skólaskipan í Skagafirði og álitsgerð um væntanlegan iðnskóla í Norðurlandskjördæmi vestra á Sauðárkróki. — Bréf 20. okt. (Db. 174).
2. Menntmrn. sendir álitsgerð um skólaskipan í Skagafirði ásamt fskj. og fer jafnframt fram á tilteknar fjárveitingar skv. fjárl. 1972 vegna þessara mála. — Bréf 18. nóv. (Db. 437).

Skólaskipan í Strandasýslu. Menntmrn. sendir till. um skólaskipan í Strandasýslu. — Bréf 18. nóv. (Db. 472).

Skriðuklaustur, sjá Kaup á íbúðarhúsi Matthíasar Eggertssonar.

Skuld Hólshrepps við Byggðasjóð. Sveitarstjóri Hólshrepps sendir afrit af bréfum varðandi vanskil á láni við Byggðasjóð, sem veitt var Hólshreppi á árinu 1969 af atvinnumálanefnd ríkisins. — Bréf 10. apríl. (Db. 1349).

Skúli Alexandersson, sjá Varaþingmenn 18—19, 24, 146—149.

Skúli Skúlason, sjá Eftirlaun og styrktarfé 42.

Skútustaðahreppur, sjá Kaup á skólabifreið.

Skylindal, Hertha Mikaela, sjá Ríkisborgararéttur.

Skylindal, Páll, sjá Ríkisborgararéttur.

Slysavarnafélag Íslands, sjá: Afgreiðsla skaðabótamála vegna slysa 2, Björgunarmál 6, Styrkur til.

Snjóbifreið Baldurs Sigurðssonar.
1. Baldur Sigurðsson á Akureyri fer fram á, að honum verði veittur 180 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972 vegna rekstrar snjóbifreiðar. — Bréf 27. nóv. (Db. 610).
2. Bæjarráð Akureyrar mælir með, að Baldri Sigurðssyni á Akureyri verði veittur styrkur skv. fjárl. 1972 vegna rekstrar snjóbíls. — Bréf 10. des. (Db. 734).

Snjóbifreið fyrir Dalvíkurhérað. Sveitarstjóri Dalvíkurhrepps fer fram á, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1972 til rekstrar snjóbifreiðar fyrir Dalvíkurlæknishérað. — Bréf 23. nóv. (Db. 524).

Snjóbifreið fyrir læknishéruð á Fljótsdalshéraði og Borgarfirði eystra. Haraldur Gunnlaugsson sjúkrahúsráðsmaður á Egilsstöðum fer fram á, að veittur verði 100 þús. kr. styrkur til rekstrar snjóbifreiðar fyrir læknishéruð á Fljótsdalshéraði og Borgarfirði eystra. — Bréf 20. nóv. (Db. 509).

Snjóbifreið fyrir Suðureyrarhrepp. Sveitarstjóri Suðureyrarhrepps fer fram á, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1972 vegna kaupa og rekstrar á snjóbifreið fyrir hreppinn. — Bréf 16. nóv. (Db. 457).

Snjóbifreið fyrir Vopnafjarðarhrepp. Oddviti Vopnafjarðarhrepps fer fram á, að veittur verði 100 þús. kr. styrkur vegna rekstrar snjóbifreiðar fyrir hreppinn. — Bréf 4. des. (Db. 676).

Snjóbifreið fyrir Þórshafnarlæknishérað. Gísli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e., fer fram á, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1972 til rekstrar snjóbifreiðar í Þórshafnarlæknishéraði. — Bréf 6. des. (Db. 657).

Snjóbílsferðir milli Borgarfjarðar eystra og Egilsstaða. Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps fer fram á, að veittur verði 100 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972 vegna snjóbílsferða milli Borgarfjarðar eystra og Egilsstaða. — Bréf 24. nóv. (Db. 515).

Snjóbílsferðir milli Egilsstaða, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar um Fagradal og milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar um Oddsskarð. Sigfús Kristinsson fer fram á f. h. Austfjarðaleiðar h/f, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1972 til snjóbílsferða milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar og Egilsstaða um Fagradal og milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar um Oddsskarð. — Bréf ódagsett. (Db. 570).

Snjóbílsferðir milli Eskifjarðar, Reyðarfjarðar og Norðfjarðar um Fagradal. Samgrn. sendir ljósrit af rekstrarreikningum fyrir snjóbifreiðaferðir á leiðinni um Fagradal milli Eskifjarðar, Norðfjarðar og Reyðarfjarðar. — Bréf 30. nóv. (Db. 584).

Snjóbílsferðir yfir Oddsskarð. Sveinn Sigurbjarnarson fer fram á, að veittur verði 320 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972 vegna snjóbílsferða yfir Oddsskarð. — Bréf 24. nóv. (Db. 531).

Sprengisandur, sjá Vegagerð yfir.

Staðarfell, sjá Bygging við og endurbætur á skólahúsinu.

Staðarval og flutningur ríkisstofnana.

1. Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga um till. til þál. um staðarval og flutning ríkisstofnana út um land og till. til þál. um aðsetur ríkisstofnana og embættismanna með tilliti til landsbyggðar. — Bréf 29. apríl. (Db. 1469).
2. Umsögn Sambands íslenzkra sveitarfélaga um till. til þál. um staðarval og flutning ríkisstofnana út um land. — Bréf 10. maí. (Db. 1590).
3. Umsögn Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi um sömu till. til þál. og um till. til þál. um aðsetur ríkisstofnana og embættismanna með tilliti til landsbyggðar. — Bréf 23. apríl. (Db. 1406).
4. Umsögn Fjórðungssambands Norðlendinga um sömu till. til þál. — Bréf 4. maí. (Db. 1507).

Staðsetning Hafsbotnsstofnunar Sameinuðu þjóðanna.

1. Allshn. Sþ. óskar umsagnar utanrmn. um till. til þál. um staðsetningu Hafsbotnsstofnunar Sameinuðu þjóðanna. — Bréf 19. apríl. (Db. 1621).
2. Umsögn utanrmn. um sömu till. til þál. — Bréf 9. maí. (Db. 1531).

Starfsfyrirkomulag næturvarða Alþingis. Grímur Grímsson næturvörður vísar deilu hans og Gunnlaugs Jóhannessonar um fyrirkomulag vinnu þeirra til skrifstofustjóra Alþingis. — Bréf 4. maí. (Db. 1545).

Steele, Anna Elín, sjá Ríkisborgararéttur.

Stefán Guðmundsson, sjá Varaþingmenn 138.

Stefán Jónsson, sjá Varaþingmenn 150—152.

Stefán Ólafsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 43.

Stefán Valgeirsson, sjá: Styrkur til Efnarannsóknastofu Norðurlands 2, Styrkur til undirbúningsframkvæmda við byggingu heilsuhælis Náttúrulækningafélags Akureyrar, Styrkur til æskulýðsnefnda.

Steinasafn Tómasar Tryggvasonar, sjá Kaup á.

Steingrímur Hermannsson, sjá: Fyrirhleðsla í landi Laugabóls, Kaup á steinasafni Tómasar Tryggvasonar 1, Vatnsöflun fyrir býlið Laugaból í Nauteyrarhreppi, Varaþingmenn 53—54, 123—124.

Steingrímur Magnússon, sjá Eftirlaun og styrktarfé 44.

Steinsstaðaskóli, sjá Bygging íþróttahúss.

Steinþór Gestsson, sjá: Námulög 2, Skólabyggingar í Hveragerði.

Stéttarsamband bænda, sjá: Byggðaáætlun, Framleiðsluráð landbúnaðarins 12, Innflutningur búfjár 5, Jarðræktarlög 2, Lífeyrissjóður bænda 2, Orlof og þjónusta staðgöngumanna í landbúnaði 2, Tekjuskattur 8, Tekjustofnar sveitarfélaga 20.
Stjórnmálasaga, sjá Styrkur til Ólafs Ragnars Grímssonar.
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
1. Forstöðumaður Handritastofnunar Íslands sendir menntmn. Ed. bréf varðandi frv. til l. um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. — Bréf 13. maí. (Db. 1592).
2. Menntmrn. sendir umsögn Háskóla Íslands um sama frv. — Bréf 9. maí. (Db. 1534).
3. Sigurður Ólason hrl. sendir menntmn. Ed. skjöl varðandi eignarrétt íslenzkra handrita o. fl. í tilefni flutnings sama frv. — Bréf 4. maí. (Db. 1572).

Stofnun og slit hjúskapar.
1. Umsögn biskups Íslands um frv. til l. um stofnun og slit hjúskapar. — Bréf 9. des. (Db. 727).
2. Umsögn Dómarafélags Íslands um sama frv. — Bréf 10. marz. (Db. 1180).
3. Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um sama frv. — Bréf 18. jan. (Db. 877).
4. Umsögn Lögfræðingafélags Íslands um sama frv. — Bréf 23. febr. (Db. 1090).

Stokkseyri, sjá Lántaka Hafnabótasjóðs vegna.
Stóriðja á Íslandi.
1. Umsögn Landsvirkjunar um till. til þál. um stóriðju á Íslandi. — Bréf 15. marz. (Db. 1203).
2. Umsögn Orkustofnunar um sömu till. til þál. — Bréf 18. apríl. (Db. 1384).
3. Umsögn Rafmagnsveitna ríkisins um sömu till. til þál. — Bréf 22. febr. (Db. 1050).
4. Umsögn Sambands íslenzkra samvinnufélaga um sömu till. til þál. — Bréf 14. apríl. (Db. 1366).
5. Umsögn viðræðunefndar um orkufrekan iðnað um sömu till. til þál. — Bréf 1. marz. (Db. 1093).

Stórstúka Íslands, sjá Styrkur til.
Strandasýsla, sjá Skólaskipan 1.
Stuðningur við leikfélög áhugamanna, sjá Jöfnun námsaðstöðu 1—2, 7—8, 11.
Stuðningur við æðarrækt. Nefnd, sem skipuð var til að kanna, á hvern hátt bezt verði unnið að stuðningi við æðarrækt, lýsir skoðun sinni um, á hvern hátt bezt verði unnið að útrýmingu svartbaks. — Bréf 1. des. (Db. 612).
Stykkishólmur, sjá Bygging sjúkrahúslæknisbústaðar.
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, sjá Styrkur til Margrétar Magnúsdóttur.
Styrktarfélag vangefinna, sjá Vistheimili fyrir vangefna 2.
Styrktarsjóður verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík. Sigurður Guðgeirsson sendir reikninga Styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík fyrir árin 1969 og 1970. — Bréf 27. okt. (Db. 270).
Styrkur til að gera tilraunir með nýjar heyverkunaraðferðir.
1. Ásgeir Ásgeirsson sendir landbn. Ed. afrit af erindi sínu til landbrh., þar sem farið er fram á stuðning til að gera tilraunir með nýja heyverkunaraðferð. — Bréf 2. des. (Db. 674).
2. Benedikt Gíslason frá Hofteigi fer fram á, að honum verði veittur 1.5 millj. kr. styrkur skv. fjárl. 1972 til þess að vinna að nýrri heyþurrkunaraðferð. — Bréf 18. nóv. (Db. 428).
3. Einar Guðjónsson fer fram á, að honum verði veittur 300 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972 vegna tilrauna við verkun votheys í lofttæmdum geymum. — Bréf 3. des. (Db. 659).

4. Einar Guðjónsson, Egilsgötu 16, Reykjavík, fer fram á, að honum verði veittur 500 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna áframhaldandi tilrauna við verkun votheys í lofttæmdum geymslum. — Bréf 10. maí. (Db. 1546).
5. Sigurbjörn Árnason fer fram á, að honum og Halli Sigurbjörnssyni í Bolungarvík verði veittur styrkur til að koma upp heyþurrkunarkerfi. — Bréf 8. nóv. (Db. 313).
6. Landbrn. sendir og mælir með erindi Sigurbjarnar Árnasonar o. fl., þar sem farið er fram á styrk skv. fjárl. 1972 til þess að koma upp heyþurrkunarkerfi. — Bréf 15. nóv. (Db. 386).

Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu í Fornahvammi.

1. Hafsteinn Ólafsson fer fram á, að honum verði veittur 250 þús. kr. styrkur til að halda uppi byggð og gistingu í Fornahvammi í Mýrasýslu. — Bréf 13. okt. (Db. 466).
2. Samgrn. sendir erindi Vegagerðar ríkisins ásamt fskj. varðandi fjárveitingu skv. fjárl. 1972 til að halda uppi byggð og gistingu í Fornahvammi í Mýrasýslu. — Bréf 14. des. (Db. 758).

Styrkur til að koma á sumarskóla í Edinborg í Skotlandi.

1. Hermann Pálsson o. fl. f. h. nefndar, sem hyggst koma á fót sumarskóla í Edinborg í Skotlandi, er aðallega sinni íslenzkum efnum, fer fram á, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1972 til greiðslu kostnaðar við að fá fyrirlesara frá Íslandi til skólans. — Bréf 9. nóv. (Db. 345).
2. Bókavörður Þjóðarbókhlöðu Skotlands mælir með erindi Hermanns Pálssonar o. fl., þar sem farið er fram á, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1972 til greiðslu kostnaðar við að fá íslenzka fyrirlesara til sumarskóla um íslenzk efni, sem halda á í Edinborg í Skotlandi. — Bréf 11. nóv. (Db. 376).

Styrkur til Aðstoðar Íslands við þróunarlöndin. Ólafur Björnsson fer fram á f. h. stofnunarinnar Aðstoðar Íslands við þróunarlöndin, að tilteknar fjárhæðir verði veittar skv. fjárl. 1972 til greiðslu kostnaðar við þátttöku Íslands í norrænu samstarfi um aðstoð við þróunarlöndin o. fl. — Bréf 6. okt. (Db. 90).

Styrkur til Alþýðusambands Íslands. Fjmrn. sendir erindi Alþýðusambands Íslands o. fl., þar sem farið er fram á, að skv. fjárl. 1972 verði veittar 5 millj. kr. vegna málefna verkalýðssamtakanna. — Bréf 29. okt. (Db. 236).

Styrkur til American Field Service. Guðrún Sveinsdóttir o. fl. fara fram á, að samtökunum American Field Service á Íslandi verði veittur 150 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 18. nóv. (Db. 448).

Styrkur til Bandalags íslenzkra leikfélaga. Formaður og framkvæmdastjóri Bandalags íslenzkra leikfélaga fara fram á, að bandalaginu verði veittur 850 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 24. nóv. (Db. 495).

Styrkur til Bandalags íslenzkra listamanna. Menntmrn. sendir fjvn. erindi Bandalags íslenzkra listamanna, þar sem farið er fram á, að styrkur til bandalagsins skv. fjárl. 1972 verði 150 þús. kr. — Bréf 5. okt. (Db. 86).

Styrkur til barnaheimilis í Kumbaravogi. Kristján Friðbergsson fer fram á, að veittur verði 125 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972 vegna stofnkostnaðar og rekstrar barnaheimilis í Kumbaravogi. — Bréf 25. okt. (Db. 180).

Styrkur til Barnavinafélagsins Sumargjafar. Framkvæmdastjóri Barnavinafélagsins Sumargjafar fer fram á, að félaginu verði veittur 300 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972 vegna rekstrar barnaheimila félagsins. — Bréf 7. des. (Db. 688).

Styrkur til Björns Björnssonar vegna útgáfu Linguaphone-námskeiðs í íslenzku. Bjarni Guðmundsson fyrrv. blaðafulltrúi og Helgi Elíasson fræðslumálastjóri fara fram á, að Birni Björnssyni kaupmanni í London verði veittur 140 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972 vegna útgáfu Linguaphone-námskeiðs í íslenzku. — Bréf 3. des. (Db. 651).

Styrkur til Bréfaskóla SÍS og ASÍ. Skólastjóri Bréfaskóla SÍS og ASÍ fer fram á, að skólanum verði veittur 500 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 10. nóv. (Db. 346).

Styrkur til Bridgesambands Íslands. Alfreð Alfreðsson fer fram á, að Bridgesambandi Íslands verði veittur 400 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 17. nóv. (Db. 425).

Styrkur til Búnaðarsambands Skagafjarðar til greiðslu launa búfræðikandidats. Fjmrn. sendir erindi landbrn., þar sem farið er fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1972 til greiðslu launa Ragnars Eiríkssonar búfræðikandidats, sem ráðinn hefur verið til starfa fyrir Búnaðarsamband Skagafjarðar. — Bréf 8. nóv. (Db. 333).

Styrkur til byggingar heimilisiðnaðarsafns á Blönduósi. Heimilisiðnaðarsafnsnefnd Sambands austur-húnvetnskra kvenna fer fram á, að veittur verði 300 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna byggingar heimilisiðnaðarsafns á Blönduósi. — Bréf 28. apríl. (Db. 1488).

Styrkur til byggingar minningarkapellu um Jón Steingrímsson. Sigurjón Einarsson og Valdimar Lárusson fara fram á, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1972 til að ljúka við byggingu minningarkapellu um séra Jón Steingrímsson. — Bréf 3. nóv. (Db. 311).

Styrkur til Eddafilm h/f vegna kvikmyndunar Njálssögu. Fjmrn. sendir erindi menntmrn. og bréf Eddafilm h/f, þar sem farið er fram á fjárstyrk skv. fjárl. 1972 við gerð kvikmyndar, er byggð verði á Njálssögu. — Bréf 8. nóv. (Db. 320).

Styrkur til Efnarannsóknastofu Norðurlands.

1. Stjórn Ræktunarfélags Norðurlands fer fram á, að Efnarannsóknastofu Norðurlands verði veittur 650 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972 í stað 400 þús. kr. — Bréf 11. nóv. (Db. 426).
2. Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e., Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson, 5. þm. Norðurl. v., Jónas Jónsson, 1. varaþm. Norðurl. e., Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v., Lárus Jónsson, 5. þm. Norðurl. e., Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v., Stefán Valgeirsson, 4. þm. Norðurl. e., Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v., Pétur Pétursson, 2. landsk. þm., Magnús Jónsson, 2. þm. Norðurl. e., Björn Jónsson, 6. þm. Norðurl. e., mæla með erindi frá Efnarannsóknastofu Norðurlands, þar sem farið er fram á hækkun á rekstrarstyrk fyrir rannsóknastofuna skv. fjárl. 1972. — Bréf 21. nóv. (Db. 481).

Styrkur til Egils Ólafssonar. Þjóðminjavörður fer fram á, að Agli Ólafssyni bónda á Hnjóti í Örlygshöfn verði veittur 75 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972, en Egill hefur um árabil safnað forngripum og hefur komið upp byggðasafni. — Bréf 17. okt. (Db. 194).

Styrkur til Einars Einarssonar. Einar Einarsson fer fram á, að honum verði veittur styrkur til að standast kostnað við smíði á sérstakri gerð naglahjólbarða. — Bréf 27. sept. (Db. 73).

Styrkur til erfðafræðinefndar Háskóla Íslands. Menntmrn. sendir erindi erfðafræðinefndar Háskóla Íslands varðandi fjárveitingu skv. fjárl. 1972 til nefndarinnar. — Bréf 27. sept. (Db. 71).

Styrkur til Félags einstæðra foreldra.

1. Fjmrn. sendir erindi Félags einstæðra foreldra, þar sem farið er fram á, að félaginu verði veittur 100 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 29. okt. (Db. 204).
2. Fjmrn. sendir erindi Félags einstæðra foreldra, þar sem farið er fram á, að félaginu verði veittur 500 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 8. nóv. (Db. 328).

Styrkur til Félags íslenzkra organleikara. Menntmrn. sendir fjvn. afrit af erindi Félags íslenzkra organleikara, þar sem farið er fram á, að félaginu verði veittur 60 þús. kr. styrkur árlega. — Bréf 13. ágúst. (Db. 40).

Styrkur til Félags rafeindaverktaka skipaflotans. Sjútvrh. fer fram á, að veitt verði 1 millj. kr. skv. fjárl. 1972 til stuðnings Félagi rafeindaverktaka skipaflotans. — Bréf 6. des. (Db. 649).

Styrkur til félagssamtakanna Landverndar.

1. Menntmrn. sendir erindi félagssamtakanna Landverndar, þar sem farið er fram á, að samtökunum verði veittur 500 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 21. júlí (Db. 28).
2. Fjmrn. sendir erindi Landverndar, landgræðslu- og náttúruverndarsamtaka Íslands, þar sem farið er fram á, að samtökunum verði veittur 500 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 29. okt. (Db. 215).

Styrkur til félagssamtakanna Verndar. Stjórn félagssamtakanna Verndar fer fram á, að samtökunum verði veittur 600 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 18. nóv. (Db. 606).

Styrkur til flugfélagsins Ernir h/f vegna sjúkraflugs á Vestfjörðum. Hörður Guðmundsson fer fram á f. h. flugfélagsins Ernir h/f, að félaginu verði veittur 550 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972 vegna sjúkraflugþjónustu félagsins á Vestfjörðum. — Bréf 1. okt. (Db. 79).

Styrkur til Geðverndarfélags Íslands vegna byggingarframkvæmda á Reykjalundi.

1. Ásgeir Bjarnason fer fram á, að Geðverndarfélagi Íslands verði veittur styrkur vegna byggingarframkvæmda félagsins á Reykjalundi o. fl. — Bréf 20. okt. (Db. 163).
2. Fjmrn. sendir erindi félmrn. og Geðverndarfélags Íslands, þar sem farið er fram á, að félaginu verði veittur 2 millj. kr. styrkur skv. fjárl. 1972 vegna bygginga félagsins að Reykjalundi. — Bréf 29. okt. (Db. 219).

Styrkur til greiðslu kostnaðar við að halda Holtsósi opnum allt árið. Fjmrn. sendir erindi landeigenda, sem land eiga að Holtsósi undir Eyjafjöllum, þar sem farið er fram á, að veittar verði 50 þús. kr. skv. fjárl. 1972 til greiðslu kostnaðar við að halda Holtsósi opnum til sjávar. — Bréf 29. okt. (Db. 210).

Styrkur til greiðslu kostnaðar við aðgerðir á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v., Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson, 5. þm. Norðurl. v., Pétur Pétursson, 2. landsk. þm., Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v., og Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v., senda erindi stjórnar sjúkrahússins á Sauðárkróki, þar sem farið er fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1972 til greiðslu kostnaðar við viðgerð á skemmdum, sem urðu á sjúkrahúsinu í jarðskjálfta 27. marz 1963. — Bréf 22. nóv. (Db. 492).

Styrkur til Guðlaugs Tryggva Karlssonar vegna halla á Kaup- og hagsýsluskrifstofunni. Guðlaugur Tryggvi Karlsson fer fram á, að honum verði veittur styrkur skv. fjárl. 1972 til greiðslu halla, sem varð á rekstri fyrirtækis hans, Kaup- og hagsýsluskrifstofunni. — Bréf 5. nóv. (Db. 312).

Styrkur til Heyrnarhjálpar. Guðjón Ingi Stefánsson fer fram á, að félaginu Heyrnarhjálp verði veittur 600 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 18. nóv. (Db. 464).

Styrkur til Hins íslenzka bókmenntafélags. Menntmrn. sendir erindi Hins íslenzka bókmenntafélags, þar sem farið er fram á, að félaginu verði veittur 750 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 7. okt. (Db. 98).

Styrkur til Hins íslenzka þjóðvinafélags. Finnbogi Guðmundsson fer fram á, að Hinu íslenzka þjóðvinafélagi verði veittur 250 þús. kr. styrkur til útgáfustarfsemi skv. fjárl. 1972. — Bréf 27. okt. (Db. 185).

Styrkur til Hjálparstofnunar kirkjunnar.

1. Biskup Íslands fer fram á, að Hjálparstofnun kirkjunnar verði veittur styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 10. nóv. (Db. 347).

2. Formaður og framkvæmdastjóri Hjálparstofnunar kirkjunnar fara fram á, að stofnuninni verði veittur starfsstyrkur skv. fjárl. ársins 1973. — Bréf 27. marz. (Db. 1293).

Styrkur til Hjálparsveitar skáta í Reykjavík og Hafnarfirði. Ólafur Proppé fer fram á, f. h. Hjálparsveitar skáta í Reykjavík og Hafnarfirði, að sveitinni verði veittur 300 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 12. des. (Db. 778).

Styrkur til höfunda barna- og unglingabóka. Ármann Kr. Einarsson fer fram á, að höfundum barna- og unglingabóka verði veittur styrkur skv. fjárl. 1973, svo sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum. — Bréf 25. apríl. (Db. 1421).

Styrkur til Iðnnemasambands Íslands.

1. Formaður Iðnnemasambands Íslands fer fram á, að sambandinu verði veittur 250 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 10. nóv. (Db. 407).
2. Menntmrn. sendir fjvn. afrit af erindum sínum til fjárlaga- og hagsýslustofnunar varðandi fjárveitingu skv. fjárl. 1972 til Iðnnemasambands Íslands til greiðslu lögfræðilegrar aðstoðar í sambandi við meint brot á iðnámssamningum. — Bréf 14. okt. (Db. 137).
3. Fjmrn. sendir erindi menntmrn. og Iðnnemasambands Íslands, þar sem farið er fram á, að veittar verði 30 þús. kr. skv. fjárl. 1972 til greiðslu kostnaðar við lögfræðilega aðstoð og leiðbeiningar í sambandi við meint brot á iðnámssamningum. — Bréf 29. okt. (Db. 222).
4. Formaður Iðnnemasambands Íslands fer fram á, að sambandinu verði veittur 275 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 17. maí. (Db. 1618).

Styrkur til Íslenzka dýrasafnsins. Kristján Jósepsson fer fram á, að veittur verði 800 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972 vegna Íslenzka dýrasafnsins. — Bréf 16. nóv. (Db. 398).

Styrkur til kaupa á tréskurðarhníf. Menntmrn. sendir erindi Haralds Ágústssonar, þar sem hann fer fram á 70—75 þús. kr. styrk skv. fjárl. 1972 til kaupa á sérstökum tréskurðarhníf. — Bréf 7. okt. (Db. 102).

Styrkur til Knattspyrnusambands Íslands. Formaður Knattspyrnusambands Íslands fer fram á, að sambandinu verði veittur 1 millj. kr. styrkur. — Bréf 1. des. (Db. 620).

Styrkur til Krabbameinsfélags Íslands. Stjórn Krabbameinsfélags Íslands fer fram á, að félaginu verði veittur 500 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972 vegna krabbameinsskráningar. — Bréf 9. des. (Db. 724).

Styrkur til Kvenfélagasambands Íslands.

1. Formaður Kvenfélagasambands Íslands sendir ályktun 19. landsþings sambandsins, þar sem farið er fram á, að nauðsynlegum fjárbeiðnum sambandsins verði svarað jákvætt. — Bréf 19. ágúst. (Db. 41).
2. Kvenfélagasamband Íslands fer fram á, að fjárveiting til sambandsins skv. fjárl. 1972 hækki frá því, sem fyrirhugað er. — Bréf ódagsett. (Db. 798).

— Sjá einnig Styrkur til Leiðbeiningastöðvar húsmæðra 1.

Styrkur til Kvennaheimilisins Hallveigarstaða. Stjórn Kvennaheimilisins Hallveigarstaða sendir afrit af erindi sínu til menntmrn. varðandi beiðni um styrk skv. fjárl. 1972. — Bréf 9. des. (Db. 723).

Styrkur til Kvenréttindafélags Íslands.

1. Menntmrn. sendir fjvn. erindi Kvenréttindafélags Íslands, þar sem farið er fram á, að félaginu verði veittur styrkur skv. fjárl. 1972, erindi Æskulýðssambands Íslands, þar sem farið er fram á, að sambandinu verði veittur 250 þús. kr. styrkur til útgáfu námskynningarhandbókar, og erindi Þjóðfræðafélags Íslands, þar sem farið er fram á, að félaginu verði veittur 40 þús. kr. styrkur til greiðslu kostnaðar við að skrásetja íslenzk þjóðlög og rímnalög. — Bréf 10. sept. (Db. 59).
2. Fjmrn. sendir erindi Kvenréttindafélags Íslands, þar sem farið er fram á, að félaginu verði veittur ríflegur styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 29. okt. (Db. 217).

Styrkur til Kvikmyndasafnsins í Reykjavík. Menntmrn. sendir erindi Kvikmyndasafnsins í Reykjavík, þar sem farið er fram á 750 þús. kr. styrk skv. fjárl. 1972. — Bréf 7. okt. (Db. 97).

Styrkur til Landssambands hestamannafélaga. Formaður Landssambands hestamannafélaga fer fram á, að sambandinu verði veittur hærri styrkur skv. fjárl. en verið hefur undanfarin ár. — Bréf 17. ágúst. (Db. 37).

Styrkur til Landssambands iðnaðarmanna. Iðnrn. sendir erindi Landssambands iðnaðarmanna, þar sem farið er fram á, að styrkur til sambandsins skv. fjárl. 1972 hækki í 1 millj. kr. — Bréf 6. okt. (Db. 87).

Styrkur til Landssamtaka Hjálparsveita skáta. Ólafur Proppé fer fram á f. h. Landssamtaka Hjálparsveita skáta, að samtökunum verði veittur 1620 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf ódagsett. (Db. 779).

Styrkur til Leiðbeiningastöðvar húsmæðra.

1. Fjmrn. sendir og mælir með erindi Kvenfélagasambands Íslands, þar sem farið er fram á, að sambandinu verði veittur 1 115 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972 og jafnframt 345 þús. kr. til greiðslu launa forstöðukonu Leiðbeiningastöðvar húsmæðra. — Bréf 8. nóv. (Db. 319).
2. Stjórn Kvenfélagasambands Kópavogs sendir ályktun stjórnarinnar frá 12. jan., þar sem hörmuð er afgreiðsla Alþingis á beiðni um fjárveitingu skv. fjárl. vegna Leiðbeiningastöðvar húsmæðra. — Bréf 14. jan. (Db. 871).

Styrkur til Leikfélags Akureyrar.

1. Formaður Leikfélags Akureyrar fer fram á, að félaginu verði veittur 1 millj. kr. styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 25. okt. (Db. 238).
2. Fjmrn. sendir erindi Leikfélags Akureyrar, þar sem farið er fram á, að félaginu verði framvegis veittur fastur starfsstyrkur skv. fjárlögum. — Bréf ódags. (Db. 339).
3. Menntmrn. fer fram á, að Leikfélagi Akureyrar verði veittur 500 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 15. nóv. (Db. 395).

Styrkur til Leikfélags Reykjavíkur.

1. Framkvæmdastjóri Leikfélags Reykjavíkur fer fram á, að styrkur til félagsins skv. fjárl. 1972 hækki verulega frá því, sem verið hefur undanfarin ár, og gerir jafnframt nánari grein fyrir fjárhagsafkomu félagsins. — Bréf í okt. (Db. 160).
2. Menntmrn. sendir og mælir með erindi Leikfélags Reykjavíkur, þar sem farið er fram á, að félaginu verði veittur hærri styrkur skv. fjárl. 1972 en verið hefur. — Bréf 5. nóv. (Db. 306).

Styrkur til Listasafns Ísafjarðar. Björgvin Bjarnason fer fram á, að Listasafni Ísafjarðar verði veittur allverulegur styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 2. nóv. (Db. 291).

Styrkur til Lögbergs—Heimskringlu. Sigurður Sigurgeirsson fer fram á, að styrkur til Lögbergs—Heimskringlu skv. fjárl. 1972 verði 270 þús. kr. — Bréf 13. des. (Db. 762).

Styrkur til Margrétar Magnúsdóttur til náms í stjórn leikskóla fyrir fötluð og lömuð börn. Fjmrn. sendir erindi menntmrn., þar sem farið er fram á, að Margréti Magnúsdóttur fóstru verði veittur 50 þús. kr. styrkur til þess að stunda sérnám í stjórn og kennslu við leikskóla fyrir fötluð og lömuð börn á vegum Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. — Bréf 29. okt. (Db. 230).

Styrkur til Menningar- og friðarsamtaka íslenzkra kvenna. Stjórn Menningar- og friðarsamtaka íslenzkra kvenna fer fram á, að samtökunum verði veittur 100 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 11. okt. (Db. 150).

Styrkur til Myndlistafélags Neskaupstaðar. Fjmrn. sendir erindi menntmrn. og Myndlistafélags Neskaupstaðar, þar sem farið er fram á 50 þús. kr. styrk vegna kaupa á húsnæði fyrir félagið og að félaginu verði veittur 40 þús. kr. rekstrarstyrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 29. okt. (Db. 232).

Styrkur til Myndlistafélags Vestmannaeyja. Formaður Myndlistafélags Vestmannaeyja fer fram á, að veittur verði 75 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972 til rekstrar myndlistaskóla á staðnum. — Bréf 20. okt. (Db. 176).

Styrkur til Náttúrugripasafns Akureyrar til greiðslu launa grasafræðings. Náttúrugripasafnsnefnd Akureyrarbæjar fer fram á, að safninu verði veittur hærri styrkur skv. fjárl. 1972 en verið hefur, þar sem fastráðinn hefur verið grasafræðingur til starfa við safnið og Lystigarð Akureyrar. — Bréf 26. okt. (Db. 276).

Styrkur til Náttúruverndarfélags Reykjavíkur. Menntmrn. sendir erindi Náttúruverndarfélags Reykjavíkur, þar sem farið er fram á, að félaginu verði veittur 25 þús. kr. styrkur. — Bréf 8. júní. (Db. 16).

Styrkur til Nemendasambands Samvinnuskólans. Menntmrn. sendir erindi Nemendasambands Samvinnuskólans, þar sem farið er fram á, að veittur verði 75 þús. kr. styrkur skv. fjárl. næstu þriggja ára til útgáfu á nemendariti, sem sambandið hyggst gefa út. — Bréf 9. nóv. (Db. 381).

Styrkur til Neytendasamtakanna.

1. Framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna fer fram á, að samtökunum verði veittur 750 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 27. okt. (Db. 191).
2. Björn Baldursson fer fram á, að Neytendasamtökunum verði veittur 1 millj. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 13. maí. (Db. 1598).

Styrkur til Norræna félagsins. Stjórn og framkvæmdastjóri Norræna félagsins fara fram á, að styrkur til félagsins skv. fjárl. 1972 verði 500 þús. kr. — Bréf 28. okt. (Db. 201).

Styrkur til Ólafs Ragnars Grímssonar til söfnunar samtímaheimilda um íslenzk stjórnmál. Ólafur Ragnar Grímsson fer fram á, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1972 til söfnunar samtímaheimilda um íslenzk stjórnmál. — Bréf 30. nóv. (Db. 579).

Styrkur til rannsóknarstöðvarinnar Kötlu á Víkurbakka í Eyjafirði.

1. Stjórn rannsóknarstöðvarinnar Kötlu á Víkurbakka í Eyjafirði fer fram á, að veittur verði 100 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972 vegna rekstrar stöðvarinnar. — Bréf 23. sept. (Db. 109).
2. Menntmrn. sendir erindi rannsóknarstöðvarinnar Kötlu á Víkurbakka í Eyjafirði, þar sem farið er fram á, að skv. fjárl. 1972 verði veittur styrkur til rekstrar stöðvarinnar. — Bréf 6. ágúst. (Db. 39).

Styrkur til Rauða kross Íslands. Formaður og framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands fara fram á, að R.K.Í. verði veittur 360—420 þús. kr. viðbótarstyrkur skv. fjárl. 1972 vegna ráðningar starfsmanns til að vinna að neyðarvörnum. — Bréf 22. nóv. (Db. 489).

Styrkur til rekstrar sumardvalarheimila. Menntmrn. sendir erindi Rauða kross Íslands, þar sem farið er fram á, að fjárveitingar skv. fjárl. 1972 til sumardvalarheimila hækki frá því, sem verið hefur. — Bréf 7. okt. (Db. 101).

Styrkur til Reynis Arnar Leóssonar vegna kvikmyndar af aflraunum hans.

1. Reynir Örn Leósson fer fram á, að honum verði veittur styrkur skv. fjárl. 1972 vegna kvikmyndatöku af aflraunum hans. — Bréf 25. nóv. (Db. 546).
2. Reynir Örn Leósson ítrekar umsókn sína um styrk skv. fjárl. 1972 vegna kvikmyndar af aflraunum hans. — Bréf 11. des. (Db. 743).

Styrkur til Sambands austfirzkra kvenna. Páll Þorsteinsson, 3. þm. Austf., sendir erindi Sambands austfirzkra kvenna, þar sem farið er fram á, að sambandinu verði veitt fjárframlag vegna starfsemi þess á næsta ári. — Bréf 12. maí. (Db. 1573).

Styrkur til Sambands íslenzkra lúðrasveita. Reynir Guðnason fer fram á f. h. Sambands íslenzkra lúðrasveita, að fjárveiting skv. fjárl. 1972 til sambandsins stórhækki með tilliti til þess, að sambandið hefur boðið aðstoð meðlima sinna við hátíðahöld á þjóðhátíð 1974. — Bréf 10. des. (Db. 720).

Styrkur til Sambands norðlenzkra kvenna. Dómhildur Jónsdóttir fer fram á, að Sambandi norðlenzkra kvenna verði veittur 50 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 21. okt. (Db. 272).

Styrkur til Sambands norðlenzkra kvenna vegna garðyrkjunámskeiða. Dómhildur Jónsdóttir fer fram á, að Sambandi norðlenzkra kvenna verði veittur 25 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972 vegna garðyrkjunámskeiða. — Bréf 21. okt. (Db. 273).

Styrkur til Samvinnuskólans í Bifröst. Skólastjóri Samvinnuskólans í Bifröst fer fram á, að skólanum verði veittur 3½ millj. kr. styrkur skv. fjárl. 1972. — Bréf 10. nóv. (Db. 344).

Styrkur til Sigrúnar Jónsdóttur vegna námskeiðahalds í listiðnaði. Menntmrn. sendir erindi Sigrúnar Jónsdóttur varðandi beiðni um styrk til námskeiðahalds í listiðnaði. — Bréf 6. ágúst. (Db. 38).

Styrkur til Sigurðar Guðjónssonar. Sigurður Guðjónsson fer fram á, að honum verði veittur nokkur fjárstyrkur skv. fjárl. 1973 vegna kostnaðar við varðveizlu þjóðlegra verðmæta, og þakkar áður veittan styrk. — Bréf 25. apríl. (Db. 1410).

